

Jóhannes B. Sigtryggsson

Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar



HUGVÍSINDASTOFNUN
2011

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands hefur metið ritgerð þessa
hæfa til varnar við doktorspróf í íslenskri málfræði

Reykjavík, 13. maí 2011

Dagný Kristjánsdóttir
deildarforseti

Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar

© Jóhannes B. Sigtryggsson, 2011

Bókina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, prentun,
hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

Útgefandi: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands

Útgáfa 1.01

Prentun: Leturprent

ISBN: 978-9979-9877-7-2

EFNISYFIRLIT

FORMÁLI	7
Skammstafanir	8
Uppskriftartákn	9
Heimildastyttingar	9
1 INNGANGUR	10
1.1 Um ritgerðina	10
1.1.1 Efni ritgerðar	10
1.1.2 Um uppskrift Ævisögunnar	12
1.1.3 Rannsóknarspurning	12
1.2 Ævisaga Jóns Steingrímssonar	14
1.2.1 Æviágrip Jóns Steingrímssonar	14
1.2.2 Um Ævisögu Jóns Steingrímssonar	14
1.2.3 Eiginhandarrit Ævisögunnar (Lbs. 182 4to)	15
1.2.4 Útgáfur Ævisögunnar	15
1.2.5 Önnur rit eftir Jón Steingrímsson	16
1.3 Ný útgáfa Ævisögu Jóns Steingrímssonar	17
1.3.1 Uppskrift og samræming texta Ævisögunnar	17
1.3.2 Samanburður við fyrri útgáfur Ævisögunnar	19
1.3.3 Meðferð dæma úr Ævisögunni	20
1.4 Táknanotkun í Ævisögu Jóns Steingrímssonar	22
1.4.1 Sérhljóðatákn	22
1.4.2 Samhljóðatákn	25
1.4.3 Stór og lítill stafur	28
1.4.4 Eitt orð eða fleiri	28
1.4.5 Greinarmerki	29
1.4.6 Bönd og styttingar	29
1.4.7 Sértákn, táknun töluorða og ritun erlendra orða	31
1.5 Yfirlit yfir rannsóknir á síðari alda máli	32
1.6 Málhreinsun á 18. öld	39
1.6.1 Hugtakið málhreinsun	39
1.6.2 Saga málhreinsunar	40
1.6.3 Málhreinsun á 18. öld	40
2 HLJÓÐSAGA	46

2.1 Sérhljóð	46
2.1.1 /a, á/	46
2.1.2 /e, é/	50
2.1.3 /i, í/	59
2.1.4 /u, ú/	61
2.1.5 /y, ý/	63
2.1.6 /æ/	66
2.1.7 /ö/	68
2.1.8 Tvíhljóðun /á/ og /ó/	71
2.1.9 Tvíhljóðun /æ/	72
2.1.10 Flámæli	73
2.2 Samhljóð	77
2.2.1 /b/	77
2.2.2 /d/	77
2.2.3 /ð/	78
2.2.4 /f/	82
2.2.5 /g/	86
2.2.6 /h/	90
2.2.7 /j/	92
2.2.8 /k/	93
2.2.9 /l/	95
2.2.10 /m/	97
2.2.11 /n/	98
2.2.12 /p/	99
2.2.13 /r/	100
2.2.14 /s/	106
2.2.15 /t/	106
2.2.16 /v/	108
2.2.17 Framgómun /k, g/	112
2.2.18 Linmæli	113
3 BEYGINGARFRÆÐI	115
3.1 Nafnorð	115
3.1.1 Sérhljóðastofnar.....	115
3.1.1.1 Kk. a-stofnar.....	115
3.1.1.2 Hk. a-stofnar	118
3.1.1.3 Kk. ia-stofnar.....	120
3.1.1.4 Kk. wa-stofnar	122
3.1.1.5 ö-stofnar	124
3.1.1.6 jö-stofnar	126
3.1.1.7 iö-stofnar	127

3.1.1.8 Kk. i-stofnar	129
3.1.1.9 Kvk. i-stofnar	130
3.1.1.10 Kk. u-stofnar	134
3.1.2 Samhljóðastofnar	142
3.1.2.1 Kk. an- og jan-stofnar.....	142
3.1.2.2 Kvk. ōn- (jōn-, wōn-)stofnar	143
3.1.2.3 Kvk. īn-stofnar.....	145
3.1.2.4 Kk. rôtarnafnorð	146
3.1.2.5 Kvk. rôtarnafnorð	149
3.1.2.6 r-stofnar	155
3.1.2.7 nd-stofnar.....	164
3.2 Lýsingarorð	166
3.2.1 a-/ō-stofnar.....	166
3.2.2 ja-/jō-stofnar.....	173
3.2.3 wa-/wō-stofnar.....	174
3.2.4 Veik beyging lýsingarorða	178
3.2.5 Miðstig og efsta stig lýsingarorða	178
3.3 Töluorð	181
3.4 Fornöfn.....	182
3.4.1 Persónufornöfn	182
3.4.2 Eignarfornöfn.....	188
3.4.3 Ábendingarfornöfn.....	189
3.4.4 Greinir.....	190
3.4.4.1 Laus greinir.....	190
3.4.4.2 Viðskeyttur greinir	190
3.4.5 Spurnarfornöfn.....	190
3.4.6 Óákveðin fornöfn.....	191
3.5 Sagnir	201
3.5.1 Sagnendingar.....	201
3.5.1.1 Nútíð framsöguháttar	202
3.5.1.2 Þátíð framsöguháttar	204
3.5.1.3 Viðtengingarháttur	205
3.5.1.4 Boðháttur	208
3.5.1.5 Lýsingarháttur	211
3.5.1.6 Miðmynd	212
3.5.2 Sterkar sagnir.....	216
3.5.2.1 Fyrsti flokkur sterkra sagna.....	216
3.5.2.2 Annar flokkur sterkra sagna.....	217
3.5.2.3 Þriðji flokkur sterkra sagna	219
3.5.2.4 Fjórði flokkur sterkra sagna.....	223

3.5.2.5 Fimmti flokkur sterkra sagna.....	225
3.5.2.6 Sjötti flokkur sterkra sagna	229
3.5.2.7 Sjöundi flokkur sterkra sagna (tvöföldunarsagnir)	232
3.5.3 Veikar sagnir.....	235
3.5.3.1 ja-sagnir	235
3.5.3.2 ia-sagnir.....	238
3.5.3.3 ō-sagnir	246
3.5.3.4 ē-sagnir	247
3.5.4 Óreglulegar sagnir	248
3.5.4.1 Núpálegar sagnir	248
3.5.4.2 So. valda.....	251
3.6 Atviksorð.....	252
4 NIÐURSTÖÐUR	253
4.1 Inngangur	253
4.2 Hljóðsaga	253
4.2.1 Sérhljóð.....	253
4.2.2 Samhljóð.....	255
4.3 Beygingarfræði.....	258
4.3.1 Nafnorð.....	258
4.3.2 Lýsingarorð	259
4.3.3 Fornöfn	260
4.3.4 Sagnorð	260
4.4 Áhrifsbreytingar	263
4.5 Áhrif málhreinsunar á JStgrÆv.....	265
4.6 Lokaorð	268
HEIMILDIR	270
ORÐASKRÁ.....	289
ÚTDRÁTTUR.....	293
ENGLISH SUMMARY	299
VIÐAUKI: Ævisaga Jóns Steingrímssonar (Lbs. 182 4to)	

Formáli

Ritgerðin *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar* er lögð fram til doktorsprófs í íslenskri málfræði við íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Aðrir hlutar doktorsnámsins fólust annars vegar í námsdvöl við Cornell University 2002–2003 og hins vegar í lesefnislistum og munnlegum og skriflegum prófum úr þeim (sjö daga ritgerðum) við Háskóla Íslands (2002).

Hugmyndina að þessu verkefni fékk ég við að lesa greinina *Jón Steingrímsson prófastur og íslensk málsaga* eftir Kjartan G. Ottósson (1986) þar sem hann benti á gildi ævisögu Jóns Steingrímssonar fyrir 18. aldar málsögurannsóknir.

Eins og sést á löngum meðgöngutíma verksins þá hef ég unnið stopult við það. Veturinn 2001–2002 vann ég þó samfelld við undirbúning verksins. Meginvinnan við að ganga frá uppskrift *Ævisögunnar* fór fram sumarið 2003 en þá bar ég hana nákvæmlega saman við eiginhandarritið, Lbs. 182 4to. Ég þakka starfsmönnum handritadeildar Landsbókasafns – Háskólabókasafns fyrir vinnuástöðu sumarið 2003. Fyrir utan þetta hef ég nær eingöngu unnið við ritgerðina með annarri vinnu. Fyrirkomulag doktorsnáms í Háskóla Íslands hefur sem betur fer breyst mikið frá því að ég hóf þar nám þannig að nemendur geta nú frekar en áður einbeitt sér að náminu án þess að þurfa að sinna annarri vinnu.

Verkefnið var styrkt að hluta af Rannís í tvö ár (Rannsóknánámssjóður) og ég fékk einnig námsstyrk Mjólkursamsölunnar árið 2005. Ég þakka kærlega fyrir þá styrki.

Forstöðumenn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, fyrst Vésteinn Ólason og síðan Guðrún Nordal, veittu mér leyfi á lokastigum verksins til að vinna við ritgerðina og er ég þakklátur þeim fyrir það.

Svavari Sigmundssyni þakka ég fyrir að leyfa mér að vísa í ritgerð hans (1966) um mál Jóns Vídalíns. Einari G. Péturssyni þakka ég fyrir að benda mér á nokkur heppileg samanburðarrit frá 18. öld. Kára Kaaber og Ágústu Þorbergsdóttur þakka ég yfirlestur á nokkrum köflum og tengdaföður mínum, Guðmundi B. Kristmundssyni, fyrir yfirlestur á hluta *Ævisögunnar*.

Án hvatningar og elju Guðrúnar Kvaran prófessors, aðalleiðbeinanda míns, hefði ég aldrei lokið þessu verki. Þrátt fyrir að hægt gengi á stundum gaf hún aldrei upp vonina um að verkinu lyki og var óþreytandi að reka mig áfram. Guðrún veitti einnig ótal góð ráð um efni og efnistöð. Ég fæ henni seint fullþakkað fyrir allt. Öðrum í doktorsnefndinni, Guðrúnu Þórhallsdóttur dósent og Kjartani Ottóssyni prófessor, þakka ég einnig kærlega fyrir vandaðan yfirlestur og góðar athugasemdir. Guðrúnu þakka ég þar að auki fyrir yfirlestur á ensku ágripi. Kjartan lést árið 2010 langt fyrir aldur fram og tileinka ég honum ritgerðina. Eiginkonu minni og fjölskyldu þakka ég þolinmæði og stuðning.

Skammstafanir

- ao. : atviksorð
- áfn. : ábendingarfornafn
- bh. : boðháttur
- e. : enska
- ef. : eignarfall
- efn. : eignarfornafn
- est. : efsta stig
- et. : eintala
- físl. : forníslenska
- frsh. : framsöguháttur
- ft. : fleirtala
- hk. : hvorugkyn
- kk. : karlkyn
- kvk. : kvenkyn
- lo. : lýsingarorð
- mst. : miðstig
- nf. : nefnifall
- nísl. : nýíslenska
- no. : nafnorð
- nt. : nútíð
- pf. : persónufornafn
- so. : sagnorð
- vh. : viðtengingarháttur
- vsk. : viðskeyti
- þf. : þolfall
- þgf. : þágufall
- þt. : þátíð
- , ‘ : fráhverfar klær misstæðar tákna merkingu orðs
- ‘ ’ : aðhverfar klær hástæðar eru hafðar utan um stafrétt dæmi
- * : endurgerð mynd. Í dæmum úr Ritmálssafni OH er stjarna framan við skáldamálsdæmi.
- // : haft utan um fónem (hljóðan) og er einnig stundum notað til að afmarka orð á undan upptalningu.
- [] : táknar hljóðritun
- > : táknar hljóðbreytingu (eitthvað breytist í ...)
- : táknar áhrifsbreytingu (eitthvað breytist í ...)
- # : orðabil

Uppskriftartákn

Nokkur aukatákn eru notuð við uppskrift JStgrÆv:

Hornklofar ([]) eru settir utan um orð og orðhluta sem staðið hafa í handriti en hafa að mestu máðst út vegna slits eða skemmda og eru nú torlæsilegir eða ólæsilegir.

Oddklofar (< >) afmarka stafi eða orð sem aldrei hafa verið í handriti en líklegt þykir að hafi fallið niður fyrir vangá skrifara.

Skammstafanir í handritum eru leystar upp innan sviga, t.d. kóngl(egrar), M(agister), einf(alt), Ól(afur), s(era). Sértákn sem notuð eru fyrir mælieiningar eru leyst upp innan sviga, t.d. fj(órðungur). Í uppskrift JStgrÆv notar Jón Steingrímsson einnig stundum sviga utan um innskot og er slíku haldið í uppskriftinni.

Bönd í handritinu eru leyst upp með skáletri í stafréttum dæmum, t.d. ‘m^o: mig ‘mig’ 326.

Táknin (` ´) merkja að orðið sé skrifað yfir línu í handriti, t.d. *hönd* “hönd” 111.

Lóðstrik (|) í uppskrift táknar að ný blaðsíða hefjist í handritinu og er númer nýrrar síðu ritað hægra megin við lóðstrikið, t.d. |³³⁴, bls. 334 í handritinu. Lóðstrikið er einnig notað til að auðkenna skiptingu á milli lína í stafréttu dæmi, t.d. *öngri* ‘aun|gre’ 184.

Heimildastyttingar

GBibl = Bandle, Oskar. 1956. *Die Sprache der Guðbrandsbiblía. Orthographie und Laute. Formen*. Bibliotheca Arnarnagnæana 17. Kaupmannahöfn.

JStgrÆv = Ævisaga Jóns Steingrímssonar. Eftir eiginhandarriti, Lbs. 182 4to.

NtOG = Jón Helgason. 1929. *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*.

Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga 7. Kaupmannahöfn.

RM = Ritmálssafn Orðabókar Háskólans á www.arnastofnun.is.

1 Inngangur

1.1 Um ritgerðina

1.1.1 Efni ritgerðar

Meginefni þessarar ritgerðar er útgáfa og ýtarleg lýsing á hljóð- og beygingarbreytingum í Ævisögu séra Jóns Steingrímssonar (1728–1791) (hér eftir JStgrÆv).¹ Rækilegur samanburður er við fyrri málstig og einnig nútíma-íslensku og er aðferðum sögulegra málvísinda beitt í ritgerðinni. Málsaga 18. aldar hefur lítt verið könnuð og vonast ég til þess að þessi rannsókn fylli að nokkru leyti upp í þá eyðu.

Mállýsingin skiptist í tvennt: hljóðsöguhluta og beygingarfræðihluta. Setningafræði er hins vegar ekki tekin fyrir í ritgerðinni.² Lögð er megináhersla á að fjalla um þær hljóð- og beygingarbreytingar sem koma fyrir í JStgrÆv. Yfirleitt er því ekki fjallað um málbreytingu nema dæmi um hana finnist í Ævisögunni. Þetta er því ekki tæmandi yfirlit yfir allar hugsanlegar hljóð- og beygingarbreytingar frá seinni öldum. Orð Jóns Helgasonar (1929a:v) í formála mállýsingar hans á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar eiga hér vel við: „Markmið annars þáttar var auðvitað ekki að leggja fram heildarlega beygingafræði, heldur að sýna, hvar Oddur stendur andspænis þeim nýjungum, sem um gat verið að ræða á þessum tímum. Þess spyr naumast nokkur maður, hvernig hann beygi sögnina ‘fara’ eða nafnorðið ‘fjall’, en hitt getur málfraedinni verið forvitnisefni, hverjar myndir frændsemisorðanna hann notar og hvort sögnin ‘gala’ er sterk hjá honum eða veik.“

Form lýsingar minnar á málinu á Ævisögu Jóns Steingrímssonar er í meginráttum það sama og á lýsingu Bandles (1956) á málinu á Guðbrandsbiblíu (1584) (hér eftir GBibl). Lýsing Bandles er ýtarlegasta mállýsing nokkurs seinni alda rits og mikið til hennar vitnað í skrifum um síðari alda íslensku. Réttlæt看legt er að spyrja hvers vegna svona mikið er gert úr samanburðinum við lýsingu Bandles á málinu á Guðbrandsbiblíu sem orðin er meira en hálftrar aldar gömul. Svárið við því er að það hefur sárlega vantað samhengi í íslenska málsögu síðari alda. Einstakar vörður hafa verið reistar, eins og rakið er í inngangi, en samfellda sögu málsins eftir siðaskipti vantar (sjá umfjöllun um þetta í undirkafla 1.5). Tilgangurinn með þessari ritgerð er því

¹ Rétt er að leggja áherslu á að rannsóknin takmarkast við athugun á Ævisögu Jóns Steingrímssonar og er því ekki heildarathugun á öllum skrifum Jóns. Eins og kemur fram í undirkafla 1.2.5 þá liggur ýmislegt annað eftir Jón Steingrímsson en Ævisagan og ber þar hæst *Eldritið* en einnig ritgerðir, uppskriftir, kvæði og annað. Í sumum tilvikum hefði líklega verið gagnlegt að vísa í þessi rit. Ákveðið var hins vegar að fara ekki út í slíkan samanburð m.a. vegna aukavinnu sem slíkt hefði haft í för með sér við að undirbúa slíka texta undir málsögulega rannsókn.

² Sami háttur er á í lýsingu Bandles (1956) á málinu á Guðbrandsbiblíu.

meðal annars að tengja betur saman en áður lýsingar á málinu á 16. og 18. öld. Til að auðvelda þann samanburð ákvað ég því að hafa svipað form á mállýsingu minni og Bandles. Mállýsing mín er þó allmiklu styttri en lýsing Bandles, enda er Guðbrandsbiblía allmiklu lengri en Ævisaga Jóns Steingrímssonar.

Þegar vísað er í dæmi í NtOG (Jón Helgason 1929a) og GBibl (Bandle 1956) þá eru notaðar sömu skammstafanir á bókum Bibliunnar og gert er þar, t.d. ‘apnenum’ Ordzk 27,13. Sjá lista yfir skammstafanir hjá Bandle (1956:xv–xvii). Þegar vísað er í dæmi úr Ritmálssafni Orðabókar Háskólans eru notaðar heimildaskammstafanir Ritmálssafnsins, t.d. ‘fóts’ Alpb XI, 588 (1730). Upplýsingar um þær má fá á heimasíðu Ritmálssafnsins (http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_gagnasafn_ritmal). Aftan við dæmi úr Ritmálssafninu er aldur sýndur með styttingu, t.d. (18f) fyrir dæmi frá fyrri hluta 18. aldar o.s.frv. Notast er við sömu aldursstyttingar og í Ritmálssafninu. Oft er getið um fjölda dæma um einhverja breytingu í Ritmálssafninu. Slíkt er meira gert til að gefa smáhugmynd um hversu algeng einhver breyting eða orðmynd var frekar en að það hafi tölfræðilegt gildi.

Við lýsingu hljóð- og beygingarbreytinga í ritgerðinni er hverri breytingu fyrst lýst, fyrri skrif um hana rakin og síðan sýnd dæmi um hana í JStgrÆv. Ályktanir eru síðan dregnar af efninu. Af fyrri skrifum er það helsta og mikilvægasta tínt til en samantekt fyrri skrifa er ekki tæmandi. Slíkt hefði reynst of umfangsmikið vegna fjölda málbreytinga. Alltaf er þó vísað í Bandle (1956) þar sem hægt er og einnig er oft vísað í lýsingu Jóns Helgasonar (1929a) á Nýjatestamentisþýðingu Odds Gottskálkssonar (1540) (hér eftir NtOG). Í beygingarfræðihluta ritgerðarinnar er oft vitnað í Valtý Guðmundsson (1922) um beygingarkerfi nútímaíslensku. Að auki hef ég notast við fjölda annarra mállýsinga og málfræðiritra.

Þegar hugtakið *forníslenska* (físl.) er notað í ritgerðinni þá er átt við elstu íslensku og fram til siðaskipta. Þegar hugtakið *nútímaíslenska* (nísl.) er notað í ritgerðinni á það yfirleitt við íslensku á 19. öld og síðar. Málið frá því eftir siðaskipti og fram til þess tíma er yfirleitt nefnt *síðari alda mál*.

Í umfjöllun um hljóð- og beygingarbreytingar eru oftast tilgreind öll dæmi í JStgrÆv um það atriði sem er til umfjöllunar og oft bæði sýnt samræmt og stafrétt form. Leitað var að dæmum í samræmdri uppskrift Ævisögunnar og stafrétt mynd hvers dæmis síðan skoðuð á ljósmyndum af handritinu. Þegar dæmi er tiltekið í ritgerð er aftan við það vísað á blaðsíðu í eiginhandarriti JStgrÆv (Lbs. 182 4to). Það að geta yfirleitt allra dæma í JStgrÆv um hvert atriði veitir vonandi góða yfirsýn yfir efnivið handritsins og tilbrigði í máli Jóns.

Ritgerðin er samsett úr fjórum meginköflum: Í fyrsta kafla er inngangur um Jón Steingrímsson og Ævisögu hans, m.a. umfjöllun um fyrri útgáfur,

uppskrift mína á henni, táknanotkun í henni og fleira. Auk þess eru í þessum kafla bæði yfirlitskaflar um rannsóknir á síðari alda íslensku máli og sögu málhreinsunar. Í öðrum kafla ritgerðarinnar er fjallað um hljóðbreytingar í Ævisögunni og í þriðja kafla um beygingarbreytingar í henni. Í fjórða kafla er síðan ýtarleg samantekt og greining á máli Ævisögunnar og niðurstöður um áhrif málhreinsunar á hana.

1.1.2 Um uppskrift Ævisögunnar

Mállýsingin byggist á nákvæmri uppskrift minni á eiginhandarriti Jóns af Ævisögunni, Lbs. 182 4to, og fylgir hún sem viðauki við ritgerðina. Í reglum um doktorsnám við Hugvísindadeild Háskóla Íslands (<http://www.hug.hi.is/page/doktorsnam>) segir: „Ef hluti verkefnis til doktorsprófs er nákvæm úrvinnsla eða útgáfa frumheimilda eða efnissöfnun af einhverju tagi, t.d. textaútgáfa eða orðfræðilegt viðfangsefni, verður verkefnið alltaf að hafa almennan hluta sem lýtur venjulegum kröfum til doktorsritgerðar að umfangi undanskildu, enda sé hann sprottinn upp úr frumvinnunni og gefi henni fræðilega dýpt eða dragi af mikilvægum þáttum almennar ályktanir.“ Stór hluti af vinnunni við þessa doktorsritgerð hefur farið í að gera uppskrift Ævisögunnar tæka fyrir málsögulega rannsókn. Nánari lýsingu á því verki má lesa í undirkafla 1.3. Um gildi slíkrar grunnvinnu er hægt að taka undir með Kjartani G. Ottóssyni (1992:2): „It is not possible to achieve a reliable description of a past language change without painstaking attention to philological details.“

1.1.3 Rannsóknarspurning

Sú rannsóknarspurning sem leitast er við að svara í ritgerðinni er hvort málhreinsun, sem varð skipuleg stefna á s.hl. 18. aldar og byrjun 19. aldar, hefur haft áhrif á mál Jóns Steingrímssonar eins og það birtist í sjálfsævisögu hans. Lagt er upp með þá fullyrðingu Kjartans G. Ottóssonar (1986a:180–181) að mál Jóns Steingrímssonar í Ævisögunni sé ósnortið af málhreinsunarstefnu og kannað hvort hún eigi við rök að styðjast:³

Áhrifa frá málhreinsunarstefnu gætir allt frá því um 1700 í takmörkuðum hópi, í ritum manna kringum Árna Magnússon og Pál Vídalín [...]. Til stærri hóps ná áhrifin þegar kemur fram á seinni hluta 18. aldar, m. a. gegnum Eggert Ólafsson og Lærdómslistafélagið, en það er ekki fyrr en kemur fram um miðja 19. öld sem sú málhreinsunarstefna sem varð ofan á tekur í fullum mæli að gegnsýra allt sem skrifað er á íslensku. Ævisaga Jóns Steingrímssonar hefur sérstakt heimildagildi í

³ Nánar er fjallað um hugtakið málhreinsun í undirkafla 1.6.1.

Þessu sambandi. Enda þótt hún sé skrifuð seint á 18. öld og Jón Steingrímsson hafi lagt til efni í Rit Lærdómslistafélagsins hefur mér virst hann sjálfur ósnortinn af málhreinsunarstefnu. Engra áhrifa af málhreinsunarstefnu gætir í miðmyndarendingum, og ég hef ekki rekist á áhrif í öðrum efnum heldur. Ég ímynda mér að ævisagan gefi nokkuð góða mynd af orðafari, hljóðafari, beygingum og slíku eins og það var þegar málhreinsunin komst á fullan skrið. (Kjartan G. Ottósson 1986a:180–181.)

Rannsóknarspurningin er því þessi:

Sjást merki um áhrif málhreinsunar á framburð og beygingu í Ævisögu Jóns Steingrímssonar?

Í athugun minni á þessu eru eingöngu könnuð áhrif málhreinsunar á framburð (hljóðbreytingar) og beygingu (beygingarbreytingar) en hvorki á orðaförða, setningafræði né stíl. Hugtakið *málhreinsun* hefur því afmarkaða merkingu í ritgerðinni. Ástæðan fyrir því er að ályktanir um áhrif málhreinsunar á Ævisöguna byggjast á mállýsingunni sem er meginviðfangsefni þessarar ritgerðar. Hún takmarkast hins vegar við lýsingu á hljóðbreytingum og beygingarbreytingum í JStgrÆv. Eingöngu er hægt að draga ályktanir um áhrif málhreinsunar á Ævisöguna af þeirri rannsókn. Víðtækari ályktanir hefðu krafist rannsókna á fleiri þáttum málsins á JStgrÆv.

Við mat á málhreinsunaráhrifum á málið á JStgrÆv er helst litið til tveggja þátta: Í fyrsta lagi hvernig þær breytingar á hljóðafari og beygingu frá seinni öldum, sem heimildir eru um að málhreinsunarmenn hafi beitt sér gegn, líta þar út. Dæmi um slíkt er val á endingu í 1. p. ft. miðmyndar og breytingar á beygingu karlkyns *ia*-stofna. Eru einhver merki um slíkar seinni alda breytingar í JStgrÆv? Í öðru lagi er litið til nýjunga í framburði eða beygingu sem ekki er vitað til þess að málhreinsunarmenn hafi barist á móti en þar sem í forníslensku og nútímaíslensku (þ.e. á seinni hluta 19. aldar og síðar) var eitt form, beyging eða framburður en annað form, beyging eða framburður á 16., 17., 18. eða f.hl. 19. aldar. Gert er ráð fyrir því hér að þegar forníslenska og nútímaíslenska standa saman gegn síðari tíma íslensku um eitthvert atriði þá megi rekja formið í nútímaíslensku til málhreinsunar og málstöðlunar. Í slíkum tilvikum er fróðlegt að athuga hvaða form er í JStgrÆv.

Niðurstöður mínar um áhrif málhreinsunar á JStgrÆv eru birtar í samantektarkafli ritgerðarinnar (sérstaklega undirkafla 4.5).

1.2 Ævisaga Jóns Steingrímssonar

1.2.1 Æviágrip Jóns Steingrímssonar

Jón Steingrímsson fæddist á Þverá í Blönduhlíð í Skagafirði 10. september 1728.⁴ Foreldrar hans voru Steingrímur Jónsson lögréttumaður og Sigríður Hjálmarsdóttir. Fjölskylda Jóns bjó einnig að Ystugrund neðan við Frostastaði í Blönduhlíð. Jón komst 1744 í Hólaskóla og var þar til 1750. Árin 1751 til 1753 var hann djákni hjá Jóni Vigfússyni á Reynistað í Skagafirði. Jón Vigfússon lést 1752. Jón Steingrímsson flutti þá ásamt ekkju Jóns, Þórunni Hannesdóttur Scheving, til Frostastaða 1754 og var þar til 1756. Fluttist hann þá í Mýrdalinn, fyrst bjó hann á Hellum en frá 1760 var hann prestur á Felli. Árið 1778 fluttist hann að Prestbakka á Síðu og þar lést hann 11. september 1791.⁵ Jón kvæntist tvisvar. Fyrri kona hans var fyrrnefnd Þórunn Hannesdóttir. Dætur þeirra voru Sigríður, Jórunn, Guðný, Katrín og Helga. Seinni kona Jóns hét Margrét Sigurðardóttir.

1.2.2 Um Ævisögu Jóns Steingrímssonar

Ekki er nákvæmlega vitað hvenær Jón Steingrímsson samdi Ævisögu sína. Kristján Albertsson (1973:12–14) færir þó sannfærandi rök fyrir því að Jón hafi ritað aðeins minna en helming af sögunni á árunum 1778 til 1783. Hlé verður þá á ritun sögunnar meðal annars vegna móðuharðindanna. Það sem eftir er sögunnar samdi Jón líklega á tveimur eða þremur síðustu árunum áður en hann lést 1791 og bætir við efni í hana þangað til skömmu áður en hann lést.⁶

Ævisagan er rituð á kjarnmiklu máli og samin skömmu áður en skipuleg málhreinsun hefst hér á landi. Kjartan G. Ottósson (1986a:179–180) benti á hversu heppileg ævisaga Jóns væri sem málsögulegt rannsóknarefni. Kostir hennar væru m.a. þeir að þetta væri allangur einsleitur texti og hentaði því vel til rannsókna („vantar á að giska þriðjung eða fjórðung á lengd Nýja testamentisins“), eiginhandarrit, forvitnilegur staður í málþróuninni, ætluð dætrum Jóns og því vitað um eðli textans („norma“) og rituð „án nokkurrar stílnarviðhafnar“ eins og Jón Steingrímsson segir sjálfur.

⁴ Stutt æviyfirlit Jóns er hjá Páli Eggerti Ólasyni (1950:279–280).

⁵ Ýmislegt hefur verið skrifað um viðburðaríka ævi Jóns. Af því má t.d. nefna Aðalstein Eiríksson 1988, Bjarna Þór Bjarnason 1987, Bjarna Guðmarsson 1991, Einar Laxness 1985, Einar Sigurbjörnsson 2005, Gunnar Kristjánsson 1999, Jón R. Hjálmarsson 1973, Kristin E. Andrésón 1968, Sigurjón Einarsson 1966, Sigþrúði Gunnarsdóttur 1995, Tómas Guðmundsson 1966 og Þorvald Þórðarson 2003.

⁶ Kristján Albertsson 1973:13–14: „Eftir árin í Mýrdal, þar sem síra Jóni fannst fólk presti sínum fjandsamlegt, og yfirleitt leiðinlega innrætt, fluttist hann á Síðuna og „líðu svo fram 5 ár, frá 1778 til 1783, að ég lifði hér sem aðrir góðu og farsælu lífi“. Sennilegt má þykja að hann hafi hafið ritun sögu sinnar einmitt á þessum ánægjulegri árum en hann hafði áður reynt, og á þeim lokið við um það bil tvo fimmtu hluta hennar.“

Ævisaga Jóns Steingrímssonar ætti því að gefa góða mynd af íslensku á 18. öld. Hafa verður þó í huga að Jón Steingrímsson taldist til menntamanna og lærði í Hólaskóla (1744–1750) þótt hann hafi ekki farið utan til frekara náms. Jón slettir alloft latínu í JStgrÆv en þó virðist mér minna um slíkt þar en í ýmsum öðrum textum frá 18. öld þótt vafasamt sé að fullyrða nokkuð um slíkt án rannsókna. Lítið er varðveitt af rituðu máli alþýðufólks frá 18. öld og því er líklega vandfundin heppilegri texti til málrannsókna en Ævisagan frá þessu skeiði. Það er í raun ekki fyrr en seint á 18. öld og snemma á 19. öld sem almenningur fer að skrifa, t.d. dagbækur. Einkabréf eru fá og einnig er lítið um annað efni. Við undirbúning rannsóknarinnar kannaði ég ýmislegt heppilegt samanburðarefni úr prentuðum ritum og handritum frá 18. öld en að lokum ákvað ég að einskorða rannsóknina við eiginhandarritið eitt.⁷

Það hvatti mig einnig til að takast á við þetta verkefni að 18. öldin hefur að miklu leyti legið óbætt hjá garði þegar kemur að málsögulegum rannsóknum.

1.2.3 Eiginhandarrit Ævisögunnar (Lbs. 182 4to)

Eiginhandarrit *Ævisögu Jóns Steingrímssonar*, Lbs. 182 4to, er varðveitt á handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Handritið er í góðu ástandi og á því er skýr og allgreinileg síðfljótaskrift. Í handritaskrá Landsbókasafns (Páll Eggert Ólason 1918–1937 (I):171–172) er eftirfarandi lýsing á handritinu:

Lbs. 182, 4to. 20 X 16. iv + 184 bl. (blstal 1–359). Tvær hendr. Skr. ca. 1783 (og ca. 1810). Skinnband.

Ævisaga síra Jóns Steingrímssonar, samín og rituð af sjálfum honum. Milli bls. 342 og 343 eru fest tvö bréf frá síra Jóni, annað til Finns byskups, hitt til Hannesar byskups. Aftan við (frá bls. 349) eru additamenta með hendi Steingríms byskups.

Not. Ritið er prentað í *Rv.* 1913–16. — *Fjallkonan*, 4., 15.–16. árg. — *Guðm. Magnússon (Jón Trausti): Sögur frá Skaftáreldi, I. (sjá bls. IV.)*. — *Hannes Þorsteinsson: Guðfræðingatal*, bls. 155, 192. — *Íslenzkar gátur, skemtánir, vikivakar og þulur, II.*, bls. 72, 139. — *Óðinn*, 1. árg., bls. 19. — *Tímarit hins ísl. bókmenntafélags, XVII.*, bls. 132.

1.2.4 Útgáfur Ævisögunnar

Ævisaga Jóns Steingrímssonar hefur verið gefin nokkrum sinnum út. Fyrst kom út efni úr henni á prenti í tímaritinu *Þjóðólfi* árið 1862 (*Þrjár íslenzkar dæmisögur frá miðri 18. öld*) (nr. 7–8 (bls. 27–28), nr. 9–10 (bls. 34–35), nr. 12–13 (bls. 47–49)). Valdimar Ásmundsson og síra Ólafur Ólafsson gáfu síðan út Ævisöguna, fram til 50. kafla, í *Fjallkonunni* árin 1898 til 1903.⁸

⁷ Ég vonast til að gera nánari grein fyrir þessum efnivið síðar á öðrum vettvangi.

⁸ Sjá Jón Þorkelsson 1913–1916:vi.

Björn Magnússon Ólsen gaf einnig út söguna af kerlingunum á Alþingi í *Óðni* (1905, 1. ár, nr. 3, bls. 19). Kaflar úr *Ævisögunni* hafa auk þess birst á nokkrum stöðum.⁹

Ævisagan hefur verið gefin út í heild þrisvar sinnum og alltaf með samræmdri stafsetningu:

- Jón Þorkelsson (útg.). 1913–16. *Æfisaga Jóns prófasts Steingrímssonar*. Sögurit 10. Reykjavík.
- Guðbrandur Jónsson (útg.). 1945. *Ævisaga síra Jóns Steingrímssonar*. Skaftfellinga rit 1. Reykjavík.
- Kristján Albertsson (útg.). 1973. *Jón Steingrímsson. Æfisagan og önnur rit*. Reykjavík.

Ævisagan hefur tvisvar verið þýdd á erlendar tungur, fyrst á sænsku af Ahlström (1956) og síðan af Fell (2002) á ensku.

1.2.5 Önnur rit eftir Jón Steingrímsson

Jón Steingrímsson samdi auk *Ævisögunnar* ýmis önnur rit. Hæst ber þar *Eldritið*, lýsingu hans á Skaftáreldum. Það er varðveitt í eiginhandarriti, Lbs. 1552 4to. Þetta rit kom út í enskri þýðingu árið 1998 (Jón Steingrímsson 1998). Jón samdi einnig skýrslur um Skaftárelda ásamt Sigurði Ólafssyni klausturhaldara (Jón Steingrímsson 1907–15). Ritgerðin *Um að ýta og lenda í brimsjó fyrir söndum* eftir Jón Steingrímsson birtist í Ritum Lærdómslistafélagsins, 9. árg. 1789.¹⁰ Ýmsar uppskriftir Jóns, aðallega á kvæðum, eru síðan varðveittar á handritadeild Landsbókasafns – Háskólabókasafns. Við gerð mállýsingar JStgrÆv kannaði ég ekki sérstaklega önnur rit Jóns en *Ævisöguna* út frá málfari.

⁹ Sjá Jón Steingrímsson 1949, 1979, 1981.

¹⁰ Kristján Albertsson (1973:405–418) prentar þessa ritgerð.

1.3 Ný útgáfa Ævisögu Jóns Steingrímssonar

1.3.1 Uppskrift og samræming texta Ævisögunnar

Til undirbúnings vinnu við mállýsingu JStgrÆv gekk ég frá nýrri útgáfu hennar byggðri á nákvæmri uppskrift eiginhandarritsins, Lbs. 182 4to. Uppskriftin fylgir í viðauka aftan við ritgerðina.

Ljóst var frá upphafi vinnu við doktorsritgerðina að forsenda málsögu-legrar athugunar á Ævisögunni væri að ég gerði nýja uppskrift hennar eftir fyrrnefndu eiginhandarriti hennar. Til að flýta fyrir þessu var mitt fyrsta verk árið 2001 að skanna útgáfu Guðbrands Jónssonar frá 1945 á Ævisögunni inn í tölvu. Helstu villur í skönnuninni voru síðan leiðréttar. Ég bar þessa uppskrift af Ævisögunni síðan nákvæmlega saman við sjálft eiginhandarritið og fór sá samanburður að mestu fram sumarið 2002 á handritadeild Landsbókasafns – Háskólabókasafns. Þetta reyndist vera mikið verk en nauðsynlegt.

Rétt er að taka fram að ég tók út úr uppskriftinni öll bréf frá öðrum mönnum sem Jón birtir í Ævisögunni.¹¹ Uppskrift mín á henni er grunnur lýsingar minnar á máli Jóns Steingrímssonar í JStgrÆv og því ákvað ég að taka þessa texta út úr uppskriftinni.

Í upphafi kom til álita að uppskriftin yrði kótuð samkvæmt XML-staðlinum. Tæknin til þess var á þeim tíma hins vegar skammt komin og staðallinn enn í mótun þannig að ég hvarf frá því.

Ég ákvað snemma að samræma texta uppskriftarinnar til nútímastafsetningar til þess að textinn yrði læsilegri en þó er hvorki beygingarlegum atriðum né aðgreinandi hljóðfræðiatríðum breytt. Eftirfarandi atriði voru samræmd: há- og lágstafir, eitt orð og tvö, stafsetning, táknnotkun og greinarmerkjasetning. Orðmyndum var hins vegar haldið óbreyttum en stafsetning þeirra færð til nútímahorfs, t.d. ‘hellrer’ > ‘hellrir’. Reynt var að gæta þess að málfræðiupplýsingar töpuðust ekki við samræminguna. Slíkt er vandaverk og miklu erfiðara en búast mætti við að óreyndu.

Þegar textar frá því eftir siðaskipti eru samræmdir kemur varla neitt annað til greina en nota nútímastafsetningu.¹² Í því felst meðal annars að táknum eru samræmd til nútímamáls. Sértaáknun, sem ekki koma fyrir í íslenska nútímastafrófinu, er þá skipt út fyrir önnur sem eru í því, til að mynda eftirfarandi sérhljóðatákn: ‘a’ > ‘á’, ‘è’ > ‘é’, ‘ø’ > ‘ö’ o.s.frv. og samhljóðatákn: ‘c’, ‘q’ > ‘k’,

¹¹ Bréfin, sem ég tók ekki með í uppskrift mína af Ævisögunni, eru á bls. 165–168, 179–182, 207–209, 210–216, 219–220, 238–243, 265–266, 294 í útgáfu Kristjáns Albertssonar (1973).

¹² Ég hélt erindi á Hugvísindabæningi í Reykjavík 2. nóvember 2001 um þetta efni: *Er ungt ómerkilegra en gamalt: Útgáfur síðari (eða síðri) alda texta*. Hugleiðingar mínar og Haralds Bernharðssonar um þetta efni voru einnig gefnar út í fjölrítuðu kveri (Jóhannes B. Sigtryggsson og Haraldur Bernharðsson 2004).

‘w’ > ‘v’ o.s.frv. Ekki er þó eingöngu hægt að einblína á stafrófið því að einnig þarf að færa til nútímahorfs táknanotkun sem er frábrugðin því sem nú tíðkast. Dæmi um slíkt er þegar ‘d’ í handriti stendur fyrir /ð/ í ‘ð’ (t.d. ‘eda’ > ‘eða’), ‘i’ sem stendur fyrir /j/ í ‘j’ (t.d. ‘iol’ > ‘jól’) og ‘u’ sem stendur fyrir /v/ í ‘v’ (t.d. ‘uald’ > ‘vald’).

Eitt það vandasamasta við samræmingu til nútímastafsetningar er meðferð svokallaðra „fornlegra orðmynda“. Í útgáfum seinni alda texta eru þær oft látnar halda sér, stafsetning er færð til nútíðarhorfs (tuttugustu aldar stafsetningar) en horfnar orðmyndir látnar halda sér. Samræmi í því hvaða orðmyndir fá að haldast er stundum ábótavant og geðþótti útgefanda ræður oft miklu þar um. Ekki er hróflað við orðmyndum, sem honum finnst vera skrýtnar en fornlegar á að sjá, en öðrum athugasemdalaust breytt til nútímahorfs sem láta minna yfir sér en geta verið alveg jafnathyglisverðar út frá sjónarhorni mál-sögunnar. Það er skiljanlegt að vissu leyti að menn skuli leggja því minni áherslu á að fylgja stafsetningu heimildar sem hún er yngri því að fornir textar eru almennt frábrugðnari nútímamáli en ungir, menn taka frekar eftir mismuninum þar og halda frekar í stafsetningu og mál þeirra. Þetta er þó ekki alveg svo einfalt því að færa má rök fyrir því að málið á ýmsum textum frá 17. og 18. öld sé fjarlægara nútímamáli í sumum greinum en forntextar. Ástæður þessa eru meðal annars hversu sagnastíllinn var mikil fyrirmynd höfunda á 19. og 20. öld og málhreinsunarstefnan, sem hefur verið áhrifamikil á Íslandi að minnsta kosti frá 18. öld, leitaði einnig mjög til forna málsins að fyrirmyndum og hreinsaði málið mikið af erlendum tökuorðum og stíleinkennum.

Í útgáfu minni á JStgrÆv er höfð samræmd stafsetning á textanum en hins vegar er engum orðmyndum breytt.

Til að gefa sýnishorn af rithætti Jóns Steingrímssonar fylgir hér á eftir stafrétt uppskrift bls. 142 í eiginhandarritinu (Lbs. 182 4to). Lóðstrik (!) tákna nýja línu í handriti:

bid medhialpara minn íem Finnur hiet ad lækia Widalins postillu | og lata hana a bitann hia predikunar Stol, þuj eg afette mier nu ad | lefa predikunena ur henne íem tilhlydde þeim hatydisdege hvad hann giórer | verd eg þa var vid ad sera Jon geingur ut, Kiemur mier i hug hann | ætle ad fetia til Straka ad Skiggia ío a gluggann ad eg giete ej lefed | hvad og ío reindelt. fligur mier i Sinne hvad eg skule nu af ræda. En þa | Eins íem mier Svarad íie, eg íkule taka fyrer mig ad tala ut af þeþum | ordum minn frid gieþ eg eg ydur og bruka mier fyrer form Jooladags | predikun íem eg Kunne íama efne áhrærande hiet eg þa gude ef hann nu | hialpade mier Skillde eg vanda hans þionultu ætyd þann þar effter | nu lagde hann mier so min(n)e til og ord i munn ad eg komft merkelega Vel | af. þeþu mynu Lofande vid hans guddomlegu hatign gleimde eg æ þvj | midur hvar fyrer Eirn fagran hvyta íunnu hatydis dag a íolheimum þa | þar var fiolde fyrir utan Soknafolkeð íamann komen tok gud ío fra mier | allt minne i Predikunar

stolnum þá eg var buenn med Exordium ad eg munde | ej nockurt ord af þvj framflitia ætlade, og eg gagnkunne og vard lo ad | fara Jafn nær ofann ur Stolnum afftur. so vandur er gud vid þiona syna | og lofordumm þeirra hvor guds madur er þetta les edur heirer higge þar ad og vareft þetta mitt vonda dæme. Þeþe Tilburdur barlt i Somu viku | til B(isku)ps myns Herra Finns og ad eg hefde þanenn frafalled af drickiuþkap | lo eg fieck hia hionum sterka äminning enn eg lagde þad mætte minn og | margra Eid Kolta ad hvorke Jeg edur nockur annar þar hefdu haft nockud | bzenne vins tar, lagde eg honum þa i fromleika upp alla Sóguna hvorn|en drottenn hefde bent mier lem hann ei alleinafta vel trude helldur | og lagde mier fleire dæme þar uppa, Eirnen af Sialfum fier tvysvar linum | firgreindann hatydisdag a Dyrhoolum vard og lo fra mier numenn af | þvy lem þa vidbar ad eg munde ej ad tona bænena effter præfa|tiuna hafde og ej vitad þad allftadar veniu. nær eg for ut ur Kyrkiunne | vard sírra Jon Effter. talar til kordiacknanna lem Jnne voru med ftorumm

Megintilgangur útgáfu minnar á JSgrÆv er að vera undirstaða mállýsingar en ekki sjálfstæð útgáfa. Það gætu því enn verið einhverjir hnöktrar á henni.

1.3.2 Samanburður við fyrri útgáfur Ævisögunnar

Ævisaga Jóns Steingrímssonar hefur verið gefin út þrisvar sinnum í heild. Kjartan G. Ottósson athugaði þessar útgáfur í tengslum við doktorsrannsókn sína (1990) á þróun miðmyndarendinga í íslensku. Fyrsti útgefandi Ævisögunnar, Jón Þorkelsson (1913–1916), segir í inngangi útgáfu sinnar að ritháttur hennar sé ekki svo ósamkvæmur að mikill bagi sé að en rithátt handritsins segir hann einskis virði. Guðbrandur Jónsson (1945:xxiii) sagðist hafa haldið rithætti Jóns þar sem hann þótti mundu sýna framburð: „Ekki mega menn heldur beinlínis kalla, að um rangt mál sé þá að ræða hjá síra Jóni, því svona var nú íslenzkan þá og þarna. Úr því svo er, gat ekki heldur komið til mála að „leiðrétta“ slíkt.“ Kristján Albertsson (1973:19) segir „að orðmyndir séu látnar haldast, svo að ekki raskist málblær þeirrar aldar, né það sem tungutak höfundar kann að sækja í mállýskur“. Kjartan G. Ottósson (1986a:177) komst þó að því, með því að bera útgáfurnar á nokkrum stöðum saman við eiginhandarritið, að ýmsum orðmyndum í því hafði verið breytt í þeim. Til að mynda koma fyrir í handritinu endingarnar *-unst*, *-ustum*, *-unstum* og *-ust* í 1. p. ft. í miðmynd. Samkvæmt Kjartani eru fjórar villur í táknum þeirra í elstu útgáfu Ævisögunnar (Jón Þorkelsson 1913–1916), þ.e. annað form í uppskrift en handriti, þrjár í miðútgáfunni (Guðbrandur Jónsson 1945) og tíu í útgáfu Kristjáns Albertssonar (1973) og flestar hjá Kristjáni þannig að nútíðarendingin *-umst*, sem aldrei kemur fyrir í handritinu, er prentuð.

Ég hef ekki kannað skipulega hversu nákvæmar útgáfur Ævisögunnar eru samanborið við eiginhandarritið en mín tilfinning er að allar séu þær frekar nákvæmar. Það er hins vegar ekki fylgt skýrum reglum í þeim um varðveislu

beygingarmynda („fornlegra orðmynda“) og því er ekki hægt nýta þær sem grunn fyrir málsögulega rannsókn.

Ég hef hripað hjá mér nokkra staði þar sem lestur minn er annar en í útgáfu Guðbrands Jónssonar (1945) á JStgrÆv. Yfirleitt eru þetta smávægileg atriði. Texti eiginhandarritsins fer fyrst en lestur Guðbrands er í seinni dálknum:

Eiginhandarrit JStgrÆv

varð mér svo bilt 103

makleg gjöld 104

Nú líður eitt ár 129

sem þá var minnstur hlutur 153

á jörðinni 178

og falsmálsbætur að vitna að greindur 183

Tók eg nú með mér 213

og afsprengi fyrir lukku 267

hvar eg ætti fisk og minn gagntryggva skiptavin 267

að fullgjöra það verk 282

þá þeir köldu vessar og líkamans lúi 286

áttu þá 289

ofurlauslyndur 291

með undrunarlegum hætti 291

að væru þær og þær sem þó ekki var 293

Meira fékk eg ei af hans munni í 3

undanfarin ár 296

Og eftir nokkra tíma varð hann reiðfer að

komast þaðan aftur. Vorum við [...] 298

að hann lærði nú settleturs-, breytta og

óbreytta hönd 299

hreinsun diska og kera 315

og hætta þeir þá með lystugheitum 324

jarðeldsumgang 324

Kippir hvorum í kyn sitt 325

Guðbrandur Jónsson (1945)

[...] *leitt*

makleg málagjöld

Nú líður enn eitt ár

[...] *minnsti [...]*

á jörðunni

og falsmálsbætur að

greindur

Tók eg nú að mér

[...] *til lukku*

hvar eg átti fisk og minn

gagntrygga skiptavin

að fullkomna það verk

[...] *líkamslúi*

átt þú

of lauslyndur

með undarlegum hætti

að væri þær og þær sem og

ekki var

Meira fékk eg ei í 3 undan-

farin ár

og eftir nokkurn tíma [...]

Vorum við

að hann lærði nú settletur,

breytta og hönd

hreinsun diska og kirna

[...] *lystugheitin*

jarðeldsumganginn

Kippir honum í kyn sitt

1.3.3 Meðferð dæma úr Ævisöggunni

Samræmd dæmi úr JStgrÆv, sem tiltekin eru í mállýsingunni hér á eftir, eru skáletruð en stafrétt dæmi fylgja á eftir innan einfaldra tilvitnunarkerkja

(aðhverfar klær hástæðar) ‘ ’, t.d. *sjálfur* ‘sialfur’ 133. Tala aftan við dæmi vísar til blaðsíðu í eiginhandarritinu.

Leitast var við að sýna alltaf stafréttar myndir dæma í málsögunni þar sem slíkt gæti hugsanlega skipt máli. Það er nær alltaf gert í hljóðsögukafla, enda skiptir nákvæmt útlit ritforms yfirleitt miklu máli í rannsókn á hljóðbreytingum. Við rannsókn á beygingarbreytingum skiptir minna máli að tiltaka stafrétt form en þó eru í þeim kafla einnig mjög oft tilgreindar stafréttar myndir.

Allmikið er um augljós pennaglöp, stafavíxl, niðurfall stafa og annað slíkt í texta JStgrÆv, t.d. *þénustu* ‘þeinustu’ 260, *aflsmunum* ‘alfsmunum’ 289.

Minni háttar pennaglöp eru leiðrétt athugasemdalaust í uppskrift minni. Einstaka sinnum er þeim haldið en þá eru þau auðkennd með [svo], t.d. *skírnarfotninn* [svo] á *Hólum* 7; *í undirráðskónudæmi* [svo] á *stólnum* 50; *Enn frammar skal hér sýna sérlega guðs verðið* [svo] og *varatekt yfir mér* 53; *í afviknu plápsi* [svo] 53; *Er þaðan að ríða með einnir* [svo] á 55 o.s.frv.

1.4 Táknanotkun í Ævisögu Jóns Steingrímssonar

Hér á eftir fara nokkrar athuganir um táknanotkun í Lbs. 182 4to, eiginhandarriti JStgrÆv. Meginskrift Jóns Steingrímssonar í Lbs. 182 4to er svokölluð síðfljótaskrift en í titlum kemur fyrir kansellískrift (kansellíbrotaskrift).¹³

1.4.1 Sérhljóðatákn

Tvíritun

Í seinni alda handritum er algengt að tákna hljóðönnin /á/, /í/ o.s.frv. með því að tvírta sérhljóðatáknið. Í GBibl (Bandle 1956:25) er t.a.m. algengt að rita 'ij', 'ii', fyrir /í/ og 'aa' fyrir /á/ en sjaldnar 'oo' og 'uu' fyrir /ó/ og /ú/. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:22) er tvíritun /á/ nokkru algengari en /í/ og algengust er tvíritunin í innstöðu, t.d. 'Haatignar' 150.¹⁴ Tvíritun 'i' til að tákna hljóðanið /í/ er einnig kunn úr ungum handritum (Bandle 1956:26–27). Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:25) er táknunin 'ij' algeng, t.d. 'forlijkast' 277, en einnig kemur fyrir 'ii', t.d. 'Liifdaga' 8.

Í JStgrÆv er allmikið um tvíritun sérhljóða, t.d. *Hólum* 'Hoolum' 48, *Dyrhólum* 'Dyrhoolum' 139. Merki eru um það í JStgrÆv að táknun langra sérhljóða sé að breytast og allnokkur dæmi um að einfaldur broddur sé notaður til að tákna lengd. Talið er að Eggert Ólafsson hafi fyrstur seinni alda manna tekið aftur upp notkun einbrodda til að tákna lengd. Þetta er sérstaklega algengt aftarlega í JStgrÆv en þó er t.d. þetta dæmi framarlega í því, *ófrýnilegasta* 'ófrýnelegasta' 41 (sjá fleiri dæmi í umfjöllun um einstök sérhljóðatákn).

Límingar

Í miðaldahandritum er algengt að forníslensk löng sérhljóð séu táknuð með svokölluðum límingum (e. *ligatures*), t.d. 'a', 'oo' o.s.frv. fyrir /á/, /ó/. Í JStgrÆv eru límingar sjaldgæfir en þó koma fyrir dæmi eins og *ána* 'ana' 18 og *Skálholt* 'Skalhollt' 204.

Broddar og deplar

Í JStgrÆv eru bæði notaðir tvíbroddar og tvídeplar yfir sérhljóðatáknum til að tákna hljóðönnin /á/, /í/, /ú/ og /ó/, t.d. *náð* 'näd' 2, *Blönduhlið* 'Blöndu-

¹³ Ljósmynd af síðu í handritinu og stafrétta uppskrift hennar má sjá hjá Guðvarði Má Gunnlaugssyni 2007:162–163.

¹⁴ Svavar Sigmundsson (1966:21) tók saman dæmi um tvíritun /á/ og /í/ í þremur köflum í *Undirvísun um kristindóminn* eftir Jón Vídalín: „Hver kafli var 5 bls. að lengd og á þessum stöðum í bókinni: bls. 11–15, 146–150, 261–265. Útkoman varð sú, að fyrir /au/ var *aa* 20 sinnum, en *a* 120 sinnum, þ.e. 1:6. Tvíritun fyrir /í/, sem er *ij*, kom fyrir 8 sinnum, en *i* var 83 sinnum, þ.e. 1:10,4. *aa* var greinilega oftast haft í fyrsta hluta bókarinnar, þar sem voru 19 *aa* á móti 45 *a*.“

hlíd' 3, *búsældarmaður* 'búsældar madur' 3, *óróa* 'Öróa' 143. Sérhljóðatákn í eiginhandarritinu með tvíbroddi eða tvídepli eru til einföldunar yfirleitt rituð sem tvídeplar í stafréttum dæmum og t.a.m. fyrrgreint dæmi ritað 'Öróa'.

Einstök sérhljóð

/á/: Hljóðanið /á/ er langoftast táknað með 'a' í JStgrÆv, t.d. *lata hana á bitann hjá* 'lata hana a bitann hia' 142. Það er einnig stundum táknað með lím-
ingi, með eða án brodda, 'a' eða 'ǣ', t.d. *Þverá* 'Þvera' 3, *ár* 'ær' 339, 'Sandǣ' 118, eða með 'a' með broddum, t.d. 'átrünadur' 11. Við ritun forsetningarinnar á er oft notað táknið 'ǻ', t.d. *á* 'ǻ' 43.

Vísbendingar eru um það í lok handritsins að táknun /á/ sé að breytast og farið sé að tákna það eins og í nísl. með 'ǻ', t.d. *án* 'án' 337. Stundum er einnig notaður depill í stað brodds, t.d. *á* 'ǻ' 48, *áður* 'ädur' 271.

/i/: Táknid 'i' kemur bæði fyrir með depli og án, t.d. *þeim* 'þeim' 204 en *sérdeilis* 'slerdeilis' 1, *Kemur* 'Kiemur' 204. Einnig eru dæmi um að /i/ sé táknað með 'ī', *skyldu* 'skilldu' 9, *myndi* 'mínde' 30, *aflyki* 'aflike' 100. Eins og kemur fram í hljóðsögunni (undirkafla 2.1.5) þá eru /y, ý, ey/ fyrir löngu orðin afkringd þegar JStgrÆv var rituð og eru mörg dæmi um að /i/ sé táknað með 'y' eða 'ij', t.d. *kvis* 'kvys' 104, *kvisi* 'kvijse' 104.

/i/: Hljóðanið /i/ er stundum táknað með 'ī' eða 'ī' í JStgrÆv, t.d. *í* 'ī' 96, *nýttu* 'níttu' 263, 'ásind' 265.

/o/: Hljóðönnin /o/ og /ó/ eru táknud á ýmsan hátt í seinni alda ritum. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:20, 27–28) er 'o' bæði notað til að tákna /o/ og /ó/. Í GBibl (Bandle 1956:60) stendur 'ø' oft fyrir /o/ og /ó/ og 'o' stendur alloft fyrir /ó/. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:46) táknar 'o' bæði /o/ og /ó/. Í *Undirvísun um kristindóminn* eftir Jón er notað 'o' og 'oo' til að tákna /ó/ en í bréfum Jóns Vídalíns eru táknin 'o', 'oo', 'ö' og 'ö' notuð fyrir /ó/. Í þýðingu Jóns Ólafssonar á Nikulási Klím (Jón Helgason 1948:293) er hljóðanið /ó/ táknað 'oo', 'ó' og 'oo'.

Í JStgrÆv er hljóðanið /o/ yfirleitt táknað með 'o', t.d. 'ordum' 142, en /ó/ annaðhvort með 'o' eða 'ö' ('ö'), t.d. *predikunarstólnum* 'Predikunar stolnum' 142 en *margfróður* 'margfróður' 3, *óhlyöðum* 'öhliöðum' 12, *Óróa* 'Öróa' 143. Í JStgrÆv eru einnig nokkur dæmi um að tvírtað 'oo' sé notað til að tákna /ó/, t.d. *Hólum* 'Hoolum' 109.¹⁵ Vísbendingar eru um það í lok handritsins að tákn-

¹⁵ Tvíritun /o/ er sjaldgæf í GBibl (Bandle 1956:34), t.d. 'hoofu' og hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:27), t.d. 'Boonda' 8.

un /ó/ sé þá að breytast. Þar koma fyrir nokkur dæmi um að það sé táknað að nútímahætti með ‘ó’ eða ‘ö’: *nóg* ‘nóg’ 75, *fór* ‘fór’ 311, *rósemd* ‘rósemd’ 330.

/u/: Hljóðanið /u/ er yfirleitt táknað með ‘u’, t.d. *dæsum* ‘dæsum’ 143 o.s.frv. Stundum er depill yfir því, t.d. *gráttu* ‘grattú’ 48.

/ú/: Hljóðanið /ú/ er stundum táknað með ‘ú’ í JStgrÆv, t.d. *búsældarmaður* ‘búsælldar madur’ 3, *átrúnaður* ‘átrúnadur’ 11. Einnig koma fyrir dæmi í handritinu um að einfaldur broddur sé notaður yfir ‘u’ til að tákna þetta hljóðan, t.d. *knúði* ‘knúde’ 43, *kú* ‘kú’ 206.

/y/: Oft er erfitt í síðari alda handritum að greina á milli ‘ij’ og ‘ÿ’.¹⁶ Í JStgrÆv getur einnig verið erfitt að greina á milli þeirra.¹⁷ Þar sem vafi leikur á um rithátt dæma úr JStgrÆv skrifa ég ‘y’.

Eins og sagt var að framan þá er tákun /i, í, ei/ og /y, ý, ey/ mjög á reiki í JStgrÆv og fjölmörg dæmi eru um að /y/ sé táknað með ‘i’ eða ‘j’ í JStgrÆv, t.d. *ygni* ‘jnne’ *mál* 126, *yppti* ‘jpte’ 334 (sjá undirkafla 2.1.5).

/ö/: Í JStgrÆv er algengast að tákna hljóðanið /ö/ með ‘ó’, t.d. *öllum* ‘óllum’ 3, *lögréttumaður* ‘lógriettumadur’ 3, *föður* ‘fóður’ 3 o.s.frv. Afbrigði þessa tákns með depli (‘ö’) er einnig stundum notað til að tákna /ö/, t.d. *föðurbróðir* ‘fóður|broder’ 4, *Skömm* ‘Skömm’ 14, *kvöl* ‘kvöl’ 36, *hvör* ‘hvör’ 193, *mörgu* ‘mörgu’ 298, *önnur* ‘önur’ 309, *frásögu* ‘frasögu’ 315, *lög* ‘lög’ 326.

Táknið ‘o’ getur í JStgrÆv getur einnig bæði staðið fyrir /o/ og /ö/, t.d. *föðurfadir* ‘fodurfader’ 3, *stökkur* (nt. et. af so. *stökkva*) ‘stockur’ 320. Vandamál koma upp við túlkun ‘o’ í JStgrÆv í myndum af spurnarfornafninu *hvör*-og fornafninu *honum/hönum*. Algengt er að rita þau ‘hvör’ og ‘honum’. Sú spurning vaknar því hvort túlka eigi dæmi um ‘o’ sem *hvör* eða gera ráð fyrir að ‘o’ standi þar alltaf fyrir /o/ (sjá undirkafla 3.1.3 og 3.4.1).

Alloft er ‘ø’ einnig notað til að tákna /ö/, t.d. *öðlast* ‘ødlast’ 3, *ölmusur* ‘ølmusur’ 36, *öls* ‘øls’ 80, *Ölversá* ‘Ølversaa’ 211, *hönum* ‘hønumm’ 298.

Táknið ‘ö’ var oft notað í miðaldahandritum til að tákna /ö/, sérstaklega á 14. öld og síðar. Í JStgrÆv finnast allmörg dæmi um það, t.d. *mögulega* ‘mögulega’ 2, *öllum* ‘öllumm’ 2, *fjönsk* ‘fjöndsk’ 86, *hönd* ‘hönd’ 111, *hvörr* ‘hvörr’ 116, *afréttarfjöllum* ‘afriettar fjöllumm’ 204, *útför* ‘útför’ 303, *öll* ‘öll’ 330. Oft er þó erfitt að greina á milli tákna ‘ö’ og ‘ó’ hjá Jóni.

¹⁶ Sjá t.d. umfjöllun um þetta hjá Haraldi Bernharðssyni 1999:141.

¹⁷ Hjá Guðvarði Má Gunnlaugssyni (2007:162–163) má sjá hversu erfitt er að greina á milli ‘ij’ og ‘ÿ’ í JStgrÆv.

Táknið ‘au’ er stundum notað fyrir /ö/, t.d. *Önnu* ‘Aunu’ 261. Límingurinn ‘oo’ er einnig einstaka sinnum notaður fyrir /ö/, t.d. *öðrum* ‘ooðrumm’ 298. Að minnsta kosti eitt dæmi er einnig um að límingurinn ‘a’ sé notaður í JStgrÆv fyrir /ö/, *öngvir* ‘aungver’ 125.

1.4.2 Samhljóðatákn

Algengt er í JStgrÆv að eingöngu sé notað eitt samhljóðatákn til að tákna langt samhljóð, t.d. *drekka* ‘dreka’ 61, *drekka* ‘dreka’ 76, *kvöldrökkurstíð* ‘kvöldrokurs tyd’ 241. Þetta er sérstaklega algengt með táknun langs /nn/. Í þeim tilvikum hefur einnig örugglega oft gleymst að rita nefhljóðsband, t.d. *minningu* ‘miningu’ 2, *henni* ‘hene’ 78, *min⟨n⟩i* ‘mine’ 142, *Ön⟨n⟩u* ‘Aunu’ 261, *þen⟨n⟩an* ‘þenan’ 299, *minningarbréf* ‘miningar bref’ 324, *viðurkenningu* ‘vidurkenningu’ 332.

Örfá dæmi eru um depil yfir samhljóðatákni til að tákna tvöföldun þess, t.d. *heppnast* ‘hepnast’ 105. Þessi aðferð til að tákna tvöföldun samhljóðatákns er þekkt frá miðöldum.

Allalgengt er í JStgrÆv að rita tákn fyrir langt samhljóð á undan öðru samhljóði þar sem það á ekki að vera samkvæmt uppruna, t.d. *kukklarinn* ‘kukkl|arinn’ 13, *tukthús* ‘tuckthus’ 144. Slík táknun er t.a.m. algeng í GBibl (Bandle 1956:110–111) en hefur ekkert hljóðfræðilegt gildi.

Einstök samhljóð

/ð/: Hætt var að nota táknið ‘ð’ fyrir raddaða öngljóðið /ð/ við lok 14. aldar.¹⁸ Um miðja 18. öld var það hins vegar tekið upp aftur, fyrst í Njálu-útgáfunni 1772.¹⁹

Í JStgrÆv er táknið ‘d’ bæði notað fyrir /d/ og /ð/, t.d. ‘ordum’ 142. Ég hef tekið eftir einu dæmi um að ‘t’ sé notað fyrir /ð/: *það* ‘þat’ 58.

/f/: Langoftast er /f/ táknað með venjulegu fljótaskriftar-‘f’, t.d. *fannst* ‘fanst’ 327. Þar sem notuð er kansellískrift (kansellíbrotaskrift), þ.e. í fyrirsögnum og upphafi kafla, er hins vegar notað tvíhólfa ‘f’, þ.e. ‘þ’, t.d. *afkomendum* ‘aþkomendumm’.²⁰ Þessi tegund af *f* er einnig einstaka sinnum notuð í meginmáli, t.d. *Bótólf* ‘Botholþ’ 69, *gef* ‘gieþ’ 142.

Í tökuorðum er ‘v’ stundum notað í innstöðu fyrir /f/, t.d. *stásstofu* ‘staßstovu’ 326, en það kemur einnig örsjaldan fyrir í slíkri stöðu í orðum af innlendri rót, t.d. *erfitt* ‘ervidt’ 88, *erfiði* ‘Ervide’ 329.

¹⁸ Sjá Noreen 1923:40 [§35, aths.] og Hægstad 1942:57.

¹⁹ Sjá Hægstad 1942:57, nmgr. 4, Jón Helgason 1948:294 og Bandle 1956:116 [§72].

²⁰ Sjá má myndir af ólíkum skriftartegundum hjá Guðvarði Má Gunnlaugssyni 2007.

Í NtOG (Jón Helgason 1929a:333) er *farisei* og *fariseari* ritað með ‘ph’ og í GBibl (Bandle 1956:120–121) eru erlend sérnöfn yfirleitt einnig rituð svona, t.d. ‘Japhets’ I Mos 10,1. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:75) tíðkast einnig þessi ritháttur, t.d. ‘Philippum’ 240.

Í JStgrÆv er ritað ‘ph’ í sumum sérnöfnum í stað ‘f’: *Stephánsdotter* 3, *Stephans* 4, *Jósephsson* 47, *Stephán* 108, *Stephán* 112, *Stephanius* 211, *Stephán* 245, *Stepháni* 261, *Stephán* 262, *Stepháni* 303, *Stephánessyni* 321, *Stephán* 337, *Stephán* 338, *Stephánsson* 338.

Þessi táknun er einnig stundum notuð í útlendum samnöfnum í JStgrÆv, t.d. *Metamorphosin* 43, *landphysicus* 49, *landphysicus* 50, *Metamorphosi* 78, *landphysicus* 148, *landphysici* 154, *landphysicum* 164, *landphysico* 240, *landphysicus* 272, *landphysici* 287, *landphysicus* 287, *landphysicus* 317, *landphysicus* 319, *landphysicus* 337.

/k/: Hljóðanið /k/ er yfirleitt táknað með ‘k’ í JStgrÆv, t.d. *makleg* ‘makleg’ 104. Á undan /v/ er /k/ hins vegar yfirleitt táknað með ‘q’, t.d. *kvartil* ‘qartil’ 129, *kvadir* ‘qvader’ 194. Táknid ‘c’ fyrir /k/ kemur nokkrum sinnum fyrir og þá sérstaklega í tökuorðum, t.d. *kassann* ‘cassann’ 209, *kössum* ‘cössum’ 228. Í upphafi nafna er ‘Ch’ stundum notað fyrir /k/, t.d. *Kristín* ‘Christin’ 234.²¹

Algengast er að tákna /kk/ með ‘ck’, t.d. *stökkva* ‘stockva’ 22, *lykkjur* ‘lickur’ 260 o.s.frv.

Samhljóðasamböndin *gt*, *kt* og *kkt* eru annaðhvort rituð ‘gt’ eða ‘kt’, t.d. *slökkt* ‘slógt’ 300, *fleygt* ‘fleikt’ 321.

Samböndin *gs*, *ks* og *x* hljóma eins í framburði. Þau eru yfirleitt rituð með ‘x’, t.d. *hneykslislegum* ‘hneixlis|legumm’ 42, *vixlu* ‘vixlu’ 136, *hugsun* ‘huxun’ 326, *brigslyrði* ‘brixlyrde’ 341, *hjónavígslutexta* ‘hionavixlu Texta’ 302. Stundum er þó ritað ‘gs’, t.d. *vexti* ‘vegste’ 66.

/r/: Krók-‘r’ (*r* rotunda) er einstaka sinnum notað til að tákna /r/, t.d. *kaupstaðarrestans* ‘kaupstadar zestantz’ 109, *réttum* ‘ziettum’ 117, *brennivinstár* ‘bzenne vins tar’ 142.

/s/: Yfirleitt er /s/ ritað með háu ‘f’ en ‘s’ er einnig allalengt, t.d. *segjast* ‘fegjast’ 302 en *svo* ‘so’ 302. Táknid ‘ß’ er yfirleitt notað fyrir /ss/, t.d. *Mariúmessu* ‘mariu meßu’ 99, *blessan* ‘bleßan’ 270, *stásstofu* ‘staßstovu’ 326, en

²¹ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:28–29) og GBibl (Bandle 1956:142–143) er uppgómmælt /k/ oft táknað ‘c’ eða ‘ch’ í tökuorðum, t.d. ‘Canzeler’, ‘choronu’. Mörg dæmi eru einnig um þessa táknun hjá Jóni Vídalín (1966:88), t.d. ‘Caleikur’ 253 og ‘Christo’ 57.

stundum fyrir /s/ á undan samhljóði, t.d. *Húnavatnssýslu* ‘Hunavatns sýslu’ 41, *hússfrú* ‘huð|fru’ 45, *sýsli* ‘siðle’ 88, húsmóðurin ‘huð|modurinn’ 89.

Þegar viðskeytið *-sk* bætist við /d/ í stofni fellur /d/ brott í framburði. Í slíkum tilvikum er oft ritað ‘*ds*’ í JStgrÆv, t.d. *fjönsk* ‘fjöndsk’ 86. Sjö dæmi eru í JStgrÆv um að *norðlenskur* sé skrifað með ‘*ds*’: *norðlenskur* ‘nord|lenskur’ 69, *norðlenski* ‘nordlenske’ 74, *norðlenskur* ‘nordlenskur’ 85, *Norðlenskra* ‘nordlend|skra’ 93, *Norðlensk[r]a* ‘nordlensk[r]a’ 93, *norðlenskan* ‘nordlensk|ann’ 175, *norðlenskur* ‘nordlenskur’ 177. Eitt dæmi er hins vegar í JStgrÆv um að þetta orð sé ritað án /d/: *norðlensku* ‘nordlensku’ 85. Þessi táknun með ‘*ds*’ er eingöngu ritvenja og á rætur að rekja til tengingar við skyld orð þar sem /d/ hefur ekki fallið brott í framburði, t.d. *fjandi*, *Norðurland*.

Hljóðasambandið /st/ er einnig oft táknað með ‘*ds*’ í JStgrÆv vegna tengingar við /d/ í stofni, t.d. *helsta* ‘hellsta’ 207.

Orðið *sálmr* var yfirleitt ritað án ‘*p*’ í forníslensku.²² Í NtOG (Jón Helgason 1929a:42) og GBibl (Bandle 1956:156) er það hins vegar yfirleitt ritað með ‘*ps*’. Ólíklegt er að [ps] hafi verið borið fram fremst í þessu orði þar sem framstöðuklasinn *ps-* er annars ekki til í málinu.

Þetta orð er alltaf ritað með *ps-* í JStgrÆv eins og hjá Jóni Vídalín (1966:94), t.d. *sálm* ‘Psalm’ 48, *sálm*, ‘Psalm’ 94, eða grísku *psí* (ψ), t.d. Krossskólasálma ‘Krofskóla ψalma’.²³ Í uppskriftinni er stafsetning orðsins samræmd (*sálm-*) og litið svo á að ‘*ps*’ sé ritvenja en ekki til vitnis um sérframburð.

/t/: Stundum er skrifað ‘*dt*’ fyrir /t/ eða /tt/, t.d. ‘*vondt*’, ‘*vijdt*’ í NtOG (Jón Helgason 1929a:29) og GBibl (Bandle 1956:167–68). Þessi táknun, að minnsta kosti fyrir /tt/, þekktist í forníslensku og á síðari öldum.²⁴ Ólíklegt er að þetta hafi nokkurn tíma verið annað en ritvenja. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:101–102) er ‘*dt*’ oft notað fyrir /tt/ eða /t/ í hvorugkyni lýsingarorða og í lýsingarhætti þátíðar en sjaldnar í þátíð eða boðhætti eintölu með samrunnu fornafni, t.d. *afhent* ‘afhendt’ 258, 286 og *endurfætt* ‘Endurfædt’ 243. Í lo. *hentugur* og samsetningum þess er einnig ritað ‘*dt*’, t.d. ‘hendtugast’ XI 6. Í þessum orðum er annaðhvort /ð/ eða /d/ í stofni og hefur það líklega haft áhrif á að ‘*d*’ var ritað í framangreindum myndum á undan ‘*t*’.

Allmörg dæmi eru um þessa táknun í JStgrÆv fyrir /t/, t.d. *elti* ‘ellde’ 53, *virtu* ‘vyrdu’ 262, *frómlynt* ‘fromlindt’ 278, og fyrir /tt/, t.d. *blitt* ‘blidt’ 60.

Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:103) er tökuorðið *góts/góss* ýmist skrifað ‘*ts*’ eða ‘*tz*’, t.d. ‘*Gots*’ 26, 83 og ‘*gotz*’ VI 114.

²² Sjá Noreen 1923:211 [§287, aths.].

²³ 42 dæmi eru um *sálmur/psálmur* og skyld orð í JStgrÆv.

²⁴ Sjá Noreen 1923:195 [§268, aths. 1] og Gering 1882:xviii.

Í JStgrÆv er þetta orð einnig annaðhvort ritað með 'tz' eða 'ts': *góss* 'gotz' 35, *góss* 'gotz' 160, *klausturgóssinu* 'klausturgotsenu' 196, *góss* 'gotz' 259, *góssi* 'gotze' 270, *góssi* 'gotse' 273.

Orðið *pláss* er ritað með svipuðum hætti í JStgrÆv með 'tz' eða 'ts': *plássi* 'platse' 11, *plássi* 'platse' 15, *plássinu* 'platzenu' 17, *plássi* 'platse' 17, *pláss* 'plats' 17, *pláss* 'platz' 20, *pláss* 'platz' 57, *plássi* 'platse' 62, *plássi* 'platse' 64, *plássi* 'platse' 66, *plássinu* 'platsenu' 71, *plássi* 'platse' 71, *plássi* 'platse' 84, *pláss* 'plats' 84, *pláss* 'platz' 93, *plássi* 'platze' 124, *plássi* 'platze' 136, *plássi* 'platse' 147, *bænarpláss* 'bænar platz' 159, *pláss* 'platz' 175, *plássi* 'platse' 241, *pláss* 'platz' 247, *Síðupláss* 'Syduplatz' 293.

/v/: Í upphafi orðs er /v/ stundum táknað með 'w' í JStgrÆv, t.d. *Valgerður* 'Walgerdur' 15, *Viðvík* 'Widvyk' 25 en einnig með 'v', t.d. *viðtosandi* 'vidtösande' 16. Inni í orðum er bæði notað 'v' og 'f' fyrir /v/, t.d. *uppörvaðist* 'upporfadest' 174.

1.4.3 Stór og lítill stafur

Stórir stafir eru notaðir oftast í JStgrÆv en í nútímamáli, t.a.m. oft í samnöfn-um, og er það í samræmi við almenna ritvenju í seinni alda handritum. Oft getur þó reynst erfitt að greina á milli há- og lágstafs í skrift Jóns. Upphafsstafir eru bæði notaðir í upphafi setninga og inni í setningum, oftast í nafnorðum, t.d. *reikningar* 'Reikningar' 87, *skiptaaktinn* 'Skiffa Acten' 103, *pestin í loftinu* 'Pestenn i Lofftenu' 204, *systurson* 'Systur Son' 306 en einnig í sögnum, t.d. *það eftirkomandi* 'þad effter Komande' 204. Stór og lítill stafur er samræmdur í uppskrift JStgrÆv.

1.4.4 Eitt orð eða fleiri

Bil milli stafa og orða eru með ýmsum hætti í handritum. Bæði er algengt að spyrða saman orð (t.d. 'jlandi' fyrir *í landi*) og deila upp orðum, yfirleitt samsettum orðum (t.d. 'Bakka stadur' fyrir *Bakkastaður*) sem eiga saman samkvæmt uppruna. Stundum getur einnig verið erfitt að greina hvort bil er á milli stafa eða ekki í handritum og er sjálfsagt mál að samræma þessa hluti í samræmdri uppskrift.

Algengt er í JStgrÆv að rita í tvennu lagi orð sem samkvæmt nútímastafsetningu á að rita í einu lagi. Slíkt er samræmt í uppskrift JStgrÆv. Hér eru nokkur dæmi: *ásýndunum* 'a syndunum' 8, *gudspjöllunum* 'gud spiollunum' 27, *rangsnúnum* 'Rang snúnum' 194, *embattisgjörð* 'em bættis giord' 100, *brennivinsbressing* 'brenne vins hreßing' 134, *smájárnsmiðishandverk* 'sma Jarn smidis handverk' 161, *útgengilegt* 'útgeinge legt' 217, *tannfé* 'Tann fie' 303, *saman-*

tínings versakver ‘samann tynings|vefða kver’ 330. Það má sjá á orðinu *útgengi-legt* að meira að segja viðskeyti var hægt að rita aðskilin.

1.4.5 Greinarmerki

Í mjög mörgum seinni alda handritum virðist greinarmerkjasetning ekki fylgja neinni skýrri reglu. Sjálfsagt er að samræma greinarmerkjasetningu í samræmdri uppskrift en vitaskuld geta komið upp ýmis vandamál við það og getur þá verið betra að nota of fá en of mörg greinarmerki til að ofgreina ekki.

Þegar hugað er að samræmingu greinarmerkja þarf að ákveða hvaða greinarmerki á að nota. Í seinni alda handritum eru oft notuð skástrik (‘/’)²⁵ og ýmis önnur greinarmerki, t.d. ‘/:’, ‘|:’, ‘:/’ og ‘:|’. Í samræmdri útgáfu með nútímastafsetningu er eðlilegt að nota þau greinarmerki sem notuð eru í nútímastafsetningu, þ.e. punkt (.) og kommu (,) og e.t.v. semikomma (;), spurningarmerki (?) og upphrópunarmerki (!).

Helstu greinarmerki í JStgrÆv eru tvö, punktur og komma. Notkun þeirra fylgir þó ekki alltaf nútímareglum um greinarmerkjasetningu. Jón Steingrímsson notar alloft sviga þar sem nú væru frekar notaðar kommur. Hefur því verið fylgt í uppskriftinni, t.d. *Hans ektakvinna var þá Þórunn Hannesdóttir (sem nú er ektakvinna mín)* 80. Skástrik (/) eru einnig stundum notuð í JStgrÆv og fylgir stundum tvípunktur á eftir (/:) (fornir svigar), t.d. *áðurnefndur /: karlskepna/ Páll Skúlason* 8. Kommur eða svigar eru sett í stað þeirra í uppskrift minni. Spurningarmerki er notað í beinum spurnarsetningum.

Oft eru rituð ýmiss konar tengistrik (‘-’, ‘=’) í handritum á milli samsettra orða og forskeyta og stofns þar sem ekki eru höfð tengistrik í nútímastafsetningu, t.d. ‘ó=fagur’, ‘sumar-gjöf’ o.s.frv. Misjafnt er hvernig farið er með þetta í útgáfum. Í sumum útgáfum eru slík tengistrik táknuð²⁶ en yfirleitt er samræmt í slíkum tilvikum og einnig hér til þess sem tíðkast nú og fyrrnefndum orðum breytt í ‘ófagur’ og ‘sumargjöf’. Í JStgrÆv eru frekar fá dæmi um þessa notkun en þó er þar til að mynda að finna þetta dæmi, *sundtóft* ‘Sund=Tóft’ 59.

1.4.6 Bönd og styttingar

Í íslenskum miðaldahandritum er algengt að nota bönd og styttingar, þ.e. styttingar á orðum og orðhlutum sem auðkenndar eru með ýmsu móti. Dæmi um algengt band er ‘h’ fyrir *hann*. Í útgáfum miðaldatexta er upplausn banda oft auðkennd með skálettri. Styttingar eru yfirleitt auðkenndar í handriti með styttingarpunkti, t.d. ‘S.’ fyrir *Sigurður*. Á seinni öldum minnkar

²⁵ Gunnar Sveinsson 1967:xv: „Skástrik er mikið notað í forritum. Hér er því oftast breytt í kommu, sjaldnar í semikomma eða punkt. Tvípunkti er oftast breytt í semikomma en punkt.“

²⁶ Sjá t.d. útgáfu Þórunnar Sigurðardóttur (1996) á *Hagþenki* eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík.

hægt og hægt notkun banda. Í samræmdri uppskrift er sjálfsagt að leysa upp úr böndum án þess að auðkenna þau sérstaklega.

Styttingar og bönd hafa verið leyst upp í uppskrift JStgrÆv. Uppleystar styttingar eru auðkenndar í uppskriftinni með svigum, t.d. *mag(ister)* 4, *virðu- l(egs)* 7, *Sigurðss(on)* 9. Allalengst er í útgáfum seinni alda texta að sleppa því að leysa upp sumar styttingar. Oft eru þetta tökuorð sem eru notuð í föstum frös- um eins og t.d.: ‘Decembr., Majest., Maj.’ o.s.frv. Mér þykir réttast í slíkum tilvikum að leyst sé úr styttingum til þess að auðvelda lestur. Ef svigar eru hafðir utan um upplausnina þá sér lesandinn að lesturinn er tilgáta útgefanda.

Allmörg bönd koma fyrir í JStgrÆv. Greinilegt er að Jón Steingrímsson hefur þekkt vel íslenska rithefð. Þegar sýnd eru stafrétt dæmi úr JStgrÆv í mállýsingunni eru uppleyst bönd auðkennd með skáletri, t.d. *góðar* ‘godar’ 67. Hér á eftir fer yfirlit yfir nokkur bönd sem notuð eru í JStgrÆv og dæmi um notkun þeirra:

<i>ar</i> -band (ʳ):	<i>framar</i> ‘framar’ 59
<i>er</i> -band (ʳ):	<i>Stokkseyri</i> ‘Stokseyri’ 271
ʰ:	<i>hann</i> ‘hann’ 316
ʰ ^o :	<i>hún</i> ‘hon’ 115
ʰ:	<i>hefur</i> ‘hefur’ 167, 327
‘m ⁿ z’:	<i>manns</i> ‘mannz’ 208
‘m ^o ’:	<i>mig</i> ‘mig’ 326
‘m ^r ’:	<i>karlmaður</i> ‘kallmadur’ 101
<i>or</i> -band (ʳ):	<i>vatnsskorti</i> ‘vatnsskorti’ 59
‘z’:	<i>og</i> ‘og’ 67; ‘o ^o ’: <i>og</i> ‘og’ 213
<i>rum</i> -band (ʳ):	<i>nokkʳ</i> ‘nockrum’ 43
(^m):	<i>fór^m</i> ‘forum’ 55
<i>ur</i> -band:	<i>aftur</i> ‘aftur’ 174
þ:	<i>það</i> ‘það’ 70, 92; þ: <i>þeirra</i> ‘þerra’ 153.

Oft eru nefhljóð bundin í handritum og hafa þau þá í mörgum tilvikum að- eins skriftarlegan tilgang, t.d. ‘fagrann mann’ > *fagrann mann*. Sumir útgef- endur, til dæmis Jón Helgason (1942) í útgáfu sinni á bréfum Brynjólfs biskups Sveinssonar, hrófla ekkert við nefhljóðsböndum í uppskriftum heldur láta þau vera eins og í handritinu sjálfu, t.d. ‘m̄’. Nefhljóðsband yfir ‘m̄’ og ‘n̄’ er alloft notað í JStgrÆv, bæði inni í orði og aftast, t.d. ‘elskendum̄’

1, 'hallden' 1, 'sañleika' 1 og eru þau leyst upp án auðkenningar í uppskriftinni, t.d. *sannleika* 1.²⁷

Það sést á framansögðu að Jón Steingrímsson hefur þekkt vel til fornra hefða í ritun, þar á meðal helstu bönd, táknbrigði og sértákn sem tíðkuðust á miðöldum og síðar.

1.4.7 Sértákn, táknun töluorða og ritun erlendra orða

Jón Steingrímsson notar sértákn fyrir ýmsar mælieiningar eins og hundrað, mörk, fjórðung og fiska. Þegar leyst er úr slíkum táknum í uppskriftinni er upplausnin höfð innan sviga, t.d. 90 (*hundruð*) 109.

Yfirleitt eru töluorð í JStgrÆv rituð með samblandi tölustafa og bóktölustafa, t.d. '4ra' 9. Rithætti handritsins hvað þetta varðar er haldið í uppskrift JStgrÆv. Hér á eftir fara nokkur dæmi um slíka táknun úr handritinu: '2ær' 63, '37da. aldursare' 19, '10ja vetra', '11u. ar' 21, '5ta' 43, '13dadagskvöldið' 55, '12ta' 204, '10u' 274, '1ti' 281, '4ir' 284, '10da' 303, '14da' 304, '12falda' 311, '1n' 327, '2oug' 329, '16da' 331.'

Við samræmingu erlendra orða er fylgt þeirri venju í uppskriftinni að aðlaga rithátt þeirra að íslenskri ritvenju ef þau beygjast. Dæmi: *stúdiudyr* 'studiudyr' 54, *kapellán* 'capellan' 79. Hér eru nokkur dæmi um erlend orð sem koma fyrir í JStgrÆv. Langflest þeirra eru úr latínu, t.d. *æconomum* 36, *specie* 39, *caution* 39, *catechisera* 46, *landphysicus* 49, *notariis* 49, *landphysicus* 50, *specie* 67, *grammatica* 85, *syntaxi* 85, *specie* 109, *kaupstaðarrestanca* 109, *officialem* 111, *catechisation* 138, *catechiseraði* 140, *restance* 153, *landphysici* 154, *adjunctus* 159, *proclama* 160, *landphysicum* 164, *commissarii* 165, *commissariis* 166, *undirofficeri* 166, *oeconomus* 205, *cancellie* 210, *process* 216, *octobris* 228.

²⁷ Þetta band er hins vegar ekki notað í JStgrÆv yfir sérhljóða í eiginhandarriti til að tákna að nefhljóð fari á eftir honum eins og var algengt á miðöldum.

1.5 Yfirlit yfir rannsóknir á síðari alda máli

Áður en kemur að sjálfri mállýsingunni er rétt að gefa stutt yfirlit yfir rannsóknir á síðari alda og sérstaklega 18. aldar máli.²⁸ Kjartan G. Ottósson (1987:313) segir þetta um ástandið á málsögurannsóknum frá síðari öldum:

[...] Icelandic language history of the last centuries has been little investigated, and in fact relatively few texts from the period ca 1600 - ca 1800 are readily accessible to the language historian. [...] In particular, the state of the language before the struggle for independence is imperfectly known.

Svavar Sigmundsson (1998) tekur í sama streng: „Spurningunni um hvernig stöðu rannsókna á máli 18. aldar sé háttað er í rauninni fljótsvarað. Hún er heldur bág. Víða er 18. aldar máls og málfræði þó getið í einstökum greinum og bókum en það hefur ekki verið viðfangsefni neinnar einnar rannsóknar.“ Ástandið hefur því lítið breyst frá því að Jón Helgason (1931:42) skrifaði eftirfarandi orð:

Det finnes ingen period i vår historia, där de språkliga förhållanden äro så brokiga som under 1700-talet, i synnerhet dess senare hälft. Å den ena sidan har man det starkast daniserade språk som någon gång skrivits av islänningar. Å den andra sidan ett språk, som imiterar gammalt och föråldrat skrivsätt och uttrycksätt i än högre grad en man tidigare eller senare känner exempel på. Slutligen tidens vanligaste prosastil, som givetvis företer olika avskuggningar, men som gärna står i medveten opposition mot dessa två ytterligheter: den arkaiserar icke och den undviker danismer, i varje fall de mest påtagliga, men i stil och vändningar står den under ganska starkt europeiskt inflytande.

Margt er óljóst um stöðu íslenskunnar á 18. öld og mörg verkefni bíða á þessu sviði.²⁹ Handrita- og textamergð frá þessu tímabili veldur því að erfitt er að ná utan um efnið. Ekki bætir úr skák að 18. aldar skrift er oft illlæsileg. Flest bendir til þess að þetta tímabil í málsögunni hafi verið frekar rólegt og tíðindalítið. Skýringin á því gæti að hluta verið hversu lítið það hefur verið rannsakað, sbr. orð Svavars hér að framan. Vantað hefur samfelldar rannsóknir á máli 18. aldar og oft er ekkert framhald á rannsóknum sem byrjað er á.

²⁸ Um bókfræði 18. aldar sjá til að mynda Böðvar Kvaran 1995, Halldór Hermannsson 1960, Haugen 1974, Haugen og Markey 1972, Höskuld Thráinsson [Práinsson] 1996, Jón Helgason 1928 og 1985, Kjartan G. Ottósson 1988, Klemens Jónsson 1930, Lane 1968, Margréti Jónsdóttur 1996, Svavar Sigmundsson 1998 og Tryggva Gíslason 1967.

²⁹ Það er skylda Íslendinga að sinna þessu sviði, sbr. orð Kjartans G. Ottóssonar 2002:100: „Given the primary sources, the centre of studies in the neglected field of language history after 1600 can hardly be anywhere but in Iceland.“

Tvær veigamiklar lýsingar eru til á málinu á síðari hluta 16. aldar, rannsókn Jóns Helgasonar (1929a) á Nýjatestamentisþýðingu Odds Gottskálkssonar og lýsing Oskars Bandles (1956) á Guðbrandsbiblíu. Þó að mest sé vikið að 16. aldar máli í þessum lýsingum er þar einnig samanburður við forn- og nýmál. Allt frá því að þessar mállýsingar komu út hafa þær verið grundvallarrit í seinni alda málsögu ásamt riti Björns K. Þórólfssonar (1925) *Um íslenskar orðmyndir*. Af nýrri mállýsingum má nefna rannsókn Haralds Bernharðssonar (1999) á málinu á sautjándu aldar uppskriftum miðaldahandrita og lýsingu Stefáns Karlssonar (1981) á stafsetningu séra Odds á Reynivöllum (1565–1649). Enginn hefur hins vegar rannsakað ýtarlega málið á 18. aldar riti, sbr. orð Svavars Sigmundssonar hér að framan, ef undanskilin er óútgefin prófritgerð Svavars sjálfs (1966) um málið á *Stuttri og einfaldri undirvísun um kristindóminn* eftir Jón biskup Vídalín (1666–1720). Í lýsingu minni á máli JStgrÆv er oft minnst á þessa athugun Svavars. Rit Jóns Vídalíns er frá f.hl. 18. aldar en JStgrÆv frá lokum aldarinnar.

Meiri festa er á stafsetningu í *Stuttri og einfaldri undirvísun um kristindóminn* eftir Jón Vídalín en í NtOG og GBibl, samkvæmt Svavari Sigmundssyni (1966:107), „[...] og færri tilbrigði í rithætti í ýmsum atriðum. Örlitlar leifar eru einstakra fornra stafa og orðmynda, helzt er belg-*r* og orðmyndin *em f. er*, svo að eitthvað sé nefnt, en það eru smámunir.“ Svavar (1966:107–108) rekur síðan ýmis atriði sem eru sameiginleg með skrifum Jóns Vídalíns og GBibl. Hann nefnir t.a.m. tíðni *e* og *ö* á eftir *hv*, *e* er ritað á undan *ng*, *ie* fyrir /je/, tíðni *i/e* og *u/o* í áhersluléttum atkvæðum, *jö* f. *je*, /fn/ [pn] er ritað ‘fn’ (t.d. ‘Nafn’ 2v), /j/ er táknað með ‘i’ og ‘j’, ‘c(h)’ er skrifað fyrir uppgómmælt /k/ í erlendum orðum (t.d. ‘Achimelec’ 70), ritað er *ps* í *sálmur* og *r* skotið inn í efsta stig lýsingarorða þar sem það á ekki heima (t.d. ‘hærsta’ III 50). Flest þessi atriði eru líklega frekar til vitnis um íhaldssemi í stafsetningu Jóns Vídalíns en um framburð á 18. öld. Jón Vídalín var einnig undir áhrifum frá Árna Magnússyni í stafsetningarmálum eins og rakið er í kafla um endingar miðmyndar sagna (sjá undirkafla 3.5.1.6).³⁰ Margt er þó einnig ólíkt með ritum Jóns Vídalíns og GBibl. Slíkt er sannarlega ekki skrítið enda um 140 ár á milli ritunartíma þeirra. Viðskeytin *-igur* og *-ligur*, sem notuð eru í GBibl, eru vart til lengur á dögum Vídalíns heldur eru *-ugur* og *-legur* komin í staðinn. Afkringing *y*, *y*, *ey* er alveg gengin um garð hjá Jóni Vídalín og þessum hljóðum er ruglað saman en hjá Guðbrandi er afkringing þessara hljóða sjaldan táknuð. Í riti Jóns Vídalíns er ritað ‘aung’ þar sem í GBibl er ritað ‘øng’. Yfirleitt er hjá Jóni táknaður miðstafur í sambandi þriggja stafa en í GBibl er brottfall hans yfirleitt táknað. Hjá Jóni Vídalín helst /m/ í endingu

³⁰ Sjá Kjartan G. Ottósson 1992:225.

1. p. ft. í bakstöðu á undan *v*, t.d. *fórum vér*, en ekki í GBibl. Endingin *-unst* helst í *Undirvísun um kristindóminn* í 1. p. ft. miðmyndar en *n* fellur oft brott í þessu sambandi í GBibl. Aldrei er ritað ‘t’ heldur ‘d’ í bakstöðu í orðum eins og *það* og *annað* hjá Jóni Vídalín en slíkur ritháttur er algengur í GBibl.

Í viðauka Jóns Helgasonar (1948) við þýðingu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík á Nikulási Klím er nokkuð ýtarleg lýsing á málinu á þýðingunni. Jón fyrir hins vegar þar allnokkuð mál sitt og því er varasamt að treysta alveg á hann sem vitnisburð um almennt mál á 18. öld.³¹

Ritmálssafn Orðabókar Háskólans er mjög gagnlegt við rannsóknir á 18. aldar máli. Oft er vísað til þess í mállýsingunni. Flest prentuð rit frá 16., 17. og 18. öld hafa verið orðtekin fyrir það og allmörg söfn frá 19. og 20. öld en seinni alda handrit ekki nema að litlu leyti. Þó er rétt að nefna að mörg orðabókarhandrit, t.a.m. frá 18. öld og fyrri hluta 19. aldar, hafa verið orðtekin.³²

Þótt engin heildstæð rannsókn sé til á 18. aldar máli þá er vissulega fjallað um mál þess tíma í ýmsum sögulegum rannsóknum á máli sem ná yfir lengra tímabil.³³

Af yfirlitsritum yfir málfræðiskrif má nefna bók Haugens og Markeys frá 1972 yfir málfræðirannsóknir á Norðurlandamálum, *The Scandinavian languages. Fifty Years of Linguistic Research (1918–1968)*, og bók Haugens frá 1974, *A Bibliography of Scandinavian languages and linguistics 1900–1970*.³⁴ Kjartan G. Ottósson (1996) tók upp þráðinn frá Haugen og Markey og samdi yfirlit yfir málfræðirannsóknir á íslensku máli eftir 1969. Margrét Jónsdóttir (1996) hefur einnig skrifað um málfræðiiðkun á Íslandi til 1800.³⁵ Í nýlegri bók Hovdhaugen og fleiri (Hovdhaugen o.fl. 2000) er ýtarlega rakin saga málfræðiiðkunar á Norðurlöndunum til okkar daga. Í skrá Tryggva Gíslasonar (1967) yfir málfræðihandrit í Landsbókasafni árið 1967 segir að á safninu séu 37 handrit frá 18. öld með „málfræði íslenzkrar tungu“ og 43 með „málfræði erlendra tungna“. Þar á meðal eru nokkur handrit *Réttitabókar*

³¹ Sjá Kjartan G. Ottósson 1988.

³² Um þetta má fræðast í grein Guðrúnar Kvaran (1988) um sérsöfn Orðabókarinnar og einnig í grein eftir Guðrúnu (2000a) um orðabókargerð á 18. öld en þar er einnig vikið að helstu orðabókarhandritum frá þeirri öld. Jón Helgason (1960a) ritaði einnig um 18. og 19. aldar orðasöfn. Ýmis orðabókarhandrit frá 18. öld og fyrri hluta 19. aldar hafa verið orðtekin fyrir Ritmálssafn Orðabókar Háskólans, t.d. Lbs. 99 fol., Lbs. 95 8vo, JS 41 fol., ÍB 77 fol., ÍB 31 4to, ÍBR 77–79 4to og AM 416 b 4to.

³³ Svavar Sigmundsson ritaði greinargott yfirlit yfir rannsóknir á 18. aldar máli í vef-tímaritinu *Vefni* (1998).

³⁴ Sjá einnig Baldur Jónsson 1985. Um orðabækur og orðabókahandrit á 18. öld má lesa hjá Guðrúnu Kvaran 2000a.

³⁵ Finnur Jónsson (1933) hafði áður gefið út málfræðina ásamt fleira efni í *Den islandske grammatiks historie til o. 1800*.

Eggerts Ólafssonar. Í yfirliti Kristínar Bjarnadóttur, Aðalsteins Eypórssonar og Þorsteins G. Indriðasonar (1988–89) yfir íslensk málfræðihandrit til 1925 er einnig vikið að málfræðihandritum frá 18. öld. Lane (1968) ritaði einnig grein um málfræðihandrit á handritadeild Landsbókasafns, *The lexical and grammatical materials in the Landsbókasafn*.

Mikilvægasta 18. aldar málfræðin eða samtímalýsingin á málinu er líklega *Grammatica Islandica* Jóns Magnússonar (1997). Málfræði Jóns er ein mikilvægasta samtímalýsingin á síðari alda máli.³⁶ Halldór Halldórsson (1963) taldi að það gætti meir bókmáls í málfræði Jóns, sem var bróðir Árna Magnússonar, en virtist við fyrstu sýn.³⁷ Eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík liggja einnig drög að íslenskri málfræði og hefur Jón líklega liðsinnt Jóni Magnússyni eitthvað við ritun málfræðinnar.³⁸ Drög Jóns úr Grunnavík nefnast *Rétt-ritunarbók (Réttiritun (Orthographia))* og eru varðveitt í handritinu AM 435 fol. Ritið var samið á löngum tíma eða frá 1733 til 1750–60.³⁹

Árni Magnússon skrifaði dálítið um mállýskuorð, t.d. um austfirsku. Þessar athuganir Árna eru birtar í *Blöndu* (Árni Magnússon 1920a, 1920b) og öðru bindi *Levned og skrifur* (Árni Magnússon 1930a). Í ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar 1772 (Eggert Ólafsson 1772) eru einnig ýmsar athuganir um mál og mállýskur.⁴⁰

Mikið orðfræðiefni er til frá 18. öld.⁴¹ Þar ber fyrst að nefna hina miklu íslensk-latnesku orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík í AM 433 fol.⁴² Jakob Benediktsson (1994) skrifaði upp orð og orðskýringar úr henni á seðla

³⁶ Guðrún Kvaran (1996:131) fjallar um gamlar málfræðilýsingar og þar á meðal málfræði Jóns Magnússonar.

³⁷ Halldór Halldórsson 1963:70: „Við allmikla notkun hennar [þ.e. málfræði Jóns Magnússonar] hefir mér virzt, að í henni gæti meira bókmáls en ætla mætti við fyrstu sýn. T. d. hefir höfundur áreiðanlega stuðzt mikið við rímur, og kunna þaðan – og raunar úr öðru bókmáli – að vera runnar orðmyndir, sem af öðrum sökum má telja ólíklegt, að hafi verið notaðar í daglegu tali á hans tíma.“

³⁸ White (1972, 1983) hefur skrifað um eintak Jóns úr Grunnavík af málfræði Jóns Magnússonar.

³⁹ Kristín Bjarnadóttir o.fl. 1988–1989:186–187. Sjá Jón Helgason 1926a:71–87.

⁴⁰ Í bók Halldórs Hermannssonar (1919:17–18) *Modern Icelandic* er bent á hvar þessar athuganir er að finna í ferðabókinni. Halldór (1919:18) segir að niðurstaða Eggerts hafi verið að málið væri hreinast á Austfjörðum: „In East Iceland he [þ.e. Eggert] found the speech purest; not only were there very few foreign words mixed with it, except near the three principal trading stations, but few new Icelandic terms and phrases had found their way thither; this, of course, was due to isolation, and especially was this true of certain districts of Skaptafellssýsla where the inhabitants were looked upon as queer by the other people. Similar were the impressions of Árni Magnússon and Páll Vídalín who traversed these parts in the beginning of the century.“

⁴¹ Guðrún Kvaran (2000a) hefur tekið saman yfirlit yfir orðabókargerð á 18. öld.

⁴² Ýtarlegasta umfjöllunin um hana er í doktorsritgerð Jóns Helgasonar (1926a) um Jón Ólafsson úr Grunnavík.

sem geymdir eru á orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.⁴³ Jón Helgason (1926a:121) sagði þetta um orðabókina: „Hún er merkilegasta og rækilegasta orðabók aldarinnar og hefur ærinn fróðleik að geyma um þjóðtrú, menningarsögu og bókmentir. Ef hún væri komin í boðlegt lag, myndi enginn hika við að kalla hana eitt helsta afrek í fræðimennsku Íslendinga á 18. öld.“⁴⁴ Önnur mikilvæg 18. aldar orðabók er *Nucleus latinitatis* (1738) Jóns Árnasonar biskups sem hefur verið endurútgefin (Jón Árnason 1994).⁴⁵ Jón Árnason samdi einnig drög að íslensk-latneskri orðabók (*Lexidion Islandico-Latinum*) sem til er í tveimur uppskriftum.⁴⁶ Þriðja mikilvæga 18. aldar orðabókin er síðan *Orðabók. Íslensk-latnesk-dönsk* Björns Halldórssonar sem var að mestu fullsamin 1787 þó að hún kæmi ekki út fyrr en 1814.⁴⁷ Hún var endurútgefin af Jóni Aðalsteini Jónssyni (Björn Halldórsson 1992).⁴⁸

Vikið er að 18. aldar máli í ýmsum orðfræðirannsóknum, til dæmis greinum Bjarna Einarssonar (1979), Guðrúnar Kvaran (1997), Halldórs Halldórssonar (1963) og Veturliða Óskarssonar (1997–1998). Guðrún Kvaran (1994) bar málið á Steinsbiblíu (1728–1734) saman við Þorlákssbiblíu og dönsku biblíuna frá 1644. Guðrún hefur einnig fjallað um Nýjateamentisþýðingu Jóns Vídalíns (Guðrún Kvaran 2001).

Í doktorsriti Kjartans G. Ottóssonar (1992) um sögu miðmyndar í íslensku er m.a. fjallað um þróun hennar á 18. öld. Í grundvallarriti Kjartans (1990) um íslenska málhreinsun er ýtarleg umfjöllun um málhreinsun og málrækt á 18. öld. Í nokkrum greinum Hreins Benediktssonar er fjallað um 18. aldar mál, t.d. í grein hans frá 1969 um beygingu karlkyns *ia*-stofna og í grein frá 1977 um afkringingu *y, ý, ey*. Ásgeir Blöndal Magnússon sinnti mikið rannsóknum á síðari alda máli og í nokkrum greinum hans, t.d. 1981a og 1981b, er vikið að 18. aldar máli. Oft er einnig vikið að síðari alda máli í orðsifjabók hans (Ásgeir Blöndal Magnússon 1989). Fjallað er um málið á 18. öld í nokkrum setningafræðirannsóknum, t.d. í rannsókn Þorbjargar Hróarsdóttur frá árinu 1998.

⁴³ Lista yfir uppflöttiorð í orðabók Jóns Ólafssonar er að finna á heimasíðu Árnastofnunar (http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_ord_grunnvikingur).

⁴⁴ Stutt lýsing á orðabókinni með myndum er hjá Guðrúnu Kvaran (1988:51–54) og ýtarleg umfjöllun hjá Guðrúnu Kvaran 2005a.

⁴⁵ Sjá yfirlit yfir beygingareinkenni í *Nucleus latinitatis* hjá Guðrúnu Kvaran og Friðriki Magnússyni 1996:xxii–xxiii.

⁴⁶ Sjá Guðrúnu Kvaran 2000a:83.

⁴⁷ Friðrik Magnússon (1992:xxxí–xliv) athugaði uppruna og aldur orðaforðans í orðabók Björns Halldórssonar og Kristín Bjarnadóttir skrifaði grein árið 1994 um orðaforðann í þýðingu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík á Nikulási Klím. Í RM eru 955 orð sem ekki finnast í eldri heimildum en Klím (Kristín Bjarnadóttir 1994:25).

⁴⁸ Guðvarður Már Gunnlaugsson (1993) ritaði ritdóm um þessa útgáfu. Jón Helgason gaf árið 1967 út viðauka Björns Halldórssonar við orðabókina.

Nokkrar óbirtar námsritgerðir fjalla um málið á 18. öld. Það torveldar rannsóknir á 18. aldar máli að mikið er um óútgefið efni og ritgerðir sem getur verið erfitt að nálgast og nýta. Til að mynda skrifaði Erna G. Árnadóttir (1971) BA-ritgerð um orðasafnið *Idiotismi Vestfirðensium* í handritinu Lbs. 95 8vo frá 18. öld, Halldór Ármann Sigurðsson (1980) BA-ritgerð um endingar viðtengingarháttar og framsöguháttar í þrem ritum frá 16., 17. og 18. öld, Ásta Svavarsdóttir (1981) námsritgerð um *Ferðasögu Árna Magnússonar frá Geitastekk (1757–1797)* og Ólöf Margrét Snorradóttir (1997) BA-ritgerð um myndun gerand- og verknaðarnafnorða á 18. öld.

Smith (1965) samdi doktorsritgerð um *Réttritabók Eggerts Ólafssonar (An edition of Eggert Ólafsson's "Réttritabók" and an interpretation of his orthographical rules)* og skrifaði einnig grein um hana (Smith 1969). Yelverton skrifaði árið 1970 doktorsritgerð um málfræðiritið Lbs. 1238 8vo frá 18. öld. Wolf skrifaði 1977 um málfræðihandrit Sveinbjarnar Egilssonar, Lbs. 456 4to. Lane minnst einnig á þetta handrit í yfirlitsgrein frá 1968.

Samtímaskrif um íslenskt mál og orðasöfn eru mjög mikilvæg fyrir sögu- legar rannsóknir á máli.⁴⁹ Séra Jón Vigfússon safnaði saman nokkrum orðum frá Meðallandi.⁵⁰ Einar Bjarnason á Prestbakka (1653?–1720) tók saman orðasafn um sjaldgæf orð í málinu.⁵¹ Jón Ólafsson úr Grunnavík samdi uppkast að íslenskri málfræði sem varðveitt er í handritinu Thott 1486.⁵² Guttormur Pálsson (1775–1860) samdi um 1805 *Stuttan leiðarvísi fyrir íslenzka í þeirra eigin móðurmáli* sem varðveittur er í Lbs. 1238 8vo.⁵³ Magnús Ketilsson (1732–1803) samdi íslenska málfræði á latínu (*Grammatica Islandica*) sem varðveitt er í eiginhandarritinu Lbs. 822 4to.⁵⁴ Jón Sigurðsson (1702–1757) samdi einnig íslenska málfræði á latínu (*Grammatica Islandica, ófullgerð drög*) sem varðveitt er í Thott 1486 4to.⁵⁵

Ýmis verkefni bíða á sviði 18. og 19. aldar málfræði. Fróðlegt væri til að mynda að rannsaka tildrög fornmenntastefnu Eggerts Ólafssonar o.fl., erlend áhrif á hana og merki um stefnuna, t.a.m. í mörgum eddukvæðahandritum.

⁴⁹ Í umfjölluninni sem hér fer á eftir er byggt mikið á yfirliti Kristínar Bjarnadóttur o.fl. (1988–1989:183–200) yfir íslensk málfræðiskrif.

⁵⁰ Jón Helgason (1960a:278–281) gaf út þetta orðasafn.

⁵¹ Jón Helgason (1960a:271–278) gaf út þetta orðasafn.

⁵² Sjá Jón Helgason 1926a:150–155.

⁵³ *Stuttur Leiðarvísir fyrri Íslenska í þe(i)rri eigin Móðurmaali*. Sjá Kristínu Bjarnadóttur o.fl. 1988–1989:201, Svavar Sigmundsson 1981:286 og Yelverton 1970.

⁵⁴ Kristín Bjarnadóttir o.fl. 1988–1989:198. Sjá einnig Lane 1968 og Jón Helgason 1926a:155.

⁵⁵ Kristín Bjarnadóttir o.fl. 1988–1989:195: „Efni: Bókstafir, tvíhljóð, framburður, hljóðbreytingar, samstöfubreytingar, bönd í skrift, beyging nafnorða (9 flokkar með beygingardæmum), kyn nafnorða.“

Árni Böðvarsson (1960) benti á að mál alþýðufólks birtist nokkuð óhreinsað í þjóðsagnauppskriftum Jóns Árnasonar og hvatti Árni til þess að mál alþýðufólks yrði rannsakað nánar. Til að grennslast á sama hátt fyrir um 18. aldar alþýðumál þyrfti líklega að mestu að leita í handrit, sbr. orð Kjartans G. Ottóssonar í *Íslenskri mállhreinsun* (1990:79): „Um og eftir miðja 19. öld fór málið einnig að koma á prent eins og það hafði lifað á vörum alþýðunnar til sveita þar sem það hafði varðveist best.“ Ég tel fullvíst að ýmsar minjar um breytingar á málinu leynist í 18. aldar heimildum og þá sérstaklega í handritum. Samkvæmt fjölrítaðri skrá Gríms M. Helgasonar og Lárusar H. Blöndals (1965) yfir aldur handrita á Landsbókasafni eru um 3000 pappírshandrit frá 18. öld á handritadeild Landsbókasafns – Háskólabókasafns og hafa mörg lítt verið könnuð.

Mállýskur á 18. öld eru einnig nærri því óplægður akur. Til eru nokkrar athuganir samtíðarmanna eins og Árna Magnússonar og mállýskusöfn eins og *Idiotismi Vestfjörðensium* sem áður er getið. Í handritum leynast örugglega ýmsar athugasemdir um mállýskur.

1.6 Málhreinsun á 18. öld

1.6.1 Hugtakið málhreinsun

Hugtakið *málhreinsun* hefur margs konar merkingu í íslensku og tengist náíð ýmsum öðrum hugtökum eins og *málrækt*, *málvöndun* og *málvernd*. Eins og Kjartan G. Ottósson (1990:9) segir þá felur *málhreinsun* í þröngum skilningi í sér upprætingu þess sem litið er á sem nokkurs konar illgresi í tungunni, fyrst og fremst erlendra málfarsatriða en einnig þess sem kallað er málvillur. Baldur Jónsson (1976:4–5) skilgreinir einnig þetta hugtak: „Brýnasta viðfangsefnið var því að hreinsa málið þar sem það var mengað að þarflausu, venja menn á að nota íslensk orð, sem lifðu á vörum alþýðufólks í sveitum, í stað erlendra orða eða afbakana, sem margir höfðu tamið sér. Jafnframt þessu var, eins og vant er, nokkur þörf nýrra orða, og var þá leitast við að mynda þau og leysa þannig erlend orð af hólmi. Allt var þetta sömu ættar í hugum manna og hefir lengstum verið kallað *málhreinsun*.“

Í mállýsingarkafla ritgerðarinnar er hugtakið *málhreinsun* oft notað. Þar er hugtakið eingöngu látið ná yfir áhrif málhreinsunarstefnunnar á framburð eða beygingar. Kjartan G. Ottósson (1990:11) lýsir þessu svo: „Þær takmörkuðu breytingar á framburði, sem málhreinsunin leiddi af sér, fólust yfirleitt í því að afturkallaðar voru breytingar sem orðið höfðu af sjálfu sér og horfið aftur til þess framburðar sem forn stafsetning gaf tilefni til.“ Málhreinsun hvað varðar beygingakerfið hefur hins vegar einkum falist í afturhvarfi til fornrar og upprunalegrar beygingar. Í mállýsingu JStgrÆv er því hugtakið *málhreinsun* notað í þessu samhengi. Nákvæmara hefði ef til vill verið að nota orðið *málfyrning* þar sem þetta snýst um að fyrna málið, taka upp aftur framburð eða beygingar sem höfðu horfið úr málinu. Ég tel þó réttlæt看legt að kalla þetta málhreinsun því að þetta snýst um að hreinsa málið af nýjum framburði eða beygingu. Kjartan G. Ottósson (1987) nefnir ýmis dæmi um beygingar eða orðmyndir sem voru alveg horfnar úr málinu en hafa síðan verið teknar upp aftur fyrir áhrif frá málhreinsun. Miðmyndarendingin *-umst* var til að mynda líklega endurvakin af Árna Magnússyni eftir að hún hafði legið í dvala í liðlega tvær aldir.⁵⁶

Þar sem mállýsing JStgrÆv takmarkast við hljóð- og beygingarbreytingar og hvorki er fjallað um setningabreytingar né breytingar á orðaforða þá hefur hugtakið *málhreinsun* frekar takmarkaða merkingu í ritgerðinni. Lítill grundvöllur er fyrir því að erlend tungumál hafi áhrif á framburð og beygingar í íslensku en miklu frekar á orðaforðann og setningafræði og stíl. Því er lítið fjallað um erlend áhrif á málið og baráttu gegn þeim í ritgerðinni.

⁵⁶ Sjá einnig Stefán Karlsson 1989:25–26.

1.6.2 Saga málhreinsunar

Upphaf íslenskrar málhreinsunar er að finna í húmanisma og fornmenntastefnu í Evrópu.⁵⁷ Höfuðeinkenni stefnunnar var afturhvarf til fornra og glæstra tíma.⁵⁸ Fornmálin urðu fyrirmynd nútímamálsins. Á Íslandi var frjór jarðvegur fyrir slíka stefnu, m.a. vegna fornþókmenntanna og ríkrar uppskriftarhefðar. Þessi stefna kom upp hér á 16. öld. Forvígismenn hennar hér voru m.a. Guðbrandur Þorláksson biskup (1541/42–1627) og Arngrímur Jónsson lærði (1568–1648).⁵⁹ Arngrímur lýsir í þriðja kafla fyrstu bókar sinnar *Crymogæu* (Jakob Benediktsson 1985) sérstöðu íslenskunnar. Hún sé lítt frábrugðin því tungumáli sem talað var á Norðurlöndum til forna.⁶⁰ Ástæður þessa séu „annarsvegjar handritin sem varðveita fornan hreinleika tungunnar og glæsilegan stíl, hinsvegjar lítil samskipti við útlendinga“.⁶¹ Arngrímur hvatti síðan til þess að Íslendingar hermdu ekki eftir öðrum þjóðum „heldur leituðu sér fyrirmynda í auðlegð og snilld móðurmáls síns, sem á nóg af henni.“⁶² Halldór Halldórsson (1979:77) telur að Arngrímur hafi orðið fyrir áhrifum frá dönskum og þýskum málhreinsunarhugmyndum sem þá voru ofarlega á baugi í þessum löndum.⁶³

1.6.3 Málhreinsun á 18. öld

Á 18. öld jukust mjög áhrif dönsku á íslensku en baráttan gegn þessum áhrifum efldist einnig.⁶⁴ Eggert Ólafsson (1726–1768) var atkvæðamikill í málhreinsun á 18. öld. Hann stældi fornan rithátt í ritum sínum og leitaði þar fyrirmynda um réttitun.⁶⁵ Hann samdi *Réttitabókina* árið 1762 sem hafði

⁵⁷ Ég styðst í umfjöllun minni í þessum kafla mikið við bók Kjartans G. Ottóssonar (1990) um íslenska málhreinsun og grein mína um sögu málhreinsunar (Jóhannes B. Sigtryggsson 2003). Um sögu íslenskrar málhreinsunar sjá t.d. einnig Gottskálf Þ. Jensson 2003 og Kjartan G. Ottósson 2005.

⁵⁸ Sjá t.d. Skautrup 1947:307–309.

⁵⁹ Sjá t.d. Jakob Benediktsson 1953 og Svavar Sigmundsson 1990–1991.

⁶⁰ Jakob Benediktsson (1953) bar þýðingu *Bænabókar Musculi* frá 1611 og útgáfu af Nýja testamentinu frá 1609, sem Arngrímur lærði kom að, saman við Guðbrandsbiblíu 1584. Jakob (1953:137) segir að breytingar Arngríms á texta Guðbrandsbiblíu „[...] hafi miðað að því að bæta málfar textans með tvennum hætti: 1) með málhreinsun, þ.e. að útrýma tökuorðum og breyta orðatiltækjum sem báru vott um erlend áhrif, 2) með því að færa textann nær venjulegu samtíðarmáli.“

⁶¹ Ísl. þýð. Jakob Benediktsson 1985:104.

⁶² Ísl. þýð. Jakob Benediktsson 1985:104.

⁶³ Erlend áhrif á íslensku á þessum tíma voru ekki síður þýsk en dönsk, sbr. Kjartan G. Ottósson 1990:25: „Þegar höfð er í huga fjarlægð hins danska yfirvalds fyrst eftir siðaskiptin þarf ekki að koma á óvart að fram um 1600 mun þýska hafa verið kunnari Íslendingum en danska, og enn á 17. öld kunnu fáir Íslendingar dönsku.“

⁶⁴ Sjá t.d. Jón Helgason 1931:42–43.

⁶⁵ Sbr. Vilhjálm Þ. Gíslason 1926:46–48 og 147–174.

mikil áhrif á stafsetningu hér á landi fram á 19. öld þó að hún væri aldrei gefin út.⁶⁶ Það torveldar rannsóknir á 18. aldar máli að þetta rit skuli aðeins vera til í handriti og hafi aldrei komið út í fræðilegri útgáfu.⁶⁷ Sem dæmi um áhrif *Réttritabókarinnar* á stafsetningu má nefna að Eggert mælir í henni með notkun brodda yfir sérhljóðum fyrstur síðari alda manna.⁶⁸ Eggert var undir áhrifum frá fornmenntastefnu 17. aldar og leitaði til fornaldarinnar að fyrirmyndum um mál og stafsetningu.⁶⁹ Þekking á forníslensku og forn-bókmenntum var hins vegar ófullkomin á þessum tíma þannig að stundum var gengið of langt í að fyrna málið eða búna til myndir sem aldrei höfðu verið til í málinu. Slík stafsetningarfyrnska var algeng í uppskriftum eddu. Gott dæmi um mjög fyrnt edduhandrit er Lbs. 1689 4to (1770–1820) sem ritað er af Sæmundi Hólmi (1749–1821). Í því koma t.a.m. fyrir formin ‘frá salar staine’ (5r), ‘seyqvazt’ (8v), ‘Bor’ (22v), ‘i seingo’ (90v), ‘cúngr’ (100r) og ‘þat var for laungv’ (119r), sem sum höfðu aldrei komið fyrir í forníslensku.

Hannes Finnsson biskup (1739–1796), sem uppi var á svipuðum tíma og Eggert, var formælandi hófsemi í forn máls- og fornaldardýrkun. Hann átti í ritdeilu við bróður Eggerts, Magnús Ólafsson (1728–1800), um málið á danskri þýðingu Jónsbókar sem kom út 1763. Hannes sagði að málið á Jónsbók væri dautt, stíl hennar notuðu eingöngu „smámunaseggir (Pedanter)“ í samtímanum en Magnús mótmælti því.⁷⁰ Vilhjálmur Þ. Gíslason (1926:104) segir að í *Kvöldvökum* (1796–1797) Hannesar sé málið „beinlínis runnið af rótum þess „skýra almúgafólks“ sem hann sagðist skrifa fyrir“. Hannes var fjölfræðingur og vel lesinn í forn bókmenntum. Hann hóf að semja mikla íslenska-latneska orðabók en lauk aðeins við stafina *a* og *d*.⁷¹

Áhrif málhreinsunar voru líklega lítil í fyrstu og jukust jafnvel ekki fyrr en á síðari hluta 19. aldar, sbr. orð Kjartans G. Ottóssonar (1990:103):

⁶⁶ Sjá Vilhjálmi Þ. Gíslason 1926:147–167 og Smith 1969:241–242.

⁶⁷ Útgáfa Sidney R. Smith á *Réttritabókinni* hefur lengi verið í undirbúningi hjá Mál-vísindastofnun Háskóla Íslands. Árni Böðvarsson (1951, 1952) hefur gert grein fyrir mál-fræðiskrifum Eggerts Ólafssonar.

⁶⁸ Jón Aðalsteinn Jónsson 1959:76: „Eggert [Ólafsson] tekur upp brodduðu sérhljóðana *á*, *í*, *ó* og er andvígur því að nota tvöfaldan sérhljóða, eins og þá var gert í Hólabókum.“ Sjá einnig Kjartan G. Ottósson 1990:39.

⁶⁹ Í handritinu Lbs. 1061 4to (I. hluti frá 1779) er einnig mjög fornleg stafsetning, t.d. ‘áþr’, ‘ágetis’, ‘teqlldum’, ‘liópo’ ‘hlupu’, ‘Beørn’. Fróðlegt er einnig að skoða í þessu samhengi Lbs. 1275 4to (Völuspá) sem Bólu-Hjálmar ritaði. Það tilheyrir edduskriptarstílum til að mynda að ‘c’ er skrifað fyrir ‘k’, ‘þ’ f. ‘d’, ‘þ’ t.d. ‘Dragvanþils’ (Lbs. 1275 4to, 25r), ‘e’ f. ‘æ’, ‘a’ f. ‘ö’, ‘n’ f. ‘nn’ o.s.frv. Þennan fornskriftarstíll þyrfti að rannsaka betur en gert hefur verið.

⁷⁰ Fylgt er hér endursögn Kjartans G. Ottóssonar 1990:35. Sjá einnig Vilhjálmi Þ. Gíslason 1926:79–81.

⁷¹ Lbs. 99 fol. *Dictionarium Islandico-Latinum. Littr. A-D incl.* Sjá Guðrúnu Kvaran 2000a.

Enda þótt æ stærra hlutfall þjóðarinnar hafi kvatt sér hljóðs á seinni hluta 19. aldar mun hið hreina mál þó að nokkru leyti hafa verið sparibúningur tungunnar. Með almennri skólaskyldu í upphafi 20. aldar og almennri útbreiðslu fjölmiðla er á leið öldina var málnotkun í anda Fjölnismanna fest í sessi einnig í hversdagslífi.

Í íslenskri stílfræði Þorleifs Haukssonar og Þóris Óskarssonar (1994:348) segir að þessa málfyrningu verði að skoða sem þjóðlegt andóf gegn erlendum áhrifum þó að sumu leyti sé fyrirmyndin nýklassismi í Evrópu.

Nýyrðasmíð

Arngrímur lærði lagði litla áherslu á nýyrðasmíð í sínum skrifum.⁷² Sama er að segja um 17. öldina, engin merki eru þar um skipulega nýyrðasmíð hér á landi. Um miðja 18. öld stóðu hins vegar m.a. Eilschov og Sneedorff í Danmörku og Christian Wolf í Þýskalandi fyrir nýrri hreyfingu sem lagði áherslu á að einfalda og hreinsa málið með nýyrðum. Jón Eiríksson var hluti af þessari hreyfingu þegar hann kenndi í Sórey.⁷³ Jón varð síðar aðalhvatamaður að stofnun Lærdómslistafélagsins og hefur vafalaust haft mikil áhrif á málstefnu þess. Nýyrðastefnan var sem sé alls ekki séríslenskt fyrirbæri heldur eins og flestar stefnur, sem koma upp hér, upprunnin í Evrópu. Einn af forvígismönnum nýyrðastefnunnar hér á landi var Jón Ólafsson úr Grunnavík en rit hans voru ekki gefin út og hann hafði lítil áhrif.⁷⁴ Jón þýddi árið 1727 stjörnufræði úr þýsku eftir Barthold Feind. Í formála framan við handritið að þýðingunni (í AM 958 4to) segir Jón:⁷⁵

Höfum vjer viljað gefa íslenzkt orð yfir hverja glossu, að sjást mætti, að þau væri til í tungunni, enn þó menn kunni jafnan bezt við þau brúkanlegu, þó framandi sjeu, heldur en þau nýju, þó þau útskýri eins vel efnið sem hin.

Samkvæmt Jóni Helgasyni (1926a:36–37) fylgir Grunnavíkur-Jón í þessu for-dæmi þýska frumritsins þar sem mikið var um nýyrði. Í *Rúnareidslu* Jóns frá 1732 eru einnig mörg nýyrði, þ. á m. í málfræði t.d. *nefningarbylting* fyrir *nefni-fall*, *tímaorð* fyrir *sögn*, *undirstöðuorð* fyrir *nafnorð* og *hjáorð* fyrir *atviksorð*.⁷⁶

⁷² Sjá Halldór Halldórsson 1979:77. Um málhreinsunarhugmyndir Arngríms sjá Jakob Benediktsson 1953.

⁷³ Sjá Sveinbjörn Rafnsson 1989.

⁷⁴ Sjá Kjartan G. Ottósson 1990:44–45 og Halldór Halldórsson 1979:77.

⁷⁵ Tilvitnunin úr handritinu er tekin eftir Jóni Helgasyni 1926a:37.

⁷⁶ Sbr. Kjartan G. Ottósson 1990:44–45. Svavar Sigmundsson segir í fyrirlestrinum *Upplýsingin og íslenskan* sem hann hélt 1998: „[S]amdi hann [þ.e. Jón úr Grunnavík] Hagþenki, þar sem málstefna hans er orðuð svo að engin dönsk orð eða framandi skuli notuð, þegar íslensk orð eru til, og heldur ekki setningalag eftir dönsku eða latínu.“ Þórunn Sigurðardóttir (1996) gaf út *Hagþenki*.

Hið íslenska lærdómslistafélag

Það var ekki fyrr en seint á 18. öld með Lærdómslistafélaginu (stofnað 1779) sem, eins og áður sagði, segja má að skipuleg málhreinsun hefjist.⁷⁷ Áhrif gömlu félagsritanna (*Rita þess Íslenszka Lærdóms-Lista Félags*), sem félagið gaf út árin 1781–1798, á málhreinsun voru geysimikil, sbr. orð Svavars Sigmundssonar (1990–1991:132): „Það eru ekki síst áhrif þessa félags sem gera það að verkum að segja má að málhreinsunin sé orðin opinber stefna hér á landi um 1800.“⁷⁸ Í stofnskrá félagsins (*Ens Íslandska Lærdóms-Lista Félags Skrá*), sem kom út 1780, er lögð fram málfarsstefna þess og sérstaklega fjallað um nýyrðasmíð í fyrsta sinn opinberlega. Þar segir m.a.:⁷⁹

6.

Þvi mæ og i Stad slikra utlendra Orða smiða ny Ord, samansett af audrum norrænum, er vel utskiri Nætturu Lutar þess, er þau þyða eigu; Skulu þarvid vel athugaz Reglur þær, er Tungu þessi fylgia, og brukadar eru i Smípe goodra gamalla Orða; Skal og gefaz lios Utskiiring oc Þyding slikra Orða, sva at þau verdi Almenningi audskilinn.

7.

Þoo megu vel haldaz slik Ord, sem brukut hafa verit i Ritum a þrettandu edr fioortandu Ølld, þoo ei hafi Uppruna af norrænni Tungu, helldr seu i fyrstu fra utlendum Þoodum, nær ei eru til aunnur meir tidkanlig, edr betri og fegri at audrum Hætti.

Jón Helgason (1959:218) segir að ástæðurnar fyrir þessari öfluglu nýyrðastefnu Lærdómslistafélagsins hafi verið:

Í fyrsta lagi að rit þessi voru ætluð lesendum er allsendis voru óvanir og ókunnugir erlendum málum. Í öðru lagi að hið hreina orðfæri fornþókmenntanna og nýyrðasmíð sú er þar voru dæmi um, þótti vel fallið til eftirbreytni. Í þriðja lagi að í því landi [þ.e. Danmörku] sem Íslendingar þekktu best annarra landa, var málhreinsunarstefna þá ofarlega á baugi.

En hvernig gekk síðan að fylgja reglum stofnskrárinnar eftir í ritum félagsins? Bjarni Vilhjálmsson (1944:104) hefur eftirfarandi orð um málið á þeim: „Furðanlega góð íslenszka er á ritunum og mörg sæmileg nýyrði gjörð, þó að fæst þeirra hafi haldizt í málinu. Auðvitað eru þar samt margar slettur og

⁷⁷ Sjá Halldór Halldórsson 1971. Björn Jónsson (1959) skrifaði meistaraprófsritgerð um nýyrði í þýðingu á náttúrufræði eftir Anton Friedrich Büsching sem kom út í ritum Lærdómslistafélagsins (*Undirvísun í náttúruhistoríunni*).

⁷⁸ Sjá Kjartan G. Ottósson 1990:42, 44 og Halldór Hermannsson 1919.

⁷⁹ Tilvitnunin úr skránni er tekin eftir Kjartani G. Ottóssyni 1990:42.

dönskuskotið málfar, einkum orða röð og setninga, og hvergi er málið fágað.“ Halldór Hermannsson (1919:24) er harðorðari um þá sem rituðu í gömlu félagsritin: „They show, however, on the whole a limited skill or imagination in word coinage, and are as a rule merely verbal translations or imitations mostly of the Danish terms, and consequently few of them have obtained a permanent place in the language.“

Aðaltilgangur upplýsingarmanna við lok 18. aldar með málhreinsun og nýyrðasmíð virðist hafa verið að auðvelda almenningi að skilja fræðslu eða „upplýsingu“ þeirra, sbr. orð Jakobs Benediktssonar (1971:15):

Menn fræðslustefnunnar í lok 18. aldar skildu þá einföldu staðreynd að ekki þýddi að semja bækur til fróðleiks almenningi á Íslandi á tungumáli sem var fullt af erlendum orðum. Ættu slík rit að koma að gagni yrðu þau að vera á tungumáli sem almenningur skildi.

Ástæðurnar fyrir nýyrðasmíð upplýsingarmanna voru því frekar hagsýnar en löngun eftir fornri fegurð íslenskunnar. Nýyrðastefnan virðist hafa verið ein mikilvægasta leiðin sem upplýsingarmenn höfðu til að ná til almennings.

Stundum áttu lærdómslistamenn erfitt með að finna heppileg orð og oft eru nýyrði þeirra margsamsett og stirð, sbr. t.d. *hræringarverkfæri* fyrir *vél* og *náttúrukrafta skýrsla mannlegs líkama* fyrir (einhverskonar) lífeðlisfræði ‘an expression for human anatomy and physiology’.⁸⁰ Mörg þessara óþjálu nýyrða koma aðeins fyrir í Félagsritunum og síðan ekki söguna meir. Ekki var heldur endilega samræmi í notkun nýyrða milli höfunda. Fleiri en eitt nýyrði voru smíðuð um sum fyrirbrigði í Félagsritunum, svipað og nú með t.d. *ástaraldin*, *brímaber* og *pínuber* fyrir enska orðið *passion fruit*. Stærðfræði er t.a.m. bæði kölluð *mælingarfræði* og *mælifræði* og rúmfræði heitir þar *landmælingarfræði* og *mælingarkunnátta*.

Björn Jónsson (1959) komst að því að mjög mörg nýyrðanna í *Undirvísun í náttúruhistoríunni* eftir Büsching, sem birtist í nokkrum árgöngum ritanna, komu aldrei fyrir aftur í málinu, önnur lifðu fram á 19. öld en hurfu síðan og svo voru nokkur sem lifa enn eins og t.d. *farfugl*, *fellibylur*, *fleygmyndaður*, *gróðurhús*, *steinolía* o.s.frv.⁸¹

Oft hefur verið litið á málhreinsunina í rómantísku ljósi og vissulega var þetta mikil framfara- og endurreisnarstefna. Það má hins vegar velta því fyrir sér hvort samhengi í þróun íslenskunnar hafi ekki rofnað að einhverju leyti þegar málhreinsun hófst af krafti á þessum tíma. Það má spyrja sig að því hvernig íslenskan liti út núna ef ekki hefði verið nein málhreinsun? Væri hún

⁸⁰ Dæmi og þýðingar frá Halldóri Hermannsyni 1919:25.

⁸¹ Sjá Halldór Halldórsson 1971:225.

mjög frábrugðin því máli sem talað er núna? Það má færa rök fyrir því að sú nútímaíslenska sem nú er töluð sé að vissu leyti tilbúningur, sbr. orð Svavars Sigmundssonar (1990–1991:139): „Fram hjá því verður ekki gengið, að málhreinsumarmenn 19. aldar reyndu að búa til nýtt mál, einskonar „Hochsprache“, sem byggðist á fornu máli og máli bændafólks með ívafi nýsmíðaðra orða.“ Kjartan G. Ottósson (1983:182) segir einnig:

Nútímaíslenska er að miklu leyti „tilbúið“ mál eins og „menningarmál“ eru yfirleitt að meira eða minna leyti, en ekki ávöxtur frjálsrar þróunar. Með málhreinsumarstefnu síðustu alda var málþróun undangenginna alda afturkölluð og horfið aftur til fornmálsins í meira mæli en flestir gera sér grein fyrir. Það á sjálfsagt eftir að koma betur í ljós þegar nánar hefur verið rannsökuð saga íslenskrar málhreinsumar og yfirleitt íslensk málsaga hinna síðari alda.

2 Hljóðsaga

2.1 Sérhljóð

Flestar afdrifaríkustu hljóðbreytingarnar í sögu íslensku gengu yfir á 13. og 14. öld og höfðu runnið sitt skeið á enda fyrir siðaskipti.⁸² Yfirlitið yfir hljóðsöguna hér á eftir er því ekki mjög viðburðaríkt hvað varðar seinni alda hljóðbreytingar. Allnokkrar hljóðbreytingar, sem fjallað verður um hér á eftir, komu þó fram á síðari öldum.

Í nútímaíslensku er ekki tónkvæði eða ólíkir tónar en ýmislegt bendir til þess að einhvers konar tónkvæði hafi verið til í eldra máli og það hafi jafnvel lifað fram eftir öldum.⁸³

Tvíhljóðanir sérhljóðanna *á*, *ó*, *æ* og *é* eru viðamiklar breytingar á íslenska sérhljóðakerfinu þótt lítil merki sumra þeirra sjáist í skrift. Flestir telja til að mynda að tvíhljóðun *á* og *ó* hafi hafist á 15. öld þótt engin örugg dæmi séu hins vegar um tvíhljóðun þeirra fyrir 1600. Þær virðast allar hefjast fyrir siðaskipti en eru ekki að fullu leyti gengnar um garð fyrr en löngu seinna. Vitað er að tvíhljóðun *æ* var lengi að ganga yfir landið eða meira en 300 ár og er hugsanlegt að svipað hafi verið uppi á teningnum með tvíhljóðanir *á* og *ó* (sjá nánar um tvíhljóðun *á*, *ó* og *æ* í undirköflum 2.1.8 og 2.1.9).

2.1.1 /a, á/

/ang/

Í físl. tvíhljóðuðust *a*, *e* og *ö* á undan *n + g/k*, þ.e. [a], [ɛ] og [œ] urðu [au], [ei] og [œy].⁸⁴ Þessi breyting hófst um 1300 og hafði dreifst víða á fyrri hluta 14. aldar.⁸⁵ Á 15. og 16. öld er þessi tvíhljóðun á undan /ng/ orðin almenn. Í vestfirsku er þó enn til einhljóðaframburður.⁸⁶

Elstu dæmi um tvíhljóðun /a/ (> [au]) á undan /ng, nk/ í físl. eru frá um 1300.⁸⁷ Þessi tvíhljóðun er stundum táknuð með ‘æ’ í GBibl (Bandle 1956:31), t.d. ‘længt’. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:22) á 18. öld er eitt dæmi um að tvíhljóðun sé táknuð, ‘aangrunst’ 32. Í bréfum Jóns eru hins vegar allmörg dæmi um tvíhljóðunina (annaðhvort táknuð með ‘á’ eða ‘ǽ’, t.d.

⁸² Sjá t.d. Hrein Benediktsson 1962a.

⁸³ Sjá yfirlit Kjartans G. Ottóssonar (1986b) yfir rannsóknir og athuganir á tónkvæði í íslensku. Veturliði Óskarsson (2001) telur að tónkvæði hafi átt erfitt uppdráttar í íslensku samfélagi þar sem íslenskan hafi orðið til úr blöndu margra mállýskna.

⁸⁴ Sjá t.d. Stefán Karlsson 1989:9 og Sandøy 1997–1998.

⁸⁵ Sbr. Lindblad 1952:178–179, Björn K. Þórólfsson 1925:xii og Jóhannes L.L. Jóhannsson 1924:19–24.

⁸⁶ Sbr. t.d. Björn Guðfinnsson 1947:28 og Indriða Gíslason og Höskuld Þráinsson 1993:180–181.

⁸⁷ Sjá t.d. Stefán Karlsson 1989:9.

‘gánga’ IX 3). Ritháttur með tákni fyrir tvíhljóð er hins vegar sjaldgæfari á undan /nk/ en kemur þó fyrir, t.d. ‘þánka’ XVI 70. Í þýðingu Jóns Ólafssonar á Nikulási Klím (Jón Helgason 1948:296) um miðja 18. öld er oft ritað ‘áng’. Hinn almenni nútímaframburður þessa hljóðasambands er með tvíhljóði ([au]) nema á Vestfjörðum þar sem einhljóðsframburður ([a]) er algengur.

Sumir telja að sérhljóð á undan /ng, nk/ hafi lengst áður en þau tvíhljóð-uðust.⁸⁸ Slíkt getur þó varla verið því að sama þróun hefur orðið hjá sérhljóðum á undan /ng/ í áhersluatkvæðum og áherslulausum atkvæðum, þ.e. það hefur orðið [au], t.d. *svangur*, *hunang*. Mjög ólíklegt er að /a/ í áherslulétu atkvæði (t.d. í *hunang*) hafi fyrst lengst og síðan tvíhljóðast því að löng sérhljóð koma annars ekki fyrir í áhersluléttum atkvæðum í íslensku.⁸⁹ Sandøy (1997–1998:63–65) setur fram þá kenningu að breytingar sérhljóða í físl. á undan /ng/ og /nk/ eigi það allar sameiginlegt að bæst hafi við sérhljóðin nálægingarþáttur. Sú tvíhljóðun sem verður á miðlægum og fjarlægum hljóðum feli þá í sér „viðbótarhljóð“ (hálsérhljóð eða skriðhljóð) sem sé nálægt í framburði í öllum tilvikum og frammælt ef „upprunalega“ hljóðið var frammælt (útkoman sé þá *ei*, *öi*) en uppmælt ef upprunalega hljóðið var uppmælt (útkoman sé þá *ou*, *au*).

Haraldur Bernharðsson (1999:127–128) telur hugsanlegt að tvíhljóðaframburðurinn [aung] hafi einnig verið til á Vestfjörðum, a.m.k. á 17. öld, og vísar m.a. til þess að í Kvæðabók Gissurar Sveinssonar og Kvæðabók úr Vigur kemur fyrir að tvíhljóð ([au]) sé táknað á undan /ng/. Jón Helgason (1955a:22, 1960b:20) vill hins vegar skýra þessi dæmi með ritvenju.⁹⁰ Erfitt er að skera úr um þetta en þar sem greinilegt er að framburður /ang/ var á reiki á Vestfjörðum á þessum tíma þá er freistandi að taka undir með Haraldi að stafsetningin hér tákni sérstakan framburð á þessu hljóðasambandi.

Í JStgrÆv er /ang/ alltaf ritað með ‘ang’, t.d. *langt* ‘langt’ 10, *þangað* ‘þangad’ 14, *áfanga* ‘afanga’ 91, *langaföstu* ‘langa fostu’ 99, *þangað* ‘þangad’ 102, *framgang* ‘framgang’ 105, *dranga* ‘dranga’ 129, *farangur* ‘farangur’ 129, *langgæðrar* ‘langgiædrar’ 151, *rangsnúnum* ‘Rang snúnum’ 194, *angri* ‘angre’ 194.

Sérhljóðið í hljóðasambandinu /ank/ er í JStgrÆv alltaf táknað með tákni fyrir einhljóð: *þankana* ‘þan|kana’ 8, *þanka* ‘þanka’ 12, *hálfanker* ‘halfanker’ 15,

⁸⁸ Sjá t.d. Bandle 1956:31.

⁸⁹ Sandøy (1997–1998:61–62) nefnir ýmis rök gegn því að rótarsérhljóðið hafi nokkurn tíma verið langt í slíkum hljóðasamböndum. Viðkomandi sérhljóð séu til að mynda ekki alltaf borin fram á þann hátt sem búast mætti við ef þau hefðu einhvern tíma verið löng. Einnig hefðu þá orðið til yfirlöng atkvæði sem Sandøy heldur fram að séu ekki til í tungumálum.

⁹⁰ Jón Helgason 1960b:20: „Sýnt hefur verið fram á (í inngangi að Kvæðabók úr Vigur) að vestfirzkir menn á 17du öld rituðu einatt *äng* (= *áng*) að hætti annarra landsmanna, og viku þar frá framburði sínum sem eflaust var *ang*.“

þanka ‘þanka’ 30, *þanka* ‘þanka’ 84, *þanka* ‘þanka’ 101, *þanka* ‘þanka’ 106, *þanka* ‘þanka’ 106, *þanka* ‘þanka’ 113, *hálfþankeri* ‘halankere’ 121, *þanka* ‘þanka’ 124, *þankaleysi* ‘þanka|leise’ 136, *eftirþanka* ‘effter|þanka’ 138, *eftirþanka* ‘effterþanka’ 141, *þanka* ‘þanka’ 143, *krankdæmi* ‘krankdæme’ 149, *krankdæmi* ‘krankdæme’ 149, *þankalaust* ‘þanka laust’ 156, *þanka* ‘þanka’ 160, *eftirþanka* ‘effter þanka’ 186, *þanka* ‘þanka’ 190, *þanka* ‘þanka’ 203, *þanka* ‘þanka’ 203, *þanka* ‘þanka’ 213, *þanka* ‘þanka’ 228, *þankinn* ‘þankenn’ 229, *þanki* ‘þanke’ 229, *þanka* ‘þanka’ 230, *þanka* ‘þanka’ 234, *þanka* ‘þanka’ 242, *þanka* ‘þanka’ 243, *þankar* ‘þankar’ 248, *krankdæmi* ‘krankdæme’ 265, *þanka* ‘þanka’ 276, *þanka* ‘þanka’ 276, *þanka* ‘þanka’ 280, *hanka* ‘hanka’ 299, *þanka* ‘þanka’ 308, *þankar* ‘þankar’ 311, *Eftirþanka* ‘effterþanka’ 324.

Nokkur tökuorð koma fyrir sem innihalda hljóðasambandið /ang/ í JStgrÆv og eru þau alltaf rituð með ‘ang’, t.d. *evangelíum* ‘evangelium’ 145, *sangvinisku* ‘sangvinisku’ 287.

Ekki er alveg víst hvernig á að túlka þessi dæmi í JStgrÆv. Jón Steingrímsson var hvorki fæddur né uppalinn á einhljóðssvæði og því er ólíklegt að hann hafi haft einhljóðsframburð á /ang/. Í JStgrÆv er algengast að tákna /á/ með ‘a’, t.d. [...] *láta hana á bitann hjá* ‘lata hana a bitann hia’ 142 (sjá undirkafla 1.4.1). Það er því hugsanlegt að ‘a’ standi fyrir tvíhljóð í samböndunum ‘ang’ og ‘ank’ í framangreindum dæmum og þykir mér það vera sennilegasta skýringin á þessari táknun.

vá > vo

Hljóðasambandið /vá/ í físl. er orðið /vo/ í nísl. Lengi vel var talið að /vá/ hefði í raun kringst á 14. öld, fyrst orðið /vó/ og síðan /vo/.⁹¹ Hreinn Benediktsson (1979:314) heldur því hins vegar fram að framburður þessa hljóðasambands hafi aldrei breyst heldur einungis táknun hans. Á eftir /v/ hafi /á/ ekki tvíhljóðast og til að aðgreina það frá venjulegu tvíhljóðuðu /á/ hafi verið farið að tákna /á/ í /vá/ með ‘o’, millistigið /vó/ með tvíhljóðinu /ó/ [ou] hafi því ekki verið til heldur hafi framburður í raun verið [vo(:)].⁹² Eftir hljóðdvalarbreytinguna varð sérhljóðalengd einnig stöðubundin og því hafi /á/ í raun ekki styst í /o/ heldur hafi einungis táknun þess breyst. Það sem mælir á móti kenningu Hreins er að á síðari öldum og fram á okkar daga er að finna rímbundin dæmi um þetta hljóðasamband þar sem það rímar við /ó/ og einnig eru samtímaheimildir sem hugsanlega benda til tvíhljóðsframburðar.⁹³ Ásgeir Blöndal Magnússon (1951:229) segir t.d.: „Líku máli gegnir um breyt-

⁹¹ Sjá Jón Helgason 1929a:18–19, Bandle 1956:45–46, Hrein Benediktsson 1979, Konráð Gíslason 1897:154–156 og Björn K. Þórólfsson 1925:xii.

⁹² Sjá einnig Jón Axel Harðarson 2004:204.

⁹³ Sjá t.d. Björn Guðfinnsson 1964:190–191.

inguna vó>vo, gamli framburðurinn hélzt lengi á Vestfjörðum, og í „Idiotismi Vestfjordensium“ lætur Steingrímur biskup þess getið, að Vestfirðingar segi t.d. tvó og þvó.⁹⁴ Kenning Hreins um þróun þessa hljóðasambands skýrir samt með einföldustum hætti breytingar á því.

Í elstu rímum er ýmist *vá* eða *vó*.⁹⁵ Í GBibl (Bandle 1956:41) og þýðingu Jóns Ólafssonar á Nikulási Klím (Jón Helgason 1948:296) eru eingöngu dæmi um kringt hljóð á eftir /v/. Hjá Hallgrími Péturssyni eru bæði dæmi um að *vo/vó* rími við /o/ og /ó/. Finnur Jónsson (1924:xviii) leiðir í inngangi að útgáfu á kvæðum Hallgríms að því getum að hann [þ.e. Hallgrímur Pétursson] hafi borið fram tvíhljóð í slíkum tilvikum, þ.e. /ó/, en hins vegar mæli á móti því að einnig séu dæmi um að /vo/ rími á móti /o/, t.d. *vor : spor*. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:29) er alltaf ritað ‘vo’.

Nokkur orð í nísl. hafa hljóðasambandið /vá/ í stað /vo/. Yfirleitt hefur þá fornt orð verið endurvakið (t.d. *vá-* í *vátrygging*) eða upprunalegt hljóðasamband haldist vegna áhrifa frá sérhljóðavíxlum annarra sagna, t.d. þt. *kváðu* af so. *kveða*.

Í JStgrÆv kemur hljóðasambandið /vá/ eingöngu fyrir í beygingarmyndum sagnanna *hvá* og *sofa* og hefur það haldist þar vegna áhrifa frá sérhljóðavíxlum annarra sagna:

/hvá/: *hváar* ‘hvaar’ 211.

/sofa/: *sváfu* ‘svafu’ 22, *Sváfum* ‘svafum’ 116, *sváfum* ‘svafum’ 209, *sváfum* ‘svafum’ 300, *sv[á]fu* ‘sv[a]fu’ 340.

Annars er alltaf ritað ‘vo’/‘uo’ í JStgrÆv. Atviksorðin *svo/svoddan* eru t.d. alltaf rituð þannig (sjá undirkafla 2.2.16) og sagnmyndir eins og *voru* (af so. *vera*), *voru* ‘voru’ 5, *voru* ‘voru’ 5, *voru* ‘voru’ 12 o.s.frv. Einnig eru ýmis önnur orð táknuð þannig, t.d. *vors* ‘vors’ 3, *vondi* ‘vonde’ 8, *vogaði* ‘vogade’ 8, *vondi* ‘vonde’ 8, *vondu* ‘vonde’ 8, *vorid* ‘vored’ 9 o.s.frv.

Ritun þessa hljóðasambands í JStgrÆv sýnir að framburður Jóns Steingríms-sonar á því hefur almennt verið [vɔ(:)] nema í þessum örfáu sagnmyndum.

/ja/ > /je/

Sérkennilegt dæmi er í JStgrÆv um að /é/ sé notað í stað /ja/, þ.e. ef. et. *meðgéfár* ‘medgiefar’ 37, (f. *meðgjafar*) af orðinu *meðgjöf*. Lítið er hins vegar að

⁹⁴ Finnur Jónsson 1924:xviii: „Hið forna *vá* varð eftir 1300 að *vó*, og síðast *vo* (*vápn* — *vópn* — *vopn*); hjá HP. kemur fyrir *vorn*: *fórn* (1,3), *vor*: *fór* (2,12), *:stór* (27,9; 28,3; 31,4; 46,7), *voru*: *fóru* (15,1; 46,2), og væri freistandi að ímynda sjer, að HP. hefði sagt *vór* osfrv., en þetta verður þó als óvíst, því að hann segir líka *vor*: *spor* (1,22), *voða*: *stoða* (15,13). Líklega hefur hljóðið verið o á 17. öld (en ekki ó).“

⁹⁵ Sjá Björn K. Þórolfsson 1925:xii.

byggja á slíku stakdæmi sem gæti verið ritvilla. Engin dæmi eru í RM um slíka orðmynd.

2.1.2 /e, é/

ve > vö

Kringing /e/ á eftir *hv-*, *kv-* virðist hafa hafist um 1400 í orðum eins og *hver*, *kveld* og *tvefaldur*.⁹⁶ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:17) sjást engin merki um kringinguna fyrir utan það að tvö dæmi eru um ef. *kvarnar* (Lúk. 17², Opínb. 18²¹) af *kvörn* (físl. *kvern*). Í GBibl (Bandle 1956:42–43, 60–62) eru hins vegar mörg dæmi um breytinguna, t.d. ‘hvört’, ‘hvørgi’ og ‘kvølld’, en hins vegar einnig dæmi um orðmyndir með ‘e’. Í GBibl (Bandle 1956:61) fellur *hvor* (< *hvár*) stundum saman við *hver*: *hver* er haft fyrir *hvor* (t.d. ‘Tuennar Hurder ... hver Hurd hafde tuo Vænge’ III Kg 6,34) og *hvor* fyrir *hver* (t.d. ‘Huor su Sæl sem nockurn tijma etur Blod’ III Mos 7,27). Í Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar (Jón Helgason 1960b:23) er fornafnið *hver* og skyld orð ávallt skrifuð fullum stöfum með ‘ó’ (sem notað er þar fyrir /ö/) en stundum bundin með *er*-bandi.

Kringing *ve > vö* (og afbrigðin *vo*, *vu*) virðist hafa verið orðin algild á 17. og 18. öld en fyrir áhrif frá ritmáli voru ókringdu formin (/ve/) aftur tekin upp, a.m.k. í ritmáli, í fornafninu *hver* og skyldum orðum, þ.e. *einhver*, *hvergi*, *hvernig*, *sérhver*, en hins vegar ekki í orðum eins og *kvöld*, *kvörn*. Þetta hefur líklega m.a. gerst fyrir áhrif frá Árna Magnússyni sem lagaði stafsetningu sína að fornum rithætti er á leið og tók t.a.m. að skrifa *hver* fyrir *hvör* og *einn* fyrir *eirn*.⁹⁷ Í þýðingu Jóns Ólafssonar á Klím frá 1745 (Jón Helgason 1948:296) er t.a.m. ávallt skrifað *hver*, *hversu* o.s.frv. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:30–31) er einnig nær alltaf ritað ‘e’ í þessu fornafni (einstaka sinnum ‘ø’). Í bréfunum sem Jón skrifaði sjálfur er einnig að jafnaði skrifað ‘e’ en í öðrum bréfum ‘ø’ eða ‘ó’, sem hefur líklega verið nær framburði, t.d. ‘hvørs’, ‘hvørttveggia’ ÆGM 149, ‘hvört’ VII 13. Hjá Jóni Vídalín koma bæði fyrir kringdar og ókringdar myndir orðsins *kveld/kvöld*, ‘Kvollmaltid’ 224 en ‘giærkvellde’ III 21, XVI 1. Svavar Sigmundsson (1966:33) telur að þetta bendi til þess að á tíma Jóns hafi bæði kringdar og ókringdar myndir verið til. Þetta er t.d. stutt af rími í *Hrólfis rímum* Eiríks Hallssonar, sem fæddur var 1614, þar sem bæði kemur fyrir rímið *völd* : *kvöld* (III. ríma, 17. er.) og *kveldi* : *feldi* (VII. ríma, 21. er.).

⁹⁶ Sbr. Stefán Karlsson 1989:10, Noreen 1923:86 [§86, aths. 1], Björn K. Þórólfsson 1925:xiii, Jóhannes L.L. Jóhannsson 1924:43–44 og Björn Magnússon Ólsen 1882:266.

⁹⁷ Sjá Kjartan G. Ottósson 1990:23.

Í JStgrÆv er enginn greinarmunur gerður á fornöfnunum *hver* ‘um einn af fleiri en tveimur’ og *hvor* ‘um annan af tveimur’. Þau eru alltaf rituð með táknum sem standa fyrir /vö/ (eða /vo/), þ.e. ‘vo’ eða ‘vó’.

Nokkur hundruð dæmi eru um fornafnið *hver* og skyld orð í JStgrÆv. Of tímafrekt reyndist að bera þau öll saman við eiginhandarrit Ævisögunnar en hér er hins vegar listi yfir allnokkur þeirra borin saman við eiginhandarritið: *einhvörn tíma* ‘einhvorntyma’ 25, *hvörrar* ‘hvorrar’ 34, *hvörninn* ‘hvornenn’ 38, *hvörri* ‘hvörre’ 43, *hvör* ‘hvor’ 45, *hvörn* ‘hvorn’ 54, *einhvörn veginn* ‘Einhvorn vegenn’ 74, *af hvörju* ‘af hvoriu’ 80, *hvör* ‘hvor’ 89, *hvor* ‘hvor’ 91, *einhvörjum* ‘Einhvorium’ 94, *hvörsu* ‘hvorsu’ 99, *einhvör* ‘Einhvor’ 104, *hvörjum* ‘hvorium’ 115, *einhvör* ‘Ein hvor’ 116, *Einhvör* ‘Ein hvor’ 120, *hvörjir* ‘hvorier’ 120, *hvörjum* ‘hvoriumm’ 122, *einhvörn tíma* ‘Einhvorn tyma’ 124, *hvorgi* ‘hvorge’ 124, *einhvörju* ‘Ein hvoriu’ 124, *einhvörn tíma* ‘Einhvorn tyma’ 130, *hvorn* ‘hvorn’ 134, *hvört* ‘hvort’ 143, *hvörju* ‘hvoriu’ 156, *hvör* ‘hvór’ 186, *hvör* ‘hvór’ 186, *hvörju* ‘hvoriu’ 203, *hvörn* ‘hvornn’ 212, *einhvör* ‘Ein hvor’ 213, *hvört* ‘hvort’ 229, *hvörju* ‘hvoriu’ 229, *hvörsu* ‘hvorsu’ 303, *hvörsu* ‘hvorsu’ 314, *hvörsu* ‘hvorsu’ 314, *hvörju* ‘hvoriu’ 326, *hvörjum* ‘hvorium’ 330, *hvörjir* ‘hvorier’ 340, *hvörsu* ‘hvorsu’ 342.

Atviksorðið *hvenær* er einnig alltaf ritað með kringt sérhljóð í stofni: *Hvönær* ‘hvonær’ 11, *hvönær* ‘hvónær’ 27, *hvönær* ‘hvónær’ 286, *hvönær* ‘hvonær’ 332.

Sama gildir um atviksorðið *hvernig/hverninn* sem alltaf er ritað með tákni fyrir kringt sérhljóð: *hvörninn* ‘hvórnenn’ 1, *hvörninn* ‘hvornenn’ 11, *hvörninn* ‘hvorn|enn’ 14, *hvörninn* ‘hvornenn’ 28, *hvörninn* ‘hvornenn’ 30, *hvörninn* ‘hvornenn’ 34, *hvörninn* ‘hvornenn’ 38, *hvörninn* ‘hvornenn’ 49, *hvörninn* ‘hvórnenn’ 55, *hvörninn* ‘hvornenn’ 63, *hv[ö]rninn* ‘hv[o]rnenn’ 67, *hvörninn* ‘hvornen’ 69, *hvörninn* ‘hvornenn’ 70, *hvörninn* ‘hvornenn’ 86, *hvörninn* ‘hvórnenn’ 107, *hvörninn* ‘hvórnenn’ 130, *hvörninn* ‘hvórnenn’ 185, *hvörninn* ‘hvornenn’ 186, *hvörninn* ‘hvór|nen’ 190, *hvörninn* ‘hvornen’ 237, *hvör[ni]nn* ‘hvór[ne]nn’ 311.

Í JStgrÆv eru allmörg dæmi um orðið *kvöld* og eru öll rituð með tákni fyrir /ö/. Engin dæmi eru því í JStgrÆv um ókringd form: *kvöld* ‘kvollð’ 10, *kvöld* ‘kvollð’ 13, *kvöldum* ‘kvollðum’ 34, *kvöld* ‘kvollð’ 34, *trinitatishátíðiskvöld* ‘Trinitatis | hatydiskvoldd’ 46, *kvöldvökur* ‘kvollð vokur’ 53, *13dagskvöldið* ‘13^{da} dagskvolded’ 55, *laugardagskvöld* ‘laugar|dagskvollð’ 56, *kvöld* ‘kvollð’ 72, *kvöldi* ‘kvollde’ 87, *laugardagskvöldi* ‘laugardagskvollde’ 99, *sunnudagskvöldum* ‘sunnu | dags kvollðumm’ 99, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 100, *kvöldi* ‘kvollde’ 102, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 104, *kvöld* ‘kvollð’ 115, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 118, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 120, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 124, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 138, *kvöldið* ‘kvolldeð’

160, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 166, *kvöldið* ‘kvólleð’ 192, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 235, *kvöldi* ‘kvoldi’ 240, *kvöldrökkurstið* ‘kvolldrokurs tyd’ 241, *kvöldvökum* ‘kvolldvokum’ 262, *kvöld* ‘kvolldeð’ 263, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 265, *kvöldi* ‘kvolldeð’ 269, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 281, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 303, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 309, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 317, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 330, *kvöldið* ‘kvolldeð’ 339, *kvöld* ‘kvólleð’ 340.

Það er því ljóst af öllum þessum dæmum að kringt hljóð hefur alltaf verið borið fram í JStgrÆv í þessu hljóðasambandi.

vö > vo

Í sumum orðum, þar sem /ve/ hafði kringst, urðu síðan aðrar frekari breytingar á rótarsérhljóðinu. Í orðunum *hvolfa* og *hvolpur* (< físl. *hvelfa*, *hvelpr*) varð almennt breytingin /vö/ > /vo/, *hvölfa*, *hvölpur* > *hvolfa*, *hvolpur*.⁹⁸ Í GBibl er annaðhvort ritað ‘hvölp(u)r’ eða ‘hvolp(u)r’, t.d. ‘Leona huolpar’ Jes 5,29. Bandle (1956:81) telur að /ö/ hafi uppmælst (ö > o) fyrir áhrif frá eftirfarandi /l/ sem líklega hefur þá verið rismælt eða tanngómmælt.⁹⁹ Oft er hins vegar í handritum erfitt að greina hvort /ö/ eða /o/ liggur að baki þar sem þau geta bæði verið táknuð með ‘o’.

Í JStgrÆv er eitt dæmi um lh. þt. af so. *hvolfa*, þ.e. *yfirhvolfdur*: *yfirhvolfdu* ‘yferhvolfdu’ 11 en einnig kemur fyrir orðið *hvolfiregn* ‘hvolfe regn’ 120. Í báðum þessum dæmum virðist frekar vera rótarsérhljóðið /o/ en /ö/ en þó er ekki hægt að fullyrða það þar sem táknið ‘o’ var bæði notað í JStgrÆv til að tákna /o/ og /ö/ (sjá undirkafla 1.4.1).

vö > vu

Á 16. öld varð *vö > vu* í nokkrum orðum sem byrjuðu á *hv-*, t.d. varð fornafnið *hvör* > *hvor* (físl., nísl. *hver*).¹⁰⁰ Síðar á öldum verður það algengt í rími, t.d. kemur fyrir dæmið ‘offrid hvurt : burt’ hjá Hallgrími Péturssyni (Grímur Thomsen 1887–1890 (II):10).¹⁰¹ Einnig eru dæmi um þennan framburð í *Hrólfs rimum* Eiríks Hallssonar sem fæddur var 1614.¹⁰²

Í JStgrÆv eru vitaskuld fjölmörg dæmi um fornafnið *hvör* en aðeins í einu dæmi er það hugsanlega ritað með ‘u’, þ.e. *hv[u]r* ‘hv[u]r’ 152. Sérhljóðatáknið

⁹⁸ Sjá Stefán Karlsson 1989:10. Björn K. Þórólfsson 1925:xiii: „Breytingin ö > u er frá 16. öld [...] en myndirnar *hvölpur*, *hvölfa* hafa líklega haldist miklu lengur; þó munu þær nú alveg horfnar.“

⁹⁹ Bandle (1956:81) segir að þessi breyting sé „Der Übergang ö > o vor l + Labial ist eine Velarisierung unter dem Einfluss des in dieser Stellung ursprünglich und vielleicht noch im 16. Jahrh. (vgl. §96) „kakuminalen“ oder supradentalen l.“

¹⁰⁰ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:104 og Stefán Karlsson 1989:10. Eitt elsta dæmið um þessa breytingu er að finna í handritinu AM 604 4to (c1550).

¹⁰¹ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:104–105.

¹⁰² Sjá Svavar Sigmundsson 1966:32.

er ógreinilegt í þessu dæmi en virðist samt frekar vera ‘u’ en ‘o’. Vafasamt er að álykta mikið um framburð Jóns á þessu hljóðasambandi út frá þessu eina vafadæmi enda eru langflest dæmin um fornafrnið *hvör* í JStgrÆv rituð með ‘o’ eða ‘ó’.

/eng/

Tvíhljóðsframburður */e/* á undan */ng, nk/* kom upp um 1300 og verður algengur á f.hl. 14. aldar.¹⁰³ Jón Helgason (1960b:47–48) benti á dæmi úr vestfirskum bréfum frá ofanverðri 14. öld og f.hl. 15. aldar um slíkan tvíhljóðsframburð. Tvíhljóðstáknun */eng/* er einnig algeng í vestfirska kvæðahandritinu Kvæðabók úr Vigur (Jón Helgason 1955a:24) frá 17. öld og í Kvæðabók Gissurar Sveinssonar (Jón Helgason 1960b:20) eru tvíhljóðsmyndir einhafðar.¹⁰⁴ Fátt bendir því til þess að einhljóðsframburður *eng* hafi verið almennur á Vestfjörðum eða annars staðar á síðari öldum.¹⁰⁵ Erfitt er því að fá þessi dæmi til að passa við vestfirskan nútímaframburð þessa hljóðasambands. Tíðkaðist tvenns konar framburður þess á Vestfjörðum eða var einhljóðsframburður */eng/* endurvakinn á 18. og 19. öld vegna kerfisþvingunar frá öðrum samböndum sem höfðu einhljóð á undan */ng/* í vestfirska einhljóðsframburðinum, þ.e. */ang/* og */öng/?* Heimildir frá 16. og 17. öld virðast benda til þess að einhljóðsframburður á */eng/* hafi þá ekki tíðkast og því er síðarnefnda skýringin líklegri en hin. Í þessu samhengi er rétt að nefna að samkvæmt rannsóknnum Björns Guðfinnssonar á einhljóðsframburði á undan */ng, nk/* er einhljóðsframburður í hljóðasambandinu */eng/* sjaldgæfari en í hinum samböndunum sem borin eru fram með einhljóði í slíkum einhljóðsframburði.¹⁰⁶

Í NtOG (Jón Helgason 1929a:18–19) er nær alltaf ritað ‘eing’ og einnig í GBibl (Bandle 1956:45–46). Í þýðingu Jóns Ólafssonar á Nikulási Klím (Jón Helgason 1948:296) er eitt dæmi um ‘eng’ en annars er þar alltaf ‘eing’. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:33–34) er yfirleitt ritað ‘ei’ í þessum samböndum.

¹⁰³ Sjá Noreen 1923:95 [§102] og Björn K. Þórólfsson 1925:xii.

¹⁰⁴ Jón lærði Guðmundsson (fæddur 1574) skrifar einnig oftast ‘eing’ í handritinu AM 394 4to (c1592) (sjá Stefán Karlsson 1983:lxvii).

¹⁰⁵ Lýsingu á nútímaeinhljóðsframburði */eng/* er t.a.m. að finna hjá Birni Guðfinnssyni 1964:118–133.

¹⁰⁶ Björn Guðfinnsson (1964:132) segir þetta um dreifingu einhljóðsframburðarins um miðja 20. öld: „Yfirlit þetta sýnir, að einhljóðsframburður er tíðastur, þar sem *a* fer á undan *nk*. Gæti það bent til þess, að einhljóðin varðveitist fremur á undan *nk* en *ng*. Næst kemur sambandið *a + ng*, þá *ö + ng* og loks *e + ng*, sem er langfágætast og hverfur að mestu, þegar kemur út fyrir aðalsvæði einhljóðanna, þ. e. frá Vestur-Barðastrandarsýslu til Norður-Ísafjarðarsýslu (að báðum meðtöldum).“

Í JStgrÆv er alltaf ritað ‘eing’ fyrir upprunalegt /eng/ sem bendir til þess að í máli Jóns hafi verið borið fram tvíhljóð í þessu hljóðasambandi, t.d. *lengi* ‘leinge’ 14, *enginn* ‘eingenn’ 14, *engjar* ‘Eingjar’ 109, *enginn* ‘eingenn’ 110, *vinfengi* ‘vinfeinge’ 151, *útgengilegt* ‘útgeingelegt’ 217, *fengist* ‘feingest’ 217, *þrenging* ‘þreinging’ 217, *engelsk<t>* ‘eingielsk<t>’ 326, *Engelskir* ‘eingelsker’ 326.

Á undan hljóðasambandinu /nk/ er einnig alltaf ritað ‘ei’: *skenkti* ‘skeinkte’ 45, *skenkti* ‘skeinkte’ 51, *skenkti* ‘skeinkte’ 74, *beskenktur* ‘beskeinktur’ 76, *þenkti* ‘þeinkte’ 77, *þenkt* ‘þeinkt’ 77, *uppþenkjanlegum* ‘uppþeinkianlegum’ 105, *skenkti* ‘skeinkte’ 113, *þenktir* ‘þeinkter’ 122, *umþenking* ‘umþeinking’ 133, *þenki* ‘þeinke’ 138, *uppþenkjanlegum* ‘uppþeinkianlegum’ 141, *uppþenkjanlegum* ‘uppþeinkianlegum’ 143, *skenk* ‘skeink’ 151, *þenkja* ‘þeinkia’ 166, *umþenkingar* ‘umþeinkingar’ 173, *skenkingar* ‘skeinkingar’ 173, *umþenking* ‘umþeinking’ 199, *þenktu* ‘þeinktu’ 208, *þenkja* ‘þeinkia’ 213, *þenkt* ‘þeinkt’ 214, *þenkti* ‘þeinkte’ 214, *uppþenkt* ‘uppþeinkt’ 214, *þenkja* ‘þeinkia’ 215, *þenki* ‘þeinke’ 230, *skenkti* ‘skeinkte’ 235, *uppþenkjanlegrar* ‘uppþeinkianlegrar’ 246, *krenkir* ‘kreinker’ 275, *þenkir* ‘þeinkir’ 275, *þenkja* ‘þeinkia’ 276, *forþenkingarlaust* ‘forþeink|ingar laust’ 291, *forþenkti* ‘forþeinkte’ 291, *þenkja* ‘þeinkia’ 324, *þenki* ‘þeinke’ 325, *uppþenkt* ‘uppþeinkt’ 334, *þenki* ‘þeinke’ 336.

Stöðubundin tvíhljóðun /e/

Elstu dæmi um tvíhljóðun /e/ á undan /gi, gj/ eru frá byrjun 14. aldar. Þessi breyting náði hins vegar ekki mikilli útbreiðslu fyrr en um 1350 (sjá nánari greinargerð fyrir þróun /g/ í þessu umhverfi í undirkafla 2.2.5). Í handritum frá um 1450 er hún orðin algeng.¹⁰⁷ Á 14., 15. og 16. öld sjást merki um útjöfnun (e. *levelling*) þannig að tvíhljóðið /ei/ breiddist út til fleiri mynda í beygingardæminu en þar sem það hafði orðið til hljóðrétt, þ.e. til mynda sem höfðu ekki /gi/ eða /gj/. Þetta varð í orðum þar sem /e/ hafði tvíhljóðast hljóðrétt í sumum myndum, t.d. *spéggill*. Tvíhljóðunin varð með tímanum alhæfð í allri beygingu slíkra orða og þar á meðal í samdráttarmyndum eins og ef. ft. *spéglar* [speiklar].

Sem dæmi um ástandið á 16. öld má nefna að í GBibl (Bandle 1956:47) eru bæði dæmi um tvíhljóðið á undan /g/ í bakstöðu, t.d. ‘seig’ fyrir *seg* (bh. af so. *segja*); á milli sérhljóða í so. *mega* (hugsanlega er þar um áhrif frá sögninni *eiga* að ræða)¹⁰⁸ og stundum á undan /gl/ í samdráttarmyndum, t.d. ‘speigle’. Boðháttarmyndir með tvíhljóði ([ei]) eins og *seg*, *segðu* eru orðnar til fyrir áhrif frá nafnhættinum, *segja*, þar sem tvíhljóðunin varð hljóðrétt. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:19) er einnig algengt að tákna tvíhljóðið /ei/ í þessu umhverfi.

¹⁰⁷ Sjá Gering 1882:ix.

¹⁰⁸ Sjá Hrein Benediktsson 1959:61–62.

Útjöfnun, þar sem /ei/ var alhæft í beygingardæmum með *gn* í samdráttarmyndum, virðist hins vegar ekki hafa náð mikilli útbreiðslu fyrr en á 18. öld.¹⁰⁹

Í JStgrÆv er tvíhljóðið /ei/ stundum táknað í öllum þessum hljóðasamböndum og því er greinilegt að Jón hefur haft þar tvíhljóðsframburð.

Hér eru nokkur dæmi um hljóðasambandið /egi/ í JStgrÆv. Þar er fyrra sérhljóðið bæði táknað 'e' og 'ei'. Dæmin um þessi hljóðasambönd eru of mörg til að hægt sé að tiltaka þau öll og því eru aðeins sýnd nokkur dæmi hér um hvora ritun:

'eg': *megi* 'mege' 8, *Egilsson* 'Egilsson' 10, *segi* 'segie' 11, *degi* 'dege' 12, *sleginn* 'slegenn' 12, *vegi* 'vege' 15, *smalaumferðarveginum* 'smala ummferdarvegenum' 17, *hinum megin* 'hinumegenn' 19, *sunnanmeginn* 'sunnann megennt' 20, *segir* 'segir' 22, *segir* 'seger' 22, *feginn* 'fegenn' 25, *framvegis* 'frammvegis' 29, *segi* 'sege' 34, *segir* 'seger' 35, *segir* 'seger' 35, *segir* 'seger' 35 o.s.frv.

'eig': *sjónarspegils* 'sionarspe|igils' 10, *megi* 'meigie' 20, *segi* 'seige' 35, *megi* 'meige' 38 o.s.frv.

Eftirfarandi dæmi eru um /egi/ í JStgrÆv. Tvíhljóðstáknun kemur þar fyrir, t.d. *þegja* 'þeýa' 1, *þegja* 'þeya' 342 en annars er yfirleitt ritað 'eg': *segja* 'segia' 7, *segja* 'segia' 7, *segja* 'segia' 8, *segja* 'segia' 17 o.s.frv.

Í öðru umhverfi en þar sem tvíhljóðunin er hljóðrétt er 'eig' einnig oft ritað í JStgrÆv, sbr. eftirfarandi dæmi um so. *mega*: *mega* 'meiga' 19, *mega* 'meiga' 68, *velmegandi* 'velmeigande' 93, *velmegandi* 'velmeigande' 94, *mega* 'meiga' 111, *megum* 'meigum' 120, *mega* 'meiga' 145, *mega* 'meiga' 214, *megandi* 'meigande' 313.

Fjögur dæmi eru í JStgrÆv um bh. af so. *segja* og eru öll dæmin rituð með tvíhljóðinu 'ei': *Seg* 'seig' 65, *seg* 'seig' 182, *seg* 'seig' 243, *seg* 'seig' 315.

Tvö dæmi eru í JStgrÆv um samdráttarmyndir af orðinu *spegill* og er í báðum táknað tvíhljóð á undan /gl/: *spegla* 'speigla' 82, *hátíðaspegli* 'hatyda speigle' 310.

Eins og áður sagði kom síðast upp tvíhljóðun /e/ vegna áhrifsbreytingar á undan /gn/ og varð hún ekki algeng fyrr en á 18. öld. Í JStgrÆv er slíkt hljóðasamband alltaf ritað með tvíhljóði. Þetta eru eftirfarandi dæmi: *fegnari* 'feignare' 79, *nýslegnar* 'nysleignar' 148, *dregnir* 'dreigner' 178, *fegnari* 'feignare' 269, *framdregnum* 'framm dreignumnt' 288, *fegnir* 'feigner' 317, *fegnir* 'feigner' 331.

Tvíhljóðun upprunalegs /e/ í framstöðu

Upprunalegt /e/ í framstöðu í orðunum *ek*, *el* og *eta* tvíhljóðaðist stundum í físl. Þetta gerðist yfirleitt þegar undanfarandi orð endaði á áherslulétu /i/

¹⁰⁹ Björn K. Þórolfsson 1925:xiii: „Aftur mun framburður sem *sleignir*, *þveignir* varla hafa náð mikilli útbreiðslu fyr en á 18. öld.“

sem færðist yfir á orðið sem fór á eftir, t.d. *fari # ek* → *fari # iek*. Dæmi eru um tvíhljóðsmyndir þegar á 13. öld þótt þær séu sjaldgæfar. Í ritinu *Physiologus* kemur til að mynda fyrir dæmið ‘ietr’ („Ph II *3spi* ietr 8: 9“, Larsson 1891:80). Tvíhljóðun í þessum orðum varð hins vegar ekki almenn fyrr en löngu síðar.¹¹⁰ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:18) er alltaf ritað ‘e’ í þessu orði nema einu sinni og í GBibl (Bandle 1956:48–49) eru mjög fá dæmi um ‘ie’ í *eg*.¹¹¹ Orðmyndin *ég* er sjaldgæf alla 16. öldina.¹¹² Í Kvæðabók séra Gissurar Sveinsonar (Jón Helgason 1960b:24) er ‘Jeg’ mun algengara í upphafi setningar en ‘Eg’. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:37) er aðeins eitt dæmi um ‘ie’ og það er einnig í upphafi setningar. Í þýðingu Jóns Ólafssonar á Nikulási Klím (Jón Helgason 1948:305) er ritmyndin ‘eg’ langalgengust og í orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík (AM 433 fol., 1734–1779) er einnig skrifað ‘eg’ en hann bætir þar við: „alii scribunt et pronüntiant Jeg“ (bl. Sp3–18).¹¹³ Jón segir þar um sögnina *éta* að þar tíðkist tvímyndir: „eg et, aat, at eta, comedo, aliis eg jet, at jeta.“ Ritmyndin *eg* hefur aldrei horfið alveg úr rituðu máli þótt framburður hafi fyrir löngu breyst í [jɛ:ʏ].

Í JStgrÆv er persónufornafnið *ég* oftast ritað ‘eg’ en allmörg dæmi eru þó um formið ‘jeg’. Bæði afbrigðin sjást í eftirfarandi setningu: *af því sem eg ‘eg’ hefi sumum af ykkur áður sagt að ég ‘Jeg’ hefi yfir margt hlaupið sem satt er því eg ‘eg’ hefi [...]* 2. Jón virðist hafa ritað ‘eg’ og ‘jeg’ jöfnum höndum og er ekki hægt að greina neina reglu um dreifingu (sjá einnig umfjöllun um þetta fornafn og yfirlit yfir dæmi um það í JStgrÆv í undirkafla 3.4.1).

Sögnin *eta* (*éta*) er bæði rituð með ‘e’ og ‘je’ í JStgrÆv og passar það vel við orð Jóns úr Grunnavík um að tvímyndir af þessu so. hafi tíðkast á 18. öld:

/eta/: *etið* ‘eted’ 204, *eta* ‘eta’ 340.

/éta/: *éta* ‘Jeta’ 123, *éta* ‘Jeta’ 126, *etið* ‘Jeted’ 152, *éta* ‘jeta’ 201, *éta* ‘Jeta’ 214, *etið* ‘jeted’ 339, *éta* ‘Jeta’ 339.

¹¹⁰ Sbr. Noreen 1923:111 [§126, 2] og Hægstad 1942:84.

¹¹¹ Björn K. Þórólfsson (1925:96) segir þetta um útbreiðslu myndarinnar *ég*: „Þessi nýja mynd er samt sjaldgæf fram um 1550, kemur t. d. alls ekki fyrir í Nýja testamenti Odds Gottskálfssonar; hún finst öðruhvoru í bókum frá síðari helmingi aldarinnar, en þó er öldina út margfalt algengara að rita *eg*. Frá því um miðja 17. öld finst rithátturinn *jeg* (*ieg*) mjög oft í handritum. Myndin *eg* er nú alveg horfin úr töluðu máli, en fram undir síðustu aldamót var hún oftast höfð í bókum, og margir rita svo ennþá.“

¹¹² T.a.m. kemur fyrir dæmið ‘jeg’ í fornbréfi frá 1536 (*Diplomatarium Islandicum* 10:91), sbr. Björn K. Þórólfsson 1925:96. Sjá einnig Jón Helgason 1948:305 og Björn Magnússon Ólsen 1882:262, nmgr. 2.

¹¹³ ‘Aðrir skrifa og bera fram *Jeg* (þýðing mín)’. Ég skoðaði þetta dæmi á ljósmyndum af orðabók Jóns úr Grunnavík sem eru í eigu orðfrædisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Tvíhljóðun /é/

Dæmi um tvíhljóðun langa sérhljóðsins /é/ koma fyrir þegar á f.hl. 13. aldar en verða ekki algeng fyrr en um 1400.¹¹⁴ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:18) er rithátturinn 'e' fyrir *é* frekar algengur, sérstaklega á eftir tveimur samhljóðum en yfirleitt er samt ritað 'ie'. Í GBibl (Bandle 1956:48) er *é* oftast skrifað 'ie'. Þó eru þar engin merki um tvíhljóðun *é* á eftir *hv-*, t.d. 'Hue', *r-* 'rettlatra', *Cr-*, (C)*n-* 'ne', 'hnekrypur' né í orðinu *fé* 'fe'. Svipaða sögu er að segja um Jón Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:36). Þar eru allmörg dæmi um 'e' fyrir /é/, t.d. 'bref', 'frett', 'hedan', 'þenare', 'Tre'. Í þýðingu Jóns Ólafssonar á Nikulási Klím (Jón Helgason 1948:296) er venjulega ritað 'ie' en 'e' kemur einnig fyrir. *Fé* og skyld orð eru þar einnig stundum skrifuð með 'ee', t.d. 'Feelagar'.¹¹⁵ Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:36) eru *fé* og skyld orð ýmist rituð með 'e' eða 'ie', t.d. 'Fesiod' 170 en 'Fie' 63.

Almenn táknun upprunalegs /é/ í JStgrÆv er með 'ie', t.d. *rétt* 'riett' 7, *fékk* 'fieck' 10, *fénu* 'fienu' 17. Þó eru dæmi um að /é/ sé táknað með 'e', t.d. 'hellst' (þt. et.) 87, *stígvélin* 'stigvelenn' 112, og er slíkt eingöngu tilbrigði í ritun en ekki til vitnis um einhljóðsframburð.

Algengt var að rita orðið *fé* á seinni öldum með tákni fyrir einhljóð ('e'). Engin merki um slíka táknun er hins vegar að finna í JStgrÆv og er þetta orð alltaf ritað þar með tákni fyrir tvíhljóð ('ie'): *fénu* 'fienu' 17, *féð* 'fied' 17, 'fied' 17, *fé* 'fie' 19, *féð* 'fied' 19, *fé* 'fie' 24, *fé* 'fie' 24, *félaus* 'fielaus' 39, *lausaféð* 'lausafied' 109, *barnafénu* 'barnafienu' 109, *barnaféð* 'barnafied' 112, *kvikfénað* 'kvikfienad' 115, *fé* 'fie' 121, *fé* 'fie' 121, *fé* 'fie' 121, *Gjaldfé* 'gialld fie' 125, *sauðfé* 'saudfie' 125, *fé* 'fie' 125, *fé* 'fie' 126, *vitafé* 'vita fie' 137, *fé* 'fie' 160, *helmingafélag* 'helminga fielag' 164, *fé* 'fie' 174, *fé* 'fie' 199, *sauðfé* 'saudfie' 200, *sauðfé* 'saudfie' 202, *Sauðfé* 'saudfie' 204, *kvikfénað* 'kvikfienad' 217, *kvikfénaðinn* 'kvikfienadenn' 232, *fé* 'fie' 239, *fé* 'fie' 258, *lausafé* 'lausafie' 258, *fé* 'fie' 259, *félags* 'fielags' 286, *fé* 'fie' 290, *kvikfénað* 'kvikfienad' 297, *fé* 'fie' 298, *tannfé* 'Tann fie' 303, *fémuni* 'fiemune' 308, *fé* 'fie' 333.

Í nokkrum orðum er einhljóðstáknun upprunalegs /é/ þó það algeng í JStgrÆv að líklegt er að það sé til vitnis um framburð. Orðið *bréf*, sem samkvæmt uppruna ætti að vera með /é/, er t.a.m. í JStgrÆv alltaf ritað með 'e': *bréf* 'bref' 6, *bréf* 'bref' 62, *bréfið* 'brefed' 64, *bréfið* 'brefed' 67, *bréf* 'bref' 79, *djáknabréf* 'diacknabref' 83, *þakklætisbréf* 'þacklætisbref' 81, *bréf* 'bref' 87, *bréfin* 'brefenn' 87, *bréf* 'bref' 88, *bréfin* 'brefenn' 88, *bréfunum* 'brefunum' 88, *bréfin*

¹¹⁴ Um þessa breytingu sjá t.d. Björn K. Þórolfsson 1929:232–240, Björn Magnússon Ólsen 1886 og Hrein Benediktsson 1959:298 og 1965:xx. Í *Flateyjarbók* (GKS 1005 fol., 1387–1395, *Orðbog over det norrøne prosasprog: Registre* 1989:470) eru til að mynda merki um hana frá þeim tíma, sjá Kolbrúnu Haraldsdóttur 2004:18.

¹¹⁵ Sjá Jón Helgason 1948:296.

'brefenn' 90, *bréfin* 'brefenn' 90, *bréf* 'bref' 107, *leynibréf* 'leine bref' 112, *bréf* 'bref' 123, *bréf<i>* 'bref<i>' 123, *Bréfið* 'brefed' 123, *bréf* 'bref' 136, *bréfi* 'brefe' 148, *kónsbréfi* 'kongsbrefe' 150, *bréf* 'bref' 158, *bréf* 'bref' 160, *bréf* 'bref' 163, *sendibréf* 'sendebref' 166, *bréf* 'bref' 173, *bréfum* 'brefumm' 186, *bréf* 'bref' 187, *bréf* 'bref' 191, *bréf* 'bref' 191, *bréf* 'bref' 195, *bréf* 'bref' 209, *bréf* 'bref' 209, *bréfin* 'brefenn' 210, *forlátsbréf* 'forlatz bref' 211, *bréfi* 'brefe' 227, *konbónarbréf* 'kon bonar bref' 229, *bréf* 'bref' 229, *þakklætisbréf* 'þacklætis bref' 229, *bréf* 'bref' 229, *bréfin* 'brefenn' 230, *tillögubréf* 'tillógu bref' 230, *bréfum* 'brefum' 235, *bréfið* 'brefed' 238, *bréfi* 'brefe' 239, *bréfin* 'brefenn' 239, *bréfum* 'brefum' 239, *bréf* 'bref' 243, *bréf* 'bref' 243, *bréf* 243 'bref', *bréfi* 'brefe' 243, *bréfsedil* 'bref sedel' 243, *Bréf* 'bref' 245, *bréf* 'bref' 245, *bréf* 'bref' 245, *bréfi* 'brefe' 245, *bréf* 'bref' 277, *bréfi* 'brefe' 278, *bréf* 'bref' 279, *bréfum* 'brefum' 293, *bréf* 'bref' 296, *bréfum* 'brefum' 296, *magtarbréf* 'magtar bref' 301, *bréfum* 'brefum' 305, *magtarbréf* 'maktar bref' 308, *bréf* 'bref' 308, *minningarbréf* 'miningar bref' 324, *bréf* 'bref' 331.

Líklegt er að á eftir hljómandi eins og /r/ hafi tvíhljóðið /é/ haft ógreinilegri tvíhljóðsframburð en í öðru umhverfi.¹¹⁶ Bandle (1956:49) segir hugsanlegt að á eftir (C(C)) + r, l, n kunni tvíhljóðið, sem varð til úr /é/, að hafa verið veikara en annars staðar. Fyrri hluti þess hafi þá verið sérhljóðskenndari vegna undanfarandi hljómandi og þess vegna hafi þar frekar verið notuð sérhljóðstáknunin 'e'. Þetta skýrir þó ekki hvers vegna *fé* og skyld orð eru rituð með 'e' því að /f/ er öngljóð en ekki hljómandi. Dæmin í JStgrÆv um *bréf* virðast styðja þetta. Á móti því mælir hins vegar að önnur orð í JStgrÆv sem innihalda hljóðasambandið /ré/ eru rituð með 'rie', t.d. *rédist* 'riedest' 13, *fréttir* 'frietter' 40, *grét* 'griet' 40, *sorgartrés* 'sorgartries' 44, *réttum* 'ziettum' 117 o.s.frv.

é > *æ* / *_l, r*

Langa sérhljóðið /é/ ([e:]) opnaðist stundum í físl. á milli /v/ og /l, r/ og varð /æ/ ([ɛ:]) í nokkrum orðum, t.d. *hvél, vél, véla, vér* > *hvæl, væl, væla, vær*. Elstu dæmi um þessa stöðubundnu breytingu eru frá 13. öld.¹¹⁷ Elstu dæmin um *vér* > *vær* eru frá því snemma á 14. öld.¹¹⁸ Ýmsar slíkar tvímyndir lifa samhliða í málinu eftir það langt fram eftir öldum jafnvel þótt bæði /é/ og /æ/ hafi síðar tvíhljóðast. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:76) er bæði ritað 'vjer' og 'vær' en fyrri myndin er miklu algengari.¹¹⁹ Í GBibl (Bandle 1956:53) er nær

¹¹⁶ Sjá t.d. Bandle 1956:49.

¹¹⁷ Sjá Kock 1895:140–141.

¹¹⁸ Sbr. Björn K. Þórólfsson 1925:xv.

¹¹⁹ Mörg dæmanna um *vær* í NtOG (Jón Helgason 1929a:76) virðast vera tilbrigði við *vér* í sömu setningu, t.d.: „Og er vér vorum mettir, léttu vær af skipinu og köstuðum korninu í sjóinn. Post. 27.“

alltaf ritað *vær* ‘vær’ en hins vegar *vél* ‘viel’. Í orðabók Jóns Ólafssonar koma fyrir báðar myndirnar, ‘vier’ og ‘vær’, og telur Svavar Sigmundsson (1966:39) að þær hafi „að líkindum verið lifandi í málinu á fyrra helmingi 18. aldar a.m.k.“. Dæmi eru síðan um *vær* í riti langt fram á 19. öld. Það er merkilegt hve lengi þessar tvímyndir lifðu í málinu, a.m.k. í rituðu máli. Eftir að /é/ og /æ/ tvíhljóðuðust urðu þessi hljóð ólíkari en áður í framburði en það virðist samt ekki hafa haft áhrif á það að tvímyndir með /é/ og /æ/ tíðkuðust í margar aldir eftir tvíhljóðunina.

Í JStgrÆv eru tíu dæmi um *vér* á móti tveimur um *vær*:

/vér/: *vér* ‘vier’ 5, *vér* ‘vier’ 60, *vér* ‘vier’ 84, *vér* ‘vier’ 202, *vér* ‘vier’ 264, *vér* ‘vier’ 274, *vér* ‘vier’ 324, *vér* ‘vier’ 324, *vér* ‘vier’ 324, *vér* ‘vier’ 333.

/vær/: *vær* ‘vær’ 98, *vær* ‘vær’ 207.

Sjö dæmi eru um *vél* og skyld orð í JStgrÆv en ekkert um *væl*:

/vél/: *véla* ‘viela’ 12, *stígvélum* ‘stigvielumm’ 52, *stígvélin* ‘stigvelenn’ 112, *vélum* ‘vielumm’ 152, *stígvélum* ‘stigviel|umm’ 317, *stígvél* ‘stigviel’ 340, *stígvélum* ‘stigvielum’ 341.

Dæmin um *vær* í JStgrÆv passa við það sem áður er sagt að slíkar hliðarmyndir virðast hafa tíðkast allt fram á 18. eða 19. öld.

2.1.3 /i, í/

Áherslulétt frammælt e/i

Áherslulétta frammælt sérhljóðið hefur líklega alltaf verið borið fram [i], bæði í físl. og nísl.¹²⁰ Í elstu handritum er það venjulega ritað ‘e’ en um miðja 13. öld fer ‘i’ að vinna á og er algengara en ‘e’ fram um miðja 16. öld.¹²¹ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:20) er ‘i’ algengara í flestum samböndum en í GBibl (Bandle 1956:56) er ‘e’ hins vegar orðið algengara, 1948 tilvik (80,6%) á móti 468 (19,4%) um ‘i’. Ekki er síðan hætt að nota táknið ‘e’ fyrir þetta hljóð fyrr en á 19. öld. Eggert Ólafsson og Jón Ólafsson úr Grunnavík,¹²² sem voru íhaldssamir í stafsetningu, mæla ekki beint gegn því að táknið ‘i’ sé notað fyrir þetta hljóð en mæla þó frekar með ‘e’.¹²³ Finnur Jónsson (1924:xxi–xxii)

¹²⁰ Sbr. Hrein Benediktsson 1962b:14: „There is no reason to believe that the quality of the unstressed front vowel has noticeably changed since Old Icelandic. We may therefore assume that its pronunciation, as well as that of /é/, was in quality, similar to Modern /i/, i.e. [i].“

¹²¹ Sbr. Noreen 1923:123–124 [§145, 1], Björn K. Þórólfsson 1925:xxii og Hægstad 1942:47–49.

¹²² Jón Helgason (1926a:79) segir þetta í umfjöllun sinni um ritgerð Jóns Ólafssonar úr Grunnavík um íslenska stafsetningu: „[...] en aftur sker hann eigi úr um það, hvort heldur skuli rita i eða e í endingum. Þó segir hann, að e sje tíðast í riti, en nálega allir beri fram i, og sje því til mikilla lýta, þegar skáld leyfi sjer rím eins og hugskoted: með.“

¹²³ Eggert Ólafsson segir t.a.m. þetta í *Réttritabókinni* (samræmt og haft eftir Árna Böðvars-syni 1951:165): „Nær eg nú hugleiði þá fornu framflutning og ber hana saman við hina dönsku eður aðrar vorrar aldar í viðlíkum tilfellum, þá kemst eg því næst, að heldur skuli e

vill skýra langlífi ritháttarins ‘e’ með því að áherslulétt /i/ hafi líkst meir /e/ í framburði á 17. öld en nú og það skýri hvers vegna skáld hafi þá getað rímað t.d. *heimili* á móti *sé*.¹²⁴ Engar samtímaheimildir frá síðari öldum styðja þó það að rím eins og þetta sé annað en skáldaleyfi. Svavar Sigmundsson (1966:46) telur hugsanlegt að ritháttur áhersluléttra sérhljóða í erlendum málum, einkum dönsku, hafi hugsanlega stuðlað að því að táknið ‘e’ var notað svo lengi samhliða ‘i’ í íslensku. Mér þykir hins vegar líklegt að mikil uppskriftastarfsemi á 17. öld og síðar hafi haft sitt að segja um það hversu lengi táknið ‘e’ var notað fyrir þetta hljóð. Skrifarar hafi tekið eftir því að ‘e’ var oft notað fyrir þetta hljóð í fornum ritum og hafi hermt eftir því.

Ég hef ekki farið í nákvæma rannsókn á dreifingu ‘e’ og ‘i’ í áhersluléttu atkvæði í JStgrÆv. Greinilegt er hins vegar að langalgengast er að tákna frammæltu áherslulétta sérhljóðið með ‘e’, t.d. *lítið* ‘lited’ 1, *bæði* ‘bæde’ 1, *kunni* ‘kunne’ 2, *hlýðni* ‘hlidne’ 2 o.s.frv. Allmörg dæmi eru þó um að ‘i’ sé notað til að tákna þetta hljóð, t.d. *kuklarinn* ‘kukkl|arinn’ 13, *hinir* ‘enir’ 81, *hnífurinn* ‘hnyfurinn’ 316.

/ing/

Framburður /ing/ hefur lítið breyst frá físl. og hefur líklega alla tíð verið eins og nú, þ.e. [ing]. Enginn mállyskumunur virðist heldur hafa verið á framburði /ing/.¹²⁵ Séra Oddur á Reynivöllum (Stefán Karlsson 1981:258) ritar t.d. undantekningarlítið ‘ing’ eða ‘ijng’ fyrir /ing/. Tvíritun /i/ á undan /ng, nk/ kemur ekki fram í NtOG (Jón Helgason 1929a:19) því að þar tákna ‘i’ bæði /i/ og /i/. Í GBibl (Bandle 1956:28) er oft ritað ‘ij’ á undan /ng/ þó að ‘i’ sé samt tíðara tákn þar fyrir /i/. Í *Kvæðabók úr Vigur* (Jón Helgason 1955a:24) er ritháttur /ing/ á reiki og það annaðhvort ritað ‘ijng’ eða ‘ing’.¹²⁶ Í þýðingu Jóns Ólafssonar á Nikuláasi Klím (Jón Helgason 1948:296) er langoftast skrifað ‘ing’ en nokkur dæmi eru um ‘ing’. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:26)

rita og þó frambera þann hljóðstaf mitt á millum *e* og *i* í öllum nöfnum og orðum. Samt þrætir eg ei stórt hér um við þá, sem heldur hafa *i* útvalið, því að ei ríður á so miklu, en þeir hafa ogsvo víða góð og gild dæmi sér fylgjandi.“

¹²⁴ Finnur Jónsson 1924:xxi–xxii: „Þau dæmi, sem finnast þess, að endíngar *-e* í þríkvæðum orðum er [svo] með áherslu og í hendingum við orð er enda á *e*, eru: *heimile* (:sje, 1,14) [...] Það sýnist vera ljóst, að hljóðið hefur verið öðruvísi en nú og verið nær *e*; vera má að það hafi verið nokkuð ógreinilegt eins og þesskonar endíngarhljóð oft eru, en skáldið gat — sem oftar gert hljóðið sterkara, svo að það gerði fulla hending við *e* í orðum sem *sje* osfrv. Líkt má víst segja um endínguna *-ir, -in, -an* [svo] og *-ið*, sem stundum finst í hending við *-er ... -eð*.“

¹²⁵ Sjá Jón Helgason 1955a:24 og Harald Bernhardsson 1999:145.

¹²⁶ Jón Helgason 1955a:24: „[...] enda ekki kunnugt að vestfirzka hafi um þessi hljóð verið frábrugðin annarri íslenzku.“

er einu sinni ritað 'ij' ('þvijngad' 250) á undan þessu hljóðasambandi og í bréfum Jóns er það nokkrum sinnum táknað með 'ī', t.d. 'alþing' II 239.

Í JStgrÆv er /ing/ yfirleitt ritað 'ing', sbr. t.d.: *minningu* 'miningu' 2, *hingaðburð* 'hingad burd' 3, *fæðingardagur* 'fædingar | dagur' 3, *Flugumýrarþingum* 'Flugumijrarþingum' 3, *Ingiríður* 'Jngerýður' 4, *þingbókum* 'þingbokum' 5, *Ingiríður* 'Jngerijður' 5, *kring* 'kring' 5, *menningar* 'menningar' 5, *signingu* 'signingu' 5, *bringu* 'bringu' 6, *örvinglunar* 'örvinglunar' 8, *hendingu* 'hendingu' 8, *bendingu* 'bendingu' 8, *hughreystingar* 'hughreistingar' 9, *mannvirðingar* 'mannvyrðingar' 9, *þakklæti(s)minning* 'þakklæte minning' 9, *kringluleitur* 'kringluleitur' 14 o.s.frv. Nokkur dæmi eru þó um að sérhljóðið sé táknað 'y' eða 'ij', t.d. *fulltingi* 'fulltynge' 77, *fulltingi* 'fulltjinge' 286. Athyglisvert er að ég hef ekki fundið nein dæmi um tákunina 'ī' eða 'ī' í JStgrÆv fyrir sérhljóðið í /ing/ sem þó er allalgeng til að tákna /i/ í eiginhandarritinu (sjá undirkafla 1.4.1).

2.1.4 /u, ú/

Áherslulétt uppmælt u/o

Í elstu handritum var áherslulétta uppmælt sérhljóðið yfirleitt táknað með 'o' en fljótlega fór táknið 'u' einnig að stinga upp kollinum og um 1300 er það orðið algengara tákni en 'o' fyrir þetta áherslulétta hljóð. Notkun 'o' er hins vegar nokkuð algeng fram á 16. öld og er það t.d. oft notað en 'u' í bréfum Jóns Arasonar biskups.¹²⁷ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:22) er bæði notað 'u' og 'o' fyrir þetta hljóð en hið síðarnefnda er þó miklu sjaldgæfara samkvæmt Jóni. Í GBibl (Bandle 1956:68–69) er 'u' nær alltaf notað fyrir áherslulétta uppmælt sérhljóðið. Á s.hl. 16. aldar hverfur 'o' í þessari stöðu nær alveg en merki eru um það í ritum allt fram á 18. öld.¹²⁸ Prentsmiðjan á Hólum hefur líklega haft sitt að segja um að hætt var að mestu að nota táknið 'o' í þessari stöðu.¹²⁹ Í þýðingu Jóns Ólafssonar á Nikulási Klím (Jón Helgason 1948:296) frá 18. öld er 'o' t.d. einstaka sinnum notað. Þrátt fyrir breytingar á tákun hljóðsins er framburður þess líklega sá sami að fornu og nýju.¹³⁰

Í JStgrÆv er uppmælt áherslulétta sérhljóðið nær alltaf táknað með 'u', t.d. *dætur* 'dætur' 1, *elskendum* 'elskendumm' 1, *verður* 'verdur' 1, *sögðu* 'sógdu' 1 o.s.frv. Nokkur dæmi koma þó fyrir um 'o', t.d. *dóttur* 'dottor' 242.

¹²⁷ Sjá Bandle 1956:69.

¹²⁸ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:xxii.

¹²⁹ Sjá Bandle 1956:69.

¹³⁰ Sjá Hrein Benediktsson 1962b.

-ino/-inu

Í NtOG (Jón Helgason 1929a:22) er algengara að nota táknið ‘o’ fyrir áherslulétta uppmæltu sérhljóðið í þgf. et. hk. með greini en annars staðar. Jón Helgason setur fram þá tilgátu að Oddur Gottskálksson, sem var Norðlendingur, hafi borið fram þetta hljóð með *o*-hljóði og það hafi e.t.v. verið mállýskuframburður þar á þeim tíma. Aðrar heimildir um slíkan mállýskuframburð eru af skornum skammti en þó nefnir Jón Helgason dæmi um ritunina ‘-ino’ í handritinu Add 627 c 4to sem ritað var á Norðurlandi. Jón (1929a:22) ályktar út frá því að *-ino* hafi haldist á Norðurlandi fram á 19. öld. Þetta er þó allt óvíst og hæpið að draga svona víðtækar ályktanir af þessum rýru heimildum. Ólíklegt er að einhvers konar ólíkur framburður á áherslulétta uppmæltu sérhljóðinu hafi myndast í þessu afmarkaða hljóðumhverfi og vandséð hvað hefði átt að valda því.

Engar vísbendingar eru í JStgrÆv um slíkan rithátt og er áherslulétta uppmæltu sérhljóðið ávallt ritað með ‘u’ þar eins og annars staðar, sjá t.d. *veðrinu* ‘vedrenu’ 11, *búrinu* ‘bürenu’ 18, *bakinu* ‘bakenu’ 329 o.s.frv.

-unum > -onum

Í NtOG (Jón Helgason 1929a:21) er þgf. et. af viðskeytta greininum alltaf táknað ‘-unum’ nema einu sinni ‘-onum’. Í GBibl (Bandle 1956:65) er langalgengast að tákna þessa mynd greinisins með ‘-ønum’, t.d. ‘mønnønum’ II Mos 8,18. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:50) er hins vegar alltaf ritað ‘-unum’.¹³¹ Hallgrímur Pétursson rímar einu sinni í Passíusálmunum *-onum* við *vonum*.¹³² Á 19. öld kemur einnig fyrir að þessi ending sé rituð *-onum*.¹³³ Það eru því ýmsar heimildir um það að á síðari öldum hafi almennur framburður þessarar endingar verið *-onum* ([ɔnym]) og jafnvel hafi einnig þekkt myndin *-önum* ([œnym]).

Í nísl. er yfirleitt sagt *-onum* ([ɔnym]) en heimildir eru um að einnig hafi verið til [ɣnym]-framburður á S-Austurlandi um miðja 20. öld og e.t.v.

¹³¹ Konráð Gíslason 1897:257: „-onum. Denne nyislandske endelse har jeg berørt Forml. side 7 § 35 og AnO. 1863 side 394 noten. I brev af 1. febr. 1888 fra dr. Björn M. Ólsen til mig findes, angående denne endelse, en oplysning, som jeg her tager mig den frihed at meddele, i det jeg forudsætter hans godhedsfulde tilladelse: „Framburðurinn *orðonum* er algengur um Norðurland, Vesturland og Suðurland, og er þar að minsta kosti miklu tíðari en *orðunum*. Um Austfirði veit jeg ekki enn með vissu.“ Ikke des mindre har dr. Björn Ólsen gode grunde til at antage, at *orðonum* også på østerlandet er „vanalegt og tíðara miklu en *orðunum*“.“

¹³² Finnur Jónsson 1924:xviii: „Í endingu sem *-unum* hefur HP. víst framborið *u*, þótt einu sinni hittist *-myrkronum* (svo): *vonum* (9,7).“

¹³³ Finnur N. Karlsson o.fl. 2000:510 (frá 1873, Pétur Jónsson 1803–1883): „Í þgf. flt. af no. m. gr. er ritað ‘-onum’ (prestonum, sóknonum).“

lengur.¹³⁴ Sá framburður er nú orðinn allalgengur um allt land og má e.t.v. flokka hann sem ofvöndun í framburði sem eigi þá rætur að rekja til áhrifa frá skólum og rituðu máli.¹³⁵

Í JStgrÆv eru engin dæmi um ritháttinn -‘onum’ í þágufalli fleirtölu af viðskeytta greininum heldur er hann alltaf táknaður -‘unum’. Dæmin eru þessi: *börnunum* og *barnabörnunum* ‘bornunum og barnabörnunum’ 2, *börnunum* ‘börnunumm’ 7, *ásýndunum* ‘a syndunum’ 8, *klukkunum* ‘Klukkunum’ 12, *hryðjuverkunum* ‘hridjuverkunum’ 14, *þúfunum* ‘þufunumm’ 22, *Héraðsvötnunum* ‘hieradsvotnunum’ 24, ‘skriff|armalunum’ 25, *gudspjöllunum* ‘gudspiollunum’ 27, *bógunum* ‘bogunum’ 27, *fótunum* ‘fotunum’ 28 o.s.frv. Óvíst er því hver framburður Jóns hefur verið á þessari endingu.

Endurupptekning hljóðgaps-/u/

Í endingum féll /u/ í fornu máli brott á eftir *á* (*á* og *ǫ*), *ó* og *ú*, t.d. *fám* fyrir *fáum* af lo. *fár*.¹³⁶ Á 15. öld og síðar var því hins vegar víðast hvar skotið inn aftur, líklega fyrir áhrif frá öðrum orðum þar sem -*um* hélst hljóðrétt.¹³⁷ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:24) er /u/ yfirleitt komið inn aftur í þessu umhverfi og einnig í GBibl (Bandle 1956:69–70). Á eftir /ó/ er þar alltaf /u/, t.d. ‘dou I Kg o.s.frv. og á eftir /ú/ alls staðar nema í þgf. ft. kvenkynsorða, t.d. ‘Jomfrum’ II Chr 36,17. Á eftir /á/ er /u/ komið inn hjá so. en ekki nema stundum hjá lo. og í þgf. ft. no., t.d. ‘Triam’ I Mos 2,16. Hjá Jóni Vídalín er það haft á eftir /á/ í 1. p. ft. sagna, t.d. ‘faum’ 43 en hins vegar ekki í þgf. ft. af lo. *fár*, t.d. ‘fam’ 143.¹³⁸

Í JStgrÆv eru fjögur dæmi um lo. *fár* í þgf. ft. og er alltaf innskots-*u*: *Fáum* ‘faum’ 77, *fáum* ‘faumm’ 118, *fáum* ‘fäümm’ 190, *fáum* ‘fäummm’ 305.

2.1.5 /y, ý/

Afkringing /y, ý, ey/

Flestir hafa talið að almenn afkringing kringdu sérhljóðanna /y, ý, ey/ hafi hafist um miðja eða ofanverða 15. öld sem síðan leiddi til þess að /y, ý, ey/ og /i, í, ei/ féllu saman í framburði.¹³⁹ Guðvarður Már Gunnlaugsson (1994:117) heldur því hins vegar fram að þessi afkringing hafi hafist allmiklu fyrr eða á

¹³⁴ Valtýr Guðmundsson 1922:84 [§185, aths. 3].

¹³⁵ Sbr. Jón Ófeigsson 1920–1924:xxv, Stefán Einarsson 1945:8, Valtý Guðmundsson 1922:84 [§185, aths. 3] og Bandle 1956:66.

¹³⁶ Sbr. Noreen 1923:116 [§132].

¹³⁷ Sjá Stefán Karlsson 1989:11 og Bandle 1956:69–70.

¹³⁸ Sjá Svavar Sigmundsson 1966:52.

¹³⁹ Sbr. Stefán Karlsson 1989:7, Björn K. Þórólfsson 1929:240–243 og Hrein Benediktsson 1977:28–46.

s.hl. 14. aldar og byggir þá kenningu aðallega á rithætti fornbréfa. Einnig eru dæmi um afkringingu /y, ý, ey/ í einstökum áhersluléttum orðum, eins og *yfir, fyrir, þykja* > *ifir, firir, þikja*, þegar á f.hl. þrettánda aldar.¹⁴⁰ Niðurstaða Guðvarðar (1994:121) er „[...] sú að afkringingin hafi hafist á Norðurlandi vestanverðu, sennilega í Húnavatnssýslu, þegar á s.hl. 14. aldar, en verið lengi að vinna allt landið og sennilega ekki búin að ná undir sig heilum fjórðungum fyrir 1570“. Í GBibl (Bandle 1956:73–74) eru villur í táknun þessara hljóða t.a.m. hlutfallslega fáar. Stafsetning á ritum séra Odds á Reynivöllum (Stefán Karlsson 1981:276–277) rennir einnig stoðum undir þetta. Á uppvaxtarárum Odds (h.u.b. 1565–1585) var afkringingin ekki hafin að neinu marki á Suðvesturlandi en á efri árum Odds var hann hins vegar farinn að ruglast töluvert í aðgreiningunni. Enn yngri dæmi eru um að rétt sé greint að mestu leyti á milli kringdra og ókringdra hljóða. Í bókum prentuðum í Hólaprentsmiðju til um 1620, eða þangað til Guðbrandur biskup deyr, er t.a.m. að mestu greint rétt á milli *y* og *i*.¹⁴¹ Í Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar (1604–1683) (AM 147 8vo) frá 1665 eru hljóðin *i* og *y* einnig greind svo skýrt „að naumast bregður út af“.¹⁴² Gissur heldur *i* og *y*, *ei* og *ey* alveg aðgreindum en töluvert er hins vegar um rugling á táknun *i* og *y*.¹⁴³ Ýmislegt bendir til þess að *i* og *y* hafi fallið fyrr saman en hin kringdu hljóðin (*y* og *ey*). Í GBibl (Bandle 1956:71–73) eru t.a.m. fleiri dæmi um rugling á táknun *i* og *y* en hinum hljóðunum. Guðvarður Már Gunnlaugsson (1994:70) bendir einnig á handritið AM 180 b fol. (frá um 1500, Árni Björnsson 1969:xxix–xxxi) sem dæmi um þetta en þar eru fjögur dæmi um rugling á táknun /ey/ og /ei/, sex um rugling á táknun /y/ og /i/ en 11 dæmi um rugling á táknun /ý/ og /í/. Mér finnst hins vegar vafasamt að draga víðtækar ályktanir af svo litlum mun og dæmafjölda.

Þótt /y, ý, ey/ og /i, í, ei/ hafi fallið saman í framburði var aldrei hætt að skrifa *y* þótt misjafnlega hafi gengið hjá mönnum að rita það rétt út frá uppruna. Á síðari öldum virðist það mest hafa verið notað sem stafbrigði við ‘i’. Ketill Jörundsson í Hvammi (1603–1670) var einn af fáum seinni alda skrifurum sem lögðu alveg niður gömlu ypsílontáknin. Árni Magnússon, dóttursonur Ketils, fylgdi Katli í fyrstu en fór að tákna ypsílon eftir að hann kynntist betur rithætti fornra handrita.¹⁴⁴ Þegar kemur fram á 18. öld er aftur farið

¹⁴⁰ Sjá Guðvarð Má Gunnlaugsson 1994:32–34, Björn K. Þórólfsson 1929:240–241 og Hrein Benediktsson 1977:31–33. Í nokkrum orðum var ruglingur á *i* og *y* frá fyrstu tíð og tvímyndir al-gengar t.d. á undan *i*, *j* í næsta atkvæði en þá afkringdist oft *y*, t.d. *innýfli/innifli, þykja/þikja, skildi/skylði* (Noreen 1923:127 [§147]), í töluorðum *tvisvar, þrisvar* > *tvisvar, þrysvar* (Noreen 1923:84 [§83]) og orðunum *byskup, myklum, hýbýli, tortína/tortýna*.

¹⁴¹ Sjá Jakob Benediktsson 1960b:160.

¹⁴² Sjá Jón Helgason 1960b:20.

¹⁴³ Sjá Jón Helgason 1960b:22.

¹⁴⁴ Sjá Stefán Karlsson 1989:45.

að rita eftir fornum reglum og er það að miklu leyti fyrir áhrif Árna og manna eins og Jóns Ólafssonar úr Grunnavík sem vildi í stafsetningarritgerð sinni að fylgt væri sömu reglum við ritun ypsílons og að fornu.¹⁴⁵ Í *Réttritabók* Eggerts Ólafssonar, frá því rétt eftir 1760, er síðan gerður skýr greinarmunur á /i/ og /y/.¹⁴⁶

Í JStgrÆv er alger ruglingur á táknum *y, ý, ey* og *i, í, ei*. Ekki er hægt að sjá neitt mynstur á táknanotkun. Hér eru nokkur dæmi: *nytsamleg* ‘nitsamleg’ 6, *myndi* ‘mínde’ 30, *systursyni* ‘systursine’ 38, *fylgulags* ‘filgulags’ 51, *hirðuleysi* ‘hyrduleise’ 57, *lífstjón edur lima-* ‘lyfstjón edur lyma’ 58, *ókyrleiki* ‘okirleike’ 66, *fylgja* ‘filgja’ 63, *sýsli* ‘siðle’ 88, *ynni* ‘jñne’ *mál* 126, *gryft* ‘grifft’ 175, *heyrði* ‘heirde’ 176, *innbyggjendum* ‘Jnbiggjendum’ 216, *lykkjur* ‘lickur’ 260, *nýttu* ‘níttu’ 263, *ásýnd* ‘ásind’ 265, *yppti* ‘jpte’ 334 o.s.frv.

Leifar kringda framburðarins

Frásagnir eru um leifar kringds framburðar *y, ý* og *ey* langt fram eftir öldum þó að þær séu oft ekki jafnöruggar og eldri heimildir um kringda framburðinn.¹⁴⁷ Leifar kringds framburðar *y, ý* og *ey* hafa varðveist í nokkrum orðum í nísl. Kringingin er þá táknuð með ‘u’ eða ‘ju’, t.d. í orðunum *spyrja*, *kjur* (fyrir *spyrja*, *kyrr*), og framburður líkist upprunalegum kringdum framburði *y*. Á síðustu áratugum hefur þessi *u*-framburður að mestu horfið fyrir áhrif frá stafsetningu en þó þekkist hann enn t.d. í algengum framburði á so. eins og *spyrja*, þ.e. [spʏrja] og lo. *kjur* ([c^hʏ:r]).

Eggert Ólafsson tók á 18. öld saman lista yfir orð með *u/ú* fyrir eldra *y/ý*.¹⁴⁸ Aðeins er eitt dæmi á listanum um varðveislu kringds *y*-framburðar, þ.e. *diurd* fyrir *dýrð*. Þetta passar við það sem sagt var hér að framan að /ý/ hafi líklega afkringst fyrr en /y/ og /ey/ og því séu minni líkur á að leifar um kringdan framburð hafi varðveist þar.¹⁴⁹ Konráð Gíslason minnst tvisvar á sérstakan framburð *y* í ritum sínum. Í fyrra tilvikinu (Konráð Gíslason 1846:42) eru upplýsingar hans um þetta ekki frá fyrstu hendi: „3) er sagt, að *y* heyrir enn sumstaðar á Íslandi, eða hafi heyrzt allt fram á vora daga“. Konráð getur hins vegar ekki um hvar á landinu þessi sérstaki ypsílonframburður hafi tíðkast.¹⁵⁰ Í seinna tilvikinu (Konráð Gíslason 1858:5) líkir Konráð framburði

¹⁴⁵ Sjá Jón Helgason 1926a:75.

¹⁴⁶ Sjá Árna Böðvarsson 1951:160–161.

¹⁴⁷ Guðvarður Már Gunnlaugsson (1994:83–89) er með yfirlit yfir síðari tíma dæmi um kringdan framburð.

¹⁴⁸ Sjá Árna Böðvarsson 1951:160–161. Hreinn Benediktsson (1977:37–38) fjallar einnig um þetta.

¹⁴⁹ Ásgeir Bl. Magnússon (1981) ritaði grein um slíkar leifar um kringingu í málinu og nefnir fleiri dæmi úr síðari tíma heimildum. Sjá einnig Árna Böðvarsson 1952:215.

¹⁵⁰ Sbr. Guðvarð Má Gunnlaugsson 1994:89.

þessa hljóðs við danskt *y* en þó sé það ekki alveg sambærilegt. Þessi framburður hafi svo liðið undir lok fyrir um hundrað árum („et Hundredaar siden“).

Björn Magnússon Ólsen (1882:263–264) nefnir nokkur dæmi frá s.hl. 19. aldar um leifar kringds framburðar *y*, t.d. *ukkur* fyrir *ykkur*, *ufrum* fyrir *yfir um* o.s.frv.

Hallgrímur Scheving yfirkennari viku einnig í bréfi 1858 til Konráðs Gíslasonar að sérstökum framburði skólanema þar, Bjarna Sveinssonar (1813–1889) frá Fáskrúðsfirði, á *y*. Hallgrímur segir að Bjarni hafi borið *y* fram á sérstakan hátt og hafi skólapiltum þótt hljóðið „mjónalegt og hjákátlegt“.¹⁵¹ Sveinbjörn Egilsson lýsti framburði Bjarna nánar í óútgefnum málfræðidögum sem varðveitt eru í handritinu Lbs. 456 4to.¹⁵² Erfitt að að segja meira um eðli þessa framburðar þar sem hvorki Hallgrímur né Sveinbjörn skráðu því miður hjá sér dæmi úr máli Bjarna um framburðinn. Hreinn Benediktsson (1977:40) telur ástæðulaust að vefengja orð Hallgríms og Sveinbjarnar.¹⁵³ Fyrirnefnd ummæli Konráðs Gíslasonar virðast einnig styðja það að einhvers staðar á landinu hafi varðveist framburður á *y* sem frábrugðinn var framburði *i*. Þetta væri því enn eitt dæmið um langlífi framburðarmynda sem höfðu breyst löngu áður annars staðar á landinu og til vitnis um það hversu lengi hljóðbreytingar geta verið að ganga yfir allt landið.

Nokkur dæmi í JStgrÆv sýna hugsanlega leifar kringds framburðar. Orðmyndin *drukkur* ‘druckur’ (fyrir *drykkur*) 206 er líklega til vitnis um kringdan framburð. Alls koma fyrir átta dæmi um lo. *kyrr* og skyld orð og er það einu sinni ritað *kjur* ‘kjur’ 113. Annars er það ritað ‘i’ eða ‘y’, t.d. *ókyrleiki* ‘okirleike’ 66, *kyrsetu* ‘kyrsetu’ 143. Athyglisvert dæmi kemur einnig fyrir í JStgrÆv sem sýnir hugsanlega leifar kringingar. Það er orðmyndin *drjukkurútarar* ‘driuckurútarar’ 12 fyrir *drykkjurútarar*.

2.1.6 /æ/

Stöðubundin einhljóðun /æ/

Í nokkrum orðum einhljóðast stundum *æ* ([ai]) > *a* ([a]) á undan samhljóðaklassa. Þetta gerist langoftast í so. *ætla* og skyldum orðum. Myndin *atla* fyrir *ætla* kemur fyrst upp í rímum á 14./15. öld.¹⁵⁴ Á seinni öldum koma slíkar orðmyndir fyrir í talmáli í orðinu *ætla* og jafnvel í fleiri orðum. Í Kvæðabók Gissurar Sveinssonar (Jón Helgason 1960b:24) er á einum stað skrifað ‘øtlum

¹⁵¹ Bréfið var gefið út af Finnboga Guðmundssyni 1970:199–200.

¹⁵² Wolf (1977) gaf út þetta málfræðihandrit Sveinbjarnar.

¹⁵³ Hreinn Benediktsson 1977:40: „[T]he conclusion appears to be inescapable that all the way down to the early or mid nineteenth century a dialect difference existed of which there are no remnants now, as far as is known.“

¹⁵⁴ Sjá Björn K. Þórolfsson 1925:62.

vier' sem sýnir að nafnhátturinn hefur verið *atla*. Þar eru einnig dæmi um öfuga rithætti sem eru þá einnig til vitnis um einhljóðunina, t.d. 'flæktte' fyrir *flakti* og 'Blæktter' fyrir *blaktir*. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:58) er eitt dæmi um einhljóðun *æ* ([ai]), 'Naalagd' fyrir *nálægð* ÆGM 152. Þessi dæmi sýna að stutt /æ/ hefur ekki eingöngu tvíhljóðast í sögninni *atla* heldur einnig í nokkrum öðrum orðum þar sem samhljóðaklasi fór á eftir. Jón Ófeigsson (1920–1924:xxvi) segir t.a.m. að á Austurlandi og Vesturlandi sé tilhneiging til að bera fram orð eins og *sall* með [a] og sérstaklega í áhersluléttri stöðu, t.d. *hvenar*.¹⁵⁵ Í nisl. er síðan greinileg tilhneiging til þess að stutt [ai] einhljóðist og t.d. so. *hækka* sé borið fram [hahka] en ekki [haihka].¹⁵⁶

Í JStgrÆv er sögnin *ætla* og skyld orð alltaf rituð með 'æ'. Hér eru nokkur dæmi: *tilætlaðir* 'tilætlader' 6, *ætlaði* 'ætlade' 9, *ætluðu* 'ætludu' 12, *ætla* 'ætla' 13, *tilætludu* 'tilætlud' 14, *ætla* 'ætla' 16, *ofætlunarverk* 'ofætlunar verk' 17, *ætlaði* 'ætlade' 21, *ætluðu* 'ætludu' 31, *ætlar* 'ætlar' 35, *ætlaði* 'ætlade' 38, *ætlað* 'ætlad' 39, *ætlaði* 'ætlade' 41 o.s.frv.

Í öðrum orðum í JStgrÆv hef ég ekki heldur fundið dæmi um þessa stöðubundnu einhljóðun /æ/, t.d. *nálægt* 'nalægt' 52, *nálægðist* 'nälægðest' 302 o.s.frv.

Annaðhvort hefur einhljóðun ekki þekkt í þessu umhverfi í JStgrÆv eða áhrif eldri stafsetningar eða ritvenju verið sterk.

hvenær/hvenar/hvunar

Í atviksorðinu *hvenær* einhljóðast /æ/ stundum í seinni tíma máli, þ.e. í áhersluléttu atkvæði. Dæmi eru um slíka veiklun þegar á 15. öld.¹⁵⁷ Í GBibl (Bandle 1956:77) kemur fyrir myndin 'hvenar' þó að 'huenær' sé þar algengari ritháttur. Í nisl. er framburður þessa orðs stundum *hvenar* ([k^hvɛ:nar]) eða jafnvel *hvunar* ([k^hvy:nar]) en vegna áhrifa frá málhreinsun er forn mynd orðsins nú sú sem tíðkast í riti og hugsanlega einnig í ræðu þótt rannsóknir vanti á framburði þess í nisl.

Í JStgrÆv eru fjögur dæmi um þetta orð og er í þeim öllum ritað 'æ': *hvönær* 'hvonær' 11, *hvönær* 'hvónær' 27, *hvönær* 'hvónær' 286, *hvönær* 'hvonær' 332.

¹⁵⁵ Jón Ófeigsson 1920–1924:xxvi: „I visse Egne paa Østlandet og Vestlandet er der ogs. Tilbøjelighed til at udtale kort æ i andre Ord paa denne Maade [...]“. Sjá einnig Stefán Einarsson 1945:8. Um einhljóðanir annarra tvíhljóða sjá Björn Guðfinnsson 1946a:66 og 1964:171–179.

¹⁵⁶ Sjá Indriða Gíslason og Höskuld Þráinsson 1993:134.

¹⁵⁷ Björn K. Þórólfsson (1925:72) tiltekur t.a.m. dæmi úr fornbréfi frá 1414 um slíka mynd: 'huonar' DI III 755.

2.1.7 /ö/

/öng/

Tvíhljóðun /ö/ á undan /ng, nk/, ö [œ] > au [œy], er almennt talin hafa hafist um svipað leyti og tvíhljóðun /e/ á undan /ng, nk/, þ.e. um 1300.¹⁵⁸ Auk hins hefðbundna tvíhljóðaframburðar í hljóðasambandinu /öng/ þá eru heimildir frá síðari öldum um annars konar þróun þessa hljóðasambands. Í NtOG er t.d. algengara að skrifa 'o' en 'au' á undan *ng*, t.d. 'þrongua', og telur Jón Helgason (1929a:28) hugsanlegt að sérhljóðið hafi enn verið einhljóð hjá Oddi eins og í vestfirzka einhljóðsframburðinum.¹⁵⁹ Í Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar (Jón Helgason 1960b:20) er langoftast ritað 'ó' eða 'ø' fyrir /ö/ á undan *ng, nk*, t.d. 'þröng', og aðeins tvö dæmi eru um 'au'. Í GBibl (Bandle 1956:77) er /ö/ í /öng/ stundum táknað með 'ø', sem prentsmiðjur fóru að nota á Íslandi á síðari hluta 16. aldar, en yfirleitt er þó notað 'au'. Bandle (1956:78) telur hugsanlegt að tvíhljóðun ö á undan *ng* hafi breiðst út síðar en tvíhljóðun *e* á undan *ng* og Haraldur Bernharðsson (1999:148) tekur undir það.

Eftirfarandi dæmi eru um /öng/ í JStgrÆv og er hljóðasambandið alltaf ritað 'aung' sem bendir sterklega til þess að Jón hafi borið það fram með tvíhljóði: *afturgöngufrásögur* 'afturgaugu|frasögur' 11, *söngur* 'saungur' 12, *göngu* 'gaungu' 17, *löngun* 'laungun' 29, *löngu* 'laungu' 39, *afturgöngur* 'afturgaugur' 53, *steingöngunum* 'stein|gaungunum' 54, *endilöngum* 'Endelaungum' 55, *löngu* 'laungu' 57, *röng* 'raung' 73, *framgöngu* 'frammgaungu' 80, *tannstöngull* 'tannstaungull' 90, *milligöngu* 'millegaungu' 94, *söngur* 'saungur' 99, *söngmön<n>um* 'saungmon<n>umm' 100, *löngun* 'laung|un' 101, *ölföngum* 'olfaungum' 110, *kvenmannssönghljóð* 'kvenmans|saung hliod' 112, *göng* 'gaung' 118, *göngu* 'gaungu' 125, *söngmaður* 'saungmadur' 127, *meðgöngutímann* 'medgaungutyman' 131, *söngmaður* 'saungmadur' 132, *framgöngu* 'framm|gaungu' 132, *stöng* 'staung' 140, *stöng* 'staung' 140, *stöng* 'staung' 140, *aftansöng* 'aftansaung' 140, *milligöngu* 'millegaungu' 152, *forögöngumaður* 'forgaungu madur' 152, *eftirlöngun* 'effterlaungun' 164, *milligöngu* 'mille gaungu' 182, *löngun* 'laungun' 199, *löngum* 'laungum' 213, *ströngustu* 'straungustu' 227, *fyrirgöngu* 'fyrergaugu' 233, *löngu* 'laungu' 235, *inngöngudagur* 'jngaungu dagur' 247, *jarðsöng* 'jardsaug' 257, *Söng* 'saung' 268, *söngmenn* 'saungmenn' 272, *söng* 'saung' 272, *söng* 'saung' 272, *fyrirgöngu*

¹⁵⁸ Sjá Noreen 1923:96 [§105].

¹⁵⁹ Jón Helgason 1929a:28: „Á undan *ng* kemur *au* að vísu fyrir, t. d. þraungt Matt. 7¹⁴, en o er tíðara þar sem ella, t. d. þrongua Matt. 7¹³, sbr.: kronck Mark. 1³⁰. Úr því að Oddur skrifar jafnan eing (sbr. 16. grein), mætti þykja sennilegt, að hann hefði ekki sparast við að rita aung, ef það hefði verið framburður hans. Manni verður því að spyrja, hvort mál hans muni ekki í þessu efni hafa staðið á svipuðu stigi og vestfirzka yfirleitt nú, þar sem menn hafa annars vegar ei, en hins vegar ö, fyrir framan *ng*.“

'fyrer|gaungu' 275, löng 'laung' 280, söng 'saung' 282, söng 'saung' 282, söng 'saung' 291, *inngöngusá(l)m* 'inngaungu psa(l)m' 291, *milligöngu* 'mille gaungu' 294, *söngmaður* 'saungmadur' 313, *lofsöng* 'lofsaung' 325, *söngmaður* 'saungmadur' 325, söng 'saung' 325, *tvísöng* 'tvysaung' 325, *sönglistarhljóð* 'saunglyst|ar hliod' 325, *sönglistin* 'saunglysten' 325, *söngmenn* 'saungmenn' 325, *söngmaður* 'saungmadur' 325, söngs 'saungs' 325, *söngmenn* 'saungmenn' 325, *söngmönnum* 'saungmonnum' 325, *söngurinn* 'saungurinn' 325, söng 'saung' 325, *löngum* 'laungum' 342, *Davidssöngsaltara* 'Davids saung psaltara' 344.

Á undan hljóðasambandinu /nk/ er einnig alltaf ritað 'au': *þönkum* 'þaunkumm' 26, *þönkum* 'þaunkum' 53, *þönkum* 'þaunkum' 58, *þönkum* 'þaunkum' 64, *þönkum* 'þaunkumm' 107, *þönkunum* 'þaunkunum' 162, *hryggðarþönkum* 'hrigdar þaunkum' 164, *þönkum* 'þaunkumm' 184, *þönkum* 'þaunkum' 190, *þönkum* 'þaunkumm' 203, *þönkum* 'þaunkumm' 214, *þönkum* 'þaunkum' 215, *þönkum* 'þaunkum' 241, *þönkum* 'þaunkum' 243, *þönkum* 'þaunkum' 324.

Auk þessara dæma eru allmörg dæmi um öng- í fornafninu *enginn* og er fjallað um þau í undirkafla 3.4.6.

Afkringing /jö/ > /je/

Skömmu eftir eða í kringum siðaskipti kom upp afkringing /ö/ á eftir /j/ þannig að farið var að bera fram orð eins og *mjöl* ([mjœ:l]) sem *mjel* ([mjɛ:l]). Björn K. Þórólfsson (1925:xix) telur að afkringing /jö/ > /je/ geti varla verið eldri en frá s.hl. 16. aldar og e.t.v. sé hún ekki eldri en frá um 1600. Hvorki eru merki um hana í NtOG né GBibl (Bandle 1956:90). Ýmis dæmi eru hins vegar um hana í 17. aldar skáldskap, t.a.m. hjá Hallgrími Péturssyni og Stefáni Ólafssyni.¹⁶⁰ Elsta dæmið um orðmyndina *ket* fyrir *kjöt* er í óprentaðri og ófullgerðri latnesk-íslenskri orðabók Guðmundar Ólafssonar (um 1654–1695) sem varðveitt er í Konungsbókhlöðu í Kaupmannahöfn (í tveimur handritum N1 og N2). Þar stendur á bls. 49: „Ket, v. kiȝt“ og á bls. 59: „kiȝt. caro. al: ket“.¹⁶¹ Páll Vídalín (1667–1727) rímar saman *ket* : *get* (Jón Þorkelsson 1897:107) og *mjeg* : *veg* (Jón Þorkelsson 1897:125). Samtímalýsingu á afkringingu má síðan finna í *Réttritabók* (1762) Eggerts Ólafssonar: „Þar næst má ø setja í flestum þeim (þ.e. orðum), er alþýðan annað slagið framflytur sem e, so sem eru *fiör* : *fier*, *kiör* : *kier*, *hnör* : *hner*, *hvör* : *hver*, *hrör* : *hrer*, *giöf* : *gief*, *kiöt* : *kiet*, *miöl* : *miel*, *tötur* : *tetur* etc.“¹⁶² Af orðum Eggerts má ráða að þessi

¹⁶⁰ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:xix. Svavar Sigmundsson (1966:61) nefnir einnig allmörg dæmi um breytinguna í kvæðum frá 17. og 18. öld.

¹⁶¹ Stuðst var við ljósmyndir í eigu orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

¹⁶² Sbr. Árna Böðvarsson 1951:162.

framburður hafi enn þekkst á 18. öld. Eitt dæmi er um breytinguna hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:60), ‘mielgrautur’ M 67 en annars kemur hún ekki þar fram í rithætti orðanna *fjögur*, *kjöt*, *mjöl* og *smjör*, sbr. t.d. ‘fiögur’ 110.

Breytingin hefur gengið til baka í flestum þessara orða í nísl. en enn tóra myndir eins og *kjet*, *smjer* og *fjegur*. Á f.hl. 20. aldar virðast hafa tíðkast nokkru fleiri tvímyndir en nú. Valtýr Guðmundsson (1922:26 [§45]) nefnir t.a.m. eftirfarandi dæmi um kringdar og ókringdar tvímyndir: *djefsi/djöfsi*, *fjelga/fjölga*, *fjer/fjör*, *fjeritíu/fjörutíu*, *fjetur/fjötur*, *ker/kjör*, *ker (Víðiker) / kjör*, *‘kjarr’*, *spjer/spjör*, *‘föt’*, *stjel/stjöl*. Sumar myndanna segir hann þó að komi eingöngu fyrir í kveðskap. Ekki voru menn þó sammála á þessum tíma um hversu lifandi slíkar afkringingarmyndir væru. Jóhannes L.L. Jóhannsson (1923:208) segir t.a.m. að flestar þeirra séu ekki lengur lifandi:

Úr því þetta á að vera málfræði nútíðarmálsins sé eg litla ástæðu til að taka myndir sem *fjer*, *fjetur*, *mjeg* (f. *fjör*, *fjötur*, *mjög*), því þær eru úreltar nú þótt þær finnist í eldra nýmáli. Aftur eru myndirnar *fjegur*, *mjel* o. fl. enn með góðu lífi og því rétt, eins og gert er, að taka þær.

Ýmsar ástæður eru fyrir því að upphaflegar myndir (*jö*) urðu aftur algengari en afkringingarmyndir (*je*). Afkringingin virðist aldrei hafa verið mjög útbreidd og hefur líklega aðeins náð til nokkurra orða. Hún virðist hafa verið algengust á Austurlandi þó að dæmi um hana séu úr öllum fjórðungum.¹⁶³ Svavar Sigmundsson (1966:62–63) telur líklegt að *je*-framburðurinn hafi náð um allt land en þó hugsanlega aldrei nema til hliðar við upprunalega *jö*-framburðinn. Hugsanlegt er að hreintungustefnan hafi átt hlut að máli hvað varðar útrýmingu afkringingarmynda.¹⁶⁴ Í þá átt bendir það að nær engin merki eru um *je*-framburðinn hjá Jóni Ólafssyni úr Grunnavík og Jóni Vídalín sem báðir voru undir áhrifum hreintungustefnunnar. Einnig styður þá kenningu að Eggert Ólafsson talar um *je*-framburðinn sem alþýðuframburð,

¹⁶³ Sjá Harald Bernharðsson 1999:148. Haraldur vísar t.a.m. í dæmi um *sje* fyrir *sjö* í kvæðabók séra Árna Gíslasonar (1755–1840) á Stafafelli í Lóni (Jón Helgason 1965:xl, 181). Sjá einnig dæmi hjá Jóhannesi L. L. Jóhannssyni 1924:44.

¹⁶⁴ Svavar Sigmundsson 1966:62–63: „/je/-framburður hefur líklega tíðkapt um allt land meira og minna, og eru nú til tvímyndir af flestum þessum orðum. Hinn upphaflegi framburður hefur e.t.v. alltaf lifað samhliða hinum, en ritháttur hefur að öllum líkindum stutt að sigri fornu myndarinnar, sem nú er miklu algengari. /je/-framburður hefur hins vegar haldizt í nokkrum föstum orðasamböndum. Þannig er ætíð sagt, að *e-h brotni í mjel* eða *mjelinu smærra* og að *mala e-h mjelinu smærra*. Einnig er sagt: *áfram með smjerið*, og það er fast að segja: *meðan hann getur tuggið smjerið*. Ætíð er líka talað um *óféti*.“ Í *Merg málsins* (Jón G. Friðjónsson 2006:601, 791) eru gefnar upp tvímyndir með og án kringingar af orðatil-tækinu *mala e-n mjölinu/mélinu smærra* en eingöngu kringingarmynd af *áfram með smjórið*.

sbr. orð hans hér að framan. Önnur hugsanleg skýring á hvarfi afkringingarmynda er að afkringingin hafi lítið dreifst og aldrei orðið meira en mállýskuframburður sem að lokum hafi orðið að lúta í lægra haldi fyrir hinum almenna framburði. Afkringingin hefur þá samkvæmt því aldrei náð að festa sig almennilega í sessi. Þróunin hefur þá e.t.v. verið svipuð og með lokhljóðun *lf, rf > lb, rb* (sjá undirkafla 2.2.4).

Í JStgrÆv eru engin dæmi um þessa afkringu. Í orðinu *smjör* og skyldum orðum er t.d. alltaf ritað tákni fyrir kringt rótarsérhljóð: *smjörlaus* ‘smiorlaus’ 25, *smjóri* ‘smiore’ 90, *smjörs* ‘smiors’ 116, *smjördall* ‘Smiórdall’ 119, *smjöríð* ‘smiored’ 119, *smjörs* ‘smiórs’ 126, *smjör* ‘smiór’ 137, *smjörs* ‘smiors’ 178, *smjörs* ‘smiórs’ 181, *smjörs* ‘smiors’ 204, *smjörfjórðung* ‘smiorfiord|ung’ 205, *smjörs* ‘smiors’ 205, *smjörs* ‘smiors’ 206, *smjör* ‘smior’ 236, *smjörfjórðung* ‘smiorfiordung’ 314, *smjörs* ‘smiors’ 315, *smjör* ‘smior’ 315, *smjóri* ‘smiore’ 339, *smjörinu* ‘smiorenu’ 339.

Orðið *kjöt* er einnig alltaf ritað með tákni fyrir kringt rótarsérhljóð í JStgrÆv, t.d. *hrossakjöt* ‘hrossakiot’ 126, *kjöt* ‘kiot’ 236 o.s.frv.

Jón Steingrímsson var ekki austfirskur og bjó aldrei á Austurlandi þannig að hugsanlegt er að *je*-framburðurinn hafi ekki þekkt í hans nærumhverfi.

2.1.8 Tvíhljóðun /á/ og /ó/

Tvíhljóðanir sérhljóðanna /á/ og /ó/ eru viðamiklar breytingar á íslenska sérhljóðakerfinu þótt lítil merki þeirra sjáist í skrift.¹⁶⁵ Þær virðast hefjast fyrir síðaskipti en eru ekki að fullu leyti gengnar um garð fyrr en löngu seinna. Flestir telja að tvíhljóðun /á/ og /ó/ hafi hafist á 15. öld og t.d. er í fornbréfi frá 1447 örnefnið *Skógum* (þgf. ft. af *Skógar*) ritað ‘skofvm’.¹⁶⁶ Annars eru engin örugg dæmi um hana fyrir 1600.¹⁶⁷ Ýmislegt er óljóst um útbreiðslu tvíhljóðunar /á/ (> [au]). Björn K. Þórólfsson (1925:xi) telur þó nokkuð ljóst að

¹⁶⁵ Hreinn Benediktsson 1977:42, nmgr. 1: „The diphthongization of *á* and *ó* did not affect their spelling directly, so that dating it to the same period is based on systemic considerations alone.“

¹⁶⁶ Sjá Jón Axel Harðarson 2004:205: „Við höfum því aðeins óbeinan vitnisburð um hljóðbreytinguna. Fornbréf frá 28. feb. 1447 sýnir dæmi um hvarf *g* [ɣ], eða öllu heldur breytingu þess í [u], á eftir *ó* [ou] í bæjarnafninu *Skógum*. Í bréfinu var þetta nafn fyrst ritað <skofvm>, en það síðan leiðrétt í <skogvm> (sjá Stefán Karlsson 1963:382). Upphaflegi rithátturinn ber vott um framburðinn [skou:om], þ.e.a.s. hér hafði *ó* breytt í [ou], en sú breyting hafði aftur í för með sér að *g* [ɣ] samlagaðist síðari þætti tvíhljóðsins. Á sama hátt breyttist *g* [ɣ] í [u] á eftir [au] < *á*, sbr. rithætti eins og <láu> fyrir *lágu* (þt. af *liggja*) frá 16. öld og síðar. Framburður nútímamáls sýnir þetta einnig.“

¹⁶⁷ Sbr. Hrein Benediktsson 1959:298 og Bandle 1956:35: „Da sich sonst vor 1600 keine sicheren Anzeichen für die Diphthongierung finden, scheint sie zwar im 15. Jahrh. begonnen zu haben, jedoch vor 1500 nicht stark verbreitet gewesen zu sein.“

á 16. öld sé *á* orðið að tvíhljóði þótt óljóst sé hvenær það hafi gerst. Eingöngu eru óbein merki um þessa breytingu í skrift, ólíkt tvíhljóðun /é/. Það er talið vera til merkis um þessa tvíhljóðun þegar því er sleppt að rita upprunalegt /g/ og /f/ ([v]) milli /á, ó/ og sérhljóðs, t.d. ‘þeir læu, slou, drou, Rouna, mioan’.¹⁶⁸ Seinni liður tvíhljóðanna *á* [au] og *ó* [ou] kemur þá í stað öngljóðanna *g* [ɣ] og *f* [v]. Dæmi eru um hvarf /f/ [v] í þessari stöðu frá fyrri helm- ingi 15. aldar þótt það hafi ekki orðið algengt fyrr en á 16. öld. Engin dæmi eru hins vegar um að ‘g’ sé ekki táknað í slíku umhverfi, t.d. ‘lau’ fyrir *lágum*, fyrr en á 16. öld.¹⁶⁹ Dæmi um slíkt koma fyrir í GBibl (Bandle 1956:134) og Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar (Jón Helgason 1960b:23). Í bréfum Jóns Vídalíns (Svavar Sigmundsson 1966:80) eru einnig nokkur dæmi um þetta brottfall, t.d. ‘hlou’ II 229, ‘lau’ IX 8. Á 17. öld er vikið að tvíhljóðseðli /á/ í málfræði Runólfs Jónssonar. Guðrún Kvaran (1993:128) minnst á þetta í umfjöllun sinni um málfræði Runólfs: „Langt *a* segir hann sambærilegt latneska tvíhljóðanum *au* og nefnir *haad* sem dæmi [...]“.¹⁷⁰

Vitað er að tvíhljóðun /æ/ var lengi að ganga yfir landið eða meira en 300 ár og er hugsanlegt að svipað hafi verið uppi á teningnum með tvíhljóðanir /á/ og /ó/.

Í JStgrÆv eru nokkur dæmi um að ‘g’ sé ekki táknað á milli /á/ eða /ó/ og sérhljóðs. Ég hef fundið þessi dæmi: *lágum* ‘läu’ 15, *lágum* ‘laumm’ 35, *lágum* ‘lau’ 63 og *slógum* ‘sloum’ 123.

Annars er alltaf ritað ‘g’, t.d. *plágummi* ‘plagunne’ 11, *mágur* ‘mägur’ 39, *lágur* ‘lagur’ 58, *lágur* ‘lagur’ 66, *lágum* ‘lagu’ 70, *lágum* ‘lagu’ 90, *mágur* ‘magur’ 212, *lágum* ‘lagu’ 235, *mágur* ‘magur’ 238, *mágur* ‘magur’ 239, *plágum* ‘plagumm’ 256, *lágum* ‘lagu’ 275.

2.1.9 Tvíhljóðun /æ/

Um miðja 13. öld afkringdist *ø* [ø:] og féll saman við *æ* [ɛ:].¹⁷¹ Samfallshljóðið tvíhljóðaðist síðan (> [ai]) og hefur sú breyting líklega hafist á 14. öld.¹⁷² Björn

¹⁶⁸ Sjá Bandle 1956:34–35.

¹⁶⁹ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:xi.

¹⁷⁰ Sbr. einnig Hægstad 1942:83: „Kor gamall denne tviljodingi er, gjev ikkje skrifterne opplysning um, med di den lange og den stutte vokal alltid er skrivne anten *á* eller *a* etter g.norsk skikk [...]. At uttalen fyre midten av 17. hundr. hev vore tviljod som no, ser me av denne setningi hjaa Runolphus: „*A longum prorsus ac Latinorum dyphthongus Au* effertur, ut *haad*, *irrisio*“ Gram. Run. s. 4, som daa maa ha vore uttala *hauð* liksom no.“

¹⁷¹ Sjá Stefán Karlsson 1989:7.

¹⁷² Bandle 1956:36: „Da die Kürzung in *atla* schon in Rímur des 14./15. Jahrhunderts, diejenige in *hvenar* ebenfalls schon im 14. Jahrh. auftritt (s. §47), ebenso die Schreibungen *-ægi* für *-agi* seit ca. 1400, muss die Diphthongierung von *æ* spätestens im 14. Jahrh. begonnen haben.“ Um tvíhljóðunarafbrigðið *ie* af /æ/ sjá Orešnik 1982.

K. Þórólfsson (1925:xviii) telur að tvíhljóðun *æ* hafi „byrjað einhversstaðar á landinu síðast á 14. öld“ en tvíhljóðið hafi þó ekki náð mikilli útbreiðslu fyrr en eftir 1550 og sé um 1600 vafalaust orðið miklu algengara en einhljóðið. Þetta er því enn eitt dæmið um breytingu sem er lengi að ganga yfir. Eins og með tvíhljóðanir /á/ og /ó/ þá eru aðallega óbein merki um tvíhljóðun /æ/, dæmi eins og ‘dæinn’ fyrir *daginn*. Merki um hana sjást einnig t.d. í einhljóðun *æ* > *a* sums staðar í áhersluléttri stöðu, t.d. í *hvenær* > *hvenar*, sem fjallað er um í undirkafla 2.1.6. Ef *æ* [ɛ:] hefði veiklast í áhersluléttu atkvæði á forníslenskum tíma áður en það tvíhljóðaðist hefði mátt búast við stuttu frammæltu einhljóði /e/ ([ɛ]). Dæmi eins og *hvenar* virðast því benda til þess að *æ* hafi verið orðið tvíhljóð ([ai]) áður en það veiklaðist því að annars hefði mátt búast við dæmum eins og **hvener* eða jafnvel **hvenir*.

Eingöngu eru óbeinar vísbendingar um tvíhljóðun /æ/ í JStgrÆv en þær sýna þó greinilega að /æ/ hefur verið orðið tvíhljóð í máli Jóns. Rithættir eins og *lagi* ‘læge’ 28, *hagi* ‘hæge’ 47, *þægilegt* ‘þæelegt’ 151, *gægjur* ‘giæur’ 233 í JStgrÆv eru vísbending um að /æ/ sé þar orðið tvíhljóð. Einnig er til vitnis um slíkt öfugur ritháttur, þ.e. þegar ‘a’ er táknað fyrir /æ/ eins og í þessu dæmi í JStgrÆv, *mér lægi á* ‘mier lage a’ 213. Það að Jón Steingrímsson ritar þarna ‘a’ fyrir /æ/ bendir til þess að hann hafi ekki heyrt mun í framburði á /a/ og /æ/ á undan /gi, gj/. Eins og fjallað er um í undirkafla 2.2.5 þá er að finna merki um brottfall /g/ á milli sérhljóða frá því um 1400, t.d. ‘læe’ fyrir *lægi* í GB. Í upprunalegum samböndum af gerðinni /agi, agi/ varð því eftir einhvers konar tvíhljóð [ai]/[aj] og eðlilegt að því hafi verið ruglað saman við framburð /æ/ eftir að það tvíhljóðaðist og framburður þess breyttist í [ai]. Einnig benda orðmyndir eins og *Mýrdalingar* ‘Myrdalingar’ 186 í JStgrÆv hugsanlega til tvíhljóðsframburðar /æ/ því að eins og áður sagði þá styttist tvíhljóðið [ai] í [a], sbr. framburðarmyndina *hakka* í nisl. fyrir *hækka*.

Eitt dæmi er hugsanlega um að /æ/ sé táknað með ‘e’ í staðinn fyrir ‘æ’ í JStgrÆv: *kv[æ]ði* ‘kv[e]de’ 283. Rótarsérhljóðið er þó ógreinilegt í handritinu.

2.1.10 Flámæli

Flámæli er það nefnt þegar frammæltu miðlægu sérhljóðin /i, u/ eru höfð fjarlægari en venja er eða frammæltu fjarlægu sérhljóðin /e, ö/ nálægari en venja er.¹⁷³ Atviksorðið *suður* [sy:ðyr] er þá t.a.m. borið fram *söður* [sœ:ðyr].

¹⁷³ Flámælið var einnig nefnt *hljóðvilla* og fleiri nöfnum. Sjá Stefán Einarsson 1928–1929:275: „The phenomenon has been given many names: *Suðurnesjamál*, *Nesjamál*, or *Sunnlenska*, all fixing it to a certain place, although none of them is wholly in accordance with the facts as they are now. But they indicate where the phenomenon was first discovered or where the change was thought to have arisen.“ Lesa má um flámælið hjá Birni Guðfinnssyni 1981:35 og Indriða Gíslasyni og Höskuldi Þráinssyni 1993:128–129.

Óvíst er um aldur þessarar róttæku breytingar á sérhljóðakerfinu. Benedikt Gröndal (1885:13) virðist fyrstur minnst á flámæli á /i/ berum orðum og Marius Hægstad (1910:42) er sá fyrsti sem talar um flámæli á /u/.¹⁷⁴ Líklegt er að flámæli sé eldra í málinu en það, eins og til að mynda Björn Guðfinnsson,¹⁷⁵ Stefán Einarsson¹⁷⁶ og Ásgeir Blöndal Magnússon¹⁷⁷ telja.¹⁷⁸ Árni Böðvarsson (1960:17–18) nefnir nokkur dæmi um flámælisrithætti í þjóðsagna-handritum Jóns Árnasonar frá um 1860–1880, bæði í áhersluatkvæði, t.d. ‘riri’ fyrir *reri*, ‘git’ fyrir *get* og ‘sömarkdaginn’ fyrir *sumardaginn*, og í endingum, t.d. ‘byrjödust’ fyrir *byrjudust*. Í síðasta dæminu er þó hugsanlega um að ræða alhálfingu beygingarvíxla (*a – ö*, *byrjaði – byrjöðu*) frekar en flámæli. Slík *a/ö*-víxla eru algeng, t.d. í nafnorðum *fjall/fjöll* og annað dæmi um slíka alhálfingu er að finna í sögu orðsins *hérað* þar sem *nf./þf. ft. var h eruð* en síðar kom upp myndin *héröð*. Þetta eru annars líklega elstu öruggu flámælisdæmin. Björn M. Ólsen ferðaðist um landið og skrifaði hjá sér mállyskuorð og athuganir um framburð í vasabækur. Í vasabókum hans, sem eru frá árunum 1872 til 1892, er á nokkrum stöðum getið um flámælisframburð, t.d. *hlötur* fyrir *hlutur* og *skelið* fyrir *skilið*.¹⁷⁹

Hugsanlega er hægt að túlka ýmis eldri ummæli sem svo að þar sé minnst á flámæli. Í nýlegri grein eftir Scott (2003) þar sem fjallað er um 17. aldar pappírshandrit af Eyrbyggju er t.a.m. bent á að í þeim sé hugsanlega að finna merki um

¹⁷⁴ Sjá Guðvarð Má Gunnlaugsson 1987:168.

¹⁷⁵ Björn Guðfinnsson 1981:36: „Um uppkomu eða aldur flámælisins er erfitt að segja að svo stöddu. Ekki munu enn hafa fundist örugg dæmi þess í rituðu máli eða ljóðum eldri en frá síðustu öld. Þó má fullyrða að flámælið er miklu eldra.“

¹⁷⁶ Stefán Einarsson 1928–1929:277: „How old the phenomenon is, is unknown, but probably it dates back to the middle of the last century. Much older it can scarcely be. R. Rask (Anvisning till Isländskan ... 1818) and Konráð Gíslason (Fjölnir II and III 1836–37) do not mention it.“

¹⁷⁷ Ásgeir Bl. Magnússon 1959:10: „Líku máli gegnir um flámælið svonefnda; þess er hvergi getið í heimildum, en ýmislegt bendir þó til þess, að það sé líka farið að láta á sér bæra þegar á 18. öld.“

¹⁷⁸ Sigrún María Ammendrup (2007) skrifaði nýlega BA-ritgerð um flámælið: *Flámæli á 19. öld. Rannsókn á stafsetningu einkabréfa*.

¹⁷⁹ Sjá Guðrúnu Kvaran 2010:341: „Björn notarer kun enkelte ord som han har hørt udtalt på denne måde, dog uden kommentarer:

(15) a. Fra Hornafjörður:

hlötur (= *hlutur*), *skröma* (= *skruma*), *föma* (*fuma* [svo]), *þöma* (= *þuma*), *set* (= *sit*), *fet* (*fit* [svo])

b. Fra Öræfi i Austur-Skaftafellssýsla:

skelið (= *skilið*), *heimeli* (= *heimili*), *meðvetund* = *meðvitund* [svo], *reta* (= *rita*), *mekill* (= *mikill*) og *andletinu* (= *andlitinu*).“

flámæli og það séu þá elstu þekktu dæmin um það.¹⁸⁰ Dæmi um flámæli frá f.h.l. 19. aldar er hugsanlega að finna í lýsingu á Eydalssókn frá árinu 1840 sem Snorri Brynjúlfsson (1789–1851) skrifaði (ÍB 18 fol. b, bl. 250–256, Finnur N. Karlsson o.fl. 2000:478): „giska ritar hann [þ.e. Snorri] ,gietska‘.“

Á fyrri hluta síðustu aldar var flámælið orðið mjög algengt, sérstaklega á Suðvesturlandi (þar á meðal í Reykjavík), Austurlandi og í Húnavatnssýslum, og fátt virtist geta stöðvað framrás þess.¹⁸¹ Á skömmum tíma hvarf það hins vegar að mestu og er útrýming þess eitt skýrasta dæmið um bein áhrif málhrensunar á þróun íslenskunnar.¹⁸² Líklegt er að almenn barnakennsla í skólum, sem tekin var upp 1907, hafi haft mest um það að segja að það skyldi takast.¹⁸³ Björn Guðfinnsson kenndi barnaskólakennurum á námskeiðum veturinn 1945–1946 aðferðir til að leiðrétta flámæli hjá börnum.¹⁸⁴ Árið 1947 sagði Björn (1981:38) að flámælið væri víðast hvar mjög í sókn. Eftir það var sóknin gegn flámælinu efld til muna en sú barátta hafði þó hafist fyrr. Óljóst er

¹⁸⁰ Scott 2003:161: „The manuscript [þ.e. ÍB 18o 8vo] is of both textual and linguistic interest; it is closely related to but not derived from the lost vellum *Vatnshyrna*, it contains what may possibly be interpreted as the oldest known examples of the dialectal sound change known as “flámæli”, and it is also a source of information about seventeenth-century social life in the Borgarfjörður district.“

Scott 2003:169: „A very special feature of both hands is the confusion between /u/ and /ö/ (written <au>, cf forms like ‘laund’, ‘faudur’) and between /i/ and /e/: examples in Hand i are ‘saumer’ (*sumir*) 1.16 (twice), ‘Saudur eigyum’ (*Suðureyjum*) 1.17-18, ‘fraum’ (*frum*) 155.13, ‘hlaut’ (*hlut*) 196.19, 20-21, in Hand ii ‘hlaupu’ (*hlupu*) 17.16, 18, 45.12, ‘hlaustar’ (*hlustar*) 22.16, ‘hlautum’ (*hlutum*) 82.3. The confusion between /e/ and /i/ occurs in one form only, but in both hands: ‘hifdi’ (*hefði*) 31.13, 33.15, 74.6, 89.12, 126.5, 134.11, 143.7, 169.1 (Hand i), and 26.1 (Hand ii).

The occurrence of these exceptional forms in both hands strengthens the impression of a near relationship between the scribes. The forms can possibly be taken as evidence of the dialectal development known as “flámæli” (“slack-jawed speech”), attested from the South-West and East of Iceland in the early twentieth century, but of unknown age and origin.“ Til stuðnings því að þessi dæmi séu til vitnis um flámæli er að a.m.k. annar skrifarinn virðist stafsetja meira eftir talmálinu en almennt tíðkaðist hjá skrifurum.

¹⁸¹ Sbr. Björn Guðfinnsson 1964:83–88, 97–98, 105–108.

¹⁸² Í vesturíslensku lifði flámælið hins vegar áfram góðu lífi. Birna Arnbjörnsdóttir (1987:34) telur að þegar notkunarvið vesturíslenskunnar hafi þrengst og það hafi hætt að vera fullgilt þjóðmál hafi það „hraðað einföldunarferlum eða máleinkennum sem helst koma fram í óformlegu máli“.

¹⁸³ Stefán Einarsson (1934:150) segir frá því hve erfitt var fyrir kennara að leiðrétta flámælið: „Mér skildist, að eigi einungis gætu kennararnir ekki gefið börnunum neina reglu fyrir því, hvar vera ætti e og hvar i, heldur væru þeir einnig sjálfir öldungis ófróðir um, að fyrirkoma þessarra [svo] hljóða væri nokkrum reglum háð.“ Sjá einnig Björn Guðfinnsson 1981:38: „Börn, sem eru að byrja að tala, læra þessi hljóð [þ.e. flámæltu hljóðin] á örskömmum tíma. Hafna þau undantekningarlítið réttmælishljóðunum ef hin eru í boði og flámælishljóðunum sleppa þau ekki aftur átakalaust.“

¹⁸⁴ Sbr. Kjartan G. Ottósson 1990:137.

hvenær flámælið fór að láta undan síga. Þegar næsta stóra mállýskurannsókn var gerð, svokölluð RÍN-rannsókn, sem Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason stóðu fyrir á árunum upp úr 1980, var flámælið nær alveg horfið. Samkvæmt Höskuldi og Kristjáni (1984:121–125) komu hins vegar fram sterkar vísbendingar um það að í máli reykvískra ungmenna væri tilhneiging til að hafa /ö/ nálægari en venja er og segja t.d. eitthvað í átt við *bluð* fyrir *blöð*. Í könnun Björns Guðfinnssonar var hins vegar miklu algengara að /e/ væri flámælt. Þetta bendir e.t.v. til þess að flámælið eigi aftur eftir að færast í aukana, enda ótrúlegt ef tekist hefði að kveða alveg niður svo víðtæka breytingu.¹⁸⁵

Þrjú dæmi í JStgrÆv benda hugsanlega til flámælis. Í fyrsta dæminu er rôtarsérhljóðið torlesið en virðist vera ‘e’: *p[i]ssaði* ‘p[e]ðade’ 33. Sérhljóðið er óljóst í handritinu en hvorki er punktur né broddur yfir því eins og stundum er yfir ‘e’. Á öðrum stað í JStgrÆv er einnig hugsanlega dæmi um flámælisbreytinguna /ö/ > /u/: [...] *heldur gaf svoddan blessan mörgum nauðstuddum* ‘nauðstuddum’ *nóga lífsbjörg þar í kring* (fyrir *nauðstöddum*) 313. Í þessu dæmi hafa hugsanlega flækst fyrir Jóni skyld orð eins og *stuðningur* og hljómlík orð eins og lh. þt. *studdur* sem hafa rôtarsérhljóðið /u/. Í þriðja hugsanlega flámælisdæminu er rôtarsérhljóð sérnafnsins *Lundarreykjadalur* ritað ‘au’: *Lundarreykjadal* ‘Laundar Reikiadal’ 244. Eins og kemur fram í greinargerð fyrir táknanotkun í JStgrÆv þá er ‘au’ stundum notað þar til að tákna /ö/ og stæði það þá e.t.v. hér fyrir framburðinn *Löndarreykjadalur*. Rétt er þó að gera ekki of mikið úr þessum orðmyndum í JStgrÆv. Engin óyggjandi dæmi eru þar um flámæli og þetta gætu allt verið pennaglöp eða orðmyndir sem mætti skýra öðruvísi en með flámæli. Slíkt kemur ekki á óvart þar sem engin örugg dæmi eru um flámæli fyrr en á seinni hluta 19. aldar eins og áður sagði.

¹⁸⁵ Sbr. Höskuld Þráinsson og Kristján Árnason 1984:125: „Segja má að gamla flámælið sé á undanhaldi, en upp sé komin nýjung, sem raunar er ólík gamla flámælinu að því leyti að hún tekur frekar til fjarlægari hljóðanna, og þá einkum /ö/. En hins vegar er ljóst að þetta stefnir í sömu átt hvað varðar samfall frammæltu miðlægu hljóðanna.“

2.2 Samhljóð

Svipað er að segja um samhljóðabreytingar og sérhljóðabreytingar, flestar þær afdrifaríkustu höfðu runnið sitt skeið löngu fyrir tíma JStgrÆv.¹⁸⁶ Í þessum kafla er því lögð áhersla á að veita gott yfirlit yfir samhljóðakerfið á tíma JStgrÆv og stundum leitað aftur í aldir eftir uppruna hljóðbreytinga.

Á 14. öld urðu ýmsar lokhljóðunarbreytingar, t.d. $\partial > t/k, p_-$ (t.d. *spekð > spekt*), $\partial > d/l, n, m_-$ (t.d. *hulði > huldi*) o.s.frv.¹⁸⁷ Sumar þessara lokhljóðana hafa síðan gengið til baka, e.t.v. að sumu leyti fyrir áhrif frá stafsetningu, eða alveg horfið (t.d. breytingin *lf, rf > lb, rb*) en aðrar hafa orðið altækar (*fl, fn > bl, bn*) eða tóra enn sem mállýskur (t.d. *bð-, gð-*framburðurinn).

Önnur tilhneiging í samhljóðakerfinu sem gengur þvert á lokhljóðunarbreytingar er önghljóðun eða veiklun lokhljóða. Slíkar breytingar í íslensku eru misgamlar, allt frá önghljóðun /k/ og /t/ í áhersluléttri stöðu, sem hófst þegar á 13. öld, og til línælisins sem hugsanlega er ekki eldra en frá um 1800.

Brottföll samhljóða eru algengust í samhljóðaklösum. Þau hafa verið algeng alla tíð í sögu íslenskunnar, sbr. t.d. ritháttinn ‘vats’ fyrir *vatns* í físl. Fjallað er um ýmis slík brottföll í umfjölluninni hér á eftir.

Hér á eftir er fjallað um breytingar sem verða á hverju einstöku samhljóði.

2.2.1 /b/

Brottfall /b/ milli samhljóða

Í físl. hverfur /b/ stundum á milli /m/ og annars samhljóðs.¹⁸⁸ Ýmis dæmi eru einnig um slíkt brottfall frá seinni öldum. Í GBibl (Bandle 1956:112) fellur /b/ til að mynda brott í ‘gamrar’ fyrir *gambrar* og ‘dramsamur’ fyrir *drambsamur*.

Í JStgrÆv er eitt dæmi um þetta brottfall: *drambsamir* ‘dramsamer’ 344. Oftast er brottfall þó ekki táknað þar, t.d. *lambsins* ‘lambsins’ 20, *kimbla* ‘kimbla’ 137, *drambsemi* ‘drambseme’ 137.

2.2.2 /d/

Brottfall /d/ milli samhljóða

Í físl. og seinni tíma máli fellur /d/ brott í ýmsum samhljóðaklösum.¹⁸⁹ Í GBibl (Bandle 1956:114) hverfur /d/ til að mynda á milli /l/_/b/: ‘tiallbuden’ (fyrir *tjaldbúðin*), /n/_/g/: ‘syngast’ (fyrir *syndgast*), /l/_/l/: ‘toruellegt’ (fyrir *torveldlegt*), /l/_/n/: ‘wllna’ (fyrir *úldna*), /n/_/l/: ‘anlitz’ (fyrir

¹⁸⁶ Sjá t.d. yfirlit hjá Hreini Benediktssyni 1962a.

¹⁸⁷ Sjá Stefán Karlsson 1989:15.

¹⁸⁸ Um hvarf *b* milli samhljóða sjá Noreen 1923:212 [§291, 1], Hægstad 1942:118 og Stefán Einarsson 1945:13, 25.

¹⁸⁹ Sjá Noreen 1923:212–213 [§291,2].

andlits), /n/_/n/: ‘bunner’ (fyrir *bundnir*) og á milli /n/_/s/: ‘ansvar’ (fyrir *andsvar*). Slíkt brottfall /d/ á milli samhljóða er einnig algengt í NtOG (Jón Helgason 1929a:30). Engin dæmi eru hins vegar um brottfall /d/ í svona umhverfi hjá Jóni Vídalín nema í orðinu ‘sunnmagar’ M 67 fyrir *sundmagar*. Er þetta líklega til vitnis um íhaldssemi og stöðlun í stafsetningu Jóns.¹⁹⁰

Í JStgrÆv hverfur /d/ stundum á milli /n/ og /s/, t.d. *andspænis* ‘anspænis’ 151 og *andsvar* ‘ansvar’ 143 og auk þess stundum á milli /l/ og /r/: *galdrabeitinga* og *kveðskap* ‘gallra heitinga og qvedskap’ 132, *á unga aldri* ‘allre’ 261. Einnig kemur fyrir dæmið *áðurnefn*<d>s ‘adurnefns’ 78 þar sem hugsanlega hefur gleymst að rita ‘d’. Það er því ljóst að alloft er brottfall /d/ úr samhljóðaklösum táknað í JStgrÆv. Algengast er samt að það sé táknað í samhljóðaklösum, t.d. *Guðbrands* ‘gudbrands’ 5, *lands* ‘lands’ 14 o.s.frv.

2.2.3 /ð/

Brottfall /ð/

Hljóðið /ð/ hverfur stundum á milli samhljóða í físl. og seinna máli.¹⁹¹ Í GBibl (Bandle 1956:118) fellur það t.d. brott á milli /r/_/g/: ‘skurgod’ (fyrir *skurðgodð*), /r/_/l/: ‘harla’ (fyrir *harðla* (stundum)) og stundum á milli /r/_/n/: ‘hørnudu’ (fyrir *hörðnuðu*), ‘vorner’ (fyrir *orðnir*) en hins vegar koma einnig í GBibl fyrir dæmi eins og ‘hardnade’ og ‘ordner’. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:73) er /ð/ sjaldan sleppt á milli samhljóða, t.d. ‘Skurdgoda’ 29, 74, en þó eru nokkur dæmi um það, t.d. ‘Skurgod’ 24.

Í JStgrÆv eru dæmi um brottfall /ð/ úr samhljóðaklasa í samdráttarmyndum af lh. þt. af so. *verða*: *orðnir* ‘orner’ 105, *orðnir* ‘orner’ 292, *orðnir* ‘orner’ 316. Í einu dæmi um samdráttarmynd lýsingarháttarins er /ð/ hins vegar táknað: *fullorðnum* ‘fullordnum’ 17.

Í sérnafninu *Svarfardalur* hefur /ð/ einnig fallið brott í framburði í JStgrÆv og með því atkvæðið sem það stóð í, sbr. *Svarfardal* ‘Svarfardal’ 21, *Svarfardal* ‘Svarfardal’ 115. Eitt dæmi enn er um orðið í JStgrÆv og hefur ‘f’ þar einnig fallið niður að auki. Líklegast er að brottfall ‘f’ sé þar pennaglöp frekar en til vitnis um framburð þótt slíkt sé að vísu ekki óhugsandi: *Svarardal* ‘Svarardal’ 107.

Enn eitt dæmi bendir til þess að framburður önghljóðsins /ð/ hafi verið orðinn veikur eða óskýr á 18. öld, þ.e. *pínaktuðum* ‘pyn|agtudumm’ 272 fyrir *pínaktugum*. Þar er ‘d’ ritað í stað ‘g’ í viðskeytinu *-ugur* sem bendir til þess að framburður önghljóðs-ð og -g hafi verið orðinn óskýr á milli sérhljóða.

¹⁹⁰ Sjá Svavar Sigmundsson 1966:72–73. Í orðabók Björns Halldórssonar (1992:472) er orðið ritað með ‘d’: „**Sundmagi**, *m. fistula aërea asellorum*, Svømmeblære.“

¹⁹¹ Sjá Noreen 1923:213 [§291, 3].

Nokkuð skýrt dæmi er einnig um brottfall /ð/ á milli sérhljóða í orðinu *nýprentaður* þar sem brottfall þess hefur valdið því að heilt atkvæði hefur fallið niður í orðinu: *nýprent⟨að⟩ar góðar bækur* ‘nyprentar godar bækur’ 67. Þetta gæti þó hugsanlega einnig verið ritvilla.

Í nísl. hefur framburður forsetninganna *að* og *af* fallið nær alveg saman ([a:]). Í JStgrÆv er hugsanlega vísbending um hið sama en þar kemur fyrir þessi setning: *Þá við sáum hann ætlaði að lifna við gátum við ei gjört að okkur fyrir hlátri að þessu okkar starfi*. Táknið ‘d’ í forsetningunni fyrir seinna *að*-ið í setningunni virðist í handritinu vera sambland ‘d’ og ‘f’, þ.e það er eins og Jón hafi fyrst ritað ‘f’ og síðan ‘d’ ofan í það. Það er því hugsanlegt að munur áherslulétu forsetninganna *að* og *af* hafi þegar verið orðinn óljós á s.hl. 18. aldar.

Það eru því ýmsar vísbendingar í JStgrÆv um að raddaða tannmæltá önghljóðið [ð] hafi þegar á 18. öld verið orðið veikt í framburði á milli sérhljóða eða í áhersluléttri stöðu og e.t.v. frekar líkst nándarhljóði ([ð̥]) í framburði eins og það gerir oft í nísl.

/ð/ í efsta stigi af lo. hár, stór

Dæmi eru um það á 16. öld að skotið sé inn /ð/ í est. af lo. *hár*, líklega fyrir áhrif frá nafnorðinu *hæð*.¹⁹² Á síðari öldum kemur slík áhrifsbreyting einnig fyrir í est. lýsingarorðsins *stór*, þ.e. *stæðstur*. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:29) koma fyrir dæmin ‘hædstur’, ‘stædstur’ (stundum) og ‘ydsta’ og í GBibl (Bandle 1956:119) eru einnig dæmi um þetta, t.d. ‘hædste’ Psalt 47,3 og ‘stædstu’ I Mach 10,37, þótt upprunalegar myndir séu algengari. Þessi ritháttur var mjög algengur á 17. og 18. öld. Nokkur dæmi eru um hann í RM.¹⁹³ Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:74) koma einnig fyrir myndir með /ð/, t.d. ‘Hædsta’ 111 og ‘stædsta’ ÆGM 147. Konráð Gíslason (1845:62) vísar að þessum framburði í *Fjölni*: „*hærsti* [...] er hvorki ritað eptir framburði nje uppruna: menn segja *hæðsti*, — en meginhluti orðsins er há, og eptir því á að rita *hæsti*.“ Í nísl. er framburður með [ð] í est. þessa lýsingarorðs allalgengur í talmáli.¹⁹⁴

Allmörg dæmi eru í JStgrÆv um /ð/ í est. *hæðstur* og skyldum orðum: *hæðsta* ‘hædsta’ 35, *hæðstur* ‘hædstur’ 58, *hæðstarétti* ‘hædsta riette’ 160, *hæðsta* ‘hædsta’ 163, *hæðstu* ‘hædstu’ 227, *hæðst* ‘hædst’ 290, *hæðstu* ‘hædstu’ 333, *hæðstri* ‘hædstre’ 344.

¹⁹² Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:90.

¹⁹³ ‘hædztr’ HistPín B, IIIr (16m), *‘hædstur’ HPPass V, 6 (17m), *‘hædsta’ HPPass XXV, 13 (17m), ‘hæðsta’ JMPísl, 59 (17m), ‘hæðstu’ Ísl 3, 62 (19m), ‘hæðsta’ Alm 1889, 80 (19s), ‘hæðst’ Þjv 1, 99 (19s), ‘hæðsta’ Þjv 2, 101 (19s).

¹⁹⁴ Hjá Valtý Guðmundssyni (1922:98 [§205, b]) er eingöngu sýnt est. *hæstur* af þessu lýsingarorði.

Í JStgrÆv kemur /ð/ einnig einu sinni fyrir í est. af lo. *stór*: *Stæðstu* ‘stæðstu’ 344. Algengust er þó þar upprunaleg mynd og á það líklega rætur að rekja til íhaldssemi í stafsetningu: *stærsti* ‘stærste’ 14, *stærstu* ‘stærstu’ 34, *stærstu* ‘stærstu’ 45, *allra stærstu* ‘allrastærstu’ 46, *stærstu* ‘stærstu’ 68, *stærstu* ‘stærstu’ 95, *stærstu* ‘stærstu’ 97, *stærstu* ‘stærstu’ 121, *stærsta* ‘stærsta’ 204, *stærsta* ‘stærsta’ 213, *stærstu* ‘stærstu’ 263, *stærsta* ‘stær|sta’ 267.

dýrka, dýrkun, dýrmatur

Í nokkrum orðum er /ð/ stundum táknad í síðara alda máli þótt það hafi verið horfið úr þeim þegar í físl. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:30) er t.a.m. ritað ‘d’ í *dýrmatur* (‘dyrdmætann’). Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:74) er þetta orð og önnur skyld ýmist rituð með ‘d’ eða án, t.d. ‘dýrka’ 35, ‘dýrkader’ 25 en ‘dyrdkadur’ 40, ‘dyrdkun’ 74. Í nútímamáli er lo. *dýrðlegur* bæði borið fram með ð og án þess.¹⁹⁵ Líklegt er að í sumum þessara skyldu orða, t.d. *dýrka*, sé /ð/ táknad vegna tengsla við grunnorðið *dýrð*. Óvíst er hins vegar hvort það hefur heyrst í framburði, enda heyrst ekki [ð] í því í nútímaframburði.

Þrjú dæmi eru í JStgrÆv um *dýrkun* og fjögur um so. *dýrka* og eru öll rituð án ‘d’ í handritinu: *dýrkunar* ‘dyrkunar’ 44, *gudsdýrkan* ‘guds dyrkan’ 99, *guds-dýrkun* ‘gudsdyrkun’ 155, *dýrka* ‘dýrka’ 213, *dýrkaður* ‘dyrkadur’ 241, *dýrka* ‘dýrka’ 248, *dýrka* ‘dýrka’ 271. Eitt dæmi er í JStgrÆv um *dýrmatur* og er það ritað án ‘d’: *dýrmætt* ‘dyrmætt’ 318.

þetta/þettað

Í nf. og þf. hk. et. af fornafninu *sjá/þessi* kemur upp á síðari öldum ný mynd, *þettað*, í stað upprunalegu myndarinnar *þetta*. Samkvæmt Katrínu Axelsdóttur (2003:59–60) er elsta dæmið um orðmyndina *þettað* að finna í bréfabók Þorláks Skúlasonar biskups (1597–1656). Katrín telur að upphafstími breytingarinnar gæti verið mið 17. öld, hún sé orðin nokkuð útbreidd á 18. öld og hafi haldið áfram á 19. og 20. öld.

Engin dæmi eru því í GBibl (Bandle 1956:120) um *þettað* fyrir upprunalegt *þetta*. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:74) er hins vegar eitt dæmi, ‘þettað’ M 69. Formið *þettað* er einnig algengt í nísl.¹⁹⁶ Þar er upprunalega myndin *þetta* líklega samt aftur orðin algengari en hin.¹⁹⁷ Hljóðið /ð/ í þessum myndum er líklega annaðhvort uppfyllingarhljóð í bakstöðu (svipað

¹⁹⁵ Sjá Sigfús Blöndal 1920–1924:133.

¹⁹⁶ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:43, 113 [§§98, 232, aths.].

¹⁹⁷ Katrín Axelsdóttir 2003:60: „Ekki verður hér reynt að athuga útbreiðslu breytingarinnar, en á síðustu tímum hefur án efa verið reynt að berja hana niður, og nú er myndin *þetta* líklega miklu algengari í talmáli en *þettað*.“

og hefur gerst með *svo* og *þau* en algengt er að uppgómmælt raddað öngljóð ([y]) sé borið fram í enda þeirra og skrifað á síðari öldum, *svog*, *þaug*) eða eftir fyrirmynd nf./þf. et. af *sá*, þ.e. *það*. Myndin *þettað* gæti einnig hafa komið upp fyrir áhrif ofvöndunar, sbr. Katrínu Axelsdóttur (2003:60): „Myndin *þettað* gæti eins átt rætur að rekja til ofvöndunar. Í bakstöðu fellur *ð* oft á eftir sérhljóði (t.d. *það* > *þa*, *að* > *a*) og þessi regla er þá ranglega yfurfærð á myndina *þetta*.“

Í JStgrÆv hef ég fundið eitt dæmi um þetta form: *þettað* ‘þettað’ 185. Annars er þessi orðmynd alltaf rituð án ‘d’, t.d. *þetta* ‘þetta’ 2, *þetta* ‘þetta’ 2, *þetta* ‘þetta’ 7, *þetta* ‘þetta’ 7, *þetta* ‘þetta’ 7, *þetta* ‘þetta’ 8, *þetta* ‘þetta’ 8, *þetta* ‘þetta’ 72, *þetta* ‘þetta’ 72, *þetta* ‘þetta’ 72, *þetta* ‘þetta’ 257 o.s.frv.

-ðsk-, -ðsl-

Flest orð sem höfðu upphaflega /ðsk/ (‘zk’) í forníslensku, t.d. *nízka*, *gæzka*, hafa fengið framburðinn [sk] í nísl., t.d. *níska*, *gæska*. Hjá nokkrum orðum hafa komið upp tvenns konar myndir, með [sk] og [ðsk]. Í RM koma til að mynda allmörg dæmi fyrir um *níðska*,¹⁹⁸ *níðskur*¹⁹⁹ og *gæðska*²⁰⁰ frá ýmsum tímum auk mynda af þeim án /ð/. Í nísl. eru þessi orð alltaf borin fram án [ð] og því má velta því fyrir sér hvort dæmi um að ‘d’/‘ð’ sé táknad í þessum dæmum séu ekki bara rithefð og er sú skýring trúleg.

Í forníslensku var hljóðaklasinn /ðsl/ oftast ritaður ‘zl’, t.d. físl. *fözla*, *leizla*, nísl. *faðsla*, *leiðsla*. Í forníslensku hefur hljóðasambandið hljómað líkt og [tsl].²⁰¹ Í seinni tíma máli koma fyrir tvímyndir, /sl/ og /ðsl/, af sumum þessara orða. Í RM koma t.d. fyrir nokkur dæmi um *hirðsla*²⁰² í stað *hirska*. Myndir með [ð] hafa líklega verið teknar upp vegna líkinda við skyld orð með [ð], t.d. *hirða*. Í nísl. er nær alltaf /sl/ í þessum orðum.

Í JStgrÆv er orðið *gæska* og skyld orð alltaf án /ð/: *gæsku* ‘giæsku’ 3, *gæsku* ‘giæsku’ 28, *gæskuverk* ‘giæsku verk’ 273, *manngæsku* ‘manngiæsku’ 279, *gæsku-*

¹⁹⁸ /níðska/: ‘níðska’ JÓlGrvKlím, 128 (18m), ‘Níðsku’ PontSannlGuðhr, 88 (18m), ‘níðska’ LFR V, 58 (18s), ‘níðska’ ÁHelgPred II, 25 (19f), ‘níðsku’ Viðbibl Sr 11, 17 (19m), *níðskur* KolbGrSálm C, Iv (17ms).

¹⁹⁹ /níðskur/: ‘níðskur’ GÞPost Oo, Vr (16s), ‘nyðska’ ViðPost II, 240 (18f).

²⁰⁰ /gæðska/: ‘gøþskv’ EÓlHarm, 36 (18m), ‘Giædska’ VErlJÁrn, 4 (18m), ‘gædska’ LFR XI, 219 (18s), ‘gædska’ LFR XI, 217 (18s), ‘gjædska’ Viðbibl Rt 1, 8 (19m), ‘gjædska’ Viðbibl 2M 34, 7 (19m).

²⁰¹ Sbr. Hrein Benediktsson 1965:75: „Historically, this no doubt implies the merger of *t*, *þ*, and *d* before *s* into a stop which was identified with *t*, and it also implies the development of a stop in the clusters *lls* and *nms*, resulting in their merger with *lds* and *nds* respectively.“

²⁰² /hirðsla/: ‘hirdzla’ OGottNýjat Opb 18, 2 (16m), ‘hirdslum’ Alþb I, 310 (1575) (16s), ‘Hirdslu’ GuðbrÞorlBibl Jer 50, 25 (16s), ‘hirðslafjöldi’ JGuðmSfr, 16 (17f), *‘hyrdslu’ BGissLbs, 171 (17ms18f), ‘hirdsla’ K XVIII1 A1, 221 (1737), ‘hirðsla’ Frankl, 79 (19m).

rika ‘giæsku ryka’ 279, *gæskuríki* ‘giæskuryke’ 292, *gæsku* ‘giæsku’ 294, *gæska* ‘giæska’ 309, *gæskuljómi* ‘giæskuliome’ 310, *gæsku* ‘giæsku’ 324, *gæskuverk* ‘giæsku verk’ 329.

Hið sama er að segja um orðið *níska* og skyld orð. Þau eru alltaf rituð án /ð/ í JStgrÆv: *nískheitum* ‘nyskheitum’ 47, *nísku* ‘nysku’ 319.

Í JStgrÆv eru allmörg dæmi um /ðsl/ og er alltaf ritað ‘dsl’, t.d. *guðhræðslan* ‘gudhræðslann’ 6, *hræðslu* ‘hræðslu’ 36, *handleiðslu* ‘handleid|slu’ 42, *hræðslu* ‘hræðslu’ 58, *hræðsla* ‘hræðsla’ 83, *bjarghræðslu* ‘biarg hræðslu’ 84, *hræðslu* ‘hræðslu’ 97, *hræðslu* ‘hræðslu’ 102, *hræðslu* ‘hræðslu’ 128, *hleðslu* ‘hledslu’ 172, *vitnaleiðsla* ‘vitnaleidsla’ 185, *vitnaleiðslubing* ‘vitna leidslu þyng’ 187, *hræðslu* ‘hræðslu’ 203, *vitnaleiðslurugl* ‘vitna leidslu rugl’ 205, *leiðslu* ‘leidslu’ 267, *guðhræðslan* ‘gudhræðslann’ 285, *eyðslusamri* ‘eidslusamre’ 288, *hræðslu* ‘hræðslu’ 322, *hræðslu* ‘hræðslu’ 337.

2.2.4 /f/

Lokhljóðsframburður *f* og *g* kom upp í hljóðasamböndunum *fð* og *gð*, t.d. *habbði* ([hapði]) fyrir *hafði* ([havði]) og *saggði* ([sakði]) fyrir *sagði* ([sayði]). Heimildir um þennan framburð í eldra máli eru fáar en þó eru t.d. dæmi um hann í rími hjá Jóni Arasyni (1484–1550).²⁰³ Fyrst er minnst á hann í bréfi frá Sveinbirni Egilssyni til Rasmusar Kr. Rasks árið 1817 og einnig í málfræðihandriti Sveinbjarnar, Lbs. 304 8vo IV (frá um 1835–1840, sbr. Tryggva Gíslason 1964:29).²⁰⁴ Í nísl. er þessi framburður enn til á Norðurlandi þó að hann hafi látið undan síga á síðustu öld.²⁰⁵ Engin dæmi í JStgrÆv benda hins vegar til þessa framburðar, sbr. orðmyndirnar *hafði* ‘hafde’ 316, *sagði* ‘sagde’ 15 o.s.frv.

Brottfall /f/ milli samhljóða

Í físl. eru ýmis dæmi um brottfall /f/ á milli samhljóða eins og t.d. í so. *þarfnask*.²⁰⁶ Í GBibl (Bandle 1956:22) fellur /f/ brott á milli /r/_/ð/, t.d. ‘hordu’ (fyrir *horfðu*), /r/_/n/, t.d. ‘þarnast’ (fyrir *þarfnast*), og /r/_/t/, t.d. ‘þyrfti’ (fyrir *þyrfti*). Í Ambáles rímum Páls Bjarnasonar (f. um 1635) er hvarf

²⁰³ Jóhannes L.L. Jóhannsson (1924:108) telur að þetta sé upphaflegur framburður hljóðasambandsins: „Hins vegar hefir þetta gengið þvert á móti norðanlands og vestan, því þar hefir forni framburðurinn á *ggð* haldizt óbreyttur fram á vora daga, og ljóðin þaðan bera vott um, að svo hafi og á miðöld verið, t. d.: „*Snöggur fór í Snóksbyggð*“ (Bs. II, 579, lausav. Jóns Arasonar).“ Jóhannes L.L. Jóhannsson (1923:207) segir einnig: „[...] *f* og *g* á undan *ð*, t. d. *hafði* og *habbði*, *sagði* og *saggði*, þar sem ið fyrra er sunnlenzka og austfirzka, en hitt norðlenzka nokkuð gömul og líka vestlenzka (í syðra hluta fjórðungsins).“

²⁰⁴ Sjá Sigríði Önnu Þórðardóttur 1977:28–29.

²⁰⁵ Sbr. Höskuld Þráinsson og Kristján Árnason 1986:53–60 og Björn Guðfinnsson 1946a:169.

²⁰⁶ Sjá Noreen 1923:213 [§291, 4].

/f/ í þessari stöðu staðfest af rími, t.d. *gerði* : *erfði* (VI. ríma, 46 er.), *horfði* : *orði* (IX. ríma, 30 er.).²⁰⁷ Hjá Jóni Vídalín eru hins vegar nær engin dæmi um brottfall /f/ á milli samhljóða, t.d. ‘erft’ 10, ‘halft’ XIII 77.

Í JStgrÆv sjást merki um brottfall /f/ í nokkrum orðum bæði á milli /r/ og /t/ og á undan /st/:

/rft/: *þyrfti* ‘þyrte’ 150, *þurfti* ‘þurte’ 236, *þyrfti* ‘þyrte’ 236.

/fst/: *vafstri* ‘vastre’ 154, *vafstur* ‘vastur’ 184.

Algengara er hins vegar að ‘f sé ritað, t.d. *þurfti* ‘þurfte’ 10, *þurfti* ‘þurfte’ 30, *þurfti* ‘þurfte’ 33, *þurfti* ‘þurfte’ 40, *þurfti* ‘þurfte’ 40, *þurfti* ‘þurfte’ 41, *þurfti* ‘þurfte’ 52, *þurfti* ‘þurfte’ 91, *þurfti* ‘þurfte’ 93, *þurfti* ‘þurfte’ 97, *þurfti* ‘þurfte’ 99, *þurfti* ‘þurfte’ 109, *þurfti* ‘þurfte’ 131, *þurfti* ‘þurfte’ 134, *þurfti* ‘þurfte’ 137, *þurfti* ‘þurfte’ 155, *þurfti* ‘þurfte’ 212, *þurfti* ‘þurfte’ 235, *þurfti* ‘þurfte’ 236 o.s.frv.

fg > ggv

Í GBibl (Bandle 1956:126) kemur fyrir dæmið ‘þungur Svefnhøggue’ I Mos. Bandle telur að hér sé ekki um hljóðavíxl að ræða heldur innskot /v/ á eftir /g/. Frálíking hafi síðan valdið því að fyrra *v*-ið hafi fallið brott: *-höfgi* [hœvci] > *höfgvi* [hœvkvi] > *höggvi* [hœkvi]. Óljóst er þó hvað hefði átt að valda *v*-innskoti í slíku umhverfi. Einfaldast er að gera hér ráð fyrir hljóðavíxlum.

Í JStgrÆv er eitt dæmi um þessa breytingu þar sem upprunalegt /fg/ er táknað ‘ggv’ í orðinu *svefnhöfgi*: ‘svefn hoggve’ 163.

ft/pt, fs/ps

Þegar í elsta máli féllu /p/, /pp/ og /f/ saman í framburði á undan /t/ og /s/. Trúlega hafa þau verið órödduð öngljóð ([f]) eins og í nísl.²⁰⁸ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:41–42) er venjulega skrifað ‘p’ fyrir framan ‘t’ nema stundum í orðum þar sem /f/ er greinilegt í öðrum orðmyndum og ósjaldan einnig í öðrum orðum, t.d. ‘efter’ Matt. 13³⁴. Á undan /s/ er alltaf ritað ‘p’ en í GBibl (Bandle 1956:112) annaðhvort ‘f’ eða ‘p’. Aðeins eitt dæmi er hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:75) um ‘p’ á undan /s/: ‘hripsa’ 183. Á undan /t/ er /f/ hins vegar ýmist ritað ‘p’, ‘f’ eða ‘ff’ hjá Jóni (sjá nánari umfjöllun um táknun þessa hljóðasambands í JStgrÆv í undirkafla 1.4.2).

Þessi hljóðasambönd eru rituð með ýmsum hætti í JStgrÆv, t.d. ‘ft’: *jarpt* ‘jarft’ 14; ‘fft’: *giptingardegi* ‘gifftingardege’ 259, *gryft* ‘griff’t’ 175, *kreptti* ‘kreffte’ 27 eða með ‘pt’: *treptti* ‘trepte’ 43, *tóftarmynd* ‘toptarmind’ 241. Í JStgrÆv koma fyrir tvö dæmi um að hljóðaklasinn /rpt/ sé ritaður ‘rft’: *jarpt* ‘jarft’ 14, *jarpt* ‘jarft’ 15.

²⁰⁷ Sjá Svavar Sigmundsson 1966:77.

²⁰⁸ Sjá Stefán Karlsson 1989:14, Noreen 1923:180 [§240, 2] og Hægstad 1942:63.

lf, rf > lb, rb

Lokhljóðun *f > b* á eftir *l* og *r* kemur upp þegar um 1200 en virðist ekki hafa breiðst mikið út fyrr en á 14. öld.²⁰⁹ Kolbrún Haraldsdóttir (2004:20) bendir til að mynda á dæmi úr Flateyjarbók (GKS 1005 fol., 1387–1394) um breytinguna, t.d. ‘bálba’ fyrir *bjálfa*.²¹⁰ Jón Helgason (1955b:x) segir að merki séu um þessa breytingu í fornbréfum frá Borgarfirði í vestri til Svarfaðardals í norðri og segir um dreifinguna: „[...] it can hardly be a mistake to assume that it belonged particularly to the northern part of the West and the western part of the North“. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:32) eru örfá dæmi um breytinguna, t.d. ‘ylfbrannar’ Matt. 2.¹⁸ (ef. et. af *ýlfran*) og ‘dirfbiz’ Róm. 5.⁷ (fyrir *dirfist*). Táknunin ‘lfb’/‘rfb’ táknar líklega einhvers konar millistig í lokhljóðuninni og skrifarinn verið óviss hvernig ætti að tákna þessi hljóðasambönd. Í GBibl (Bandle 1956:125) kemur hún einnig fyrir í nokkrum orðum, t.d. ‘Kalbenn’ III Mos 9,8 fyrir *kálfinn*. Ein fyrstu ummælin um þennan framburð eru hjá Eggerti Ólafssyni í *Réttritabókinni* (1762) þar sem hann kallar þau „bögunæli almúgans“.²¹¹ Það virðist hægt að álykta út frá þessu að frekar hafi verið litið niður á þennan framburð. Guðbrandr Vigfússon (1864:xlv) getur þess í formála að Eyrbyggjuútgáfu sinni að hann hafi heyrt þegar hann var ungur vestur í Dölum *lb*-framburðinn hjá manni fæddum 1762.²¹² Hins vegar nefnir Guðbrandr engin dæmi úr máli mannsins um *rb*-framburð sem hann telur að sé sjaldgæfari en tíðkist þó enn við Breiðafjörð.²¹³ Þetta passar ekki við orð Björns K. Þórólfssonar (1925:xxvi) um dreifinguna fyrr á öldum en Björn ýjar að því að *rb*-framburðurinn hafi verið algengari en *lb*-fram-

²⁰⁹ Sbr. Björn K. Þórólfsson 1925:xxvi, Noreen 1923:174 [§237, 3], Ásgeir Bl. Magnússon 1959:18 og Hoffory 1887:14. Sjá má mörg dæmi um breytinguna í forníslensku hjá Konráði Gíslasyni 1846:211–212.

²¹⁰ Kolbrún Haraldsdóttir 2004:20: „Außerdem finden sich bei Jón vereinzelt Beispiele für den Übergang von *lf* zu *lb* und *rf* zu *rb*; FlJ: bálba 505 (m.pl.akk., *bjálfi*, ‚Perzjacke‘), orb 273 (n.sg., *orf*, ‚Sensengriff‘), – doch diese letztgenannten Entwicklungen hin zu Verschlusslauten haben sich im modernen Isländischen wieder rückgebildet.“

²¹¹ Sjá Árna Böðvarsson 1951:171: „Eggert talar um framburðinn *lb*, *rb* fyrir *lf* og *rf* og segir, að þessi ritháttur finnist að vísu í fornum skjölum og megi vera, „að almúginn hafi so forðum talað eða nokkrir menn af honum, eins og enn brúkast á vorum dögum.“ Sem dæmi þessa nefnir hann m. a. *golb*, *kalbur*, *starb*, *þaurb* fyrir gólf, kálfur, starf, þörf, en kallar slíka bókstöfun „ei eftirbreytandi“. „Það vita allir, að þessi framburður með *b* kallast nú bögunæli almúgans.“ (2003 [þ.e. Lbs. 2003 4to], 59.–63. bls.).“

²¹² Guðbrandr Vigfússon 1864:xlvi: „Im isl. Westlande hört man noch hier und da, wie im Deutschen *lb*, *rb* statt *lf*, *rf*. Ich erinnere mich aus meiner Kindheit eines 80jährigen (geb. 1762), der stets: *hálbr*, *álbr*, *kálbr*, *sjálbr*, *úlbr*, *silbr*, *kólbr*, *tólbr* sagte.“

²¹³ Guðbrandr Vigfússon 1864:xlvi: „[...] *rb* ist etwas seltner, doch findet man: *erbitt*, *erbiði* (Arbeit), orb (Fs 106²) u.a. Björn Halldórsson (+1793), aus den Westfjorden gebürtig, spricht in seiner ‘Grasabók’ von: *arbi* [...] statt *arfi*, *þörb*, *þarbt* sprechen wir noch jetzt an einigen Orten im Breidefjord.“

burðurinn: „Framburðurinn með *b* að minsta kosti á eftir *r*, virðist hafa verið talsvert útbreiddur á 15., 16. og fram á 17. öld.“ Athuganir er að finna í handritum allt fram á 19. öld um þennan framburð sem bendir til þess að hann hafi þá þekkt á Vestfjörðum og Norðurlandi.²¹⁴ Samkvæmt þessu hafa hljóðasamböndin /lb, rb/ lifað lengst á Vesturlandi og Vestfjörðum, líklega vegna einangrunar þessara svæða. Þróun þessarar hljóðbreytingar er athyglisverð. Hún virðist aldrei dreifast um allt land né verða almenn en samt tórir hún sums staðar í meira en 600 ár eða allt fram á 19. öld.²¹⁵

Í JStgrÆv eru engin merki um þessa lokhljóðun:

/lf/: *Silfrastöðum* ‘Silfrastøðum’ 4, *Silfra- réttara Silfrúnarstöðum* ‘Silfrariettara Silfrunarstodumm’ 6, *hálfystir* ‘halfsyster’ 9, *skjálfa* ‘skialfa’ 12 o.s.frv.

/rf/: *erfðadeil* ‘erfdadeil’ 21, *orf* ‘orf’ 21, *orfin* ‘orfenn’ 22, *erfiðisamur* ‘ervidisam|ur’ 32, *orf* ‘orf’ 33, *Þarf* ‘þarf’ 36, *þarf* ‘þarf’ 38 o.s.frv.

fl, fn > bl, bn

Önnur lokhljóðunarbreyting er breytingin *fl* [vl], *fn* [vn] > *bl* [pl], *bn* [pn]. Elsta dæmi hjá Birni K. Þórólfsyni (1925:xxvii) um breytinguna *fl > bl* er frá árinu 1520, ‘huort abl hafa skylldi’ (*Diplomatarium Islandicum* 8:737). Fram á 16. öld er í kveðskap rímað *fn*, *fl* á móti *v*-hljóði, t.d. *steflig* : *efla* og *grafnir* : *svaf*.²¹⁶ Jón Helgason (1927:92) segir að þessi ungu dæmi um önghljóðsframburð *fn* og *fl* í skáldskap sýni hve íhaldssamur kveðskapurinn geti verið en segi minna um hvenær þessi lokhljóðun hefur almennt orðið í málinu. Jón telur að lokhljóðunarfamburðurinn *bl* hljóti að vera svipað gamall og *bn*-framburðurinn þótt dæmi um þann síðarnefnda séu þó nokkuð yngri. Engin merki eru um þessa breytingu í NtOG og GBibl. Bandle (1956:125) segir að á 16. öld sé óvíst um dreifingu breytingarinnar þar sem enn séu þá lítil dæmi um hana. Eftir það hafi hún líklega dreifst hratt um allt land.²¹⁷ Hjá

²¹⁴ Sjá Jón Helgason 1955b:x: „There is some information about the geographical distribution of this change in the early 19th century, when remnants of it were still found in Dalasýsla (see Eyrbyggja saga, ed. Guðbrandr Vifússon, Leipzig 1864, p. xlv), in Vestfirðir (“Vestfirðingar kveða opt að *f* sem *b*, þá það stendur í enda samstöfu eptir *l*, *r*, t. d. *gólþ*, *orb*, *arbi*”, KG 29¹¹ in the Arna-Magnæan Collection) and in the North (“nogle sige *hálþr*, *þarþr*, *tarþr*, etc. for *hálfr*”, Rasmus Rask in notes on the language of northern Iceland, Add. 627, 4¹⁰, in the Royal Library in Copenhagen).“

²¹⁵ Kristín Eik Gústafsdóttir (2006) skrifaði nýlega BA-ritgerð um sögu þessarar breytingar (*Hálþ er öld hvar. Um lokhljóðun [v] á eftir l og r*).

²¹⁶ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:xxvi–xxvii. Jón Helgason (1927:92) nefnir einnig enn yngra dæmi úr kveðskap en Björn, eða frá 17. öld, um að litið hafi verið á *f* í *fn* og *fl* sem önghljóð: „[...] men diktningen bruker lenge ennu rim som *grafnir* : *svaf* (Konráðsr. VI 29) eller *gefi eflaust refla ná* (det siste hentet fra et dikt fra 16. eller 17. årh., trykt Ísl. gátur etc. III 261).“

²¹⁷ Björn K. Þórólfsson 1925:xxvii: „[...] en í kring um 1600 hefur nýi framburðurinn verið kominn um allt land; það sýna handrit frá 17. öld.“

Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:72) er yfirleitt ritað ‘f’ á undan ‘l’ en hins vegar er ‘bl’ í nokkrum orðum, t.d. ‘Fiblslegt’, ‘Kieblavikur’. Engin dæmi eru um að ritað sé ‘b’ á undan ‘n’ hjá Jóni Vídalín. Svavar Sigmundsson (1966:77) telur að textar Jóns Vídalíns styðji ekki að öllu leyti þá skoðun Björns K. Þórólfssonar, sem nefnd var hér að framan, að þessi breyting hafi verið orðin almenn á 17. öld. Á það ber hins vegar einnig að líta að Jón Vídalín var íhaldssamur í stafsetningu. Í nisl. hefur þessi lokhljóðun unnið fullan sigur og eru upprunalegu hljóðasamböndin /fl/ og /fn/ alltaf borin fram [pl] og [pn].

Í JStgrÆv er eitt dæmi þar sem lokhljóðunin er táknuð í stafsetningu og er hún því greinilega orðin hluti af máli Jóns: *trufluðu* ‘trubludu’ 245. Í öðrum dæmum um þessi hljóðasambönd eru hins vegar engin merki um lokhljóðun /fl/ eða /fn/ í rithætti Jóns og er það líklega frekar til vitnis um íhaldssemi í stafsetningu en [v]-framburð þessara hljóðasambanda:

/fl/: *djöflana* ‘dióflana’ 12, *geiflum* ‘geiflumm’ 88, *afl* ‘afl’ 97, *aflaði* ‘aflade’ 109, *uppstífluð* ‘uppstyflud’ 118, *skaflajárn* ‘skalfla [svo] jarn’ 121,²¹⁸ *hvirfli* ‘hviyrfle’ 134, *uppstífluð* ‘uppstiflud’ 139, *afl* ‘afl’ 155, *djöfladóm* ‘diófla döm’ 194, *tefli* ‘teflde’ 213, *af(l)smuna* ‘af(l)smuna’ 242, *afls* ‘afls’ 289, *aflsmunum* ‘alfsmunumm [svo]’ 289, *kirkjugafhlada* ‘kyrkiugafhlade’ 295, *sköflunginn* ‘skofl|ungenn’ 299, *ræflinum* ‘ræflennum’ 314.

/fn/: *stílnarviðhafnar* ‘stílnar viðhafnar’ 2, *Kirkjubæjarklausturssafnaða* ‘kirkiubæarklausturs|safnada’ 3, *nafn* ‘nafn’ 4, *nefndi* ‘nefnede’ 4, *nöfn* ‘nófn’ 4, *Rafnssonar* ‘Rafnssonar’ 4, *nafn* ‘nafn’ 5, *nafni* ‘nafne’ 5, *áðurnefndur* ‘ädur nefndur’ 8, *jafnaldrar* ‘Jafn alldrar’ 9, *hérnefnt* ‘hier nefnt’ 187, *stafni* ‘stafne’ 190, *efnisins* ‘efnesins’ 190 o.s.frv.

2.2.5 /g/

Brottfall /g/ í framstöðu

Í framstöðuklösunum *gl-* og *gn-* hefur *g-* í mörgum orðum fallið brott í seinni tíma máli.²¹⁹ Dæmi eru um brottfall þess úr framstöðuklasanum *gn-* allt frá um 1300.²²⁰ Slíkt brottfall hefur þó aldrei orðið algilt. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:33) koma fyrir myndirnar ‘gnog’ og ‘gnæger’ en í GBibl (Bandle 1956:131–132) eru bæði dæmi um myndir með *g-* og án þess. Það fellur alltaf þar brott í so. *núa* og *nægja* og lo. *líkur* (fisl. *glíkr*), stundum í so. *naga*, *nísta/gnísta* (‘nijsta/gnijsta’), *nógur/gnógur* (‘nogur/gnogur’), *nægð/gnægð* (‘nægd/gnægd’) en aldrei í *gnípa*, *gnótt* og *gnæfa*. Í málfræði Runólfs Jónssonar (1651:162) frá 17. öld er ekkert ‘g’ táknað í lo. *nógur* og ao. *nóglega*

²¹⁸ Jón hefur óvart ritað auka-*l* á undan *f*.

²¹⁹ Í framstöðuklasanum *gl-* hefur *g-* nær eingöngu fallið niður í lo. *glíkr*.

²²⁰ Sjá Noreen 1923:212 [§290].

(‘Noog’/‘Nooglega’). Í þýðingu Jóns Ólafssonar á Nikulási Klím (Jón Helgason 1948:297) eru hins vegar form með *g-*, *gneistar* og *gnógliga*, og eru það líklega fyrningaráhrif. Í íslensk-latneskri orðabók Jóns (í AM 433 fol.) eru síðan fjölmörg dæmi um að auk mynda með *n-* séu einnig gefnar upp hliðarmyndir með *gn-*,²²¹ t.d. *gnag* (hk.),²²² *gnaga* (so.),²²³ *gnípa* (kvk.),²²⁴ *gnista* (so.),²²⁵ *gníst* (hk.),²²⁶ *gnógleiki*,²²⁷ *gnógur*,²²⁸ *gnótt*,²²⁹ *gnúpur*,²³⁰ *gnýr*,²³¹ *gnæðingur*,²³² *gnæfa* (so.),²³³ *gnægur*,²³⁴ *gnötra*.²³⁵

Í JStgrÆv eru engin dæmi um *gn-* í framstöðu í þessum orðum heldur alltaf *n-*, t.d. *nægði* ‘nægde’ 10, *nóg* ‘nóg’ 75, *Núpsvötn* ‘nups votn’ 209, *nóg* ‘nog’ 272 o.s.frv.

Ekki eru heldur dæmi um framstöðuklasann *gl-* í lo. *líkur* og skyldum orðum: *líkindi* ‘lykinde’ 26, *líkindum* ‘likindum’ 113, *líkt* ‘likt’ 200, *lík(t)* ‘lyk’ 206, *líkindi* ‘likinde’ 237, *líkindi* ‘lykinde’ 275, *líklega* ‘lyklega’ 294, *líkindum* ‘lykendum’ 306, *líkindum* ‘lykindum’ 313, *líkindi* ‘lykinde’ 315, *líkur* ‘lykur’ 315, *líka* ‘lyka’ 324, *líkindi* ‘lykinde’ 340.

Engin dæmi eru því í JStgrÆv um að haldið sé í upprunalegt *g* í framstöðuklösunum *gl-* og *gn-*. Það bendir til þess að ekki hafi heyrst *g*-hljóð þarna í framburði Jóns og engin tilhneiging hjá honum til að fyrna mál sitt þarna.

Veiklun /g/ á milli sérhljóða og sérhljóðs og /j/

Önglhjóðs-/g/ var í veiklunarumhverfi á milli sérhljóða og á milli sérhljóðs og /j/. Í físl. var það þar líklega annaðhvort borið fram [ɣ] eða [j].²³⁶ Jón Axel Harðarson (2007:79–87) heldur því fram og styður það sannfærandi rökum að uppgómmælt raddað önglhjóðs-/g/ ([ɣ]) hafi framgómmælst (orðið að [j]) í

²²¹ Ég leitaði að dæmum á ljósmyndum af orðabókinni sem geymdar eru á orðfræðisviði Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

²²² „Nag, n. per additionem gnag [...]“

²²³ „at Gnaga, arrodere, per prothesis, addito g. vide Nag“, „at naga [...] rodere [...] e per prothesis at gnaga.“

²²⁴ „gnypa f.“

²²⁵ „eg gnýsti, vide eg nwysti.“

²²⁶ „gnijstít h.“

²²⁷ „gnoogleiki [...] reliqva vide in noogr.“

²²⁸ „Gnoogr [...] idem per prothesin ac noogr.“

²²⁹ „gnoogt, f. abundantia.“

²³⁰ „Gnwpur.“

²³¹ „Gnyrr.“

²³² „Gnæðingr [...] confer nædingr.“

²³³ „Eg gnæfi [...] idem ac eg næfi.“

²³⁴ „gnægr [...] idem ac nægr.“

²³⁵ „gnötra.“

²³⁶ Sjá yfirlit yfir kenningar um þróun þessa hljóðasambands hjá Jóni Axel Harðarsyni (2007:70–78). Sjá einnig Guðvarð Má Gunnlaugsson 1983.

slíku umhverfi þegar í frumnorrænu. Það hafi síðan breyst á fyrri hluta 13. aldar í hálfserhljóðið [j] á milli sérhljóða þar sem hið fyrra var langt einhljóð eða tvíhljóð og [j], t.d. *gýgjar*. Þetta sést t.d. á rithætti eins og ‘þýgjar’ fyrir *þýjar*. Síðar gerðist þetta á milli stutts eða langs sérhljóðs (eða tvíhljóðs) og /i/, t.d. *magi*, *megi*, og á milli stutts sérhljóðs og [j], t.d. *segja*.²³⁷ Í öðru umhverfi nær breytingin lítilli útbreiðslu fyrr en á s.hl. 14. aldar.²³⁸ Skömmu eftir 1400 sjást hins vegar merki um að önglhjóðið standi höllum fæti á milli stutts sérhljóðs og /i/ og er líklega alveg horfið í þessu umhverfi á 16. öld.²³⁹ Frá þeim tíma eru skýr merki um þessa breytingu í GBibl (Bandle 1956:128), t.d. ‘ad hann læe’ (f. *lægi*), ‘giæist’ (fyrir *gægist*), ‘þeye’ (fyrir *þegi*), ‘sniell’ (fyrir *snigill*) og öfugur ritháttur: ‘sægi’ (fyrir *sæi*), ‘ryger’ (fyrir *ryir*).²⁴⁰ Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:79) er alltaf ritað ‘g’ í þessu umhverfi, t.d. ‘bægia’ 169, þótt upphaflega önglhjóðið sé þá fyrir löngu horfið. Þetta er til merkis um íhaldssama stafsetningu Jóns. Eina merki breytingarinnar er öfugur ritháttur í 1. p. et. vh. af so. *sjá* sem er ritað ‘sægi’ II 314.

Í JStgrÆv koma bæði fyrir dæmi um að ‘g’ sé ritað og ekki í slíkum hljóða-samböndum. Allmörg dæmi eru um brottfall í þessu umhverfi, t.d. *gægjur* ‘giæur’ 233, *fleygja* ‘fleija’ 241, *hardfleygi* ‘hardfleýe’ 271, *þegja* ‘þeija’ 342. Hins vegar er einnig algengt að tákna ‘g’ í slíkum samböndum, t.d. *Almúginn* ‘almugenn’ 209, *rúgi* ‘rúge’ 212, *rúgi* ‘Rúge’ 212, *beygir* ‘beiger’ 299, *hádegisbil* ‘hadeýgesbil’ 300, *eygi* ‘eige’ 316, *smeygir* ‘smeiger’ 340. Form þar sem ‘g’ er ritað má líklega rekja til íhaldssemi í stafsetningu. Ég hef ekki getað fundið dæmi um öfugan rithátt í JStgrÆv á slíkum orðasamböndum. Sjá einnig undirkafla 2.1.2.

²³⁷ Sjá Jón Helgason 1927:93: „Forfatterens [þ.e. Björn K. Þórólfsson] oplysning, at spirantisk g mellem en vokal og i, f. eks. i *tigi*, alt i 13. årh. gikk over til j, er ikke i overensstemmelse med de eksempler jeg kjenner. Når spirantisk g stod efter lang vokal eller diftong og foran konsonantisk i, altså bare i forbindelsen *-eigi-*, *-eygi-*, *-ægi-*, *-ægj-*, *-ýgi-*, forsvant det i første halvdel av 13. årh. Eksempler herpå finnes i Ágrip (*orcnaýgiar*, *scraýgia*, utg. s. XXVII), Cod. reg. av Eddakvadene (*þýgiar*, *blęgio*, *gyiar*, Bugges utg. s. XII) og Perg 4to nr. 2 (*Fereygiom* 140¹⁵, *hlegia* = *hlęja* 171⁸, *gyiar* 183²⁸ [...]).“ Sjá einnig Ásgeir Bl. Magnússon 1951:229: „Vafasamt er, að g hafi ekki orðið j milli sérhljóðs og i fyrr en á 15. öld, enda telur próf. Jón Helgason, að merki sjáist um þessa breytingu á eftir löngu sérhljóði þegar á 13. öld.“

²³⁸ Sjá Jón Axel Harðarson 2007:82–87.

²³⁹ Sjá Jón Helgason 1927:93: „[...] Derimot beholder g sin velare uttale hele det 14. hundreår igjennem i ord av typene *segja*, *eigi*, *ægi*, *tigi*. Dette fremgår dels indirekte av håndskriftenes korrekte skrivemåter, dels direkte av en mengde rim, som f. eks. *plógi* : *róg*, *mýgir* : *augum*, *hneigir* : *augum* [...] Men kort efter 1400 begynner det også å vakle i disse stillinger.“

²⁴⁰ Sjá Noreen 1923:217 [§293,2], Alexander Jóhannesson 1923–1924:153 [§238, 2, aths.], Jón Helgason 1927:93, 1929a:33–34 [§45], Björn K. Þórólfsson 1925:xxxiii og Jóhannes L.L. Jóhannsson 1924:45.

Brottfall /g/ á milli samhljóða

Á milli samhljóða fellur /g/ oft brott í físl. og einnig í seinni alda máli.²⁴¹ Dæmi um slíkt brottfall má finna í NtOG (Jón Helgason 1929a:34), t.d. ‘fylsne’ fyrir *fylgsni* og ‘morne’ fyrir *morgni* en hins vegar ekki í *margt* ‘margt’. Í ritun GBibl (Bandle 1956:132) eru ýmis dæmi um brottfall /g/, t.d. í ‘bolna’ (fyrir *bólgna*), ‘fylsne’ (fyrir *fylgsni*), ‘byrdu’ (fyrir *byrgðu*), ‘morne’ (fyrir *morgni*) og ‘mart’ (fyrir *margt*) (stundum). Ýmis dæmi eru einnig í seinni alda rímum um slíkt brottfall /g/.²⁴² Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:81) er hins vegar nær alltaf ritað ‘g’ í slíkum samhljóðaklössum, t.d. ‘folgna’ 247, enda var Jón íhaldssamur í stafsetningu. Það er hins vegar ólíklegt að þetta sé til vitnis um framburð hans á þessum samböndum.

Í JStgrÆv er ‘g’ alltaf táknað í slíkum klössum, sbr. t.d. *margt* ‘margt’ 2, *morgna* ‘morgna’ 34, *hardfylgni* ‘hardfilgne’ 109, *bergði* ‘bergde’ 138 o.s.frv.

Viðbætt /g/

Í bakstöðu fáeinna einkvæðra orðmynda varð til öngljóðs-/g/ ([ɣ]) á síðari öldum. Þetta gerðist í atviksorðinu *sva*, fornafninu *þau* og nokkrum þátíðarmyndum sagna (sjá undirkafla 3.5.2.5). Öngljóðs-/g/ ([ɣ]) er líklega í þessari stöðu nokkurs konar hljóðgapsfyllir á eftir sérhljóði í bakstöðu.

Nf./þf. ft. hk. af ábendingarfornafninu *sá* var upprunalega *þau*. Myndin *þaug* ([θøi:ɣ]) kom hins vegar upp á fyrri hluta 17. aldar. Þetta leiddi til þess að *au* einhljóðaðist ekki í því orði eins og það gerði annars í bakstöðu í orðunum *sjau*, *tvau* > *sjö*, *tvö*.²⁴³ Myndin *þaug* varð algeng á 17. öld. Þessi framburður er algengur í talmáli í nísl. og dæmi eru um hann í bréfum og handritum frá 19. og 20. öld.²⁴⁴ Myndin *þaug* kemur ekki fyrir í GBibl (Bandle 1956:135–136) en hins vegar er táknað ‘g’ í ýmsum þátíðarmyndum sagna þar sem það var ekki upphaflega, t.d. ‘drog’ V Mos 26,5, Jos 8,10 (fyrir þt. et. *dró*) og ‘vog’ II Kg 12,30, I Chr 21,2, Esdra 8,26, Jerem 32,9 (fyrir þt. et. *vó*). Jón Þorkelsson (1888–1894:529) nefnir dæmi um þátíðarmyndina *vóg* frá 19. öld og í Blöndalsorðabók (Sigfús Blöndal 1920–1924:919) er sagt að í Hornafirði sé

²⁴¹ Sjá Noreen 1923:213–214 [§291,5]. Í handritinu Kollsbók (WolfAug 42 7 4to, Ólafur Halldórsson 1968:xix), sem er frá um 1480–1490, eru einnig dæmi um brottfall /g/ á milli sérhljóðs og samhljóðs í orðinu *döglingur*: „daulings (fyrir dögglings) 6r,12 og víðar [...]“.

²⁴² Í Hrólfs rímum kraka kemur fyrir rímið *-gerð : ferð : mergð : sverð* (V. ríma, 31. er.). Steinunn Finnsdóttir (f. 1641) rímar saman í Snækóns rímum *ferð : mergð* (IV. ríma, 74. er.) og *borni : morgni* (I. ríma, 16. er.), *margt : snart* (IV. ríma, 55. er.). Í Kappakvæði Steinunnar er rímað saman: *margt : art : skart : snart : svart : kargt* (10. er.). Sjá um þetta Svavar Sigmundsson 1966:81.

²⁴³ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:101 og Kress 1937:37, 51.

²⁴⁴ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:101. Um *þaug* í nísl. sjá Stefán Einarsson 1945:70 og Valtý Guðmundsson 1922:113 [§232, aths.].

notuð myndin óg fyrir *vó* (sjá einnig umfjöllun um slíkar sagnmyndir í undirkafla 3.5.2.5). Þessar eintölumyndir eru annaðhvort hljóðgapsmyndir eða áhrifsmyndir til samræmis við fleirtölumyndir, t.d. *drógu*, *vógu*.

Í JStgrÆv hef ég fundið eitt dæmi um að slíkt viðbætt /g/ sé ritað í fornafninu *þau*: ‘þaug’ 161. Á hinn bóginn eru fjölmörg dæmi um að þessi orðmynd sé rituð án ‘g’ í JStgrÆv, t.d. *þau* ‘þau’ 5, *þau* ‘þau’ 5, *þau* ‘þau’ 5, *þau* ‘þau’ 10, *þau* ‘þau’ 14, *þau* ‘þau’ 15, *þau* ‘þau’ 16, *þau* ‘þau’ 16, *þau* ‘þau’ 20, *þau* ‘þau’ 25, *þau* ‘þau’ 25, *þau* ‘þau’ 25, *þau* ‘þau’ 29 o.s.frv.

2.2.6 /h/

Brottfall /h/ í framstöðu

Í fisl. féll /h/ stundum brott í framstöðu í seinni lið samsetningar (á undan sérhljóði og einnig á undan /l/), t.d. *-álfa* (fyrir *-hálf*) og *-leifur* (fyrir *-hleifur*).²⁴⁵ Vegna tengingar við skyld orð hélst hins vegar oft *h*-ið.²⁴⁶ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:213) og GBibl (Bandle 1956:136) er alltaf skrifað *álfa*. Í þýðingu Jóns Ólafssonar á Nikulási Klím (Jón Helgason 1948:297) er bæði *hálf* og *álfa* og einnig í íslensk-latneskri orðabók Jóns.²⁴⁷ Í orðinu *hreppur* og samsetningum með því féll /h/ stundum brott á 17. og 18. öld. Svavar Sigmundsson (1966:84) nefnir dæmi í biskupasagnahandriti frá 17. öld um *reppstjóri* og í annálum skrifuðum 1727–1730 kemur fyrir orðið *reppaskil*. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:84) kemur einnig fyrir myndin ‘Reppafunde’ VI 202. Í orðabókum Björns Halldórssonar (Björn Halldórsson 1992:235) og Jóns Ólafssonar úr Grunnavík er hins vegar aðeins gefin upp myndin *hreppur*.²⁴⁸

Í JStgrÆv eru fjögur dæmi um *álfa* á móti tveimur um *hálf* og koma þau fyrir sjálfstæð en ekki sem seinni hluti samsetningar:

álfa: *álfa* ‘alfu’ 228, *álfa* ‘alfu’ 268, *álfa* ‘alfu’ 313, *álfa* ‘alfu’ 323.

hálf: *hálf* ‘halfu’ 97, *hálf* ‘halfu’ 191.

42 dæmi eru um *hreppur* og skyld orð í JStgrÆv og í öllum tilvikum er ritað ‘h’, t.d. *Hreppamannaafrétt* ‘hreppamanna afriett’ 91, *hreppstjóri* ‘hreppstiore’ 93 o.s.frv.

Í JStgrÆv virðist vera dæmi um að /h/ falli brott í orðinu *hús* þegar það er seinni liður í samsettu orði sem gæti bent til þess að framburður [h] hafi verið veikur eða ógreinilegur í slíkri stöðu: *fjár(h)úsi* ‘fiar(h)use’ 136. Þetta gæti þó hugsanlega verið ritvilla og í öðrum dæmum í JStgrÆv um orðið *hús* sem

²⁴⁵ Sjá Noreen 1923:212 [§289, aths. 2], Alexander Jóhannesson 1923–1924:154 [§239], Hægstad 1942:117 og Jóhannes L.L. Jóhannsson 1924:36–37.

²⁴⁶ Sjá Noreen 1923:217–18 [§294].

²⁴⁷ Sp. 5, 28 (bls. 27): „hálf. f. idem esse ac aliàs alfa.“

²⁴⁸ Sp 5, 174 (bls. 157): „Hreppr. masc. gen.“

seinni lið er ‘h’ ritað: *aukahesthús* ‘aukahesthus’ 14, *fjárhús* ‘fiarhus’ 17, *hagahússins* ‘haga hußens’ 17, *hagahúsinu* ‘haga husenu’ 19, *hagahússins* ‘haga hußenz’ 19, *sængurhússdyrnar* ‘sængurhußdyrnar’ 19, *fjárhús* ‘fiarhus’ 31, *fangelsishús* ‘fangelsishüs’ 36, *skólahúsið* ‘skola hused’ 45, *guðshúsum* ‘gudshusum’ 48 o.s.frv.

hv- > *kv-*

Í hljóðasambandinu *hv-* ([xv] eða [x^w]) lokhljóðaðist óraddaða uppgómmæltu önghljóðið ([x]) á 17. öld og hljóðasambandið varð almennt *kv-* ([k^hv]). Þetta er ein af fáum víðtækum hljóðbreytingum sem hófust eftir siðaskipti.²⁴⁹ Við það féllu orð sem höfðu upphaflegt *hv-* í framstöðu saman í framburði við þau sem höfðu upprunalega *kv-* í framstöðu, t.d. *hvalir* : *kvalir*, *hviða* : *kviða*. Svipuð breyting hefur víða orðið í norrænum málum, t.d. í færeysku og norskum mállýskum. Í norsku varð þessi breyting hins vegar miklu fyrr en í íslensku eða um 1400.²⁵⁰ Engin dæmi eru um þessa hljóðbreytingu í NtOG eða GBibl og ekki heldur hjá Jóni Vídalín.²⁵¹ Svavar Sigmundsson (1966:85) telur að ástæðan geti verið sú að Jón var Sunnlendingur. Svavar telur að fyrir 1720 hafi *kv-*framburðurinn að öllum líkindum að mestu verið takmarkaður við Norðurland og e.t.v. ekki nema hluta þess (Skagafjörð og nærliggjandi sveitir).

Elstu ótvíræðu heimildirnar um breytinguna *hv-* > *kv-* eru frá ofanverðri 18. öld.²⁵² Eggert Ólafsson getur hennar t.a.m. í ferðabók sinni og Bjarna Pálssonar 1772 (609 gr., hjá Árna Böðvarssyni 1951:171): „Her [þ.e. á Vestfjörðum] udtales ogsaa iblandt *va* som *ua*, og *hv* som *qv*, til hvilken Udtale man ogsaa finder tydelige Spor i Jylland og Norge.“ Gunnar Karlsson (1965) fann hins vegar hugsanlega nokkur eldri dæmi frá 17. og öndverðri 18. öld um þessa breytingu, þ. á m. dæmi í kvæði eignuðu Hallgrími Péturssyni og dæmi frá f.hl. 17. aldar í kvæði eftir Jón Finnsson, sem styðja það að breytingin hafi hafist svo snemma. Gunnar (1965:36) telur því talsverðar líkur á því að breytingin hafi hafist þegar á f.hl. 17. aldar og nær örugglega á síðari hluta aldarinnar. Hann (1965:26) telur að breytingin hafi hafist á Vestfjörðum og náð talsverðri útbreiðslu í Suður-Þingeyjarsýslu upp úr miðri 18. öld. Enn eitt dæmi frá 17. öld um þessa lokhljóðun er hugsanlega að finna í handritinu Holm papp 58 fol., sem talið er vera ritað árið 1690 og geymir Trójumanna sögu, þ.e. orðmyndina ‘kvossu’ (fyrir *hvössu*).²⁵³ Svavar Sigmundsson

²⁴⁹ Sjá Hægstad 1942:109, Björn K. Þórólfsson 1925:xxxiv og Stefán Einarsson 1928–1929:269–270.

²⁵⁰ Sjá Seip 1954:182–190.

²⁵¹ Sjá Bandle (1956:139) og orðaskrá Jóns Helgasonar (1929a:286–287, 300–301) yfir NtOG.

²⁵² Sjá Gunnar Karlsson 1965:22.

²⁵³ Sjá Louis-Jensen 1963:129. Louis-Jensen (1963:xxii) taldi lítið á þessu dæmi að byggja m.a. vegna þess að skrifari handritsins, Jón Vigfússon frá Herjólfstöðum í Álftaveri, væri

(1966:85) nefnir einnig dæmi úr Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns (Árni Magnússon 1930b:44) frá því snemma á 18. öld um breytinguna.²⁵⁴

Önghljóðsframburður þessa hljóðasambands lifir enn í skaftfellsku en alls staðar annars staðar hefur breytingin gengið í gegn.²⁵⁵ Meginafbrigði skaftfellska framburðarins eru þrjú: [xv]-framburður, kringdur [x^w]-framburður og ókringdur [x]-framburður. Búast hefði mátt við að [x^w]-afbrigði *hv*-framburðarins hefði orðið [k^w] við lokhljóðun en engar heimildir eru um slíkt afbrigði. Skýringin á því er líklega sú að kringing sem aukabáttur í myndun hljóðs kom eingöngu fyrir í *hv*-framburði. Við lokhljóðun hefur kringingin [w] líklega breyst úr aukabætti í sjálfstætt hljóð ([v]) enda kemur hljóðasambandið [k^w] ekki annars staðar fyrir í íslenskri hljóðskipun. Hljóðasambandið [k^hv]/[kv] kom hins vegar bæði fyrir í framstöðu, t.d. so. *kveða* ([k^hvɛ:ða]), og innstöðu, t.d. so. *vökva* ([vœ:kva]).

Í JStgrÆv eru engin dæmi um þessa lokhljóðunarbreytingu. Samkvæmt framangreindri lýsingu á útbreiðslu breytingarinnar á 17. og 18. öld hefði alveg eins mátt búast við dæmum um hana í JStgrÆv. Eingöngu eru hins vegar dæmi um að upprunalegt *hv*- sé táknað ‘hv’ í JStgrÆv: *hvörninn* ‘hvornenn’ 21, *hvíldi* ‘hvillde’ 21, *hvað* ‘hvað’ 33, *hvinur* ‘hvinur’ 56, *hvirfli* ‘hvijrfla’ 134, *hváar* ‘hvaar’ 211, *Hvalseyjarbænar* ‘Hvalseyarbæner’ 327 o.s.frv.

2.2.7 /j/

/j/ á milli sérhljóðs og endingar

Fyrir daga forníslenskra heimilda féll hálf sérhljóðið **j* brott á undan fram-mæltum sérhljóðum, t.d. /i/, sbr. físl. kk. *vili*.²⁵⁶ Komu þá upp í sumum beyg-

frá Skaftafelli og því ólíklegt að merki þessa framburðar væri að finna í framburði hans. Svavar Sigmundsson (1966:85) segir hins vegar: „Jonna tekur þetta dæmi um *kv* ekki alvarlega, og segir hún, að þetta hljóti að vera villa afritara, af því að hann sé af þessum hluta landsins, þar sem slíkur framburður væri óhugsandi. En erfiðara er að átta sig á því. [svo] þegar hann ritar *i* á undan *-gi*, þar sem um Skaftfelling er að ræða. Ef rétt er hermt frá ætt-erni Jóns, eru foreldrar hans ekki Skaftfellingar að ætt, þó Sunnlendingar væru. En Jón var í Hólaskóla um 1670 og líklega norðanlands, m.a. djákn á Munkaþverá um hríð, þar til hann fór til Svíþjóðar um 1684. Einhjóðaframburður á undan /-ji/ þarf ekki að hafa verið móðurmál hans, en norðlenskur /kv/-framburður hefði getað haft nægan tíma til að hafa áhrif á mál hans, en einmitt í Skagafirði er breytingin /hv/ til /kv/ talin byrja.“

²⁵⁴ Svavar Sigmundsson 1966:85: „Í Jarðabók þeirra Árna Magnússonar og Páls Vídalíns er í lýsingu Skarðs í Sauðárhreppi í Skagafirði ritað *holta hvömmum* í aðaltexta útgáfunnar, en athugasemd fylgir þar um neðanmáls, að í handriti standi *kvömmum*. Lýsingin er vottuð 28/10 1709, en ekki er vitað, hver handritið skrifaði. Ekki er ótrúlegt, að það hafi verið Skagafirðingur, sem hættur hefur verið að heyra mun /hv/ og /kv/.“

²⁵⁵ Sjá Indriða Gíslason og Höskuld Þráinsson 1993:169–174. Björn Guðfinnsson 1950, 1964:44–61, 1981:30–31 talar aðallega um kringda [x^w]-framburðinn og ókringda [x]-framburðinn en segir þó að „ýmis afbrigði“ komi fyrir.

²⁵⁶ Sjá Noreen 1923:218 [§295], Heusler 1932:45–46 [§141] og Hægstad 1942:121.

ingarflokkum víxl í beygingu þannig að sum föll höfðu /j/ en önnur ekki, t.d. nf. et. *vili*, þf. et. *vilja*. Í seinni tíma íslensku breyttist /j/ síðan úr nándarhljóði (hálf sérhljóði) í öngljóð. Í framhaldi af því var /j/ endurreist í brottfallsumhverfi, þ.e. á undan frammæltum sérhljóðum, og eru elstu dæmin um það frá 15. öld.²⁵⁷

Í GBibl (Bandle 1956:140) er 'i' oft skotið inn á milli /ý, æ, e/ og endingar þar sem það var ekki í fisl., t.d. 'skyie' (fyrir *skýi*), 'sæie' (fyrir *sæi*) og 'nyier' (fyrir *nýir*). Á hinn bóginn vantar þar oft /j/ á milli /ý/ og uppmæltra sérhljóða, t.d. 'flyum' (fyrir *flyjum*) og 'flya' (fyrir *flyja*). Bandle (1956:140) telur þetta vera öfugan rithátt sem sýni að /j/ hafi verið borið fram alls staðar milli /i/ og /ei/ annars vegar og sérhljóðs hins vegar og er það sennileg skýring á þessum rithætti.²⁵⁸

Nokkur dæmi eru um að sleppt sé að tákna /j/ í JStgrÆv á undan uppmæltum endingarsérhljóðum þar sem það var í fisl., t.d. *Eyjunum* 'Eyunum' 71, *hlæja* 'hlæa' 71. Þetta er líklega til vitnis um öfugan rithátt eins og nefnt er hér að framan.

2.2.8 /k/

Brottfall /k/ á milli samhljóða

Brottfall /k/ er sjaldgæft í GBibl (Bandle 1956:147) en kemur þó fyrir, t.d. 'Sýrlendzt' Es 36,11 (fyrir *sýrlenskt*).

Eitt dæmi er í JStgrÆv um brottfall /k/ í hljóðasambandinu /rkt/: *virktavinar* 'virta vinar' 71. Í öðrum dæmum í JStgrÆv sem innihalda /rkt/ varðveitist 'k' hins vegar í ritun þess: *styrktist* 'styrktest' 9, *styrkti* 'styrkte' 50, *sterkt* 'sterkt' 53, *formerkti* 'formerkte' 66, *styrkti* 'styrkte' 76, *styrkti* 'styrkte' 154, *formerktist* 'formerktest' 159, *formerkti* 'formerkte' 183, *formerkti* 'for|merkti' 183, *merkti* 'merkte' 246, *formerkt* 'formerkt' 266, *styrkti* 'styrkte' 302, *styrktarhendi* 'styrktar hende' 302, *styrktist* 'styrktest' 335, *styrkti* 'styrkte' 336, *styrkt* 'styrkt' 343.

Dæmi er um brottfall /kk/ á undan samhljóðaklasanum /st/ í sagnmyndinni *fékkst* 'fiest' 136 í JStgrÆv. Þetta er hugsanlega einnig ritvilla.

Innskots-/k/

sjaldan/skjaldan

Allmörg dæmi eru um að /k/ sé skotið inn í atviksorðið *sjaldan* í RM og eru elstu dæmin frá lokum 17. aldar, t.d. 'skealdann' Landn 1688, en þau yngstu frá s.hl. 19. aldar, t.d. 'Skjaldan' SvSvLeið, 10. Í nísl. myndast hljóð („hvörf-

²⁵⁷ Sbr. Jóhannes L.L. Jóhannsson 1924:33.

²⁵⁸ Svavar Sigmundsson 1966:86: „Ritháttur þessi sýnir þá, að horfinn er munurinn á því, að /j/ var á undan frammæltu sérhljóði, og að /j/-leysi var á undan *i* (*e*) í endingu.“

ungshljóð“) á milli /s/ og sumra annarra samhljóða í framstöðuklössum, t.d. *snjór* ([stnjou:r]). Líklegt er að í tilviki *sjaldan* sé um að ræða hvörfungshljóð á milli /s/ og /j/.

Í JStgrÆv er slíkt hljóð alltaf táknað í atviksorðinu *sjaldan*: *skjaldan* ‘skialldann’ 29, *skjaldan* ‘skialldann’ 126, *skjaldan* ‘skialldann’ 147 og einnig í orðinu *skjaldfengið* ‘skialldfeinged’ 87.

kn- > *hn-*

Fyrstu merki um önghljóðun /k/ í hljóðaklasanum *kn-* í framstöðu (> *hn-*) eru frá um 1300 og þessi breyting er orðin nær algild við lok 14. aldar.²⁵⁹ Í Kollsbók (c1480–1490, Ólafur Halldórsson 1968:xix, 1. hönd) kemur þessi önghljóðun einnig fyrir: „hnudí 5r,27“ (þt. et. af so. *knýja*). Í framstöðu er *kn-* oft skrifað ‘hn’ í GBibl (Bandle 1956:143), t.d. ‘hnyia’ fyrir *knýja*.²⁶⁰ Í orðabók Guðmundar Andrédssonar (1999:78–79), *Lexicon Islandicum* frá 17. öld byrja fjölmörg orð á *hn-* í stað *kn-* eða eru bæði sýnd með *hn-* og *kn-*, t.d. *áhnýjan*, *hnakki*, *hnar/hnör/knör*, *hnár/knár*,²⁶¹ *hnípa/knípa*,²⁶² *hnosa/knosa*,²⁶³ *hnosan*, *hnútur/knútur*,²⁶⁴ *hnykkja*, *hnýfill*, *hnýja/knýja*,²⁶⁵ *hnýta/knýta*,²⁶⁶ *hnýtilskauti/knýtilskauti*,²⁶⁷ *kneyfa/hneyfa*.²⁶⁸

²⁵⁹ Sjá t.d. um þessa hljóðbreytingu Noreen 1923:184 [§249], Alexander Jóhannesson 1923–1924:150 [§230], Björn K. Þórólfsson 1925:xxxii, Jóhannes L.L. Jóhannsson 1924:42, Hægstad 1942:109 og Konráð Gíslason 1897:171.

²⁶⁰ Í elstu rímum eru einnig dæmi um *hneyfa* fyrir *kneyfa* samkvæmt Birni K. Þórólfssyni 1925:xxxii.

²⁶¹ Eitt dæmi er í RM úr málfræði Halldórs Kr. Friðrikssonar: ‘knár’ HKFrRjett, 169 (19m). Í orðabók Guðmundar Andrédssonar (1999:78) er talað um tvímyndir af þessu orði: „Hnär / vel Knar / *Gnavus, validus, hnaleike / Gnavitas*.“

²⁶² Guðmundur Andrédsson 1999:79: „Hnijpe / vel knijpe knypte / ad knypa *Vellere, torquere, Secare. Ad hnypa i sundr / Rem aliquam vi tortiva dividere*.“

²⁶³ RM: /hnosa/ (13x) og /knosa/ (29x). Guðmundur Andrédsson 1999:79: „Hnosa ade / vel Knosa / *Trudo, tero, Sundr knosa / Conter, hnos / Nisus, hnosan / Nixus, trusio, tritio*.“

²⁶⁴ RM: /hnútur/ (174 dæmi, 16s–19s) og /knútur/ (19 dæmi, 16s–19s), t.d. ‘knuta’ DI XV, 216 (1569)

²⁶⁵ /knýja/ (137 dæmi, 16s–19s) og /hnýja/ (9 dæmi, 1617–17m), t.d. *‘hnúði’ Bisk II, 309 (1617).

²⁶⁶ RM: /hnýta/ (168 dæmi, 16s–19s) og /knýta/ (15x), t.d. ‘knýta’ MÍsl V, 2209 (GKon) (19).

²⁶⁷ Í RM koma bæði fyrir dæmi um /hnýtilskauti/, /hnýtilskauti/ og /knýtilskauti/: ‘hnýtilskauta’ JÞorlÁrm, 102 (17s); ‘hnytelskautar’ GuðbrÞorlBibl 1M 42, 35 (16s), ‘hnijtil skauta’ LPsBrMAdd 4859, 254r (1693–1756) (17s–18m); ‘knýtilskauta’ Safn I, 87 (JE) (17f), ‘knytelskautar’ ÞorlSkúlBibl 1M 42, 35 (17m), ‘knýtilskauti’ ÍS IV, 456 (um 1800) (18s), ‘knytelskauta’ EspÁrb IV, 26 (19f), ‘knýtilskauta’ JÁÞj II, 398 (19m), ‘knýtilskauta’ THSög, 69 (19s), ‘knýtilskauti’ ÓDavÞj III, 307 (19s), ‘knýtilskautanum’ ÓDavÞj III, 274 (19s).

²⁶⁸ Í RM koma bæði fyrir /hneyfa/ og /kneyfa/: ei af heljar krúsum. [=kneyfa]. Tyrk, 477 (17fm), ‘hneyfdi’ BenGröndKv, 180 (18s19f), ‘kneyfði’ Fjallk 1891, 52 (19s), ‘kneyft’ Skuld 1877, 129 (19s), ‘kneyfði’ JJHofst, 243 (19s20f).

Í seinni tíma máli hefur þessi breyting hins vegar gengið til baka í sumum orðum.²⁶⁹ Af nokkrum orðum sem eingöngu hafa *kn-* í nísl. þekktust áður tvímyndir: *knár/hnár*, *knýja/hnýja*, *knör/hnör*. Nokkuð ljóst er að endurupp-tekning *kn-* í slíkum orðum eða alhæfing orðmynda með *kn-* er tilkomin fyrir áhrif frá málrækt og bókmálshefð. Í *Réttitabókinni* (Lbs. 2003 4to, bls. 117–119) minnst Eggert Ólafsson á framburð *kn/hn* og ritar: „Að skrifa og framflytja *kn*. Það er víst eldra en *hn*, hvað vér nú tíðkum, en hitt Danir þar á móti. Samt er ei nauður þessu að umbreyta í tali, en rita megu vér *knappur*, *knífur*, *knöttur*, *knyta* etc.“²⁷⁰ Eggert telur þó óþarft að rita *knoda* og *knue*. Orð Eggerts eru vísbending um að *hn*-framburður þessa hljóðasambands hafi verið almennur í talmáli á 18. öld. Eggert telur þarna samt sem áður að halda megi í upprunalegan rithátt í einstaka orðum og rita ‘kn’.

Í JStgrÆv koma fyrir eftirfarandi orðmyndir sem ritaðar eru með ‘kn’: *knúði* ‘knúde’ 43, *knúði* ‘knüde’ 139, *knúði* ‘knude’ 149, *knegt* ‘kneckt’ 161, *knurra* ‘knurra’ 178, *knúði* ‘knude’ 270. Annars eru orð með upphaflegu *kn*-alltaf rituð með ‘hn’ í JStgrÆv: *fuglahnappur* ‘fugla hnappur’ 56, *hnyttilega* ‘hnittelega’ 71, *kúluhnöppum* ‘kulu hnoppum’ 90, *móðurhnjám* ‘modurhñiam’ 107, *starfhníf* ‘starfhnyf’ 109, *hnífseggin* ‘hnyfseggen’ 120, *hnúta* ‘hnutá’ 120, *hnútana* ‘hnut|ana’ 120, *hnappana* ‘hnappana’ 145, *hnapp* ‘hnapp’ 185, *hnapp* ‘hnapp’ 198, *hnífa* ‘hnyfa’ 185, *hnífinn* ‘hnyfenn’ 202, *hné* ‘hnie’ 289, *sjálfskeiðingshníf* ‘sialf | skeiðings hnyf’ 316, *starfhníf* ‘starfhnyf’ 316, *hnífur* ‘hnyfur’ 316, *hnífurinn* ‘hnyfurinn’ 316.

Eins og greint var frá hér að framan mæltu málhreinsunarmenn eins og Eggert Ólafsson með því að haldið væri í forna ritun orða með *kn-* í framstöðu. Lítil tilhneiging til að fyrna ritunina sést hins vegar á ritun slíkra dæma í JStgrÆv. Alltaf er ritað ‘hn’ nema í sögnunum *knýja* og *knurra* og tökuorðinu *knegt*.

2.2.9 /l/

/ld/

Upprunalegt /ð/ í hljóðasambandinu /lð/ lokhljóðaðist og varð /d/ á 13. og 14. öld. Þessi breyting varð t.a.m. í þátíð og lh. þt. af *ja-*, *ia-* og *ē-*sögnum með *l* í stofni, í nafnorðum mynduðum með tannhljóðsviðskeytinu **-iðō* og örfáum öðrum orðum. 1. p. et. þt. af so. *dvelja* varð þá *dvalda* en upprunaleg mynd var *dvalða* < **dwalidō*.²⁷¹ Upphaflegt /ld/ og /ld/, sem komið var frá /lð/, voru samt aðgreind í handritum lengi fram eftir öldum eða allt fram á

²⁶⁹ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:xxxii: „Líklegt er, að breytingin *kn* > *hn* hafi verið algild í daglegu máli, en síðar hafi nokkur orð fengið *k* eftir bókmálinu; nú eru það líka einkum bókmálsorð sem byrja á *kn*.“

²⁷⁰ Sjá Árna Böðvarsson 1951:171.

²⁷¹ Sjá Celander 1906:2 og Noreen 1923:174–175 [§238 1, b].

17. öld.²⁷² Upphaflegt /ld/ var yfirleitt táknað með 'ld' en /ld/ komið frá /lð/ með 'lld'. Munurinn á þessum hljóðasamböndum hefur líklega legið í framburði *l*-hljóðanna.²⁷³ Í skáldskap frá um 1350 til siðaskipta voru fornt *ld* og *ld* (< *lð*) sárasjaldan rímuð saman. Á Suðurlandi var farið að ríma þessi hljóðasambönd saman um miðja 17. öld en á Norður- og Vesturlandi var þeim að mestu haldið aðgreindum alveg fram til um 1700.²⁷⁴ Greint er nokkuð reglulega á milli þessara tveggja /ld/-sambanda í NtOG (Jón Helgason 1929a:37), GBibl (Bandle 1956:147–149), hjá Oddi á Reynivöllum (Stefán Karlsson 1981:266–267) og Jóni lærða Guðmundssyni (Stefán Karlsson 1983: lxxiv). Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:91) er hins vegar talsverður ruglingur á rithætti /ld/ og /lld/.

Í JStgrÆv er nær alltaf ritað 'lld' fyrir bæði upprunalegt /ld/ og /ld/ (< físl. /lð/) en þó koma fyrir einstök dæmi um ritunina 'ld', t.d. *héldu* 'hél|du' 40. Greinilegt er að /ld/ og /ld/ (< físl. /lð/) eru ekki lengur aðgreind í ritun í JStgrÆv: *hvíldi* 'hvillde' 21, *hvíldum* 'hvilldum' 99, *meðtöldum* 'med tolldumm' 40, *halda* 'hallda' 40, *vildi* 'villde' 40, *vildi* 'villde' 41, *jafnaldri* 'jafnaldre' 41, *skyldi* 'skyllde' 42, *mannfjöldi* 'mannfiollde' 69, *tjaldi* 'Tialde' 69, *hvíld* 'hvilld' 92, *hvíldir* 'hvillder' 93, *hví[l]dar* 'hvill[l]dar' 99, *kvaldist* 'kvaldest' 101, *hvíld* 'hvilld' 131, *hvíld* 'hvilld' 248, *hvíld* 'hvilld' 266, *Taldi* 'tallde' 269, *hvíldar* 'hvylldar' 280, *hvíld* 'hvylld' 302, *hvíld* 'hvilld' 303, *hvíld* 'hvilld' 329, *hvíld* 'hvilld' 329 o.s.frv.

Það er því ljóst að í JStgrÆv er ekki lengur gerður greinarmunur á þessum hljóðasamböndum.

/lt/

Jón Helgason (1926b:64–66) benti fyrstur á að greina mætti vísi að aðgreiningu tvenns konar *lt* í físl. í handritinu *Skarðsbók*, AM 350 fol. (c1363). Dreifingin þar samsvarar að mestu dreifingu raddaðs og óraddaðs /lt/ í svokölluðum rödduðum *lt*-framburði í nísl., þ.e. 'lt' samsvarar [lt], t.d. í *hált* (af

²⁷² Sjá Jakob Benediktsson 1960a.

²⁷³ Jakob Benediktsson (1960a:107–109) hélt því fram að /l/ í /ld/ (< /lð/) hefði verið (upp)gómmeðt en /l/ í upprunalegu /ld/ hefði verið tannmeðt eins og í nísl. Til stuðnings þessu nefnir Jakob dæmi um að *-lgd-* rími við *ld* (< físl. **lð*), og telur að það bendi til þess að *l* í *ld* (< **lð*) hafi verið uppgómmeðt en ekki rismælt eða tannbergshljóð eins og fyrri fræðimenn höfðu talið. Orsakir samfalls upprunalegs *ld* og *ld* (< **lð*) telur Jakob (1960a:108) að liggja í því hve *ld* (< *lð*) var sjaldgæft í íslensku og því mikil hætta á að slík hljóðkerfisleg andstæða, sem aðeins næði til hluta málkerfisins, glataðist. Áður hafði verið talið að /l/ á undan /ð/ hefði verið tannbergsmælt eða rismælt og hefði fallið saman við tannmeðt /l/ í /ld/ við samfall /lð/ og /ld/ (sjá Celander 1906:75–79).

²⁷⁴ Jakob Benediktsson 1960a:105.

lo. *háll*), en ‘llt’ hins vegar [lt], t.d. í lo. *valtur*.²⁷⁵ Í GBibl (Bandle 1956:148–150) er einnig vísir að slíkri aðgreiningu. Í rannsókn Haralds Bernharðssonar (1999:156) á 17. aldar uppskriftum miðaldertexta fann hann samsvaranir við tvenns konar *lt*-framburð í nútímamáli en einnig frávik og telur Haraldur hugsanlegt að ástandið í þessum efnum á 17. öld hafi verið millstig milli forn-málsins og nútímamáls.

Í JStgrÆv eru engar menjar um aðgreiningu þessara hljóðasambanda og er hljóðasambandið alltaf ritað með ‘llt’, t.d. *farsælt* ‘farsællt’ 44, *bilt* ‘billt’ 103, *heilt* ‘heillt’ 154, *fallvaltir* ‘fall vallter’ 237.

2.2.10 /m/

Aðlíking /m/

Í GBibl (Bandle 1956:151) eru dæmi um aðlögun /m/ í so. *tímgast* að eftirfarandi uppgómmæltu hljóði, t.d. ‘tingast’ Job 39,5.²⁷⁶

Nokkur dæmi eru um slíka aðlíkingu /m/ að myndunarstað eftirfarandi hljóðs í JStgrÆv: *Komdu* ‘kondu’ 124, *K[o]mst* ‘k[o]nst’ 128, *dreymdi* ‘dreinde’ 241, *Dreymdi* ‘dreinde’ 291. Algengast er þó að /m/ sé táknað með ‘m’, t.d.: *vegsemd* ‘vegsemd’ 2, *dreymdi* ‘dreimde’ 8, *geymdi* ‘geimde’ 13, *dreymdi* ‘dreimde’ 14, *gleymdist* ‘gleimdest’ 24, *flæmdi* ‘flæmde’ 160, *góðsemd* ‘gödsemd’ 246, *framkvæmd* ‘framkvæmd’ 247 o.s.frv.

m/mm

fimm

Upphaflega var töluorðið *fimm* með /mm/ í stofni í físl. en einnig var algennt að það væri með stuttu /m/.²⁷⁷ Í GBibl (Bandle 1956:110) eru töluorðið *fimmti* og skyld orð bæði rituð með einu ‘m’, t.d. ‘fimte’ I Mos 1,23, og tveimur, t.d. ‘fimmtan’ II Mos 27,15. Fjögur dæmi eru um að þetta orð eða skyld orð séu stöfuð með einu ‘m’ í JStgrÆv: *fimm* ‘fim’ 54, *fimm* ‘fim’ 123, *fimm* ‘fim’ 247, *fimmslags* ‘fimslags’ 336. Aðeins eitt dæmi er um tvístöfun ‘mm’ í þessu orði eða skyldum orðum: *fimmtugasta* ‘fimmtugasta’ 154. Ólíklegt er að þetta sé vísbending um einhvers konar sérstakan framburð á þessu orði og líkleggra að þetta sé bara ritvenja hjá Jóni.

fram/framm

Atviksorðið *fram* gat bæði haft /m/ eða /mm/ í físl. Björn K. Þórólfsson (1925:71) segir að í fornum skáldskap sé yfirleitt /mm/ í þessu orði, þ.e.

²⁷⁵ Baldur Jónsson (1982) hefur ýtarlega lýst þessum raddaða *lt*-framburði í nísl.

²⁷⁶ Um svipaða aðlögun /m/ í físl. sjá Noreen 1923:187–188 [§258, 1].

²⁷⁷ Sjá Noreen 1923:220 [§298, 2].

framm, en í elstu skinnbókum yfirleitt /m/, þ.e. *fram*. Hann telur að á 14. og 15. öld hafi báðar myndirnar verið notaðar jöfnum höndum í riti. Í GBibl (Bandle 1956:102) er ao. *fram* bæði ritað með ‘m’ og ‘mm’, t.d. ‘fram’ I Mos 14,18 en ‘framm’ I Mos 4,4. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:93) er *fram* oft ritað með tvöföldu ‘mm’. Svavar Sigmundsson (1966:93) nefnir einnig dæmi um rím úr Hrólfs rímum sem virðist benda til þess að stutt hljóð hafi verið borið þar fram í þessu orði: *fram : gram : fram : glam : ham* (V. ríma, 30 er.).

Í JStgrÆv er þetta orð alltaf ritað með táknum fyrir langt hljóð, t.d. *fram* ‘framm’ 2, *fram* ‘framm’ 5 o.s.frv.

2.2.11 /n/

/nn/ og /n/ í áherslulétu atkvæði

Áherslulétt /nn/ og /n/ voru skýrt aðgreind í físl. en féllu síðar í málinu saman í framburði. Elstu dæmi um samfall þeirra koma fyrir þegar 14. öld.²⁷⁸ Á 14. öld er þf. et. kk. af lo. *-an* stundum ritað ‘ann’ og telur Noreen (1923:290 [§425, aths. 3]) að það hafi verið áhrifsbreyting fyrir áhrif frá orðmyndum í þolfalli eins og *kristinn*, *minn*. Upprunaleg *-inn* og *-ann* haldast nær alltaf enn í NtOG (Jón Helgason 1929a:39–41) en *-in* og *-an* eru þar stundum rituð ‘inn’ og ‘ann’.²⁷⁹ Í GBibl (Bandle 1956:106–107) er hins vegar greinilega orðinn alger ruglingur á ritun *-an* (34 dæmi um *-ann* en 53 um *-an*). Í ritum og bréfum Jóns Vídalíns á 18. öld er einnig mikill ruglingur á táknun áherslulétts /nn/ og /n/.²⁸⁰

Þegar athuguð eru dæmi um þf. et. kk. af lo. *-an* í JStgrÆv og önnur orð með upprunalegu stuttu /n/ sést að þar hefur orðið samfall áherslulétts /n/ og /nn/ og er samfallshljóðið oftast táknað með tákni fyrir langt /nn/. Slík táknun sést t.a.m. í eftirfarandi dæmum: *guðhræðslan* ‘gudhræðslann’ 6, *ofan* ‘ofann’ 7, *hvíthyrndan* ‘hvythyrndann’ 8, *frómlyndan* og *fámálugan* ‘frómlindann og fämälugann’ 8, *þennan* ‘þennann’ 11, *slíkan* ‘slykann’ 11, *framan* ‘framann’ 11 o.s.frv.

Í JStgrÆv eru einnig dæmi um rugling á táknun /nn/ og /n/ inni í orði í áhersluléttri stöðu, t.d. *manninum* ‘mannennum’ 8, *mjólkinni* ‘miólkene’ 61, *hendena* ‘hendenna’ 202, *flötina* ‘flotenna’ 264. Sum slík dæmi má þó líklega skýra með því að gleymst hafi að rita nefhljóðsband yfir ‘n’. Stundum kemur

²⁷⁸ Sjá Noreen 1923:209 [§285, 5].

²⁷⁹ Jón Helgason 1929a:40: „Með öðrum orðum: Fornt *-inn*, *-ann* helzt nálega alltaf, en í *-in* lengist n stundum, þó drjúgum mun sjaldnar en það helzt stutt. Fornt *-an* í acc. sg. m. lýsingarorða helzt í hjer um bil helming dæma, en breytist álíka oft í *-ann*. Annarsstaðar helzt *-an* ávalt. [...] Þá er víst, að munurinn á upphaflegu *-ann*, *-inn* annars vegar og upphaflegu *-an*, *-in* hins vegar hefur ekki verið horfinn á dögum Odds.“

²⁸⁰ Sjá Svavar Sigmundsson 1966:70–71.

einnig fyrir í JStgrÆv að /nn/ í áherslu er ritað ‘n’, t.d. *annar* ‘anar’ 124 (sjá nánar um þessa táknanotkun í undirkafla 1.4.2). Oft skýrist slíkt með óskýru nefhljóðsbandi.

Brottfall /n/ á milli samhljóða

Í físl. féll /n/ oft brott í samhljóðaklösum. Ýmis dæmi eru um slíkt brottfall í GBibl (Bandle 1956:153), t.d. ‘Vatzsins’ Dan 12,15 og ‘Vasbylgiurnar’ Psalt 93,4 (fyrir *vatns-*).

Í JStgrÆv er /n/ hins vegar alltaf táknað í slíkum samhljóðaklösum og engin merki um brottfall, t.d. *vatnsstokk* ‘vatnstock’ 22, *vatnsstokk* ‘vatnstock’ 28, *Húnavatnssýslu* ‘Hunavatns sýslu’ 41, *vatnsköst* ‘vatnsskost’ 291, *vatns* ‘vatns’ 317.

múkur/munkur

Á undan samhljóði hvarf /n/ í orðinu *munkr* í físl. og við það lengdist rótar-sérhljóðið, þ.e. *múkr*.²⁸¹ Það er einnig ritað þannig á 18. öld hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:94): ‘Mwkaþveraar’ ÆGM 146.

Í JStgrÆv kemur fyrir örnefnið *Múkaþvera* og er það skrifað án ‘n’: ‘Muka þvera’ 261.

pínsl/písl

Upphaflegt form orðsins *písl* er *pínsl* en fyrrnefnda myndin kemur þegar fyrir í físl.²⁸² Í GBibl (Bande 1956:154) er alltaf notað *n*-lausu formið sem og hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:93). Í orðabók Björns Halldórssonar (1992:375) eru hins vegar gefnar upp tvímyndirnar *pínsl* og *písl* og sú síðarnefnda sögð vera alþýðumál: „**Pínsl**, fyrir *vulgo písl*, *vid. pína*.“

Þrjú dæmi eru um samsett orð leidd af no. *písl* í JStgrÆv og eru þau í öllum tilvikum rituð án ‘n’: *píslarblóði* ‘píslar blöde’ 2, *píslarvottur* ‘píslarvottur’ 26, *píslarvottur* ‘píslar | vottur’ 214.

2.2.12 /p/

pn/kn

Í físl. breytist *p* stundum í *k* á undan *n* og þá sérstaklega í orðinu *vápn* (nísl. *vopn*) > *vákn*.²⁸³ Samkvæmt Birni K. Þórolfssyni (1925:78) er orðmyndin *vokn* fyrir *vopn* algeng á 17. og 18. öld.²⁸⁴ Fram undir 1900 hafi myndin *Vokna-fjörður* síðan tíðkast í Austur-Skaftafellssýslu og suðurhluta Múlasýslna. Ekki

²⁸¹ Sjá Noreen 1923:220 [§299, 1].

²⁸² Sjá Noreen 1923:220 [§299, 4].

²⁸³ Sjá Noreen 1923:187 [§287] og Maurer 1888:284–288.

²⁸⁴ Sjá einnig Ásgeir Blöndal Magnússon 1989:1150.

eru dæmi um orðmyndina *vokn* í GBibl (Bandle 1956:244), t.d. ‘Vopnabwnad’ IV Kg 10,2. Ólafur Halldórsson (2000:xxxii) nefnir hins vegar miklu eldra dæmi um þessa breytingu, þ.e. *váknabrak* (fyrir *vápnabrak*) úr þeim hluta (1va–109vb) handritsins AM 61 fol. sem er frá s.hl. 14. aldar (c1350–1375). Þetta dæmi er þó hugsanlega skrifaravilla.²⁸⁵

Í JStgrÆv er alltaf ritað ‘kn’ í orðinu *Vopnafjörður* enda bjó Jón Steingrímsson lengi í Skaftafellssýslu þar sem slíkur framburður tíðkaðist: *Voknafirði* ‘voknafyrði’ 31, *Voknafirði* ‘voknafyrde’ 40, *Voknafirði* ‘voknafyrde’ 48.

2.2.13 /r/

Stytting /rr/

Físl. /rr/ styttist um miðja 14. öld í áhersluléttum endingum.²⁸⁶ Í GBibl (Bandle 1956:105) er upphaflegt /rr/ í bakstöðu alltaf ritað ‘r’, t.d. ‘annar’ I Mos 1,8. Elstu dæmi um styttingu stofnlægs /rr/ í bakstöðu í stuttum áhersluatkvæðum nafnorða eru hins vegar frá 16. öld, t.d. *knör* (< físl. *knorr*). Í GBibl (Bandle 1956:99–100) koma t.d. fyrir dæmin ‘Ør’ III Mos 13,24 (físl. *ørr*) og ‘Barid’ Dan form 14,24 (físl. *barr*).

Stofnlægt /rr/ í bakstöðu í lýsingarorðum eins og *þurr* og *kyrr* og ao. *fyrir* styttist hins vegar varla fyrir en á 18. öld.²⁸⁷ Í GBibl (Bandle 1956:99–100) er oft ritað ‘rr’ í slíkum orðum, t.d. ‘kyrr’, mst. ‘verr’. Orðin *fyrir* og *verr* eru alltaf rituð með ‘rr’ hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:99) þótt ólíklegt sé að það hafi enn verið langt ([r:]) í framburði á þeim tíma eins og sést t.d. á rími í kvæðum frá 17. öld, t.d. *verr* : *hér* : *vér* (Ambáles rímur eftir Pál Bjarnason í Unnarholti (um 1635), VII. ríma, 10. er.).²⁸⁸ Hjá Jóni Vídalín er ritað eitt ‘r’ í orðinu *þurr* þegar samhljóð fer á eftir eða í samsetningum en annars eru skrifuð tvö ‘rr’, t.d. ‘þurlegt’ II 32 en ‘þurrum’ 99.²⁸⁹ Þetta er líklega skriftarvenja hjá Jóni. Jón Ólafsson úr Grunnavík hefur eingöngu ‘rr’ í kk. af lo. *þurr* (Sp 9, 248 (bls. 40): ‘þurr, þur, þurt’) í íslensk-latneskri orðabók sinni.²⁹⁰ Í afleiddum orðum á undan samhljóði er hins vegar alltaf eitt ‘r’ í orðabókinni:

²⁸⁵ Ólafur Halldórsson 2000:xxxii: „Ordet *vápnabrak* skrives ‘vakna brak’ 19rb12 (I 183.9). Dette er, så vidt jeg ved, det ældste islandske belæg på lydovergangen *pn>kn*. Den mulighed må dog tages i betragtning at *kn* i dette ord skyldes dittografi; sætningen med dette ord begynder nemlig: ‘Geirmundr ok hans felagar vaknadu við óp ok vakna brak.’“

²⁸⁶ Sbr. Björn K. Þórolfsson 1925:xxx, Hrein Benediktsson 1969, Noreen 1923:209 [§285, 5] og Finn Jónsson 1908:41–42 [§57].

²⁸⁷ Sjá Björn K. Þórolfsson 1925:xxx.

²⁸⁸ Dæmi frá Svavari Sigmundssyni 1966:99.

²⁸⁹ Sjá Svavar Sigmundsson 1966:100.

²⁹⁰ Ég skoðaði dæmi úr orðabók Jóns Ólafssonar á ljósmyndum af handriti hennar sem geymd eru á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, orðfræðisviði. Frumritið er í Arnagarði.

‘þurkr’, ‘eg þurka’, ‘þurkan, vel þurkun’, ‘þurlyndi’, ‘þur-lyndr’, ‘þur-vidri’, ‘oöþurkasamr’, ‘hard-þurka’.²⁹¹ Í handritinu Add. 627 c 4to í Konunglega bókasafninu í Kaupmannahöfn eru skrifuð orð sem Rasmus Kristján Rask ritaði hjá sér í ferðum um landið sumurin 1814 og 1815. Meðal þess sem hann skrifaði hjá sér eru eftirfarandi myndir: „r for rr í Skaptf. S. [þ.e. *Skaftafells-sýslu*] som veri, þori, þerir f. verri etc.“²⁹² Í vasabókum Björns M. Ólsen er einnig getið um slíkar myndir, þ.e. *Snori*, *þori* og *þerir* fyrir *Snorri*, *þorri* og *þerrir*.²⁹³ Þessar framburðarmyndir virðast benda til mállýskuframburðar á þessum dæmum þar sem áherslusérhljóðið er langt en *r* stutt, t.d. *þori* ([þo:ri]).²⁹⁴ Þetta framburðaratriði þyrfti að athuga betur í heimildum.

Hljóðrétt hefði beyging þessara orða átt að vera þannig að stutt /r/ væri í bakstöðu en langt /rr/ inni í orði, t.d. nf. et. kk. *þur*, þf. et. kk. *þurran* o.s.frv. Við áhrifsbreytingu (útlöfnun) hefur hins vegar annaðhvort langt /rr/ komist inn í alla beyginguna eða stutt /r/ breiðst út um hana alla. Í nísl. koma því fyrir tvö beygingardæmi af þessum orðum: 1) nf. et. kk. *þur*, þf. et. kk. *þuran* o.s.frv. og 2) nf. et. kk. *þurr*, þf. et. kk. *þurran* o.s.frv.²⁹⁵

Í JStgrÆv eru eftirfarandi dæmi um lo. *kyrr*, *þurr* og ao. *fyr* (mst.). Í uppskrift JStgrÆv var reynt að fylgja handritinu um það hvort ritað er ‘r’ eða ‘rr’, t.d. *kyrset* ‘kyrset’ 13 en *kyrru* ‘kyrru’ 300:

/kyrr/

‘r’: *kyrset* ‘kyrset’ 13, *kjur* ‘kjur’ 113, *ókyrleiki* ‘okirleike’ 66, *kyrsetu* ‘kyrsetu’ 143, *kyrsetja* ‘kyrsetia’ 209.

‘rr’: *kyrru* ‘kyrru’ 300, *kyrralogn* ‘kyrra logn’ 311, *kyrran* ‘kyrrann’ 322.

/þurr/

‘r’: *þurt* ‘þurt’ 96, *þurkar* ‘þurkar’ 112, *þur* ‘þur’ 121, *alþur* ‘alþur’ 134.

‘rr’: *þurrka* ‘þurrka’ 121, *þurrunum* ‘þurrunum’ 129.

/fyr/

Í JStgrÆv eru bæði dæmi um ritunina ‘fyr’/‘fir’ og ‘fyr’/‘firr’:

‘r’: *fyr* ‘fyr’ 13, *fyr* ‘fyr’ 16, *fyr* ‘fyr’ 30, *fyr* ‘fir’ 70, *fyr* ‘fyr’ 86, *fyr* ‘fir’ 88, *fyr* ‘fir’ 91, *fyr* ‘fir’ 99, *fyr* ‘fyr’ 110, *fyr* ‘firr’ 111, *fyr* ‘fir’ 128, *fyr* ‘fir’ 151, *fyr* ‘fyr’ 165 o.s.frv.

²⁹¹ Sp 9, 248 (bls. 40): „upp ur þuru, item at taka sig til einhve|rs, edr giöra eitthvad upp wr þuru.“

²⁹² Sjá einnig umfjöllun um þetta handrit hjá Guðrúnu Kvaran 2000b:206–207.

²⁹³ Sjá Guðrúnu Kvaran 2000b:211.

²⁹⁴ Sjá Guðrúnu Kvaran 2000b:218.

²⁹⁵ Sjá Hrein Benediktsson 1959:58–59.

'rr': *fyr* 'firr' 100, *fyr* 'firr' 108, *fyr* 'firr' 131, *fyr* 'firr' 165, *fyr* 'firr' 177, *fyr* 'fyr' 193, *fyr* 'fyr' 194 o.s.frv.

Þrjú dæmi eru síðan í JStgrÆv um mst. af ao. *illa*, þ.e. *ver*, og er það alltaf táknað með einu *r*, *ver* 'ver' 13, *ver* 'ver' 49, *ver* 'ver' 153.

Það er því allmikil fjölbreytni í ritun þessara orða í JStgrÆv. Í lýsingarorðunum *kyrr* og *þurr* er 'rr' eingöngu tvíritað á milli sérhljóða. Á undan samhljóði og í bakstöðu er hins vegar ritað 'r'. Hjá atviksorðunum *fyr* og *ver* er ritun með einu 'r' greinilega algengari þótt ritun með 'rr' komi einnig fyrir hjá *fyr*.

Brottfall /r/

Í físl. fellur /r/ oft á brott í samhljóðaklösum.²⁹⁶ Mörg dæmi eru um að slík brottföll séu táknuð í GBibl (Bandle 1956:162–164), t.d. 'Kaskur' (fyrir *karskur*) Job 21,23, 'Veslunar manna' (fyrir *verslunarmanna*) Matth 21,12.

Í JStgrÆv er slíkt brottfall /r/ úr samhljóðaklösum einnig allalgengt og eru til að mynda dæmi um það á undan /st/: *verst* 'vest' 65, *byrstur* 'bystur' 85, *verstu* 'vestu' 151, *verstu* 'vestu' 163. Yfirleitt er þó upprunalegt /rst/ táknað með 'rst', t.d. *fyrst* 'first' 7, *fyrst* 'first' 27. Einnig eru dæmi um að 'r' sé sett inn í orð þar sem það ætti ekki að vera samkvæmt uppruna, t.d. *flestum* 'flerstum' 26, *Flestar* 'flerstar' 41, *flestum* 'flerstum' 87, *flestum* 'flerstum' 210. Þessi dæmi sýna að í máli Jóns hefur ekki verið munur í framburði /st/ og /rst/ og hljóðasamböndin fallin saman.

rn, rl

Elstu dæmi í físl. um samfall *rl*, *rn* við *ll*, *nn* eru frá um 1400.²⁹⁷ Hljóðasambandið *rl* féll alls staðar saman við *ll* en *rn* féll saman við *nn* þegar langt sérhljóð (eða tvíhljóð) fór á undan langa *n*-inu. Framburður þessara hljóðasambanda hefur sennilega verið [tl] og [tn] eftir breytinguna.²⁹⁸ Líklegt er að breytingin hafi hafist með því að tannbergsmælt öngljóð ([t]) myndaðist á milli /r/ og /n/ eða /l/.

Vísbendingar eru í stafsetningu GBibl (Bandle 1956:158) um samfall *rl* og *rn* við *ll* og *nn* (sjaldan). Samfall /rn/ og /nn/ er aðeins táknað á eftir *ei*, t.d. 'eirn' fyrir *einn*. Orðið *karl* er oftast skrifað með 'll' í NtOG (Jón Helgason 1929a:43–44) og einnig í GBibl (Bandle 1956:157–158). Vísbendingar um samfall þessara hljóðasambanda í GBibl er einnig að finna í öfugum rithætti

²⁹⁶ Noreen 1923:197–198 [§272, 3]. Sjá einnig Konráð Gíslason 1897:166.

²⁹⁷ Sjá Noreen 1923:197 [§272, 2], Alexander Jóhannesson 1923–1924:132–133 [§195], Harald Bernharðsson 1999:160–161, Seip 1945:27 og Hægstad 1942:112.

²⁹⁸ Sjá Stefán Karlsson 1989:16.

eins og ‘sarli’ fyrir *salli* og ‘perl’ fyrir *pell*. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:96) er aldrei ruglað saman upprunalegu *rn* og *nn* í *Stuttri og einfaldri undirvísun um kristindóminn* en hins vegar eru allmikil tilbrigði í tákun þessara orðasambanda í bréfum Jóns, t.d. ‘eirn’ II 331, ‘Steirn’ VI 50.²⁹⁹ Hjá Jóni Vídalín er samfall /rl/ og /ll/ hins vegar oft táknað eins og sjá má á dæmum eins og ‘Kallenn’ XVI 121 (fyrir *karlinn*) og ‘valla’ 37 (fyrir *varla*). Í öðrum orðum er þó ritað ‘rl’, t.d. ‘arla’ 57 fyrir *árla*, ‘harla’ 102, ‘sturla’ 58, ‘Sturlade’ 55, ‘Underferle’ 143.³⁰⁰ Engin dæmi eru um það að ‘rl’ sé haft í staðinn fyrir /ll/ eins og ber við í GBibl (Bandle 1956:158). Hjá Jóni Vídalín er rithátturinn ‘ll’ fyrir upprunalegt /rl/ algengari en að ritað sé ‘nn’ fyrir *rn* og ályktar Svavar Sigmundsson (1966:95) út frá því að „*rl* hafi oftari verið borið fram /dl/ heldur en *rn* /dn/, og e.t.v. hefur /rdn/ verið algengari framburður en /rdl/“.³⁰¹ Rannsóknir Björns Guðfinnssonar (1964:80) benda þó ekki til þess sama hvað varðar framburð þessara hljóðasambanda í nútímamáli.

Í nísl. þekkist þrenns konar framburður á *rl* og *rn*:

- 1) *rl*-/*rn*-framburður ([rl], [rn]),
- 2) *rdl*-/*rdn*-framburður ([rtl], [rtn]),
- 3) [tl]-, [tn]-framburður.

Hugsanlegt er að *rdl*-/*rdn*-framburðurinn, og jafnvel einnig *rl*-/*rn*-framburðurinn, hafi orðið til fyrir áhrif frá skrift og sé þá nokkurs konar ofvöndunarframburður sem komið hafi upp í seinni alda máli.³⁰² Samfall *rl*, *rn* við *ll*, *nn* í físl. styður þetta því að það bendir til þess að framburður [rl], [rn] hafi þegar í físl. verið orðinn [tl], [tn].

Hljóðasamböndin *rl* og *rn* eru yfirleitt táknuð með ‘rl’ og ‘rn’ í JStgrÆv. Engin dæmi eru í stafsetningu JStgrÆv um að *rdl*-/*rdn*-framburðurinn sé skýrt táknaður:

‘rn’: *foreldrarnir* ‘forelldrarner’ 1, *börnin* ‘bórnenn’ 1, *börnum* ‘bornum’ 2, *skírn* ‘skyrn’ 3, *stjórnar* ‘stiornar’ 7.

‘rl’: *Erlends* ‘Erlends’ 78, *varla* ‘varla’ 80, *varla* ‘varla’ 82, *varla* ‘varla’ 97, *Erlendsson* ‘Erlendsson’ 97, *búferlum* ‘buferlum’ 113, *varla* ‘var|la’ 115.

Orðið *karl* er hins vegar annaðhvort stafsett með ‘rl’ eða ‘ll’, t.d. *karl* ‘karl’ 3, *karl* ‘karl’ 67, *karl* ‘karl’ 67 o.s.frv. en *karl* ‘kall’ 32, *karl* ‘kall’ 32, *karl* ‘kall’ 33, *ferðakar* ‘ferda kall’ 74 o.s.frv. Mörg dæmi eru einnig um öfuga ritun í JStgrÆv, ‘eirn’ fyrir *einn*, sem sýna fram á að þessi hljóðasambönd hafi verið

²⁹⁹ Sjá Svavar Sigmundsson 1966:96.

³⁰⁰ Sjá Svavar Sigmundsson 1966:95.

³⁰¹ Hjá Svavari eru skástrik notuð til að tákna hljóðritun.

³⁰² Stefán Karlsson 1989:16: „Nú er *rl* og *rn* oft borið fram *rdl* og *rdn*, einkum í fátíðari orðum, en óvíst er hvort þar er um að ræða leifar af eldri framburði ellegar áhrif frá stafsetningu.“

fallin saman í framburði á tíma Jóns, t.d. *einn* ‘Eirn’ 8, *einn* ‘eirn’, *Þorsteinn* ‘Þorsteirn’ 19, *Steinn* ‘Steirn’ 25.

Rit hefð virðist hafa verið sterk hvað varðar ritun þessara hljóðasambanda á seinni öldum því að það kemur varla fyrir að breytingin sé táknuð nema í öfugum rithætti eins og ‘eirn’ fyrir *einn* sem bendir til þess að í JStgrÆv hafi /nn/ og /rn/ verið fallin saman í framburði. Þessi ritun bendir einnig frekar til þess að framburður þessara hljóðasambanda hafi verið [tl] og [tn] en [rtl] og [rtn] því að /ll/ og /nn/ hafa ekki getað haft þann framburð.

Áherslulett /rn/

Í áhersluleysi er hljóðasambandið *rn* stundum táknað ‘nn’ í seinni tíma máli, t.d. í ‘hringannir’ fyrir *bringarnir*. Elstu dæmi um þessa tákun eru frá 15. öld.³⁰³ Líklegt er að þetta tákni samfall /rn/ og /nn/ þannig að [rn] hafi fallið saman í [n:]. Nokkur dæmi eru um hana í NtOG (Jón Helgason 1929a:44) og hún er algeng í GBibl (Bandle 1956:160–161). Sama má segja um Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar (Jón Helgason 1960b:38) en þar koma fyrir dæmi eins og ‘brvdinnar’ 22 (fyrir *brúðirnar*) og ‘þiöfanner’ 63 (fyrir *þjófarnir*). Í bréfum Jóns Vídalíns (Svavar Sigmundsson 1966:97) eru einnig tvö dæmi um þessa tákun: ‘stefnunnar’ (fyrir *stefnurnar*) IX 53 og ‘Þóranne’ (fyrir *Þórarni*) XIII 71.

Þessi samlögunarframburður var algengur á Suðurlandi á fyrri helmingi 20. aldar.³⁰⁴ Jón Helgason (1929a:44) segir að hann hafi náð yfir samfelld svæði frá Rangárvallasýslu til Mýrasýslu á fyrri hluta 20. aldar.

Í JStgrÆv eru engin dæmi um slíka tákun, t.d. *veturnætturnar* ‘veturnætturnar’ 21, *jarðirnar* ‘jardernar’ 154, *herrarnir* ‘herrarner’ 165, *slægiurnar* ‘slægurnar’ 174 o.s.frv.

/rs/ > /ss/

Dæmi finnast um samlögun *rs* > *ss* í elstu handritum en hún verður ekki algeng fyrr en um 1300.³⁰⁵ Í áherslulettu umhverfi eru t.d. dæmi um þessa samlögun í handritinu *Kollsbók* (WolfAug 42 7 4to, c1480–1490, Ólafur Halldórsson 1968:xix, 1. hönd): „annass 4v,9“ fyrir *annars*. Mörg önnur dæmi um slíkt samfall er að finna í seinni tíma máli og þá yfirleitt í áherslustöðu.

³⁰³ Sjá Hægstad 1942:113.

³⁰⁴ Jón Helgason 1960b:38: „Frá síðari tímum er því lík samlögun helzt kunn af Suðurlandi, en ókunnugt hve víðtæk hún hefur verið á 17du öld.“ Svavar Sigmundsson (1979:xii): „*Jakob Árnason* skrifar *rn* f. *nn*, t. d. *eirnig* f. *einnig* (bls. 57), en líka *nn* f. *rn*, *eyrannar* f. *eyrarnar* (bls. 55), og er sá ritháttur í samræmi við framburð sunnanlands.“ Sjá einnig Stefán Einarsson 1928–1929:272.

³⁰⁵ Sjá Noreen 1923:197–198 [§272, 3] og Hægstad 1942:115.

Nokkur dæmi eru um samfall *rs* og *ss* í áherslu í GBibl (Bandle 1956:161), t.d. ‘þuss’, en hins vegar er ritað ‘rs’ í tökuorðinu ‘fors’. Merki samfallsins sjást ekki hjá Jóni Vídalín þó að þetta hljóðasamband hafi örugglega verið borið fram [s:] á hans tíma. Það sést t.a.m. á rími í kvæðum frá þessum tíma, t.d. *drussa : þussa* (í Hrólfs rímum eftir Eirík Hallsson, I. rímu, 42. er.), *vers : þess* (sama, III. ríma, 19. er.).³⁰⁶ Björn Magnússon Ólsen (1882:279) heldur því fram að í nísl. hafi þessi breyting orðið alls staðar nema í endingum.³⁰⁷

Þessi orð Björns eiga vel við ástandið í JStgrÆv en þar koma einmitt fyrir þrjú samlögunardæmi af þessu orði: *versi* ‘vefse’ 268, *húsversalesturskver* ‘huð|vefða lesturskver’ 286, *versakver* ‘veðakver’ 330. Í öðrum dæmum í JStgrÆv um þetta orð er það hins vegar ritað með ‘rs’: *vers* ‘vers’ 19, *vers* ‘vers’ 44, *sumarvers* ‘sumar vers’ 44, *vers* ‘vers’ 44, *vers* ‘vers’ 73, *nyársvers* ‘nyarsvers’ 100, *vers* ‘vers’ 153, *ver(s)i* ‘ver(s)e’ 163, *versi* ‘verse’ 186, *gleðivers* ‘glede vers’ 203, *vers* ‘vers’ 203, *vers* ‘vers’ 213, *versum* ‘versum’ 265, *vers* ‘vers’ 272, *vers* ‘vers’ 272, *vers* ‘vers’ 284, *vers* ‘vers’ 330, *vers* ‘vers’ 337, *vers* ‘vers’ 344, *versið* ‘versed’ 344.

Stoðhljóðið (-r > -ur)

Samkvæmt kenningum um þróun stoðhljóðsins svokallaða, þ.e. innskotssérhljóðs á undan -r, t.d. *maðr* > *maður*, varð þess fyrst vart um 1300. Á f.h.l. 15. aldar hafi þessi breyting síðan verið komin um allt land.³⁰⁸ Ari Páll Kristinsson (1992:15–16) telur hins vegar að breytingin hafi gengið mishratt yfir eftir hljóðfræðilegu umhverfi, verið að einhverju leyti valfrjáls og ekki dreifst um allt land fyrr en á 16. öld. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:95) er stoðhljóðið ávallt táknað.

Í GBibl (Bandle 1956:157) er innskotssérhljóðið stundum táknað í myndum þar sem það er ekki í nísl. (í nf./þf. et. og nf./þf. ft. hk.), t.d. ‘myrkurin’, ‘blomstured’, ‘undurin’ í stað *myrkrin*, *blómstrið*, *undrin*.³⁰⁹ Orešnik (1972:9) skýrir þetta svo að í orðum eins og *lifur* hafi -r (sem síðar varð -ur) upphaflega verið hluti af eins atkvæðis stofni en ekki ending og það skýri af hverju innskotshljóð er ekki á undan greini hjá slíkum orðum (t.d. *blómstrið*). Orešnik (1972:8–11) færir rök fyrir því að í hljóðkerfislegri greiningu séu orðaskil á undan viðskeyttum greini þannig að hann valdi ekki brottfalli sérhljóðsins. Í

³⁰⁶ Dæmi frá Svavari Sigmundssyni 1966:99.

³⁰⁷ Björn Magnússon Ólsen 1882:279: „Der Übergang *rs* — *ss* tritt nicht nur „in vereinzelt Fällern“, sondern überall ein, wo das *s* nicht zu einer Flexionsendung gehört. Beispiele sind: neuisländ. *vess* (altisländ. *vers*), *þussi* aus altisländ. *þurs* durch Erweiterung des Stammes gebildet, *Bessi* (altisländ. *Bersi*).“ Samkvæmt því sem Björn segir þá þekktist ekki lengur *rs*-framburður á hans tíma á orðinu *vers*.

³⁰⁸ Sjá til að mynda Stefán Karlsson 1989:11.

³⁰⁹ Um þetta sjá nánar Orešnik 1972.

orðum eins og *hattur* þar sem *-ur* (físl. *-r*) var upphaflega ending, kemur því upp mynd eins og *hatturinn* (en ekki **hattrinn*). Í orðum þar sem *-r* er hluti stofnsins virkar innskotsreglan hins vegar ekki (*lifr* > *lifur*) fyrr en eftir að orðmyndir eins og *lifrin* urðu til og því verður ekki almennt innskot í þeim.

Í JStgrÆv er stoðhljóðið einhaft, t.d. *naudugur* ‘naudugur’ 1, *eftirbátur* ‘effterbatur’, *forfeður* ‘forfedur’ 176, *áður* ‘adur’ 176, *lengur* ‘leingur’ 176, *eður* ‘edur’ 246, *gefur* ‘giefur’ 246 o.s.frv. Stoðhljóðið kemur einnig fyrir í orðinu *veðráttta* þar sem það er ekki í nútímamáli, þ.e. *veðuráttan* ‘vedurattann’ 186.

2.2.14 /s/

/ss/ > /s/

Á 14. öld styttist /ss/ á eftir löngum sérhljóðum og tvíhljóðum, t.d. *lauss* > *laus*.³¹⁰ Síðar styttist /ss/ á eftir stuttu sérhljóði einnig í 2./3. p. nt. et. frsh. af sterkum sögnum, sbr. GBibl (Bandle 1956:100), t.d. ‘þu les’ Es form 1,15, ‘Huer það les’ Matth 24,15. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:45) er alltaf tákn fyrir stutt /s/ í enda orðs, t.d. ‘mal laus’ Lúk. 1,22 og ‘þu les’ Post. 8,30.

Í JStgrÆv er alltaf ritað ‘s’ þar sem í físl. var langt /ss/, t.d. *þekkingarlaus* og *mállaus* ‘þekkingarlaus og mallaus’ (nf. et. kk.) 269, *þekkingarlaus* ‘þekkingarlaus’ 269, *mjólkurlaus* ‘miolkurlaus’ 274, *kapellánslaus* ‘Kapellanslaus’ 295 o.s.frv. Eitt dæmi er um *mis* og er það táknað með ‘s’: *mis* ‘mis’ 2.

2.2.15 /t/

Brottfall /t/ á milli samhljóða

Á milli samhljóða hvarf /t/ stundum í físl. og einnig í nísl.³¹¹ Í GBibl (Bandle 1956:172) eru t.a.m. allmörg dæmi um að slíkt brottfall sé táknað, t.d. ‘apnenum’ Ordzk 27,13 (fyrir *aftninum*) og ‘Syskin’ Jos 2,13 (fyrir *systkin*).

Í JStgrÆv er að minnsta kosti eitt dæmi um brottfall /t/ í slíku umhverfi, þ.e. *systkini* ‘syskine’ 267. Í öðrum dæmum um þennan samhljóðaklasa er ritað ‘t’: *systkinum* ‘systkinum’ 14, *systkinanna* ‘systkynanna’ 21, *útfararkostnaði* ‘útfararkostnade’ 103, *kostnað* ‘Kostnad’ 108, *kostnað* ‘kostnad’ 129, *systkin* ‘systkyn’ 130, *systkin* ‘systkyn’ 177, *kostnaði* ‘kostn|ade’ 204, *útfarakostnaður* ‘útfarar kostnadar’ 212, *kristni* ‘kristne’ 214, *kostnaðarsamt* ‘kostnadarsamt’ 216, *kostnaðarminnst* ‘kostnadar minst’ 216, *kostnað* ‘kostnad’ 216, *samkristnum* ‘samchristnum’ 256.

Í orðinu *hrútsbyrningsspæni* ‘hrúfshyrnings spæne’ 89 í JStgrÆv virðist frekar vera um að ræða samlögun, *ts* > *ss*, en brottfall /t/.

³¹⁰ Sjá Noreen 1923:210 [§286].

³¹¹ Sjá Noreen 1923:215 [§291, 11] og Stefán Einarsson 1945:22.

Innskots-/t/

Í físl. er stundum ritað ‘t’ inn á milli /s/_/n/ þar sem það á ekki að vera samkvæmt uppruna, t.d. ‘ristna’ fyrir *risna*.³¹² Eins og fjallað var um í undirkafla 2.2.8 þá eru ýmis dæmi í sögu íslenskunnar um að hvörfungshljóð myndist á milli /s/ og annars samhljóðs og er þessi breyting dæmi um slíkt. Eitt dæmi er um þetta innskot í GBibl (Bandle 1956:172–173), ‘vppreistn’ Es 26 R. Þetta hljóð ([t]) heyrst einnig í nútímaframburði þessa hljóðaklasa þótt það sé ekki táknað í stafsetningu. Það heyrst einnig í sama umhverfi í framstöðuklasanum *sn-*, t.d. í *snar*, sem yfirleitt er hljóðritaður sem [stn].³¹³ Hjá Jóni Vídalín kemur einnig fyrir slík ritun, t.d. ‘Westnar’ DanForm 14,7 (fyrir *versnar*).³¹⁴

Í JStgrÆv er ekki ritað ‘t’ í orðum sem innihalda þennan samhljóðaklasa: *rausnin* ‘Rausnenn’ 16, *hálfvisnað* ‘halfvisnad’ 57, *uppreisningar* ‘uppreisningar’ 112, *uppreisn* ‘uppreisn’ 132.

Önglhjóðun /t/ > /ð/

Dæmi eru um að /k/ og /t/ önglhjóðist í bakstöðu í áherslulétu umhverfi þegar á 13. öld, t.d. *mig* (< físl. *mik*), *það* (< físl. *þat*), og er þessi breyting orðin algeng um 1300.³¹⁵ Táknin ‘k’ og ‘t’ voru hins vegar lengi vel notuð fyrir þessi hljóð í skrift eða allt fram á 16. öld og jafnvel lengur.³¹⁶ Í GBibl (Bandle 1956:168) er ‘d’ skrifað í bakstöðu algengra áhersluléttra einsatkvæðisorða, t.d. ‘vid’, ‘id’, ‘þid’ og ‘huad’. Öfugir rithættir áhersluléttra smáorða (eins og ‘met’, ‘vit’), þ.e. ‘t’ ritað þar sem í físl. var /ð/, koma hins vegar ekki fyrir í GBibl. Í bakstöðu fleirkvæðra orða í GBibl skiptast á ‘t’ og ‘d’, t.d. ‘husid’, ‘mikit’. Öfugir rithættir eru sérstaklega algengir í 2. p. ft. nt. af sögnum, t.d. ‘gefit’, nf. et. og nf./þf. ft. hk. af lo. sem enda á *-aður*, t.d. ‘þungut’, ‘skrifut’ og í þf.

³¹² Sjá Alexander Jóhannesson 1923–1924:159 [§249], Björn K. Þórólfsson 1926:80 og Finn Jónsson 1893:377. Noreen (1923:225 [§310, 3]) nefnir nokkur fornnorsk dæmi og segir að þetta innskot sé sjaldgæft í físl.

³¹³ Sjá Indriða Gíslason og Höskuld Þráinsson 1993:76–77.

³¹⁴ Sjá Jón Aðalstein Jónsson og Svavar Sigmundsson (1997:xiii): „Í sömu lýsingu bregður fyrir rithætti eins og grasivaxtnar fyrir grasivaxnar. Hér er vafalaust um svokallað hvörfungshljóð, t, að ræða *milli x* og *n*.“ Þarna er *t* einnig skotið inn á milli *s* og *n* enda er *x* borið fram [xs].

³¹⁵ Sjá Noreen 1923:183 [§248].

³¹⁶ Sjá Alexander Jóhannesson 1923–1924:150 [§231]. Jón Ólafsson úr Grunnavík skrifar í *Orthographia Islandica* í AM 435 fol. (hjá Jóni Helgasyni 1926a:79, nmgr. 1) að hann hafi heyrt *t*-framburð á *ð* í orðum eins og *hvat* og *lesit* (fyrir *hvað* og *lesið*): „Jón [Ólafsson úr Grunnavík] þykist hafa „heyrt sumt gamalt fólk so tala, en þó sem lint t eður með nokkrum keim af d, viðlíka og gamlir menn gjöra í latínu segjandi fecidt fyrir fecit.“ Óvíst er hvornig á að túlka þessi orð Jóns úr Grunnavík og hef ég engar aðrar heimildir fundið um þennan framburð. Ekki ætti því að gera of mikið úr orðum Jóns. Það má þó e.t.v. lesa úr orðum hans að framburður þessa hljóðs hafi verið mitt á milli [t] og [ð], e.t.v. raddað *d* [d] eða einfaldlega óraddað *d* [t].

et. af no. sem enda á *-naður*, t.d. ‘klædnat’.³¹⁷ Merki öngljóðunar sjást einnig í GBibl (Bandle 1956:170) í fleirkvæðum lýsingarháttum þátíðar í hvorugkyni og einnig í einkvæðum lýsingarháttum þátíðar í hvorugkyni, t.d. ‘sied’, ‘spad’, ‘afmad’.³¹⁸ Ástandið í NtOG (Jón Helgason 1929a:30–31) er svipað hvað þetta varðar. Notkun ‘t’ í áhersluléttri stöðu hvarf nær alveg um 1600 en var aftur tekin upp í Ritum Lærdómslistafélagsins og er gott dæmi um fyrningaráhrif á stafsetningu þeirra.

Í JStgrÆv eru /ð/ og /g/ í áherslulitilli bakstöðu nær alltaf rituð ‘d’ og ‘g’, enda er þessi öngljóðunarbreyting fyrir löngu um garð gengin á 18. öld, t.d. *getið* ‘gieted’ 3, *úthöggvið* ‘uthöggved’ 7, *lofað* ‘lofad’ 121, *mig* ‘mig’ 124, *mjög* ‘miog’ 139, *það* ‘pad’ 142, *það* ‘pad’ 204 o.s.frv. Engin áhrif virðast því vera frá Ritum Lærdómslistafélagsins á þetta atriði í stafsetningu JStgrÆv. Ég hef þó rekist á eina undantekningu frá þessari tákun, þ.e. *það* ‘pat’ 58.

að-/at-

Forskeytið *at-* í fisl. hefur í flestum tilfellum öngljóðast í nútímamáli. Dreifingin er þó ekki að öllu leyti sú sama og í nútímamáli. Allmörg dæmi koma t.a.m. fyrir um víxlmyndirnar *aðkvæði/atkvæði* í RM og auk þess um *aðkvæðamál*,³¹⁹ *aðkvæðalitill*³²⁰ og *aðkvæðagjörð* auk mynda með *at-*.³²¹ Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:102) er dreifing forskeytisins hins vegar sú sama og í nisl., t.d. ‘adbunadar’ II 197, ‘Athafner’ 116.

Í JStgrÆv hefur þessi forsetning alltaf formið *at-*: *athlátur* ‘athlatur’ 36, *atferð* ‘atferd’ 84, *athæfis* ‘athæfis’ 106, *atridum* ‘atridum’ 168, *atvik* ‘atvik’ 186, *atvika* ‘atvika’ 218, *athöfn* ‘athofn’ 288, *atlæti* ‘atlæte’ 312, *athafnir* ‘athafnar’ 317, *athæfi* ‘athæfe’ 332, *athöfn* ‘athofn’ 342.

2.2.16 /v/

Í fisl. var /v/ í byrjun orðs hálfserhljóð en talið er að það hafi þegar á 13. öld verið komið með svipað hljóðgildi og nú, þ.e. hafi öngljóðast.³²² Bandle

³¹⁷ Sjá Bandle 1956:170.

³¹⁸ Dæmi um þetta koma upp þegar á 13. öld. Sjá Hesselmann 1948–1953:312 og Noreen 1923:184 [§248, aths. 3].

³¹⁹ RM: ‘apinn gétur ecki lært atqvæda-mál, og því ecki heldur talad eins og manneskjan.’ CampeSál, 51 (18s)

³²⁰ RM: ‘aðkvæðalitlum’ JHBisk I, 241 (18f), ‘aðkvæðalitlar’ Jarðab I, 333 (18f), ‘adkvæðalitell’ JÁNucl, 2086 (18m), ‘aðkvæðalitlar’ Austurl I, 116 (1874) (19m), ‘aðkvæðalitill’ JÁÞj2 III, 172 (19m) en ‘atkvæðaminni’ MelNs I 3, 162 (19s).

³²¹ Dæmi eru um *atkvæðagjörð* í Ritmálssafni OH frá 18s–19m.

³²² Sjá Hrein Benediktsson 1965:76 og einnig Björn K. Þórólfsson 1925:xxv og Noreen 1923:184–185 [§250], 186–187 [§255], Alexander Jóhannesson 1923–1924:123–124 [§180] og Hægstad 1942:120.

(1956:179) telur að /v/ hafi upprunalega verið hálsérhljóð í físl. (líklega þá IPA [v]), síðan orðið tvívaramælt hljóð (líklega IPA [β]) og að lokum breyst í það tannvaramælt öngljóð (IPA [v]) sem við þekkjum í nísl.³²³ Eggert Ólafsson heldur því hins vegar fram á 18. öld í *Réttitabókinni* að a.m.k. á Suður- og Austurlandi hafi þá enn tíðkast háflhljóðsframburður /v/:

Eins og *i* hefur hvikulan mátt samhljóðanda, so að formenn hafa þar framflutt hljóðstaf, sem vér tölum í samhljóði, helzt í stuðlum og þá þeir promiscue rituðu *e* og *i* fyrir framan vocales, eins hefur um *u* gengið, og þess leifar eru enn í voru máli, einkum sunnanlands og eystra. Þeir segja *úestur*, *úor*, *úirke* etc. Allt eins frambera Jótarnir *v*. (Lbs. 2003 4to, 221.–223. bls., hjá Árna Böðvarssyni 1951:169–170 sem samræmir textann)

Eggert viðhefur svipuð orð í ágripi *Réttitabókarinnar*: „Hvikult samhljóðsveldi *u* merkjum vér í framflutningi austfirzkra og nokkra Sunnlendinga, þar þeir tala *uestur*, *uirke*, *uor*, og þessu svipaður er Jótanna framburður enn í dag.“ (JS 59 8vo, 81. bls., hjá Árna Böðvarssyni 1951:170 sem samræmir textann). Þessi orð Eggerts má túlka svo að á 18. öld hafi, að minnsta kosti á Austurlandi, enn tíðkast háflhljóðsframburður *v*. Engum öðrum heimildum um þennan framburð er hins vegar til að dreifa frá físl. til 18. aldar sem dregur úr gildi þessara ummæla Eggerts. Ég veit ekki heldur til þess að samtíðarmenn hans minnst á þennan framburð. Á móti kemur að tilviljunarkennt er hvað er nefnt í gömlum mállýsingum af málbreytingum sem ekki hafa bein áhrif á stafsetningu. Má nefna því til stuðnings að ekki er getið um línæli fyrr en allöngu eftir að það er talið koma upp og einnig er lítið vitað um aldur aðblástursins sem hugsanlega er einnig gamall.³²⁴

Brottfall /v/

Á f.hl. 15. aldar sjást dæmi um brottfall /v/ á milli /á/ eða /ó/ og sérhljóðs, t.d. *sjóvar* > *sjóar*. Þetta er hins vegar frekar sjaldgæft fyrr en á 17. öld.³²⁵ Í NtOG³²⁶ og GBibl (Bandle 1956:180) er /v/ t.d. oft ekki táknað á milli /á/ eða /ó/ og sérhljóðs, t.d. ‘mioa’, ‘Sioarsand’. Í nísl. er einnig algengt að /v/ falli brott í slíkri stöðu.³²⁷

³²³ Jóhannes L.L. Jóhannsson 1924:33 segir: „Þegar seinast á 13. öld finnast dæmi þess, að *v* sé ritað á undan *u* og *o*, sem sýnir, að það, sem áður var háflhljóð, er þá að fullu orðið samhljóð.“

³²⁴ Sjá t.d. Ásgeir Bl. Magnússon 1959:10 og Gunnar Ólaf Hansson 1997.

³²⁵ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:34, 90, Konráð Gíslason 1897:162 og Hægstad 1942:121.

³²⁶ Jón Helgason 1929a:47: „[...] og hefur *f*, *v*, sennilega verið tekið að hverfa á eftir *ó* [...] svo að mælt mál hefur ekki verið einhlítt til úrskurðar, hvar það átti að vera“.

³²⁷ Sjá Stefán Einarsson 1945:22 og Valtý Guðmundsson 1922:42 [§97].

Björn Guðfinnsson (1946a:121) spurðist fyrir um *v*-lausan framburð nokkurra orða á milli *k* eða *g* og *a* eða *u* í rannsóknarferðum sínum, t.d. um *aumka(st)*, *aumkun*, *blómga(st)*, *blómgun* og *rýmka* o.s.frv. Samkvæmt athugunum Björns (1964:189–190) var blandaður framburður á þessum orðum algengastur, með og án /v/, t.d. *blómga/blómgvast*, og hafði enginn /v/ í öllum dæmum. Um 69% þeirra orða sem könnuð voru höfðu *va*-framburðinn að meira eða minna leyti, t.d. í so. *aumkva*.

Í JStgrÆv eru tvö dæmi um *v*-lausar beygingarmyndir af *sjór* sem upphaflega höfðu /v/: *sjóa* ‘sioa’ 137, *sjóarins* ‘siöarins’ 314.

Brottfall /v/ í áhersluléttum orðum

svo, svoddan

Atviksorðið *svo* er bæði ritað með tákni fyrir /v/ og ekki í GBibl (Bandle 1956:180–181), t.d. ‘so’ I Mos 1,9 en ‘suo’ I Mos 1,17. Í seinni alda máli er algengt að sleppa því að rita ‘v’ í þessu orði og endurspeglar það framburð. Líklega hefur /v/ fallið brott í *svo* vegna léttrar áherslu á því.

Þetta atviksorð er alltaf ritað án tákns fyrir /v/ í JStgrÆv, t.d. *svo* ‘so’ 2, *svo* ‘so’ 4, *Svo* ‘so’ 5 o.s.frv. Atviksorðið *svoddan* er einnig alltaf ritað án ‘v’, t.d. *svoddan* ‘soddan’ 19, *Svoddan* ‘soddann’ 32.

Endurvakið /v/ á undan kringdu sérhljóði

Á undan kringdu sérhljóði féll **w* brott fyrir daga forníslenskra heimilda, sbr. í frum norrænu **wurðun* > físl. *urðu*.³²⁸ Eftir að hljóðanið /v/ önghljóðaðist var það í sumum tilvikum endurvakið í þessu brottfallsumhverfi á seinni öldum með áhrifsbreytingu (útjöfnun). Sem dæmi um ástandið hvað þetta varðar á 16. öld þá er í GBibl (Bandle 1956:182) aldrei ritað ‘v’ á undan ‘y’, t.d. ‘yrði’, en í NtOG (Jón Helgason 1929a:82) kemur fyrir dæmið ‘yfueruynni’ I Kor. 9^{19–22} fimm sinnum fyrir *yfirynni* (vh. þt. af so. *yfirvinna*). Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:105) eru bæði dæmi um ‘v’ og ekki í slíkri stöðu, t.d. ‘vordner’ 11 en ‘orden’ 79, ‘orded’ V 48. Björn Magnússon Ólsen (1882:280) segir að seint á 19. öld sé *v* borið fram í ýmsum slíkum orðum í talmáli, t.d. þt. et. *vóð* (fyrir *óð*).³²⁹ Í físl. féll því /v/ alls staðar brott á undan kringdum sérhljóðum en var stundum tekið upp aftur í einstaka formum í síðari tíma máli fyrir áhrif og til samræmis við aðrar myndir sem aldrei höfðu misst /v/, t.d. vh. þt. *æði* → *væði* (af. so. *vaða*).

³²⁸ Sjá Noreen 1923:169 [§235, 1, a].

³²⁹ Björn Magnússon Ólsen 1882:280: „Die in §. 22, C, c, 2 besprochene Ausstoßung des *v* im Anlaut vor *o, ó, u, y* ist in der Volkssprache keineswegs durchgehend, man hört z. B. nicht selten *vóð* statt *óð* (Prät. Ind. von *vaða*) und im Prät. Conj. ist *væði* die allgemeine Form (altisländ. *æða*).“

Í JStgrÆv koma a.m.k. fyrir tvö dæmi um slíkt endurvakið /v/, þ.e. *vurðu* ‘vurd`u`’ 129 og *hvyrfi* ‘hvyrfe’ 338. Fjallað er nánar um þessa breytingu í umfjöllun um sagnir í beygingarfræðihluta ritgerðarinnar (sjá undirkafla 3.5.2.3 og 3.5.2.6).

gu-, *ko-* > *gvu-*, *kvo-*

Á Norðvesturlandi kom upp á 16. öld eða jafnvel fyrr breyting sem fólst í því að [v] myndaðist á milli /k/ eða /g/ og uppmæltu sérhljóðanna /u/ eða /o/, t.d. *guð* > *gvuð* ([kvʏ:ð]).³³⁰ Í *Lexicon Islandicum* Guðmundar Andréssonar (1999) frá 1683 koma fyrir nokkur dæmi um þessa hljóðbreytingu, t.d. *gvugna*,³³¹ *Gvugnir*,³³² *gvúa*,³³³ *gvolf*,³³⁴ *kvodri*,³³⁵ *kvos*³³⁶ (fyrir *gugna*, *Gugnir*, *gúa*, *golf*, *koðri*, *kos*) o.s.frv. Veturliði Óskarsson (2001) nefnir dæmin *gvuð*, *gvugna*, *kvostur*, *kvosta*, *kvok*, *kvusk* (fyrir *guð*, *gugna*, *kostur*, *kosta*, *kok* og *kusk*) um breytinguna. Jón Helgason (1929b:448) nefnir hins vegar eingöngu dæmi um *gvu-* og *kvo-* af fyrrnefndum hljóðasamböndum: „I förbindelsen *ku* är v okänt [...] Detsamma gäller *go*.“

Fyrst er minnst á breytinguna í samtímaritum í byrjun 18. aldar. Árni Magnússon skrifar þá á miða að: „*Gvud* skrifa sumer pro *gud* Deus, er affara snid, apad epter pronunciatione.“³³⁷ Jón Ólafsson úr Grunnavík minnst einnig á þennan framburð í ritgerð sinni *Orthographia Islandica* (c1733): „Gud. Þad ord skrifa menn so, enn pronuntera alltid Gvud, og eins i öllum, þeim af því koma, edur vid þad eru sett sem gudlegur, Gudni, Gudny, Gudmundur.“³³⁸

Frekar fá dæmi eru um þessa breytingu í seinni alda textum og telur Jón Helgason (1929b), sem rannsakaði hana, að hún hafi líklega ekki náð mikið út fyrir vestanvert Norðurland áður en hún gekk til baka nema í orðinu *guð*

³³⁰ Finnur Jónsson 1924:xvii: „[...] *guð* (þetta orð sýnist HP, og aðrir, hafa átt bágð með; þad hefur verið borið fram sem nú: *gvuð* og stundum nokkuð líkst *gvauð*) stendur í hending við *naud* (3,16; 40,16) og *stod* (3,7); að HP. hefur ekki hjer ætlast til að sagt yrði *god* er víst (í hdr. stendur *Guð*).“

³³¹ Guðmundur Andrésson 1999:67: „**Gugna/ade/gvugna/Deficio, Vigore & viribus marcesco, gugnán/f.g. deficientia, marcor.**“

³³² Guðmundur Andrésson 1999:67: „**Gugner/gvugnir / m.g. Proprium nomen seu agnomen ac Epitheton Gladii Odinis famosi, à geig.**“

³³³ Guðmundur Andrésson 1999:67: „**Guva/Haf-guva/Siren, Virgo marina, Scylla.**“

³³⁴ Guðmundur Andrésson 1999:67: „**Gvölf / n.g. vulgò golf / Pavimentum, Solum, Fundamentum Domus, Fundum Ædificii [...].**“

³³⁵ Guðmundur Andrésson 1999:100: „**Kodre / m.g. Scrotum, aliàs Qvodre / Scrotea, pera, perula.**“

³³⁶ Guðmundur Andrésson 1999:67, 101: „**Kos / m.g. Osculum, svavium, kostr / vel kuostr / m.g. Victus.**“

³³⁷ Úr handritinu AM 481 12mo, bl. 63 hjá Jóni Helgasyni 1929b:441.

³³⁸ Í AM 435 fol., bl. 44v hjá Jóni Helgasyni 1929b:441.

([kvy:ð]) og orðum sem dregin eru af því. Innskotshljóðið virðist ekki hafa komist inn í eða haldist í orðum eins og t.d. *gufa* ([ky:va]).³³⁹

Framburðarafbrigðið *gu* > *gvi* kemur einnig upp á 16. öld og er slík breyting náskyld hinnri breytingunni og líklega afbrigði hennar. Komu þá upp myndir eins og *gvið* (fyrir *gud*) og *Gviðni* (fyrir *Guðni*) en hún náði varla til annarra orða.³⁴⁰ Í *Lexicon Islandicum* Guðmundar Andréssonar (1999) koma fyrir dæmi um hana: „Gvid/gvidin / Dii Ethnicí, vide God.“

Hvorki eru dæmi um breytinguna *gu* (*ko*) > *gvu* (*kvo*) né *gu* > *gvi* í JStgrÆv, t.d. *gud* ‘gud’ 1, *gudfræðin* ‘gudfræðenn’ 1, *gudrækni* ‘gudrækne’ 2, *guds* ‘guds’ 2, *gudsmanna* ‘gudsmanna’ 2, *gud* ‘gud’ 2, *gud(s)* ‘gud(s)’ 2, *gudi* ‘gude’ 3, *Kuklarinn* ‘kuckl|arenn’ 13. Þetta kemur ekki mjög á óvart þar sem sjaldgæft er að þessi breyting sé táknuð í síðari alda textum eins og nefnt var hér að framan.

2.2.17 Framgómun /k, g/

Gómhljóðin /k/ og /g/ hafa þegar í elstu íslensku verið framgómmeð þegar frammeð sérhljóð fór á eftir.³⁴¹ Í sumum elstu íslensku handritunum var táknið ‘c’ notað fyrir uppgómmeðta lokhljóðið ([k]) en ‘k’ fyrir framgómmeðta hljóðið ([c]).³⁴² Á f.hl. 14. aldar var farið að greina uppgómmeðt og framgómmeðt lokhljóð að í riti með því að bæta við ‘i’/‘j’ til að auðkenna þau framgómmeðtu og t.d. *rita* ‘kienna’ (fyrir *kenna*) og ‘gieta’ (fyrir *geta*) o.s.frv.³⁴³ Í GBibl (Bandle 1956:141–142) eru /k/ og /g/ oft rituð ‘ki’, ‘gi’ í framstöðu á undan /æ/ og /ö/ (< físl. /ø/) og /e/, t.d. ‘kienska’, ‘kiør’, ‘kienna’, ‘giær’, ‘giørdur’, ‘gietit’. Á undan tvíhljóðum er hins vegar alltaf ritað ‘k’. Stundum er í GBibl ritað ‘ki’ á undan /e/ í endingum, t.d. ‘sækie’. Í innstöðu og endingum er /g/ oft skrifað ‘gi’ í GBibl (Bandle 1956:127–128) en sjaldnar í bakstöðu: ‘byggier’, ‘seigie’, ‘dagien’. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:78) er ritað ‘gi’ á undan /æ, ö/ í framstöðu, t.d. ‘giæda’, og alloft á undan /e/. Hins vegar er á undan tvíhljóðinu /ei/ alltaf ritað ‘g’. Fá dæmi eru um ‘gi’ í inn- eða bakstöðu hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:78) en þó t.d. ‘Høfdingie’ 23.

Allnokkur dæmi eru um að framgómun sé táknuð í JStgrÆv, bæði í framstöðu, t.d. *gæti* ‘giæte’ 25, *kæmist* ‘kiæmest’ 29, *kenndi* ‘kiende’ 30, *gefins*

³³⁹ Gælunöfnin *Gubbi*, *Gudda*, *Gummi* og *Gunna* virðast vera eldri en *gvuð*-framburðurinn þar sem þau hafa ekki orðið fyrir þessari breytingu. Gælunafnið *Gvendur*/*Gvöndur* virðist hins vegar vera komið upp eftir að innskotshljóðið kom til sögunnar.

³⁴⁰ Sjá Jón Helgason 1929b:446–447.

³⁴¹ Sjá t.d. Stefán Karlsson 1989:13.

³⁴² Sjá Hrein Benediktsson 1965:30, Noreen 1923:42 [§39, aths. 2] og Spehr 1929:91 o.áfr.

³⁴³ Sjá Stefán Karlsson 1989:13, Noreen 1923:190–191 [§263], Alexander Jóhannesson 1923–1924:149 [§227] og Jóhannes L.L. Jóhannsson 1924:6 o.áfr.

‘giefens’ 38, *gert* ‘giert’, og einnig inni í orði, t.d. *segir* ‘segier’ 38, *gagngert* ‘gagngiert’ 122, *engelskt* ‘eingielskt’ 326, *máske* ‘maskie’ 333. Stundum er framgómun þó ekki táknuð í framgómunarumhverfi, t.d. *degi* ‘dege’ 12, *fágætustu* ‘fagætustu’ 292, *Engelskir* ‘eingelsker’ 326 o.s.frv.

Á milli /g, k/ og /a, u/ er framgómun stundum ekki táknuð í físl., t.d. ‘tuegga’ fyrir *tveggja*.³⁴⁴ Tvö dæmi eru um slíka tákun í NtOG, ‘suika’ (fyrir *svíkja*) Jóh. 6⁶⁴ og ‘at þeir medtæku’ (fyrir *meðtakju*) Matt. 21¹⁹, sem Jón Helgason (1929a:36) telur til prentvillna. Slíkt er þó vafasöm túlkun þar sem slík tákun var algeng á síðari öldum. Stundum er ritað ‘gg’ fyrir /ggj/ í GBibl (Bandle 1956:128), t.d. ‘tvegga’ fyrir *tveggja*.³⁴⁵ Slík tákun er einnig algeng hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:xiii–xiv) og Árni Böðvarsson (1960:9–12) nefnir fjölmörg dæmi um slíka ritun í þjóðsagnahandritum frá 19. öld.³⁴⁶

Nokkur dæmi eru um slíkan rithátt í JStgrÆv, t.d. *fylgjendum* ‘filgendum’ 141, *kyrkjuna* ‘kyrkuna’ 207, *þykjunstum* ‘þikunstum’ 342 o.s.frv. Einnig má telja hér með myndina *f[e]ngust* ‘f[e]ngust’ (fyrir *fengjust*, vh. ft. af so. *fá*) 243 þar sem er greinileg viðtengingarháttarmynd en án ‘j’.

2.2.18 Linmæli

Sú hljóðbreyting nefnist linmæli þegar fráblásin lokhljóð, *k, p, t* ($[k^h, p^h, t^h]$), verða ófráblásin í mjög eðlilegu veiklunarumhverfi, þ.e. á eftir löngu sérhljóði. Breytingin hefur orðið alls staðar á landinu nema á Norðurlandi þar sem enn eru borin fram fráblásin lokhljóð í þessari stöðu. Sá framburður nefnist harðmæli.³⁴⁷ Torvelt er að tímasetja breytinguna nákvæmlega þar sem hennar sjást lítt merki í stafsetningu. Björn Guðfinnsson (1946a:234, nmgr.) og Ásgeir Blöndal Magnússon (1959:10)³⁴⁸ telja breytinguna vera frá því um 1800 en styðja ekki þá skoðun sína með dæmum.³⁴⁹ Orð Jóhannesar L.L.

³⁴⁴ Sjá dæmi um þetta í físl. hjá Noreen 1923:191 [§263, aths. 2] og Hægstad 1942:121.

³⁴⁵ Sjá dæmi í físl. hjá Noreen 1923:191 [§263, aths. 2].

³⁴⁶ Árni Böðvarsson 1960:9: „Má segja að rithátturinn *k* fyrir *kj* og *g* fyrir *gj* séu ein algengust og almennust frávík þjóðsagnaritaranna frá almennu íslenzku hljóðkerfi.“

³⁴⁷ Kort yfir útbreiðslu harðmælisins í nísl. er hjá Indriða Gíslasyni og Höskuldi Þráinssyni 1993:159. Björn Guðfinnsson (1946a) rannsakaði dreifingu harðmælisins á fimmta áratug síðustu aldar og þá náði kjarnasvæði þess frá Skagafirði og austur og suður allt til Suður-Múlasýslu. Samkvæmt Indriða Gíslasyni og Höskuldi Þráinssyni (1993:160) hefur harðmælið látið nokkuð undan síga síðan en þó ekki svo mjög.

³⁴⁸ Ásgeir Bl. Magnússon 1959:10: „Skal ég geta þess til dæmis, að ekki er til, svo mér sé kunnugt, nein rituð umsögn um linmælið sunnlenzka allt fram yfir miðja 19. öld. Linmælið er þó vafalaust miklu eldra, enda þykir mér sem finna megí merki þess í rithætti einstakra orða allt aftur á miðja 18. öld a. m. k., þótt naumast hafi það verið orðið mjög útbreitt þá.“

³⁴⁹ Björn Guðfinnsson (1946a:234, nmgr. 2) segist byggja þetta á sunnlenskum bréfum frá um 1800 en því miður greinir hann ekki nákvæmar frá heimildum sínum: „Hér má geta þess, að allmörg dæmi breytingarinnar *p, t, k > b, d, g* finnast í sunnlenskum bréfum frá því

Jóhannssonar (1924:131) eru lýsandi fyrir óvissuna um aldur breytingarinnar: „Mér er sagt, að þessi framburður komi fyrst eftir 1800, en það er alt óvíst.“³⁵⁰ Í handritinu *Kollsbók*, sem er frá um 1480–1490 (Ólafur Halldórsson 1968:xxxvi), er hugsanlega að finna miklu eldri dæmi um linnmæli (Ólafur Halldórsson 1968:xix): „[...] *marga* (= marka) 4r35; siglíng, siglíngs algengt en siklíng kemur einnig fyrir (4r,14 og 5r,15).“

Elstu öruggu linnmælisdæmin, sem ég veit um, eru í handritum að þjóðsögum Jóns Árnasonar, sem eru að mestu frá árunum 1860–1880, t.d. ‘kunningsskab’ (fyrir *kunningsskap*) og ‘haugarnir’ (fyrir *haugarnir*).³⁵¹ Svavar Sigmundsson (1966:82) telur að eitt dæmi hjá Jóni Vídalín sýni e.t.v. linnmæli og sé þá elsta þekkta dæmið um það. Það kemur fyrir í bréfum hans (V 93): „Þordur hefur Þorleifs skola(meistara) sok i hóndunum.“ Í handritinu hefur fyrst verið skrifað ‘sog’ í stað ‘sók’ en síðan strikað yfir það aftur. Svavar segir að það rýri dæmið að það komi fyrir í bakstöðu þar sem linnmælið er ekki eins skýrt. Í orðabók Björns Halldórssonar (1992:191) frá 18. öld er hugsanlega einnig að finna dæmi um linnmæli. Þar kemur fyrir tvímyndin *grjúpán* fyrir *grjúpán* ‘bjúga’ („**Griupán**, v. **Griúbán**, n. *farcimen*, Pølse“). Í skaftfellska handritinu Lbs. 366 8vo, bls. 41, kemur þetta orð einnig fyrir með ‘b’: „[M]er var gefid ad borda sneid af ydri [...] griūban og griubans lángi /biūga og Endakólfūr [...].“ Á bls. 59 í handritinu er það hins vegar ritað með ‘p’: „[...] Saxmatur Griupän Biuga“. Í orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík kemur þetta orð aðeins fyrir með ‘p’ (4,318): „Grijwpán“. Þörf er ýtarlegra rannsókna á 18. og 19. aldar heimildum til að hægt sé að fullyrða nokkuð nánar um þróun þessarar breytingar.

Í JStgrÆv eru engin dæmi sem benda sérstaklega til linnmælisframburðar og er alltaf ritað ‘k’, ‘p’ eða ‘t’ í linnmælisumhverfi, t.d. *látin* ‘lätenn’ 10, *taka* ‘taka’ 13, *tapað* ‘tapad’ 18, *móti* ‘möte’ 20, *tapað* ‘tapad’ 298, *taka* ‘taka’ 306, *láta* ‘läta’ 327 o.s.frv.

um 1800, og tekur breytingin til allra hljóðanna. Hefur Björn K. Þórólfsson bent mér á þetta. — Tvö dæmi eru frá miðri 18. öld, annað þó mjög ótraust.“

³⁵⁰ Sbr. Hrein Benediktsson 1961–1962:86–87 og Björn Guðfinnsson 1947:16.

³⁵¹ Sjá Árna Böðvarðsson 1960:8–9.

3 Beygingarfræði

Eitt af því sem helst einkennir íslensku er að beygingarkerfi fornmálsins hefur í meginráttum haldist óbreytt fram á okkar daga. Beygingarkerfið í Nýja testamenti Odds Gottskálfssonar og Guðbrandsbiblíu á 16. öld er í helstu atriðum einnig það sama og í forníslensku þótt ýmsar breytingar hafi orðið á einstökum orðum.³⁵² Sumar breytingar ná þó til heilla flokka.

Í umfjölluninni hér á eftir um beygingarkerfið í JStgrÆv er lögð áhersla á samanburð við upprunalega beygingu í físl., málið á 16. öld (í NtOG og GBibl) og við málið á f.hl. 20. aldar eins og það birtist m.a. í beygingarfræði Valtýs Guðmundssonar (1922). Fylgt er hefðbundnu skipulagi í beygingarlýsingum (sjá Bandle 1956), fyrst er fjallað um fallorð, síðan smáorð og að lokum sagnir.

3.1 Nafnorð

3.1.1 Sérhljóðastofnar

3.1.1.1 Kk. *a*-stofnar

Beyging kk. *a*-stofna hefur haldist að mestu óbreytt síðan í físl. Helstu breytingarnar eru að sum orð hafa ekki sömu endingu í þgf. og ef. et. í físl. og nísl. og sum orð, sem tilheyra þessum beygingarflokki, hafa skipt um kyn og beygingu í seinni tíma máli. Nokkur dæmi eru um slíkt í JStgrÆv eins og greint verður frá hér á eftir.

Beyging kk. a-stofna í físl., nísl. og JStgrÆv

	et.	ft.
nf.	hestr (nísl. hestur)	hestar
þf.	hest	hesta
þgf.	hesti	hestum
ef.	hests	hesta

Þgf. et.

Hjá karlkyns *a*-stofnum var *-i* í þgf. et. en strax í elsta máli eru dæmi um endingarlaus form. Þau eiga rætur að rekja til kk. *i*-stofna sem voru upphaflega endingarlausir í þgf. et.³⁵³ Karlkyns *a*-stofnum með endingarlausu þgf. et. fór

³⁵² Bandle (1956:183) segir til að mynda að nafnorðakerfið hafi í höfuðdráttum haldist frá forníslensku: „Die aisl. Substantivklassen sind zur Hauptsache bis ins Nisl. erhalten geblieben.“

³⁵³ Sjá Noreen 1923:251 [§358, 3] og Alexander Jóhannesson 1923–1924:183 [§289] sem segir að þetta hafi einkum tíðkast í skáldskap. Um dreifingu þessarar endingar sjá einnig Friðrik Magnússon 1983. Sumir telja hugsanlegt að endingarleysið megi í sumum tilvikum rekja til

síðan sífellt fjölgandi á öldunum eftir siðaskipti.³⁵⁴ Í GBibl (Bandle 1956:183, 187) er dreifing endingarlausra *a*-stofna svipuð og í nísl. Í stuttstofnum eins og *dalur*, *stafur* og *smiður*, sem stundum hafa *-i* í físl., er sjaldan *-i* í GBibl (Bandle 1956:188), t.d. ‘einum Gullsmid’ Dom 17,4. Í langstofnum eins og *draumur*, sem alltaf höfðu *-i* í físl., er þgf. stundum endingarlaust í GBibl. Í fleirkvæðum orðum eru aðeins nokkur tökuorð í GBibl endingarlaus í þágufalli, þ.e. *bikar*, *kaleikur*, *kopar*. Karlkyns *a*-stofnar með viðskeytið *-ingur/-ungur* enda alltaf á *-i* í þágufalli í físl. en eru frá 14. öld oft endingarlausir.³⁵⁵

Valtýr Guðmundsson (1922:49 [§108]) segir að eftirfarandi *a*-stofnar séu alltaf eða nær alltaf með *-i* í þgf. et. í nísl.: *álfur*, *brunnur*, *draumur*, *eldur*, *grátur*, *heimur*, *kálfur*, *lundur*, *máfur*, *ormur*, *prestur*, *runnur*, *skurmur*, *sveppur*, *tvistur*, *úlfur*, *þorskur*. Einnig orð með viðskeytinu *-ingur* og *-ungur* og eiginöfn, t.d. *Álfur*. Eftirfarandi orð eru hins vegar alltaf eða nær alltaf án *-i* í þgf. et. samkvæmt Valtý: *-bítur* (t.d. *dýrbítur*), *dvergur*, *hringur*, *jálkur*, *keipur*, *leikur*, *melur*, *n(j)álgur*, *refur*, *snúður*, *söngur*, *tólkur*, *urgur*, *veigur*. Eftirfarandi orð koma síðan samkvæmt Valtý bæði fyrir með *-i* og án þess í þgf. et. í nísl.: *bátur*, *dúkur*, *eimur*, *flokkur*, *geimur*, *hnífur*, *ilmur*, *klútur*, *laukur*, *meiður*, *múgur*, *óður*, *pungur*, *rómur*, *skápur*, *trúður*, *úfur*, *þjófur*.

Í JStgrÆv eru eftirfarandi dæmi um þgf. et. af kk. *a*-stofnum. Það sést á þessum dæmum að algengara er þar að hafa endingarlaus form í þgf. et. en í nísl. Dæmi um slíkt er að orð með viðskeytið *-ing* eru endingarlaus í JStgrÆv (*helmingur*, *vakningur*) en samkvæmt Valtý Guðmundssyni (1922:49 [§108]) eru orð sem mynduð eru með því viðskeyti alltaf með endingu í nísl. Orð eins og *bátur*, *klútur* og *þjófur*, sem Valtýr segir að séu bæði með og án endingar í þgf. et. í nísl., eru hins vegar aldrei með endinguna *-i* í JStgrÆv eins og töflurnar hér að neðan sýna:

Dæmi um þgf. et. af kk. a-st. í JStgrÆv

Án endingar	
áll	<i>ál</i> 212, <i>ál</i> 304
bátur	<i>bátnum</i> 108, <i>selabát</i> 218
-blundur	<i>svefnblund</i> 268
farangur	<i>farang</i> 116
helmingur	<i>helming</i> 136
-hringur/-æringur	<i>Eyjateinárhring</i> 66

fornra staðarfalls- og tækisfallsendinga. Sjá t.d. Heusler 1977:62 [§201, 2]. Á móti þessari kenningu mælir Hesselmann 1948–1953:55.

³⁵⁴ Sjá Björn K. Þórolfsson 1925:2–5.

³⁵⁵ Sjá Björn K. Þórolfsson 1925:3.

klútur	<i>silklút</i> 212
leikur	<i>kunnugleik</i> 15, <i>leik</i> 123, <i>viturleik</i> 133, <i>rammleik</i> 318
rómur	<i>róm</i> 325
stekkur	<i>stek</i> 204, <i>stekknum</i> 62, <i>stekknum</i> 174
straumur	<i>straum</i> 134, <i>straumnum</i> 198
söngur	<i>söng</i> 291, <i>lofsöng</i> 325, <i>söng</i> 325
-vakningur	<i>uppvakning</i> 115
þjófur	<i>þjóf</i> 319

Með endingu

-aftann	<i>miðaftani</i> 128
draumur	<i>draumi</i> 274, 295
eiður	<i>eiði</i> 216
eldur	<i>eldi</i> 290, <i>eldi</i> 310, <i>eldinum</i> 233, <i>eldinum</i> 275, <i>eldinum</i> 297, <i>eldinum</i> 299
grátur	<i>gráti</i> 299
heimur	<i>heiminum</i> 2, <i>heiminum</i> 9, <i>heiminum</i> 52, <i>heiminum</i> 78, <i>heiminum</i> 196, <i>heiminum</i> 214, <i>heimi</i> 248, <i>heiminum</i> 266, <i>heimi</i> 281, <i>heiminum</i> 335, <i>heiminum</i> 344
prestur	<i>presti</i> 26, <i>presti</i> 27, <i>presti</i> 30, <i>presti</i> 36, <i>presti</i> 69, <i>prestinum</i> 70, <i>presti</i> 72, <i>presti</i> 74, <i>presti</i> 76, <i>presti</i> 78, <i>presti</i> 92, <i>presti</i> 93, <i>presti</i> 111, <i>presti</i> 135, <i>presti</i> 139, <i>presti</i> 150, <i>presti</i> 150, <i>presti</i> 150, <i>presti</i> 245, <i>presti</i> 268, <i>presti</i> 276, <i>presti</i> 277, <i>presti</i> 296, <i>prestinum</i> 305, <i>presti</i> 314
-ingur:	<i>málnytjupeningi</i> 10, <i>búningi</i> 45, <i>tilbúningi</i> 75, <i>undirbúningi</i> 79, <i>búningi</i> 88, <i>ásetningi</i> 96, <i>styttingi</i> 236, <i>ásetningi</i> 241, <i>stuðningi</i> 282, <i>hræringi</i> 285, <i>tilbúningi</i> 321
-ungur	<i>silungi</i> 129

Með og án endingar

-dómur	(án endingar:) <i>fátækdóm</i> 122, <i>manndóm</i> 184 (með <i>i</i> -endingu:) <i>lærdóminum</i> 41, <i>lærdómi</i> 71, <i>lærdómi</i> 72, <i>lærdómi</i> 132, <i>barndómi</i> 166, <i>páfadómi</i> 178, <i>hórdómi</i> 196, <i>veraldardómi</i> 259, <i>lærdómi</i> 262, <i>aldurdómi</i> 279, <i>aldurdómi</i> 287, <i>ungdómi</i> 288, <i>ungdómi</i> 288
flokkur	(án endingar:) <i>flokk</i> 94, <i>flokknum</i> 185 (með <i>i</i> -endingu:) <i>flokki</i> 183, <i>flokki</i> 183

Kk. a-st. → hk. a-st.

Nokkrir upprunalegir *kk. a-stofnar* hafa tekið upp *hk. a-stofna* beygingu í seinni alda máli. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:263) er orðið *gaumur* t.a.m. orðið hvorugkynsorð: „[...] ef gaum at verdr gefit þeim verckum“ Rómv. 1²⁰.³⁵⁶ Þetta hefur líklega gerst þannig að orð eins og *gaumur*, sem mikið eru notuð í þolfalli (*gefa e-u gaum*), hafa verið endurtúlkuð sem hvorugkynsorð þar sem þolfallsformið *gaum* gæti hæglega verið þolfall af hvorugkynsorðinu *gaum*. Þetta orð kemur einnig fyrir í kvenkyni samkvæmt Cleasby og Vigfusson (1874:192): „*Gaumr*, m.; fem. *gaum* also occurs, góða litla gaum, Hom. 33, 69, and so sometimes in mod. writers.“ Svipuð þróun hefur líklega orðið þar og við myndun hvorugkynsorðsins *gaum* af karlkynsorðinu *gaumur*. Ekkert dæmi er þó um þetta orð í kvenkyni í RM. Nokkur önnur *a-stofna* karlkynsorð eru einnig orðin hvorugkynsorð í GBibl (Bandle 1956:192), þ.e. *angur*, *fjötur*, *hungur*, *klungur*, *lemstur*.

Í JStgrÆv hafa *a-stofna* karlkynsorðin *angur* og *gaumur* einnig tekið upp hvorugkynsbeygingu og fylgja því ekki upprunalegri beygingu:

/angur/: það *angur* ‘angur’ (þf. et.) 43, *stóru hugarangri* ‘hugar angre’ 140, *tvöföldu angri* ‘angre’ 239.

/gaum/: ekkert *gaum* ‘gaum’ 97.

3.1.1.2 *Hk. a-stofnar*

Lítill munur er á beygingu *hk. a-stofna* í físl. og JStgrÆv. Helst hafa orðið breytingar á beygingu einstakra orða af þessum flokki eins og t.a.m. *fé*. Nokkur orð sem upprunalega voru af þessum stofni hafa einnig tekið upp aðra beygingu, t.d. *fullting(i)*, *átvagl*.

Beyging hk. a-stofna í físl., nísl. og JStgrÆv

	et.	ft.
nf.	hús	hús
þf.	hús	hús
þgf.	húsi	húsum
ef.	húss	húsa

Ef. et. fjár/fés/fjár

Hljóðrétt ef. et. af hvorugkynsorðinu *fé* var *fjár* í físl. Á seinni öldum koma hins vegar einnig upp nýmyndir í eignarfalli. Myndin *fjár* kemur fyrir á 16. öld og síðar og í orðabók Guðmundar Andréssonar (*Lexicon Islandicum*) frá

³⁵⁶ Sjá einnig Cederschiöld 1913.

17. öld er gefin upp eignarfallsmyndin *fés*.³⁵⁷ Í RM koma fyrir allar þessar eignarfallsmyndir. Dæmin þar um myndina *fés* eru frá 17s–19s,³⁵⁸ um *fjár* frá 16s–19f³⁵⁹ og um *fjár* frá 16s–19m.³⁶⁰ Þessar eignarfallsmyndir virðast því allar hafa tíðkast á síðustu öldum. Í málfræði Jóns Magnússonar (1997:73) er hins vegar eingöngu gefin upp myndin ‘fiär’ í ef. et. Jón Magnússon minnst því hvorki á myndina *fés* né *fjár* í ef. et.

Í JStgrÆv er eitt dæmi um hið nýja eignarfall *fjár* í samsettu orði: *fjár-supphæð* ‘fiars upphæd’ 259. Í öðrum tilvikum um eignarfall eintölu af þessu orði er hins vegar alltaf upprunaleg ending: *fjárhirðir* ‘fiarhyrder’ 15, *fjár* ‘fiär’ 17, *Fjánhús* ‘fiarhus’ 17, *fjár-* og *kúasmalamadurinn* ‘fiär og kúa smalamadurinn’ 17, *fjár* ‘fiar’ 29, *fjánhús* ‘fiarhus’ 31, *fjárumbirðingin* ‘fiarumhyrdingenn’ 33, *fjár* ‘fiar’ 109, *fjárpestinni* ‘fiar|pestene’ 121, *fjár(h)úsi* ‘fiar(h)use’ 136, *fjárnóli* ‘fiarboole’ 174, *Kristfjár* ‘christfiär’ 191, *fjárpestartíð* ‘fiar|pestartyd’ 317, *fjárnúsinu* ‘fiarhusenu’ 333.

Það er athyglisvert að nær eingöngu koma fyrir dæmi um upprunalega beygingu í ef. et. af þessu orði í JStgrÆv. Af eina dæminu, sem er þar um nýja beygingu, *fjár-supphæð*, má þó sjá að hún hefur komið fyrir í máli Jóns. Beyging orðsins *fé* í JStgrÆv er því hugsanlega til vitnis um áhrif málhreinsunar á ritun Jóns Steingrímssonar. Á móti því mælir að eignarfallsmyndin *fjár* virðist hafa lifað í málinu meðfram hinum alla tíð, sbr. dæmi úr RM, og því hugsanlegt að hún hafi verið hin venjulega beygingarmynd í máli Jóns. Ekki eru heldur heimildir úr ritum frá 18. öld um að barist hafi verið sérstaklega gegn nýju eignarfallsmyndunum *fjár* og *fés*. Þó bendir e.t.v. óbeint til þess það að í málfræði Jóns Magnússonar (1997:73) er eingöngu gefin upp myndin ‘fiär’ í ef. et. en Jón var íhaldssamur í beygingu.

Hk. a-st. → ia-st.

Allmörg dæmi eru í GBibl (Bandle 1956:201–202) um að *a-st.* hvorugkyns-orð hafi orðið *hk. ia-stofn*, t.d. *aldin*, *bókfell*, *fullting*, *heit*, *þyngsl* → *aldini*, *bókfelli*, *fulltingi*, *heiti*, *þyngsli*. Þetta má skýra með því að ekki er hægt að sjá mun á *hk. a-stofnum* og *hk. ia-stofnum* þegar þeir eru með viðskeyttum greini nema í eignarfalli eintölu, t.d. *orðsins* (*hk. a-stofn*) en *kvæðisins* (*hk. ia-stofn*). Það hefur síðan leitt til þess að sumir *hk. a-stofnar* hafa verið endurtúlkaðir sem *hk. ia-stofnar*.

³⁵⁷ Guðmundur Andrússon 1999:44: „Fe/ hodie **Fe** / feär / vel fiär / item fies in Genit.“
 Vísað er í þetta dæmi hjá Birni K. Þórolfssyni 1925:77.

³⁵⁸ *fés* (10 dæmi), t.d. *‘fies’. Ífk IV, 44 (17s).

³⁵⁹ *fjár* (4 dæmi), t.d. ‘Fiarsins’. GuðbrÞorlBibl Tb 12, 6 (16s).

³⁶⁰ *fjár* (21 dæmi), t.d. ‘Fiarens’. GuðbrÞorlBibl Pd 3, 21 (16s).

Í JStgrÆv eru tvö dæmi um að *fullting* (hk. *a*-stofn) sé orðið *fulltingi* (*ia*-stofn): *fulltingi* ‘fulltynge’ 77, *fulltingi* ‘fulltjinge’ 286.

3.1.1.3 Kk. *ia*-stofnar

Orð eins og *læknir* og *hellir* eru *ia*-stofna karlkynsorð. Að fornu voru slík orð án stofnlægs *r*, þ.e. *r*-ið var ending nf. et. Á síðari öldum varð sú breyting á beygingu þessa flokks að *r*-ið var alhæft í beygingunni og varð stofnlægt. Elstu dæmi um stofnlægt *r* í þessum orðum eru frá 15. öld, þf. et. *-ir* og ef. et. *-irs*.³⁶¹ Dæmi eru um *-ir* í þgf. et. í GBibl (Bandle 1956:205–206). Elstu dæmi um stofnlægt *r* í fleirtölumyndum eru enn yngri, skv. Hreini Benediktssyni (1969:396–397): þgf. ft. *-irum* (1599), nf. ft. *-irar* (1618) og þf. ft. *-ira* (1644). Dæmi um stofnlægt *r* án *i*, t.d. *hellrar*, koma hins vegar fyrst fyrir á 17. öld. Aldirnar þar á eftir verður sífellt algengara að hafa stofnlægt *r* í beygingunni, t.a.m. er ekki hægt að skilja orð Jóns Magnússonar í málfræði hans frá 1737–1738 öðruvísi en svo að forna beygingin sé þá alveg horfin.³⁶² Í sænskri útgáfu af íslenskri málfræði Rasks (1818:77, 80) beygir hann *læknir* að fornum hætti en nefnir einnig nýju beyginguna sem hann gerði annars yfirleitt ekki nema sú gamla væri alveg horfin úr málinu.³⁶³ Konráð Gíslason (1845:65–66) tók fyrir beygingu *ia*-stofna í *Fjölni* og sagði:

Að hneigja karlkynsorð, sem hafa *ir* að niðurlagi í gjör. eint., eins og gjört er í *leiðarvísir* (7⁶), er að sönnu öldungis rjett eptir því sem nú tíðkast; en væri þó ekki rjett, að hverfa þar til hinnar eldri myndar? Því ekki verður það varið, að hún er miklu fegri, einkum í fleirt. [...] og er þó fleirt. enn þá ljótari í öðrum orðum, þar sem i er ekki sleppt, t. a. m. *vísirar, vísira, vísirum* [...].

Konráð virðist því telja forna beygingu orðsins *læknir* vera svo til útdauða á þessum tíma en finnst hún vera fegurri en sú nýja. Greinilegt er á orðum Konráðs að nýja beygingin hefur verið orðin hin almenna beyging orða af þessum flokki á hans tíma. Hugsanlegt er að Konráð hafi verið forvígismaður þess að

³⁶¹ Hjá Hreini Benediktssyni (1969:396–397) er yfirlit yfir breytingar á beygingu þessa flokks. Linda Ösp Heimisdóttir (2008) skrifaði nýlega BA-ritgerð um *ia*-stofna (*Yfirlit yfir beygingu karlkyns *ia*-stofna frá níttjándu öld til nútímamáls*).

³⁶² Jón Magnússon 1997:19: „4°. In *er* integrè leguntur, ut *her*ser, Gen. *her*ser, Dat. *her*ser, Acc. *her*ser, Plur. Nom. *her*serar, Gen. *her*sera, Dat. *her*serum, Acc. *her*sera. Veteres autem dixerunt:

	Sing.		Plur.
Nom.	<i>her</i> sir.	Nom.	<i>her</i> sar.
Gen.	<i>her</i> sís.	Gen.	<i>her</i> sa.
Dat.	<i>her</i> si.	Dat.	<i>her</i> sum.
Acc.	<i>her</i> si.	Acc.	<i>her</i> sa.“

³⁶³ Sbr. Halldór Halldórsson 1981:216.

endurvekja gömlu beyginguna en þó er það ekki víst.³⁶⁴ Eftir þetta snýst þróunin við hægt og hægt og gamla beygingin verður að lokum svo til allsráðandi aftur að minnsta kosti í ritmáli.³⁶⁵ Á þriðja áratug 20. aldar telur Jóhannes L.L. Jóhannsson (1923:210) þó að seint muni takast að útrýma henni úr ýmsum orðum.³⁶⁶ Gott dæmi um útbreiðslu nýju beygingarinnar á f.h.l. 20. aldar er að finna í útgáfum málfræðibókar Halldórs Briems, *Stutt ágríp af íslenskri mállýsingu handa alþýðuskólum*. Hún var gefin út alls sex sinnum frá 1891 til 1932. Í fyrstu fimm útgáfunum getur hann um nýju beyginguna (*læknirar*) innan sviga en í síðustu útgáfunni frá 1932 virðist hann mæla með þeirri beygingu og segir að forna beygingin sé höfð í ritmáli en ekki í talmáli.³⁶⁷ Upprunaleg beyging virðist því standa sífellt hallari fæti á f.h.l. 20. aldar samkvæmt Halldóri. Hjá Valtý Guðmundssyni (1922:48 [§107]) er hin forna beyging, án stofnlægs *r*, sýnd sem aðalbeyging. Valtýr (1922:54–55 [§116]) getur þess hins vegar að í töluðu máli tíðkist einnig að hafa *r* í allri beygingunni.³⁶⁸ Í talmáli í nísl. lifir stofnlæga *r*-ið enn góðu lífi í sumum orðum í máli sumra og í orðasamböndum eins og *vera kominn á steypirinn*.³⁶⁹

Eftirfarandi dæmi eru um nýja beygingu *ia*-stofna í JStgrÆv:

Þf. et.: *fellir* ‘feller’ 19, *Reynirinn* ‘Reineren’ 158, *Reynir* ‘Reiner’ 158, *Lambhellir* ‘lambheller’ 175.

Þgf. et.: *uppgangseyrir* ‘uppgangs eijrer’ 20, *flýtir* ‘fliter’ 117, *flýtir* ‘flyter’ 231, *beykir* ‘beiker’ 335.

Ef. et.: *Reynirshverfi* ‘Rein|ershverfe’ 61, *Þórirsholti* ‘Þorirs’holte’ 343.

Nf. ft.: *skelmirar* ‘skielmirar’ 92.

Á hinn bóginn koma einnig fyrir nokkur dæmi í JStgrÆv um upprunalega beygingu án stofnlægs *r*. Dæmin um upprunalegu beyginguna hafa ekki jafnmikið vægi og hin þar sem þau koma eingöngu fyrir sem fyrri liður samsetninga. Í *Nucleus Latinitatis* Jóns Árnasonar frá 1738 (Jón Árnason 1994) er

³⁶⁴ Sbr. Kjartan G. Ottósson 1987:314.

³⁶⁵ Gunnar Benediktsson (1977:63) minnst t.d. á breytingar á beygingu *ia*-stofna í endurminningum sínum: „Hellar þessir voru alltaf kallaðir hellrar í daglegu tali, og af hjartanlegri tryggð við æskuminningarnar ætla ég að halda þessari fleirtölumynd, hvað sem beygingarfræðinni líður.“

³⁶⁶ Jóhannes L.L. Jóhannsson 1923:210: „Vel og rétt er það sagt, að í orðunum *læknir*, *hellir* o. s. frv. er *r* eiginlega orðið stofnlægt fyrir löngu, þótt ranglega hafi verið reynt að útrýma því, sem þó víst aldrei tekst í sumum af þessum orðum.“

³⁶⁷ Sjá Guðrúnu Kvaran 1996:147–150 og 2005b:66–67.

³⁶⁸ Valtýr (1922:48 [§106]) minnst einnig á að í sumum orðum tíðkist einnig samandregnar myndir í fleirtölu *ia*-stofna með rótlæggu /r/: „[...] *Sammentrækning* i nogle Ord kan finde Sted (*hellir* Hule, N. Pl.: *hellir-ar* og *hellr-ar*).“

³⁶⁹ Á fyrsta fjórðungi 20. aldar virðist stofnlæga *r*-ið enn lifa góðu lífi í ft. kk. *ia*-st. sbr. þessi orð Björns K. Þórólfsssonar 1925:78: „Nú hafa allir karlkendir *ia*-stofnar flt. á *-irar* osfrv. nema *hellir* (flt. *hellrar*).“

upprunaleg beyging *ia*-stofna einnig algengari í samsetningum.³⁷⁰ Dæmi um upprunalega beygingu *ia*-stofna í JStgrÆv eru þessi: *Reynistað* ‘Reinestad’ 76, *Reynistað* ‘Reinestad’ 87, *Reynistað* ‘Reinestad’ 93, *Reynistað* ‘Reinestad’ 99, *Reynistaðarsókninni* ‘Reinestadarsoknenne’ 105, *Reynistað* ‘Reinestad’ 109, *Reynistað* ‘Reinestad’ 112, *Reynihverfinu* ‘Reinehverfenu’ 130, *læknisdóm* ‘læknisdóm’ 151, *Reynistað* ‘Reinestad’ 166, *læknismeðala* ‘læknismedala’ 240, *Reynistað* ‘Reinestad’ 309.

Greinilegt er samkvæmt þessu að í JStgrÆv er nýja beygingin með stofnlægu *r* orðin venjuleg beyging þessara orða. Eingöngu eru leifar upprunalegrar beygingar eftir og eingöngu í samsetningum.

Beyging kk. ia-stofna í físl. og nísl.

	et.	ft.
nf.	hellir	hellar
þf.	helli	hella
þgf.	helli	hellum
ef.	hellis	hella

Beyging kk. ia-stofna í JStgrÆv

	et.	ft.
nf.		skelmirar
þf.	fellir, Reynistað	
þgf.	uppgangseyrir, flýtir	
ef.	Reynirshverfi, læknisdóm	

3.1.1.4 Kk. wa-stofnar

Í flokki *kk. wa*-stofna voru upprunalega fá orð og eru þau enn færri í nísl. Helsta breytingin á beygingu þessa flokks hefur orðið í þgf. et. en þar hafa komið upp endingarlaus form í stað mynda með upprunalegri endingu.

Beyging hk. a-stofna í físl.

	et.	ft.
nf.	söngur	söngvar
þf.	söng	söngva
þgf.	söngvi	söngum
ef.	söngs	söngva

³⁷⁰ Guðrún Kvaran og Friðrik Magnússon 1994:xxiii. „Fyrir kemur einnig beyging hreinna *ija*-stofna þótt mun sjaldgæfari sé: *gjöra hnekki, reisa mæni*. Heldur eru dæmin fleiri meðal samsettra orða: *læknisdómur, læknisdrykkur, læknisjurt, lækniskonst, mæliskerald*.“

Endingarlaus form í þgf. et. af *wa*-stofnum komu snemma upp í físl. en form með *-vi* af sumum orðum hafa samt lifað fram til nísl. a.m.k. sem hliðarmyndir,³⁷¹ t.d. af *hjør* (þgf. et. *hjør* eða *hjørvi*), *hör* (þgf. et. *hör* og *hörvi*) og *mör* (þgf. et. *mör* og *mörvi*).³⁷² Þágufall eintölu af *wa*-stofnum er oft endingarlaust í GBibl (Bandle 1956:211), t.d. ‘med söng’.

Í þgf. ft. var stundum bætt við ‘v’ (*söngvum* ← físl. *songum*) í síðfísl. fyrir áhrif frá þeim myndum þar sem upprunalegt /v/ hafði haldist.³⁷³ Tvímyndir með og án /v/ koma fyrir í GBibl (Bandle 1956:212) en í nísl. hefur /v/ verið alhæft í þessu falli hjá orðum af þessum flokki.

Í JStgrÆv koma fyrir tvö dæmi um þgf. et. af *söngur* og eru bæði endingarlaus: *söng* ‘saung’ 291, *söng* ‘saung’ 325. Engin dæmi eru í JStgrÆv um þgf. et. af öðrum *wa*-stofnum. Engin merki eru því um endinguna *-vi* í þgf. et. orða af þessum flokki í JStgrÆv. Ekki ætti hins vegar að lesa of mikið út úr því þar sem eingöngu koma fyrir dæmi um þgf. et. af einu orði, *söngur*, af þessum flokki.

Beyging kk. wa-stofna í JStgrÆv

	et.
nf.	söngur
þf.	söng
þgf.	söng
ef.	

sær/sjór/sjár, snær/snjór/snjár

Í físl. koma fyrir hliðarmyndirnar *sær/sjór/sjár*, *snær/snjór/snjár* af orðunum *sjór* og *snjór*.³⁷⁴ Algengustu formin í físl., bæði í lausamáli og skáldskap, eru *sær* og *snær*.³⁷⁵ Engin dæmi eru í GBibl (Bandle 1956:212) um *æ*-myndir af þessum orðum og í nísl. eru myndir með stofninn *sjó-* og *snjó-* nær algildar.

Í JStgrÆv koma eingöngu fyrir dæmi um *sjó-* og *snjó-*myndir af þessum orðum:

/sjór/: *sjór* ‘sior’ 64, *sjórinn* ‘siorenn’ 129, *sjórinn* ‘siörenn’ 137.

/snjór/: *snjór* ‘snior’ 111, *snjór* ‘sniór’ 116, *snjór* ‘snior’ 117, *snjórinn* ‘sniorenn’ 118, *snjónum* ‘snionum’ 118, *snjónum* ‘snionum’ 118, *snjóinn* ‘sniöenn’ 119, *snjó* ‘snió’ 139, *[s]njórinn* ‘[s]niorenn’ 333.

³⁷¹ Sjá Noreen 1923:256 [§365, aths. 2], Finn Jónsson 1901:27 o.áfr., Björn K. Þórólfsson 1925:11 og Alexander Jóhannesson 1923–1924:189 [§300].

³⁷² Sjá Valtý Guðmundsson 1922:52 [§112, A, d].

³⁷³ Sjá Noreen 1923:255 [§365].

³⁷⁴ Sjá Noreen 1923:256 [§365] og Heusler 1932:27–28 [§87, 1].

³⁷⁵ Sjá Bandle 1956:212, Hægstad 1942:69 og Finn Jónsson 1901:35.

3.1.1.5 *ō*-stofnar

Kvenkyns *ō*-stofnar voru fjölmargir í frumgermönsku. Upprunaleg ending þeirra var *-ar* í nf./þf. ft. en þegar í físl. höfðu hins vegar ýmis upprunaleg *ō*-stofna kvenkynsorð tekið upp *i*-stofna fleirtölu, t.d. *jarðir*, *raddir*, *þjóðir*.³⁷⁶ Í GBibl (Bandle 1956:218–220) eru svo enn fleiri *ō*-stofnar orðnir *i*-stofnar og eru þeir svipað margir þar og í nútímamáli.³⁷⁷ Í nísl. koma enn fyrir tvímyndir í fleirtölu (t.d. *greinar/greinir*) af ýmsum upprunalegum *ō*-stofnum, t.d. *dróg*, *grein*, *kvísl*, *reið*, *skeið*, *skálm*, *sneið*.³⁷⁸

Í JStgrÆv koma fyrir eftirfarandi fleirtölumyndir í nf./þf. af kvk. *ō*-stofnunum *grein* og *reið*: *greinir* ‘greiner’ (þf. ft.) 262, *reiðar* ‘reidar’ (nf. ft.) 240, *útreiðarnar* ‘útreidarnar’ (nf. ft.) 256.

Beyging kvk. ō-stofna í físl.

	et.	ft.
nf.	mön, dróttning	manar, dróttningar
þf.	mön, dróttning	manar, dróttningar
þgf.	mön, dróttningu	mönnum, dróttningum
ef.	manar, dróttningar	mana, dróttninga

Þgf. et.

Físl. *ō*-stofnar voru með *-u* í þgf. et. eða án endingar.³⁷⁹ Ýmsir upprunalegir *ō*-stofnar í físl. hafa *-u* í þgf. et., t.d. *jörðu*, *röddu* (þessi orð eru að vísu orðin kvk. *i*-stofnar í elsta máli, þ.e. nf./þf. ft. *jarðir*, *raddir*).³⁸⁰ Í físl. koma einnig fyrir myndir með *-u* í þgf. et. af nokkrum upprunalegum eins atkvæðis *ō*-stofnum, t.d. *ár*, *hlið*, *laug*, *ól*, *paradís*, *rein*, *rönd*, *ull*, en þó eru slíkar myndir sjaldgæfar.³⁸¹ Hesselman (1948–1953:51) og Noreen (1913:165–166 [§192, 3]) töldu að endingarlausu myndirnar væru áhrifsmyndir komnar frá *i*-stofnum og er það líklegt enda algeng tengsl á milli þessara beygingarflokka. Endingin *-u* hefur breiðst út til þf. et., sérstaklega í nöfnum og *-ing*-orðum (t.d. *drottningu*), og til annarra sterkra kvenkyns beygingarflokka (t.d. þgf. et.

³⁷⁶ Um ástandið í forníslensku sjá Noreen 1923:261 [§375] og Alexander Jóhannesson 1923–1924:196 [§309] og í nýíslensku Valtý Guðmundsson 1922:65 [§144]. Björvand (1972) hefur fjallað um fleirtölumyndirnar *-ar*, *-ir*, *-r* hjá kvenkynsorðum í físl.

³⁷⁷ Björn K. Þórólfsson (1925:80) segir t.a.m. að mörkin milli *ō*-stofna og kvk. *i*-stofna séu á 17. öld orðin álíka óglögg og í nísl.

³⁷⁸ Sbr. Valtý Guðmundsson 1922:62 [§135, b].

³⁷⁹ Sjá Guðrúnu Þórhallsdóttur 2007.

³⁸⁰ Sjá Noreen 1923:260–262 [§374 o.áfr.], Alexander Jóhannesson 1923–1924:195–196 [§309], Heusler 1932:65 [§212, 1] og Finn Jónsson 1901:37 o.áfr.

³⁸¹ Sjá Noreen 1923:261–262 [§374] og Finn Jónsson 1901:37–43.

nóttu ← *nótt*).³⁸² Í síðari tíma íslensku eru myndir með *-u* í þgf. et. eins atkvæðis *ō*-stofna orðnar sjaldgæfari. Þgf. et. endar stundum á *-u* í GBibl (Bandle 1956:216–217), t.d. ‘minne Vllu’ Hos 2,11 (kvk. *ull*) en þó yfirleitt ekki.

Í JStgrÆv koma eingöngu fyrir myndir án *-u* í þgf. et. af eins atkvæðis *ō*-stofnum:

/hlið/: *hlið* ‘hlid’ 55, *hlið* ‘hlyd’ 66, *hliðinni* ‘hlydenne’ 326.

/skál/: *skál* ‘skal’ 203.

Þf. et. -ing/-ingu

Kvenkyns *ō*-stofnar sem enda á *-ing*, t.d. *virðing*, voru í fisl. endingarlausir í þf. et. en enduðu á *-u* í þgf. et. Á seinni öldum riðlaðist þessi skipting, farið var að nota þágufallsendinguna *-u* einnig í þf. et. og einnig eru dæmi um að þgf. et. sé haft endingarlaust. Á 16. öld færast það í vöxt að þf. et. fái endinguna *-u*.³⁸³ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:52) er þó eingöngu *-u* í þf. et. af orðum með greini, t.d. ‘blodz vt hellinguna’ Hebr. 11,28. Í GBibl (Bandle 1956:218) er sjaldgæft að þf. et. af þessum orðum endi á *-u* en þó koma fyrir dæmi um það, t.d. ‘Vidurkenningu’ GT 7,12. Oftast er það samt í GBibl eins og í NtOG með þessari endingu þegar greinir fylgir á eftir, t.d. ‘Fyllinguna’ IV Mos 18,27. Í hátíðlegu máli eins og t.d. biblíumáli má síðan enn í nýíslensku sjá dæmi um *u*-lausar myndir.

Í JStgrÆv eru bæði dæmi um upprunalegar endingarlausar myndir (14x) og með *u*-endingu (11x) í þf. et.:

-ing: *Jesúminning* ‘Jesuminning’ 11, *virðing* ‘vyrðing’ 15, *flenging* ‘fleinging’ 18, *orðsending* ‘ordsending’ 30, *velgjörning* ‘velgiörning’ 39, *meining* ‘meining’ 43, *gisting* ‘gist|ing’ 73, *virðing* ‘vyrðing’ 94, *næring* ‘næring’ 121, *brennivínshressing* ‘brennevins hreð|ing’ 121, *hressing* ‘hreðing’ 122, *viðgjörning* ‘vidgiörning’ 124, *gisting* ‘gisting’ 131, *umþenking* ‘umþeinking’ 133, *umhirðing* ‘umhyrðing’ 139.

-ingu: *kerlingu* ‘kierlingu’ 32, *hressingu* ‘hreðingu’ 98, *fríðstillingu* ‘fridstillingu’ 102, *byggingu* ‘biggingu’ 113, *viðréttingu* ‘vidriettingu’ 133, *lýsingu* ‘lysingu’ 167, *lægingu* ‘lægingu’ 174, *upplýsingu* ‘upplysingu’ 179, *forréttingu* ‘for|riettingu’ 180, *virðingu* ‘vyrðingu’ 193, *viðurkenningu* ‘vidurkenningu’ 332.

Þgf. et. -ingu/-ing

Í JStgrÆv endar þgf. et. yfirleitt á *-u* (20x). Þrjú dæmi eru hins vegar þar um endingarlaust þgf. et.:

³⁸² Sjá Noreen 1923:262 [§376, aths. 2, 377] og Björn K. Þórólfsson 1925:15.

³⁸³ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:80.

-ingu: *minningu* ‘miningu’ 2, *signingu* ‘signingu’ 5, *innbyrlingu* ‘jnbyrlingu’ 58, *meiningu* ‘meiningu’ 81, *forlystingu* ‘forlystingu’ 83, *siglingu* ‘siglingu’ 95, *sinnisumbreytingu* ‘sinis umbreitingu’ 138, *hræringu* ‘hræringu’ 140, *útlekkingu* ‘utleggingu’ 145, *virðingu* ‘vyrdingu’ 174, *umhirðingu* ‘umhyrdingu’ 175, *vanvirðingu* ‘vanvyrðingu’ 184, *virðingu* ‘vyrdingu’ 195, *hristingu* ‘hristingu’ 207, *útdeilingu* ‘utdeilingu’ 209, *giftingu* ‘giffingu’ 248, *yfirbevísingu* ‘yfirbevysingu’ 248, *virðingu* ‘vyrdingu’ 314, *virðingu* ‘vyrðingu’ 331, *hugleiðingu* ‘hugleiðingu’ 337.

-ing: *þakklæti(s)minning* ‘þakklæte minning’ 9, *lending* ‘lending’ 33, *kenning* ‘kiening’ 145.

Beyging *ō*-stofna í físl., sem enda á *-ing*, er því nokkuð á reiki í JStgrÆv í þf. og þgf. et. og passar það vel við almenna þróun á síðari öldum þar sem los hefur komist á endingar í þessum föllum.

*Beyging *ō*-stofna (-ing) í JStgr.*

	et.	ft.
nf.	umbreyting	bevísingar
þf.	virðing, kellingu	slæðingar
þgf.	meiningu, lending	lýsingum
ef.	grynningar	útréttinga

3.1.1.6 *jō*-stofnar

Svokallaðir *jō*-stofnar er undirflokkur kvenkyns *ō*-stofna í físl. Dæmi um orð af þessum stofni í físl. eru *nauðsyn*, *mær* (*mey*), *dregg* og *nyt*.³⁸⁴

mær/mey

Orðið *mær* beygðist að fornu svona: nf. et. *mær*, þf. et. *mey*, þgf. et. *meyju*, ef. et. *meyjar*.³⁸⁵ Fljótlega kom þó einnig upp myndin *mey* í nf. et. og ýmsar hliðarmyndir í öðrum föllum. Samkvæmt Birni Kr. Þórólfsyni (1925:81) var orðið *mær* á 16. öld og einkum á 17. öld oft óbeygjanlegt. Í GBibl (Bandle 1956:223) eru engin dæmi um myndina *mær* í aukaföllum.³⁸⁶ Eitt dæmi er þar um *mær* í nf. et. en annars er þar *mey* eða *meyja* í nf. et. Hjá Jóni Magnússyni á 18. öld er nefnt að þetta orð sé óbeygjanlegt í eintölu, þ.e. *mær* í öllum föll-

³⁸⁴ Sjá Noreen 1923:263–264 [§381–383].

³⁸⁵ Sjá Noreen 1923:264 [§383, aths. 1].

³⁸⁶ Bandle 1956:223: „Aisl. gewöhnl. *mær*, erst spätaisl. auch *mey*, nisl. *mær* und *mey*. Die Ausbreitung der Form *mær* auf die übrigen Kasus des Sg und auf den Pl, wie sie im Nisl. und auch schon im 16. Jahrh. begegnet, ist der GB fremd.“

um.³⁸⁷ Eins og Björn K. Þórólfsson (1925:81) bendir á þá var Jón íhaldssamur um mál og er það því nokkuð örugg heimild um að málbreyting eða beyging hafi skotið rötum ef Jón getur hennar eins og í þessu tilviki. Jón Axel Harðarson (Jón Magnússon 1997:261–262) segir að þessi ummæli Jóns um beygingu *mær* rími við ýmsar heimildir frá 16. og 17. öld um að orðið *mær* sé oft látið vera óbeygt í eintölu og í nf./þf. fleirtölu.³⁸⁸ Valtýr Guðmundsson (1922:69 [§151, e]) segir að algengast sé í nísl. að hafa formið *mær* í öllum eintölu myndum og í nf./þf. ft.

Þetta orð kemur aðeins einu sinni fyrir í JStgrÆv í vísuorði og hefur þá formið *mey* (þf. et.): *fræga skaltu hljóta mey* ‘mey’ 214. Sá ljóður er á dæminu að vísan er ekki frá Jóni sjálfum komin heldur kveðin til hans af óþekktri veru.

3.1.1.7 iō-stofnar

Flokkur kvenkyns iō-stofna tilheyrðu í físl. ýmis kvenmannsnöfn, t.d. *Auðr*, *Hildir*, og samnöfn eins og *byrðr*, *elfr*, *eyrr*, *festr*, *fyllr*, *gunnr*, *gyltr*, *gýgr*, *heiðr*, *helgr*, *herðr*, *hildir*, *hreysar* (ft.), *merr*, *mýrr*, *reyðr*, *rýgr*, *veiðr*, *ylgr* og *øx*.³⁸⁹ Auk þess beygðust *brúðr* og *vætr* eins og iō-stofnar í eintölu. Helsta breytingin, sem hefur orðið á þessum flokki frá físl., er að ending nf. et. *-r* hefur hjá flestum þessara orða vikið fyrir *-i*, t.d. *meri*. Elsta dæmi sem Björn K. Þórólfsson (1925:81) nefnir um þessa breytingu er *tálgöxi* (f. *tálgöx*) úr Bréfabók Gissurar biskups Einarssonar frá 1540: „Jtem litil talgoxe“ (*Diplomatarium Islandicum* 10:577). Björn segir að nýja endingin sé orðin álíka útbreidd og sú gamla um miðja 17. öld og að hjá Runólfi Jónssyni og Jóni Magnússyni sé dreifingin orðin sú sama og í nísl. Nýjar myndir án *-r* í nf. et. koma ekki fyrir í NtOG en eru algengar í GBibl (Bandle 1956:225), t.d. ‘su Heide’ Jos. 16,1.

Ástæðan fyrir breytingu nefnifallsmyndarinnar er m.a. kerfissamræmi: Hjá sterkum kvenkynsorðum, þ.e. *ō*-stofnum og einnig ýmsum öðrum sterkum kvenkynsorðum, var sama form í nf./þf./þgf. et., t.d. *sök* (*ō*-stofn), *vík* (samhljóðastofn). Í nf. et. af iō-stofnum hefur því til samræmis við það verið tekin upp ending þf. og þgf. et. Það hefur örugglega einnig ráðið einhverju um þetta að endingin *-ur* er mjög tengd karlkynsorðum og er helsta nefnifallsmerki sterkra karlkynsstofna, t.d. *hestur*, *gestur*, *maður*. Eftir að *-r* í bakstöðu

³⁸⁷ Björn K. Þórólfsson 1925:81: „Jón Magnússon segir: „Mær (virgo) indeclinabile est“, og er hann þó auðsjáanlega íhaldinn um beygingar, eftir því sem hann hefur haft þekkingu til.“ Upphaflegur texti úr málfræði Jóns Magnússonar (1997:62) er þannig: „*mær* indeclinabile est.“

³⁸⁸ Jón Axel Harðarson (Jón Magnússon 1997:261–262): „Þetta kemur heim við það, að á 16. og einkum 17. öld er orðið *mær* oft óbeygjanlegt í eintölu og nefnifalli, þolfalli fleirtölu, sbr. nf. flt. *mær* í rímum: *þær vænu mær*, *Griplur eða Hrómundarrímur V*, 25; *aðrar tvær ... mær*, *Blávus rímur* og *Viktors XII*, 49 (sennilega frá síðari hluta 16. aldar), sbr. Björn K. Þórólfsson, *Um íslenskar orðmyndir ...* (sjá aths. 12), bls. 17, 81.“

³⁸⁹ Sjá Iversen 1990:56.

varð *-ur* féll það saman við upprunalegt *-ur*, t.d. í nf./þf. ft. kvenkynsorða, t.d. *sogur*, og var því heldur ekki eins skýrt merki nf. et. og áður. Allt hefur þetta stuðlað að því að upprunaleg ending *-ur* (< *-r*) hjá *iō*-stofnum stóð höllum fæti.³⁹⁰

Dæmi eru um það frá síðari öldum að í þeim *iō*-stofnum, sem enn varðveittu gömlu nefnifallsendinguna *-ur* (fisl. *-r*), t.d. *reyður* og *æður* (*flæður*), hafi hún a.m.k. sums staðar á landinu verið yfirfærð yfir á alla eintöluna. Björn K. Þórólfsson (1925:81–82) segir að í þýðingu Arngríms lærða á krosskveðjum heilags Bernharðs (1618) komi t.d. fyrir óbeygt þgf. et. af *æður*: ‘Ædur raudre’. Óbeygt þf. et. er einnig að finna hjá Stefáni Ólafssyni (Jón Þorkelsson 1885–1886 II:88), „steikir æður og önd | við Álfaborgar lönd“. Í GBibl (Bandle 1956:225) koma fyrir óbeygjanleg form í eintölu af *brúður* við hlið upprunalegra mynda: ‘til Brwdur’ Spek’ 8,1, ‘Brwdurinnar’ Opinb 18,23. Björn Magnússon Ólsen (1882:282) segir seint á 19. öld að *æður* sé óbeygjanlegt í eintölu nema þá helst í eignarfalli þar sem *æðar* sé algengara en *æður* og komi það sérstaklega fyrir í samsetningum. Valtýr Guðmundsson (1922:63 [§137, A, c]) segir að í nísl. séu *reyður*, *æður* og *brúður* einnig til óbeygjanleg í eintölu.

Bæði koma fyrir dæmi um *mýri* (fisl. *mýrr*) og *veiði* (fisl. *veiðr*) í nf. et. í JStgrÆv og hafa þau þar hina nýju *i*-endingu: *mýri* ‘myre’ 96, *veiði* ‘veide’ 110. Önnur dæmi um orð af þessum beygingarflokki í öðrum föllum í JStgrÆv eru: *mýri* 96 (þgf. et.), *mýri* 113 (þf. et.), *heiðinni* 117 (þgf. et.), *mýrinni* 174 (þgf. et.), *mýrina* 256 (þf. et.).³⁹¹ Einnig koma fyrir í JStgrÆv nokkur orð með *-festi* sem seinni lið, t.d. *trúfesti* ‘trufeste’ 111, en slík orð beygjast ekki lengur sem *iō*-stofnar í nísl. heldur *īn*-stofnar.

Beyging kvk. iō-stofna í fisl.

	et.	ft.
nf.	ermr	ermar
þf.	ermi	ermar
þgf.	ermi	ermum
ef.	ermar	erma

³⁹⁰ Sjá annars um þessa þróun Guðrúnu Þórhallsdóttur 1997.

³⁹¹ Í JStgrÆv er *-mýri* auk þess að finna í nokkrum örnefnum og eru öll dæmin í þágufalli: *Flugumýri* 15, *Flugumýri* 20, *Flugumýri* 35, *Flugumýri* 36, *Steinsmýri* 65, *Flugumýri* 309, *Langamýri* 343.

Beyging kvk. iō-stofna í JStgrÆv

	et.
nf.	veiði, mýri
þf.	mýri, mýrina
þgf.	mýri, heiðinni
ef.	

3.1.1.8 Kk. i-stofnar

Beyging kk. *i*-stofna hefur lítið breyst frá físl. til nísl.³⁹²

Beyging kk. i-stofna í físl.

	et.	ft.
nf.	gestr, sauðr	gestir, sauðir
þf.	gest, sauð	gesti, sauði
þgf.	gest, sauð	gestum, sauðum
ef.	gests, sauðar	gesta, sauða

Þgf. et.

Upphaflega var þgf. et. af kk. *i*-stofnum endingarlaust. Af mörgum kk. *i*-stofnum komu þó upp myndir með endingunni *-i* í þgf. et. þegar í físl.³⁹³

Orðið *staður* er endingarlaust í þgf. et. í JStgrÆv eins og í GBibl (Bandle 1956:228–229) en það var stundum með endinguna *-i* í físl.³⁹⁴

/staður/: *kirkjustaðnum* ‘kirkjustadnumm’ 12, *beltisstað* ‘beltisstad’ 15, *kaupstaðnum* ‘kaupstadnum’ 35, *Breiðabólstað* ‘Braidabolstad’ 41, *staðnum* ‘stadnumm’ 47, *kaupstaðnum* ‘kaupstadnum’ 52, *stað* ‘stad’ 53, *staðnum* ‘stadnum’ 55, *Breiðabólstað* ‘Braidabolstad’ 75, *Reynistað* ‘Reinestad’ 87, *staðnum* ‘stadnumm’ 88 o.s.frv.

Ef. et.

Hjá langstofna kk. *i*-stofnum með rót sem endar á *-g* eða *-k* skiptast á endingar *-s* og *-jar* í eignarfalli. Sum slík orð enda á *-s*, t.d. *drengr*, önnur á *-jar*, t.d. *fengr*, og sum hafa tvímyndir, t.d. *bekkr* (ef. et. *bekks/bekkjjar*). Dreifing þessara afbrigða er svipuð að fornu og nýju.³⁹⁵

³⁹² Um *i*-stofna má t.am. lesa hjá Alexander Jóhannessyni 1923–1924:200 [§318], Finni Jónssyni 1901:45 o.áfr. og Birni K. Þórólfssyni 1925:18–21.

³⁹³ Sjá t.d. Noreen 1923:267 [§387] og Bandle 1956:228–229.

³⁹⁴ Sjá Noreen 1923:267 [§387].

³⁹⁵ Sjá t.d. GBibl (Bandle 1956:228).

Í JStgrÆv koma eingöngu fyrir dæmi um ef. et. af einum langstofna kk. *i*-stofni með rót sem endar á -g eða -k, þ.e. *leggur*. Tvö dæmi eru um ef. et. af því og er í báðum tilvikum endingin -s:

/leggur/: *ættleggsins* ‘ættleggsins’ 287, *ættleggsins* ‘ættleggsins’ 338.

Einstök orð

vinur, óvinur

Endingarlaust ávarpsfall af orðinu *vinur*, þ.e. *vin*, hefur tíðkast alla tíð í íslensku máli.³⁹⁶ Tvö dæmi eru um slík endingarlaus form í JStgrÆv: *óvin* ‘ovin’ 140 og *vin* ‘vin’ 272. Síðarnefnda dæmið er í kvæði sem ekki er eftir Jón Steingrímsson. Sjá undirkafla 3.1.1.10 um svipuð endingarlaus form af kk. *u*-stofninum *sonur*.

3.1.1.9 Kvk. *i*-stofnar

Beyging kvk. *i*-stofna hefur að mestu haldist óbreytt frá físl. til nísl. Í GBibl (Bandle 1956:231–233) er ástandið svipað og í físl. hvað þetta varðar. Þegar í físl. höfðu ýmis *ō*-stofna kvenkynsorð flust yfir í þennan flokk, t.d. *jörð*, *rödd* og *þjóð*,³⁹⁷ og í nísl. hefur þeim enn fjölgað.³⁹⁸

Beyging kvk. *i*-stofna í físl. og nísl.

	et.	ft.
nf.	ætt, braut	ættir, brautir
þf.	ætt, braut	ættir, brautir
þgf.	ætt, braut/brautu	ættum, brautum
ef.	ættar, brautar	ætta, brauta

Þgf. (þf.) et.

Þgf. et. af kvk. *i*-stofnum er oftast endingarlaust en í sumum orðum koma fyrir tvímyndir þegar í físl. þar sem auk endingarlausra mynda eru myndir með endingunni -u, t.d. *jörð*/*jörðu*.³⁹⁹

Endingin -u hefur stundum í síðari tíma máli komist inn í þf. et. fyrir áhrif frá þágufallinu, t.d. *á jörðu niður*, *við sjóarströndu*. Einstaka dæmi um þetta eru í elstu rímum en fá í nísl.⁴⁰⁰ Flest þeirra sem það á við um eru gamlir

³⁹⁶ Sjá Noreen 1923:209–210 [§285, aths.], 268 [§388, aths.]. Um *kæri vin*, *góði vin* sjá Stefán Einarsson 1923:281.

³⁹⁷ Sjá Noreen 1923:261 [§375].

³⁹⁸ Valtýr Guðmundsson 1922:62–63, 65–66 [§135, 144].

³⁹⁹ Kvenmannsnöfn af þessum stofni hafa hins vegar að fornu og nýju haft -u bæði í þf. og þgf. et., t.d. þf./þgf. et. *Björgu*.

⁴⁰⁰ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:15 og Konráð Gíslason 1897:176.

ō-stofnar.⁴⁰¹ Endingarlaus form af þessum orðum eru algengari en hin í nísl. og sum orðin með *-u* í þágufalli eintölu koma aðeins fyrir í skáldskap.⁴⁰² Í NtOG (Jón Helgason 1929a:53) er eitt dæmi um *-u* í þf. et., ‘for afsida i eydimorku’ Mark. 6³². Í GBibl (Bandle 1956:231–233) koma bæði fyrir endingarlausar myndir og myndir með endingunni *-u*, t.d. ‘Hiørdunne’ I Mos 32,17 en hins vegar ‘sinne Hiørd’ I Mos 29,2, ‘Hiørdinne’ I Mos. 29,3 o.s.frv. Allmörg dæmi eru í RM um *-u* í þgf. et. af *braut* og *fold*. Í nísl. er *-u* sjaldgæft í þágufallinu en þó eru til víxlmyndir af orðunum *braut*, *fold*, *grund*, *hurð*, *jurt* (*urt*), *laut*, *lund*, *mold*, *mund*, *raust*, *sál*, *sól*, *storð*, *stund*, *ull*, *und*, *urð*, *þjóð* og *þraut*.⁴⁰³ Eftirfarandi orð af þessum stofni, sem hafa hljóðskipti í stofninum, hafa stundum *-u* í þágufalli eintölu í nísl. samkvæmt Valtý Guðmundssyni (1922:66–67 [§145, b]): *dögg*, *hjörð*, *höll*, *jörð*, *mjöll*, *rödd*, (*þöll*), *öld*, *önd*.

Í JStgrÆv eru endingarlaus form algengust í þgf. et.: *þjóðbraut* ‘þiodbraut’ 320, *Ystugrund* ‘ytsugrund’ 25, *Ystugrund* ‘Jtsugrund’ 56, *Grund* ‘Grund’ 112; *hurðinni* ‘hurdene’ 100; *biðlund* ‘bidlund’ 204; *þraut* ‘þraut’ 110, *þraut* ‘þraut’ 244, *daudastundinni* ‘daudastundenne’ 327. Þó koma fyrir nokkur dæmi um *-u* í þgf. et.: *fósturjörðu* ‘fostur Jordu’ 113, *jörðu* ‘Jordu’ 125, *sálu* ‘sálu’ 201, *stundu* ‘stundu’ 246. Dæmið *sálu* 201 gæti þó einnig verið þgf. et. af veika kvenkynsorðinu *sála*.

Vsk. -un/-an

Orð með vsk. *-un/-an*, t.d. *hugsun*, höfðu í físl. yfirleitt *-un* í nf./þf./þgf. et. en *-anar* í ef. et.⁴⁰⁴ Ýmis tilbrigði eru þó við þetta og annaðhvort alhæfingu viðskeytisins *-an* eða *-un* í öllum föllum eintölu í GBibl (Bandle 1956:234). Jón Helgason (1929a:53) segir að *-an* sé algengasta form viðskeytisins í NtOG í nf./þf./þgf. et. en *-un* í ef. et. Í nísl. hefur *-un* yfirleitt verið alhæft í allri eintölunni, t.d. nf./þf./þgf. *huggun*, ef. *huggunar*.⁴⁰⁵

Í JStgrÆv koma fyrir eftirfarandi dæmi um myndir þessa viðskeytis:

/-un/: *umsorgun* ‘ummsorgun’ 3, *hýrgun* ‘hyrgun’ 33, *prédikunarstól* ‘predikunarstol’ 41, *skemmtun* ‘skiemntun’ 43, *dimissionsprédikun* ‘dimissions predikun’ 45, *dimissionsprédikun* ‘dimissions predikun’ 46, *huggun* ‘huggun’ 48,

⁴⁰¹ Bandle 1956:231: „Die Wörter, die Formen auf *-u* zeigen, sind zu einem guten Teil alte *ō*-Stämme, so dass hier also Bewahrung der alten Endung vorliegt (vgl. § 141).“

⁴⁰² Sjá Valtý Guðmundsson 1922:65–67 [§142–145].

⁴⁰³ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:66 [§144, b].

⁴⁰⁴ Huguún Ragnheiður Hólmgeirsdóttir (1995) hefur skrifað BA-ritgerð um sögu þessa viðskeytis í íslensku.

⁴⁰⁵ Sjá Stefán Einarsson 1945:39–40 og Valtý Guðmundsson 1922:67 [§146]: „Som *verslun* bøjes en Mængde Hunkønsord, der er dannede af Verber og som i flere Tilfælde i Skriftsproget (men aldrig i Talespr.) kan have dobbelt Endelse *-un* og *-an*, og i sidste Tilfælde indtræder ingen Omlyd, undtagen i D. Pl.“

prédikunarbækur ‘predikunarbækur’ 70, *minnkunar* ‘minkunar’ 71, *minnkunar* ‘minkunar’ 75, *prédikunarmáta* ‘predikunar ma|ta’ 76, *minnkun* ‘mynkun’ 90, *prédikunin* ‘predikunenn’ 100, *dögun* ‘dógun’ 121, *prédikunarstól* ‘predikunarstol’ 139, *prédikun* ‘predikun’ 140, *prédikunarstúderingar* ‘predikunar studeringar’ 141, *prédikun* ‘predikun’ 141, *prédikunina* ‘predikunena’ 141, *prédikunarstól* ‘predikunar Stol’ 142, *prédikunina* ‘predikunena’ 142, *jóladagsprédikun* ‘Jooladags predikun’ 142, *prédikunarstólnum* ‘predikunar stolnum’ 142, *guðsdýrkun* ‘gudsdyrkun’ 155, *hrösun* ‘hrosun’ 161, *eftirlöngun* ‘effterlaungun’ 164, *afsökun* ‘afsókun’ 186, *prédikun* ‘pre|dikun’ 198, *löngun* ‘laungun’ 199, *töpun* ‘topun’ 204, *skemmtun* ‘skiemntun’⁴⁰⁶ 207, *prédikunum* ‘predikunum’ 207, *skemmtun* ‘skiemntun’ 213, *harmaklögun* ‘harma klogun’ 214 (kvæði), *afsökunar* ‘afsokunar’ 216 (bréf), *afsökun* ‘afsokun’ 227 (bréf), *lukkuspilun* ‘lucku|spilun’ 231, *huggun* ‘huggun’ 241, *prédikunarstólnum* ‘predikunar|stólnumm’ 257, *sköpun* ‘skopun’ 258, *leitun* ‘leitun’ 260, *guðsorda-prédikun* ‘guds orda predikun’ 263, *ráðstöfun* ‘radstofun’ 265, *prédikun* ‘predikun’ 266, *ásökun* ‘asokun’ 270, *huggun* ‘huggun’ 270, *ráðstöfun* ‘rad|stofun’ 270, *vöktun* ‘vóktun’ 273, *ráðstöfun* ‘radstofun’ 278, *prédikun* ‘pre|dikun’ 282, *Hersleibsprédikun* ‘Hersleibs predikun’ 282, *niðurröðun* ‘nidurrodun’ 284, *köllun* ‘kóllun’ 296, *anklögun* ‘anklógun’ 298, *prédikun* ‘predikun’ 305, *ráðstöfun* ‘rad|stofun’ 306, *fyrirætlun* ‘fyrer ætlun’ 306, *köllun* ‘kollun’ 308, *prédikun* ‘predikun’ 309, *huggunar* ‘huggunar’ 310, *huggun* ‘huggun’ 310, *afbötun* ‘afbótun’ 319, *huggunargrein* ‘huggunargrein’ 323, *huggun* ‘huggun’ 326, *hugsun* ‘huxun’ 326, *prédikunarstól* ‘predikunar|stol’ 328, *prédikunarform* ‘predikunar|form’ 328, *prédikunarstól* ‘predikunar|stol’ 328, *prédikunina* ‘predikunena’ 329, *líkprédikun* ‘lykpredikun’ 329, *huggun* ‘huggun’ 329, *huggun* ‘huggun’ 330, *prédikunarform* ‘predikunar form’ 331, *játun* ‘jätun’ 332, *skikkun* ‘skickun’ 339.

/-an/: *þjónkan* ‘þionkan’ 2, *mannhätursólyfjan* ‘mannhäturs olyfian’ 2, *eftirlangan* ‘effter|langann’ 17, *höndlan* ‘hondlan’ 34, *visnan* ‘visn|an’ 57, *forundran* ‘forundran’ 60, *heilsan* ‘heilsan’ 61, *forundran* ‘forundran’ 77, *ástundan* ‘astundan’ 99, *léttan* ‘liettan’ 99, *guðsdýrkan* ‘gudsdyrkan’ 99, *forundran* ‘forundran’ 137, *kveinan* ‘kveinan’ 137, *ályktan* ‘a liktan’ 161, *hugarsturlan* ‘hugarsturlann’ 162, *hrósan* ‘hrosan’ 173, *launan* ‘launann’ 173, *afskaffan* ‘afskaffann’ 194, *yfirdrottinn* ‘yferdrottinnann’ 197, *fullkomnan* ‘fullkomnan’ 197, *blygðan* ‘bligdan’ 198, *vanskapan* ‘vanskapan’ 202, *ólyfjan* ‘olyfian’ 206, *meðaumkan* ‘medaumkan’ 210, *frihöndlan* ‘fryhóndlan’ 257, *höndlan* ‘hondlan’ 259, *höndlan* ‘hondlan’ 259, *meðaumkan* ‘med aumkann’ 263, *blessan* ‘bleðsan’ 270, *blessan* ‘bleðsan’ 273, *blessan* ‘bleðsan’ 275, *viðhöndlan* ‘vidhóndlan’ 275,

⁴⁰⁶ Hugsanlega stendur ‘skiemntunn’ í hdr.

blessan ‘bleðann’ 279, *ætlan* ‘ætlan’ 287, *vantempran* ‘vantempran’ 288, *blygðan* ‘bligðan’ 289, *ástundan* ‘astundann’ 293, *léttan* ‘liettan’ 294, *forundran* ‘forundran[n]’ 298, *eftirlangan* ‘effterlangan’ 301, *umturnan* ‘umturnan’ 301, *ráðstafan* ‘radstafan’ 302, *blessan* ‘bleðan’ 302, *skipan* ‘skipan’ 310, *útmálan* ‘útmálan’ 311, *velliðan* ‘vellyðan’ 312, *hreinsan* ‘hreinsan’ 317, *forundran* ‘forundran’ 321, *heilsan* ‘heilsan’ 322, *ihugan* ‘jhugan’ 323, *blessan* ‘bleðann’ 331, *heilsan* ‘heilsan’ 331, *forundran* ‘forundran’ 340, *meðaumkan* ‘medaumkann’ 341, *eftirlangan* ‘efftir|langan’ 343, *stjórnin* ‘stiornan’ 344.

Á þessum dæmum sést að í ef. et. í JStgrÆv er orðmyndin *-unar* einráð en í öðrum föllum eintölunnar eru báðar myndir viðskeytisins algengar.

Beyging i-stofna (-un/-an) í JStgrÆv

	et.
nf.	-un, -an
þf.	-un, -an
þgf.	-un, -an
ef.	-unar

Kvk. i-st. → hk. a-st./ia-st./kk. a-st.

Í GBibl (Bandle 1956:235–236) hafa nokkrir upprunalegir kvk. *i*-stofnar, *bráð* (oftast), *hnoss*, *skurn*, *jarteikn* (*jarteign*), *skúr* og *tíð*, tekið upp hk. *a*-stofna beygingu, t.d. ‘eckert Skurn’ Es 30,14.

Af þessum orðum eru aðeins dæmi um að *tíð* skipti um flokk í JStgrÆv. eru þar auk dæma um upprunalegu kvenkynsbeyginguna bæði dæmi um hvorugkyns- og karlkynsmyndir af þessu orði. Karlkynsmyndir er þó eingöngu að finna í þf. et. (*í þann tíð*). Slíkar myndir koma einnig fyrir í GBibl (Bandle 1956:236) og telur Bandle að þær eigi rætur að rekja til líkinda við orðasambandið *í þann tíma* og er það sennilegt. Hvorugkynsmynd af þessu orði kemur eingöngu fyrir sem fyrri liður eignarfallssamsetninga (*tíðis-*), þ.e. eignarfallsmynd hvorugkynsorðsins *tíði* (*ia-st.*).

JStgrÆv:

Kvk. /tíð/: *allt frá pápískri tíð* ‘allt fra papískre tijd’ 285, *um þá tíð* ‘umm þa tyd’ 301, *í þá yfirstandandi fjárpestartíð* ‘i þa yferstandande fiar|pestar tyd’ 317, *eg fæ þar til hindrunarlausa og fullkomna tíð* ‘eg fæ þar til hindrunarlausa og fullkomna tyd’ 323, *fyrir liðna tíð* ‘fyrir lidna tyd’ 330, *fyrir alla mína umliðna ávitíð* ‘fyrer alla mýna umlidna æfe tyd’ 332, *jólahátíðinni* ‘jola hatydenne’ 330.

Kk. /tíð/: þann tíð 'þann tyd' 278, um þann tíð 'umm þann | tyd' 285, Þann tíð 'þann tyd' 291, í þann tíð 'i þann tyd' 323.

Hk. /tíð/, /tíði/: hátíðisdagur 'hätydisdagr' 19, hátíðisdag 'hatydisdag' 46, trinitatishátíðiskvöld 'Trinitatis|hatydiskvolld' 46, hátíðisdaginn 'hatydisdægenn' 141, hátíðisdegi 'hatydisdege' 142, hvítasunnuhátíðisdag 'hvyta sunnu hatydisdag' 142, hátíðisdag 'hatydisdag' 142, hátíðisdag 'hatijdisdag' 201, hátíðisdaga 'hatydis|daga' 282, hátíðisdag 'hatydisdag' 310, hátíðisdag 'hatydisdag' 328, hátíðisdegi 'hätydisdege' 328.

Einstök orð

óvættur, óvætti

Orðið *óvættur* var kvk. *i*-st. í físl. en var oft beygt eins og karlkynsorð í seinni tíma máli. Ástæðan er sú að nefnifallsendingin *-ur* var sjaldgæf hjá kvenkynsorðum en algeng hjá karlkynsorðum og hefur það valdið ruglingi.⁴⁰⁷ Í RM eru einnig dæmi allt frá 17. öld um að þetta orð hafi tekið upp hvorugkynsbeygingu (*óvætti*), t.d. 'óvætti nokkuð' Munnm, 32 (17), 'þetta ovætte' AM 247 4to, 117v (1635).

Í JStgrÆv eru þrjú dæmi um *óvættur*. Eitt þeirra fylgir ótvírætt hinni nýju karlkynsbeygingu orðsins, þ.e. *við þennan óvætt* 'ovætt' 115, en ekki sést á hinum tveimur dæmunum hvort þau eru í karlkyni eða kvenkyni: *Þessi óvættur* 'ovættur' 56, *þessi óvættur* 'ovættur' 115. Í JStgrÆv koma einnig fyrir tvö dæmi um að þetta orð hafi breyst í hvorugkynsorð (*óvætti*): *að greint óvætti* 'ovætte' 55, *til þessa óvættis* 'ovættis' 115.

3.1.1.10 Kk. *u*-stofnar

Hjá kk. *u*-stofnum hafa orðið ýmsar áhrifsbreytingar og færslur milli flokka í seinni tíma máli. Í físl. er beyging kk. *u*-stofna þegar farin að riðlast. Helsta breytingin er að upprunaleg ending þf. ft. *-u* hefur látið undan síga fyrir *i*-stofna endingunni *-i* (+ *i*-hljóðvarp), t.d. *sonu* → *syni*. Ending ef. et. *-ar* hefur í sumum kk. *u*-stofnum vikið fyrir endingunni *-s* fyrir áhrif frá *a*-stofnum og í þgf. et. sumra orða hafa komið upp endingarlausar myndir fyrir áhrif frá beygingu *i*-stofna. Ýmsar aðrar breytingar hafa einnig orðið sem fjallað verður um hér á eftir.⁴⁰⁸ Kristján Árnason (1974:18) segir að það sem helst greini kk. *u*-stofna frá *i*-stofnum í nísl. séu sérhljóðavíxl hjá þeim *u*-stofnum sem hafa þau en aðrir *u*-stofnar hafi færst yfir í aðra beygingarflokka.

⁴⁰⁷ Sjá Noreen 1923:269 [§390, 1].

⁴⁰⁸ Kristján Árnason (1974:15) heldur því fram að í nútímaíslensku sé vafamál hvort hægt er að tala um *u*-stofna sem sérstakan beygingarflokk.

Beyging u-stofna í físl. (og nísl.)

	et.	ft.
nf.	völlr, fjörðr	vellir, firðir
þf.	völl, fjörð	völlu, fjörðu (velli, firði)
þgf.	velli, firði	völlum, fjörðum
ef.	vallar, fjarðar	valla, fjarða

Nf. et.

Endingarlaust nf. et. af *sonur*, þ.e. *son*, kom upp þegar í físl. Það var sérstaklega algengt á eftir sérnöfnum í eignarfalli og sem seinni hluti samsetninga.⁴⁰⁹ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:61) koma bæði fyrir endingarlaus form og með endingu. Í GBibl (Bandle 1956:238) eru endingarlaus form í nf. af *sonur* algengari en hin. Þrjú dæmi eru í RM um nf. et. *son* frá 17. og 19. öld.⁴¹⁰

Í JStgrÆv er eitt dæmi um endingarlaus formið *son* í nf. et.: *dótturson* ‘dotturson’ 327.⁴¹¹ Annars er nf. et. af þessu orði með endingu þar, t.d. *stjúpsonur* ‘stíupsonur’ 157, *sonarsonur* ‘sonar sonur’ 179, *sonur* ‘sonur’ 275 o.s.frv. Sjá undirkafla 3.1.1.8 um svipuð endingarlaus form af karlkyns *i*-stofninum *vinur*.

Þgf. et.

Nokkrir kk. *u*-stofnar hafa auk upprunalegrar *i*-endingar endingarlaust þgf. et. í físl. fyrir áhrif frá kk. *i*-stofnum, t.d. þgf. et. *frið/friði*. Endingarlausar myndir í þgf. et. hafa sama stofn og í þf. et. og verða ekki fyrir hljóðvarpi. Þetta eru orð eins og *árr*, *áss*, *friðr*, *gráðr*, *knorr*, *limr*, *litr*, *liðr*, *lögr*, *mögr*, *mátr*, *réttr*, *siðr*, *sonr*, *stigr*, *viðr*, *vöndr*, *vörðr*, *þátr* og *þrömr*.⁴¹² Af seinni tíma máli er það að segja að í GBibl (Bandle 1956:240) koma fyrir endingarlausar myndir af *friður*, *limur*, *litur*, *-lögur*, *réttur*, *siður*, *sonur*, *-viður* og *vöndur* eins og í físl. en þar að auki af enn fleiri stofnum sem ekki voru endingarlausir í físl. eins og t.d. *bógur*, *flötur*, *hjörtur*, *kviður*, *orðskviður* og *mölur*. Björn K. Þórólfsson (1925:84) segir að oft komi fyrir endingarlaus form með greini á síðari öldum, t.d. *lögnum*, *mjöðnum* (fyrir *leginum*, *miðinum*). Í RM er að finna ýmis dæmi um endingarlaus form frá síðari öldum eins og *bógnum*,⁴¹³ *flötnum*,⁴¹⁴ *kviðnum*,⁴¹⁵ *litnum*,⁴¹⁶ *lögnum*,⁴¹⁷ *mjöðnum*,⁴¹⁸ *skutnum*.⁴¹⁹ Í nísl. virðast kk. *u*-stofnar

⁴⁰⁹ Sjá Noreen 1923:201 [§277, aths. 2] og Seip 1931:179.

⁴¹⁰ RM: ‘Flugu son’ Munmm, 36 (17), ‘son’ Viðbibl Esk 2, 1 (19m), ‘son’ PSigAðalst, 189 (19s).

⁴¹¹ ‘er heitir Þorleifur Jóhannsson, dótturson ‘dotturson’ sýslumanns Bjarna sál(uga) Nikulás-sonar’ 327.

⁴¹² Sjá Noreen 1923:274 [§395, 3].

⁴¹³ Þgf. et. /bógnum/ (1 dæmi): ‘bógnum’ PViðSkýr, 655 (18f).

⁴¹⁴ Þgf. et. /flötnum/ (3 dæmi), t.d. ‘flotnum’ OGottNýjat 1Kor, form (16m).

⁴¹⁵ Þgf. et. /kviðnum/ (1 dæmi): ‘kviðnum’ Ísaf 1890, 87 (19s).

skiptast í tvo flokka hvað varðar beygingu þgf. et.:⁴²⁰ Þeir *u*-stofnar sem hafa sérhljóðavíxl í beygingunni, t.d. *vöndur* og þar að auki *réttur* og *friður*, hafa *-i* í þgf. et. en flestir *u*-stofnar sem ekki hafa sérhljóðavíxl, eins og t.d. *melur*, hafa alveg fellt niður endinguna í þgf. et. Ýmis orð hafa einnig víxlmyndir í nisl., t.d. *kökkur* (þgf. et. *kekki* og *kökk*), *mökkur* (þgf. et. *mekki*, *mökk* og *mökki*), *völur* (þgf. et. *völ* og *veli* (sjaldg.)).⁴²¹ Einnig koma fyrir samkvæmt Valtý Guðmundssyni (1922:58 [§124, b]) myndir með og án *-i* í þgf. et. af orðunum *kviður* ‘búkur’, *liður*, *meiður*, *óður*, *trúður*, *tugur*, *verður*, *viður*, *vinur*.

Í JStgrÆv koma fyrir eftirfarandi dæmi um þgf. et. af kk. *u*-stofnum og virðast þau fylgja framangreindri dreifingu endingarinnar *-i* hjá kk. *u*-stofnum í seinni tíma máli:

/friður/: *friði* ‘fride’ 63, *friði* ‘fride’ 89, *ófriði* ‘öfride’ 166.

/réttur/: *hardrétti* ‘hardriette’ 48, *rétti* ‘riette’ 110, *afréttinum* ‘afriettenum’ 120, *rétti* ‘riette’ 152, *hæðstarétti* ‘hædsta riette’ 160, *rétti* ‘Riette’ 193, *synódalsréttinum* ‘synodals Riettenum’ 227, *réttinum* ‘Riettenum’ 227, *synódalsréttinum* ‘synodals Riettenum’ 230, *rétti* ‘riette’ 236, *rétti* ‘riette’ 274, *hardrétti* ‘hardriette’ 290.

Ef. et.

Þegar í físl. tóku sumir kk. *u*-stofnar, t.d. *liðr* og *þráðr*, upp *-s* í ef. et. í staðinn fyrir upprunalegu endinguna *-ar* fyrir áhrif frá kk. *a*-stofnum.⁴²² Eftirfarandi *u*-stofnar eru annaðhvort alltaf eða stundum með *-s* í ef. et. í seinni tíma máli (dæmi úr RM við hvert orð eru tilgreind neðanmáls): *björn*,⁴²³ *flötur*,⁴²⁴ *friður*,⁴²⁵ *hjörtur*,⁴²⁶ *hnöttur*, *liður*, *limur*, *réttur*, *siður*,⁴²⁷ *skjöldur*,⁴²⁸ *skutur*,⁴²⁹ *söfnuður*, *verður*, *viður*,⁴³⁰ *völlur*, *vörður*. Í GBibl (Bandle 1956:239–240) er t.d. þetta dæmi: ‘Verid til Fridz’ I Mos 43,23. Þetta er einnig algengt í nisl. Valtýr Guðmundsson (1922:58, 60 [§124, a, 128, a, 129, b]) nefnir í málfræði sinni dæmi um víxlmyndir í ef. et. af *limur* (ef. et. *limar* eða *lims*), *siður* (ef. et. *siðar*

⁴¹⁶ Þgf. et. /litnum/ (1 dæmi): ‘litnum’ Stuttlitunarb, 35 (19s).

⁴¹⁷ Þgf. et. /lögnum/ (4 dæmi), t.d. ‘lögnum’ HFKvöldv II, 159 (18s).

⁴¹⁸ Þgf. et. /mjöðnum/ (1 dæmi): ‘mjöðnum’ GJ, 223 (19f).

⁴¹⁹ Þgf. et. /skutnum/ (4 dæmi), t.d. ‘skutnum’ OGottNýjat Mk 4, 38 (16m).

⁴²⁰ Sbr. Bandle 1956:240. Sjá einnig Valtý Guðmundsson 1922:59–60 [§124, c, 128].

⁴²¹ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:59–60 [§124, c, 128].

⁴²² Sjá Noreen 1923:274 [§395, 2].

⁴²³ Ef. et. /björns/ (2 dæmi, 19f–19m), t.d. ‘björns’. HBjHálf, 135 (19f).

⁴²⁴ Ef. et. /flöts/ (2 dæmi, 16m–16s), t.d. ‘til sionar flautsins.’ OGottNýjat P 19, 29 (16m).

⁴²⁵ Ef. et. /friðs/ (24 dæmi, 16s–19m), t.d. ‘frids’ Alþb I, 129 (1572) (16s).

⁴²⁶ Ef. et. /hjörtsins/ (1 dæmi, 17m): ‘hjörtsins’ JÓlInd II, 173.

⁴²⁷ Ef. et. /siðs/ (5 dæmi, 19m–19s), t.d. ‘siðs’ JÁÞj I, 239 (19m).

⁴²⁸ Ef. et. /skjölds/ (1 dæmi, 19ms): ‘skjöldsins’ SóknVf I, 135.

⁴²⁹ Ef. et. /skuts/ (2 dæmi, 1712–19m), t.d. ‘skuts’. Alþb X, 90 (1712) (17f).

⁴³⁰ Ef. et. /viðs/ (1 dæmi, 16s): ‘viðs’ BréfabGÐ, 491 (1593) (16s).

eða *siðs*), *skutur* (ef. et. *skutar* eða *skuts*) og af *kökkur* (ef. et. *kakkar* og *kökks*) og einnig af nokkrum eiginnöfnum: *Björn* (ef. et. *Bjarnar* og *Björns*), *Hjörtur* (ef. et. *Hjartar* og *Hjörts*).

Eftirfarandi dæmi er að finna í JStgrÆv um eignarfall eintölu af karlkyns *u*-stofnum. Engin dæmi eru um *s*-endingu heldur er þar alltaf upprunaleg *ar*-ending:

/réttur/: *réttargangssakir* ‘riettar gangs saker’ 105, *réttargangs* ‘riettargangs’ 152, *réttar* ‘Riettar’ 182, *afréttarfiöllum* ‘afriettar fiöllumm’ 204, *réttarganga* ‘Riettar ganga’ 216, *réttargang* ‘Riettar gang’ 216.

/söfnuður/: *safnaðarins* ‘safnadarins’ 296.

Þf. ft.

Þf. ft. af kk. *u*-stofnum var upphaflega með endinguna *-u*, t.d. *sonu*. Fljótlega skaut þar þó upp kollinum endingin *-i* fyrir áhrif frá kk. *i*-stofnum. Þetta hefur gerst með hlutfallabreytingu (e. *four-part analogy*), t.d. *gestir* (nf. ft.) : *gesti* (þf. ft.) : *synir* (nf. ft.) : X; X = *syni* (þf. ft.). Hljóðvarp varð í stofni í formum með *i*-endingunni í þf. ft., t.d. *syni*. Fyrst kom þessi ending upp í orðum sem enda á *-(n)uður*, *-(n)aður* en síðan einnig í orðunum *sonr* og *limr* og um 1300 í *tigr*.⁴³¹ Þetta ástand hélst nokkurn veginn þar til um 1500 þegar *u*-stofnum með *-i* í þf. ft. fjölgaði mjög. Við enda 15. aldar voru nær öll orð af þessum stofni komin með þessa endingu en sum héldu fornu beygingunni út 16. öld. Björn K. Þórólfsson (1925:84) segir að á 17. öld hafi þessi flokkur í heild sinni verið kominn með *i*-stofna fleirtölu eins og hann hafi nú nema í stirðnuðum beygingarmyndum og orðasamböndum eins og *að setja peninga á vöxtu*.⁴³² Leifar fornu beygingarinnar er þó enn að finna í nisl., a.m.k. í ritmáli, í orðum eins og *sonur*.⁴³³ Í GBibl (Bandle 1956:241–242) eru allmörg dæmi bæði um gömlu og nýju beyginguna, t.d. ‘þa Gullskiølldu’ II Kg 8,7.⁴³⁴ Í RM eru ýmis dæmi um forn þolfallsform fleirtölu allt fram á s.hl. 19. aldar af orð-

⁴³¹ Sjá Bandle 1956:241 [§166].

⁴³² Björn K. Þórólfsson 1925:22–23: „Þannig er sagt í Skaftafells og Rangárvallasýslum *að fara austur á fjörðu* að ferðast til Ausfjarða [svo], þótt þf. flt. sje annars *firði*. Einnig mun vera sagt um alt Ísland *að setja peninga á vöxtu* að leggja peninga í sparísjóð, og ennfremur er sagt *að koma í opna skjöldu*. Það eru líka menjar hinnar fornu beygingar, að þf. flt. af *fjörður* ákv. mynd er á Vestfjörðum *fjörðurnar*, og í Þingeyjarsýslu er sagt: *að fara vestur í fjörðurnar* að ferðast til fjarðanna sem skerast inn úr Eyjafirði.“

⁴³³ Valtýr Guðmundsson 1922:60 [§128, a, aths.]: „I Bogsprog og i enkelte Talemaader kan nogle af disse Ord ende paa *-u* i A. Pl. (ligesom i Oldisl.), f. Eks: *mög-u*, *völl-u*, *vöxt-u*. Det samme gælder en Del af de Ord, der bøjes som *fjörður* og *háttur* samt *sonur*.“

⁴³⁴ Eftirfarandi kk. *u*-stofnar í GBibl (Bandle 1956:242) halda fornu beygingunni alltaf eða að hluta: *grundvöllur*, *háttur*, *kvistur*, *mánuður*, *orðskviður*, *skjöldur*, *sonur*, *viður*, *vöndur*, *vörður*, *þráður*.

um eins og *björn*,⁴³⁵ *bógur*,⁴³⁶ *fjörður*,⁴³⁷ *liður*,⁴³⁸ *limur*,⁴³⁹ *litur*,⁴⁴⁰ *siður*,⁴⁴¹ *skjöldur*,⁴⁴² *sonur*,⁴⁴³ *viður*⁴⁴⁴ og *völlur*.⁴⁴⁵ Af sumum þeirra koma þar einnig fyrir dæmi um nýja beygingu í þf. ft., t.d. af *liður*,⁴⁴⁶ *limur*,⁴⁴⁷ *litur*,⁴⁴⁸ *siður*,⁴⁴⁹ *skjöldur*,⁴⁵⁰ *völlur*.⁴⁵¹

Í JStgrÆv koma fyrir nokkur dæmi um þf. ft. af *u*-stofnum en aðeins eitt dæmi er um forna beygingu *u*-stofna í þf. ft., þ.e. *-u*: *Munu þó prestar í Austfjörðum halda lengst við vora siðu* ‘sydu’ 344. Eftirfarandi dæmi eru hins vegar um nýju beyginguna í þf. ft.:

/siður/: *siði* ‘syde’ 33, *siði* ‘syde’ 233, *siði* ‘syde’ 321, *siði* ‘syde’ 339.

/sonur/: *symi* ‘syne’ 328.

Þgf. ft.

Í JStgrÆv eru tvö dæmi um hljóðverpt þgf. ft. af orðunum *skotsþórn* og *aðdráttur*, þ.e. *skotsþænum* ‘skotsþænumm’ 162, *fiskiaðdrættum* ‘fiske aðdrættum’ 319. Einnig kemur fyrir ef. ft. *aðdrætta-* í stað *aðdrátta-* í orðinu *aðdrættaferð*: *aðdrættaferðir* ‘adrætta ferder’ 277. Ég hef ekki fundið dæmi í RM eða annars staðar um hljóðverpt þgf. ft. af þessum tilteknu orðum. Þetta er hins vegar greinilega dæmi um tilhneigingu í JStgrÆv til að ein mynd stofns sé alhæfð í beygingu þess í fleirtölu. Svipað dæmi um alhæfingu stofns í JStgrÆv má sjá í beygingu orðsins *bóndi* en í síðari tíma máli er stofninn *bænd-* stundum alhæfður í allri fleirtölunni. Dæmi eru um slíkt í JStgrÆv (sjá undirkafla 3.1.2.7).

Viðskeytið -nuð-/-nað-

Karlkyns *u*-stofnar myndaðir með viðskeytinu *-(n)uð-* höfðu í fisl. upphaflega *-(n)uð-* í nf./þf. et. og þgf. ft. en *-(n)að-* í þgf./ef. et. og nf./þf./ef. ft.:⁴⁵²

⁴³⁵ Þf. ft. /björnu/ (1 dæmi, 19s): ‘Björnu’ SögÍsf II, 195.

⁴³⁶ Þf. ft. /bóguna/ (1 dæmi, 18s): ‘bóguna’ OOISmjör, 6.

⁴³⁷ Þf. ft. /fjörðu/ (4 dæmi, 17s–19s), t.d. *‘fjörðu’ StFinnKapp, 124. (17s).

⁴³⁸ Þf. ft. /liðu/ (5 dæmi, 16m–19m), t.d. ‘lidu’ OGottNýjat Ef 4, 16 (16m).

⁴³⁹ Þf. ft. /limu/ (4 dæmi, 16m–18s), t.d. ‘limu’ OGottNýjat Rm 6, 12 (16m).

⁴⁴⁰ Þf. ft. /litu/ (2 dæmi, 19m–19s), t.d. ‘litu’ Fjöln II 2, 10 (19m).

⁴⁴¹ Þf. ft. /siðu/ (5 dæmi, 16m–19m), t.d. ‘sidu’ OGottNýjat Rm, form. (16m).

⁴⁴² Þf. ft. /skjöldu/ (1 dæmi, 19s): ‘skjöldu’ Þjóð 21, 153.

⁴⁴³ Þf. ft. /sonu/ (3 dæmi, 16m–19m), t.d. *‘Sonu’ Pont XIV, 174 (16m).

⁴⁴⁴ Þf. ft. /viðu/ (8 dæmi, 16m–19s), t.d. ‘vidu’ OGottNýjat P 28, 3 (16m).

⁴⁴⁵ Þf. ft. /völlu/ (4 dæmi, 16s–19s), t.d. ‘a Moabs Vøllu’ GuðbrÞorlBibl 4M 13, 26 (16s).

⁴⁴⁶ Þf. ft. /liði/ (5 dæmi, 18m–19s2of), t.d. ‘Lide’ JÁrnFing, 330 (18m).

⁴⁴⁷ Þf. ft. /limi/ (9 dæmi, 16s–19s), t.d. ‘Lime’ Eintal, 194 (16s).

⁴⁴⁸ Þf. ft. /liti/ (3 dæmi, 19s–19s2of), t.d. ‘liti’ Skuld 1880 104, 40 (19s).

⁴⁴⁹ Ef. et. /siði/ (4 dæmi, 17f–19f), t.d. ‘siði’ Safn I, 89 (JE) (17f).

⁴⁵⁰ Þf. ft. /skildi/ (4 dæmi, 17f18m–19s), t.d. ‘skildi’ Ann I, 688 (17f18m).

⁴⁵¹ Þf. ft. /velli/ (1 dæmi, 18s19f): ‘velli’ MvT II, 110.

⁴⁵² Sjá Noreen 1923:275 [§397].

	et.	ft.
nf.	fögnuðr	fagnaðir
þf.	fögnuð	fagnaði
þgf.	fagnaði	fögnuðum
ef.	fagnaðar	fagnaða

Í seinni tíma máli varð tvenns konar ólík þróun slíkra orða: Annaðhvort var *-nað-* alhæft í allri beygingunni nema í þgf. ft. eða *-nuð-* hélst nema í ef. et. og ef. ft. og var það sjaldgæfara.⁴⁵³ Í GBibl (Bandle 1956:244) er stofnbrigðið *-(n)uð-* aðeins að finna í *fögnuður*, *mánuður* og *söfnuður* en annars er alltaf *-naður*, t.d. 'klædnatur' Ordzk 31,27.

Í JStgrÆv eru *-nað-*myndir algengari en myndir með *-nuð-* í stofni. Hér á eftir fara öll dæmi um orð með þetta viðskeyti í JStgrÆv:

/-nað-/:

Nf. et.: *átrúnaður* 11, *viðskilnaður* 19, *trúnaður* 53, *Skófatnaður* 88, *metnaður* 91, *átrúnaður* 178, *átrúnaður* 178, *metnaður* 193, *þjófnauður* 208, *kostnaður* 287.

þf. et.: *trúnað* 53, *kostnað* 108, *kvikfénað* 115, *klæðnað* 119, *klæðnað* 120, *kostnað* 129, *viðskilnað* 130, *fatnað* 134, *klæðnað* 134, *lifnað* 156, *fatnað* 202, *fatnað* 206, *kostnað* 216, *kvikfénað* 217, *fatnað* 231, *kostnað* 248, *kostnað* 263, *skapnað* 264, *klæðnað* 292, *kvikfénað* 297, *kostnað* 299, *klæðnað* 313, *lifnað* 324, *kostnað* 339.

þgf. et.: *skilnaði* 90, *útfararkostnaði* 103, *búnaði* 115, *klæðnaði* 119, *skilnaði* 150, *skapnaði* 156, *kostnaði* 204, *kostnaði* 227, *skilnaði* 229, *skilnaði* 236, *kostnaði* 257, *skapnaði* 265, *skilnaði* 267, *samansafnaði* 282, *líkamaskapnaðinum* 287, *fatnaði* 289, *fatnaði* 297, *skilnaði* 329, *skilnaði* 331.

Ef. et.: *klæðnaðar* 10, *þjófnauðarmál* 47, *metnaðargirnd* 91, *hagnaðar* 95, *þjófnauðar* 103, *dugnaðarleysi* 128, *fagnaðarfundir* 129, *hálfsmánaðar* 137, *fagnaðarfundir* 147, *mánaðar* 183, *dugnaðarleysi* 183, *útfararkostnaðar* 212, *kostnaðarminnst* 216, *mánaðar* 246, *mánaðartíma* 246, *skilnaðarskál* 272, *fagnaðarfundir* 276, *safnaðarins* 296, *octobrismanaðar* 304, *mánaðarins* 305, *mánaðar* 329, *mánaðar* 332, *mánaðar* 334.

Ef. ft.: *Kirkjubæjarklausturssafnaða* 3, *mánaða* 241.

Hér er yfirlit yfir það í hvaða föllum *-nað-* kemur fyrir í JStgrÆv (eitt dæmi er tiltekið um hvert fall):

⁴⁵³ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:58–59 [§§123, 126–127], Stefán Einarsson 1945:37 og Hægstad 1942:25.

	et.	ft.
nf.	trúnaður	
þf.	trúnað	
þgf.	skilnaði	
ef.	klæðnaðar	mánaða

Aðeins fjögur orð hafa *-nuð*-afbrigðið í stofni í JStgrÆv: *fögnuður*, *jöfnuður*, *mánuður* og *söfnuður*:

/-nuð-/:

Nf. et.: *jöfnuður* 70, *ófögnuður* 100, *nóvembermánuður* 279.

þf. et.: *mánuð* 48, *mánuð* 71, *mannsöfnuð* 71, *mánuð* 110, *söfnuðinn* 233, *júlíummánuð* 245, *söfnuðinn* 273, *söfnuðinn* 291.

þgf. et.: *fögnuði* 121, *mánuði* 311.

þf. ft.: *mánuði* 110, *söfnuði* 201.

þgf. ft.: *útmánuðum* 208, *söfnuðum* 257.

Hér er yfirlit yfir beygingu orða í þessum undirflokki (með *-nuð*- í stofni) í JStgrÆv:⁴⁵⁴

	et.	ft.
nf.	jöfnuður	
þf.	mánuð	mánuði
þgf.	mánuði	útmánuðum
ef.		

þgf. et. af hjörtur/Hjörtur, Njörður

Kk. *u*-stofnar sem höfðu í fisl. *ǫ* (*jǫ*) í stofni hafa enn í nisl. beygingarvixlin *jö* ~ *i* ~ *ja*, t.d. nf. et. *fjörður*, þf. et. *fjörð*, þgf. et. *firði*, ef. et. *fjarðar*, nf. ft. *firðir*, þf. ft. *fjörðu/firði*, þgf. ft. *fjörðum*, ef. ft. *fjarða*. Í seinni tíma máli hafa hins vegar komið upp nýmyndir í þgf. et. af sumum þessara orða: endingarlausar myndir (t.d. *hjört*), myndir með alhæfðu *jö* í stofni (t.d. *hjörti*) og þar að auki með rótarsérhljóðið *é* (*je*)(t.d. *hjerti/hérti*).⁴⁵⁵ Ferns konar form koma t.a.m. fyrir í RM af orðinu *hjörtur* í þgf. et.: *hirti*,⁴⁵⁶ *hérti/hjerti*,⁴⁵⁷ *hjörti*⁴⁵⁸ og *hjört*.⁴⁵⁹

⁴⁵⁴ Í JStgrÆv virðist auk þess einnig koma fyrir eitt dæmi um *-nið*-afbrigði viðskeytisins: *söfnuðinum* 'sofnedenum' 279. Þetta er hins vegar líklega skrifvilla.

⁴⁵⁵ Valtýr Guðmundsson (1922:60 [§128, b]) nefnir einnig að í þgf. et. af *Höður*, *Hörður* og *Mörður* komi fyrir auk upphaflegu formanna *Hedi*, *Herði* og *Merði* einnig *Höð*, *Hörð* og *Mörð*.

⁴⁵⁶ þgf. et. /hirti/ (4 dæmi, 17–18f–19s), t.d. *hirti' Hrólfsr VII, 97.

Björn Guðfinnsson minnst á þágufallsmyndirnar *Hérti* og *Nérði* í 4. útg. *Íslenskrar málfræði* (1946b:35 [§76, athgr. 2.]): „Orðin *Hjörtur*, *Njörður* o. s. frv. eru stundum beygð *Hérti*, *Nérði* í þgf. et., en það ber að varast.“ Í síðari útgáfum bókarinnar er hins vegar búið að taka út þessa athugasemd. Í RM eru nokkur dæmi bæði um *jö* í þgf. et. af *kjölur*⁴⁶⁰ og *mjödður*.⁴⁶¹ Beygingardæmi með *jö* alhæfðu í stofni virðast hafa tórað a.m.k. fram á miðja 20. öld.

Beyging orða af þessum undirflokki kk. *u*-stofna hefur einnig riðlast í öðrum föllum. Nokkur dæmi eru í RM um að *jö*-myndir séu teknar upp í eignarfalli eintölu bæði af *kjölur*⁴⁶² og *skjöldur*,⁴⁶³ þ.e. *kjöls* (f. *kjalar*) og *skjölds* (f. *skjaldar*). Á 19. öld koma einnig upp dæmi í orðinu *kjölur* um að rótar-sérhljóðið *i*, sem upphaflegt var í þágufalli eintölu, væri einnig alhæft í eignarfalli fleirtölu, *kjala* → *kila*, sbr. þessi dæmi úr RM: ‘kila’ Sunnf XIII, 66 (um 1800), ‘kila’ HJHjálms VI, 48 (19m).

Í JStgrÆv kemur fyrir eitt dæmi um nafnið *Hjörtur* í þgf. et. og er það með /jö/ í stofni: *Svo Hjörta og Lofti* ‘so Hiörte og Loffte’ 343. Í JStgrÆv er því þarna ekki fylgt upprunalegri beygingu í þgf. et. heldur nýrri beygingu.

Engar heimildir eru um að málhreinsunarmenn á síðari öldum hafi lagt áherslu á að varðveita upprunalega endingu í þf. ft. af kk. *u*-stofnum (t.d. *sonu*) ólíkt því sem var t.a.m. með beygingu kk. *ia*-stofna. Einhver áhersla var hins vegar lögð á að varðveita upprunaleg hljóðskipti kk. *u*-stofna í eintölu, *jö* – *i* – *ja*, sbr. umfjöllun hér að framan um nafnið *Hjörtur*.

Einstök orð

gröftur

Í elsta máli var *r* ekki stofnlægt í orðinu *gröftr*, nísl. *gröftur*.⁴⁶⁴ Stofnlægar myndir koma hins vegar upp í seinni tíma máli, t.d. í GBibl (Bandle 1956:246) ‘til graftrar’ Marc 14,8. Myndir án stofnlægs *r* eru þar þó algengari en hinar, t.d. ‘Graptarsaarum’ V Mos 28,35. Tvímyndir af þessu orði með og án stofnlægs *r* eru einnig algengar í seinni tíma máli í nísl. Í RM eru t.a.m.

⁴⁵⁷ Þgf. et. /hérti/hjerti/ (4 dæmi, 17m–19s): *‘hjerti’ JEGgBlómst I, 87. (17m), *‘hjerti’ BóluHj III, 35. (19ms), *‘hjerti’ BóluHj II, 140. (19ms), *‘strengja-hjerti’ JJBerth IV, 72. (19s).

⁴⁵⁸ Þgf. et. /hjörti/ (2 dæmi, 17s18f–19s): ‘Hiörte’ ArndtKrist III N, 2r. (17s18f), ‘Hjörti’ Þjóð 24, 104. (19s).

⁴⁵⁹ Þgf. et. /hjört/ (2 dæmi, 16s–17s): ‘Hiört’ GuðbrÞorlBibl 5M 12, 15. (16s), *‘hjört’ GBergþOlg XIII, 20. (17s).

⁴⁶⁰ Þgf. et. /kjöli/kjöl/kjölnum/ (13 dæmi, 1681–19s20f), t.d. ‘kiólnum’ Bps AII 11, 421 (1681).

⁴⁶¹ Þgf. et. /mjöd/mjödnum/ (3 dæmi, 19f–20f), t.d. ‘mjödnum’ GJ, 223 (19f).

⁴⁶² Ef. et. /kjöls/ (3 dæmi, 19f–19s), t.d. ‘kjöls’ HJÞHred XVI, 38 (19f).

⁴⁶³ Ef. et. /skjöldsins/ (1 dæmi, 19ms): ‘skjöldsins’ SóknVf I, 135.

⁴⁶⁴ Sjá t.d. Larsson 1891:122.

ýmís dæmi frá seinni öldum um frávík frá upphaflegri beygingu þessa orðs: *grefti*,⁴⁶⁵ *gröfti*,⁴⁶⁶ *greftri*,⁴⁶⁷ *graftrar*,⁴⁶⁸ *greftrar*,⁴⁶⁹ *graftar*⁴⁷⁰ og *greftar*.⁴⁷¹

Í JStgrÆv er eitt dæmi um þetta orð í þgf. et. og er það með stofnlægu *r*: *greftri* ‘grefftre’ 238.

3.1.2 Samhljóðastofnar

3.1.2.1 Kk. an- og jan-stofnar

Beyging *an-* og *jan-*stofna nafnorða er í meginatriðum eins í físl. og nísl. Litlar breytingar hafa orðið á beygingu *an-*stofna á síðari öldum Ef. et. af *höfðingi* og *úlfaldi* í samsetningum hefur endinguna *-s* í stað *-ja* í GBibl (Bandle 1956:247), t.d. ‘Høfdings menn’ I Chr 25,4 og ‘Vlfballdz fylia’ Jerm 2,21. Slíkt eignarfall af *höfðingi* í samsetningum þekkist einnig í nísl. og er s þarna líklega tengistafur en ekki eignarfalls-*s*.⁴⁷² Í JStgrÆv kemur *höfðingi* oft fyrir í samsetningum og er þá eins og í GBibl með endinguna *-s*: *höfðings-skapinn* ‘hofdings skapenn’ 16, *höfðingshjón* ‘hófdings hion’ 16, *höfðingsþótti* ‘hofdings þotte’ 16, *höfðingshjónum* ‘hofdings hionum’ 83, *höfðingskona* ‘hofdings | kona’ 87, *höfðingskvinna* ‘hofdings Kvinna’ 108, *höfðingskvinnu* ‘hofdingskvinnu’ 123, *höfðingshjón* ‘hofdingshion’ 278, *höfðingskvinnu* ‘hofdings kvinnu’ 313.

an-stofnar í físl. og nísl.

	et.	ft.
nf.	granni	grannar
þf.	granna	granna
þgf.	granna	grønnum (grönnum)
ef.	granna	granna

Á 15. öld, þegar /j/ var orðið samhljóð, var það aftur tekið upp í *jan-*stofnum eins og *einheri*, *stedri*, *vili* > *einherji*, *stedji*, *vilji*.⁴⁷³ Í GBibl (Bandle 1956:247) og nísl. eru þessi orð einnig alltaf með /j/. Í öðrum upphaflegum *jan-*stofnum eins og *bryti* hafði *j* verið útrýmt úr beygingunni og tekin hafði verið upp

⁴⁶⁵ Þgf. et. /grefti/ (7 dæmi, 18s–19s), t.d. ‘grefti’ LFR IV, 108 (18s).

⁴⁶⁶ Þgf. et. /gröfti/ (1 dæmi, 18s): ‘gröfti’ LFR X, 57.

⁴⁶⁷ Þgf. et. /greftri/ (4 dæmi, 16s–19m), t.d. ‘greftre’ GuðbrÞorlBibl 2S 3, 32 (16s).

⁴⁶⁸ Ef. et. /graftrar/ (4 dæmi, 16m–18s), t.d. ‘graptrar’ OGottNýjat Mk 14, 8 (16m).

⁴⁶⁹ Ef. et. /greftrar/ (1 dæmi, 17f): ‘Greftrar’ SelneccerEs D, VIv.

⁴⁷⁰ Ef. et. /graftar/ (1 dæmi, 16ms): ‘graftar’ IslAnn, 369.

⁴⁷¹ Ef. et. /greftar/ (1 dæmi, 18s): ‘greftar’ LFR VII, 248.

⁴⁷² Um bandstafssamsetningar sjá Guðrúnu Kvaran 2005b:155–157.

⁴⁷³ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:24 o.áfr.

beyging kk. *an*-stofna (nf. *bryti*, þf./þgf./ef. *bryta*). Í þessum orðum var *j* ekki tekið upp aftur í beygingunni.

Engin dæmi eru um þessa *jan*-stofna í JStgrÆv.

jan-stofnar í físl. og nísl.

	et.	ft.
nf.	einheri (nísl. einherji)	einherjar
þf.	einherja	einherja
þgf.	einherja	einherjum
ef.	einherja	einherja

3.1.2.2 *Kvk. ōn-* (jōn-, wōn-)*stofnar*

Ef. ft. -(n)a

Í físl. endar ef. ft. *ōn*-stofna yfirleitt á *-na*, t.d. *sagna* (nf. et. *saga*) en *jōn*-stofnar, sem höfðu rót sem endaði á öðru samhljóði en *g* eða *k*, höfðu endinguna *-a*, t.d. ef. ft. *brynja* (nf. et. *brynja*).⁴⁷⁴ Bandle (1956:250–251) telur að *-na*-ending í ef. ft. af *ōn*-stofnum sé sjaldgæfari í nísl. en físl.⁴⁷⁵ Vafasamt er þó að draga víðtækar ályktanir um dreifingu þessarar endingar í físl. þar sem ef. ft. af *ōn*-stofnum var mjög sjaldgæft og engin dæmi um það varðveitt af sumum orðum.⁴⁷⁶

Valtýr Guðmundsson (1922:77 [§172]) segir að flest veik kvenkynsorð í nísl. hafi ef. ft. *-a*, t.d. *lilja*,⁴⁷⁷ en þó sé einnig allstór hópur með endinguna *-na* í ef. ft., t.d. *tunga*.⁴⁷⁸ Valtýr (1922:78 [§173, b]) segir einnig að nokkur orð sem endi á *-gja*, *-kja* hafi *-na* í ef. ft., t.d. *ekkja*, *fíkja*, *kirkja*, *rekkja*, *skækja*, *slægja* og *tekja*. Það vekur athygli við yfirlit Valtýs að þar eru allmörg orð sem í orðabókum, t.d. *Stafsetningarorðabókinni* (2006), eru einnig sögð hafa endinguna *-na* í ef. ft., t.d. *kápa*, *hneta*, *skófla*, þótt að vísu séu aðeins skjalfest dæmi varð-

⁴⁷⁴ Sjá Heusler 1932:71 [§235, 1] og Alexander Jóhannesson 1923–1924:214–216 [§343–344].

⁴⁷⁵ Sbr. Stefán Einarsson 1945:44.

⁴⁷⁶ Sjá Noreen 1923:281 [§408, aths. 3]. Um sögu þessarar endingar sjá Guðrúnu Theodórsdóttur 1996.

⁴⁷⁷ Valtýr Guðmundsson (1922:78–79 [§175, 176]) er með lista yfir veik kvenkynsorð sem eru án *-n-* í ef. et., t.d. *fata*, *bára*, *blæja*, *deila*, *fiðla*, *karfa*, *mamma*, *sala*, *skófla*, *vagga*, *þvara*. Jóhannes L.L. Jóhannsson (1923:211) segir að endingin *-na* komi stundum fyrir í ef. ft. hjá sumum þessara orða: „Óvarlegt er, að fullyrða það, að orð sem *deila*, *bára*, *kápa*, *róla*, *hjara*, *svala* o. fl. hafi aldrei *na* í eignarf. ft., en sönnu næst mun það vera, að orðin komi fremur sjaldan fyrir í því falli (sbr. þó: hiti lands-mála-*deilnanna*).“

⁴⁷⁸ Valtýr Guðmundsson (1922:78 [§173, a]) nefnir eftirfarandi orð af þessum flokki með endinguna *-na* í ef. ft.: *bóla*, *bunga*, *dúfa*, *eiga*, *fluga*, *flygsa*, *frilla*, *gáfa*, *gáta*, *glósa*, *hosa*, *hnoða*, *kelda*, *kista*, *klukka*, *kúla*, *leiga*, *leika*, *messa*, *míla*, *mínúta*, *þípa*, *þúta*, *ríma*, *rjúpa*, *rófa*, *roka*, *sála*, *skeifa*, *skrúfa*, *skýrsla*, *smuga*, *spýta*, *stelpa*, *-stríða* (t.d. *ástriða*), *stúka*, *stúlka*, *stunga*, *-stæða* (t.d. *ástæða*), *súla*, *sýsla*, *telpa*, *vika*, *þrúga*, *þúfa*.

veitt af sumum þeirra. Það má velta því fyrir sér í framhaldi af því hvort notkun *-n-* í ef. ft. hafi e.t.v. aukist aftur í nýrra máli fyrir áhrif málhreinsunarmanna. Ég veit þó ekki til þess að lögð hafi verið sérstök áhersla í skóla-kerfinu á varðveislu upprunalegrar endingar veikra kvenkynsorða í ef. ft., þ.e. *-na*. Þó má nefna að í *Stafsetningarorðabókinni* (2006) er gengið lengra en oft áður í því að samræma endinguna *-na* í ef. ft. og gefa hana jafnvel upp í orðum þar sem fáar eða engar ritheimildir eru um hana. Ari Páll Kristinsson (2009) hefur gert grein fyrir sjónarmiðum sem höfð voru þar til hliðsjónar við val á myndum í ef. et. veikra kvenkynsorða. Margrét Jónsdóttir (2006:189–191) gagnrýndi hins vegar hversu mörg orð voru sögð vera með *-na* í ef. ft. í *Stafsetningarorðabókinni*.

Í JStgrÆv koma meðal annars fyrir eftirfarandi dæmi um endinguna *-na* í ef. ft. hjá *ōn*-stofnum:

/frásaga/: *frásagna* ‘frásagna’ 1.

/vika/: *vikna* ‘vikna’ 161, *vikna* ‘vikna’ 227, *niuviknafasta* ‘nyuviknafasta’ 294, *7viknaföstuinngang* ‘7viknafostu Jnngang’ 333.

/þúfa/: *þúfnamór* ‘þufna mör’ 55, *þúfna* ‘þufna’ 96, *þúfnareitnum* ‘þufna reitnum’ 175.

Vsk. *-ast-*, *-ust-*

Upprunaleg gerð viðskeytisins *-ast-/ust-* var *-ast-* í nf. et. og þannig lítur viðskeytið út í NtOG (Jón Helgason 1929a:386), t.d. ‘vnnazta’ Rómv. 9²⁵. Í GBibl (Bandle 1956:253) og nísl. hefur *-usta* hins vegar einnig verið tekið upp í nf. et. fyrir áhrif frá aukaföllunum sem höfðu upphaflega formið *-ust-*, t.d. nf. et. *unnusta*, þf./þgf./ef. et. *unnustu*.

Í JStgrÆv er alltaf *-usta* í nf. et. orða sem hafa þetta viðskeyti: *þjónusta* ‘þionusta’ 31, *þjónusta* ‘þionusta’ 76, *þénusta* ‘þienusta’ 92, *þjónusta* ‘þion|usta’ 106.

valva

Þegar í físl. voru aðeins örfá orð, aðallega *slongva* og *völva*, sem fylgdu beygingu *wōn*-stofna. Í nísl. er þessi flokkur nær horfinn en þó fylgir algengt nýyrði, þ.e. *tölva*, þessari beygingu. Í orðinu *völva* hefur orðið áhrifsbreyting á síðari öldum. Beygingarmynstur hins algenga flokks *ōn*-stofna með *a-/ö*-víxlum hefur haft áhrif á beygingu þessa upprunalega *wōn*-stofns, nf. et. *völva* → *valva*, sbr. eftirfarandi hlutfallajöfnu: *tölu* (þf./þgf./ef.) : *tala* (nf. et.) (*ōn*-stofn) : *völvu* (þf./þgf./ef. et.) : X; X = *valva* (nf. et.) (*wōn*-stofn). Kjartan G. Ottósson (1983:180) segir að elstu dæmin um nefnifallsmyndina *valva* (f. *völva*) séu frá fyrri hluta 18. aldar. Svipuð þróun hefur orðið í nísl. með

fyrirnefnt nýyrði *tölva* (*wōn*-stofn) sem nú er oft beygt sem *ōn*-stofn, nf. *talva*, þf./þgf./ef. *tölvu*.⁴⁷⁹

Í JStgrÆv er eitt dæmi um þetta orð og fylgir það þar *ōn*-stofna beygingu, þ.e. nf. et. *valva* ‘valva’ 178.

Einstök orð

frú/frúa og jómfrú

Orðið *frú/frú(v)a* er sennilega tökuorð úr fornsaxnesku, *frūa*.⁴⁸⁰ Orðið *jómfrú* (einnig *jómfru*, *jungfrú*, *jumfrú*, *junfrú*) er hins vegar komið héðan úr mlþ., *juncvrūw(e)*.⁴⁸¹ Orðið *frú/frú(v)a* beygðist upphaflega í íslensku annaðhvort sem *ō*-stofn, nf./þf./þgf. *frú*, ef. *frúar*, nf./þf. ft. *frúr*, eða *ōn*-stofn, *frú(v)a*.⁴⁸² Í GBibl (Bandle 1956:252) er eitt dæmi um *frúa* í nf. et. en annars er þar *frú*. Í ef. et. koma þar fyrir dæmi um *frú*, t.d. ‘til Hwsfru sinnar’ Tob 7,2, en einnig *frúr*, ‘huerrar Jungfrwr’ Esther 2,12. Engin dæmi eru hins vegar um ef. et. *frúar*.

Allmörg dæmi eru í JStgrÆv um þessi orð og beygjast þau alltaf eins og *ō*-stofn:

Nf. et.: *hússfrú* ‘huðfrú’ 45, *frú* ‘fru’ 111, *frú* ‘fru’ 130, *jómfrú* ‘Jomfru’ 149, *jómfrú* ‘Jomfru’ 231, *jómfrú* ‘jomfru’ 232, *jómfrú* ‘Jomfru’ 233, *jómfrú* ‘jomfru’ 234, *jómfrú* ‘jomfru’ 234, *jómfrú* ‘jomfru’ 235, *jómfrú* ‘jomfru’ 236, *jómfrú* ‘jomfru’ 259, *jómfrú* ‘Jomfru’ 274, *frú* ‘fru’ 278, *jómfr(ú)* ‘Jomfr(u)’ 297, *jómfr(ú)* ‘Jomfr(u)’ 297, *jómfrú* ‘jomfru’ 334, *jómfrú* ‘Jomfru’ 334.

Þf. et.: *jómfrú* ‘Jomfru’ 232, *jómfrúna* ‘Jomfruna’ 237, *jómfrú* ‘Jomfru’ 274.

Þgf. et.: *frúnni* ‘frunne’ 110, *jómfrú* ‘jomfr(u)’ 245.

Ef. et.: *frú* ‘fru’ 109.

Þgf. ft.: *jómfrúm* ‘Jomfrum’ 334.

3.1.2.3 *Kvk. īn-stofnar*

Ef. et. -i/-is/-ar

Helsta breytingin á beygingu *īn*-stofna frá físl. hefur orðið í eignarfalli eintölu. Upprunaleg ending er þar *-i* en *-is* og *-ar* koma þó einnig fyrir þegar í físl. Þessar hliðarmyndir í ef. et. innan sama undirflokks eiga líklega rætur að rekja til þess að eintala þessa flokks var upprunalega með sömu endingu í öllum föllum (*-i*) og þörf var á að auðkenna eignarfallið betur. Endingin *-ar* er algeng eignarfallsending hjá kvenkynsorðum en *-is* hjá hvorugkynsorðum. Orðin *forvitni*, *frændsemi*, *kristni*, *mildi*, *reiði* og nokkur önnur hafa t.a.m.

⁴⁷⁹ Sjá Kjartan G. Ottósson 1983.

⁴⁸⁰ Sjá Halldór Halldórsson 1970:367 og Veturliða Óskarsson 2003:160.

⁴⁸¹ Sjá Veturliða Óskarsson 2003:262.

⁴⁸² Sjá Noreen 1923:280 [§408, 1].

þegar í fisl. oft *-is* í ef. et.⁴⁸³ Sú ending er sérstaklega algeng í samsetningum og á eftir forsetningum. Orðin *fiski*, *gørsemi*, *gørvi* og *rekendi* hafa endinguna *-ar* í ef. et. og stundum kemur hún einnig fyrir hjá *mildi* og *æfi*.⁴⁸⁴ Í GBibl (Bandle 1956:253–254) er *-is* algeng ending í ef. et. af *īn*-stofnum og þá sérstaklega í samsetningum, t.d. ‘hræsnes Munnur’ Ordzk 26,28, en *-ar* kemur einnig fyrir, t.d. ‘Reidarinnar’ Job 4,9. Í flestum orðum af þessum flokki í GBibl hefur upprunaleg eignarfallsending *-i* hins vegar haldist. Í RM koma fyrir nokkur dæmi um allar þessar endingar í ef. et., t.d. *forvitnis*,⁴⁸⁵ *frændsemis*,⁴⁸⁶ *mildi*⁴⁸⁷ og *mildar*,⁴⁸⁸ *reiði*⁴⁸⁹ og *reiðar*,⁴⁹⁰ *sjálfhælni*⁴⁹¹ og *sjálfhælnis*.⁴⁹²

Eitt dæmi er í JStgrÆv um ef. et. af *īn*-stofni og er það um nýju eignarfallsendinguna *-is*: *án allrar sjálfhælnis* ‘án allrar sialfhælnes’ 147. Þetta dæmi er þó hugsanlega ritvilla því að eins og sést á sambeygingunni er það notað eins og um kvenkynsorð sé að ræða þótt það beygist eins og hvorugkynsorð.

3.1.2.4 Kk. rótarnafnorð

Fá orð voru í þessum flokki í fisl. en nokkrar breytingar hafa orðið á honum í seinni tíma máli sem vikið verður að hér á eftir.⁴⁹³

Kk. rótarnafnorð í fisl.

	et.	ft.
nf.	fingr, fótr	fingr, fòtr
þf.	fingr, fótr	fingr, fòtr
þgf.	fingri, fòti	fingrum, fótum
ef.	fingrar/-rs, fótar	fingra, fóta

Ef. et. affótur

Upphaflegt eignarfall eintölu af *fótur* er *fótar* en allnokkur dæmi eru í seinni tíma máli um *s*-eignarfallsmynd, sbr. ýmis dæmi í RM.⁴⁹⁴

⁴⁸³ Sjá Noreen 1923:282 [§411, 2].

⁴⁸⁴ Sjá Noreen 1923:282 [§411, 2].

⁴⁸⁵ Ef. et. /forvitnis/ (2 dæmi, 19s), t.d. *‘forvitnis’ JJBerth V, 28 (19s).

⁴⁸⁶ Ef. et. /frændsemis/ (1 dæmi, 19f): ‘frændsemis’ LeiðNT II, 190.

⁴⁸⁷ Ef. et. /mildi/ (1 dæmi, 16m): ‘milldinnar’ OGottNýjat 1Tm 4, 7.

⁴⁸⁸ Ef. et. /mildar/ (1 dæmi, 16s): ‘milldarinnar’ SummGT, Nn Ir.

⁴⁸⁹ Ef. et. /reiði/ (8 dæmi, 16s–19s), t.d. ‘Reide’ GuðbrÞorlBibl 5M 9, 7 (16s).

⁴⁹⁰ Ef. et. /reiðar/ (2 dæmi, 16s), t.d. ‘Reidarinnar’ GuðbrÞorlBibl Jb 4, 9 (16s).

⁴⁹¹ Ef. et. /sjálfhælni/ (3 dæmi, 17f–19s), t.d. ‘sialfhælné’ Alþb V, 41 (1620) (17f).

⁴⁹² Ef. et. /sjálfhælnis/ (2 dæmi, 19f), t.d. ‘sialfhælnis’ LeiðNT II, 34.

⁴⁹³ Sjá Noreen 1923:282–284 [§412–415].

⁴⁹⁴ RM: ‘fóts’ Alþb XI, 588 (1730) (18f), ‘Fots’ JÁNucl, 1261 (18m), ‘fots’ JÁNucl, 1156 (18m), ‘fóts’ Safn IV, 158 (Eyr.) (18s19f), ‘fóts’ ÁrsrFrfr X, 37 (SvP) (18s19f).

Í JStgrÆv er eitt dæmi um eignarfallsmynd af þessu orði og fylgir það upp-
runalegri beygingu: *fótar* ‘fótar’ 40. Auk þess kemur fyrir einhvers konar
eignarfallsform þess í setningunni: *eldurinn komst ekki þverfótar lengra [...]* 207.

Ef. et. -rar/-urs af fingur, lestur, vetur

Nokkur karlkyns rótarnafnorð, *fingur, lestur, vetur*, hafa fengið tvímyndir í
eignarfalli eintölu í seinni tíma máli. Upphafleg eignarfallsmynd af *fingr* í fisl.
var *fingrar* en síðar kom einnig upp formið *fingrs* (nisl. *finger*). Það var
myndað eftir fyrirmynd orða eins og rótarnafnorðsins *nagl*, ef. et. *nagls*.⁴⁹⁵
Þessi ending er t.a.m. einhöfð í GBibl (Bandle 1956:257), sbr. ‘sins finger’
Luc 16,24. Í nisl. er það einnig algengasta formið.⁴⁹⁶ Af orðinu *lestur* koma
fyrir tvímyndir í ef. et. í nisl., *lesturs/lestrar*.⁴⁹⁷ Í seinni tíma máli kemur auk
upphaflegs ef. et. *vetrar* stöku sinnum fyrir orðmyndin *veturs*.⁴⁹⁸ Í málfræði
Runólfs Jónssonar (1651:42) er ef. et. af *vetur* ýmist *veturs* eða *vetrar*.⁴⁹⁹

Hvorki eru dæmi í JStgrÆv um eignarfallið *finger* né *fingrar*. Í JStgrÆv
eru hins vegar bæði dæmi um ef. et. *lesturs* og *lestrar*:

/lesturs-/: *lesturs* ‘lesturs’ 37, *hússversalesturskver* ‘húð|vefða lesturskver’ 286.

/lestrar-/: *lestrarbækur* ‘lestrarbækur’ 118.

Í JStgrÆv kemur ef. et. *vetrar* aðallega fyrir í samsetningum en eitt dæmi
er um það ósamsett. Ekkert dæmi er um ef. et. *veturs* heldur er alltaf upp-
runaleg eignarfallsmynd *vetrar*: *vetrar* ‘vetrar’ 78, *vetrarforda* ‘vet|rar forða’
110, *vetrarhagar* ‘vetrar hagar’ 125, *vetrardag* ‘vetrardag’ 174, *vetrardag*
‘vetrardag’ 175, *vetrarveður* ‘vetrar vedur’ 309, *vetrarsunnudaginn* ‘vetrar
sunnudagenn’ 328, *vetrarhörku* ‘vetrar horku’ 332.

Ef. et. af karlkyns rótarnafnorðum í JStgrÆv

	fótur	lestur, vetur
ef.	fótar	lesturs/lestrarbækur, vetrar

⁴⁹⁵ Sjá Noreen 1923:283 [§414].

⁴⁹⁶ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:61 [§132]. Í RM koma fyrir tvö dæmi um *finger*:
*‘finger’ SvSGiss VII, 94 (18s), ‘fingers’ Þjóð 25, 93 (19s).

⁴⁹⁷ Sbr. eftirfarandi dæmi úr RM: ‘lesturs’ Alþ 1847, 311 (19m), ‘lesturs’ Alþ 1847, 559 (19m)
en ‘lestrarinn’ Fjöln II 1, 3 (19m).

⁴⁹⁸ Sjá Noreen 1923:283 [§414].

⁴⁹⁹ Runólfur Jónsson 1651:42: „*Vetur* hiems / Præter id, qvod Genitivum more jam
recensitorum in URS faciunt, et iam eundem in RAR aliqvando formant ut *grootdurs* vel
grootdrar / *broodurs* vel *broodrar* / *Roodurs* vel *Roodrar* / *Veturs* vel *Vetrar*.“

Kvenkyns fleirtölumyndir af fingur, fótur, vetur

Flest karlkyns rótarnafnorð hafa í beygingu orðið fyrir áhrifum í seinni tíma íslensku frá hinu merkingarlega skylda rótarnafnorði *hönd*.⁵⁰⁰ Áhrifin lýsa sér í því að kvenkynsmyndir komu upp í nf./þf. fleirtölu, t.d. *fingurnar*. Í GBibl (Bandle 1956:258) koma til að mynda fyrir kvenkyns fleirtölumyndir af *fótur* og *fingur* með og án greinis, t.d. ‘vm mijnar fingur’ Lofk 5,6 og ‘Fætturnar’ IV Mos 4,32. Í RM eru einnig fjölmörg önnur dæmi um kvenkyns fleirtölumyndir af *fingur*,⁵⁰¹ *fótur*⁵⁰² og *vetur*⁵⁰³ frá seinni öldum. Í orðabók Jóns Árnasonar *Nucleus latinitatis* (Jón Árnason 1994) koma bæði fyrir karlkyns- og kvenkynsmyndir í fleirtölu af *fótur* og *fingur*.⁵⁰⁴ Í talmáli í nisl. eru karlkyns-orðin *fingur*, *fótur* og *vetur* oft í kvenkyni í fleirtölu. Slíkt er algengast þegar greinir fylgir á eftir, t.d. *fingurnar*.⁵⁰⁵

Í JStgrÆv eru bæði dæmi um kvenkynsbeygingu *fótur* og *fingur* í þf. ft. en engin dæmi um orðið *vetur* í því falli og því óvíst um beygingu þess þar:

/fótur/: *fætturnar* ‘fætturnar’ 22, *fætturnar* ‘fætturnar’ 27, *allar mínar fætur* ‘fætur’ 112. Í öðrum tilvikum er ekki hægt að greina hvort orðið hefur karlkyns- eða kvenkynsbeygingu í þf. ft.: *fætur* ‘fætur’ 13, *fætur* ‘fætur’ 20, *fætur* ‘fætur’ 27, *fætur* ‘fætur’ 57, *fætur* ‘fætur’ 88, *fætur* ‘fætur’ 112, *fætur* ‘fætur’ 114, *fætur* ‘fætur’ 118, *fætur* ‘fætur’ 119, *fætur* ‘fætur’ 121, *fætur* ‘fætur’ 121, *fætur* ‘fætur’ 134, *fætur* ‘fætur’ 135, *fætur* ‘fætur’ 140, *fætur* ‘fætur’ 140, *fætur* ‘fætur’ 213, *fætur* ‘fætur’ 236, *fætur* ‘fætur’ 241, *fætur* ‘fætur’ 242, *fætur* ‘fætur’ 265, *fætur* ‘fætur’ 272, *fætur* ‘fætur’ 289, *fætur* ‘fætur’ 300, *fætur* ‘fætur’ 311, *fætur* ‘fætur’ 327.

/fingur/: *upp á mínar tíu fingur* ‘fingur’ 78, *snýr fingurnar* ‘fingurnar’ 211.

Einstök orð

Nf. et. mann

Í nf. et. af *maður* kom upp endingarlaust form, *mann*, við enda 14. aldar og er það algengt að minnsta kosti fram á 17. öld og jafnvel lengur.⁵⁰⁶ Það kemur t.d. oft fyrir í GBibl (Bandle 1956:256–257) á 16. öld, t.d. ‘þesse hinn same Mann’ II Kg 12,7, og á 18. öld í þýðingu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík á Nikulási Klím (Jón Helgason 1948:301). Allmörg dæmi eru síðan í RM um

⁵⁰⁰ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:86–87.

⁵⁰¹ Nf./þf. /fingurnar/ (7 dæmi, 1574–19s), t.d. ‘fingurnar’ BréfabGP, 61–62 (1574) (16s).

⁵⁰² Nf./þf. /fætturnar/ (13 dæmi, 16s–19s), t.d. ‘Fætturnar’ Hugg, 22v (16s).

⁵⁰³ Nf./þf. /veturnar/ (12 dæmi, 1552–19s), t.d. ‘veturnar’ DI XII, 480 (1552).

⁵⁰⁴ Guðrún Kvaran og Friðrik Magnússon 1994:xxii: „*Fótur* kemur bæði fyrir í karlkyni og kvenkyni í fleirtölu en kvenkynsmyndin er ríkjandi [...] *Fingur* kemur einnig fyrir bæði í karlkyni og kvenkyni í fleirtölu.“

⁵⁰⁵ Sjá t.d. Valtý Guðmundsson 1922:61 [§132] og Stefán Einarsson 1945:37.

⁵⁰⁶ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:27, 86.

þetta endingarlausu form.⁵⁰⁷ Það virðist því hafa komið fyrir í málinu allt frá 14. og fram á 20. öld.

Í JStgrÆv eru tvö dæmi um þessa endingarlausu mynd: *félaus mann* ‘fielaus mann’ 39,⁵⁰⁸ *frómyndur yfirmann* ‘fromlindur yfermann’ 290. Upprunaleg form í nf. et. eru hins vegar miklu algengari, t.d. *maður* ‘madur’ 210, *búskaparmaður* ‘buskapar madur’ 232, *maður* ‘madur’ 318 o.s.frv.

Kk. nagl > kvk. nögl

Rótarnafnorðið *nagl* (ft. *negl*) var í físl. karlkyns. Í nísl. er það hins vegar orðið kvenkynsnafnorð, þ.e. *nögl*, ft. *neglur/nöglur*.⁵⁰⁹ Þegar í GBibl (Bandle 1956:258) koma fyrir dæmi um fleirtölumyndirnar *neglur*, t.d. ‘Neglur’ V Mos 21,12. Í RM eru allmörg dæmi um myndirnar *nöglur*,⁵¹⁰ *neglur*⁵¹¹ í fleirtölu frá seinni öldum og eitt dæmi um *naglir*.⁵¹² Engin dæmi eru hins vegar um gömlu fleirtöluna *negl*. Í orðabókinni *Nucleus latinitatis* frá 1738 koma fyrir fleirtölumyndirnar *nöglur* og *tönnur* (Guðrún Kvaran og Friðrik Magnússon 1994:xxii).

Í JStgrÆv er eitt dæmi um þetta orð og er það í þgf. ft.: *með litlum nöglum* ‘med litlum noglum’ 264. Ekki er hægt að sjá á þágufallinu hvernig nf./þf. ft. af því hefur verið í JStgrÆv en leiða má líkur að því að Jón hafi fylgt nútíma-beygingu orðsins (*nöglur* eða *neglur*) enda hefur forn beyging þess líklega verið löngu horfin á 18. öld.

3.1.2.5 *Kvk. rótarnafnorð*

Beyging kvenkyns rótarnafnorða hefur lítið breyst í seinni tíma máli. Sum hafa þó orðið fyrir áhrifum í beygingu frá kvk. *ō-* og *i-*stofnum.

Kvk. rótarnafnorð í físl.

	et.	ft.
nf.	nátt, brók	nætr, brókr
þf.	nátt, brók	nætr, brókr
þgf.	nátt, brók	náttum, brókum
ef.	nætr, brókar	nátta, bróka

⁵⁰⁷ Nf. et. *mann* (14 dæmi, 1561–19fm), t.d. ‘mann’ Alþb I, 6 (1561–1565).

⁵⁰⁸ Dæmið kemur fyrir í málshætti og er þess vegna e.t.v. ekki jafngóð heimild og ella þar sem málið á þeim getur verið íhaldssamt.

⁵⁰⁹ *Kvk. nögl* kemur fyrir þegar í elstu rímum (sjá Konráð Gíslason 1897:170).

⁵¹⁰ Nf./þf. ft. /*nöglur*/ (11 dæmi, 17f18s–19m), t.d. ‘*nöglur*’ Ann IV, 69 (17f18s).

⁵¹¹ Nf./þf. /*neglur*/ (5 dæmi, 16s–19m), t.d. ‘*Neglur*’ GuðbrÞorlBibl 5M 21, 12. (16s).

⁵¹² Nf./þf. /*naglir*/ (1 dæmi, 18s19f): ‘*naglir*’ JPétLækn, 140.

Þgf. et.

Í eintölu voru kvenkyns rótarnafnorð yfirleitt endingarlaus í þf. og þgf. et. í físl., eins og sjá má á töflunni yfir beygingu þeirra. Tvímyndir með og án *-u* í þgf. et. þekkjast þó þegar í físl. af orðunum *grind*, *mörk*, *nótt*, *rönd*, *strönd* og *stöng*.⁵¹³ Á síðari öldum koma einnig upp slíkar hliðarmyndir með endingunni *-u* í þf. et. kvenkyns rótarnafnorða, líklega fyrir áhrif frá þágufallsmyndum með *-u*. Dæmi eru t.a.m. um endinguna *-u* í þf. et. í GBibl (Bandle 1956:261), t.d. ‘Hann [...] for afsida j Eydemörku’ Marc 6,32. Þgf. et. er á hinn bóginn oft endingarlaus í GBibl (Bandle 1956:259–260), t.d. ‘med sinne Kopargrind’ II Mos 3,8. Í nísl. eru endingarlausar myndir í þgf. et. langalgengastar.⁵¹⁴ Í RM eru þó bæði dæmi um *-u* í þgf. et. af *nótt*, þ.e. *nóttu*,⁵¹⁵ og endingarlausar myndir, *nótt*,⁵¹⁶ og einnig af *-mörk*.⁵¹⁷ Af orðunum *eik*⁵¹⁸ og *stöng*⁵¹⁹ koma fyrir myndir með *-u* í þgf. et. en af orðunum *grind*⁵²⁰ og *strönd*⁵²¹ koma hins vegar aðeins fyrir endingarlausar myndir í RM.

Í JStgrÆv koma nær eingöngu fyrir endingarlaus form af þeim kvenkyns rótarnafnorðum sem í físl. höfðu tvímyndir í þgf. et.:

/nótt/: *nýársnótt* ‘nyars nött’ 11, *nóttinni* ‘nottenne’ 19, *nótt* ‘nott’ 108, *nótt* ‘nott’ 118, *nótt* ‘nott’ 134, *nótt* ‘nott’ 135, *nótt* ‘nott’ 146.

/strönd/: *sjávarströndinni* ‘sifarstrondenne’ 24, *Höfðaströndinni* ‘Hofdastorndenne’ 52, *Hvalfjarðarströnd* ‘Hvalfiardarströnd’ 149, *Hvalfjarðarströnd* ‘Hval|fiardarströnd’ 215.

/sæng/: *sæng* ‘sæng’ 103, *sænginni* ‘sængene’ 271.

Eina dæmið um *-u* í þgf. et. er af orðinu *mörk*. Það er hins vegar tilvitnun í guðspjall og segir því e.t.v. ekki svo mikið um mál Jóns Steingrímssonar: *Eg er ein hrópanði rödd í eyðimörku* ‘eide|mörku’ 139.

⁵¹³ Sjá Noreen 1923:284 [§416, 2]. Sjá einnig umfjöllun um endinguna *-u* í þf./þgf. et. af kvk. *i*-stofnum í undirkafla 3.1.1.9.

⁵¹⁴ Sbr. Valtý Guðmundsson 1922:68 [§149].

⁵¹⁵ Þgf. et. /nótt/ (1 dæmi, 17f): ‘nóttinni’ Safn I, 48 (JE).

⁵¹⁶ Þgf. et. /nóttu/ (1 dæmi, 19ms): ‘nóttu’ HHálfPréd, 102.

⁵¹⁷ Þgf. et. /mörk/ (5 dæmi, 16m–19ms), t.d. ‘morkinne’ OGottNýjat Lk 6, 17 (16m) og þgf. et. /eyðimörku/ (4 dæmi, 16m–20m), t.d. ‘eydi morku’ OGottNýjat Jh 3, 14 (16m).

⁵¹⁸ Þgf. et. /eiku/ (1 dæmi, 17f): ‘taka ried Grein af einnre Eiku’ Vísnað, 198.

⁵¹⁹ Þgf. et. /stöngu/ (1 dæmi, 16s): ‘þa vil eg drepa þennan Dreka / enn huerke med Suerde nie med stöngu. GuðbrÞorlBibl Dm Viðd 2, 26.

⁵²⁰ Þgf. et. /grind/ (1 dæmi, 19m): ‘grindinni’ Austurl III, 316 (1860).

⁵²¹ ‘Ströndinne’ GuðbrÞorlBibl Esk 47,7 (16s), ‘strönd’ Sunnf VI, 18 (19s), ‘ströndinni’ EHKvRit I, 171 (19s20f).

Nf./þf. ft. -r/-ar/-ir

Upprunaleg ending nf./þf. ft. í þessum flokki var *-r* og fylgdi því *i*-hljóðvarp, t.d. *nætr*. Þegar í físl. koma hins vegar einnig fyrir dæmi um endingarnar *-ar* og *-ir* í þessum föllum.⁵²² Í nísl. er fleirtölumyndin *-ur* algengust eins og að fornu. Í GBibl (Bandle 1956:261) er fleirtala sumra orða af þessum stofni önnur en í físl. og nísl., t.d. *syllar* (nísl. *syllur*), af *syll*. Nokkur kvenkyns rótar-nafnorð, sem höfðu *-ar/-r*-tvímyndir í nf./þf. ft. í físl., hafa eingöngu ft. með *-ar* í GBibl (Bandle 1956:261), t.d. *þró* ‘Vatzþroarnar’ I Mos 30,38 (nísl. *þrær* og *þró*). Svipað er að segja um orð sem höfðu annaðhvort *-ir* eða *-r* í nf./þf. ft. í físl. Í GBibl (Bandle 1956:262) er yfirleitt í slíkum orðum annaðhvort nf./þf. ft. *-ur* eða *-ir*: *glóð*, ft. *glóðir* (nísl. *glóðir*, *glæður*), ‘Elldzglædur’ Ez 1.13; *grind*, ft. *grindur* ‘Grindurnar’ II Mos 27,5. (nísl. *grindur*); *kind*, ft. *kindur*, t.d. ‘Kindur’ Psalt 104,25; *mörk*, ft. *merkur*, t.d. ‘eydemerkur’ I Mos 14,6; *rönd*, ft. *rendur/randir*, t.d. ‘Rendurnar’ Ez 1,18, ‘Rander’ Ez 1,18; *spöng*, ft. *spengur* (sjaldnar *spangir*), t.d. ‘Speingur’ II Mos 35,22 (nísl. *spengur* og *spangir*); *stoð*, ft. *stoðir*, t.d. ‘Stoder’ V Mos 7,5; *stöng*, ft. *stengur*, t.d. ‘steingur’ II Mos 25,13 (nísl. *stengur* og *stangir*). Í RM koma fyrir eftirfarandi *ur*-fleirtölumyndir: *bækur*,⁵²³ *eikur*,⁵²⁴ *glæður*,⁵²⁵ *grindur*,⁵²⁶ *hindur*,⁵²⁷ *kindur*,⁵²⁸ *merkur*,⁵²⁹ *rendur*,⁵³⁰ *spengur*⁵³¹ og *stengur*⁵³² og þessar *ir*-fleirtölumyndir: *glóðir*,⁵³³ *grindir*,⁵³⁴ *hindir*,⁵³⁵ *kindir*,⁵³⁶ *randir*,⁵³⁷ *spangir*,⁵³⁸ *stangir*,⁵³⁹ og *stoðir*.⁵⁴⁰

⁵²² Sbr. Noreen 1923:282–286 [§413–418] og Alexander Jóhannesson 1923–1924:222–223 [§359–360].

⁵²³ Ft. /bækur/ (11 dæmi, 1577–19s), t.d. ‘bækur’ BréfabGP, 241 (1577).

⁵²⁴ Ft. /eikur/ (2 dæmi, 17f–17f18m): ‘Eikur’ Vísnað, 2 (17f), ‘eikur’ Ann I, 153 (17f18m).

⁵²⁵ Ft. /glæður/ (9 dæmi, 16m–18s2of), t.d. ‘glædr’ OGottNýjat Jh 21, 9 (16m).

⁵²⁶ Ft. /grindur/ (17 dæmi, 1548–19s2of), t.d. ‘grindr’ DI XI, 681 (1548).

⁵²⁷ Ft. /hindur/ (10 dæmi, 16s–19s2of), t.d. ‘Hindur’ GuðbrÞorlBibl Ll 3, 5 (16s).

⁵²⁸ Ft. /kindur/ (19 dæmi, 16m–19s), t.d. ‘Kindr’ MargTh, T IIIr (16m). Þrjú þessara dæma í RM eru rituð með ‘y’: ‘kyndur’ MKetSauð, 43 (18s), ‘kyndur’ MKetSauð, 125 (18s), ‘kyndr’ KlopMess, 61 (19f).

⁵²⁹ Ft. /merkur/ (12 dæmi, 1618–19s), t.d. ‘merkur’ BréfabGP, 634 (1618).

⁵³⁰ Ft. /rendur/ (1 dæmi, 16s): ‘Rendurnar’ GuðbrÞorlBibl Esk 1, 18.

⁵³¹ Ft. /spengur/ (6 dæmi, 16s–19s2of), t.d. ‘Speingur’ GuðbrÞorlBibl Jes 3, 18 (16s)

⁵³² Ft. /stengur/ (9 dæmi, 16s–19s), t.d. ‘Steingur’ GuðbrÞorlBibl 2M 27, 6 Jb 38, 10.

⁵³³ Ft. /glóðir/ (7 dæmi, 18ms–19s2of), t.d. *‘Glóðir’ ÁBöðvBráv, LXXXIX (18ms).

⁵³⁴ Ft. /grindir/ (1 dæmi, 17f): ‘grinder’ ArngJSálm F, Vr.

⁵³⁵ Ft. /hindir/ (1 dæmi, 17m): ‘hindir’ Bellerof V, 64.

⁵³⁶ Ft. /kindir/ (3 dæmi, 1707–19ms): ‘kynder’ ÁMPriv, 21 (1707), ‘kindir’ KrJ, 281 (19ms), ‘kindir’ MJLeik, 488 (19ms).

⁵³⁷ Ft. /randir/ (16 dæmi, um 1700–1885), t.d. ‘randir’ ÍS III, 494 (um 1700).

⁵³⁸ Ft. /spangir/ (2 dæmi, 16s–17m): ‘Spangernar’ GuðbrÞorlBibl 28, 14 (16s), ‘Spaanger’ RJónGramm (17m).

⁵³⁹ Ft. /stangir/ (8 dæmi, 18f–19s2of), t.d. ‘Staanger’ VidPost II, 152 (18f).

⁵⁴⁰ Ft. /stoðir/ (7 dæmi, 16s–19m), t.d. ‘Stoder’ GuðbrÞorlBibl 5M 16, 22 (16s).

Í JStgrÆv hef ég fundið eftirfarandi dæmi um nf./þf. ft. af orðum af þessum flokki og er í öllum tilvikum sama fleirtölumynd og í nísl.:

/kind/: *ókindur* ‘okyndur’ 18, *kindur* ‘kynd|ur’ 19, *kindur* ‘kyndur’ 229, *ókindurnar* ‘ökyndurnar’ 319, *kindur* ‘kyndur’ 321, *kindur* ‘ökyndur’ 333.

/kinn/: *kinnar* ‘kinnar’ 44, *kinnarnar* ‘kinnarnar’ 211.

/mörk/: *merkur* ‘merkur’ 204.

kýr, ær

Í físl. beygðust rótarnafnorðin *kýr* og *ær* svona í eintölu: nf. *kýr/ær*, þf./þgf. *kú/á*, ef. *kýr/ær*, nf./þf. ft. *kýr/ær*, þgf. ft. *kúm/ám*, ef. ft. *kúa/á*. Ýmis frávík frá þessari beygingu koma síðan upp í seinni tíma máli. Í GBibl (Bandle 1956:263) eru dæmi um þgf. et. með greini, *kýrinni*, við hlið upprunalegra mynda, t.d. ‘Kyrinne’ Es 16,5, ‘Kyrinne’ Jerem 48,34. Ef. et. af *kýr* er *kúar* í málfræði Runólfs Jónssonar (1651:22) frá 17. öld. Það er því greinileg tilhneiging til að alhæfa annaðhvort stofninn *kýr*- eða *kú*- í eintölu. Runólfur (1651:22) segir einnig að af orðinu *ær* komi fyrir tvímyndir í ef. et. með greini, þ.e. bæði *ærinnar* og *ánnar*.⁵⁴¹ Í ef. et. af *ær* án greinis kemur einnig fyrir myndin *ár* í stað *ær* hjá Runólfi. Eitt dæmi er um eignarfallsmyndina *áar* í RM: ‘aar’ (ef. et.) JThSk I, 13 (19m). Eignarfall fleirtölu með greini af *kýr* er alltaf *kúanna* í RM en ekki *kúnna*.⁵⁴² Dæmi eru um myndina *ánna* í ef. ft. með greini í RM, t.d. ‘ánna’ JÁPj II, 287 (19m).

Beyging kýr, ær í físl. og nísl.

	et.	ft.
nf.	<i>kýr, ær</i>	<i>kýr, ær</i>
þf.	<i>kú, á</i>	<i>kýr, ær</i>
þgf.	<i>kú, á</i>	<i>kúm, ám</i>
ef.	<i>kýr, ær</i>	<i>kúa, áa</i> (físl. á)

⁵⁴¹ Runólfur Jónsson 1651:22: „Anomala sunt: *ær* agna, *kyr* vacca, qvæ sic declinatur: N. *ær* G. *Ærennar* vel *Aannar* / qvod utrumqve compositionem capit. Cæteros casus Sing. à vocula *Aa* omnis muatur, ut D. & Ab. *Aam* / itidem compositè. Sic *Kyr* / G. *Kuar* / D. & Ac. et Ab. *Kuu*. Nom. Ac. et Voc. Pl. *Kyr*. G. *Kuua* / D. et Ab. *Kuum*.“

⁵⁴² RM: ‘kúanna’ JÓlInd II, 114 (17m), ‘Kuuanna’ BHAt, 103 (18s), ‘kúanna’ LFR XII, 20 (18s), ‘kúanna’ Andv 1884, 184 (19s).

Yfirlit yfir tilbrigði við beygingu kýr og ær á síðari öldum:

et.		ft.		et.		ft.
kýr		kýr		ær		ær → ár
kú → kýr		kýr		á		ær → ár
kú → kýr		kúm		á		ám
kýr → kúar		kúa		ær → ár, ánnar (m.gr.)		áa

Í JStgrÆv koma fyrir eftirfarandi dæmi um orðið *kýr* og er fylgt þar upprunalegri beygingu orðsins. Hafa verður þó í huga að engin dæmi eru í JStgrÆv um ef. et. af orðinu *kýr* sem fróðlegt hefði verið að sjá hvernig hefði litið þar út:

Nf. et. *kýr* 'kyr' 340.

Þf. et. *kú* 'ku' 125, *kú* 'ku' 209, *kú* 'kú' 297, *kú* 'ku' 314.

Þgf. et. *kú* 'kú' 206, *kú* 'ku' 274.

Nf. ft. *kúgildiskýrnar* 'kugilldiskyrnar' 125, *kýr* 'kyr' 204.

Þf. ft. *kýr* 'kyr' 93, *kýr* 'kyr' 125, *kýr* 'kyr' 125, *kýr* 'kyr' 130, *kýr* 'kyr' 174, *kýr* 'kyr' 239, *kýr* 'kyr' 258.

Þgf. ft. *kúm* 'kúm' 93, *kúnum* 'kúnum' 110, *kúnum* 'kúnum' 112, *kúm* 'kúm' 200, *kúm* 'kúm' 274.

Ef. ft. *kúasmalamaður* 'kúa smalamadur' 17, *kúastöðulinn* 'Kua stodulenn' 174.

Orðið *ær* kemur eingöngu fyrir í þolfalli fleirtölu í JStgrÆv. Eitt dæmi er um *ár* í stað *ær* í (nf.)/þf. ft. af *ær*: *með 6 kýr og 14 ár* 'med 6 kyr og 14 ar' 125. Á öðrum stað í JStgrÆv er hins vegar dæmi um formið *ær* í þf. ft., þ.e. *ær* 'ær' 125.

Upprunalegri beygingu þessara orða virðist því vera fylgt í JStgrÆv að mestu leyti.

Beyging kýr, ær í JStgrÆv

	et.	ft.
nf.	kýr	kýr, ær/ár
þf.	kú	kýr
þgf.	kú	kúm
ef.		kúa(-)

hönd

Orðið *hönd* var upprunalega kvenkyns *u*-stofn. Upphafleg mynd þgf. et. var því *hendi*. Frá síðfísl. þekkist hins vegar einnig formið *hönd* í því falli.⁵⁴³ Í

⁵⁴³ Sjá Noreen 1923:285 [§416, aths. 2] og Björn K. Þórólfsson 1925:28. Valtýr Guðmundsson (1922:68 [§149, c]) getur einnig um myndina *höndu* í þgf. et. og segir að hún komi fyrir í skáldskap: „D. Sg. *hendi* og (sj.) *hönd*, **höndu*.“

GBibl (Bandle 1956:260) eru nokkur dæmi um það en *hendi* er algengara. Í nisl. er orðmyndin *hendi* stundum einnig notuð í nf. og þf. et.⁵⁴⁴

Beyging þessa orðs hefur orðið fyrir tveimur ólíkum áhrifsbreytingum í síðari tíma íslensku. Í fyrsta lagi hefur beyging þess orðið fyrir áhrifum frá sterkum kvenkynsorðum, sbr. eftirfarandi hlutfallajöfnu: *annar* (ef. et.): *önn* (nf./þf./þgf. et.) (kvk. *ō*-st.) : *handar* (ef. et.) : X; X = *hönd* (nf./þf./þgf. et.). Meðal samhljóðastofna voru einnig orð með sams konar fleirtölu og *hönd*. Í öðru lagi hefur orðmyndin *hendi* einnig verið alhæfð í allri eintölunni, nf./þf./þgf./ef. et. *hendi*, nema stundum í ef. et., nf./þf./þgf. *hendi*, ef. *handar*, að fyrirmynd *in*-stofna eins og *gleði*, sem eru eins í allri eintölunni. Í síðarnefnda tilvikinu hefur *hönd* hugsanlega orðið fyrir áhrifum frá beygingu *iō*-stofna þótt þar séu að vísu ekki *-e/-a*-víxl í stofni: nf./þf./þgf. *hendi*, ef. *handar* (sbr. nf./þf./þgf. *ermi*, ef. *ermar*).

28 dæmi eru í JStgrÆv um upphaflegu orðmyndina *hönd* í þf. et. og einnig tvö dæmi um að stofninn *hönd* sé notaður í þgf. et. á móti engu dæmi um upphaflega mynd þgf. et. *hendi*. Tvö dæmi eru um stofninn *hend-* í JStgrÆv en þau eru bæði í þf. et.:

Þf. et. /hönd/: *höndina* 'hóndena' 13, *hönd* 'hónd' 35, *hönd* 'hónd' 41, *hönd* 'hónd' 62, *hönd* 'hónd' 80, *hönd* 'hond' 88, *höndina* 'hóndena' 90, *hönd* 'hond' 96, *hönd* 'hónd' 108, *hönd* 'hond' 109, *hönd* 'hónd' 109, *hönd* 'hond' 111, *hönd* 'hónd' 111, *höndina* 'hondena' 112, *hönd* 'hond' 114, *hönd* 'hond' 116, *hönd* 'hond' 132, *hönd* 'hond' 139, *hönd* 'hond' 158, *hönd* 'hond' 199, *hönd* 'hónd' 210, *hönd* 'hond' 213, *hönd* 'hónd' 259, *hönd* 'hond' 280, *almættishönd* 'almættis hond' 287, *yfirhönd* 'yfer hond' 288, *hönd* 'hónd' 301, *hönd* 'hond' 323.

Þf. et. /hendi/: *voru við hendina* 'hendena' 57, *við hendina* 'hendenna' 202.

Þgf. et. /hönd/: *með annarri hönd* 'hond' 59, *móti hönd sinni* 'hónd' 304.

Nf./þf. ft. *hendur*/höndur

Í stað upphaflegrar myndar, *hendur*, í nf./þf. ft. kom upp fleirtölumyndin *höndur* á 16. öld. Hún er dæmi um útbreiðslu stofnbrigðisins *hönd-* í fleirtölunni. Jón Magnússon (1997:54) varar á 18. öld við henni í málfræði sinni: „Hodie quidam dicunt *höndur* pro *hendur*, sed vitiosè.“⁵⁴⁵ Þetta er því ein af fáum síðari alda breytingum sem heimildir eru um að hafi verið mælt á móti á 18. öld. Þessi beygingarmynd var algeng a.m.k. fram á 20. öld og er enn notuð af sumum í mæltu máli.⁵⁴⁶

⁵⁴⁴ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:68 [§149, c]: „*hendi* (navnlig alm. (baade i Tale og Skrift) med den bestemte Artikel: *hendin*).“ Sjá einnig Stefán Einarsson 1945:41.

⁵⁴⁵ Þýðing hjá Jóni Axel Harðarsyni (Jón Magnússon 1997:55): „Nú á dögum setja sumir *höndur* í stað *hendur*, en það er rangt.“

⁵⁴⁶ Sjá t.d. Valtý Guðmundsson 1922:69 [§149, c]: „N. Pl. *hendur* og *höndur*.“

Þrjú dæmi eru um þessa mynd í JStgrÆv og er greinilegt að alhæfing stofnsins *hönd* er orðin hin eðlilega mynd í máli Jóns Steingrímssonar: *höndur* ‘hóndur’ 13, *höndur* ‘hondur’ 260, *höndur* ‘hondur’ 293.

Beyging orðsins hönd í JStgrÆv

	et.	ft.
nf.	hönd	(höndur)
þf.	hönd, hendi	höndur
þgf.	hönd	höndum
ef.	handar(-)	handa

3.1.2.6 *r-stofnar*

Ýmsar breytingar hafa orðið á *r*-stofnum (*bróðir*, *dóttir*, *faðir*, *móðir* og *systir*), sem einnig nefnast frændsemisorð, frá físl. til yngra máls. Í físl. var beygingin þessi (orðið *faðir* tekið sem dæmi):

	et.	ft.
nf.	faðir	feðr
þf.	föður	feðr
þgf.	föður/feðr	feðrum
ef.	föður	feðra

Nýjungar í beygingu *r*-stofna koma fyrst upp á 14. öld. Í handritinu GKS 1005 fol. (*Flateyjarbók*, c1387–1394) er dæmi um *bróður* í nf. et.: „[...] ok var Þorsteins (son) brodur Hallz aa Sidu“ ([Guðbrandr Vigfusson og Unger] 1860:21).⁵⁴⁷ Á 15. öld eru frávik frá upphaflegri beygingu frændsemisorða algeng í bréfum. Í GBibl (Bandle 1956:266) koma fyrir nokkur dæmi um nf. et. *-ur* af *bróðir*, *móðir* og *dóttir*,⁵⁴⁸ t.d. ‘Þinn Brodur Esau heitast við þig’ I Mos 27,42 og ‘Dottur þijn’ Tob 7,12. Nefnifallsform með *-ur* koma fyrir af öllum frændsemisorðum nema *faðir*. Nefnifallsendingin *-ir* birtist í aukaföllum og *-ur* í nefnifalli, t.d. ‘modir’ (þf. et.) (1417), ‘sonardotter’ (þgf.) (*Diplomatarium Islandicum* 4, 529 (1433)) o.s.frv.⁵⁴⁹ Bandle (1956:265) telur að frávik

⁵⁴⁷ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:30. Sjá einnig Noreen 1923:286–287 [§420, aths. 2, 421, aths.] og Hægstad 1942:129–130.

⁵⁴⁸ Eitt dæmi er um nf. et. *föður* í GBibl ‘Föður’ I Chr 4,21 en Bandle (1956:266) telur að það sé villa.

⁵⁴⁹ Bandle 1956:265: „Einerseits endet der Nom oft auf *-ur*, anderseits ist *-ir* aus dem Nom in den GenDatAkk eingedrungen.“

frá upprunalegri beygingu séu algengust í *dóttir* en sjaldgæfust í *faðir*. Í nísl. er enn algengt, a.m.k. í talmáli, að hafa *-ir* í allri eintölunni.⁵⁵⁰

Alhæfing *-ur* í nf. et. virðist hafa látið undan síga í nísl. á 20. öld. Má líklega rekja það til áhrifa lögbundinnar skólakennslu á f.hl. 20. aldar. Þó virðast Björn K. Þórólfsson (1925:29–30) og Valtýr Guðmundsson (1922:70 [§154]) þekkja dæmi um hana á fyrri hluta aldarinnar. Valtýr nefnir hins vegar ekki að önnur frændsemisorð hafi *-ur* í nf. et. Jóhannes L.L. Jóhannsson (1923:211) fullyrðir hins vegar að nefnifallsform með *-ur* hafi ekki verið lifandi mál á f.hl. 20. aldar.⁵⁵¹ Eins og í þf. et. eru bæði myndir með *-ir* og *-ur* í þgf. et. algengar á seinni öldum.

Í ef. et. af *faðir* og *bróðir* kom einnig upp breytingin *-ur* → *-urs*. Í umfjöllun um ef. et. af frændsemisorðum hér á eftir er fjallað nánar um þessa nýju mynd. Hér má greina tilhneigingu í málinu til að auðkenna karlkyn *r*-stofna betur sem karlkynsorð með því að bæta við hinni algengu *s*-eignarfallsendingu karlkynsorða, sbr. *hests*, *gests*, *Haralds* o.s.frv.

Hér á eftir fer yfirlit yfir beygingu þessa flokks í JStgrÆv:

Nf. et.

Allmörg dæmi eru í JStgrÆv um *r*-stofna sem enda á *-ur* í nf. et. Níu dæmi eru um *móður* og fjögur um *bróður*. Athyglisvert er að hvorki eru dæmi um *dóttir* né *systir* með *-ur*-endingu í nf. et. Algengast er hins vegar í JStgrÆv að orð af þessum stofni fylgi fornri beygingu í nf. et. *-ir*.⁵⁵²

/móður/: *móður* ‘modur’ 10, *móður* ‘modur’ 18, *móður* ‘modur’ 25, *húsmóðurin* ‘huð|modurinn’ 89, *húsmóðurin* ‘huðmodurinn’ 90, *móður* ‘modur’ 129, *móður* ‘modur’ 261, *móður* ‘modur’ 302, *húsmóður* ‘huðmodur’ 326.

⁵⁵⁰ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:70 [§154]: „Alle de tre Ord: *móðir*, *dóttir*, *systir* er i Tale-sproget hyppigst ubøjelige i Sg., og det første kan have dels Formen *móðir*, dels *móður* i alle Kasus.“ Sjá einnig Bandle 1956:266 og Björn K. Þórólfsson 1925:29–30.

⁵⁵¹ Jóhannes L.L. Jóhannsson 1923:211: „Rangt er það, nema ef vera skyldi í vesturísl., að *móðir* o. s. frv. sé í talmálinu oftast óbeygjanlegt í öllum föllum (ýmist *móðir* eða *móður*), því aldrei er sagt *móður mín* í nf., en aftur heyrst fremur að *móðir* sé líka haft í þolf. og þáguf. Það er líklega rétt að fræða útlendinga um hvernig vér afskræmum málið vort fagra, en eigi má þó ýkja þetta.“

⁵⁵² Á bls. 261 er dæmi um bæði nefnifallsformin *móðir* og *móður* í sömu setningunni: [...] *móður* (nf.) *Hannesar* [...] *en móðir* (nf.) *hennar* 261 ‘[...] modur Hannesar hiet Þorunn dottir Þorleifs Ko(r)tsonar logmanns eirnenn af Norskre ætt, enn moder hen(n)ar [...]’.

/bróður/: ömmubróður ‘ømmubroður’ 8, föðursysturbróður ‘fodur|systur broður’ 23, bróður ‘broður’ 119,⁵⁵³ föðurbróður ‘fodur broður’ 150.

Miklu fleiri dæmi eru hins vegar í JStgrÆv um upprunalega mynd í nf. et., þ.e. -ir: (-)bróðir (32x), (-)dóttir (58x), (-)faðir (41x), (-)móðir (36x), (-)systir (21x):

/bróðir/: Föðurbróðir ‘födur|broder’ 4, föðurbróðir ‘fodur broder’ 15, föðurbróðir ‘fodurbroder’ 21, föðurbróðir ‘fodurbrodir’ 21, bróðir ‘broder’ 29, bróðir ‘broder’ 33, föðurbróðir ‘fodurbroder’ 36, föðurbróðir ‘fodur broder’ 37, móðurbróðir ‘modurbroder’ 50, bróðir ‘broder’ 51, föðurbróðir ‘fodur|broder’ 61, skólabróðir ‘skola broder’ 83, skólabróðir ‘skolabroder’ 105, bróðir ‘brodir’ 107, bróðir ‘broder’ 109, bróðir ‘broder’ 111, tengdabróðir ‘teingda broder’ 114, bróðir ‘broder’ 117, bróðir ‘brodir’ 121, bróðir ‘broder’ 123, meðbróðir ‘medbroder’ 126, b⟨r⟩óðir ‘b⟨r⟩oder’ 130, bróðir ‘broder’ 155, bróðir ‘broder’ 158, bróðir ‘broder’ 231, bróðir ‘brodir’ 259, föðurbróðir ‘fodur broder’ 285, bróðir ‘brodir’ 314, bróðir ‘broder’ 315, bróðir ‘broder’ 315, meðbróðir ‘medbroder’ 316, bróðir ‘broder’ 343.

/dóttir/: Stephánsdóttir ‘Stephansdotter’ 3, Hjálmsdóttir ‘Hialmsdotter’ 4, Aradóttir ‘Aradottir’ 4, Guðmundsdóttir ‘Gudmun|dsdottir’ 4, Eiríksdóttir ‘Eyreksdotter’ 9, Stephánsdóttir ‘Stephansdotter’ 10, dóttir ‘dotter’ 14, dóttir ‘dotter’ 20, dóttir ‘dotter’ 29, Björnsdóttir ‘Biorns dotter’ 45, Gísladóttir ‘Gisladotter’ 50, Kársdóttir ‘Karsdotter’ 51, dóttir ‘dotter’ 62, dóttir ‘dotter’ 75, Ólafsdóttir ‘Olafsdotter’ 76, Hannesdóttir ‘Hannesdotter’ 80, Ólafsdóttir ‘Olafsdotter’ 83, Þorsteinsdóttir ‘Þorsteinsdotter’ 87, Skúladóttir ‘Skuladotter’ 87, Vigfúsdóttir ‘Wigfusdotter’ 102, Ólafsdóttir ‘Olafs dotter’ 106, dóttir ‘dotter’ 107, Jónsdóttir ‘Jons dotter’ 127, Runólfsdóttir ‘Runolfsdottir’ 131, Dóttir ‘dotter’ 149, Sigurðardóttir ‘Sigurdardottir’ 151, dóttir ‘dotter’ 154, Hákonardóttir ‘Haconar dotter’ 176, Björnsdóttir ‘Biórnsdotter’ 185, Brynjólfsdóttir ‘Briniolfsdottir’ 206, dóttir ‘dotter’ 206, dóttir ‘dóttir’ 206, dóttir ‘dotter’ 213, dóttir ‘dotter’ 232, Ólafsdóttir ‘Olafsdottir’ 232, dóttir ‘dóttir’ 239, dóttir ‘dotter’ 242, dóttir ‘dotter’ 244, dóttir ‘dotter’ 244, dóttir ‘dóttir’ 257, Hannesdóttir ‘Hannesdotter’ 261, dóttir ‘dotter’ 261, dóttir ‘dotter’ 261, Helgudóttir ‘Helgudottir’ 263, Sigurðardóttir ‘Sigurdar dotter’ 274, dóttir ‘dotter’ 275, dóttir ‘dotter’ 276, dóttir ‘dotter’ 276, dóttir ‘dotter’ 276, Finnsdóttir ‘Finnsdottir’ 278, Salomonsdóttir ‘Salomonsdottir’ 297, dóttir ‘dotter’ 312, dóttir ‘dotter’ 313,

⁵⁵³ Í handritinu stendur: „Mig dreymdi og eg væri kominn austur að Sólheimum, sem varð fyrir mínum prestskap þar, og Þorstein⟨n⟩ bróður minn og svo á þá leið hvar af eg ályktaði að guð vildi nú leiða oss þaðan.“ Þarna virðist bróður nokkuð greinilega vera í nf. et. en gæti þó einnig verið í þf. et. og stýrist þá af mig dreymir.

Ásmundsdóttir ‘Asmunds dottir’ 326, *Björnsdóttir* ‘Biornsdottir’ 328, *dóttir* ‘dotter’ 329, *dóttir* ‘dotter’ 330, *dóttir* ‘dotter’ 338.

/faðir/: *faðir* ‘fader’ 2, *faðir* ‘fader’ 3, *faðir* ‘fader’ 4, *föðurfaðir* ‘fodur fader’ 4, *móðurfaðir* ‘modur fader’ 4, *föðurfaðir* ‘fodur fader’ 5, *faðir* ‘fader’ 6, *Faðir* ‘fader’ 7, *faðir* ‘fader’ 13, *Faðir* ‘fader’ 14, *Faðir* ‘fader’ 17, *Faðir* ‘fader’ 17, *faðir* ‘fader’ 19, *faðir* ‘fader’ 19, *faðir* ‘fader’ 20, *Faðir* ‘fader’ 21, *faðir* ‘fader’ 22, *faðir* ‘fader’ 24, *faðir* ‘fader’ 30, *faðir* ‘fader’ 33, *faðir* ‘fader’ 33, *faðir* ‘fadler’ 46, *faðir* ‘fader’ 48, *Faðir* ‘fader’ 84, *faðir* ‘fader’ 122, *faðir* ‘fader’ 139, *faðir* ‘fader’ 139, *faðir* ‘fader’ 139, *faðir* ‘fader’ 247, *faðir* ‘fader’ 261, *skírnarfaðir* ‘Skýrnar fader’ 261, *stjúpfaðir* ‘stiup fader’ 262, *Faðir* ‘fader’ 265, *faðir* ‘fader’ 265, *faðir* ‘fader’ 271, *faðir* ‘fader’ 290, *Faðir* ‘fader’ 302, *faðir* ‘fader’ 305, *Faðir* ‘fader’ 336, *faðirinn* ‘faderinn’ 336, *Faðir* ‘fader’ 343.

/móðir/: *móðir* ‘moder’ 4, *föðurmóðir* ‘födur möder’ 4, *móðurmóðir* ‘módur möder’ 4, *móðir* ‘modir’ 8, *Móðir* ‘moder’ 15, *móðir* ‘moder’ 19, *Móðir* ‘moder’ 20, *móðir* ‘moder’ 22, *móðir* ‘moder’ 24, *Móðir* ‘moder’ 27, *Móðir* ‘moder’ 27, *móðir* ‘moder’ 30, *Móðir* ‘moder’ 32, *móðir* ‘móder’ 32, *móðir* ‘moder’ 36, *móðir* ‘moder’ 36, *móðir* ‘moder’ 37, *móðir* ‘moder’ 45, *móðir* ‘moder’ 61, *móðir* ‘moder’ 64, *móðir* ‘moder’ 80, *húsmóðirin* ‘husmoderin’ 89, *húsmóðirin* ‘hußmoderin’ 103, *húsmóðirin* ‘hußmoderinn’ 104, *húsmóðir* ‘hußmoder’ 105, *húsmóðir* ‘hußmoder’ 106, *móðir* ‘moder’ 108, *tengdamóðir* ‘teingda moder’ 112, *móðir* ‘moder’ 113, *Móðir* ‘moder’ 144, *Móðir* ‘moder’ 163, *móðir* ‘moder’ 261, *húsmóð[i]rin* ‘hußmod[i]rinn’ 263, *móðir* ‘moder’ 276, *Móðir* ‘moder’ 297, *tengdamóðir* ‘teingdamoder’ 303.

/systir/: *hálf systir* ‘halfsystir’ 9, *móðurafasystir* ‘modur afa syster’ 10, *afasystir* ‘äfa systir’ 10, *afasystir* ‘afa systir’ 15, *afasystir* ‘afa syster’ 25, *afasystir* ‘afa syster’ 26, *systir* ‘syster’ 29, *föðursystir* ‘fodur syster’ 30, *systir* ‘syster’ 31, *föðursystir* ‘fodur syster’ 51, *systir* ‘syster’ 63, *systir* ‘syster’ 79, *systir* ‘syster’ 102, *systir* ‘syster’ 163, *systir* ‘systir’ 232, *systir* ‘syster’ 232, *systir* ‘syster’ 238, *systir* ‘syster’ 245, *systir* ‘syster’ 245, *systir* ‘syster’ 334, *hálf systir* ‘halfsyster’ 343.

Þf. et.

Í JStgrÆv koma bæði fyrir dæmi um upphaflegu endinguna *-ur* í þf. et. (57 dæmi) og nýju *-ir*-endinguna (23 dæmi). Þf. et. með *-ir* og *-ur* koma stundum fyrir í sömu setningu: ‘sem atte *dottur* | hennar Helgu Steinsdotter’ 35. Þetta eru eftirfarandi dæmi:

/bróðir/: *bróðir* ‘brodir’ 302.⁵⁵⁴

/dóttir/: *Steinsdóttir* ‘Steinsdotter’ 25, *Vigfúsdóttir* ‘Wigfusdotter’ 80, *Pálsdóttir* ‘Pallsdotter’ 87, *dóttir* ‘dotter’ 102, *Hannesdóttir* ‘Hannesdotter’ 111, *Ólufsdóttir* ‘Olufsdottir’ 114, *dóttir* ‘dotter’ 127, *dóttir* ‘dotter’ 232, *dóttir* ‘dotter’ 239, *dóttir* ‘dottir’ 268, *dóttir* ‘dotter’ 293, *dóttir* ‘dotter’ 302, *stjúpdóttir* ‘stiupdotter’ 302, *Bjarnadóttir* ‘Biarnadotter’ 327, *dótturdóttir* ‘dotturdotter’ 338.

/móðir/: *húsmóðirina* ‘husmoderina’ 104, *móðir* ‘moder’ 130, *húsmóðir* ‘hußmoder’ 229, *móðir* ‘moder’ 237.

/systir/: *móðurafasystir* ‘modur afa systir’ 24, *föðursystir* ‘fodursyster’ 33, *Systir* ‘syster’ 62, *systir* ‘syster’ 103, *systir* ‘syster’ 242, *systir* ‘syster’ 302, *systir* ‘syster’ 302, *systir* ‘syster’ 343.

Algengari er hins vegar upprunaleg mynd þf. et. -ur nema hjá orðinu *systir*:

/bróður/: *ömmubróður* ‘ømmubroður’ 6, *föðurbróður* ‘fodur broður’ 84, *bróður* ‘broður’ 105, *bróður* ‘broður’ 114, *bróður* ‘broður’ 116, *föðurbróður* ‘fódurbroður’ 127, *bróður* ‘broður’ 129, *bróður* ‘broður’ 158, *meðbróður* ‘med broður’ 282, *bróður* ‘bróður’ 297, *meðbróður* ‘medbroður’ 318.

/dóttur/: *Stephánsdóttur* ‘Stephansdottur’ 24, *dóttur* ‘dottur’ 25, *dóttur* ‘dottur’ 32, *dóttur* ‘dottur’ 115, *dóttur* ‘dottur’ 127, *Sigurðardóttur* ‘Sigurdardottur’ 139, *dóttur* ‘dottur’ 197, *dóttur* ‘dottur’ 206, *dóttur* ‘dottur’ 215, *dóttur* ‘dottur’ 220, *Sigvaldadóttur* ‘Sigvalldadottur’ 232, *dóttur* ‘dottur’ 245, *dóttur* ‘dottur’ 266, *dóttur* ‘dottur’ 268, *Hjálmarsdóttur* ‘Hialmarsdottur’ 272, *dóttur* ‘dottur’ 275, *dóttur* ‘dottur’ 293, *dóttur* ‘dottur’ 302,⁵⁵⁵ *dótturdóttur* ‘dotturdottur’ 302.

/föður/: *föður* ‘fodur’ 13, *föður* ‘fodur’ 16, *föður* ‘fodur’ 261.

/móður/: *móður* ‘modur’ 9, *móður* ‘modur’ 10, *móður* ‘modur’ 20, *móður* ‘modur’ 21, *móður* ‘modur’ 22, *móður* ‘modur’ 29, *móður* ‘modur’ 33, *móður* ‘modur’ 44, *móður* ‘modur’ 78, *móður* ‘modur’ 84, *móður* ‘modur’ 108, *móður* ‘modur’ 161, *móður* ‘modur’ 176, *móður* ‘modur’ 327.

⁵⁵⁴ Annað dæmi um þf. et. af /bróðir/ er á bls. 302 en þar er orðið stytta: ‘br.’.

⁵⁵⁵ Bandið fyrir *ur* er óskýrt og hugsanlega er það *er*-band.

/systur/: *afasystur* ‘afa systur’ 10, *systur* ‘systur’ 335, *Föðursystursynir* ‘fodur systur syner’ 343.

Þgf. et.

Í JStgrÆv koma fyrir sjö dæmi um *-ir* í þgf. et. af frændsemisorðum á móti 50 dæmum um upprunalegu endinguna *-ur*. :

/bróðir/: *bróðir* ‘brodir’ 124.

/dóttir/: *Björnsdóttir* ‘Biornsdotter’ 109, *Ásmundsdóttir* ‘Asmundsdottir’ 238, *dóttir* ‘dotter’ 241.

/móðir/: *móðir* ‘möder’ 22.

/systir/: *systir* ‘syster’ 32, *systir* ‘syster’ 62.

Langoftast er hins vegar upprunalegt *-ur* í þgf. et. þessara orða:

/bróður/: *föðurbróður* ‘fodur brodur’ 14, *föðurbróður* ‘fodur|brodur’ 20, *föðurbróður* ‘fodur brodur’ 21, *bróður* ‘brodur’ 107, *föðurbróður* ‘fodurbrodur’ 122, *bróður* ‘brodur’ 124, *bróður* ‘brodur’ 130, *bróður* ‘brodur’ 154, *stallbróður* ‘stallbrodur’ 196, *bróður* ‘brodur’ 315.⁵⁵⁶

/dóttur/: *dóttur* ‘dottur’ 22, *Magnúsdóttur* ‘Mag|nusdottur’ 72, *dóttur* ‘dottur’ 116, *Björnsdóttur* ‘Biornsdottur’ 130, *dóttur* ‘dottur’ 140, *dóttur* ‘dottur’ 176, *dóttur* ‘dottur’ 232, *Halldórsdóttur* ‘Halldorsdottur’ 237, *dóttur* ‘dottor’ 242, *dóttur* ‘dottur’ 243, *dótturdóttur* ‘dotturdottur’ 261, *dóttur* ‘dottur’ 261, *Markúsdóttur* ‘Marcús|dottur’ 274, *Þorgeirdóttur* ‘þorgeirdottur’ 275, *dóttur* ‘dottur’ 275, *dóttur* ‘dottur’ 283, *dóttur* ‘dottur’ 284, *dóttur* ‘dottur’ 292, *dóttur* ‘dottur’ 318.

/föður/: *föður* ‘fódur’ 12, *föður* ‘fodur’ 29, *föður* ‘fodur’ 243.

/móður/: *móður* ‘modur’ 5, *móður* ‘modur’ 10, *móður* ‘modur’ 19, *móður* ‘modur’ 23, *móður* ‘mod|ur’ 23, *móður* ‘modur’ 23, *móður* ‘modur’ 27, *móður* ‘modur’ 30, *móður* ‘modur’ 32, *móður* ‘modur’ 37, *móður* ‘modur’ 38, *móður* ‘modur’ 38, *móður* ‘modur’ 79, *móður* ‘modur’ 107, *móður* ‘modur’ 261, *móður* ‘modur’ 267, *móður* ‘modur’ 301.

⁵⁵⁶ Eitt dæmi í viðbót er um þgf. et. af *bróðir* í JStgrÆv en þar er það stytta: ‘br.’ 212.

/systur/: *systur* ‘systur’ 130.

Ef. et.

Í seinni tíma máli kom einnig upp *-ir* í ef. et. í stað upprunalegs *-ur* hjá *r*-stofnum eins og í þf. og þgf. et. (sjá umfjöllun hér að framan). Í JStgrÆv er þó eingöngu eitt dæmi um *-ir* í ef. et. (*systir* ‘syster’ 231) en annars er alltaf *-ur*. Orðin *bróðir* og *faðir* hafa einnig nokkrum sinnum í eignarfalli eintölu form-in *bróðurs*, *föðurs* (sjá umfjöllun hér fyrir aftan). Þetta á bæði við um það þegar frændsemisorð standa sjálfstæð í JStgrÆv og þegar þau eru fyrri liður samsetningar. Sú staðreynd að nær eingöngu eru dæmi um upprunalegu endinguna *-ur* í eignarfalli eintölu í JStgrÆv getur hugsanlega verið til vitnis um það að tilhneiging sé í málinu til að halda eignarfallsmyndum aðgreindum frá nefnifallsmyndum. Hjá *r*-stofnum í kvenkyni kemur *-ur* meðal annars fyrir í eignarfalli hjá rótarnafnorðum, t.d. *nótt*, ef. et. *natur* og þar er því fyrirmynd þess að *-ur* geti verið eignarfallsending hjá kvenkynsorðum. Hjá þeim *r*-stofnum sem eru í karlkyni hefur greinilega verið tilhneiging í málinu til að auðkenna enn frekar eignarfallið með *-s* sem er algeng eignarfallsending hjá karlkynsorðum:

/bróður/: *föðurbróðurdóttir* ‘fóðurbroðurdotter’ 20, *bróður* ‘broður’ 21, *móðurbróður* ‘modurbroður’ 51, *bróðursonur* ‘broður sönur’ 71, *móðurbróðurson* ‘modur broður | son’ 79, *föðurbróður* ‘fodurbroður’ 80, *föðurbróður* ‘fodurbroður’ 97.

/dóttur/: *dótturbarn* ‘dotturbarn’ 87, *Steinsdóttur* ‘Steinsdottur’ 107, *Þorsteinsdóttur* ‘Þorsteinsdottur’ 123, *dóttur* ‘dottur’ 153, *dóttur* ‘dottur’ 200, *dóttur* ‘dottur’ 240, *dóttur* ‘dottur’ 245, *Jónsdóttur* ‘Jons dottur’ 261, *dótturbarn* ‘dotturbarn’ 161, *dótturmann* ‘dotturmann’ 285, *dóttur* ‘dottur’ 303, *dótturson* ‘dotturson’ 327.

Eitt sérkennilegt dæmi er í JStgrÆv um eignarfall af orðinu *dóttir* með greini þar sem greinirinn virðist vera *-ininnar*: til *dótturinininnar* ‘dotturinininnar’ 243. Líklegasta skýringin á þessu dæmi er þó að þarna sé á ferðinni ritvilla og að Jón hafi óvart ritað byrjun greinisins tvisvar.

/föður/: *Föðurbróðir* ‘fóður|broder’ 4, *föðurfaðir* ‘fodur fader’ 4, *föðurmóðir* ‘fóður móder’ 4, *föður* ‘fóður’ 4, *föðurfaðir* ‘fodurfader’ 5, *föður* ‘fodur’ 10, *föður* ‘fodur’ 13, *föður* ‘fóður’ 13, *föðurbróður* ‘fodurbroður’ 14, *föðurbróðir* ‘fodur broder’ 15, *föður* ‘fodur’ 20, *föðurbróðurdóttir* ‘fóður broður dotter’ 20, *föðurbróður* ‘fodur|broður’ 20, *föðurbróður* ‘fodurbroður’ 21, *föðurbróðir*

'fodurbroder' 21, *föðurbróðir* 'fodurbrodir' 21, *föður* 'fodur' 21, *föður* 'fodur' 21, *föðurlaus[u]* 'fodurlaus[u]' 23, *föðursysturbróður* 'fodur| systur brodur' 23, *föðursystur* 'fodursystur' 23, *föðurnafn* 'fodurnafn' 24, *föðursystir* 'fodur syster' 30, *föður* 'fodur' 33, *föðursystir* 'fodursyster' 33, *föðurlandið* 'fodurlanded' 34, *föðurlandið* 'fodur landed' 34, *föðurbróðir* 'fodurbroder' 36, *föðurbróðir* 'fodurbroder' 37, *föður- og forsvarslausum* 'fodur og forsvars|lausum' 38, *föðurlausum* 'fodurlausum' 46, *föðurstað* 'fodurstað' 46, *föðursystir* 'fodur syster' 51, *föðurbróðir* 'fodur|broder' 61, *föðurbróður* 'fodurbrodur' 80, *föðurbróður* 'fodurbrodur' 84, *föðurnafni* 'fodur nafne' 89, *föðurbróður* 'fodurbrodur' 97, *föðurbróður* 'fodurbrodur' 122, *föðurbróður* 'fodurbrodur' 127, *föðurlausum* 'fodurlausum' 139, *föðurlaus* 'fodurlaus' 144, *föður* 'fodur' 149, *föðurbróður* 'fodurbrodur' 150, *tengdaföður* 'teingda fódur' 228, *föður- og móðurætt* 'fodur og modur ætt' 261, *föður* 'fodur' 261, *föðurbróðir* 'fodur broder' 285, *föðurfrændum* 'fódur frændumm' 288, *föðurbróðir* 'fodurbroder' 312, *Föðursystursynir* 'fodur systur syner' 343.

/móður/: *móðurfaðir* 'modur fader' 4, *móðurætt* 'móður ætt' 4, *móðurmóðir* 'móður möder' 4, *móðurafa* 'modur|afa' 6, *móðuramma* 'modur amma' 7, *móðurlífi* 'móður lijfe' 9, *móður* 'modur' 9, *móðurafasystir* 'modurafasyster' 10, *móðurlífi* 'modurlyfe' 19, *móður* 'modur' 22, *móðurafasystir* 'modurafasyster' 24, *móður* 'modur' 30, *móður* 'modur' 32, *móður* 'modur' 34, *móðurbróðir* 'modurbroder' 50, *móðurbróður* 'modurbrodur' 51, *móður* 'modur' 75, *móður* 'modur' 76, *móður* 'modur' 77, *móðurbróðurson* 79, *móður* 'móður' 80, *móðurhnjám* 'modurhniám' 107, *móður* 'modur' 107, *móður* 'modur' 107, *móður* 'modur' 108, *móðurættar* 'modur|ættar' 156, *móður* 'móður' 161, *móðurlífi* 'modur lyfe' 197, *móðurarfi* 'modur arfe' 244, *móðurarf* 'modurarf' 259, *móðurarf* 'modur arf' 259, *móðurarf* 'modur arf' 259, *móðurætt* 'modur ætt' 261, *móðurmál* 'modurmál' 281.

/systur/: *föðursystur* 'fodursystur' 23, *systursyni* 'systursine' 38, *systursonur* 'systur sonur' 39, *systur* 'systur' 80, *systur* 'systur' 243, *systurmanni* 'systur manne' 279, *systurson* 'Systur Son' 306, *Föðursystursynir* 'fodur systur syner' 343.

Ef. et. -urs

Hér að framan var sagt frá því að eignarfalls-s hafi smeygt sér inn í ef. et. af *faðir* og *bróðir*. Elstu dæmin um ef. et. *föðurs* og *bróðurs*, þar sem næsta orð á eftir byrjar ekki á /s/, eru frá 15. öld, t.d. 'brodrs' (*Diplomatarium Islandicum*

6:603 (1487)).⁵⁵⁷ Í GBibl (Bandle 1956:264) eru allmörg dæmi um myndina *föðurs*, bæði með og án greinis, t.d. ‘til þijns Føðurs’ I Kg 20,8 og ‘Føðursins’ Ordzk 13,1. Í orðabók Jóns Árnasonar (1994) *Nucleus latinitatis* frá 1738 koma bæði fyrir myndir með og án *-s*.⁵⁵⁸ Í nísl. er endingin ef. et. *-urs* frekar algeng í þessum orðum en samkvæmt Valtý Guðmundssyni (1922:61 [§132]) kemur hún hins vegar aðeins fyrir með greini.⁵⁵⁹ Það er hins vegar ekki alveg rétt því að fjölmörg dæmi eru frá síðustu öldum í RM um *-urs* án greinis af *bróðir*⁵⁶⁰ og *faðir*.⁵⁶¹

Tvö dæmi eru í JStgrÆv um myndina *bróðurs* og tvö um myndina *föðurs*. Upprunalegar myndir eru hins vegar algengari eins og sjá má á umfjöllun hér að framan:

/bróðurs/: *skólabróðurs* ‘skola bróðurs’ 78, *bróðurs* ‘broðurs’ 94.

/föðurs/: *föðurs* ‘fodurs’ 160, *föðurshús* ‘fódurshus’ 302.

Yfirlit yfir beygingu r-stofna í eintölu í JStgrÆv

Algengari myndir eru taldar fyrst. Fjöldi dæma er gefinn upp um hvert form.

	et.	
nf.	bróðir, bróður	(32x/4x)
þf.	bróður	(11x/1x)
þgf.	bróður, bróðir	(10x/1x)
ef.	bróður, bróðurs	(7x/2x)
nf.	dóttir	(58x)
þf.	dóttur, dóttir	(19x/15x)
þgf.	dóttur, dóttir	(19x/3x)
ef.	dóttur	(12x)
nf.	faðir	(41x)
þf.	föður	(3x)
þgf.	föður	(3x)
ef.	föður, föðurs	(51x/2x)

⁵⁵⁷ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:30 og einnig Hægstad 1942:129.

⁵⁵⁸ Guðrún Kvaran og Friðrik Magnússon 1994:xxii: „Orðin *faðir* og *bróðir* hafa ýmist eignarfallsmyndina *föður*, *bróður* eða *föðurs*, *bróðurs*. Eignarfallið hefur verið á reiki á dögum Jóns Árnasonar og báðar myndirnar þekkst því að í málfræði Jóns Magnússonar er þeirra beggja getið án athugasemda (Finnur Jónsson 1933:32).“

⁵⁵⁹ Valtýr Guðmundsson 1922:61 [§132]: „Formerne *föðurs*, *bróðurs* i G. Sg. og *mennir* i N. Pl. bruges kun (og altid), naar Artiklen føjes til: *föðurs-ins*, *bróðurs-ins*, *mennir-nir*.“

⁵⁶⁰ Ef. et. /bróðurs/ (3 dæmi, 1675–19f): ‘bróðurs’ JHBisk II, 355 (1675) (17s), ‘bróðurs’ GJ, 66 (19f), ‘bróðurs’ GJ, 246 (19f).

⁵⁶¹ Ef. et. /föðurs/ (11 dæmi, 1553–19m), t.d. ‘fodurs’ DI XII, 611 (1553) Auk þess eru 6 dæmi um ef. et. *föðurs* með greini (17m–19m), t.d. *‘fódursinz’ HPPass II, 14 (17m).

nf.	móðir, móður	(36x/9x)
þf.	móður, móðir	(14x/4x)
þgf.	móður, móðir	(17x/1x)
ef.	móður	(34x)
nf.	systir	(21x)
þf.	systir, systur	(8x/3x)
þgf.	systir, systur	(2x/1x)
ef.	systur, systir	(8x/1x)

3.1.2.7 nd-stofnar

Í svokölluðum *nd*-stofnum, t.d. *eigandi* ‚sá sem á eitthvað‘, var sérhljóð viðskeytisins upphaflega *ϱ* (nísl. *ö*) í þgf. ft. og *a* í ef. ft.

Beyging *nd*-stofna í *físl.* og *nísl.*

	<i>físl./nísl.</i>	<i>físl.</i>		<i>nísl.</i> (yfirleitt)
	et.	ft.		ft.
nf.	-andi	-endr	→	-endur
þf.	-anda	-endr	→	-endur
þgf.	-anda	-ϱndum	→	-endum
ef.	-anda	-anda	→	-enda

Rótarsérhljóðið /e/, sem er upprunalegt í *nf./þf. ft.*, var síðar alhæft í fleirtölu þessara orða. Þessi breyting hófst á fyrri hluta 14. aldar í þgf. ft. en um 1500 í ef. ft.⁵⁶² Í GBibl (Bandle 1956:268) eru allmörg dæmi um slíkt, t.d. ‘Epterkomenda’ II Mos 31,13 og ‘Jnnbyggendum’ Jerem 25,30, en einnig koma fyrir í GBibl myndir með /ö/ (og einnig myndir með /u/ þar sem /ö/ hefur breyst í /u/ í áherslulétrri stöðu), t.d. ‘Siaøndum’ Es 29,10 og ‘Føgnundum’ Rom 12,15. Upphaflegar myndir í ef. ft. með /a/ haldast, sbr. ‘til Domandanna’ II Chr 19,6. Í *nísl.* eru myndir með *-endum*, *-enda* algengastar í þessum föllum.⁵⁶³

Í JStgrÆv koma eingöngu fyrir form með *-endum* í þgf. ft. og passar það við það sem sagt er hér að framan um þróun þessa beygingarflokks í síðari tíma íslensku. Ekkert dæmi er hins vegar um ef. ft. af þessum stofni í JStgrÆv: *afkomendum* ‘afkomendumm’ 1, *lesendum* ‘lesendumm’ 1, *kenn-*

⁵⁶² Sbr. Noreen 1923:287–288 [§422, aths. 1] og Björn K. Þórólfsson 1925:30–31.

⁵⁶³ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:77 [§171, aths.]: „I Skriftspr. bruges ogsaa *fjøndum*, *fjanda* i D. og G. Pl., ligesom en Del af de Ord, der bøjes som *nemandi* i Bogsproget (ved Indflydelse fra Oldspr.) kan have *-öndum*, *-anda* i. D. og G. Pl.“

endum ‘kennendum’ 71, *fylgjendum* ‘filgendum’ 141, *áhangendum* ‘ahangendum’ 164, *afkomendum* ‘afkomendum’ 177, *viðkomendum* ‘viðkom|endum’ 194, *innbyggjendum* ‘Inbyggjendum’ 216, *tilbiðjendum* ‘tilbidiendumm’ 241, *elskendum* ‘el|skendum’ 247, *áhangendum* ‘ahangendum’ 282.

Í samandregna *nd*-stofninum *bóndi* hefur æ stundum verið alhæft í fleirtölu í seinni tíma máli. Í GBibl (Bandle 1956:269) er til að mynda ritað: ‘vorra Husbænda’ Jerem 44,19. Þessi alhæfing stofnsins *bænd-* í fleirtölu var þegar um 1400 orðin algeng í málinu.⁵⁶⁴ Eitt dæmi er í RM um þetta form: ‘bændanna’ GJ, 144 (19f).

Í JStgrÆv koma bæði fyrir eignarfallsform með /ó/ og /æ/ af *bóndi*. Fyrri afbrigðið kemur eingöngu fyrir sem fyrri liður samsetninga en hið síðarnefnda bæði sjálfstætt og sem fyrri liður samsetninga:

ef. ft. /bónd-/: *bóndafólk* ‘bondafolk’ 6, *bóndafólki* ‘bonda folke’ 15, *bóndavinnu* ‘bonda vinnu’ 38, *bóndason* ‘bondason’ 41, *bóndaslekti* ‘bondaslekte’ 155, *bóndafólki* ‘bonda|folke’ 205.

ef. ft. /bænd-/: *sóknarbændanna* ‘soknarbændana’ 136, *bændaflokkur* ‘bænda flokkur’ 185, *bænda* ‘bænda’ 209, *bænda* ‘bænda’ 314.

⁵⁶⁴ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:31.

3.2 Lýsingarorð

3.2.1 *a-/ō*-stofnar

Stærsti flokkur lýsingarorða er *a-/ō*-stofna lýsingarorð. Dæmi um beygingu tveggja lýsingarorða af þessum stofni fara hér á eftir. Fyrst er sýnd almenn beyging *a-/ō*-lýsingarorða (*spakur*) og síðan dæmi um beygingu lýsingarorða með tvíkvæðan stofn, sem enda á *-ll* og einkvæðra sem enda á *-nn*, en sá undirflokkur *a-/ō*-stofna lýsingarorða hefur orðið fyrir allnokkrum breytingum í síðari alda máli. Ýmsar breytingar hafa einnig orðið á *a-/ō*-stofna lýsingarorðum sem hafa rót sem endar á löngu rótarsérhljóði, t.d. *fár*.

a-/ō-stofna lýsingarorð í nisl. (og fisl.)

	kk.	kvk.	hk.
nf. et.	spakur	spök	spakt
þf.	spakan	spaka	spakt
þgf.	spökum	spakri	spöku
ef.	spaks	spakrar	spaks
nf. ft.	spakir	spakar	spök
þf.	spaka	spakar	spök
þgf.	spökum	spökum	spökum
ef.	spakra	spakra	spakra

Einkvæð og tvíkvæð lo. sem enda á -ll og einkvæð sem enda á -nn í nisl. (og fisl.)

	kk.	kvk.	hk.
nf. et.	gamall	gömul	gamalt
þf.	gamlan	gamla	gamalt
þgf.	gömlum	gamalli	gömlu
ef.	gamals	gamallar	gamals
nf. ft.	gamlir	gamlar	gömul
þf.	gamla	gamlar	gömul
þgf.	gömlum	gömlum	gömlum
ef.	gamalla	gamalla	gamalla
nf. et.	hreinn	hrein	hreint
þf.	hreinan	hreina	hreint
þgf.	hreinum	hreinni	hreinu
ef.	hreins	hreinnar	hreins
nf. ft.	hreinir	hreinar	hrein
þf.	hreina	hreinar	hrein
þgf.	hreinum	hreinum	hreinum
ef.	hreinna	hreinna	hreinna

Hjá einkvæðum og tvíkvæðum *a-/ō-*stofna lýsingarorðum sem enda á *-ll* (t.d. *gamall*) og einkvæðum sem enda á *-nn* (t.d. *hreinn*) hafði *-r-* í endingum þgf./ef. et. kvenkyni og í ef. ft. allra kynja þegar fallið saman við stofninn fyrir ritöld, t.d. *hreinni*, *hreinnar* < **hreinnri*, **hreinnrar*. Í seinni tíma íslensku hefur hins vegar orðið sú áhrifsbreyting (hlutfallabreyting) að *-r-* hefur verið tekið upp í endingu þessara falla, þgf./ef. et. kvk. og ef. ft., t.d. *hreinnri*, *hreinnrar*, *hreinnra*, fyrir áhrif frá öðrum *a-/ō-*stofna lýsingarorðum þar sem *-r-* féll aldrei saman við stofninn, t.d. þgf./ef. et. kvk. og ef. ft. *spakri*, *spakrar*, *spakra*. Jón Axel Harðarson (Jón Magnússon 1997:xlvi) er með sannfærandi skýringu á því af hverju þetta hafi gerst. Hann segir að eftir að framburður /nn/ ([n:]) og /ll/ ([l:]) í áherslu breyttist í [tn] og [tl] á 14. öld hafi beygingarfræðileg greining stofns og endingar í einkvæðum lýsingarorðum orðið óskýr. Eftir breytinguna hafi ekki lengur verið hægt að greina myndir eins og *beinni* og *hálli*, [þeɪɲɪ], [hauɲli] í hljóðritun Jóns Axels, sem samlögunarmyndir með *-n-ni* eða *-l-li* í stað **-n-ri*, **-l-ri*. Þess vegna hafi ending þeirra verið endurgerð og komið upp myndir eins og þgf. et. kvk. *beinnri* af lo. *beinn*. Þetta skýrir af hverju engin dæmi eru um innskots-*r* í tvíkvæðum lo. sem enda á /nn/ eins og *fyndinn*, t.d. þgf. et. kvk. *fyndinni* en ekki **fyndinnri*. Eins og Jón Axel bendir á var ekki þörf á að endurtúlka greiningu stofns og endingar hjá slíkum lýsingarorðum því að framburður áherslulétts /nn/ hafi ekki breyst.

Á f.hl. 16. aldar eru slíkar áhrifsmyndir með *-r-* orðnar nokkuð algengar og enn frekar eftir miðja 16. öld.⁵⁶⁵ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:65) er til að mynda „[s]tundum, en ekki altaf, [...] r skotið inn í fallendingu í dat. og gen. fem. sg. og gen. pl. á eftir nn (aftur ekki dæmi um ll)“. Í GBibl (Bandle 1956:298–299) er algengara að myndir með *-r-* komi fyrir í ef. et. kvk. en þgf. et. kvk. (algengast í orðinu *einn*), t.d. ‘eirrar’ I Mos 6,16 o.s.frv., ‘eirne’ I Mos 15,1. Einu sinni í GBibl kemur *-r-* fyrir á eftir löngu sérhljóði + *-ll*: ‘med sællre [...] Endurlausn’ Dan form, 15,16. Í tvíkvæðum orðum með viðskeytinu *-ll* eru þgf./ef. et. kvk. og ef. ft. yfirleitt án *-r-* í GB, sbr. þó t.d. ‘Einnrar lijtillar Bonar’ III Kg 2,20. Á 17. og 18. öld eru innskotsform orðin algengari en upprunaleg form og t.a.m. hjá Runólfi Jónssyni og Jóni Magnússyni eru innskotsmyndirnar einhafðar.⁵⁶⁶ Við lok 18. aldar koma þó fyrir dæmi um form án *-r-*, t.d. *heilli* í bók Ólafs Stephensens *Stutt Undirvísun í reikningslistinni frá 1785*.⁵⁶⁷ Í talmáli í nisl., a.m.k. á f.hl. 20. aldar, er þessi nýja beyging með *-r-* enn lifandi.⁵⁶⁸ Í töluðu máli flestra núna og almennt í rituðu máli er

⁵⁶⁵ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:88.

⁵⁶⁶ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:88.

⁵⁶⁷ Sjá Kjartan G. Ottósson 1987:317.

⁵⁶⁸ Sjá Stefán Einarsson 1945:52, 55, 58, Valtý Guðmundsson 1922:87 [§188, 5, d], Finn Jónsson 1908:87 [§198] og Hægstad 1942:123.

hins vegar langalgengast að upprunalegri beygingu þessara lýsingarorða sé fylgt. Líklegt er að málhreinsun hafi haft áhrif á að upprunaleg beyging fór aftur að tíðkast en ýtarlegar rannsóknir vantar á því hvernig þróunin var nákvæmlega.

Í JStgrÆv er 'r' yfirleitt táknað í beygingu þessara lýsingarorða og er greinilegt að þannig hefur Jón beygt orðin. Ekki eru því greinanleg áhrif málhreinsunar á þetta atriði hjá Jóni enda virðist hann, eins og víða kemur fram í ritgerðinni, vera tiltölulega ósnortinn af henni:

/llr/: *lítillri* 'litillre' 16, *lítillri* 'litellre' 50, *mikillri* 'mikillre' 80, *gamallri* 'gammallre' 88, *lítillri* 'litillre' 109, *mikillrar* 'mikillrar' 155, *lítillri* 'lytillre' 185, *lítillri* 'lytillre' 217 (bréf), *gamallri* 'gamallre' 237, *lítillri* 'litellre' 264, *lítillri* 'lytillre' 285, *óheillra* 'oheillra' 294, *lítillri* 'litellre' 330, *lítillri* 'lytillre' 331.

/nnr/: *hreinnri* 'hreirnre' 57, *einnri* 'eirnre' 118, *einnrar* 'eirnrar' 127, *einnri* 'eirnre' 128, *einnri* 'eirnre' 131, *einnri* 'eirnre' 134, *einnri* 'eirnre' 146, *einnri* 'eirn|re' 177, *einnri* 'eirnre' 178, *einnri* 'eirnre' 180, *einnri* 'eirn|re' 185, *einnri* 'eirnre' 193, *einnri* 'eirnre' 199, *einnri* 'eirnre' 206, *einnrar* 'eirnrar' 261, *einnrar* 'eirn|rar' 274, *einnri* 'eirnre' 316, *einnri* 'eirnre' 318.

Allmörg dæmi eru þó einnig um það í JStgrÆv að slík lýsingarorð fylgi upprunalegri beygingu og 'r' sé ekki táknað í beygingu þeirra. Ég hef þó einungis fundið dæmi um slíkt í einkvæðum lýsingarorðum með /nn/ í stofni:

einni 'eirne' 2, *einni* 'eirne' 50, *hreinni* 'hreirne' 101, *einni* 'eirne' 114, *einni* 'eirne' 143, *einni* 'eirne' 146, *hreinna* 'hreirna' 154, *einni* 'eirne' 203, *hreinni* 'hreirne' 259, *einni* 'eirne' 283.

Óvíst er hvernig túlka á þessi dæmi. Notaði Jón Steingrímsson bæði upprunalega og nýja beygingu hjá slíkum lýsingarorðum eða eru dæmi um upprunalega táknun slíkra mynda án -r- einungis ritvenja? Ég hallast að síðari skýringunni því að mörg önnur dæmi eru í JStgrÆv um að forn ritháttur haldist þótt hljóð- eða beygingarbreyting hafi orðið. Til að mynda er upprunalega hljóðasambandið /fl/ nær alltaf táknað 'fl' í JStgrÆv, t.d. *aflaði* 'aflade' 109, þótt fyrri hluti þess hafi örugglega verið orðið lokhljóð á tíma JStgrÆv, sbr. dæmið *trufluðu* 'trubludu' 245 (sjá undirkafla 2.2.4).

Á 17. öld varð frekari þróun lýsingarorða af þessum flokki og upp komu myndir þar sem atkvæði hefur fallið brott, t.d. *litri* fyrir *lítillri*. Allmörg dæmi

eru um slík samdráttarform í RM af lo. *litill*.⁵⁶⁹ Deilt er um hvernig slíkar myndir urðu til. Björn K. Þórólfsson (1925:88) telur að myndirnar *drukknri*, *drukknrar*, *drukknra* í málfræði Runólfs Jónssonar á 17. öld séu samdráttarmyndir og Kjartan G. Ottósson (1987:316) segir að myndir af gerðinni *gamlri*, *gamllrar*, *gamllra*, sem komi fyrir í RM frá 17. og fram á 20. öld, séu einnig samdráttarmyndir.⁵⁷⁰ Jón Axel Harðarson (Jón Magnússon 1997:xlvi–xlix) telur hins vegar að þar sem engin dæmi séu um myndir eins og **drukkin(n)ri*, sem væri nauðsynlegt forstíga, sbr. umfjöllun hér að framan, sé líkleggra að þetta séu áhrifsmyndir myndaðar eftir þorra lýsingarorða með einkvæðum stofni samkvæmt eftirfarandi hlutfallajöfnu: *rík-ir*, *rík-a*, *rík-ar* : *rík-ri*, *rík-rar*, *rík-ra* = *drukkn-ir*, *drukkn-a*, *drukkn-ar*; *gaml-ir*, *gaml-a*, *gaml-ar* : X (= *drukkn-ri*, *drukkn-rar*, *drukkn-ra*; *gaml-ri*, *gaml-rar*, *gaml-ra*) og er það sennileg skýring á þessum myndum ef forsendan stenst.

Hjá einkvæðum *a-/ō*-stofna lýsingarorðum sem enda á *-ll* og *-nn* varð einnig frekari þróun á síðari öldum. Á 17. öld virðast koma upp myndir í þessum undirflokki *a-/ō*-lýsingarorða með /nr, lr/ í stað /nnr, llr/.⁵⁷¹ Dæmin *einrar* og *veilri* koma t.a.m. fyrir í kveðskap frá 17. öld.⁵⁷² Í málfræði Jóns Magnússonar frá 18. öld eru einnig dæmin ‘beinre’, ‘beinra’. Jón Axel Harðarson (Jón Magnússon 1997:xlvi) telur líklegt að þau séu ritvillur fyrir *beinnri*, *beinnra* og segir hugsanlegt að gleymst hafi að skrifa nefnhljóðsband yfir ‘n’. Á móti því mæli hins vegar að ef. ft. ‘beinra’ komi þrisvar fyrir og ólíklegt að öll dæmin séu pennaglöp.⁵⁷³

⁵⁶⁹ RM: ‘vmkomulijtlrar’ GerhHugv F, IIr. (17f), ‘litlri’ GAndrDeil, 45. (17m), *‘litlri’ HPFlór XXI, 7. (17m), *‘litlri’ KolbGrSvr V, 13, ‘litlara’ (ef. ft.) Alþb IX, 284 (1710), ‘litlri’ (þgf. et. kvk.) Jarðab XI, 68 (18f), ‘litlri’ (þgf. et. kvk.) Jarðab XI, 302 (18f), ‘litlara’ (ef. ft.) Jarðab XI, 185 (18f), *‘litlri’ (þgf. et. kvk.) HHákReim XIII, 27. (19f).

⁵⁷⁰ Runólfur Jónsson (1651:74) sýnir beygingu lo. *drukkin* og gefur upp myndir eins og þgf. et. kvk. ‘Drucknre’, ef. et. kvk. ‘Drucknrar’, ef. ft. ‘Drucknra’. Í beygingu lo. *gamall* koma hins vegar ekki fyrir samdráttarmyndir hjá Runólfi (1651:72), þ.e. þgf. et. kvk. ‘Gamallre’, ef. et. kvk. ‘Gamallrar’, ef. ft. ‘Gamallra’.

⁵⁷¹ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:88: „Á 17. öld og síðar verður oft samdráttur í hinum umræddu föllum lýsiorða á *inn*, *ill*. Runólfur Jónsson hefur þgf. ef. et. kvk. af *drukkin* (eiginlega hlto. þát.) *drukknre*, *drukknrar* og ef. ft. *drukknra*; í orðum á *ill* mun slíkur samdráttur sjaldgæfari, a. m. k. fram undir 1700. Nú er þessi samdráttur alveg að hverfa fyrir áhrif bókmálsins, aftur er algengt enn þá, að skjóta inn r-i, þótt rangt sje talið að rita svo. Þó mun innskot þetta nú sjaldgæfara í afleiddum orðum en öðrum.“

⁵⁷² Sjá Kjartan G. Ottósson 1987:317.

⁵⁷³ Jón Axel Harðarson (Jón Magnússon 1997:xlvi): „Varðandi myndir Jóns *beinre*, *beinnra* ber að athuga, að þar sem þær koma fyrir við hlið „reglulegu“ eignarfallsmyndarinnar *beinnrar* í beygingardæmi því, sem hann gefur fyrir einkvæð lýsingarorð á *-nn*, og sökum þess að hinar „reglulegu“ myndir þessara falla höfðu *nnr* (einnig ritað *nnr*), hlýtur hann af óásettu ráði að hafa skrifað þær með einu *n*-i í stað tveggja. Nú ritar Jón hið tvöfalda *n* í orðmyndinni *beinnrar* með *n̄* (*bein̄rar*); er hugsanlegt, að hann hafi gleymt að setja strikið yfir *n*-

Fáein dæmi eru í JStgrÆv um að stofn slíkra lýsingarorða sé táknaður með 'lr' og 'nr' en ekki 'llr' og 'nnr'. Dæmi er um þetta í mst. af lo. *hreinn* (þf. et. hk.): *hreinra* 'hreinra' 294 og í lo. *ofmikill*: *ofmikilri* 'ofmikilre' 315.

Í JStgrÆv kemur fyrir eitt dæmi um samdráttarmynd lýsingarorðs þar sem /r/ hefur verið sleppt: *miskunnarlitli* 'myskunarlitile' *konuskepnu* 62. Eins og getið var hér að framan eru flest dæmi í JStgrÆv um þetta lýsingarorð hins vegar ósamandregin og með /r/, t.d. *litillri* 'litillre' 16 o.s.frv. (sjá dæmi hér að framan).

Hér er yfirlit yfir innskotsmyndir af þessum lýsingarorðum sem koma fyrir í JStgrÆv og eru valdir einn eða tveir fulltrúar fyrir hvert fall:

	kk.	kvk.	hk.
/ll/ nf. et. þf. þgf. ef.		gamallri, miskunnarlitli, ofmikilri mikillrar	
nf. ft. þf. þgf. ef.		óheillra	
/nn/ nf. et. þf. þgf. ef.		hreinri, hreinni einnrar	

a-/ō-stofna lýsingarorð sem enda á rôtarsérhljóði

Annar undirflokkur *a-/ō-stofna* lýsingarorða eru orð sem hafa rót sem endar á löngu rôtarsérhljóði, t.d. *fár*, *grár*, *smár*, *trúr* o.s.frv. Þessi flokkur hefur orðið fyrir ýmsum hljóðbreytingum frá físl. til nútímamáls eins og sést á samanburði á beygingardæmi lýsingarorðs af þessum flokki í físl. og beygingunni eins og hún er núna í málinu:

ið í *beinre*, *beinra*? Gegn því mælir reyndar, að eignarfallsmyndin *beinra* er þrírituð (einu sinni fyrir hvert kyn).“

Físl.

	kk.	kvk.	hk.
nf. et.	blár	bló	blátt
þf.	blán	blá	blátt
þgf.	blóm	blár(r)i	bló
ef.	blás	blár(r)ar	blás
nf. ft.	bláir	blár	bló
þf.	blá	blár	bló
þgf.	blóm	blóm	blóm
ef.	blár(r)a	blár(r)a	blár(r)a

Nísl.

	kk.	kvk.	hk.
nf. et.	blár	blá	blátt
þf.	bláan	bláa	blátt
þgf.	bláum	blárri	bláu
ef.	blás	blárrar	blás
nf. ft.	bláir	bláar	blá
þf.	bláa	bláar	blá
þgf.	bláum	bláum	bláum
ef.	blárra	blárra	blárra

Eins og fjallað er um í hljóðsögukafla þessarar ritgerðar þá féll /u/ brott í endingum á eftir *á* (*á* og *ó*), *ó* og *ú*, t.d. þgf. ft. *fám* af lo. *fár* (sjá undirkafla 2.1.4).⁵⁷⁴ Brottfallið varð fyrir ritöld. Á 15. öld og síðar var því hins vegar skotið inn aftur líklega fyrir áhrif frá öðrum orðum þar sem *-um* hafði haldist.⁵⁷⁵ Einnig hafa verkað á þennan flokk lýsingarorða breytingar á /r/ (sjá undirkafla 2.2.13 í hljóðsögunni).

Í JStgrÆv eru fjögur dæmi um lo. *fár* í þgf. ft. og eru öll með *-u* í endingunni: *Fáum* 'faum' 77, *fáum* 'faumm' 118, *fáum* 'fäümm' 190, *fáum* 'fáumm' 305.

Einstök lýsingarorð

opinskár

Lýsingarorðið *opinskár* gat haft stofnlægt /r/ á 16. öld. Dæmi eru t.a.m. um slíkt í GBibl (Bandle 1956:308), t.d. 'opinskarán' Matt. 12,16. Þetta stofnlæga

⁵⁷⁴ Sbr. Noreen 1923:116 [§132].

⁵⁷⁵ Sjá Stefán Karlsson 1989:11 og Bandle 1956:69–70.

/r/ sést einnig þar í ao. *opinskárlega*, ‘opinskarliga’ Matt. 6,6. Í *Passíusálmum* Hallgríms Péturssonar kemur slík mynd stofnsins einnig fyrir: ‘Jesus vill að þijn kienning klär | kroptug sie hrein og opinskär (nf. et. kvk.)’ Pass. X, 12 (Finnur Jónsson 1924:38).⁵⁷⁶

Í JStgrÆv er eitt dæmi um þetta orð en það er í nf. et. kk. og því sést ekki á því hvort /r/ er stofnlægt: *opinskár* ‘openskär’ 313.

var

Í JStgrÆv er eitt dæmi um að lýsingarorðið *var* í nf. et. kvk. hafi karlkynsmynd (*var*) þar sem búast mætti við kvenkynsmynd (*vör*): *Hún var rúmskygg* og *varð eitthvað var við þennan óvætt* ‘hun var rúmiskign og vard eitthvad var vid | þennann ovætt’ 115. Óvíst er hvernig á að túlka þetta dæmi. Í nútímamáli er tilfinning manna fyrir því að *var* sé lýsingarorð í orðasambandinu *verða var við* farin að dofna og er hugsanlegt að hið sama eigi við um mál Jóns Steingrímssonar.

Lýsingarorðsviðskeyti

-ig-/-eg-/-ug-

Upprunalegt form þessa viðskeytis í físl. er *-eg-* en á 14. öld verður afbrigði þess, *-ig-*, algengara.⁵⁷⁷ Síðar kom upp afbrigðið *-ug-* af viðskeytinu. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:65–66) er *-ig-* eingöngu að finna í orðunum *auðigr* og *kunnigr* en annars er *-ug-*. Í GBibl (Bandle 1956:55–56) er *-ig-* hins vegar orðið algengara form en *-eg-*. Hjá Jóni Vídalín er viðskeytið *-ug-* komið í staðinn fyrir *-ig-/-eg-* eins og í nísl., t.d. ‘Allmattugur’ 111, og kemur *-ig-* varla fyrir.⁵⁷⁸ Eitt dæmi er um *-ig-* hjá Jóni Vídalín en annars er þar *-ug-*.⁵⁷⁹ Svavar Sigmundsson (1998) segir að þetta sé eitt af skýrustu merkjunum sem aðgreina 18. aldar mál frá 16. aldar máli. Á hinn bóginn er í Klím (Jón Helgason 1948:303) sitt á hvað *-ig-* og *-ug-* og segist Svavar (1966:42) ekki sjá neina reglu hjá honum. Jón Helgason (1948:303) telur að *-ig-* á þessum tíma sé bara stæling á eldri stafsetningu.

Í físl. féll sérhljóð viðskeytisins *-ig-*, *-ug-* brott í föllum sem byrjuðu á sérhljóði, t.d. þf. et. *máttgan* af *máttigr*. Á seinni öldum er hins vegar langalgengast að sérhljóð viðskeytisins haldist í öllum föllum, t.d. *máttugan*.

Í JStgrÆv eru engin dæmi um *-ig-* heldur er alltaf *-ug-*. Sérhljóð viðskeytisins fellur aldrei brott í beygingu:

⁵⁷⁶ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:89.

⁵⁷⁷ Sjá Hægstad 1942:51.

⁵⁷⁸ Svavar Sigmundsson 1998: „Viðskeytið *-igur* er varla til hjá Jóni, heldur er *-ugur* oftast hjá honum, og viðskeytið *-ligur* hjá Guðbrandi er orðið *-legur* hjá Jóni Vídalín.“

⁵⁷⁹ Sjá Svavar Sigmundsson 1966:42.

-ug: *naudugur* ‘naudugur’ 1, *viljugur* ‘viliugur’ 1, *umkunnugir* ‘ummkunnuger’ 1, *eruverðugi* ‘Eruverduge’ 3, *lystugast* ‘lyst|ugast’ 7, *fámálugan* ‘famälugann’ 8, *blóðugan* ‘blodugan’ 8, *verðugan* ‘verdugan’ 14 o.s.frv.

-leg-/-lig-

Í allra elstu forníslensku handritunum kemur eingöngu fyrir myndin *-leg-* af þessu viðskeyti. Myndin *-lig-* kemur þó fyrir strax á 13. öld og er frá 14. öld orðið algengasta form viðskeytisins.⁵⁸⁰ Á 17. öld verður formið *-leg-* hins vegar aftur algengt og hið almenna form þess.⁵⁸¹ Í Kvæðabók Gissurar Sveinssonar (Jón Helgason 1960b:20) er t.a.m. alltaf *-legur*. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:41) er einnig venjulega ‘e’ í þessu viðskeyti, t.d. ‘magnlega’ 85.

Í JStgrÆv koma fyrir bæði formin *-leg-* og *-lig-*. Hið fyrrnefnda er langalgengast en ég hef aðeins fundið tvö dæmi um hið síðarnefnda: *óþarflig* ‘óþarflig’ 167 og *óbrigðanlig* ‘óbrigðan|lig’ 264.

Hér eru nokkur dæmi um formið *-leg-* í lýsingar- og atviksorðum af fyrstu síðum eiginhandarritsins: *elskulegu* ‘elskulegu’ 1, *ómótmælanleg* ‘ömótmælanleg’ 1, *leyfilegs* ‘leifelegs’ 1, *mögulega* ‘mógulega’ 2, *sérlegustu* ‘sierlegustu’ 2, *frómlega* ‘fromlega’ 2, *einfaldlega* ‘Einfalldlega’ 2, *ástúðlegt* ‘astudlegt’ 2, *ævinlega* ‘æfennlega’ 2, *náttúrlegu* ‘natturlegu’ 2, *andlegu* ‘andlegu’ 2, *sérlega* ‘sier|lega’ 3, *stundlegu* ‘stundlegu’ 3, *vanlegum* ‘vanlegumm’ 4, *sáluhjálplegt* ‘saluhialplegt’ 6, *nytsamleg* ‘nitsamleg’ 6, *mátulegar* ‘matulegar’ 6, *karlmannlegur* ‘karlmannlegur’ 6, *heiðarlegri* ‘heidarleg|re’ 6 o.s.frv.

3.2.2 *ja-/jō-stofnar*

Eins og nafnið gefur til kynna þá höfðu svokallaðir *ja-/jō-stofnar* lýsingarorða /j/ í ýmsum myndum í ísl., þ.e. á undan endingum sem byrja á *a* eða *u*:

Yfirlit yfir beygingu ja-/jō-stofns lo. í ísl.

	kk.	kvk.	hk.
nf. et.	sekr	sek	sekt
þf.	sekjan	sekja	sekt
þgf.	sekjum	sekri	sekju
ef.	seks	sekrar	seks
nf. ft.	sekir	sekjar	sek
þf.	sekja	sekjar	sek

⁵⁸⁰ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:xxiv.

⁵⁸¹ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:xxiv, 1926:79, Hægstad 1942:52 og Jóhannes L.L. Jóhannsson 1924:37–39.

þgf.	sekjum	sekjum	sekjum
ef.	sekra	sekra	sekra

Hljóðið /j/ hvarf hins vegar snemma úr beygingu flestra *ja-/jō*-stofna eða fyrir 1300 og tóku flestir þeirra upp beygingu *a-/ō*-stofna. Á 14. öld er beygingin því að mestu orðin sú sama og á seinni öldum. Lengst halda lo. *miður* og *nýr* í myndir með /j/ og bæði í GBibl (Bandle 1956:308–309) og nísl. er /j/ varðveitt á undan *a*, *u* í endingu í þessum orðum.⁵⁸²

Í *ja-/jō*-stofna lýsingarorðum þar sem stofn endar á sérhljóði, t.d. *glær*, *slær* og *-sær*, er /r/ stundum alhæft í allri beygingunni í seinni tíma máli. Í RM eru bæði dæmi frá síðari öldum um upprunalega beygingu með stofnlægu /j/ af þessum orðum, t.d. *glæjan* (þf. et. kk.),⁵⁸³ og þessa nýju beygingu með stofnlægu /r/, t.d. *glæran* (þf. et. kk.).⁵⁸⁴ Valtýr Guðmundsson (1922:93 [§196, b]) nefnir einnig að í nísl. komi fyrir slíkar myndir með alhæfðu /r/ af orðinu *glær*.

Í JStgrÆv er eitt dæmi um lo. *djúpsær* (hk. nf. ft. mst.) og bendir sú mynd til þess að í máli Jóns Steingrímssonar sé búið að alhæfa /r/ í beygingu þess: *djúpsærari* ‘diupsærare’ 77.

3.2.3 *wa-/wō*-stofnar

Lýsingarorð af þessum flokki höfðu í físl. /v/ á undan öllum endingum sem byrjuðu á sérhljóði nema /u/, t.d. *hávir*. Tvenns konar breytingar hafa orðið á þessum flokki í seinni tíma íslensku: Í fyrsta lagi féll /v/ brott á undan /a/ og /i/ í endingu, t.d. *fólvan*, *fólvir* → *fölan*, *fölir*. Slík *v*-laus form á eftir samhljóðsstofni komu upp fyrir áhrif beygingar lýsingarorða af *a-/ō*-flokki. Í öðru lagi kom /v/ oft inn í beyginguna á undan /u/ í endingu, t.d. þgf. ft. *myrkvum* (físl. *myrkum*).⁵⁸⁵ Hér á eftir verður sérstaklega fjallað um fyrrnefndu breytinguna.

⁵⁸² Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:35.

⁵⁸³ /glæ-, glæj-/ (22 dæmi í RM, 17s–19s), t.d. *‘glæjast’ GBergþOlg XXXVII, 6 (17s), ‘glæan’ (þf. et. kk.) MÍsl IV, 157 (JÓIGrv) (18fm).

⁵⁸⁴ /glær-/ (17 dæmi í RM, 17–19m), t.d. *‘glæri’ BJFlór X, 31 (17); /auðsær/ (21 dæmi í RM, 18f–19s2of), t.d. ‘auðsært’ (nf. et. hk.) VíðPost II, 7 (18f), ‘auðsært’ (nf. et. hk.) Bps AII 16 2, 284 (1739), ‘auðsærann’ (þf. et. kk.) LFR IX, 275 (18s); /auðsæ-/ (6 dæmi, 19m–19s2of.), t.d. ‘auðsærir’ (nf. ft. kk.) NF XXI, 133 (19m).

⁵⁸⁵ Sbr. Valtý Guðmundsson 1922:89 [§190] og Stefán Einarsson 1945:56: „In a similar way, *v*, originally belonging to the stem, appears before all vowels of the endings: *dökk-ur* dark: *dökk(v)-an*, *dökk(v)-um*, *dökk(v)-ir*. But in the colloquial language this *v* is seldom heard.“

Yfirlit yfir beygingu wa-/wō-stofns lo. í físl.

	kk.	kvk.	hk.
nf. et.	fqlr	fql	fqlt
þf.	fqlvan	fqlva	fqlt
þgf.	fqlum	fqlri	fqlu
ef.	fqls	fqlrar	fqls
nf. ft.	fqlvir	fqlvar	fql
þf.	fqlva	fqlvar	fql
þgf.	fqlum	fqlum	fqlum
ef.	fqlra	fqlra	fqlra

Myndir án /v/ á undan /i/ eða /a/ í endingu komu upp á 14. og 15. öld, að minnsta kosti hjá lýsingarorðum þar sem rótin endaði á samhljóði. Langalgengast var samt þó að /v/ héldist.⁵⁸⁶ Fá dæmi eru um að lýsingarorð með rót, sem endaði á sérhljóði, séu án þess fyrr en á 16. öld. Björn K. Þórólfsson (1925:89–90) segir að á 17. öld verði það tíðara og að um 1700 sé beyging *wa-/wō-*stofna orðin að mestu leyti sú sama og í nísl. Björn (1925:35) telur að myndir án /v/ hafi í fyrstu aðeins tíðkast sums staðar á landinu því að t.d. í NtOG og bréfum Gissurar Einarssonar biskups (um 1512–1548, *ÍÆ* II:86) finnist það alls ekki. Í GBibl (Bandle 1956:310–311) hélst /v/ einnig nær alltaf á eftir samhljóði, t.d. ‘kløckuare’ Psalt 35,22. Aðeins eitt dæmi er þar um mynd án /v/, ‘kuiker’ Psalt 55,16. Algengara er hins vegar að /v/ falli þar brott á eftir sérhljóði. Bandle telur líklegt að hér sé um íhaldssemi í stafsetningu að ræða. Í nísl. er /v/ að mestu horfið úr beygingu lýsingarorða af þessum flokki nema í ritmáli. Valtýr Guðmundsson (1922:89 [§190]) segir t.a.m. að form eins og *dökkvan*, *örvan* (af lo. *dökkur* og *ör*) komi aðeins fyrir í skáldskap. Björn Magnússon Ólsen (1882:280) heldur því hins vegar fram að /v/ hafi ekki horfið úr beygingu allra lýsingarorða af þessum flokki heldur sé það varðveitt t.d. í *röskur* og *þröngur*.⁵⁸⁷ Ýmis dæmi eru einnig í RM um myndir með og án /v/ af lýsingarorðunum *dökkur*, *fölur*, *hár*, *klökkur*, *röskur*, *tryggur* og *þykkur* og er yfirlit yfir þessar myndir í töflu hér fyrir neðan. Af lo. *mjór* og *ör* koma aðeins fyrir dæmi án /v/ í RM.

⁵⁸⁶ Sjá Noreen 1923:295 [§430, aths. 3] og Björn K. Þórólfsson 1925:34.

⁵⁸⁷ Björn Magnússon Ólsen 1882:280: „Die Adjectivstämme auf *-va* werfen nicht durchgängig das *v* fort, wie ebenda bemerkt wird. Man sagt z. B. sehr häufig *röskvir*, *röskvar*, *röskva* etc., *þröngvir*, *þröngvar*, *þröngva* etc. und das *v* wird häufig selbst vor *u* beibehalten (*röskvum*, *þröngvum*, *röskvu*, *þröngvu*).“

/dökk-/ (6 dæmi, 19m–19s2of), t.d. *‘dökku’ (þgf. et. hk.) JHall I, 105 (19m).

/dökkv-/ (9 dæmi, 17m–19s2of), t.d.: Dockve et Dockva a Dockur. RJónGramm, 69 (17m), *‘dökkva’ (þf. et. kk.) BjGissSól, 12 (17ms18f).

/fö-/- (3 dæmi, 17ms–19s2of): *‘fölu’ (þgf. et. hk.) HPSkv II, 93 (17ms), „Eru föilir fætur mínir?“ segir hún. „Föilir svo sem grasstrá,“ segir hann. JÁÞj II, 441 (19m), *‘föllum’ (þgf. ft. kvk.) SGStAnd I, 86 (19s2of).

/fölv-/ (4 dæmi, 19ms–19s2of): *‘fölván’ GThLj I, 18 (19ms), *‘fölvá’ (þf. et. kvk.) KrJ, 34 (19ms), ‘fölvri’ (þgf. et. kvk.) Þjvu 7, 172 (19s), *‘fölvá’ (þf. et. kvk.) ÞErlRit II, 31 (19s2of).

/há-/ (23 dæmi, 16s–19s), t.d. ‘hae’ (nf. et. kk.) GÞUndirrétt L, VIv (16s), *‘háa’ (þf. ft. kk.) ÓDavVik, 258 (17. öld).

/háv-/ (11 dæmi, 16–19s), t.d. ‘haua’ (þgf. et. kk.) DI X, 242 (16. öld).

/klökk-/ (1 dæmi, 18s): ‘kløckir’ (nf. ft. kk.) KrJóhSig, XXXI (HF).

/klökkv-/ (3 dæmi, 16s–19m): ‘kløckuare’ (mst.) GuðbrÞorlBibl Sl 55, 22 (16s), ‘kløckvum’ (þgf. ft. hk.) ArngJSálm B, VIv (17f), ‘kløckvari’ (mst.) Viðbibl Sl 55, 22 (19m).

/mjó-/ (4 dæmi, 19fm–19s), t.d. *‘mjóum’ (þgf. et. kk.) SBrRs III, 75 (19fm).

/röskv-/ (5 dæmi, 16s–19s): ‘roskuer’ (nf. ft. kk.) GuðbrÞorlBibl Sk 10, 5 (16s), ‘röskva’ (þgf. et. kvk.) Ann I, 461 (17f18m), ‘röskvar’ (þf. ft. kvk.) Tyrk, 387 (17fm), ‘röskvir’ (nf. ft. kk.) JÁÞj I, 283 (19m), ‘röskvari’ (mst.) Framsókn 1896, 44 (19s).

/rösk-/ (1 dæmi, 19f): ‘röskir’ (nf. ft. kk.) GJ, 264.

/tryggur/ (3 dæmi, 17f–19m): ‘tryggva’ (þf. et. kvk.) ArngJSálm B, IIv (17f), ‘tryggva’ (þf. et. kvk.) BréfabÞorlSk, 226 (1652) (17m), ‘tryggvastian’ (þf. et. kk.) Alp 1855, 449 (19m), ‘tryggvir’ (nf. ft. kk.) Alp 1859, 1311 (19m).

/trygg-/ (1 dæmi, 19f): ‘tryggari’ (mst.) GJ, 256.

/þykk-/ (5 dæmi, 1625–19s2of): ‘þykkustu’ (est.) Safn IV, 203 (1625) (17f), ‘þykku’ (þgf. et. hk.) JÁÞj I, 435 (19m), ‘þykkán’ (þf. et. kk.) JÁÞj2 III, 39 (19m), ‘þykkasta’ (est.) JThSk I, 80 (19m), ‘þykku’ (þgf. et. hk.) ÞThFerð II, 50 (19s2of).

/þykkv-/ (9 dæmi, 17m–19m), t.d. *‘þykkvan’ (þf. et. kk.) JGuðmFjölm, 91 (17m), Sa þickue [...] á þickur. RJónGramm, 69 (17m).

/ör-/ (2 dæmi, 19f–19fm): ‘örir’ (nf. ft. kk.) MStSætt, 103 (19f), ‘öran’ (þf. et. kk.) Od, 228 (19fm).

Af sumum *wa-/wō-*stofna lýsingarorðum koma fyrir tvímyndir með og án /v/ í mst. og est. Í RM eru t.d. ýmis dæmi um myndir með /v/ og án þess af

lýsingarorðunum *dökkur* og *þykkur*: *dekk-*,⁵⁸⁸ *dökk-*⁵⁸⁹ og *dökkv-*,⁵⁹⁰ *þykk-*⁵⁹¹ og *þykkv-*.⁵⁹² Við lok 19. aldar virðast enn hafa tíðkast bæði myndir með /v/ og án þess hjá sumum lo. í mst. og est. en varla hjá öðrum, eins og t.d. *ör*.⁵⁹³

Í JStgrÆv koma fyrir eftirfarandi dæmi um lýsingarorð af þessum flokki. Á undan /a/ og /i/ helst /v/ alltaf í þessum dæmum og á undan /u/ hefur /v/ alltaf verið skotið inn nema í einu dæmi um lo. *kvikur*. Samkvæmt öðrum heimildum frá síðari öldum (sjá hér að framan) hefði frekar mátt búast við myndum án /v/ í JStgrÆv. Óljóst er hvaða ástæða er fyrir því að upprunalegt /v/ helst svona vel í þessari beygingu í JStgrÆv. Tvö dæmi eru um efsta stig af lo. *tryggur* og helst þar /v/.

/dökkur/: *dökkvum* ‘dockvum’ 88, *dökkvum* ‘döckvumm’ 212.

/klökkur/: *klökkvu* ‘klockvu’ 263.

/kvikur/: *kvikum* ‘vikumm’ 297.

/tryggur/: *tryggvasti* ‘triggvaste’ (est.) 50, *tryggvasti* ‘triggvaste’ (est.) 122, *gagntryggva* ‘gagntriggva’ 269.

/þykkur/: *þykkvir* ‘þickver’ 54, *þykkvar* ‘þikkvar’ 288, *þykkvum* ‘þikk|vum’ 288.

Yfirlit yfir beygingu wa-/wō-stofna lýsingarorða í JStgrÆv

	kk.	kvk.	hk.
nf. et.			
þf.	gagntryggva		
þgf.	dökkvum		klökkvu
ef.			
nf. ft.	þykkvir	þykkvar	
þf.			
þgf.	þykkvum, kvikum		
ef.			

breyskur

Lýsingarorðið *breyskur*, sem upprunalega var a-/ō-stofna lýsingarorð, beygist stundum í seinni tíma máli eins og wa-/wō-stofna lýsingarorð, m.a. oftast í NtOG (Jón Helgason 1929a:66), t.d. ‘þinn breyskue broder’ I Kor. 8¹¹, og í GBibl (Bandle 1956:306), t.d. ‘þeirra breyskua samuitsku’ I Cor 8,12. Í RM

⁵⁸⁸ /dekk-/ (1 dæmi, 19f): *deckri* (döckvari). BA XX, 297.

⁵⁸⁹ /dökk-/ (5 dæmi, 1858–19s), t.d. ‘dökkari’ Norðri 1858, 141 (19m).

⁵⁹⁰ /dökkv-/ (3 dæmi, 19s–19s2of): ‘dökkvari’ *Leiðvmatsv*, 7 (19s), ‘dökkvari’ *Þjuv* 4, 152 (19s), ‘dökkvara’ *JsJsRit* III, 15 (19s2of).

⁵⁹¹ /þykk-/ (6 dæmi, 17m–19s2of), t.d. ‘þickra’ *JRúgm* I, 49 (17m).

⁵⁹² /þykkv-/ (4 dæmi, 19f–19s), t.d. ‘þykkvasta’ *GJ*, 106 (19f).

⁵⁹³ Björn Magnússon Ólsen 1882:283: „Neben den Formen *glöggvari*, *glögvastur*, *örvari*, *örvastur* sind auch Formen mit weggeworfenem *v* gebräuchlich, ja die Formen *örvari*, *örvastur* sind kaum neuisländisch.“

koma bæði fyrir dæmi um gamla og nýja beygingu.⁵⁹⁴ Í mst. og est. í RM koma bæði fyrir dæmi um stofninn *breysk*-⁵⁹⁵ og *breyskv*-⁵⁹⁶.

Í JStgrÆv er eitt dæmi um þetta lýsingarorð og það fylgir upprunalegri beygingu *a-/ō*-stofna lýsingarorða: *breyskari* ‘breiskare’ 236.

3.2.4 Veik beyging lýsingarorða

Helsta breytingin á veikri beygingu lýsingarorða frá físl. hefur orðið í þgf. ft. Að fornu endaði það alltaf á *-um* en form með endingunni *-u* stungu upp kollinum á fyrri hluta 16. aldar, sbr. ‘hinum skilvisvztv monnum’ (DI X 716, 1542).⁵⁹⁷ Slík form eru algeng í NtOG (Jón Helgason 1929a:67) og telur Jón Helgason að nýju myndirnar hafi verið orðnar almennar talmálsmyndir á dögum Odds. Það er hins vegar ekki hægt að reiða sig alveg á dæmi í NtOG um gömlu beyginguna því að oft er notuð sterk beyging þar á eftir orðunum *sá, hinn* og *þessi*. Í GBibl (Bandle 1956:312) koma báðar endingarnar fyrir, t.d. ‘þeim Egíptsku’ II Mos 1,19 en ‘Medur þeim sòmum’ V Mos 33,17. Oft er þó einnig þar erfitt að greina á milli veikra og sterkra forma þar sem stundum eru notaðar þar sterkar myndir lýsingarorða á eftir greini, ábendingarfornöfnum og eignarfornöfnum. Á 17. öld hverfur gamla endingin hins vegar alveg.⁵⁹⁸

Í JStgrÆv er nýja endingin alltaf notuð, sbr. t.d. *fyrir þeim verstu og fólkskustu* ‘folskustu’ *mönnum* 151.

3.2.5 Miðstig og efsta stig lýsingarorða

Reglulegt miðstig og efsta stig lýsingarorða er myndað í íslensku með viðskeytunum *-ar-* eða *-r-* í miðstigi og *-ast-* eða *-st-* í efsta stigi. Það hvor aðferðin er notuð í stigbreytingunni hefur breyst hjá ýmsum lýsingarorðum í seinni alda máli. Einnig eru dæmi um það að lýsingarorð, sem upprunalega höfðu óreglulega stigbreytingu, eins og t.d. *vondur*, hafi tekið upp reglulega stigbreytingu í seinni alda máli, a.m.k. til hliðar við upprunalega beygingu.⁵⁹⁹ Í GBibl (Bandle 1956:323–328) er stigbreyting sumra lýsingarorða frábrugðin bæði físl. og nísl., t.d. mst. *hreinari, beinari* (físl./nísl. *hreinmi, beinni*).⁶⁰⁰ Yfir-

⁵⁹⁴ Nokkur dæmi eru um þessa nýju beygingu í RM, t.d. ‘breyskuann’ (þf. et. kk.) GAndrDeil, 51 (17m), en einnig um gömlu beyginguna (11 dæmi, 17m–19s2of), t.d. *‘breyskum’ (þgf. ft. hk.) SigJónssHugvPs G, IIr (17m).

⁵⁹⁵ /breysk-/ (13 dæmi, 17m–19s2of), t.d. ‘Breyskre’ Bps AII 8, 205 (1645).

⁵⁹⁶ /breyskv-/ (2 dæmi, 16m): ‘breyskuazter’ OGottNýjat 1Kor 12, 22 (16m), ‘breyskuara’ OGottNýjat 1Pt 3, 7 (16m).

⁵⁹⁷ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:35, 90.

⁵⁹⁸ Sjá Bandle 1956:312.

⁵⁹⁹ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:38. Sbr. t.d. mst. *vondari* í Krókarefs rímum (IV. ríma, 20. er.)

⁶⁰⁰ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:101 [§206, 4] og Stefán Einarsson 1945:58–59.

leitt eru fleiri afbrigði í stigbreytingu lýsingarorða í GBibl (Bandle 1956:320) en í fisl. Af allmörgum lýsingarorðum koma fyrir tvímyndir í mst. og est. í seinni alda máli, t.d. *djúpur*, mst. *dýpri/djúpari*, est. *dýpstur/djúpastur*.⁶⁰¹

Í JStgrÆv koma fyrir eftirfarandi dæmi um lýsingarorð sem heimildir eru um að hafi haft tvímyndir í miðstigi og efsta stigi í seinni alda máli:

- /austari/: mst. *austari* 'austare' 181, *yfir austara* 'austara' part 200.
est. *austast* 'austast' 87.
- /djúpur/: est. *djúpustu* 'diupustu' 265.
- /dýr/: est. *dýrasta* 'dyrasta' 191.
- /fagur/: mst. *fegri* 'fegre' 139, *fegri* 'fegre' 325.
est. *fegurstur* 'fegurstur' 62, *fegurstur* 'fegurstur' 145, *fegurstu* 'fegurstu' 322.
- /fjarlægur/: mst. *fjarlæggra* 'fiar|læggra' 6.
- /framur/: mst. *fremri* 'frem|re' 116.
est. *fremst* 'fremst' 2, *fremstur* 'fremstur' 55, *fremst* 'fremst' 140, *fremsta* 'fremsta' 305.
- /hægur/: mst. *hægra* 'hægra' 162.
est. *hægustu* 'hægustu' 304.
- /kær/: mst. *kærari* 'kiærare' 198.
est. *kærast* 'kiær|ast' 214.
- /þægur/: mst. *þægari* 'þæg|are' 305.
est. *þægasta* 'þægasta' 292, *þægast* 'þægast' 308.

Þessar myndir eru að mestu leyti þær sömu og eru algengastar í nísl. Undan-
tekningar eru myndirnar *austari* og *djúpasti* þar sem yfirleitt er sagt *eystri* og
dýpsti í nútímamáli og mst. *fegri* og *hægri* þar sem *fegurri* og *hægari* eru líklega
algengari myndir í nísl. Hljóðvarpslausar myndir eins og *djúpari* koma m.a.
fyrir í GBibl (Bandle 1956:325), t.d. 'diupare' Syr 24,39, og Valtýr Guðmunds-
son (1922:101 [§206, b]) nefnir að mst. af *djúpur* sé annaðhvort *dýpri* eða
djúpari og est. *dýpstur* eða *djúpastur*.

Miðstigsendingin -i

Miðstigsendingin *-i* var upphaflega aðeins í nf. et. kk., öllum myndum kvk.
et. og nf./þf. ft. kvk. af lýsingarorðum en síðar dreifðist hún til annarra

⁶⁰¹ Samkvæmt Valtý Guðmundssyni (1922:100–101 [§206, b]) voru eftirfarandi lýsingarorð með víxlmyndir í stigbreytingu á f.hl. 20. aldar: *auðugur*, *digur*, *djúpur*, *dýr*, *dökkur*, *fagur*, *framur*, *frægur*, *förull*, *göfugur*, *hægur*, *kær*, *magur*, *máttugur*, *skær*, *vesall/vesall*, *þykkur*, *þægur*, *þögull*, *öflugur*.

mynda. Dæmi eru um *-i* í þgf. ft. í staðinn fyrir *-um* frá síðari helmingi 14. aldar og í aukaföllum karlkyns eintölu í elstu rímum.⁶⁰² Nokkur dæmi eru um *-i* í þessum föllum í GBibl (Bandle 1956:321), t.d. ‘þeir minne hattar’ Spek 6,7, en gömul form eru þó ráðandi, t.d. ‘þeim hægra Boognum’ III Mos 9,21. Upprunaleg beyging hélst að mestu út alla 16. öld.⁶⁰³ Hana er einnig að finna enn þá á 18. öld í þýðingu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík á Nikulási Klím (Jón Helgason 1948:304), líklega fyrir áhrif málhreinsunar. Leifar gömlu beygingarinnar er að finna í nisl. í þgf. ft. af *fleiri*, sem er bæði *fleirum* og *fleiri*,⁶⁰⁴ í örnefni *Borgarfjörður eystri* (þf. *Borgarfjörð eystra*) og nokkrum föstum orðasamböndum eins og *á hægra fæti*.⁶⁰⁵ Orðmyndina *fleirum* er eingöngu hægt að nota sérstæða, t.d. *Hann kom ásamt fleirum*, og hún kemur ekki fyrir hliðstæð.

Í JStgrÆv eru allmörg dæmi um gömlu endinguna *fleirum*: *fleirum* ‘fleirum’ 16, *fleirum* ‘fleirum’ 17, *fleirum* ‘fleirumm’ 41, *fleirum* ‘fleirumm’ 44, *fleirum* ‘fleirumm’ 81, *fleirum* ‘fleirum’ 91, *fleirum* ‘fleirum’ 103, *fleirum* ‘fleirumm’ 130, *fleirum* ‘fleirumm’ 130, *fleirum* ‘fleir|umm’ 135, *fleirum* ‘fleirumm’ 139, *fleirum* ‘fleirum’ 140, *fleirum* ‘fleirum’ 150, *fleirum* ‘fleirum’ 166, *fleirum* ‘fleirum’ 208, *fleirum* ‘fleirum’ 212, *fleirum* ‘fleirum’ 213, *fleirum* ‘fleirrum’ 228, *fleirum* ‘fleirrum’ 236, *fleirum* ‘fleirum’ 238, *fleirum* ‘fleirum’ 247, *fleirum* ‘fleirum’ 266, *fleirum* ‘fleirum’ 267, *fleirum* ‘fleirumm’ 281, *fleirum* ‘fleirrum’ 288, *fleirum* ‘fleirum’ 295, *fleirum* ‘fleijrumm’ 300, *fleirum* ‘fleirrum’ 323, *fleirum* ‘fleirum’ 323, *fleirum* ‘fleijrum’ 323, *fleirum* ‘fleijrumm’ 331, *fleirum* ‘fleyrum’ 343. Orðmyndin *fleirum* kemur þarna bæði fyrir hliðstæð, t.d. og *svo að fleirum aðdráttum* 228, og sérstæð, t.d. *Eg tók þeim og fleirum þar blóð* 236.

Nokkur dæmi eru hins vegar einnig um *-i* í þessu falli í JStgrÆv: *fleiri* ‘fleire’ *storkunarorðum* 92, *fleiri* ‘fleire’ *upplognum sakargiftum* 210, *fleiri* ‘fleire’ *fortölum* 228. Það eru því vísbendingar um að gamla beygingin sé á fallanda fæti í JStgrÆv.

⁶⁰² Sjá Noreen 1923:298 [§435, aths. 1], Björn K. Þórólfsson 1925:36 og Konráð Gíslason 1897:179.

⁶⁰³ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:91. Jón Helgason (1929a:70) segir þetta um ástandið í NtOG: „Miðstig er venjulega beygt á sama hátt sem að fornu. Acc. og dat. sg. m. endar jafnan á -a.“

⁶⁰⁴ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:102 [§209, aths.].

⁶⁰⁵ Sjá Margréti Jónsdóttur 2007.

3.3 Töluorð

Þágufall karlkyn af tveir, þrír

Töluorðin *tveir* og *þrír* hafa í þgf. kk. í físl. formin *tveim* (algengast)/*tveimr* og *þrim*/*þrimr*.⁶⁰⁶ Bæði beygingarafbrigðin hafa síðan verið notuð alla tíð í málinu. Í GBibl (Bandle 1956:331) eru formin *tveimur* og *þremur* algengust en hin koma einnig fyrir. Hjá Valtý Guðmundssyni (1922:106 [§217]) eru *tveimur* og *þremur* gefin upp sem aðalform.

Í JStgrÆv koma bæði fyrir dæmi um myndir með *-ur* í þgf. kk. og án þess af töluorðunum *tveir* og *þrír* og eru myndir með *-ur* algengari en hinar:

/tveim/: *Tveim* ‘tveim’ 111, *tveim* ‘tveim’ 331, *tveim* ‘tveim’ 343.

/tveimur/: *tveimur* ‘tveimur’ 76, *tveimur* ‘tveimur’ 96, *tveimur* ‘tveimur’ 124, *tveimur* ‘tveimur’ 156, *tveimur* ‘tveimur’ 177, *tveimur* ‘tveimur’ 196, *tveimur* ‘tveimur’ 200, *tveimur* ‘tveimur’ 237, *tveimur* ‘tveimur’ 273, *tveimur* ‘tveimur’ 304, *tveimur* ‘tveimur’ 310, *tveimur* ‘tveimur’ 321.

/þrem/: *þrem* ‘þrem’ 110.

/þremur/: *þremur* ‘þremur’ 57, *þremur* ‘þremur’ 80, *þremur* ‘þremur’ 137, *þremur* ‘þremur’ 216, *þremur* ‘þremur’ 288.

⁶⁰⁶ Sjá Noreen 1923:304 [§445, aths. 1] og 305 [§447].

3.4 Fornöfn

3.4.1 Persónufornöfn

1. pfn. et.

Í físl. var fyrstu persónu fornafnið með stuttu sérhljóði ([e]), *ek*, síðar *eg*. Á f.hl. 16. aldar komu hins vegar upp myndir með hljóðasambandinu *je* [jɛ:], þ.e. *ég* ([jɛ:ɣ]).⁶⁰⁷ Í GBibl (Bandle 1956:345) er 1. pfn. oftast *eg* en einnig koma fyrir dæmi um *ég*. Gamla myndin hefur þó lifað lengi í málinu, a.m.k. í ritmáli, og nota hana sumir jafnvel enn. Björn K. Þórólfsson (1925:96) telur líklegt að ástæðan fyrir því að þessi nýja mynd kom upp hafi verið sú að á undan þessu fornafni fari oft sagnmyndir sem enda á *-i* sem hafi færst yfir á fornafnið. Þetta sé svipað ferli og þegar annarrar persónu fornafnið *ér* varð *þér*. Fjallað er nánar um þessa breytingu í undirkafla 2.1.2.

Þetta fornafn kemur samtals fyrir um 2700 sinnum í JStgrÆv og er upprunalega formið 'eg' miklu algengara en hitt, t.d. *eg* 'eg' 1, *eg* 'eg' 1, *eg* 'eg' 1, *eg* 'eg' 1, *eg* 'eg' 2, *eg* 'eg' 2, *eg* 'eg' 2, *eg* 'eg' 2, *eg* 'eg' 2, *Eg* 'eg' 2, *eg* 'eg' 2, *eg* 'eg' 3, *eg* 'eg' 3, *eg* 'eg' 4, *eg* 'eg' 4, *eg* 'eg' 4, *eg* 'eg' 4, *eg* 'eg' 4, *eg* 'eg' 4, *eg* 'eg' 6, *eg* 'eg' 6, *eg* 'eg' 6, *eg* 'eg' 6 o.s.frv.

Dæmi um *ég* eru færri í JStgrÆv en þó eru allnokkur, t.d. *ég* 'jeg' 2, *ég* 'jeg' 2, *Ég* 'Jeg' 3, *Ég* 'Jeg' 16, *ég* 'jeg' 19, *ég* 'jeg' 40, *Ég* 'Jeg' 70 o.s.frv. Þetta afbrigði fornafnsins kemur oft fyrir í upphafi setningar, t.d. *Eg* 'Jeg' *segi fram söguna rétta* 70.

Of tímafrekt reyndist að fara yfir hvert einasta dæmi um þetta fornafn í eiginhandritinu og því hef ég samræmt það alls staðar sem *eg* í uppskriftinni.

2. pfn. et.

Annarrar persónu fornafnið *þú* rennur oft saman við undanfarandi sögn í físl. og nísl., t.d. *farðu* < *far þú*.⁶⁰⁸ Í GBibl (Bandle 1956:346) rennur það sérstaklega oft saman við sterkar sagnir í boðhætti, t.d. 'hliopstu' Jerem 2,17.

Í JStgrÆv er slíkur samruni algengur og koma þar fyrir eftirfarandi dæmi um hann:

/-tu/: *muntu* 'mun|tu' 26, *kanntu* 'kantu' 35, *muntu* 'muntu' 57, *Ertu* 'ertu' 63, *skaltu* 'skalltu' 69, *ertu* 'ertu' 76, *Manstu* 'manstu' 77, *skaltu* 'skalltu' 83, *þarftu* 'þarftu' 84, *máttu* 'mattu' 88, *Taktu* 'taktu' 93, *láttu* 'lattu' 95, *Vertu* 'vertu' 98, *taktu* 'taktu' 98, *óttastu* 'ottastu' 98, *muntu* 'muntu' 106, *varastu* 'varastu' 117, *Varastu* 'varastu' 117, *manstu* 'manstu' 121, *varstu* 'varstu' 121, *ertu* 'ertu' 122, *ríttu* 'ridtu' 128, *Viltu* 'villtu' 138, *máttu* 'mattu' 141, *vertu* 'vertu' 159, *Óttastu* 'ottastu' 163, *skaltu* 'skalltu' 165, *vertu* 'vertu' 176, *muntu* 'muntu' 176, *ertu* 'ertu' 201, *skaltu* 'skalltu' 201, *skaltu* 'skalltu' 213, *skaltu* 'skalltu' 214, *skaltu*

⁶⁰⁷ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:96.

⁶⁰⁸ Sjá Noreen 1923:311 [§465, 2] og Stefán Einarsson 1945:28–29.

'skalltu' 241, *skaltu* 'skalltu' 245, *ertu* 'ertu' 264, *látu* 'lattu' 264, *máttu* 'mattu' 264, *minnstu* 'mynstu' 265, *Gráttu* 'grattu' 270, *vertu* 'vertu' 272, *muntu* 'muntu' 280, *áttu* 'attu' 291, *kanntu* 'kantu' 300, *minnstu* 'minstu' 302, *skaltu* 'skalltu' 310, *sértu* 'siertu' 315, *máttu* 'mattu' 315, *varastu* 'varastu' 322, *kanntu* 'kantu' 322, *Haltu* 'halltu' 341, *vertu* 'vertu' 344.

/-du/: *Komdu* 'komdu' 124, *komdu* 'kondu' 124, *Reyndu* 'reindu' 128, *kenndu* 'kiendu' 321.

/-ðu/: *Snúðu* 'snudu' 55, *Leggðu* 'legdu' 106, *Hafðu* 'hafdu' 116, *Sjáðu* 'siadu' 128, *Sjáðu* 'siadu' 135, *Farðu* 'fardu' 228, *Gjörðu* 'giórdu' 246, *leggðu* 'legdu' 265, *Gefðu* 'giefdu' 308, *Farðu* 'fardu' 319, *Ljúgðu* 'liugdu' 341, *Farðu* 'fardu' 342.

3. pfn. et.

Í seinni tíma máli koma fyrir tvímyndir í þgf. et. af persónufornafninu *hann*, þ.e. *honum* og *hönum*. Í GBibl (Bandle 1956:349) er oftast ritað 'honum' en 'hönum' kemur einnig fyrir. Bandle telur að *hönum* hafi verið algengari mynd en *honum* á 17., 18. og fram á 19. öld.⁶⁰⁹ Til vitnis um það má einnig nefna að í Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar (Jón Helgason 1960b:24) frá 1665 er þetta form ætíð skrifað 'hönum' eða 'hónum'. Í ýmsum kvæðum frá 17. öld er þessa mynd einnig að finna.⁶¹⁰ Á s.hl. 19. aldar var myndin *hönum* enn þá til í talmáli.⁶¹¹

Líklegt er að myndin *hönum* hafi komið upp vegna áhrifsbreytingar. Eðlilegt hafi þótt að hafa hin algengu beygingarvíxl *a/ö* (sbr. *barn/börnum*) í staðinn fyrir víxlin *a/o* þar sem þau eru mjög algeng í nisl. en hin ekki.

Í JStgrÆv koma bæði fyrir dæmi um að þgf. et. af þessu fornafni sé táknað með táknum sem standa fyrir *hönum* og *honum*. Hugsanlegt er að sum dæmin sem túlkuð eru hér sem dæmi um *honum* eigi að tákna *hönum*. Ástæðan er sú að sérhljóðatáknið 'o' getur einnig stundum táknað /ö/ þótt yfirleitt tákni það /o/ (sjá undirkafla 1.4.1). Nokkur dæmi:

/hönum/: *hönum* 'hónum' 9, *hönum* 'hónumm' 13, *hönum* 'hónumm' 13, *hönum* 'hónum' 13, *hönum* 'hónumm' 15, *hönum* 'hónum' 15, *hönum* 'hónum' 18,

⁶⁰⁹ Sjá einnig Björn K. Þórólfsson 1925:98 og Jón Helgason 1948:305.

⁶¹⁰ Í Hrólfs rímum kraka eftir séra Eirík Hallsson (f. 1614) kemur fyrir rímið *sonum* : *honum* á tveimur stöðum (I. ríma, 49. er, X. ríma 43. er.). Í Ambáles rímum er einu sinni rímað saman *hönum* : *vönum* (IX. ríma, 66. er.) en hins vegar einnig *vonum* : *honum* (XIII. ríma, 59. er.). Steinunn Finnsdóttir (f. 1641) hefur *honum* : *vonum* í Hyndlu rímum (V. ríma, 65. er.) og Páll Vídalín rímar saman *honum* : *vonum* (Vísnav., 168). Dæmin eru frá Svavari Sigmundssyni 1966:47.

⁶¹¹ Sjá Jón Þorkelsson 1874:11.

hönum ‘hónum’ 20, *hönum* ‘hónumm’ 21, *hönum* ‘hónum’ 21, *hönum* ‘hónum’ 22, *hönum* ‘hónum’ 23, *hönum* ‘hónum’ 23, *hönum* ‘hønumm’ 298 o.s.frv.

/honum/: *honum* ‘honum’ 3, *honum* ‘honummm’ 4, *honum* ‘honummm’ 8, *honum* ‘honum’ 17, *honum* ‘honum’ 21, *honum* ‘honum’ 22, *honum* ‘honum’ 22, *honum* ‘honum’ 22, *honum* ‘honum’ 23, *honum* ‘honum’ 24, *honum* ‘honummm’ 24, *honum* ‘honum’ 27 o.s.frv.

Reynt er að greina á milli þessara mynda í uppskrift JStgrÆv.

1./2./3. pfn. ft.

Í forníslensku voru þrjá tölur í persónufornöfnum og eignarfornöfnum og lifði þetta kerfi fram eftir öldum (sjá töflu). Eintala er notuð í físl. um einn, annaðhvort um sjálfan sig (*ég*) eða einhvern sem er ávarpaður (*þú*). Tvítalan var notuð um tvo, annaðhvort einn sem talar um sig og einn annan (*við*) eða þegar tveir eru ávarpaðir (*þið*). Fleirtalan var notuð um fleiri en tvo, annaðhvort einn sem talar um sig og tvo eða fleiri aðra (*vér*) eða þrjá eða fleiri sem eru ávarpaðir (*þér*).⁶¹²

físl.

Persónufornöfn	eintala	tvítala	fleirtala
nf.	ek, þú	vit, it/þit	vér, ér/þér
þf.	mik, þik	okkr, ykkur	oss, yðr
þgf.	mér, þér	okkr, ykkur	oss, yðr
ef.	mín, þín	okkar, ykkar	vár, yðar

Tvítala kemur fyrir í mörgum indóevrópskum málum, t.d. sanskrít, en ekki öðrum, eins og t.d. latínu. Deilt er um hvort tvítalan hafi verið til í indóevrópska frummálinu eða hvort hún er sérþróun í dótturmálunum.⁶¹³ Í ýmsum germönskum málum er tvítala. Í gotnesku er hún í persónufornöfnum og eignarfornöfnum auk þess sem leifar hennar eru í sagnbeygingunni. Í vesturgermönskum málum eru leifar tvítölunnar í fyrstu og annarri persónu fornafna en hún virðist hafa horfið fljótt í þessum málum, t.a.m. í miðensku um 1250. Í flestum norrænum málum eru dæmi um tvítölu í persónu- og eignarfornöfnum

⁶¹² Sjá Helga Guðmundsson 1972:14.

⁶¹³ Sjá Helga Guðmundsson 1972:9–11.

í elsta máli.⁶¹⁴ Í norsku er talið að tvítalan hafi horfið á 13. öld eða um 1300.⁶¹⁵ Í færeysku á hún að hafa lifað í sumum mállýskum fram á 19. öld.⁶¹⁶

Í nútímaíslensku er forn aðgreining tvítölu og fleirtölu horfin og gömlu tvítöluformöfnin eru orðin fleirtöluformöfn. Helgi Guðmundsson (1972:59), sem mest hefur rannsakað sögu tvítölu í íslensku, segir að í forníslensku komi örsjaldan fyrir að tvítalan sé notuð í stað fleirtölu. Elsta dæmið, sem hann fann um slíkt, er í Möðruvallabók frá miðri 14. öld (c1330–1370, sbr. Stefán Karlsson 1967:28). Helgi nefnir einnig þrjú önnur dæmi um slíka notkun frá 14. öld. Hann telur sennilegast að þessi dæmi séu skrifaravillur. Hins vegar eru allmörg dæmi, allt frá elstu textum og fram eftir öldum, um að fleirtala sé notuð í stað tvítölu og telur hann að þetta hafi í raun verið þéranir. Helgi (1972:51–52) segir að hægt hafi verið að þera tvo eins og einn og styður þá kenningu sína sannfærandi rökum. Jón Helgason (1929a:120–121) benti á að í NtOG væru fleirtölumyndir stundum notaðar í stað tvítölu. Í NtOG eru 31 dæmi um tvítölu en 56 um fleirtölu í slíkri stöðu en í GBibl 64 dæmi á móti 24.⁶¹⁷ Flest eru þessi dæmi hjá Oddi og Guðbrandi í annarri persónu og passar það vel við að þéranir eru algengari en véranir. Slíkar þéranir í stað tvítölu virðast því hafa tíðkast alla tíð þar til tvítalan hvarf sem sérstök formdeild.

Þrátt fyrir þessar undantekningar, sem nefndar hafa verið hér að framan, hélst samt í meginráttum hið forna þriggja talna kerfi í persónu- og eignarformöfnum fram á 17. öld en þá hætti tvítalan smátt og smátt að vera til sem sérstök formdeild. Þessi breyting var allengi að ganga yfir og líklegt er að tvítala og fleirtala hafi haldist aðskildar allt fram á 18. öld.⁶¹⁸ Helgi Guðmundsson (1972:69–92) rannsakaði ýtarlega sögu þessara breytinga í ýmsum textum frá tímabilinu 1525 til 1733. Tvítölumyndir í stað fleirtölumynda virðast fyrst hafa komið upp í nefnifalli fyrstu og annarrar persónu.⁶¹⁹ Helgi telur ljóst að breytingin hafi hafist fyrr í annarrar persónu formöfnum og segir hugsanlegt að það hafi gerst um hálfri öld á undan breytingunni í fyrstu

⁶¹⁴ Sjá Helga Guðmundsson 1972:11–13.

⁶¹⁵ Sjá Seip 1955:195, 318 og 1956:12–13.

⁶¹⁶ Sjá Hammershaimb 1891 (1):xxix.

⁶¹⁷ Sjá Helga Guðmundsson 1972:61–62.

⁶¹⁸ Björn K. Þórólfsson 1925:97: „Hin forna greining tvítölu og fleirtölu hefur líklega ekki alveg horfið úr mæltu máli fyr en á 18. öld.“ Stefán Karlsson (1989:23) var á svipaðri skoðun: „Enda þótt finna megji stök dæmi um frávík frá elstu notkun á öldunum á undan er þó að mestu greint á milli tvítölu og fleirtölu fram á 17. öld og sums staðar fram á 18. öld en síðan hafa gömlu tvítölumyndirnar verið að heita má einráðar bæði um það sem tvennt er og fleira en gömlu fleirtölumyndirnar að mestu notaðar í embættisnafni (1. pers.) og í þéringum (2. pers.).“

⁶¹⁹ Sjá Helga Guðmundsson 1972:78–80, 91.

persónu.⁶²⁰ Beygingarmyndir gömlu tvítölumyndanna (*við* o.s.frv.) hurfu hins vegar ekki við hvarf formdeildarinnar heldur urðu þær fleirtölumyndir. Gömlu fleirtölumyndirnar (*vér* o.s.frv.) voru á endanum hins vegar aðeins nothæfar í þérunum. Í þýðingum Biblíunnar hefur þó verið hefð fyrir því að greina á milli tvítölu og fleirtölu, m.a. í Sálmunum, og er slíka aðgreiningu enn að finna í nýjustu þýðingu Biblíunnar (*Biblían* 2007).⁶²¹

Dæmi um breytinguna í annarri persónu eru of fá til að hægt sé að fullyrða nokkuð um hvort hún hafi gerst síðar í sumum hlutum landsins en öðrum en dæmi um breytinguna í fyrstu persónu eru miklu fleiri og frekar hægt að draga ályktanir af þeim um mállýskumun í þessu sambandi. Helgi Guðmundsson (1972:84–87) telur að breytingin hafi hafist á Suðurlandi hjá þeim sem fæddir voru um 1600, hjá þeim sem fæddir voru um miðja öldina á Norð-Austurlandi en á Vestfjörðum ekki fyrr en hjá þeim sem fæddir voru um 1690.⁶²²

Helgi Guðmundsson (1972:97–99) telur að ein af meginástæðunum fyrir hvarfi tvítölnnar sé áhrif frá þérunum. Gamla fleirtalan var notuð í öllum persónum í þérunum (jafnvel í stað tvítölu, sbr. umfjöllun hér að framan) og telur Helgi að það hafi veikt hið forna þriggja talna kerfi.⁶²³ Þéranir koma fyrir þegar í dróttkvæðum en Helgi (1972:98) segir að notkun þeirra hafi aukist mjög á 17. öld og að tvítalan hafi fyrst horfið í annarri persónu um svipað leyti. Telur hann að þetta tvennt hljóti að tengjast, aukin notkun þérana hafi leitt til þess að tvítalan hafi horfið sem sérstök formdeild.

Í JStgrÆv koma bæði fyrir dæmi um myndirnar *við* og *vér*. Fróðlegt er athuga hvernig þau eru notuð og hvort leifar fornrar aðgreiningar finnast.

1. p. pfn. ft.

Fleirtölumerking *við*:

við 14, *við* („4ir drykkjurútarar“) 14, *við* („Vorum við nú börn hans eftir 4 á lífi“) 19, *við* 20, *við* 22, *við* 22, *við* („við börnin“) 22; *okkur* 23, *við* 28, *við* 28, *við* 28, *við* 28, *okkur* („Eitt sinn tókum við fyrir okkur allir, bræðurnir þrír“) 28,

⁶²⁰ Helgi Guðmundsson 1972:82–83: „The cumulative evidence of these examples shows that the disappearance of the dual started in the 2nd person.“

⁶²¹ Guðrún Kvaran (2008:26–29) gerir grein fyrir sögu þess hvers vegna haldið var í forna aðgreiningu þriggja talna í fornöfnum í sumum tegundum texta í nýjustu þýðingu Biblíunnar (*Biblían* 2007). Sjá einnig Karl Sigurbjörnsson (2005) um notkun tvítölumynda í þýðingu Nýja testamentisins.

⁶²² Í þýðingu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík (1705–1779), sem var frá Vestfjörðum, á Nikulási Klím um miðja 18. öld er yfirleitt greint rétt á milli gamallar tvítölu og fleirtölu (Jón Helgason 1948:305) en mál Jóns var fornlegt að mörgu leyti.

⁶²³ Helgi Guðmundsson 1972:97: „What is remarkable at this stage is that the *c* pronouns [p.e. fleirtölufornöfnin] are used or may be used in all numbers, and accordingly have a remarkably wide and ill-defined meaning.“

við 55, við 55, við („við skólapiltar, 13 að tölu“) 55, *við 59, við 59, Við 59, við 59, við 60, við 60, við 60, við 61, við 62, við 64, við 69, við 71, við 79* o.s.frv.

Tvítölumerking *við*:

Okkur 9, við („Ef við herra Steinn [...]“) 16, *við 18, okkur 18, við 18, við 18, við 18, við 18, við 18, við 18, við* („[...] gjörum við [Jón og Guðfinna] okkur“) 19, *við 50, við* („Urðum við á ný | kunnug“) 51, *við* („Nær við finnstum segi eg honum frá þessu“) 57, *við 68, við* („skrifuðunst við á“) 73, *Við* („Við síra Guðmundur“) 74, *við* („Við Bótólfur“) 74, *við* („Þá við húsmóðurin“ 90) o.s.frv.

Fleirtölumerking *vér*:

vér („Þann signaða dag vér sjáum nú enn“) 6, *oss 14, oss 14, oss 35, oss 45, oss 45, oss 48, oss 56, Oss 57, oss 58, oss 59, oss 59, Oss 59, oss 59, oss 59, oss 60, Oss 60, oss 60, oss 60, oss* („klifruðunst upp fjórir“) 60, *oss 63, vor 84, vér* („Ó, vér syndum setnir með sárlegt glæpastrið“ (kvæði)) 84, *oss 93, oss 96, oss 97, oss 105, vor 187, vor 195, oss 202, vor 202, vér 202, vér* („Litla stund líðum vér litla armæðu hér“) 264, *vér* („áður en vér nokkrir erum“) 274, *vor 272* (kvæði), *vor 318, vér* („Hvað tölum vér í móti þér“) 324, *vér 324, vér 324, vor 329, vér 333, vor 339, vor 344* (kvæði), *Vor 344*.

Tvítölumerking *vér*:

oss 18, oss 67, vor 79, vor („beggja vor þörf“) 95, *oss 99, oss 109, oss 109, oss 110, vor 184, vor 280* o.s.frv.

2. p. pfn. ft.

Upphaflegt tvítölufornafn í annarri persónu tvítölu, *þið*, er bæði notað í tvítölu- og fleirtölumerkingu. Hér eru nokkur dæmi:

Tvítölumerking *þið*:

þið („þá sváfu fyrirvinnan og vinnumaðurinn“) 22, *ykkur 134, þið 134* o.s.frv.

Fleirtölumerking *þið*:

þið 1, þið 2, þið 2, þið 2, þið 63, þið 71, ykkur 139 o.s.frv.

Upphaflega annarrar persónu fornaðnið í fleirtölu, *þér*, kemur alloft fyrir í JStgÆv en alltaf annaðhvort í fleirtölumerkingu (og þá yfirleitt í tilvitnunum í kvæði eða Biblíuna) eða notað sem þérun.

Fleirtölumerking þér:

yður (í þýðingu á kvæði) 44, *yður* (í þýðingu á kvæði) 45, *yður* (texti úr Biblíunni) 142, *yður* 154, *yður* 204, *yður* 221, *yður* 221, *yður* 221, *yður* 221, *yður* 221, *Þér* (texti úr Biblíunni) 324, *þér* (texti úr Biblíunni) 324, *þér* (texti úr Biblíunni) 324, *Þér* (texti úr Biblíunni) 324, *þér* (texti úr Biblíunni) 324, *þér* 335.

Þérun:

þér 37, *Þér* 37, *yður* („[...] þá bið eg yður að fræða mig“) 70, *Þér* 95, *þér* 95, *yður* 123, *Þér* 130, *yður* 130, *þér* 138, *Þér* 138, *yður* 138, *þér* 140, *þér* 150, *Þér* 183, *Þér* 215, *þér* 221, *þér* 228, *yður* 234, *yður* 236, *Þér* 264, *þér* 300.

Greinilegt er á þessum dæmum og fleirum að forn aðgreining tvítölu og fleirtölu er ekki lengur til staðar í JStgrÆv.

3.4.2 Eignarfornöfn

Físl. eignarfornöfnin *okkarr*, *ykkarr* og *yð(v)arr* fara að víkja fyrir eignarfallsmyndum persónufornafna á 15. öld en fá dæmi eru þó um slíkt fyrir 1500.⁶²⁴ NtOG og GBibl (Bandle 1956:349) eru á umbreytingaskeiði hvað þetta varðar og þar koma bæði fyrir gömlu eignarfornöfnin og eignarföll af pfn.⁶²⁵ Um 1600 eru gömlu eignarfornöfnin horfin að mestu.⁶²⁶ Einstaka myndir hafa þó e.t.v. verið notaðar allt fram á 17. öld (sérstaklega þf. et. kk. af *ykkarr* og nf. et. hk. af *yð(v)arr*).⁶²⁷ Ýmsar ástæður voru fyrir hvarfi þessara eignarfornafna.⁶²⁸ Til að mynda varð sú hljóðbreyting að /rr/ styttist í bakstöðu á eftir löngu áherslusérhljóði og í tvíkvæðum orðum á eftir áherslulausu sérhljóði. Þetta leiddi til þess að nf. et. kk. af þessum eignarfornöfnum féll saman við eignarfallsmyndir persónufornafnanna. Í nf. et. kvk. urðu myndirnar *okkur*, *ykkur*, *yður* → *okkar*, *ykkar*, *yð(v)ar*, m.a. fyrir áhrifum frá fn. og lo. sem höfðu sömu mynd í nf. et. kk. og kvk., t.d. *nokkur*. Eftir að nf. et. kvk. hafði breyst þá breyttist fljótlega einnig nf./þf. ft. hk. þar sem þau föll eru yfirleitt eins og nf. et. kvk., t.d. *nokkur*. Ekki er alveg ljóst hvenær sumar

⁶²⁴ Um þróunina sjá Björn K. Þórólfsson 1925:45 og sérstaklega Katrínu Axelsdóttur 2002.

⁶²⁵ Jón Helgason 1929a:77 [§119]: „Eignarfornöfnin ‘okkar(r)’, ‘ykkar(r)’, ‘yð(v)ar(r)’, eru alveg liðin undir lok í nom. sg. fem. og nom. acc. pl. neutr., eða að minsta kosti koma þær myndir aldrei fyrir í NT. Að öðru leyti virðast þessi fornöfn halda sjer fullkomlega.“

⁶²⁶ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:100.

⁶²⁷ Björn K. Þórólfsson (1925:100) segir að þessi form séu vafalaust horfin úr talmáli um miðja 17. öld. Runólfur Jónsson hafi þau að vísu í málfræði sinni „[...] en það sem hann segir um beygingu þeirra, er því líkast sem hann hafi þau að eins úr bókum“.

⁶²⁸ Sjá ýtarlegt yfirlit yfir þróun þessara eignarfornafna og ástæður fyrir hvarfi þeirra hjá Katrínu Axelsdóttur 2002.

myndir eignarfornafnanna hurfu en þó er talið að þf. et. kk. og ef. et. kk. og hk. hafi horfið seint og að allra síðast hafi nf./þf. et. hk. horfið.

Í JStgrÆv eru engin dæmi um beygð efn. og er það eins og við er að búast á 18. öld. Hér eru nokkur dæmi í JStgrÆv um eignarfall pfn. í stöðu eignarfornafns:

/ykk-/: *heitu hjarta ykkar* (þgf. et. hk.) 2, *með foreldrum ykkar* (þgf. ft. kk.) 168, *hér með í ykkar hjörtum* (þgf. ft. hk.) 13, *hræðist ei ykkar hótyrði* (þf. ft. hk.) 183 o.s.frv.

/yð-/: *þér sjáið nú móður yðar* (þf. et. kvk.) *berandi sorgartrés kransa* 44, *öngvu móti yðar tilmælum* (þgf. ft. hk.) 234, *þó þiggja yðar ráð* (þf. ft. hk.) 228, *sálum yðar* (þgf. ft. kvk.) 302 o.s.frv.

3.4.3 Ábendingarfornöfn

sjá/þessi

Upphaflegt form nf. et. kk. af þessu áfn. var *sjá* í físl. en hliðarmyndin *þessi* þekktist þar þó einnig.⁶²⁹ Hún leysti síðan *sjá* hægt og hægt af hólmi og var myndin *sjá* orðin sjaldgæf á 15. öld.⁶³⁰ Tvö dæmi eru um hana í NtOG (Jón Helgason 1929a:79), ‘Sia madr suaradi og sagdi þeim’ Jóh. 9³⁰, ‘full eflandi þat at sia væri krístr’ Post. 9²² en annars er myndin *þessi* notuð. Í GBibl (Bandle 1956:353) hefur þessum dæmum verið breytt í *sá* og *sjá* kemur ekki fyrir. Valtýr Guðmundsson (1922:113 [§232]) segir að nf. et. kk. af þessu áfn. sé *þessi* og lætur þess getið í athugasemd að nf. et. kk. *sjá*, sem stundum komi fyrir, sé ekki lifandi mál í nísl. heldur lán úr físl.⁶³¹

Þf. et. kk. af ábendingarfornafninu *sjá/þessi* var *þenna* í físl. en myndin *þennan*, mynduð eftir þf. et. kk. sterkra lo., verður algeng á 15. öld.⁶³² Í GBibl (Bandle 1956:353) er yfirleitt *þennan(n)*, t.d. ‘Þennan Stad’ I Mos 19,13. Hjá Valtý Guðmundssyni (1922:43, 113 [§98, 232]) er eingöngu formið *þennan*.

Engin dæmi eru um nf. et. kk. *sjá* í JStgrÆv heldur er myndin *þessi* alltaf notuð, t.d. *Féll þessi karl þá í vil og vesældóm* [...] 48.

Í JStgrÆv kemur einnig eingöngu fyrir myndin *þennan* í þf. et. kk. af *þessi* og endar það yfirleitt á ‘n’ með nefhljóðsbandi (‘n̄’) sem leyst er upp ‘nn’ í

⁶²⁹ Yfirlit yfir breytingar á fornafninu *sjá* er hjá Katrínu Axelsdóttur 2003. Sjá einnig Jón Þorkelsson 1874:14.

⁶³⁰ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:46.

⁶³¹ Valtýr Guðmundsson 1922:113 [§232, aths.]: „*Sjá* istedetfor *þessi*, som undertiden kan forekomme, tilhører ikke islandsk Nutidssprog, men er et Laan fra Oldislandsk.“

⁶³² Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:47.

stafréttum dæmum: þennan 'þennann' 3, þennan 'þennann' 5, þen(n)an 'þenann' 7, þennan 'þennann' 11, þennan 'þennann' 17, þennan 'þennann' 19 o.s.frv.

3.4.4 Greinir

3.4.4.1 Laus greinir

Elsta form lausa greinisins í físl. var *enn/inn* en dæmi eru um *hinn* frá miðri 13. öld.⁶³³ Gamla formið er þó algengara fram til um 1400.⁶³⁴ Lausi greinirinn er miklu oftari *hinn* en *enn* í NtOG (Jón Helgason 1929a:75) og GBibl (Bandle 1956:354).⁶³⁵ Myndin *enn* er hins vegar aðeins algengari á eftir ábendingarfornafni í GBibl, t.d. 'þær enar sømu' II Mos 40,2.

Í JStgrÆv kemur fyrir eitt dæmi um forna mynd greinisins: *oft þá ena* 'ena' *bestu menn* 173 en annars er notað form með 'h', t.d. *hinn* 'hinn' 124, *hina* 'hina' 141 o.s.frv.

3.4.4.2 Viðskeyttur greinir

Í físl. féll upphafssérhljóð viðskeytta greinisins, þ.e. /i/, eingöngu brott á eftir áherslulausum sérhljóðum, t.d. *trúan*, en ekki annars, t.d. *treit* en ekki **trét*.⁶³⁶ Svipað er að segja um NtOG (Jón Helgason 1929a:76) en þar helst /i/ í þessari stöðu, t.d. 'treit' Matt. 21²⁰ og 'knein' Matt. 27²⁹. Í GBibl (Bandle 1956:356–357) fellur sérhljóðið hins vegar brott á eftir /é/ í nf./þf. hk. et., t.d. 'Tried' I Mos 3,6. Í nísl. fellur /i/ einnig yfirleitt brott þegar greini er bætt við orðin *fé*, *hlé*, *hné* og *tré*.⁶³⁷

Í JStgrÆv er eingöngu að finna samdráttarmyndir í slíkum myndum af orðinu *fé*, eins og við var að búast á 18. öld. Orðin *hlé*, *hné* og *tré* koma aldrei fyrir í JStgrÆv með viðskeyttum greini:

/fé/: *féð* 'fied' 17, *fénu* 'fienu' 17, *féð* 'fied' 17, *féð* 'fied' 19, *lausaféð* 'lausafied' 109, *barnafénu* 'barnafienu' 109, *barnaféð* 'barnafied' 112.

3.4.5 Spurnarfornöfn

hví

Í stað upprunalegs forms, *hví*, í þgf. et. hk. af spurnarfornafninu *hvað* í físl. er oft notað *því* í seinna máli. Elstu dæmin um þetta eru frá því um 1400.⁶³⁸ Dæmi eru um *því* fyrir *hví* í NtOG (Jón Helgason 1929a:120) og GBibl

⁶³³ Sjá Noreen 1923:316 [§471] og Björn K. Þórolfsson 1925:51.

⁶³⁴ Sjá Noreen 1923:316–18 [§471–472] og Björn K. Þórolfsson 1925:51.

⁶³⁵ Bandle (1956:354, nmgr.) reiknaði út að í I Mos, V Mos, Jos, Ordzk, Jerem (köflum 1–30), Jud og Matth væri hlutfallið á milli þessara forma 8% *enn* : 92% *hinn*.

⁶³⁶ Sjá Noreen 1923:317 [§472, 1, a].

⁶³⁷ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:72 [§159, aths.].

⁶³⁸ Sjá Björn K. Þórolfsson 1925:46.

(Bandle 1956:367). Á seinni öldum er því orðið hið almenna form fornafnsins en þó koma fyrir ýmis dæmi um *hví* fram á okkar daga.⁶³⁹

Í JStgrÆv eru engin dæmi um *hví* en eitt dæmi um að því sé notað í stað þess: „*Því þá?*“ *segir hin* ‘Því þá seger hin?’ 322.

hvörra/hvörja

Í JStgrÆv kemur fyrir eitt dæmi um afbrigðilega mynd í ef. ft. af fornafninu *hver*: *hvorja/hvörja* ‘hvorja’ 284. Þrjú dæmi eru hins vegar einnig um upprunalega beygingu: *hvörra* ‘hvörra’ 82, *hvörra* ‘hvörra’ 181, *hvörra* ‘hvörra’ 305. Hvorki er minnst á þessa beygingarmynd hjá Bandle (1956) né Valtý Guðmundssyni (1922). Freistandi er því að flokka þetta dæmi í JStgrÆv sem ritvillu.

3.4.6 Óákveðin fornöfn

einhver, sérhver

Í nf./þf. hk. af fn. *einhverr* var myndin *eitthvat* yfirleitt notuð í físl. Þegar fornafnið var sérstætt en myndin *eitthvert* ef það var hliðstætt.⁶⁴⁰ Sama má segja um nf./þf. hk. af fornafninu *sérhverr*. Það hafði myndina *sérhvat* þegar það stóð sérstætt en hliðstætt myndina *sérhvert*. Í GBibl (Bandle 1956:370) koma báðar myndirnar *eitthvað* og *eitthvert* fyrir en ekki er alltaf fylgt upphaflegri dreifingu þeirra, sbr. ‘eitthuad Teikn eda Stormerke’ V Mos 13,1. Valtýr Guðmundsson (1922:115 [§235, c]) segir að myndirnar *eitthvað/sérhvað* séu notaðar í nísl. Þegar þessi fornöfn standa sérstæð en annars séu notuð formin *eitthvert/sérhvert*. Samkvæmt honum er því í nísl. enn þá sama skipting og í físl. Augljóst er þó á talmáli nísl. núna að forn aðgreining milli formanna er nær horfin.

Í JStgrÆv kemur eingöngu fyrir formið *eitthvað* en aldrei *eitthvert* og heldur ekki þegar það er hliðstætt: *eitthvað* ‘eitthvad’ *svart rifrildi* 18, *eitthvað* ‘eitthvad’ *bölvad truntuveski* 94, *eitthvað* ‘eitthvad’ *kærleiksverk* 240. Önnur dæmi um að fornafnið komi fyrir sérstætt eru þessi: *eitthvað* 11, *eitthvað* 17, *eitthvað* 32, *eitthvað* 39, *eitthvað* 42, *eitthvað* 67, *eitthvað* 69, *eitthvað* 70, *eitthvað* 84, *eitthvað* 87, *eitthvað* 97, *eitthvað* 104, *eitthvað* 114, *eitthvað* 115, *eitthvað* 128, *eitthvað* 134, *eitthvað* 177, *eitthvað* 181, *eitthvað* 200, *eitthvað* 233, *eitthvað* 245, *eitthvað* 262, *eitthvað* 299, *eitthvað* 309, *eitthvað* 335, *eitthvað* 336.

⁶³⁹ Eftirfarandi dæmi eru í RM um *hví* frá 18. og 19. öld: ‘*Fyrir hví forðast [...] stoltir sigrendr / at stíga nærr.’ MiltPar, 180 (18s), ‘En fyrir hví er frjáls samkeppni í verzlun nauðsynleg?’ Bún 1893, 87 (19s), ‘Fyrir hví? — Jú, af því, að.’ Þjóð 36, 35 (19s).

⁶⁴⁰ Sjá Noreen 1923:321 [§475].

Fornafnið *sérhver* hefur alltaf myndina *sérhvað* í nf./þf. hk. í JStgrÆv. Þar er það hins vegar alltaf notað sérstætt og því óvíst hvort Jón hefði notað upprunalega hliðstæða formið, *sérhvert*, hliðstætt: *sérhvað* 44, *sérhvað* 228, *sérhvað* 236.

enginn

Fornafnið *engi* er samansett úr *einn* og smáorðinu *-gi* sem einnig er að finna t.d. í *hvergi*. Upphafleg beyging fornafnsins var þessi í físl. (ýmis önnur afbrigði hennar koma einnig fyrir en ég tiltek þau ekki hér):⁶⁴¹

	et.			ft.		
	kk.	kvk.	hk.	kk.	kvk.	hk.
nf.	engi	engi	ekki	engir	engar	engi
þf.	engi	enga	ekki	enga	engar	engi
þgf.	engum	engri	engu	engum	engum	engum
ef.	enskis	engrar	enskis	engra	engra	engra

Mjög snemma tók þetta fornafn upp lýsingarorðsbeygingu í sumum föllum, t.d. nf. et. kk. *engi* → *enginn*. Lengst hélt forna beygingin í þf. et. kk. en um 1300 breyttist það einnig, *engi* → *engan*. Á 13. öld fékk fornafnið einnig *wa-/wō-*stofna beygingu í sumum föllum. Henni fylgdi að rótarsérhljóðið hljóðverptist (*e* > *ø*), t.d. þf. et. kk. *øngvan*.⁶⁴² Í GBibl (Bandle 1956:373) er *enginn* langalgengasta form nf. et. kk. og aðeins nokkur dæmi eru um *engi* í nf. et. kk./kvk., t.d. ‘einge madur’ Dan form 14,20. Þar koma fyrir dæmi um *wa-*stofna beygingu orðsins, t.d. ‘øngua Peninga’ Es 55,1. Í ef. et. kvk. er alltaf *öngrar* í GBibl, t.d. ‘ongrar Hialpar’ Psalt 3,3. Í nisl. voru fram á seinni hluta 20. aldar, að minnsta kosti, algengar myndir með *öngv-* af þessu fornafni, a.m.k. í talmáli.⁶⁴³ Í RM koma fyrir dæmi um *öngu-*,⁶⁴⁴ *öngr-*,⁶⁴⁵ *öngv-*.⁶⁴⁶ Fjöl- mörg dæmi eru hins vegar einnig um *eng-* á undan /v/ í seinni alda máli í RM.⁶⁴⁷ Á 20. öld hafa slíkar myndir hins vegar átt undir högg að sækja líklega fyrir áhrif frá málhreinsun og skólakennslu og er nú upphaflegt form stofnsins, *-eng-*, orðið algengast í öllum myndum.

⁶⁴¹ Sjá t.d. Iversen 1990:92–93 og einnig Noreen 1923:322–323 [§476, 1].

⁶⁴² Um þróun fornafnsins *engi* sjá t.d. Björn K. Þórólfsson 1925:50–51.

⁶⁴³ Sjá Stefán Einarsson (1945:73) og yfirlit yfir ólíkar myndir hjá Valtý Guðmundssyni 1922:115–116 [§235, g].

⁶⁴⁴ /*öngV*/ (7 dæmi, 16m–19s), t.d. ‘øngu’ CorvPass D, Ir (16m).

⁶⁴⁵ /*öngr-*/ (2 dæmi, 16s–19m): ‘øngra’ Eintal, 271 (16s), ‘øngrar’ Þjóð 15, 183 (19m).

⁶⁴⁶ /*öngv-*/ (14 dæmi, 17f–19s), t.d. *‘ønguu’ Vísnað, 50 (17f), *‘öngvum’ Bellerof III, 6 (17m).

⁶⁴⁷ /*engv-*/ (7 dæmi, 18m–19s), t.d. ‘eingva’ Hússf, 36 (18m).

Í JStgrÆv koma ýmis form fyrir af þessu fornafni. Greinilegt er að upphafleg dreifing *eng-* og *öngv-*mynda í físl. á þar ekki lengur við því að *eng-*kemur einnig fyrir á undan /v/ og *öng-* annars staðar en á undan sérhljóðaendingum. Í JStgrÆv koma fyrir ferns konar stofnbrigði, *eng-*, *engv-*, *öng-* og *öngv-*, auk stofnsins *eink-* í ef. et. hk.:

/eng-/: *enginn* ‘eingenn’ 7, *enginn* ‘Eingenn’ 11, *Enginn* ‘Eingenn’ 14, *Enginn* ‘Eingenn’ 22, *Enginn* ‘Eing|enn’ 24 o.s.frv.

/engv-/:

engva ‘eingva’ 227, *engvan* ‘eingvann’ 243, *engva* ‘eingva’ 266.

/öng-/:

öngri ‘aungre’ 160, *öngri* ‘aungre’ 174, *öngum* ‘aungum’ 180, *öngan* ‘aungann’ 180, *öngu* ‘aungu’ 184, *öngri* ‘aun|gre’ 184, *öngum* ‘aungumm’ 186, *öngan veginn* ‘aun|ngann vegenn’ 192, *öngu* ‘aungu’ 301.

/öngv-/:

öngvum ‘aungvum’ 8, *öngvu* ‘aungvu’ 16, *öngvum* ‘aungvum’ 24, *öngvum* ‘aungvum’ 39, *Öngvan* ‘aungvan’ 56, *öngvan* ‘aungvan’ 60, *öngvan* ‘aungvann’ 64, *öngvu* ‘aungvu’ 70, *öngvan* ‘aungvann’ 75, *öngvu* ‘aungvu’ 93, *öngvan veginn* ‘aungvann | vegen’ 96, *öngva* ‘aungva’ 101, *öngvum* ‘aungvum’ 102, *öngvu* ‘aungvu’ 104, *öngvu* ‘aungvu’ 105, *öngvan* ‘aungvann’ 106, *öngvan* ‘aungvann’ 107, *öngvum* ‘aungvum’ 115, *öngva* ‘aungva’ 121, *öngvum* ‘aungvum’ 123, *öngvir* ‘aungver’ 125, *öngva* ‘aungva’ 125, *öngvar* ‘aungvar’ 133, *öngvum* ‘aungvum’ 136, *öngvu* ‘aungvu’ 153, *öngvan* ‘aungvan’ 155, *öngvar* ‘aungvar’ 161, *öngvir* ‘aungver’ 161, *öngvan* ‘aungvan’ 162, *öngvan* ‘aungvan’ 178, *öngvu* ‘aungvu’ 196, *öngvan veginn* ‘aungvan vegenn’ 198, *öngvu* ‘aungvu’ 204, *öngvan* ‘aungvann’ 204, *öngvan* ‘aungvann’ 205, *öngvu* ‘aungvu’ 205, *öngvum* ‘aungvum’ 207, *öngvar* ‘aungvar’ 209, *öngvu* ‘aungvu’ 211, *öngva* ‘aungva’ 212, *öngvum* ‘aungvum’ 214, *öngva* ‘aungva’ 214, *öngvan* ‘aungvann’ 220, *öngvan* ‘aungvann’ 228, *öngva* ‘aungva’ 229, *öngvu* ‘aungvu’ 234, *öngvan* ‘aungvann’ 234, *öngvar* ‘aungvar’ 237, *öngvar* ‘aungvar’ 239, *öngvu* ‘aungvu’ 240, *öngvan* ‘aungvan’ 240, *öngvar* ‘aungvar’ 240, *öngvum* ‘aungvum’ 243, *öngvum* ‘aungvum’ 267, *öngvan* ‘aungvann’ 273, *öngvan veginn* ‘aungvann vegenn’ 289, *öngvum* ‘aungvum’ 294, *öngvar* ‘aungvar’ 301, *öngvu* ‘aungvu’ 302, *öngvum* ‘aungvum’ 324, *öngvan* ‘aungvann’ 325, *öngvar* ‘aungvar’ 325, *öngvan veginn* ‘aungvann vegen’ 329, *öngvum* ‘aungvum’ 340, *öngvar* ‘aungvar’ 342, *öngvan* ‘aungvan’ 343.

Þetta fornafn beygist því í JStgrÆv nær alveg eins og *wa-/wō*-st. lýsingarorð og *-v-* er einnig komið inn í *eng*-stofnmyndir vegna áhrifa frá öðrum myndum.

Ef. et. kvk. af enginn

Upprunaleg ending ef. et. kvk. af *engi* var líklega *-rar*, þ.e. *engrar*.⁶⁴⁸ Í nisl. er hún einnig algeng í þessu falli. Valtýr Guðmundsson (1922:115 [§235, g]) nefnir t.a.m. eingöngu myndirnar *engrar* og *öngrar* í ef. et. kvk. Björn Magnússon Ólsen (1882:284) segir að í íslensku á seinni hluta 19. aldar þekktist aðeins myndin *öngrar* í ef. et. kvk. Í eftirfarandi dæmi úr JStgrÆv virðist hins vegar koma fyrir endingin *-var* í staðinn: *til slétt öngvar* ‘aungvar’ *tilfinningar* 325. Þetta er líklega dæmi um útbreiðslu *wa-/wō*-stofns beygingarinnar, *-v-* í stofni kemur þá í stað *-r-* í endingunni, þ.e. ef. et. kvk. *öngrar* → *öngvar* fyrir áhrif frá myndum í JStgrÆv eins og *öngvar* ‘aungvar’ (þf. ft.) 133.

Ef. et. kk./hk. einkis/einskis

Í ef. et. kk./hk. í fisl. koma bæði fyrir formin *einkis* og *einskis*.⁶⁴⁹ Í GBibl (Bandle 1956:374) er oftast *einskis*, t.d. ‘einskis’ III Mos 19,31, en þó kemur *einkis* fyrir, t.d. ‘einkis’ Jobs 9,25. Í RM eru allmörg dæmi bæði um *einkis*⁶⁵⁰ og *einskis*.⁶⁵¹ Valtýr Guðmundsson (1922:115 [§235]) segir að aðalmyndin í nisl. sé *einskis* en einnig komi fyrir *einkis* og *engis*.

Í JStgrÆv er alltaf formið *einkis*: *einkis* ‘einkes’ 28, *einkis* ‘einkis’ 236, *einkis* ‘einkis’ 240, *einkis* ‘einkis’ 267, *einkis* ‘einkis’ 272.

Nf./þf. et. hk. ekkert, ekkirt, ekkerts

Í fisl. var *nf./þf. et. hk. ekki* en formið *ekkert* kemur upp í lok 15. aldar. Í GBibl (Bandle 1956:373–374) er *ekkert* algengasta formið en þar koma einnig fyrir önnur form, t.d. *ekkirt* (t.d. ‘eckirt’ Ez 31, 8) sem Bandle telur að sé blendingsform af *ekki* og *ekkert*. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:80) kemur síðan fyrir formið *ekkit* (fimm dæmi) í *nf./þf. et. hk.*: ‘hinn sem þar helldr eckit af’ Róm. 14⁶, ‘þat sem eckit er’ I Kor 1²⁸, ‘eg hiellt mig eckit vita’ I Kor. 2², ‘fyrer eckit’ I Kor. 9¹⁸, ‘vt af trunne eckit hallda’ II Pét. form. Í RM koma fyrir auk dæmanna úr GBibl eftirfarandi dæmi um *ekkert*: ‘eckirt’ HistPín A, IIIr (16m), ‘eckirt’ SummGT B, IVv (16s), ‘eckirt’ SummNT Þ, IIIr (16s). Tvö dæmi eru einnig frá miðri og seinni hluta 17. aldar um ef. et. hk. *ekkerts*: ‘einkum befala eg þier (hvað eg vænte þu virder so sem vant er annadhuort

⁶⁴⁸ Sjá t.d. Noreen 1923:322–323 [§476, 1].

⁶⁴⁹ Sjá Noreen 1923:322–323 [§476].

⁶⁵⁰ /einkis/ (9 dæmi, 19m–19s), t.d. ‘einkis’ Alp 1853, 998 (19m).

⁶⁵¹ /einskis/ (2 dæmi, 19m–19ms): ‘einskis’ JHall I, 294 (19m), *‘einskis’ GBrLj, 397 (19ms).

lijtilz eda eckertz) ad.' BréfabPorlSk, 186 (1650–51) (17m), 'þeir sem Adgiæt-
endur eiga ad heita / giæta eckerts.' GPorlPost I Aa, IIIr (17s).

Í JStgrÆv kemur fyrir eitt dæmi sem virðist vera um forna hvorugkyns-
mynd *ekki*: *Ekki var fyrir nema kallinn [...]* 13. Fjölmörg dæmi eru hins vegar
um *ekkert* í nf./þf. et. hk., t.d. *ekkert 1, ekkert 17, ekkert 20* o.s.frv. Hvorki
koma fyrir í JStgrÆv dæmi um *ekkirt, ekkít né ekkerts*.

Tafla yfir beygingu fn. enginn í JStgrÆv

	et.			ft.		
	kk.	kvk.	hk.	kk.	kvk.	hk.
nf.	enginn	engin	ekkert, ekki	öngvir	öngvar	
þf.	engvan, öng(v)an	engva, öngva	ekkert, ekki		öngvar	
þgf.	öng(v)um	öngri	öng(v)u		öng(v)um	
ef.	einkis	öngvar	einkis			

nokkur/nökkur

Upprunalegt rótarsérhljóð þessa orðs í físl. er /e/, *nekkverr* (**newaithwarjar*),
en einnig koma fyrir myndir með /a/, /ø/ og /o/.⁶⁵² Í físl. var algengasta
formið af þessu fornafni *nøkkurr* en einnig komu m.a. fyrir formin *nakkvarr*
og *nekkverr*. Dæmi eru um /o/ í þessu orði frá lokum 14. aldar.⁶⁵³ Í NtOG
(Jón Helgason 1929a:79–80) er alltaf 'o' í því nema tvisvar 'au', 'nauckrer'
Post. 19,9–13. Í GBibl (Bandle 1956:80, 368) er 'o' hins vegar orðið algengara
en 'ø' /ö/. Hreinn Benediktsson (2002b:492) telur að /o/ hafi verið komið
inn í orðið að einhverju leyti þegar á síðari hluta 13. aldar en /ö/ hafi varðveist
a.m.k. fram á 16. öld. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:63) er
þetta orð alltaf ritað með 'o', t.d. 'nockur' 20.

Í JStgrÆv er eitt nokkuð öruggt dæmi um gömlu myndina *nökk-*, *nökkrum*
'nókkrum' 186 en hins vegar fjölmörg dæmi um *nokk-*, t.d. *nokkur* 'nockur' 1
o.s.frv. Táknið 'o' í slíkum dæmum gæti þó hugsanlega einnig staðið fyrir /ö/
og er því tvírætt (sjá umfjöllun um /ö/ í yfirliti um sérhljóðatákn í JStgrÆv í
undirkafla 1.4.1).

Ekkert brottfall sérhljóðs var í beygingu þessa fornafns í físl., t.d. á undan
endingu sem hófst á sérhljóði, heldur hélst stofninn *nøkkur-* í öllum mynd-
um.⁶⁵⁴ Beyging fornafnsins, þ.e. stofnbrigðisins *nøkkurr*, var því þessi í físl.:⁶⁵⁵

⁶⁵² Sjá Noreen 1923:321–322 [§475, 3]. Wadstein (1890:95) taldi að rótarsérhljóðið (/a/) hefði orðið fyrir áhrifum frá uppmæltu sérhljóðinu í öðru atkvæði en Noreen (1923:80 [§82, 2]) mælti á móti þeirri kenningu.

⁶⁵³ Sjá Björn K. Þórólfsson (1925:49).

⁶⁵⁴ Sjá Noreen 1923:321–322 [§475, 3] og Hrein Benediktsson 2002b.

	et.			ft.		
kk.	kvk.	hk.	kk.	kvk.	hk.	
nøkkurr	nøkkur	nøkkut	nøkkurir	nøkkurar	nøkkur	
nøkkurn	nøkkura	nøkkut	nøkkura	nøkkurar	nøkkur	
nøkkurum	nøkkurri	nøkkuru	nøkkurum	nøkkurum	nøkkurum	
nøkkurs	nøkkurrar	nøkkurs	nøkkurra	nøkkurra	nøkkurra	

Í seinni alda máli komu síðan upp brottfallsform á undan endingum, sem hefjast á sérhljóði, þannig að stofninn varð þar *nokkr-/nökkur-*. Í GBibl (Bandle 1956:369) verður slíkt brottfall t.a.m. langoftast á undan sérhljóðsendingu, t.d. ‘nockra Daga’ (þf. ft.) I Mos 40,4. Hreinn Benediktsson (2002b:501) segir að beyging fornafnsins *nokkur* sé sú sama í málfræði Jóns Magnússonar á 18. öld og í nisl., þ.e. *nokkurri*, *nokkurrar*, *nokkurra*. Dreifing stofnafbrigðanna *nokkur-* og *nokkr-* er því þar orðin mjög regluleg og stofnafbrigðin í fyllidreifingu: *nokkur-* kemur fyrir á undan samhljóði í endingu eða í lok orðs, t.d. *nokkurn*, en *nokkr-* á undan sérhljóði, t.d. *nokkrir*.⁶⁵⁶

Á undan endingum sem hefjast á sérhljóði koma eingöngu fyrir brottfallsform af stofninum í JStgrÆv en einnig í þgf. et. kvk. (*nokkri*) og ef. ft. (*nokkra*) þar sem endingin hefst á *r*. Þetta er frábrugðið almennri beygingu fornafnsins í nisl., sbr. t.d. Valtý Guðmundsson (1922:114 [§235]) sem segir að mynd þgf. et. kvk. af þessu fornafni sé *nokkuri* eða *nokkurri*, ef. et. kvk. *nokkurar* eða *nokkurrar* og ef. ft. *nokkurra*. Hreinn Benediktsson (2002b:499) segir að ósamandregnar myndir þessara falla af fornafninu megi annaðhvort skýra með því að upphafleg form hafi alltaf haldist í málinu eða nýjar áhrifsmyndir verið myndaðar eftir fyrirmynd lýsingarorða eins og *gamall*.

Hér á eftir fara flest dæmi í JStgrÆv um fornafnið *nokkur*:

Nf. et. kk.: *nokkur* ‘nockur’ 159 o.s.fv.

Þf. et. kk. *nokkurn* ‘nockurn’ 240 o.s.frv.

Þgf. et. kk.: *nokkrum* ‘nockrumm’ 17, *nokkrum* ‘nockrumm’ 259, *nokkrum* ‘nockrum’ 268, *nokkrum* ‘nockrum’ 277, *nokkrum* ‘nockrumm’ 300, *nokkrum* ‘nock|rumm’ 304, *nokkrum* ‘nockrumm’ 306, *nokkrum* ‘nockrum’ 334.

Ef. et. kk.: *nokkurs* ‘nockurs’ 48 o.s.frv.

⁶⁵⁵ Sjá Iversen 1990:91–92. Ýmis önnur afbrigði hennar koma fyrir en ég tiltek þau ekki hér.

⁶⁵⁶ Sjá yfirlit yfir beyginguna t.d. hjá Valtý Guðmundssyni (1922:114 [§235, b]).

Nf. et. kvk.: *nokkur* ‘nockur’ 281 o.s.frv.

Pf. et. kvk.: *nokkra* ‘nockra’ 9, *nokkra* ‘nockra’ 34, *nokkra* ‘nockra’ 49, *nokkra* ‘nockra’ 106, *nokkra* ‘nockra’ 176, *nokkra* ‘nockra’ 215, *nokkra* ‘nockra’ 241, *nokkra* ‘nockra’ 262, *nokkra* ‘nockra’ 266, *nokkra* ‘nockra’ 268, *nokkra* ‘nockra’ 274, *nokkra* ‘nockra’ 295, *nokkra* ‘no|ckra’ 318, *nokkra* ‘nockra’ 326, *nokkra* ‘nockra’ 340, *nokkra* ‘nockra’ 340.

Pgf. et. kvk.: *nokkri* ‘nockre’ 46, *nokkri* ‘nockre’ 93, *nokkri* ‘nockre’ 259, *nokkri* ‘nockre’ 319.

Ef. et. kvk.: *nokkrar* ‘nockrar’ 2, *nokkrar* ‘nockrar’ 154.

Pgf. et. hk.: *nokkru* ‘nockru’ 11, *nokkru* ‘nockru’ 37, *nokkru* ‘nockru’ 69, *nokkru* ‘nockru’ 81, *nokkru* ‘nockru’ 95, *nokkru* ‘nockru’ 104, *nokkru* ‘nockru’ 128, *nokkru* ‘nock|ru’ 145, *nokkru* ‘nockru’ 161, *nokkru* ‘nockru’ 199, *Nokkru* ‘nockru’ 243, *nokkru* ‘nockru’ 260, *nokkru* ‘nockru’ 270, *nokkru* ‘nockru’ 276, *nokkru* ‘nockru’ 284, *nokkru* ‘nockru’ 314, *nokkru* ‘nockru’ 317.

Ef. et. hk.: *nokkurs* ‘nockurs’ 273 o.s.frv.

Nf. ft. kk.: *nokkrir* ‘nockrer’ 81, *nokkrir* ‘nockrer’ 102, *nokkrir* ‘nockrer’ 140, *nokkrir* ‘nockrer’ 205, *nokkrir* ‘nockrer’ 217, *nokkrir* ‘nockrer’ 221, *nokkrir* ‘nockrer’ 241, *nokkrir* ‘nockrer’ 274, *nokkrir* ‘nockrer’ 289, *nokkrir* ‘nockrer’ 304, *nokkrir* ‘nockrer’ 330, *Nokkrir* ‘nockrer’ 336.

Pf. ft. kk.: *nokkra* ‘nockra’ 7, *nokkra* ‘nockra’ 37, *nokkra* ‘nock|ra’ 162, *nokkra* ‘nockra’ 165, *nokkra* ‘nockra’ 184, *nokkra* ‘nockra’ 216, *nokkra* ‘nockra’ 300, *nokkra* ‘nockra’ 312, *nokkra* ‘nockra’ 337, *nokkra* ‘nockra’ 338.

Pf. ft. kvk.: *nokkrar* ‘nockrar’ 22, *nokkrar* ‘nockrar’ 31, *nokkrar* ‘nockrar’ 68, *nokk(r)ar* ‘nock(r)ar’ 70, *nokkrar* ‘nockrar’ 164, *nokkrar* ‘nockrar’ 227, *nokkrar* ‘nockrar’ 260, *nokkrar* ‘nockrar’ 272, *nokkrar* ‘nockrar’ 308.

Pf. ft. hk.: *nokkur* ‘nockur’ 153 o.s.frv.

Pgf. ft.: *nokkrum* ‘nockrumm’ 11, *nokkrum* ‘nockrum’ 43, *nokkrum* ‘nockrumm’ 45, *nokkrum* ‘nockrum’ 49, *nokkrum* ‘nockrum’ 80, *nokkrum* ‘nockrumm’ 98, *nokkrum* ‘nockrum’ 115, *nokkrum* ‘nockrum’ 118, *nokkrum* ‘nockrum’ 130, *nokkrum* ‘nockrum’ 166, *nokkrum* ‘nockrumm’ 185, *nokkrum*

‘nockrum’ 191, *nokkrum* ‘nockrum’ 202, *nokkrum* ‘nockrumm’ 216, *nokkrum* ‘nockrumm’ 220, *nokkrum* ‘nockrumm’ 266, *nokkrum* ‘nockrum’ 271, *nokkrum* ‘nockrum’ 277, *nokkrum* ‘nockrum’ 310, *nokkrum* ‘nockrumm’ 325, *nokkrum* ‘nockrumm’ 329, *nokkrum* ‘nockrum’ 334.

Ef. ft.: *nokkra* ‘nockra’ 64, *nokkra* ‘nockra’ 161, *nokkra* ‘nockra’ 191, *nokkra* ‘nockra’ 244, *nokkra* ‘nockra’ 315, *nokkra* ‘nockra’ 338.

nokkuð/nokkurt

Í nf./þf. hk. af fornafninu *nokkur* í nisl. koma fyrir tvær myndir, þ.e. *nokkuð* og *nokkurt*. Myndin *nokkuð* er notuð sérstæð en *nokkurt* hliðstæð og er notkunin söm og hjá *eitthvað/eitthvert* og *sérhvað/sérhvert* (sjá undirkafla 3.4.6). Í GBibl (Bandle 1956:369) er bæði notað *nokkuð* og *nokkurt*. Upphaflegri dreifingu þessara mynda er hins vegar bara fylgt að hluta og er *nokkuð* einnig notað hliðstætt, t.d. ‘nockud Alltare’ III Mos 2,12.

/nokkurt/: Í JStgrÆv eru tíu dæmi um *nokkurt* og af þeim eru tvö sérstæð: *nokkurt* ‘nockurt’ 146, *nokkurt* ‘nockurt’ 282. Hin dæmin eru hliðstæð: *nokkurt* ‘nockurt’ *mein* 14, *nokkurt* ‘nockurt’ *slys* 49, *nokkurt* ‘nockurt’ *examen* 86, *nokkurt* ‘nockurt’ *líf* 136, *nokkurt* ‘nockurt’ *orð* 142, *nokkurt* ‘nockurt’ *mein* 167, *nokkurt* ‘nockurt’ *liðsyrði* 210, *nokkurt* ‘nockurt’ *lán* 211.

/nokkuð/: 58 dæmi eru um myndina *nokkuð* í JStgrÆv og tvö þeirra eru notuð hliðstætt: *nokkuð* ‘nockud’ *brennivinstár* 142, *nokkuð* ‘nockud’ *líknar-, liðs- eða sannindamali* 185. Annars er þetta fornafn notað sérstætt: *nokkuð* 4, *nokkuð* 21, *nokkuð* 33, *nokkuð* 35, *nokkuð* 42, *nokkuð* 45, *nokkuð* 46, *nokkuð* 52, *nokkuð* 72, *nokkuð* 72, *nokkuð* 85, *nokkuð* 86, *nokkuð* 90, *nokkuð* 109, *nokkuð* 115, *nokkuð* 125, *nokkuð* 128, *nokkuð* 134, *nokkuð* 145, *nokkuð* 145, *nokkuð* 149, *nokkuð* 152, *nokkuð* 159, *nokkuð* 180, *nokkuð* 181, *nokkuð* 190, *nokkuð* 192, *nokkuð* 209, *nokkuð* 215, *nokkuð* 220, *nokkuð* 220, *nokkuð* 229, *nokkuð* 234, *nokkuð* 263, *nokkuð* 264, *nokkuð* 264, *nokkuð* 272, *nokkuð* 286, *nokkuð* 288, *nokkuð* 298, *nokkuð* 298, *nokkuð* 306, *nokkuð* 315, *nokkuð* 315, *nokkuð* 330, *nokkuð* 335, *nokkuð* 339, *nokkuð* 341.

Fornri notkun þessara mynda er því að mestu fylgt í JStgrÆv. Beygingar-dæmi fornafnsins *nokkur* er því svona í JStgrÆv:

	et.			ft.		
kk.	kvk.	hk.		kk.	kvk.	hk.
nokkur	nokkur	nokkuð/nokkurt		nokkrir	nokkrar	
nokkurn	nokkra	nokkuð/nokkurt		nokkra	nokkrar	nokkur
nokkrum	nokkri	nokkru		nokkrum	nokkrum	nokkrum
nokkurs	nokkrar	nokkurs		nokkra	nokkra	nokkra

ýmis

Hjá fn. *ýmiss* koma fyrir samandregin form af stofninum þegar í físl., þ.e. *ýms-*.⁶⁵⁷ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:70) koma bæði fyrir ósamandregin form (*ýmis-*) af því á undan sérhljóði, t.d. ‘ymissum’ Mark. 1³⁴, og stytt form (*ýms-*) þar sem sérhljóð hefur fallið brott á undan endingu sem hefst á sérhljóði: ‘ymsum’ Mark. 1⁴⁵, Post. 2⁴⁶. Í GBibl (Bandle 1956:301) eru hins vegar alltaf samandregin form í föllum með endingum sem hefjast á sérhljóði eins og t.d. ‘ymsum husum’ Post 2⁴⁶. Samkvæmt Hreini Benediktssyni (1987 (10):10) eru elstu dæmi um ef. ft. *ýmsra* frá 15. öld og sú mynd er orðin algeng á 16. öld.⁶⁵⁸ Hreinn (1987 (10):15) segir að ósamandregnar myndir af þessu fornafrni, sem höfðu horfið úr sumum föllum þess á 16. öld, þ.e. þgf. ft., ef. ft. og þgf. et. kvk., hafi síðan birst aftur við enda 18. aldar, fyrst í *Ritum Lærdómslistafélagsins*, þ.e. þgf. ft. *ýmissum*, ef. ft. *ýmissra* og þgf. et. kvk. *ýmissri*. Hreinn (1987 (10):15) telur ljóst að slík form hafi verið endurvakin vegna áhrifa málhreinsunar: „There can be little doubt that such forms, at this stage, are nothing but a puristic archaism (with *ýmiss-* for *ýms-*); it is worth observing that in Jón Ólafsson’s dictionary (§7,5) the nom. plur. masc. *ýmissir* is mentioned only as an archaism („Ymlfir, led olim ýmissir ...“).“

Valtýr Guðmundsson (1922:88 [§189, ath. 1]) segir að í nísl. séu samdráttarform algengust í öllum föllum nema í nf. et. í talmáli. Upphafleg ósamandregin form orðsins komi hins vegar fyrir í ritmáli.⁶⁵⁹

Í JStgrÆv er aðeins eitt dæmi um ósamandregið form af þessu fornafrni, *ýmist* ‘imist’ (nf. et. hk.) 128. Oft sker mynd hvorugkyns eintölu í nf./þf. sig frá annarri beygingu og þegar breytingar verða til samræmingar ná þær stundum ekki til þessarar myndar.⁶⁶⁰ Alltaf eru samandregin form í ef. ft. í JStgrÆv: *ýmsra* ‘jmsra’ 26, *ýmsra* ‘jmsra’ 44, *ýmsra* ‘jmsra’ 122, *ýmsra* ‘jmsra’ 215, *ýms* ‘jms’ 235. Á undan endingu sem byrjar á sérhljóði eru í JStgrÆv einnig alltaf samandregin form, eins og við var að búast: *ýmsu* ‘jmsu’ 1, *ýmsu* ‘jmsu’ 11, *ýmsar* ‘jmsar’ 21, *ýmsum* ‘jmsum’ 36, *ýmsa* ‘jmsa’ 42, *ýmsir* ‘jms|er’ 53, *ýmsu* ‘jmsu’ 56, *ýmsir* ‘jms|er’ 60, *ýmsar* ‘jmsar’ 71, *ýmsar* ‘jmsar’ 77, *ýmsa* ‘jmsa’ 89, *ýmsu* ‘jmsu’

⁶⁵⁷ Um flókna sögu þessa fornafns sjá Hrein Benediktsson 1987.

⁶⁵⁸ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:89.

⁶⁵⁹ Valtýr Guðmundsson 1922:88 [§189, aths. 1]: „Adjektivet *ýmis(s)* forskellig sammentrækkes som Regel i alle Kasus udenfor N. Sg., ogsaa i D. og G. Sg. Huk. og G. Pl. (*ýms-ri*, *ýms-rar*, *ýms-ra*), hvor dog usammentrukne Former kan forekomme i Skriftsproget. Men forøvrigt bruges dette Ord, med Undtagelse af Ik., meget sjælden i Sg., hvor det sædvanlig erstattes af *ýmislegur* eller det ubøjelige *ýmiskonar*.“

⁶⁶⁰ Önnur dæmi um að annar stofn sé í hk. et. nf./þf. en öðrum föllum er til að mynda hk. et. nf./þf. *þetta* af fornafrninu *þessi*. Elsta dæmið sem Hreinn Benediktsson (1987 (10):13) tilgreinir um samandregið hvorugkynsform í þessum föllum („ymft“) er í orðabók Jóns Ólafssonar úr Grunnavík (*Lexicon Islandico-Latinum*) frá um 1730.

93, *ymsa* 'jmsa' 99, *ymsa* 'jmsa' 113, *ymsan* 'jmsan' 115, *ymsar* 'jmsar' 115, *ymsir* 'jmsir' 125, *ymsan* 'jmsann' 130, *ymsa* 'jmsa' 143, *ymsum* 'jmsum' 157, *ymsu* 'jmsu' 173, *ymsum* 'jmsumm' 183, *ymsa* 'jmsa' 185, *ymsar* 'jmsar' 198, *ymsir* 'jmsir' 201, *ymsa* 'jm|sa' 205, *ymsa* 'jmsa' 260, *ymsar* 'jmsar' 262, *ymsum* 'jmsum' 280, *ymsum* 'jmsum' 309, *ymsa* 'jmsa' 326, *ymsa* 'jmsa' 330, *ymsu* 'jmsu' 335.

Við fyrstu sýn virðist beyging *ymiss* í JStgrÆv vera gott dæmi það hversu ósnortinn Jón Steingrímsson var af málhreinsunarstefnunni. Á það ber hins vegar að líta að ekki er vitað til þess að málhreinsunarform af orðinu *ymis* hafi komið upp, eins og áður sagði, fyrr en seint á 18. öld. Jón Steingrímsson hefði því varla haft tæk á að tileinka sér málhreinsun sem snertir þetta atriði áður en hann ritaði JStgrÆv. Það er athyglisvert að í öllum dæmum um þetta fornafn í JStgrÆv er rótarsérhljóðið ritað með 'j' eða 'i' en ekki 'ij' eða 'y'. Slík ritun virðist því vera föst ritvenja hjá Jóni. Ólíklegt er að þetta standi fyrir [ɪ]-fram-
burð rótarsérhljóðsins.

Beygingardæmi *ymis* í JStgrÆv:

	et.			ft.		
	kk.	kvk.	hk.	kk.	kvk.	hk.
nf.			y ^m ist	y ^m sir	y ^m sar	
þf.	y ^m san	y ^m sa		y ^m sa	y ^m sar	y ^m s
þgf.	y ^m sum		y ^m su		y ^m sum	
ef.					y ^m sra	

3.5 Sagnir

3.5.1 Sagnendingar

Sagnendingar í JStgrÆv eru almennt þær sömu og í nísl. með fáum undantekningum. Í þessari töflu er samanburður á sagnendingum í framsöguhætti í físl., JStgrÆv og nísl. Eingöngu eru tiltekna endingar í JStgrÆv og nísl. ef þær eru frábrugðnar endingum í físl. eða nísl.

	físl.	JStgrÆv	nísl.
<i>Sterkar sagnir</i>			
1. p. et. nt. frsh.	- Ø		
2. p. et. nt. frsh.	-r	-r	-rð
3. p. et. nt. frsh.	-r		
1. p. ft. nt. frsh.	-um		
2. p. ft. nt. frsh.	-ið		
3. p. ft. nt. frsh.	-a		
<i>Veikar sagnir</i>			
1. p. et. þt. frsh.	-Ø		
2. p. et. þt. frsh.	-t	-st	-st
3. p. et. þt. frsh.	-Ø		
1. p. ft. þt. frsh.	-um		
2. p. ft. þt. frsh.	-uð		
3. p. ft. þt. frsh.	-u		
<i>Veikar sagnir</i>			
1. p. et. nt. frsh.	-a, -Ø, -i		
2. p. et. nt. frsh.	-ar, -r, -ir		
3. p. et. nt. frsh.	-ar, -r, -ir		
1. p. ft. nt. frsh.	-um, -jum		
2. p. ft. nt. frsh.	-ið		
3. p. ft. nt. frsh.	-a, -ja		
1. p. et. þt. frsh.	-a	-i, -a	-i
2. p. et. þt. frsh.	-ir		
3. p. et. þt. frsh.	-i		
1. p. ft. þt. frsh.	-um		
2. p. ft. þt. frsh.	-uð		
3. p. ft. þt. frsh.	-u		

3.5.1.1 Nútíð framsöguháttar

Sterku sagnirnar *hrökkva*, *höggva*, *slökkva*, *stökkva* og *sökkva*, höfðu langt fram eftir öldum yfirleitt /ö/ sem rótarsérhljóð í nútíð eintölu, t.d. *hrökkur*, *höggur*, *slökkur*, *stökkur*, *sökkur*. Þessar myndir fengu hins vegar oft síðar /e/, t.d. *hrekur*, vegna áhrifsbreytinga frá nútíðarmyndum annarra sagna sem höfðu þar /e/.⁶⁶¹ Tvímyndir hafa þó tíðkast allt fram á okkar daga af þessum sögnum.⁶⁶² Í GBibl (Bandle 1956:80) koma t.d. fyrir myndirnar *hrökkur*, *slökkur*, *stökkur*, *höggur*. Í RM eru miklu fleiri dæmi um *högg(ur)*⁶⁶³ en *hegg(ur)* af so. *höggva* og engin dæmi um afkringd form fyrr en á 19. öld.⁶⁶⁴ Valtýr Guðmundsson (1922:120, 128 [§245, 266]) segir að sums staðar („I enkelte Egne“) komi fyrir myndir með /ö/ í 2. og 3. p. et. nt.

Í JStgrÆv eru þrjú dæmi um ö-myndir í 3. p. et. nt. sagna af þessum flokki og engin með ‘e’. Það er því ljóst að slíkar ö-nútíðarmyndir hafa verið lifandi mál hjá Jóni Steingrímssyni:

/hrökkur/: *hrökkur* ‘hrockur’ 215, *hrökkur* ‘hróckur’ 320.
/stökkur/: *stökkur* ‘stockur’ 320.

2. p. et. nt.

Sterkar og veikar sagnir með stofn sem endaði á *-r* (t.d. *bera*), *-s* (t.d. *ausa*) eða sérhljóði (t.d. *fá*) höfðu endinguna *-r* eða *-s* í 2. p. et. nt. frsh. í físl. Á 15. öld styttist /rr/ og /ss/ almennt í bakstöðu (sjá nánari greinargerð í undirköflum 2.2.13 og 2.2.14). Slík stytting varð einnig í 2. og 3. p. et., t.d. *eyss* > *eys*, sem leiddi til þess að allar myndir í et. nt. af þessum sögnum urðu eins. Á 18. öld kom síðan upp ný ending í 2. p. et. nt., þ.e. *-ð* eða *-t*. Hjá so. með /r/ í stofni bættist við *-ð* og hjá so. með /s/ í stofni *-t*.⁶⁶⁵ Hér er yfirlit yfir þróun eintöluunnar hjá þessum sögnum:

Físl.	so. <i>bera</i>	so. <i>ausa</i>	so. <i>fá</i>
1. p. et. nt.	ber	eys	fæ
2. p. et. nt.	berr > ber → berð	eyss > eys → eyst	fær → færð
3. p. et. nt.	berr > ber	eyss > eys	fær

⁶⁶¹ Sjá Leijström 1934 og Björn K. Þórólfsson 1925:xix: „Einnig virðist svo, sem *e* hafi ekki fyr en á síðustu öldum orðið einhaft í eintölu nútíðar framsh. af sögnum með ö í (nútíðar)-rótinni (*hrökkva*, *höggva*, *slökkva*).“ Sjá einnig Björn K. Þórólfsson (1925:60): „Í eintölu nútíðar eru langalgengastar hinar gömlu myndir með *ø*, og koma þær oft fyrir í rímum; þó: *heggur* (3. pers. et. ritað *höggr*): *leggur* Dám. IV, 36.“

⁶⁶² Sjá Noreen 1923:107 [§119] og Kristján Árnason 1992.

⁶⁶³ /högg-/ (28 dæmi í RM, 17m–19s), t.d. ‘höggur’ HPFlór XVI, 88 (17m), ‘höggur’ KolbGrSvr VIII, 64 (17ms).

⁶⁶⁴ /hegg-/ (12 dæmi í RM, 19m–19s), t.d. ‘heggur’ JÁÞj II, 312 (19m).

⁶⁶⁵ Ýtarlegasta umfjöllunin um þessa breytingu er hjá Orešnik 1980.

Þessi nýja ending, *-ð (-t)*, á rætur að rekja til annarrar persónu fornafnsins *þú*. Frá elstu tíð komu fyrir samrunamyndir eins og *lestu, ferðu*. Fornafninu *þú* var stundum skeytt við sagnir í 2. p. et. og það varð að lokum hluti af stofni þeirra (*ber þú > berð (þú)*). Eftir að /rr/ og /ss/ styttust í físl. urðu 2. og 3. p. et. eins hjá þessum sögnum og þörf var á að aðgreina þessar myndir betur. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:89) eru engin dæmi um /ð/ á eftir /r, s/, t.d. ‘þu fer’ Matt. 8¹⁹, 22¹⁶, og ekki heldur í GBibl (Bandle 1956:379). Björn K. Þórólfs-son (1925:112) segir að þessi breyting komi ekki upp fyrr en eftir 1700 og sé því ein af fáum breytingum sem líklega eigi uppruna sinn að rekja til 18. aldar. Valtýr Guðmundsson (1922:156 [§354, a]) segir að mynd 2. p. et. nt. frsh. af so. sem enda á /r/ endi alltaf á *-rð* og á *-st* hjá so. sem enda á /s/. Í nísl. er því samkvæmt honum búið að alhæfa þessar myndir hjá slíkum sögnum.

Engin dæmi eru um nýju endinguna í JStgrÆv heldur koma eingöngu fyrir upprunalegar myndir: *meðan þú fer* ‘fer’ út í 65, *þú fær* ‘fær’ 203, *Þú fær* ‘fær’ *ekkert tal af henni* 233 o.s.frv. Samkvæmt framantöldu hefði alveg eins mátt búast við að dæmi um nýju endingarnar kæmu fyrir í JStgrÆv en þær gera það hins vegar ekki.

3. p. et. nt.

So. *þyk(k)ja* var í físl. oft *þyk(k)i* í 3. p. et. (sérstaklega á undan *mér* og *þér*) í stað *þyk(k)ir*.⁶⁶⁶ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:89) koma bæði formin fyrir, t.d. ‘þycki mier’ Jak. form. og ‘mier þicker’ Jak. form. og einnig í GBibl (Bandle 1956:380), t.d. ‘þijke mier’ IV Kg 9,20.

Í JStgrÆv eru ýmis dæmi um formið *þyki* og ekki eingöngu á undan *mér* og *þér* heldur einnig á undan *honum* og í enda setningar: *þyki* ‘þike’ *mér* 114, *Þyki* ‘þike’ *mér* 116, *Mér þyki* ‘þike’ 116, *þyki* ‘þike’ *þér* 153, *Þyki* ‘þike’ *honum* 195, *Þyki* ‘þike’ *mér* 201, *Þyki* ‘þike’ *mér* 202, *Mér þyki* ‘þike’ 203, *þyki* ‘þike’ *mér* 203, *þyki* ‘þike’ *honum* 298, *þyki* ‘þike’ 336.

Óstytt form koma þó einnig fyrir: *Þykir* ‘þiker’ *oss* 131, *Mér þykir* ‘þiker’ 134, *þykir* ‘þiker’ *mér* 163, *þykir* ‘þiker’ *hönum* 238, *þykir* ‘þiker’ 294, *þykir* ‘þiker’ 325.

2. p. ft. nt.

Í físl. féll endingin *-ð* í 2. p. ft. nt. oft brott á undan pfn. *þér* og *þið*, t.d. *fari þér* (f. *farið þér*).⁶⁶⁷ Tvö tannbergsmælt öngljóð mætast þarna og hið fyrra fellur brott (*-ð# #þ- > # #þ-*) eða verður ógreinilegt í framburði. Dæmi er um slíka ritun í GBibl (Bandle 1956:380), t.d. ‘giøre þid’ II Mos 1,18.

⁶⁶⁶ Sjá Noreen 1923:358 [§531, aths. 5] og Harald Bernharðsson 2004.

⁶⁶⁷ Sjá Noreen 1923:311 [§465, aths. 5] og Heusler 1977:104 [§343, 3].

Í JStgrÆv er eitt dæmi um slíkt brottfall á *-ð* á undan þér: *nú eigi þér* ‘nu eige þier’ 335 (í stað *nú eigið þér*).

Annars staðar í JStgrÆv helst *-ð* hins vegar:

/-ð#þið/: *hafid þið* ‘hafed þid’ 1, *munuð þið* ‘munud þid’ 2, *Sjáid þið* ‘siaed | þid’ 6, *sjáid þið* ‘siaed | þid’ 35, *munduð þið* ‘mundud þid’ 63, *Heyrið þi[ð]* ‘heired þi[d]’ 70, *hafid þið* ‘hafed þid’ 92, *hafid þið* ‘hafed þid’ 123, *Skammist þið* ‘Skammest þid’ 135, *takið þið* ‘taked | þid’ 186, *Áttuð þið* ‘attud þid’ 198, *munuð þið* ‘munud þid’ 302.

/-ð#þér/: *farið þér* ‘fa`r`ed þier’ 44, *komið þér* ‘komed þier’ 140, *látið þér* ‘läted þier’ 150, *Verið þér* ‘Vered þier’ 204, *segið þér* ‘seged þier’ 324.

Líklegt er að *-ð* hafi verið veikt hljóð í þessu umhverfi og hafi jafnvel alveg fallið brott í framburði og þá einnig hjá Jóni. Hér virðist hins vegar ritmálshefð ráða miklu um að *-ð* er samt sem áður táknað í JStgrÆv.

3.5.1.2 Þátíð framsöguháttar

1. p. et. þt.

Upprunaleg ending 1. p. et. þt. veikra sagna var *-a*. Um 1300 kom þar upp ný ending, *-i*, sem var orðin algengari en upprunaleg ending á 15. öld.⁶⁶⁸ Veikar sagnir í 1. p. et. í þátíð enda ýmist á *-a* eða *-i* í NtOG (Jón Helgason 1929a:89–90), t.d. ‘eg bifalada’ Tít. 1⁵ en ‘eg gadi at’ Opínb. 5⁶, og virðist endingin *-i* frekar vera notuð þegar pfn. fer á eftir. Í GBibl (Bandle 1956:380–381) koma einnig báðar endingarnar fyrir. Hjá *ō*-sögnum er þar nær alltaf *-i* og einnig hjá núþálegum sögnum en hjá öðrum veikum sögnum er endingin *-i* ekki mikið algengari en *-a*. Leifar gömlu endingarinnar finnast jafnvel enn á 20. öld.⁶⁶⁹ Óljóst er hvað veldur því að upprunalegar myndir lifðu svo lengi sums staðar. Ólíklegt er að málhreinsun eigi þar hlut að máli og veit ég þess engin dæmi að lögð hafi verið áhersla á að varðveita fornu *a*-endinguna í ritum málhreinsunarmanna.

⁶⁶⁸ Sjá Björn K. Þórolfsson 1925:61 og Noreen 1923:361 [§534, 1].

⁶⁶⁹ Sjá Björn K. Þórolfsson 1925:61, 116 og Cleasby og Vigfusson 1874:2: „In the south of Iceland however (Reykjavík, the Árnes and Gullbringusýsla) the old forms are still frequently heard in bisyllabic preterites, esp. *ek vilda, sagða, hafða*, and are also employed in writing by natives of those districts.“ Jóhannes L.L. Jóhannsson (1923:213) heldur því einnig fram að þessar myndir hafi enn verið lifandi í talmáli á f.hl. 20. aldar: „Annars má geta þess að höf. forðast ofmjög að geta um fornar beygingarmyndir, sem enn eru þó tór-andi í talmáli sumra héraða t. d. *hafða, sagða* o. s. frv. (Árnessýsla) og einkum 3. pers. fl. viðth. í þát. *þeir hefði, tæki, vari, vildi* o. s. frv. sem alloft heyrist í tali og líka tíðkast nokkuð í bókmáli.“ Björn Magnússon Ólsen (1882:276) minnst einnig á þessa beygingu: „[...] übrigens hört man auch bisweilen in einigen Gegenden die alten Formen, namentlich im Präteritum des Verbum *segja*, wenn das Pron. der 1. Person nachgesetzt wird (*sagða jeg*).“

Í JStgrÆv eru tvö dæmi um gömlu beyginguna: *ásamt byggða* ‘bigða’ eg 175, *nefnda* ‘nefnda’ eg við hann 191. Annars er alltaf *-i*, t.d. *byggði* ‘bigde’ 113, *hleypti* ‘hleiffte’ 113, *Brúkaði* ‘brukade’ 113, *setti* ‘sette’ 113, *Talaði* ‘talade’ 113, *Bæti* ‘bæte’ 114, *afhendi* ‘afhende’ 114, *trúi* ‘true’ 114, *hafði* ‘hafde’ 116, *hafði* ‘hafde’ 116, *ályktaði* ‘aliktade’ 117, *þoli* ‘pole’ 118 o.s.frv.

2. p. et. þt.

Ending 2. p. et. í þátíð sterkra sagna var í fornu máli *-t* (t.d. *tókt* af *taka*) eða *-tt* ef sagnstofninn endaði á sérhljóði (t.d. *sátt* af *sjá*).⁶⁷⁰ Það var eingöngu ef rótin endaði á *-t* eða *-s* sem 2. p. et. þt. endaði á *-st*, t.d. *brauzt*, *blést* af so. *brjóta*, *blása*. Á f.hl. sextánda aldar var hins vegar farið að nota endinguna *-st* í 2. p. et. þt. hjá öðrum sterkum sögnum en þar sem það var upprunalegt, t.d. *tókst* (fyrir eldra *tókt*) af so. *taka*. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:90) hafa sterkar sagnir ýmist *-t* eða *-st* í 2. p. et. þt., t.d. ‘giecktu’ Matt. 22¹² en hins vegar ‘þu drapst’ Post. 7²⁸. Í GBibl (Bandle 1956:383) er nýja *st*-endingin orðin algengari og eftir 1600 verður hún mjög algeng. Upprunalegar myndir með *t*-endingu lifa þó langt fram á 17. öld.⁶⁷¹

Í JStgrÆv er alltaf nýja endingin *-st* í 2. p. et. þt. af sterkum sögnum: *Illu fórst* ‘forst’ þú 33, *þú varst* ‘varst’ 98, *þú varst* ‘varst’ 144, *þú sást* ‘sast’ 151, *þú fórst* ‘forst’ 153, *þú varst* ‘varst’ 341, *þú varst* ‘varst’ 344.

3.5.1.3 Viðtengingarháttur

Í físl. voru endingar viðtengingarháttar í nútíð og þátíð þessar:⁶⁷²

1. p. et. vh.	-a
2. p. et. vh.	-ir
3. p. et. vh.	-i
1. p. ft. vh.	-im
2. p. ft. vh.	-ið
3. p. ft. vh.	-i

Ýmsar breytingar hafa orðið á þessum endingum í síðari tíma íslensku og verða þær raktar hér á eftir.⁶⁷³

⁶⁷⁰ Björn K. Þórolfsson 1925:111–112 og Bandle 1956:382–383.

⁶⁷¹ Björn K. Þórolfsson 1925:111og Jón Þorkelsson 1888–1894:5.

⁶⁷² Sjá t.d. Noreen 1923:363 [§535].

⁶⁷³ Halldór Ármann Sigurðsson (1980) ritaði námsritgerð um endingar viðtengingarháttar á síðari öldum.

1. p. et. *vh.*

Í stað upprunalegu endingarinnar *-a* í 1. p. et. nt./þt. *vh.* kom upp um 1300 endingin *-i*.⁶⁷⁴ Þetta var á svipuðu skeiði og *-i* í 1. p. et. þt. frsh. af veikum sögnum kom til skjalanna. Ending 1. p. et. nt./þt. *vh.* er ýmist *-a* eða *-i* í NtOG (Jón Helgason 1929a:90), t.d. ‘eg skyllða’ Matt. 15⁵ en hins vegar ‘ef eg væri eigi komenn’ Jóh. 15²². Jón Helgason (1929a:90) segir að engin dæmi séu um þessa endingu hjá *ō*-sögnum í NtOG. Í GBibl (Bandle 1956:383) er nær alltaf *-a* í 1. p. í nútíð *vh.* og aðeins örfá dæmi eru um endinguna *-i*. Hún er hins vegar algengari í 1. p. et. þt. *vh.* í GBibl og nær einhöfð með *ō*-sögnum, t.d. ‘þott að eg ræfæde i myrkuum (daudans) Dal [...]’ Psalt 23,4. Bandle (1956:384) telur að *-a* hafi dáið út jafnvel tveimur öldum fyrr í nt. *vh.* en í þt. og að *-a* í þt. et. frsh. veikra sagna hafi hjálpað til við að varðveita *-a* í 1. p. þt. *vh.* Í þýðingu Jóns úr Grunnavík á Nikulási Klím á 18. öld eru enn þá varðveitt dæmi um fornu endinguna *-a*.⁶⁷⁵

Í JStgrÆv er eitt dæmi um gömlu endinguna: *skylda eg* ‘skylda eg’ 77 en annars er alltaf nýja *i*-endingin, sbr. þessar myndir af so. *munu* og *skulu*:

1. p. et. nt. /muni/: *muni* 94, *muni* 96, *muni* 106, *muni* 198, *muni* 245, *muni* 257, *muni* 295.

1. p. et. nt. /skuli/: *skuli* 27, *skuli* 61, *skuli* 83, *skuli* 96, *skuli* 142, *skuli* 142, *skuli* 209, *skuli* 215, *skuli* 230, *skuli* 231, *skuli* 238, *skuli* 241, *skuli* 300.

1. p. et. þt. /myndi/: *myndi* 8, *myndi* 30, *myndi* 98.

1. p. et. þt. /mundi/: *mundi* 26, *mundi* 30, *mundi* 38, *mundi* 57, *mundi* 75, *mundi* 86, *mundi* 117, *mundi* 124, *mundi* 142, *mundi* 142, *mundi* 151, *mundi* 164, *mundi* 164, *mundi* 164, *mundi* 176, *mundi* 199, *mundi* 202, *mundi* 202, *mundi* 212, *mundi* 214, *mundi* 229, *mundi* 236, *mundi* 242, *mundi* 243, *mundi* 257, *mundi* 261, *mundi* 267, *mundi* 274, *mundi* 276, *mundi* 277, *mundi* 291, *mundi* 301, *mundi* 306, *mundi* 308, *mundi* 309, *mundi* 317, *mundi* 319, *mundi* 328, *mundi* 333, *mundi* 342.

1. p. et. þt. /skyldi/: *skyldi* 3, *skyldi* 9, *skyldi* 17, *skyldi* 25, *skyldi* 30, *skyldi* 31, *skyldi* 36, *skyldi* 42, *skyldi* 54, *skyldi* 55, *skyldi* 57, *skyldi* 58, *skyldi* 64, *skyldi* 67, *skyldi* 76, *skyldi* 77, *skyldi* 77, *skyldi* 77, *skyldi* 77, *skyldi* 77, *skyldi* 90, *skyldi* 101, *skyldi* 104, *skyldi* 107, *skyldi* 112, *skyldi* 116, *skyldi* 125, *skyldi* 133, *skyldi* 136, *skyldi* 142, *skyldi* 148, *skyldi* 150, *skyldi* 157, *skyldi* 160, *skyldi* 180, *skyldi* 192,

⁶⁷⁴ Sjá Jón Þorkelsson 1887:35 o.áfr., Björn K. Þórólfsson 1925:55 og Noreen 1923:363–364 [§536, 1].

⁶⁷⁵ Sjá Jón Helgason 1948:308. Björn K. Þórólfsson (1925:110) segir þetta um langlífi *a*-endingarinnar: „Af gömlu endingunum hafa *a* og *i* (1. pers. et. nút. og þát., 3. pers. flt. þát.) varðveitst lengst; þær eru báðar tíðhafðar í riti fram um 1700. Endingin *i* hefur líka lifað í daglegu máli einhversstaðar á [svo] langt fram á 19. öld; sjá Björn M. Olsen Germania XXVII, 277. Hinar gömlu endingarnar eru líklega dauðar með öllu í byrjun 17. aldar.“

skyldi 192, *skyldi* 206, *skyldi* 211, *skyldi* 213, *skyldi* 227, *skyldi* 234, *skyldi* 237, *skyldi* 240, *skyldi* 242, *skyldi* 273, *skyldi* 275, *skyldi* 276, *skyldi* 278, *skyldi* 297, *skyldi* 308, *skyldi* 315, *skyldi* 332.

Endingar fleirtölu í viðtengingarhætti

Þegar í elstu handritum eru dæmi um að endingar fleirtölu framsöguháttar séu einnig notaðar í fleirtölumyndum viðtengingarháttar af so. *munu* og *skulu*.⁶⁷⁶ Síðar gerist þetta í öðrum sögnum. Gömlu endingarnar voru: *-im* (1. p. ft.), *-ið* (2. p. ft.), *-i* (3. p. ft.) og voru sömu endingar í fleirtölu af nútíð og þátíð viðtengingarháttar. Nýju endingarnar koma fyrst upp í 1. p. ft. nt. og þt. og síðan í 2. og 3. p. ft. þt. á fyrri helmingi 14. aldar og verða algengar á 15. öld.⁶⁷⁷ Gömlu endingarnar hverfa síðan alveg, fyrst í 1. p. ft. nt. og þt.⁶⁷⁸ Hvorki eru dæmi um fornu endinguna *-im* í 1. p. ft. viðtengingarháttar í NtOG né GBibl heldur er alltaf *-um*.⁶⁷⁹ Hins vegar kemur einu sinni fyrir endingin *-i* (< *-im*) á undan fornafni í NtOG (Jón Helgason 1929a:91), ‘suo sem hefði við’ Post. 3¹².

Í 2. p. ft. þátíðar í viðtengingarhætti er í GBibl (Bandle 1956:385) nær alltaf nýja endingin *-uð* en nokkur dæmi eru um gömlu endinguna *-ið* (aðeins algengari en *-uð* með núþálegum sögnum), t.d. ‘So þier kunnid’ III Mos 11,47.

3. p. ft. þátíðar í viðtengingarhætti endar ýmist á *-i* eða *-u* í NtOG (Jón Helgason 1929a:91), t.d. ‘at þeir færi’ Matt. 8¹⁸ en ‘at þeir kaustudu’ Jóh. 8⁵⁹. Gamla endingin *-i* er einnig algeng í GBibl (Bandle 195:385) nema hjá *ō*-sögnum sem hafa alltaf *-u*. Endingin *-i* er einnig algeng hjá núþálegum sögnum. Björn Magnússon Ólsen segir að við lok 19. aldar finnist gamla endingin *-i* enn þá í málinu.⁶⁸⁰

⁶⁷⁶ Sjá Jón Þorkelsson 1887:27 o.áfr.

⁶⁷⁷ Sjá Noreen 1923:364 [§536, 2], Björn K. Þórólfsson 1925:55 og Jón Þorkelsson 1887:39 o.áfr.

⁶⁷⁸ Jón Þorkelsson 1887:63: „Af þeim dæmum, sem til eru færð hér að framan, má sjá, að breytingin hefir orðið fyrst í 1. persónu eintölu nútíðar og þátíðar, þar næst í 1. persónu fleirtölu í hinum sömu tíðum og síðast í 2. og 3. persónu fleirtölu í þátíð. Endingin *-im* í 1. persónu fleirtölu virðist vera gjörsamlega horfin úr málinu um árið 1500, og eg ætla, að eg megi fullyrða, að hún finnist eigi í Nýja Testamenti Odds Gottskálkssonar, sem prentað er 1540. Í 3. persónu fleirtölu þátíðar hefir endingin *-i* lengi haldist samhliða við hina nýju endingu *-u*, og finst hún t. d. í vísnaðókinni, er prentuð er 1612: Þo fyrstu Hionen feinge | faarlegt Audnubann 99²⁶. Þui eg kenna þetta Raad | sem þörf er ad aller feinge gad 13⁵⁸. A Susans Slote er sagt og tiad | so være vt vm Löndenn skrad | ad Gydingar feinge af Niflung Naad | nogan styrk med fullre Daad 160⁵.“

⁶⁷⁹ Sjá Jón Helgason 1929a:91 og Bandle 1956:385.

⁶⁸⁰ Björn Magnússon Ólsen 1882:277: „Auch durfte der Verf. die Thatsache nicht übergehen, daß die 3. Person Plur. Prät. Conj. nicht ganz das alte *i* eingebüßt hat, indem man hier zuweilen die alten Formen (*byndi, væri, færi* etc.) in der Volkssprache hört.“

Lengst lifir forn ending viðtengingarháttar því í 3. p. ft. þt., þ.e. *-i*. Þar tórir hún langt fram eftir öldum og jafnvel eru enn leifar um hana á fyrri hluta 20. aldar.⁶⁸¹

Í JStgrÆv hef ég fundið tvö dæmi um forna endingu í 3. p. ft. þt. í viðtengingarhætti: *svo mikið sem tilætlaðir hestar hans gæti* ‘giæte’ borið 6, *að auðséd var þau mundi* ‘munde’ flestöll, *ef ei öll, úreldast og gleymast* 283.

Annars eru alltaf notaðar í JStgrÆv nýjar endingar í viðtengingarhætti, *-um, -uð, -u*: *ef þeir hefðu* ‘hefdu’ *trúna* 145, *í öllu því við gætum* ‘giætum’ 161, *ef þeir hefðu* ‘hefdu’ *viljað* 294 o.s.frv.

Endingar viðtengingarháttar í JStgrÆv

1. p. et. vh.	-i (-a)
2. p. et. vh.	-ir
3. p. et. vh.	-i
1. p. ft. vh.	-um
2. p. ft. vh.	-uð
3. p. ft. vh.	-u (-i)

3.5.1.4 Boðháttur

Frá því í físl. hefur verið algengt að skeyta persónufornafninu *þú* (*-ðu, -tu*) aftan við boðhátt ýmissa sagna. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:92) kemur t.d. fyrir boðháttarmyndin ‘lattu’ Matt. 5²⁴.

Í JStgrÆv koma fyrir eftirfarandi dæmi um samrunaform: *Snúðu* ‘snudu’ 55, *hafðu* ‘hafdu’ 76, *fáðu* ‘fadü’ 92, *Taktu* ‘taktu’ 93, *láttu* ‘lattu’ 95, *Vertu* ‘vertu’ 98, *taktu* ‘taktu’ 98, *óttastu* ‘ottastu’ 98, *Leggðu* ‘legdu’ 106, *Hafðu* ‘hafdu’ 116, *varastu* ‘varastu’ 117, *Varastu* ‘varastu’ 117, *Sjáðu* ‘siadu’ 128, *rittu* ‘ridtu’ 128, *Sjáðu* ‘siadu’ 135, *Óttastu* ‘ottastu’ 163, *Farðu* ‘fardu’ 228, *Gjörðu* ‘giórdu’ 246, *virtu* ‘vyrdu’ 263, *leggðu* ‘legdu’ 265, *minnstu* ‘mynstu’ 265, *Gráttu* ‘grattu’ 270, *vertu* ‘vertu’ 272, *minnstu* ‘minstu’ 302, *Gefðu* ‘giefdu’ 308, *Farðu* ‘fardu’ 319, *varastu* ‘varastu’ 322, *Gjörðu* ‘giordu’ 335, *Ljúgðu* ‘liugdu’ 341, *Farðu* ‘fardu’ 342, *vertu* ‘vertu’ 344.

Einnig koma fyrir ýmis dæmi um að *þú* falli ekki saman við undanfarandi boðhátt: *bið þú* ‘bid þú’ 65, *snakka þú* ‘snackccka [svo] þu’ 72, *fá þú* ‘fa þu’ 88, *Far þú* ‘far þu’ 92, *Hafþú* ‘haf þu’ 111, *segþú* ‘seig þü’ 182, *Ríð þú* ‘rid þu’ 202, *Far þú* ‘far | þu’ 210, *Vert þú* ‘vert þu’ 313, *Segþú* ‘seig þu’ 315, *Send þú* ‘send þu’ 344.

⁶⁸¹ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:110, Björn Magnússon Ólsen 1882:277 og Jóhannes L.L. Jóhannsson 1923:213: „Annars má geta þess að höf. forðast ofmjög að geta um fornar beygingarmyndir, sem enn eru þó tórandi í talmáli sumra héraða [...] og einkum 3. pers. fl. viðth. í þát. þeir hefði, tæki, væri, vildi o. s. frv. sem alloft heyrir í tali og líka tíðkast nokkuð í bókmáli.“

Víxlmyndir í boðhætti

Hjá sterkum sögnum með rótarsamhljóðin *nd*, *ng* í físl. varð stundum frekari tillíking í boðhætti þannig að stofninn varð þar *tt*, *kk*, t.d. bh. *stikk*, *bitt*. Þegar í físl. komu einnig fyrir hliðarmyndir með *ld* í boðhætti af so. með *ld* í stofni, t.d. bh. *gjald* (f. *gjalt* af so. *gjalda*), vegna áhrifa frá öðrum myndum í beygingardæminu.⁶⁸² Ýmsar slíkar tvímyndir tíðkuðust í málinu fram eftir öldum.⁶⁸³ Í NtOG⁶⁸⁴ og GBibl⁶⁸⁵ koma fyrir tvímyndir af nokkrum slíkum sögnum. Ýmis dæmi eru einnig í RM um slíkar hliðarmyndir í boðhætti: *bitt* (bh. af so. *binda*),⁶⁸⁶ *gakk*,⁶⁸⁷ *gang*,⁶⁸⁸ *gakkту*,⁶⁸⁹ *gáttu* (bh. af so. *ganga*),⁶⁹⁰ *hang* (bh. af so. *hanga*),⁶⁹¹ *hrind* (og einnig í nísl. *hritt*,⁶⁹² bh. af so. *hrinda*),⁶⁹³ *stikk*,⁶⁹⁴ *sting* (bh. af so. *stinga*). Valtýr Guðmundsson (1922:159–160 [§358, a]) segir að í nísl. hafi þrjár sagnir *tt*-boðháttinn, *binda*, *standa* og *vinda*, og auk þess *hrinda* stundum. Annars haldist *nd* í stofni óbreytt í boðhætti.⁶⁹⁵ Valtýr segir einnig

⁶⁸² Sjá Noreen 1923:161 [§220].

⁶⁸³ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:110–111.

⁶⁸⁴ Sbr. þessi dæmi hjá Jóni Helgasyni 1929a:92 [§148]: ‘giallt’, t.d. Matt. 18²⁸, ‘gyrt þig’ Post. 12⁸, ‘hallt’, t.d. Matt. 18¹⁷, ‘vert’ Matt. 8³, ‘virt’ Hebr. 12⁵.

⁶⁸⁵ Sbr. þessi dæmi í GBibl (Bandle 1956:387–388): ‘hallt’ II Kg 24,16 og ‘halld’ Pred 12,15; ‘Giallt’ Matth 18,28 og ‘gialld’ Tob 4,15; ‘Statt’ I Mos 21,18.

⁶⁸⁶ Bh. *bitt* (2 dæmi, 16s–19fm): ‘Bitt’ Es 8,8, ‘bitt’ GuðbrÞorlBibl Jer 51, 63 (16s), ‘bitt’ Od, 85 (19fm).

⁶⁸⁷ Bh. *gakk* (11 dæmi, 1550–19m), t.d. ‘Gack’ I Mos 7,1 o.s.frv. ‘gack’ DI XII, 160 (1550) (16m), ‘gack’ OGottNýjat, Matt, 9 5 (16m), ‘gack’ Eintal, 206 (16s), ‘gack’ GuðbrÞorlBibl, 1Mós, 17 1 (16s), ‘Gack’ LassBæn, 6v (17s), ‘gakk’ ÞTEyfs II, 184 (18. öld), ‘gack’ JMagnHúst, 167 (18m), *‘Gack’ MStVin, 52 (JÞorl) (18s19f), ‘Gakk’ GJ, 117 (19f), ‘gakk’ JThSk II, 194 (19m), ‘gakk’ Viðbibl Mt 9, 5 (19m).

⁶⁸⁸ Bh. *gang* (1 dæmi): ‘gang’ Svartkb, 62 (16s17f).

⁶⁸⁹ Bh. *gakkту* (3 dæmi, 18–19s2of): *‘gakkту’ JSamsKD II, 165 (18. öld), ‘Gakkту’ JHall II, 128 (19m), ‘Gakkту’ SGStBR IV, 397 (19s2of).

⁶⁹⁰ Bh. *gáttu* (6 dæmi, 18–19s2of): *‘Gáttu’ JSamsKD II, 127 (18. öld), *‘Gáttu’ GBrLj, 18 (19ms), ‘Gáttu’ HBriemEnsk, 118 (19s), ‘gáttu’ Sunnf VI, 16 (19s), *‘gáttu’ ÓDavÞj III, 381 (19s), *‘gáttu’ ÞErlRit II, 269 (19s2of).

⁶⁹¹ Bh. *hang* (1 dæmi): ‘hang’ Syr 9 R (= nísl.)

⁶⁹² Sjá Sigfús Blöndal 1920–1924:357 og Valtý Guðmundsson 1922:160 [§358, a]. Í RM er þetta dæmi um bh. *hritt*: *‘hritt’ AM 148 8vo, 114v (1676–1677).

⁶⁹³ Bh. *hrind* (1 dæmi, 16): ‘hrind’ Syr 38,26.

⁶⁹⁴ Í físl. kemur fyrir bh. *stikk* af þessari sögn, t.d. í handritinu Morkinskinnu (GKS 1009 fol., c1275, Finnur Jónsson 1932:362²²). Boðháttur af sögninni *stinga* er *stikkту* í NtOG (Jón Helgason 1929a:92 [§148]) ‘sticktu’ (Jóh. 18,11) og GBibl (Bandle 1956:388): ‘Stiktu’ II Mos 4,6. Síðan eru engin dæmi um þennan boðhátt (*stikkту*) fyrr en á 19. öld í RM: ‘stíktu’ Austurl III, 217 (19. öld), ‘Stíktu’ GJ, 322 (19f), ‘stikkту’ GVf V, 100 (19m), ‘Stikkту’ JÁÞj V, 18 (19m), ‘Stíktu’ JÁÞj V, 13 (19m), ‘stíktu’ Viðbibl 2M 4, 6 (19m), ‘stikkту’ Þjóð 1851, 246 (19m), ‘Stikkту’ Þjóð 1848, 16 (19m).

⁶⁹⁵ Valtýr Guðmundsson 1922:159–160 [§358, a]: „I tre Verber med **nd** i Stammen (*bind-a*, *stand-a*, *vind-a*) samt delvis et fjerde (*hrind-a*) bliver disse forandret til **tt**, af hvilke dog det

að tvær sagnir með *ng* í stofni, *ganga* og *stinga*, hafi samrunaboðhátt: *gáttu/gakktu* og *stíktu*.⁶⁹⁶ Jón Magnússon nefnir í málfræði sinni frá 18. öld auk þess boðháttinn *sprikk/sprikktu* af so. *springa*.⁶⁹⁷

Eftirfarandi dæmi eru um boðhátt af ofantöldum sögnum í JStgrÆv. Engin dæmi eru um samrunaboðhátt en á það verður að líta að fá dæmi eru almennt um boðhátt í JStgrÆv:

/halda/: *Haltu* ‘halltu’ *saman á þér kjaftinum* 341.

/senda/: *Send* ‘send’ 344.

/t/-áhrifsmyndir í boðhætti

Ýmsar sagnir fengu boðhátt með */t/*, sem ekki áttu að geta fengið hann hljóðrétt, fyrir áhrif frá myndum með viðskeyttu annarrar persónu fornafninu *þú*, t.d. *vert* < *ver*, fyrir áhrif frá *vertu* < *ver þú*.⁶⁹⁸ Á 16. öld eru slíkar myndir orðnar alltiðar. Elsta dæmið sem Björn K. Þórólfsson (1925:110) þekkir um þetta er frá 15. öld: ‘ok vert í burtu’ (AM 586 4to). Í GBibl (Bandle 1956:388) eru ýmis dæmi um slík form, t.d. ‘vert þar’ II Mos 24,12. Slíkar boðháttarmyndir eru langalgengastar í GBibl í so. *vera* en koma einnig fyrir í so. *senda*, t.d. ‘Sent’ II Kg 11,6 (einnig ‘Send’ II Mos 4,13 o.s.frv.), so. *gyrða*, t.d. ‘Gyrt’ Psalt 45,4 (einnig ‘Gyrd’ IV Kg 4,29, og í so. *hella*, t.d. ‘Hellt’ Psalt 79,6 (einnig ‘Vthell’ Psalt 69,26).

Í JStgrÆv eru nokkur dæmi um slíkar samrunamyndir en einnig tvær um *vert*:

/vertu/: *Vertu* ‘vertu’ 98, *vertu* ‘vertu’ 159, *vertu* ‘vertu’ 176, *vertu* ‘vertu’ 272, *vertu* ‘vertu’ 344.

/vert/: *vert* ‘vert’ 313, *Vert* ‘vert’ 344.

Víxl/dd/- og /tt/-boðháttarmynda

Hljóðréttar boðháttarmyndir af sögnum sem hafa */ð/* ([ð]) í rót eru */ð/* ([ð]) og */dd/* ([d:]) ef annarrar persónu fornafnið *þú* fer á eftir, t.d. *riða*, bh. *rið þú* og *riðu*. Einstaka sinnum koma einnig fyrir boðháttarmyndir með */tt/*

ene i Følge Reglerne i § 272 bortfalder (*bit-tu, stat-tu, vit-tu*, men *brit-tu* og *brin-tu*). I alle andre Verber bliver **nd** derimod uforandret, medens dog **d** (i Følge § 172) selvfølgelig bortfalder (*ben-tu, len-tu, kyn-tu, syn-tu* — af *bend-a, lend-a, kynd-a, synd-a*).“

⁶⁹⁶ Valtýr Guðmundsson 1922:160 [§358, a]: „I to Verber med **ng** i Stammen, *gang-a, sting-a*, bliver ogsaa disse forandret, idet det første bliver *gát-tu*, § 55 (dog ofte skrevet *gak-tu*) og det sidste *stík-tu* (§ 56), hvorimod *ng* i alle andre Verber bliver uforandret (*hang-du, leng-du, spring-du, syng-du* — af *hang-a, lengj-a, spring-a, syngj-a*).“

⁶⁹⁷ Jón Magnússon (1997:171): „Boðháttarmyndirnar *gack* fyrir *gang*, *sprjck* fyrir *sprjng*, *stick* fyrir *sting* eru til orðnar fyrir hljóðfegurðar sakir, er fornafnið *þu* fer á eftir; harðla oft koma þá fyrir samsetningarnar *gacktu, sprjcktu* og *sticktu*, þar sem *þu* hefur breyst í *tú*.“ (Þýðing Jóns Axels Harðarsonar.)

⁶⁹⁸ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:110.

([ht]),⁶⁹⁹ t.d. *trottu* (en almenn mynd í bh. er *troddu*). Á seinni öldum koma einnig upp fleiri /tt/-boðháttarmyndir af so. sem enda á /ð/ í stað /dd/-mynda, t.d. *breittu*, *bíttu* og *ríttu* (af so. *breiða*, *bíða* og *ríða*). Í nisl. er bh. þessara sagna hins vegar *breiddu*, *bíddu* og *ríddu*.⁷⁰⁰ Björn K. Þórólfsson telur að slíkar /t/-boðháttarmyndir hafi tíðkast frá miðaldamáli og a.m.k. fram á 17. öld. Nokkur dæmi eru í RM um boðháttarmyndirnar *breittu*,⁷⁰¹ *ríttu*⁷⁰² og *ríddu*⁷⁰³ og *trottu*⁷⁰⁴ af so. *breiða*, *ríða* og *troða* frá 16. og 17. öld. Þessar tvímyndir eru hins vegar ekki nefndar hjá Valtý Guðmundssyni.

Í JStgrÆv er eitt dæmi um boðháttinn *ríttu* af so. *ríða*: *ríttu* ‘ridtu’ 128.

3.5.1.5 Lýsingarháttur

Í físl. beygðist lýsingarháttur nútíðar eins og miðstig lýsingarorða.⁷⁰⁵ Beyginguna má sjá í töflunni:

Beyging lh. nt. í físl.

	kk.	kvk.	hk.
nf. et.	-andi	-andi	-anda
þf.	-anda	-andi	-anda
þgf.	-anda	-andi	-anda
ef.	-anda	-andi	-anda
nf. ft.	-andi	-andi	-andi
þf.	-andi	-andi	-andi
þgf.	-öndum	-öndum	-öndum
ef.	-anda	-anda	-anda

Í nisl. er lýsingarháttur nútíðar hins vegar orðinn óbeygjanlegur og endar í öllum föllum á *-i*. Undantekningar eru nokkur föst orðasambönd, t.d. *á hverfanda hveli* og *á fallanda fæti*. Elstu dæmi um óbeygðar myndir af lýsingarhætti nútíðar (með *-i* í öllum föllum) eru frá um 1300 og eykst notkun þeirra alla 14. öld. Eftir um 1450 eru óbeygðu myndirnar orðnar fullt eins algengar og

⁶⁹⁹ Í handritinu Kollsbók (c1480–1490, Ólafur Halldórsson 1968:xxxi) kemur fyrir formið *ráttu*: „Rattu (=ráddu) 65v,20“.

⁷⁰⁰ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:111. Björn (1925:56) nefnir einnig annað dæmi um bh. *bittu* (af so. *biðja*): „*bittu* kvað Viðris veitir | víns fyrir beðju minni’ Gdr. EGils 21.“

⁷⁰¹ Bh. /*breittu*/ (1 dæmi, 16s): ‘Breittu’ GuðbrPorlBibl, Rut, 3 9.

⁷⁰² Bh. /*ríttu*/ (1 dæmi, 17s): *‘ríttu’ Ífk II, 171.

⁷⁰³ Bh. /*ríddu*/ (1 dæmi, 17): *‘Ríddu’ ÓDavVik, 350.

⁷⁰⁴ Bh. /*trottu*/ (1 dæmi, 16s): ‘Trottu’ GuðbrPorlBibl, Sálms, 74 3 (16s).

⁷⁰⁵ Sjá t.d. Noreen 1923:297–298 [§435].

hinar.⁷⁰⁶ Lýsingarháttur þátíðar er oftast beygður í NtOG (Jón Helgason 1929a:92–94) en nýjar myndir eru þó ekki ótíðar, sérstaklega í þágufalli fleirtölu. Í GBibl (Bandle 1956:390) eru óbeygðu formin orðin algengari en hin. Gömlu endingarnar eru algengastar í þágufalli fleirtölu (-um) og nefnifalli eintölu hvorugkyns (-a). Óbeygðar myndir eru þar þó einnig algengari en hinar.⁷⁰⁷ Í nísl. enda allar myndir á -i.

Eitt dæmi er í JStgrÆv um beygðan lýsingarhátt nútíðar: *á sínum deyjanda* ‘deyanda’ *degi* 327. Beygða endingin hefur þarna líklega varðveist í þessu fasta orðasambandi en er ekki vitnisburður um lifandi beygingu hjá Jóni. Í öðrum tilvikum er alltaf -andi í JStgrÆv, t.d. *hjá öllum guðelskandi* ‘gudelskande’ *mönnum* 3, *úr framandi* ‘framande’ *landi* 38, *með því illa þolandi* ‘þolande’ *striði* 101 o.s.frv.

3.5.1.6 Miðmynd

Í seinni tíma máli hafa orðið ýmsar breytingar á miðmynd sagna.⁷⁰⁸ Elstu endingar miðmyndar í físl. voru örlítið mismunandi eftir beygingarflokkum en t.a.m. so. *kallask* beygðist svona í frsh. miðmyndar í elsta máli:⁷⁰⁹

1. p. et. nt.	<i>køllumk</i>	1. p. et. þt.	<i>kølluðumk</i>
2. p. et. nt.	<i>kallask</i>	2. p. et. þt.	<i>kallaðisk</i>
3. p. et. nt.	<i>kallask</i>	3. p. et. þt.	<i>kallaðisk</i>
1. p. ft. nt.	<i>køllumsk</i>	1. p. ft. þt.	<i>kølluðumsk</i>
2. p. ft. nt.	<i>kallizk</i>	2. p. ft. þt.	<i>kølluðuzk</i>
3. p. ft. nt.	<i>kallask</i>	3. p. ft. þt.	<i>kølluðusk</i>

1. p. et. í miðmynd

Í NtOG (Jón Helgason 1929a:94–95) er ending 1. p. et. miðmyndar yfirleitt -unzt, t.d. ‘eg hræddunzt’ Lúk, 19²¹, en einnig koma fyrir form án /n/, t.d. ‘eg ottuzt’ Lúk. 18⁴. Auk þess eru þar dæmi um að miðmyndarendingin sé eins og í nísl. orðin eins og germyndarendingin + st (zt), t.d. ‘suo at eg frelsizt’

⁷⁰⁶ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:36–37.

⁷⁰⁷ Ýmis dæmi eru einnig í NtOG (Jón Helgason 1929a:92–94) og GBibl (Bandle 1956:391) um að myndir lýsingarháttar nútíðar endi á -a þar sem sú ending var ekki upphafleg, sbr. t.d. eftirfarandi dæmi úr GBibl: ‘sem skjinnanda Sol’ (nf. et. kvk.) Opínb 1,16. Þessar myndir eiga líklega rætur að rekja til þess að menn hafi reynt að fylgja fornu beygingunni en skort þekkingu til að geta beygt rétt. Björn K. Þórólfsson (1925:37) nefnir þetta einnig: „Tilraunir til þess að beygja hlto. á forna vísu, eins og t. d.: two bref suo *latanda* (nf. flt.) VI, 303 (1480); oss *nærveranda* (þgf. flt.) VII, 138 (1492).“

⁷⁰⁸ Sjá yfirlit hjá Kjartani G. Ottóssyni (1990–1991, 1992) yfir breytingar á miðmynd.

⁷⁰⁹ Sjá Iversen 1990:120. Hjá Noreen (1923:368–369 [§543]) má sjá yfirlit yfir ýmis afbrigði miðmyndarendinga í físl.

Rómv. 15³¹. Í GBibl (Bandle 1956:393) er ending 1. p. et. nt./þt. í miðmynd stundum *-unst*, t.d. ‘eg þeckunst’ Joh 10,14,⁷¹⁰ en oftast *-st*, *-ist* og *-ast*, t.d. ‘giørdest eg’ Psalt 30,8. Kjartan G. Ottósson (1992:204) segir að á 18. öld séu hinar fornu miðmyndarendingar í 1. p. et. orðnar mjög sjaldgæfar nema af sögninni *þykjast*.⁷¹¹ Eins og Kjartan (1992:205) segir þá eru öll dæmi um 1. p. et. í miðmynd í JStgrÆv ný form, þ.e. enda á *-st*.⁷¹²

Hér eru nokkur dæmi úr JStgrÆv um 1. p. et. í miðmynd og er alltaf ný ending notuð: *Eg þykist 114, þykist eg 114, segist eg 121, þóttist eg 201, duldist eg 203, komist eg 215, gladdist eg 229, Eg þykist 320 o.s.frv.*

1. p. ft. í miðmynd

Í forníslensku var 1. p. ft. miðmyndar með endinguna *-umsk*, t.d. *komumsk*, sem síðar varð *-umz* og *-umst*. Hún breyttist í *-unst* á áratugunum milli 1460 og 1520 og frá um 1500 verður *-ust* einnig algeng ending.⁷¹³ Á fyrri hluta 17. aldar kom fram nýtt afbrigði viðskeytisins, *-ustum*, sem fljótt varð meginafbrigði þess eftir það.⁷¹⁴

Kjartan G. Ottósson (1992:223) segir að snemma á 18. öld fari að sjást merki um áhrif málræktarsjónarmiða á miðmyndarform. Þessi áhrif sjást á því að ending 1. p. ft. *-umst*, sem var alveg horfin úr málinu, var tekin upp aftur og varð ráðandi ending á 19. öld og síðar. Kjartan segir að algengustu endingar 1. p. ft. miðmyndar á 18. öld hafi verið: *-unst*, *-ustum*, *-umst*, *-ust*, *-unstum* (algengustu endingarnar fyrst). Jón Magnússon (1997:191) segir þetta í málfræði sinni um ástandið á 18. öld (í þýðingu Jóns Axels Harðarsonar):

Í þolmynd enda fleirtölumyndir fyrstu persónu á *-unst* í stað *-umst* fyrir hljómfegurðar sakir, sem hér: *sedjunst, söddunst, seddunst*; nú á dögum koma jafnvel fyrir sagnmyndir eins og *sedjustum, söddustum, seddustum* o.s.frv., en óljóst er, hvort þær eru réttar eða rangar.

⁷¹⁰ Þetta er algeng ending hjá 2. fl. veikra so. en er annars staðar sjaldgæf í GBibl.

⁷¹¹ Kjartan G. Ottósson (1992:204): „In the eighteenth century, old forms are very rare and seem to be restricted to the verb *þykjast*, especially the pres. ind. Apparently this last fortress falls around the middle of the century.“

⁷¹² Kjartan G. Ottósson (1992:205): „The autobiography of the clergyman Jón Steingrímsson (1728-1791, Skag), preserved in autograph, has exclusively new forms. In pres. ind. we find i.a. *þykist 8x, hræðist 2x, beiðist, líkist, minnist, segist 4x, óttast 2x*, in past ind. i.a. *þóttist 16x, giftist 2x, réttist 2x, tepptist 4x, komst 53x*.“

⁷¹³ Sjá Kjartan G. Ottósson 1992:214.

⁷¹⁴ Sjá Kjartan G. Ottósson 1992:219 o.áfr.

Talið er að Árni Magnússon hafi átt mestan þátt í því að gamla endingin, *-umst*, var endurvakin en hún hafði horfið úr málinu í byrjun 16. aldar.⁷¹⁵ Elsta dæmið um hina endurvöktu *-umst*-endingu er frá árinu 1705 í bréfi frá Árna eða nærri tveimur öldum eftir að hún hvarf úr málinu. Árni kenndi skrifurum sínum stafsetningu og þannig virðist þessi ending hafa breiðst út í fyrstu.⁷¹⁶ Í frumútgáfu Vídalínspostillu 1718 er hún t.a.m. notuð.⁷¹⁷ Endingin *-umst* virðist ekki hafa breiðst mikið út í talmáli í fyrstu eftir þetta en það hafði líklega mikið að segja um útbreiðslu hennar að Eggert Ólafsson mælti með henni í *Réttritabókinni* árið 1762.⁷¹⁸

Eg má ekki þessari afvætu þurum fótum fram hjá, þar allir enda nú *primam personam pl[urales] pass[ivi]* upp á *unst*, og skrifa og tala: *vér gjörunst*, *fæðunst*, *sýkjunst*. Já, þeir gjöra enn nú meir, lengjandi endingarnar þá þeir hafa *vér gjörustum* etc. Nú af því að sama persónan í gjörðarformi hún endast með *um* þá er auðráðið hvað réttast væri, þó vér hefðum ei fyrir oss dæmi bestu ritninga, sem er að stafa skal *gjörumst*, *fæðumst*, *sýkjumst*.⁷¹⁹

Á 19. öld dregur úr notkun *-unst* og endingarnar *-ust* og *-ustum* hverfa alveg. Endingin *-ustum* verður ráðandi í talmáli og *-umst* í ritmáli. Í nísl. er *-umst* orðin hin almenna ending í tal- og ritmáli þótt *-ustum* heyrir samt í tali sumra.⁷²⁰ Líklegt er að málhreinsunin hafi haft áhrif á það að ending 1. p. ft. í miðmynd var stöðluð. Í nísl. er endingin *-umst* nær alltaf notuð en *-ustum* kemur oft fyrir í talmáli.⁷²¹

⁷¹⁵ Kjartan G. Ottósson 1987:315, 1990–1991:120 og 1992:223–225. Árni lagaði stafsetningu sína að fornum rithætti í ýmsum atriðum er á leið og tók t.a.m. upp *y*, skrifaði *hver* fyrir *hvör* og *einn* fyrir *eirn* (Kjartan G. Ottósson 1990:23). Athyglisverð hvað þetta varðar eru ummæli Árna ([Kálund, Kr.] 1920:590) um ypsílon í bréfi til Björns Þorleifssonar biskups árið 1705: „Sie eg það er fleira enn eitt sem einn hótfyndinn giæte þar ástunged. Þad almennelegasta er, ad i allre bokinne er eckert y. hvad ed synest studio giört; og hafa menn ecki adgiætt hversu þvilík reformatio deformerar tungumaled.“

⁷¹⁶ Kjartan G. Ottósson 1990–1991:120: „Lengst af 18. aldar er endingin *-umst* að mestu leyti takmörkuð við þröngan hóp íslenskra menntamanna sem fást við fornbókmenntir. Þannig kemur *-umst* alls ekki fyrir í sjálfsævisögu Jóns Steingrímssonar frá árunum 1778 til 1791.“

⁷¹⁷ Kjartan G. Ottósson 1990–1991:120: „Árni kenndi skrifurum sínum stafsetningu og þannig breiddist hin endurvakta ending út, m.a. til Jóns Ólafssonar frá Grunnavík. Einnig má ætla að Árni hafi haft áhrif á Jón biskup Vídalín og til þess megi rekja að endingin *-umst* er notuð í frumútgáfu Vídalínspostillu frá 1718.“

⁷¹⁸ Sjá Kjartan G. Ottósson 1992:226: „Of great consequence for the future of the revived ending *-umst* was the fact that Eggert Ólafsson (1726-1768) strongly recommends it in his *Réttritabók* (Orthography) from 1762 [...] Eggert also deprecates *-unst* and especially the ending *-ustum*, which had its critics already in the first half of the century.“

⁷¹⁹ Haft eftir Kjartani G. Ottóssyni 1990:39.

⁷²⁰ Sbr. Kjartan G. Ottósson 1990–1991:121 og 1992:227–229.

⁷²¹ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:167–168 [§365, 3, α].

Ýmis dæmi um 1. p. ft. miðmyndar er að finna í JStgrÆv. Algengustu formin eru *-unst* og *-ustum* en einnig koma fyrir *-unstum* og *-ust*. Engin dæmi eru hins vegar um *-umst*. Fjölbreytni í miðmyndarendingum í 1. p. ft. í miðmynd í JStgrÆv er athyglisverð og sýnir að ending þeirrar myndar hefur þá ekki verið jafnstöðluð og í nísl. Það að engin dæmi séu um endinguna *-umst* ætti hins vegar ekki að koma á óvart því að, eins og hefur oft komið fram hér að framan, eru lítil áhrif málhreinsunar sjáanleg í JStgrÆv. Þetta er hins vegar líklega skýrasta dæmið í JStgrÆv um lítil áhrif hennar. Hér á eftir koma öll dæmi um 1. p. ft. mm. í JStgrÆv:

/-unst/: *komunst* 'komunst' 28, *fleygðunst* 'fleigdunst' 59, *klifruðunst* 'klifrudunst' (þt.) 60, *komunst* 'komunst' 108, *komunst* 'komunst' 108, *komunst* 'komunst' 108, *komunst* 'komunst' 117, *komunst* 'komunst' 119, *komunst* 'komunst' 120, *kæmunst* 'kiæmunst' 120, *komunst* 'komunst' 120, *komunst* 'komunst' 122, *komunst* 'komunst' 124, *Fundunst* 'fundunst' 130, *komunst* 'komunst' 135, *villtunst* 'villtunst' 135, *kveljunst* 'kveljunst' 135, *Komunst* 'komunst' 135, *komunst* 'komunst' 139, *heilsunst* 'heilsunst' 234, *Kvöddunst* 'kvöddunst' 237, *skirruðunst* 'skirrudunst' (þt.) 257, *Kvöddunst* 'kvöddunst' 267, *sundrunst* 'sundrunst' 272, *kvöddunst* 'kvöddunst' 272, *skiptunst* 'skifftunst' 298, *kyssunst* 'kyssunst' 319, *hittunst* 'hittunst' 320.

/-ustum/: *finnustum* 'finustum' 57, *komustum* 'komustum' 60, *mötuðustum* 'mötudustum' (þt.) 61, *skrifuðustum* 'skrifudustum' (þt.) 73, *kynntustum* 'kintustum' 74, *skrifustum* 'skrifustum' 74, *minnustum* 'minnustum' 74, *heilsuðustum* 'heilsudustum' 91, *hittustum* 'hittustum' 94, *sjáustum* 'siastuum' 95, *mötuðustum* 'motud|ustum' 11 9, *óttuðustum* 'ottudustum' (þt.) 120, *dirfustum* 'dyrfustum' 124, *Hittustum* 'hittustum' 139, *Minnustum* 'minustum' 150, *fundustum* 'fund|ustum' 195, *sjáustum* 'sia|ustum' 266, *fjarlægðustum* 'fjarlægðustum' (þt.) 276, *slægðustum* 'slægðustum' (þt.) 315.

/-unstum/: *þykjunstum* 'þikiunstum' 18, *kippunstum* 'kippunstum' 18, *komunstum* 'komunstum' 119, *komunstum* 'komunstum' 120, *komunstum* 'komunstum' 136, *giftunstum* 'gifftunstum' 258, *þykjunstum* 'þikunstum' 342.

/-ust/: *Fundust* 'fundust' 18, *fundust* 'fundust' 98, *komust* 'komust' 116, *Fundust* 'fundust' 236, *þóttust* 'þottust' 315, *komust* 'komust' 318.

3.5.2 Sterkar sagnir

Í umfjölluninni hér á eftir er fjallað um sterkar sagnir og þær settar í sögulegt samhengi. Áhersla er lögð á að fjalla um þær sagnir, sem koma fyrir í JStgrÆv, sem heimildir eru um að hafi tekið upp veika beygingu á seinni öldum eða beyging þeirra breyst á einhvern hátt. Þetta er því ekki tæmandi listi yfir allar sagnir í JStgrÆv í hverjum sagnflokki heldur er sjónum beint að því sem athyglisverðast er í þróun hvers flokks.

3.5.2.1 Fyrsti flokkur sterkra sagna

rita/rita

So. *rita* var sterk í físl. og beygðist eftir 1. flokki sterkra sagna (*rita* – *reit* – *ritum* – *ritinn*). Þegar í físl. kom hins vegar einnig upp veik beyging þessarar sagnar (*rita*, þt. et. *ritaði*). Hún beygist til að mynda alltaf veikt í GBibl (Bandle 1956:396), t.d. ‘ritade’ Joh 8,8. Dæmi eru þó um fyrnd sterk form í riti allt fram á 19. öld.⁷²²

Í JStgrÆv kemur fyrir eitt dæmi um nafnháttarmynd sagnarinnar: *rita* ‘rita’ 2. Ekki er hægt að greina hvort þar er um sterku sögnina *rita* eða veiku sögnina *rita* að ræða þar sem táknið ‘i’ er bæði notað fyrir /i/ og /í/ í JStgrÆv.

stíga

So. *stíga* var í þt. et. bæði *sté* og *steig* í físl.⁷²³ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:81) er yfirleitt *sté* ‘stje’ en *steig* ‘steig’ kemur einnig fyrir. Í GBibl (Bandle 1956:396) er alltaf *sté*, t.d. ‘stie’ I Mos 24,16. Í málfræði Runólfs Jónssonar (1651:142) eru báðar þátíðarmyndirnar nefndar („*Styg* pede premo *Stie* & *Steig*.“) og einnig í orðabók Jóns úr Grunnavík („eg *Stijg*, *steig*, (vel *stie*)“). Valtýr Guðmundsson (1922:126 [§259]) segir að báðar myndirnar *sté* og *steig* komi fyrir í nísl.⁷²⁴

Í RM eru nokkur dæmi sem virðast sýna enn eina þátíðarmynd sagnarinnar, þ.e. *stég*, blendingsmynd úr *sté* og *steig*.⁷²⁵ Í orðasafni yfir vestfirsk orð (Lbs. 95 8vo (Idiotismi Vestfjördensis)) er minnst á þetta form: „Stieg viek /:preterit:/ steig, veik.“ Það má hugsanlega skýra þessa mynd með því að þar hafi verið skotið inn /g/ í bakstöðu svipað og í orðum eins og *svo* og *þau* sem oft voru og eru borin fram *svog* ([svɔ:ɣ]) og *þaug* ([θøi:ɣ]) (sjá umfjöllun í undirkafla 2.2.5). Myndin *sté* hefði þá orðið *stég* í slíku umhverfi. Sú kenning er þó líklegri að þátíðarmyndin *stég* sé sambland myndanna *steig* og *sté*. Til

⁷²² Sjá Jón Þorkelsson 1888–1894:377.

⁷²³ Sbr. Noreen 1923:326 [§482, aths. 1].

⁷²⁴ Sjá einnig Jón Þorkelsson 1888–1894:472.

⁷²⁵ RM: ‘stég’ Munnm, 64, ‘síðan stieg [svo hdr.; útg. steig] hún upp smám saman’ Jarðab XI, 232, ‘stiegst’ LassHugv, 204, ‘stégst’ JÞorl II, 38, ‘stjeg’ HBjSkand, 55, ‘stég af FrEggFylgl, 88.

stuðnings því er að allmörg dæmi eru einnig um sams konar þátíðarmyndir *hnég, még* og *ség* af so. *hníga, míga* og *síga* í RM sem einnig höfðu í físl. tvímyndir í þátíð, þ.e. *hneig/hné, meig/mé, seig/sé*.

Þrjú dæmi eru í JStgrÆv um þt. et. af þessari sögn og er alltaf orðmyndin *sté: sté* ‘stie’ 11, *sté* ‘stie’ 202, *sté* ‘stie’ 279. Þrjú dæmi eru einnig um lýsingarhátt þátíðar: *stiginn* ‘stig|enn’ 177, *stigið* ‘stiged’ 279, *uppstigna* ‘uppstigna’ 321.

svíkja, víkja

Auk hljóðréttu þátíðarmyndanna *sveik* og *veik* af so. *svíkja* og *víkja* komu einnig upp í físl. áhrifsmyndirnar *svék* og *vék*.⁷²⁶ Í málfræði Runólfs Jónssonar eru t.a.m. báðar þátíðarmyndirnar, *vék* og *veik*, af *víkja* nefndar.⁷²⁷ Björn M. Ólsen ferðaðist um landið og skrifaði hjá sér mállýskuorð og athuganir um framburð í vasabækur sem eru frá árunum 1872 til 1892. Í þeim eru dæmi um þátíðarmyndina ‘vjek’ og nefnir Björn að þau séu frá Vestfjörðum.⁷²⁸ Í RM eru dæmi um *svék*, nokkur um *sveik*⁷²⁹ og *vék*⁷³⁰ og einnig koma fyrir allmörg dæmi um þátíðarmyndina *veik*.⁷³¹ Samkvæmt Valtý Guðmundssyni (1922:126 [§259]) eru allar þessar þátíðarmyndir notaðar í nísl.

Í JStgrÆv er eitt dæmi um þátíðarmynd af *svíkja* og er þar á ferðinni upprunalega myndin *sveik*: ‘sveik’ 240.

Yfirlit yfir beygingu 1. fl. st. so. í JStgrÆv

nh.	nt. et.	þt. et.	lh. þt.
rita			
stíga		sté	stiginn
(svíkja) ⁷³²		sveik	
víkja			

3.5.2.2 Annar flokkur sterkra sagna

kjósa

So. *kjósa* beygðist upprunalega sterkt í físl., *kjósa – kaus – kurum – kørinn*. Þegar á s.hl. 13. aldar var /s/ síðan alhæft í beygingu sagnarinnar og líka tekin upp venjuleg hljóðskipti sterkra so. af 2. flokki, *kjósa – kaus – kusum –*

⁷²⁶ Sbr. Björn K. Þórólfsson 1925:112.

⁷²⁷ Runólfur Jónsson 1651:143: „Vyk cedo Veik vel Viek.“

⁷²⁸ Sjá Guðrúnu Kvaran 2010:335.

⁷²⁹ Þt. /sveik/ (8 dæmi, 16–19), t.d. ‘sueik’ 1Mós3, 13 (GP).

⁷³⁰ Þt. /vék/ (19 dæmi), t.d. ‘vjek’ Þús1, 98,9.

⁷³¹ Þt. /veik-/ (19 dæmi), t.d. ‘veik’ (3. p. et.) Eintal 224.

⁷³² Svigar utan um nafnháttarmyndir sagna í töflum tákna að dæmi um nafnháttinn finnast ekki í JStgrÆv.

kosinn.⁷³³ Upprunaleg mynd lh. þt., *körinn*, lifði samt áfram sem hliðarmynd og eftir samfall ö-hljóðanna í físl. (ø/φ > ö) á f.hl. 13. aldar var farið að rita hann *kjörinn*. Þessi nýja mynd lh. þt. varð fyrirmynd nýrrar veikrar beygingar sagnarinnar.⁷³⁴ Elstu dæmin um veiku þátíðina eru frá því snemma á 14. öld og koma fyrst upp í 3. p. et., *kjöri*.⁷³⁵ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:81–82) eru veik form sagnarinnar ætíð notuð bæði í þt. et., t.d. ‘eg kiora’ (vh. þt.) Opínb. 3¹⁵, og lýsingarhætti þátíðar. Í GBibl (Bandle 1956:397) beygist þessi sögn einnig alltaf veikt, t.d. ‘kiøre’ Luc 6,13. Snemma á 20. öld kom þessi veika beyging (*kjöri/keri*) enn fyrir og einnig veiku þátíðarmyndirnar *kjörði*, *kjörður*.⁷³⁶ Síðar á 20. öld virðist sterka beygingin aftur hafa sigrað og er nú nær einhöfð. Líklega hefur það gerst fyrir áhrif málhreinsunar og kennslu í skólum.

Í JStgrÆv koma aðeins fyrir eftirtaldar myndir af nútíðarstofni þessarar sagnar og því er ekki hægt að vita hvort Jón hefur beygt hana sterkt eða veikt: *kjósandi* ‘kiösande’ 77, *kjósa* ‘kiosa’ (nh.) 82, *kjósa* ‘kiosa’ 237, *kjósa* ‘kiosa’ 243, *kjósa* ‘kiosa’ 274, *kjósa* ‘kiosa’ 320.

súga/sjúga, lúka/ljúka

Sagnirnar *súga* og *lúka* voru án /j/ í stofni í físl. Á 15. öld komu hins vegar upp dæmi um /j/ í nútíðarstofni í síðastnefndu sögninni, þ.e. *ljúka*, og hefur sú mynd líklega orðið til fyrir áhrif frá sögnum eins og *smjúga* og *rjúka*. Dæmi um *sjúga* með /j/ eru einnig þekkt allt frá 16. öld.⁷³⁷ Í RM eru fjölmörg dæmi um /j/ í sögnunum *ljúka*⁷³⁸ og *sjúga*⁷³⁹ og virðast upprunalegar myndir þess hafa horfið fljótlega eftir síðaskipti. Þessar sagnir eru síðan alltaf með /j/ í nísl.

Í JStgrÆv er ekkert dæmi um *súga/sjúga* en eitt dæmi um nh. af *lúka/ljúka* og er það með /j/: *ljúka* ‘liuka’ 330.

Þátíð eintölu af fljúga, ljúga og smjúga

Í físl. hafa so. *fljúga*, *ljúga* og *smjúga* tvenns konar þátíðarmyndir: hljóðréttar myndir (*fló*, *ló* og *smó*) og áhrifsmyndir (*flaug*, *laug*, *smaug*, fyrir áhrif annarra sterkra 2. fl. so., t.d. þt. *braut* af so. *brjóta*). Í NtOG (Jón Helgason 1929a:81) koma enn fyrir tvímyndir af so. *fljúga*, t.d. ‘flo honum i hiarta’ Post. 7²³ og

⁷³³ Sjá Hrein Benediktsson 2002a:423.

⁷³⁴ Sjá Hrein Benediktsson 2002a:428.

⁷³⁵ Sjá Hrein Benediktsson 2002a:424–427.

⁷³⁶ Valtýr Guðmundsson 1922:155 [§351, nmgr. 1]: „Hos Digterne forekommer foruden *keri* i Præt. ogsaa **kjörði* og i Part. Præt. **kjörður*.“

⁷³⁷ Sjá Björn K. Þórolfsson 1925:57, 113. Sögnin *lúka/ljúka* er til að mynda alltaf án /j/ í NtOG (Jón Helgason 1929a:81) í öllum myndum, t.d. ‘luk þu’ (bh.) Matt. 25¹¹.

⁷³⁸ /ljúk-/ (22 dæmi, 16s–19s2of), t.d. ‘vppliuka’ GuðbrÞorlBibl Sl 109, 2 (16s).

⁷³⁹ /sjúg-/ (17 dæmi, 16s–19s), t.d. ‘Siwga’ GuðbrÞorlBibl Jes 66, 11 (16s).

‘þat ord flaug sem af þeim for’ Post. 11²².⁷⁴⁰ Athyglisvert er hversu lengi þessar tvímyndir virðast hafa lifað hlið við hlið í málinu og minnir það á önnur dæmi um langlífur tvímyndir eins og *vér/vær* (sjá undirkafla 2.1.2 um /e, é/) og *lf/lb* (sjá undirkafla 2.2.4 um /f/).⁷⁴¹ Í RM eru nokkur dæmi um þátíðarmyndir af *smjúga* frá seinni öldum og eru öll úr kvæðum.⁷⁴² Í nisl. eru myndir með *-aug* nær alltaf notaðar en hljóðréttar myndir með (-ó) koma þó stundum fyrir í ritmáli.

Tvö dæmi eru í JStgrÆv um þt. et. af *fljúga* og er þar í báðum tilvikum um myndina *flaug* að ræða: *flaug* ‘flaug’ (3. p. et. þt.) 115, *flaug* ‘flaug’ (3. p. et. þt.) 161.

spýja

Í fisl. var so. *spýja* sterk sögn af öðrum flokki, þt. *spjó*.⁷⁴³ Í nisl. beygist hún hins vegar bæði sterkt og veikt: *spýja*, þt. *spjó*, og *spýja* (*spúa*), þt. *spýði/spúði*. Í RM eru allmörg dæmi frá seinni öldum bæði um sterka og veika beygingu sagnarinnar og hefur veika beygingin líklega orðið til eftir fyrirmynd veikra so. eins og *flýja*, þt. *flýði*.⁷⁴⁴ Hjá Valtý Guðmundssyni (1922:148 [§316]) er eingöngu gefin upp þátíðarmyndin *spúði* af so. *spýja* (*spúa*, *spú*).

Í JStgrÆv eru aðeins dæmi um sterku beyginguna: *spjó* ‘spio’ 95, *spjó* ‘spio’ 116, *spjó* ‘spio’ 122.

Yfirlit yfir beygingu 2. fl. st. so. í JStgrÆv

nh.	þt. et.
kjósa	
(fljúga)	flaug
ljúka	
(spýja)	spjó

3.5.2.3 Þriðji flokkur sterkra sagna

hverfa, verða, vinna

Hjá sterkum sögnum af 3. fl., sem hafa /v/ eða /hv/ í upphafi orðs, t.d. *verpa*, *hverfa*, féll *w brott í frumnorrænu í beygingunni á undan kringdu sér-hljóði, t.d. *urpu*, *horfinn*. Í seinni tíma máli var /v/ hins vegar oft tekið upp

⁷⁴⁰ Sjá Noreen 1923:328 [§486, aths.].

⁷⁴¹ Sjá Stefán Einarsson 1945:77.

⁷⁴² Fjögur dæmi eru um orðmyndina *smó* í RM (4 dæmi, 17s–19s2of), t.d. *‘smó’ (3. p. et. þt.) PBjAmb XVI, 31 (17s). Auk þess er eitt dæmi um þátíðarmyndina *smaug*: ‘smaug’ (3. p. et. þt.) JÁÞj I, 433 (19m).

⁷⁴³ Noreen 1923:328–329 [§§488, 488, aths. 3].

⁷⁴⁴ Sterk beyging af /spýja/ (9 dæmi, 16s–19m), t.d. ‘spjó’ (3. p. et. nt.) Safn IV, 235 (1756). Veik beyging af /spýja/ (10 dæmi, 16s–19s), t.d. ‘Spydu’ (3. p. ft. þt.) HammKrossg V, VIIv (17f).

aftur í slíkum myndum, t.d. *vorþinn* fyrir *orþinn*, fyrir áhrif frá sagnmyndum (nt. og þt. et.) sem varðveittu /v/, t.d. 1./3. p. þt. et. *varþ*. Þetta var því í raun áhrifsbreyting (útjöfnun) sem miðaði að því að sama upphafssamhljóð héldist í allri beygingu sagnarinnar. Á 16. öld eru slíkar myndir með /v/ orðnar algengar. Í NtOG helst /v/ fyrir framan /o, ó, y/ en aldrei fyrir framan /u/.⁷⁴⁵ Í GBibl (Bandle 1956:398–399) er ástandið svipað, /v/ er þar t.a.m. algengt í lh. þt. *orðinn*, sbr. ‘vordenn’ Psalt 102,7, Es 43,10., og í lh. þt. *orþinn* af so. *verpa*, t.d. ‘vnderuorþner’ Rom form 4,54. Af öðrum sögnum koma aðeins /v/-laus form fyrir, t.d. ‘horfen’ Es 24,11. Engin dæmi eru í GBibl (Bandle 1956:399) um /v/ á undan /y/, t.d. ‘ynne’ Jud 3,11, II Mach 6,6. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:82) kemur fyrir eitt dæmi um /v/ í lh. þt. af so. *verða*, ‘vordinn’ Lúk. 8³⁶, og einnig í GBibl (Bandle 1956:182), ‘vordenn’ Psalt 102,7. Allmörg dæmi eru í RM um slíkar myndir með endurreistu /v/ og flest um lýsingarhátt þátíðar.⁷⁴⁶ Dæmi um lh. þt. með /v/ af so. *verpa* er í NtOG, þ.e. ‘vnderuorþin’ I Kor. 14³⁶, og einnig í GBibl: ‘vnderuorþen’ Rom 7,2.⁷⁴⁷ Í RM koma bæði fyrir myndir í lh. þt. með /v/ og án, þ.e. *vorþin/orþin*.⁷⁴⁸ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:82) eru fimm dæmi um myndina *vynni* af so. *vinna*, t.d. ‘yfueruynne’ I Kor. 9^{19–22}. Eitt dæmi er í RM um mynd með *vynn-* í seinni alda máli: ‘vynni’ JÁÞj² IV, 192 (19m).⁷⁴⁹

Nýjar myndir með /v/ alhæfðu í beygingu sagna virðast hafa lifað lengi, a.m.k. í talmáli.⁷⁵⁰ Alloft koma fyrir á seinni öldum fleirtölumyndir þátíðar af so. *hverfa* sem hafa formið *hvörf*.⁷⁵¹ Þetta bendir til þess að /v/ í þessum myndum hafi ekki eingöngu verið skriftákn heldur hafi það einnig verið borið fram. Hliðarmyndir með /vö/ hefðu annars varla getað komið upp. Þekktar eru hliðarmyndir af fn. *hver* með annars vegar /vö/ og hins vegar /vu/, þ.e. *hvör*, *hvor*. Slíkar myndir hafa orðið til hljóðrétt vegna kringingar /e/. Í myndum eins og *hvörf*- varð rótarsérhljóðið hins vegar ekki til hljóðrétt úr /e/ heldur eru þær einhvers konar hliðarmynd við /vu/ í þt. ft. af slíkum

⁷⁴⁵ Jón Helgason 1929a:82 [§130]: „Oddur getur með öðrum orðum látið v haldast fyrir framan o (og ó, sbr. 133. grein um ‘vaxa’, ‘þvó’) og y, en fyrir framan u er það aldrei tekið upp í NT (t. d. vrdu þræt. pl. Mark. 6⁴², aldrei ‘vurðu’).“

⁷⁴⁶ RM: *vorð-* (18 dæmi, 1546–19s20f), t.d. ‘uordnum’ DI XI, 526 (1546). Valtýr Guðmundsson (1922:119 [§243]) segir að myndirnar *vurðu* og *vorðinn* komi fyrir hjá skáldum í nísl.

⁷⁴⁷ Jón Helgason 1929a:82 [§130] og Bandle 1956:182.

⁷⁴⁸ RM: *vorþin* (7 dæmi, 16m–19), t.d. ‘vnder vorþin’ OGottNýjat Rm 7, 2 (16m), *orþin* (2 dæmi, 1579–18m): ‘orþin’ Alþb I, 378 (1579) (16s), ‘orþenn’ SvSTyr, 69 (18m).

⁷⁴⁹ Valtýr Guðmundsson 1922:118 [§242] segir að myndirnar *vunnum* og *vunninn* komi fyrir hjá skáldum í nísl.

⁷⁵⁰ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:113. Valtýr Guðmundsson (1922:119 [§243, nmgr. 2]) segir t.d. að formin *hvurfum* og *hvorfinn* séu algengust í talmáli: „I Skriftspr. bruges *hurfum* – *horfinn*, men i Talespr. overvejende *hurfum* – *hvorfinn*.“

⁷⁵¹ *hvörf*- (10 dæmi, 16m17s–19m), t.d. ‘hvörfu’ Bps II, 329 (16m17s).

sögnum. Allmörg dæmi eru einnig í RM um fleirtölumyndir í þátíð með óhljóðverpta stofninn *hvurf*-⁷⁵² og nokkur dæmi þar bæði um viðtengingarháttarmyndir með *hvyrf*-⁷⁵³ og lýsingarháttarmyndir með *hvorf*-⁷⁵⁴. Valtýr Guðmundsson (1922:119 [§243, nmgr. 2]) segir að formin *hurfum* – *hvorfinn* séu hins vegar allsráðandi í talmáli. Líklegt er að slíkar myndir hafi enn síðar nær alveg horfið í ræðu og riti fyrir áhrif frá málhreinsun.⁷⁵⁵

Í viðtengingarhætti þátíðar af so. *hverfa* kemur einu sinni fyrir /v/ í JStgrÆv en annars eru engin merki um það í þessari sögn: *hvyrfi* ‘hvyrfe’ 338. Engin önnur dæmi eru í JStgrÆv um þessa sögn í viðtengingarhætti þátíðar.

Ekkert dæmi er um /v/ í lh. þt. af so. *verða* í JStgrÆv en eitt dæmi um það í þátíð fleirtölu af þeirri sögn: *vurdu* ‘vurd’u’ 129. Miklu algengara er hins vegar að ekkert ‘v’ sé ritað, t.d. *urðu* ‘urdu’ 24, *urðum* ‘urdumm’ 269 o.s.frv.

Enga þátíðarmynd af so. *verpa* er að finna í JStgrÆv.

Ekkert dæmi er um nýjar þátíðarmyndir með /v/ af so. *vinna* í JStgrÆv en allmörg dæmi um /v/-laus form, t.d. *Þó skjaldan ynni* ‘jnne’ *mál* 126. Í lýsingarhætti þátíðar er ekki heldur innskotshljóð: *yfirunnið* ‘yferuned’ 20, *tilunnið* 163 ‘tillunned’, *áunnið* 163 ‘aunned’ 173, *yfirunnið* ‘yfer unned’ 265. Nokkur dæmi um innskotsmyndir eru því í JStgrÆv þótt myndir án innskots séu algengari.

Jón Steingrímsson bjó lengst ævi sinnar í Skaftafellssýslu. Nokkrar athuganir um skaftfellsku er að finna í sóknarlýsingum þaðan frá fyrri hluta 19. aldar. Í einni þeirra koma fyrir dæmi um að *v* sé borið fram á undan kringdum sérhljóðum, t.d. *hurfu* (f. *hurfu*, þt. ft. af so. *hverfa*), og því haldið fram að slíkum framburði hafi einnig brugðið fyrir sunnanlands snemma á 20. öld: „Í sömu lýsingu er ritað *hurfu* fyrir *hurfu* af so. að *hverfa*. Enda þótt þessi framburður hafi sennilega ekki verið almennur, er honum haldið í rithættinum. Jón Aðalsteinn [Jónsson] telur sig líka hafa heyrt honum bregða fyrir í mæltu máli hér sunnan lands fyrr á öldinni.“ (Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson 1997:xiv).

nh.	þt.	lh. þt.
hverfa	hvyrfi	
verða	urðu, vurðu	orðið
vinna	ynni	(-)unnið

⁷⁵² *hvurf*- (8 dæmi, 16s–19m), t.d. ‘huurfu’ GuðbrÞorlBibl, 1Sam, 17 53 (16s).

⁷⁵³ *hvyrf*- (13 dæmi, 17f–19ms), t.d. **hvyrf*e Vísnað, 114 (17f), **hvyrfi*’ PBjAmb XVI, 52 (17s).

⁷⁵⁴ *hvorf*- (9 dæmi, 19f–19m), t.d. ‘hvorfinn’ EspÁrb V, 70 (19f)).

⁷⁵⁵ Sjá Kjartan G. Ottósson 1987.

hrinda

So. *hrinda* beygðist sterkt í físl., *hrinda* – *hratt* – *hrundum* – *hrundinn*. Veikar myndir hennar koma þó fyrir þegar á 14. öld, þt. *hrinti*.⁷⁵⁶ Í þátíð beygist hún alltaf sterkt í NtOG (Jón Helgason 1929a:82), t.d. ‘hratt’ (þt. et.) Mark. 11¹⁵ og einnig í GBibl (Bandle 1956:400). Hjá Valtý Guðmundssyni (1922:118, 141–142 [§§242, 302]) eru bæði gefin upp dæmi um veika og sterka beygingu.

Í JStgrÆv er eitt dæmi um þátíðarmynd af þessari sögn og fylgir hún sterkri beygingu: *hrundið* ‘hrundid’ (lh. þt.) 12.

Þriðja flokks sterkar sagnir → *veikar sagnir*

Nokkrar sterkar sagnir af 3. flokki hafa tekið upp veika beygingu að hluta eða öllu leyti í seinni tíma íslensku.

bjarga

So. *bjarga* var upphaflega sterk: *bjarga* – *barg* – *burgum* – *borginn*. Snemma komu upp veik form af henni en þau verða ekki algeng fyrr en á 15. öld.⁷⁵⁷ Í GBibl (Bandle 1956:399) beygist hún alltaf veikt en í RM eru nokkur dæmi um sterka beygingu hennar frá 18. og 19. öld.⁷⁵⁸ Í nísl. er hún nær alltaf veik en beygist einstaka sinnum sterkt í formlegu máli, t.d. í orðasambandinu *einhverjum er borgið*.⁷⁵⁹

Í JStgrÆv er eitt dæmi um þátíðarmynd af so. *bjarga* og er það veikt form af lýsingarhætti þátíðar: *bjargað* ‘biargad’ 182.

hjálpa

Veik form af sterka so. *hjálpa* (físl. *hjálpa* – *halp* – *hulpum* – *holpinn*) koma upp þegar í físl., þt. et. *hjalpaði*.⁷⁶⁰ Þetta so. beygist oftast veikt í GBibl (Bandle 1956:399–400) nema í lýsingarhætti þátíðar sem beygist sterkt, t.d. ‘holpinn’ I Mos 49,25.

Í JStgrÆv koma aðeins fyrir veikar myndir sagnarinnar: *hjalpaði* ‘hialpade’ 76, *hjalpað* ‘hialpad’ 94, *hjalpuðu* ‘hialpuðu’ 123, *hjalpaði* ‘hialpade’ 142, *Hjalpaði* ‘hialpade’ 212, *hjalpaði* ‘hialpade’ 214, *hjalpuðu* ‘hialpuðu’ 314, *hjalpaði* ‘hialpade’ 327, *hjalpaði* ‘hialpade’ 329.

⁷⁵⁶ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:57.

⁷⁵⁷ Sjá Cleasby og Vigfusson 1874:64 og *Ordbog over det norrøne prosasprog* 2:360 þar sem tiltekin eru þessi dæmi úr físl.: ‘biargadi’ FriðB 57¹⁶, ‘biargadi’ Eir557 48a²⁶ o.s.frv.

⁷⁵⁸ Sterk þátíð af so. /bjarga/ (6 dæmi, 1788–19ms): ‘burgu’ (3. p. ft. þt.) Andv 1965, 66 (1788), ‘barg’ (3. p. et. þt.) Blanda II, 395 (19. öld), ‘Berg’ (3. p. et. nt.) GJ, 44 (19f), ‘byrgir’ (2. p. et. þt. vh.) JÁÞj II, 458 (19m), ‘barg’ (3. p. et. þt.) JÁÞj I, 193 (19m), ‘berg’ (2. p. et. nt.) MJLeik, 358 (19ms).

⁷⁵⁹ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:120 [§244] og Stefán Einarsson 1945:77.

⁷⁶⁰ Sjá Noreen 1923:332 [§495, aths. 5] og Jón Þorkelsson 1888–1894:202 o.áfr.

nh.	þt. et.	lh. þt.
hrinda		hrundið
bjarga		bjargað
hjálpa	hjálpaði	hjálpað

3.5.2.4 Fjórði flokkur sterkra sagna *fela*

So. *fela* var í ísl. sterk sögn af 4. fl. og hafði kenningarmyndirnar *fela – fal – fálum – fólginm*. Upphaflega var þetta hins vegar sterk sögn af 3. fl. st. so. eins og sjá má á lýsingarhættinum *fólginm*. Í seinni alda máli komu síðan bæði upp sterkar myndir eftir fyrirmynd 6. flokks sterkra sagna og veik beyging. Sögnin beygðist ýmist veikt eða sterkt í NtOG (Jón Helgason 1929a:82), þátíð eintölu þar er *faldi* en þátíð fleirtölu, *fólu*, er mynduð eftir 6. flokki sterkra sagna. Í GBibl (Bandle 1956:401–402) koma bæði fyrir sterk upprunaleg form, t.d. ‘fal’ Jos 6,17 (og einu sinni ‘folu’ Post 14,23), en einnig veik form, t.d. ‘falde’ Jos 2,6.

Í JStgrÆv eru fimm dæmi um þátíð eintölu af þessari sögn og beygjast þau öll sterkt eftir 6. flokki: *fól* ‘fol’ 39, *fól* ‘fol’ 197, *fól* ‘fol’ 266, *fól* ‘fol’ 279, *fól* ‘fol’ 279. Engin dæmi eru um þátíð fleirtölu. Öll dæmin um þt. *fól* í JStgrÆv hafa merkinguna ‘trúa e-m fyrir e-u, láta e-n annast’. Í þeirri merkingu er yfirleitt sterk beyging í nísl. Ekkert dæmi er hins vegar í JStgrÆv um so. *fela* í merkingunni ‘leyna, dylja’ en þar er í nísl. yfirleitt veik beyging (þt. *faldi*). Það kemur því ekki fram í JStgrÆv hvernig þt. af so. *fela* í þeirri merkingu var í máli hans. Eitt dæmi er um lýsingarhátt þátíðar í JStgrÆv og fylgir það annaðhvort veikri beygingu eða beygingu 6. fl. st. so.: *meira undir falið* ‘underfaled’ því 277.

koma

Í seinni tíma máli eru dæmi um það að þátíðarmyndir af so. *koma* hafi /ó/ sem rótarsérhljóð í stað /o/ og þá sérstaklega í fleirtölumyndum. Þær eru alltaf skrifaðar með ‘o’ í GBibl (Bandle 1956:401) og telur Bandle að skortur á tvíritunum (‘oo’) í þessum myndum bendi til þess að ‘o’ standi þarna í þt. ft. fyrir /o/ eins og í nútímamáli. Í Kvæðabók úr Vigur eru þátíðarmyndir þessarar sagnar alltaf ritaðar með einföldu ‘o’.⁷⁶¹ Allmörg dæmi eru hins vegar í kvæðum frá 17. öld um þátíðarmyndir af so. *koma* þar sem rótarsérhljóðið er rimbundið og virðist vera /ó/: Í Ambáles rímum Páls í Unnarholti kemur

⁷⁶¹ Jón Helgason 1955a:24–25: „Ávallt þar sem þessi mynd verður fyrir, er hún stafsett með einföldu o-i: *komu* [...] Myndarinnar *kómu* verður ekki vart.“

fyrir rímið *kómu* : *rómu* (XI. ríma, 18. er., XX. ríma, 74. er.) og *kom* : *blóm* (XXIV. ríma, 11. er.). Guðmundur Bergþórsson (fæddur um 1657) rímar einnig saman *kom* : *Róm* í Olgeirs rímum (VIII. ríma, 49. er.).⁷⁶² Valtýr Guðmundsson (1922:122 [§250]) segir að þátíðarmyndir þessarar sagnar séu *kom* og *komum* en hins vegar tíðkist sums staðar á landinu einnig myndin *kómum* fyrir *komum*.⁷⁶³ Björn Guðfinnsson (1964:190–191) fjallar um þennan framburð og segir að tvíhljóðsframburður hafi um miðja 20. öld verið algengari á *komu* en þátíðarmyndinni *voru* (af so. *vera*) á Vestfjörðum en á Norðurlandi hafi verið algengara að hafa tvíhljóðsframburð á *voru* en *komu* (um so. *vera* sjá undirkafla 3.5.2.5).

Í JStgrÆv hef ég fundið þrjú dæmi um þessa sögn sem hugsanlega má túlka þannig að þau hafi þátíðarstofninn *kóm-*. Tvö dæmi virðast vera um þt. et. *kóm*: *Kóm* ‘kóm’ 25, *kóm* ‘kóm’ 34, og meira að segja eitt dæmi um nafnháttarmyndina *kóma*: *kóma* ‘kóma’ 256. Miklu fleiri dæmi eru hins vegar um *kom-*, t.d. *koma* ‘koma’ 1, *komu* ‘komu’ 28, *komum* ‘komummi’ 61. Táknun /o/ og /ó/ er dálítið á reiki í JStgrÆv og því vafasamt að draga víðtækar ályktanir af þessum dæmum. Sjá umfjöllun um táknnotkun í undirkafla 1.4.

nema

Í físl. beygðist so. *nema* sterkt eftir 4. flokki: *nema* – *nam* – *námum* – *numinn*. Saga þess í seinni alda máli er hins vegar allflókin. Þegar að fornu beygðist hún stundum eins og sterkar sagnir af 3. flokki og í seinni alda máli koma einnig upp veikar myndir af henni, bæði þt. *namdi* og *numdi*.⁷⁶⁴ Í RM eru mörg dæmi um allar þessar ólíku beygingarmyndir, beygingu eftir 4. fl. st. so. (*nema* – *nam* – *námum* – *numinn*),⁷⁶⁵ 3. fl. st. so. (*nema* – *nam* – *numum* – *numinn*)⁷⁶⁶ og einnig veika beygingu, þt. et. *namdi*⁷⁶⁷ og *numdi*.⁷⁶⁸ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:82) beygist lh. þt. af so. *nema* sterkt: ‘vpp numner’ I Þess 4¹⁷. Í GBibl (Bandle 1956:401) fylgir þessi sögn stundum beygingu sterkra sagna af 3. flokki, t.d. ‘Dyranna þeirra sem numu til samans’ Ez 3,4, og eitt dæmi er um upprunalega beygingu 4. fl. sterkra so.: ‘namu stadar vnder Midportenu’ Jerem 39,3. Engin veik form koma hins vegar fyrir í GBibl af sögninni. Hjá Jóni Magnússyni (1997) kemur fyrir veika þátíðar-

⁷⁶² Dæmi frá Svavari Sigmundssyni 1966:49.

⁷⁶³ Valtýr Guðmundsson 1922:122 [§250, nmgr. 3]: „I enkelte Egne bruges ogsaa *kómum* f. *komum*.“

⁷⁶⁴ Sjá Noreen 1923:333 [§496, ath. 4].

⁷⁶⁵ So. *nema* – *nam* – *námum* – *numinn* (5 dæmi, 19m–19s2of), t.d. ‘námu’ JÁþj V, 394 (19m).

⁷⁶⁶ So. *nema* – *nam* – *numum* – *numinn* (24 dæmi, 16s–19s), t.d. ‘numu’ GuðbrÞorlBibl Esk 3, 13 (16s).

⁷⁶⁷ So. *nema* – *namdi* (15 dæmi, 16s–19s2of), t.d. ‘nemde’ (vh. þt.) Alþb II, 266 (1592).

⁷⁶⁸ So. *nema* – *numdi* (42 dæmi, 17fm–19s2of), t.d. ‘numdu’ Tyrk, 20 (17fm).

formið *numdi* en einnig sterka myndin *nam*. Valtýr Guðmundsson segir að þessi sögn beygist bæði veikt og sterkt í nisl. og tiltekur eftirfarandi kennimyndir:⁷⁶⁹

nema – *nam* – *numum* – *numinn*

nema – *nam* – *námum* – *numinn*

nema (*nimja*) – *numdi* – *numinn*.⁷⁷⁰

Valtýr minnst hins vegar ekki á veiku þátíðarmyndina *namdi*.

Í JStgrÆv koma sterkar myndir af þessari sögn eingöngu fyrir í samsettu sögninni *fornema*: *Fornam* ‘fornam’ 63, *fornam* ‘fornam’ 105. Það passar vel við fjórða lögmál Kuryłowicz (1947) um áhrifsbreytingar en samkvæmt því lifa gamlar myndir lengur í afleiddum myndum eða merkingu, hér í forskeyttum sögnum, en annars. Ekki er hægt að skera úr um hvort sterku myndirnar (*fornam*) beygjast eftir 3. eða 4. fl. sterkra sagna þar sem munurinn á þessum flokkum er aðeins greinilegur í þt. ft. (*numum/námum*).

Þátíðarmyndir ósamsettu sagnarinnar *nema* eru hins vegar allar veikar í JStgrÆv: *Numdi* ‘numde’ 73, *numdi* ‘numde’ 262, *numdi* ‘numde’ 319, *numdu* ‘numdu’ 325. Þar að auki kemur einu sinni fyrir þt. et. *namdi* í JStgrÆv: *namdi* ‘namde’ 117. Í JStgrÆv eru því bæði dæmi um veika og sterka beygingu þessarar sagnar.

Yfirlit yfir beygingu 4. fl. st. so. í JStgrÆv

nh.	þt. et.	lh. þt.
fela	fól	falið
koma (kóma)	kom (kóm)	komið
nema	fornam, numdi, namdi	numið

3.5.2.5 Fimmti flokkur sterkra sagna

meta

So. *meta* var upphaflega sterk sögn af 5. flokki: *meta* – *mat* – *mátum* – *metinn*. Veikar myndir komu upp af henni á seinni öldum eftir fyrirmynd veikra sagna af 1. flokki, þt. et. *matti*, þt. ft. *möttum*.⁷⁷¹ Eitt dæmi er í NtOG (Jón Helgason 1929a:316–317) um upphaflegu sterku beyginguna: ‘þa hann merckti huernen þeir matuzt epter Inum fremstu sætum.’ Lk 14⁷. Engin veik form af sögninni eru í GBibl (Bandle 1956:403) heldur aðeins sterk. Veika

⁷⁶⁹ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:120 [§243], 122 [§249] og 136 [§286].

⁷⁷⁰ Valtýr Guðmundsson (1922:136 [§286]) segir að nútíðarmynd þessarar sagnar sé *nim*, a.m.k. í talmáli. Ég veit ekki um aðrar heimildir fyrir þessum formum með /i/. Hugsanlega eru þetta flámælismyndir. Valtýr Guðmundsson 1922:136 [§286, nmgr. 3]: „Præs. *nim* (el. *nym*) forekommer kun i Talespr., især i Imperat.: *nimdu* (el. *nymdu*).“

⁷⁷¹ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:114.

beygingin virðist hafa verið algeng í talmáli á f.hl. 20. aldar⁷⁷² og fjölmörg dæmi eru um hana í RM.⁷⁷³ Einnig eru nokkur dæmi þar um sterka beygingu sagnarinnar í lh. þt., *metinn*,⁷⁷⁴ og fjölmörg dæmi eru einnig í RM um myndina *matinn* í lh. þt.⁷⁷⁵

Eitt dæmi er um so. *meta(st)* í þt. í JStgrÆv og beygist hún þar veikt: *möttust* ‘móttust’ (3. p. ft.) 178. Þetta passar vel við aðrar heimildir og þróunina á seinni öldum. Veiku myndirnar virðast hafa verið orðnar mjög algengar á 18., 19. og fram á 20. öld áður en upprunalega sterka beygingin hófst aftur til vegs og virðingar.

sjá

Lýsingarháttur þátíðar af so. *sjá* var í fisl. *sénn*.⁷⁷⁶ Fljótlega kom einnig upp veik mynd í lh. þt., *séður*. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:83) og GBibl (Bandle 1956:403) koma bæði fyrir myndirnar *sénn* og *séður*. Í RM eru fjölmörg dæmi um bæði formin.

Í nf./þf. et. hk. er útlit lýsingarháttarins eins að fornu og nýju, þ.e. *séð* (fisl. *sét*), og því ekki hægt að sjá á þeim myndum hvort um forna eða nýja mynd er að ræða. Í öðrum föllum er það hins vegar hægt.

Í JStgrÆv koma báðar myndirnar fyrir. Eitt skýrt dæmi er um stofninn *sén-* og tvö skýr dæmi um *séð-*. Á öðrum dæmum er ekki hægt að sjá hvort þau fylgja gamalli eða nýrri beygingu:

Gömul beyging: fáséna ‘fasiena’ 326.

Ný beyging: útséður ‘utsiedur’ 56, *útséðu* ‘ütsiedu’ 321.

Gömul beyging eða ný: séð ‘sied’ 11, *séð* ‘sied’ 23, *fyrirséð* ‘fyrersied’ 26, *séð* ‘sied’ 45, *séð* ‘sied’ 51, *séð* ‘sied’ 64, *séð* ‘sied’ 71, *séð* ‘sied’ 82, *Auðséð* ‘audsied’ 88, *séð* ‘sied’ 90, *séð* ‘sied’ 91, *séð* ‘sied’ 93, *séð* ‘sied’ 94, *séð* ‘sied’ 97, *séð* ‘sied’ 104, *séð* ‘sied’ 135, *forséð* ‘forsied’ 195, *séð* ‘sied’ 199, *séð* ‘sied’ 220, *auðséð* ‘audsied’ 260, *séð* ‘sied’ 260, *auðséð* ‘audsied’ 283 *séð* ‘sied’ 295, *vanséð* ‘vansied’ 307, *séð* ‘sied’ 320, *séð* ‘sied’ 320.

⁷⁷² Sjá Valtý Guðmundsson 1922:121 [§247, nmgr. 3].

⁷⁷³ So. *metja*, þt. *matti* (58 dæmi, 17fm–19s), t.d. ‘mattist’ Safn III, 717 (JGuðm) (17fm), *‘matti’ HPSkv I, 297 (17ms).

⁷⁷⁴ Lh. þt. *metinn* (8 dæmi, 16s–19s), t.d. ‘meten’ GuðbrÞorlBibl Dn 9, 23 (16s).

⁷⁷⁵ Lh. þt. *matinn* (40 dæmi, 18s–19s), t.d. ‘mated’ ÞÓIJT, 19 (18s).

⁷⁷⁶ Sjá Noreen 1923:334 [§497].

vega

Í físl. hafði sögnin *vega* kennimyndirnar *vega – vá – vágum – veginn*.⁷⁷⁷ Á síðari öldum kom einnig upp ný sterk beyging eftir fyrirmynd 6. flokks sagna: *vega – vó – vógum – veginn*. Í GBibl (Bandle 1956:403) eru nokkur dæmi um slíkar nýjar myndir, t.d. ‘vogu’ Dom 8,26. Runólfur Jónsson (1651:142) nefnir einnig nýju sterku beyginguna í málfræði sinni: „Vel in O breve ut *Veg* trutino vel interimo *Vo*.“ Mörg dæmi eru einnig um þessa nýju beygingu í RM⁷⁷⁸ auk eins dæmis um gömlu beyginguna.⁷⁷⁹ Einnig eru ýmis dæmi í RM bæði um brottfall /v/ í þátíðarstofninum *vó-* á undan kringdu sérhljóði, þ.e. *ó(g)-*,⁷⁸⁰ og upptöku /g/ í eintölumyndum þar sem það er ekki upprunalegt, *vóg* (1./3. p. et. þt.), *vógst* (2. p. et. þt.)⁷⁸¹ (sjá einnig undirkafla 2.2.16 /v/). Síðarnefnda breytingin er líklega tilhneiging til að alhæfa /g/ sem rótarsamhljóð í allri beygingu sagnarinnar. Dæmi um svipaða þróun er að finna í beygingu sagnarinnar *draga – dró – drógum – dreginn* en mörg dæmi eru um það frá síðari öldum að /g/ hafi verið bætt við eintölumyndir hennar, *dróg* (1./3. p. et. þt.), *drógst* (2. p. et. þt.).

Í JStgrÆv er eitt dæmi um þátíðarmynd þessarar sagnar og fylgir það 6. flokks beygingunni: *vó* ‘vo’ 110.

vera

Á 17. öld kemur fyrir rím sem sýnir að myndir þt. ft. af so. *vera* voru bornar fram með /ó/ á Suðurlandi á síðustu áratugum 17. aldar.⁷⁸² Í I. rímu í Ambáles rímum eftir Pál í Unnarholti (f. um 1635) er rímað *vóru* : *-stóru* (15. er.), *fóru* : *vóru* (VI. ríma, 55. er.), *vórum* : *stórum* (XI. ríma, 74. er.), *stóru* : *vóru* (XIII. ríma, 29. er.) og *sóru* : *vóru* (XX. ríma, 69. er.).⁷⁸³ Í nísl. er ó-framburður á þátíðarmyndum sagnanna *vera* og *koma* enn þekktur á Vestfjörðum og Norðurlandi (um so. *koma* sjá undirkafla 3.5.2.4). Björn Guð-

⁷⁷⁷ Sjá Noreen 1923:334 [§498].

⁷⁷⁸ RM: So. *vega – vó – vógum – veginn* (27 dæmi, 16–19s20f), t.d. *‘vo’ (3. p. et. þt.) ÞMFjós, 44 (16), ‘vógu’ (3. p. ft. þt.) GuðmJSum, 122 (18s).

⁷⁷⁹ RM: ‘postularnir unnu sigur, en því urðu blótmenn svo reiðir, að þeir vágu þá.’ Alm 1885, 70 (19s).

⁷⁸⁰ /ó(g)-/ (8 dæmi, 19–19s20f), t.d. ‘ó’ (3. p. et. þt.) ÓDavÞj III, 298 (19s), ‘óg’ (3. p. et. þt.) Blanda III, 80 (19. öld) og ‘ógu’ (3. p. et. þt.) Fjallk 1892, 200 (19s).

⁷⁸¹ /vó(g)-/ (11 dæmi, 16–19s20f), t.d. ‘vóg’ (3. p. et. þt.) 1Ið, 166 (19m) og ‘vógst’ JÁPj II, 157 (19m).

⁷⁸² Sjá Svavar Sigmundsson 1966:48.

⁷⁸³ Svavar Sigmundsson (1966:49) segir að sams konar rím finnast hjá fleiri skáldum frá þessu tímabili (Steinunni Finnsdóttur, Bjarna Gissurarsyni og Guðmundi Bergþórssyni). Björn Magnússon Ólsen 1882:275: „Doch gibt es von derselben verschiedene Ausnahmen; z. B. sagt man in verschiedenen Gegenden *vórum, vóruð, vóru* [...]“. Sjá einnig Konráð Gíslason 1866.

finnsson (1964:190–191) segir að tvíhljóðsframburður hafi um miðja síðustu öld verið algengari á *komu* en *voru* á Vestfjörðum en á Norðurlandi hafi verið algengara að hafa tvíhljóðsframburð á *voru* en *komu*.

Eitt dæmi virðist vera um myndina *vór-* af so. *vera* í JStgrÆv: ‘vórumm’ 300. Yfir tákninu er greinilega einn broddur sem venjulega stendur í handritinu fyrir /ó/. Hér getur það þó ekki verið og þá er nærtækast að Jón hafi ætlað að rita /ó/. Eins og fjallað er um í greinargerð um táknnotkun í JStgrÆv (sjá undirkafla 1.4.1) þá eru vísbendingar um það í lok handrits Ævisögunnar að táknun /ó/ sé þá að breytast og það táknað að nútímahætti með ‘ó’ eða ‘ö’, t.d. *fór* ‘fór’ 311, ‘rösemd’ 330. Hugsanlega er því hér á ferðinni dæmi um slíka táknun. Annars eru þátíðarmyndir þessarar sagnar alltaf ritaðar með tákni fyrir /o/ í JStgrÆv, t.d. *voru* ‘voru’ 1, *voru* ‘voru’ 5, *voru* ‘voru’ 5 o.s.frv.

þiggja

Sögnin *þiggja* beygðist alltaf sterkt í físl. eftir 5. flokki, *þiggja – þá – þágum – þeginn*. Sú beyging er enn við lýði í GBibl (Bandle 1956:403), t.d. ‘þæga eg’ (vh. þt.) Psalt 27,4, ‘þeiged’ (lh. þt.) I Kg 12,3. Á 17. öld kom síðan upp veik beyging sagnarinnar (*þiggja*, þt. *þáði*).⁷⁸⁴ Á 18. öld minnst t.d. Jón Magnússon (1997:176) á þessa veiku beygingu: „*þigg–þæde*“. Á f.h.l. 20. aldar tíðkaðist bæði sterk og veik beyging sagnarinnar en sú síðarnefnda var algengari.⁷⁸⁵ Óvíst er hvort mikill munur hefur heyrst á þátíðarmyndum fleirtölu, t.d. 1. p. ft. *þágum* og *þáðum*. Í nísl. hafa öngljóðs-/ð/ og -/g/ veiklast á milli sérhljóða og breyst í svokölluð náandarhljóð, þ.e. [ð] og [ɣ], eða jafnvel nær alveg fallið brott í framburði. Slíkt hefði líklega frekar getað leitt til þess að veikar myndir af sögninni yrðu til. Veiklun öngljóða milli sérhljóða er algeng breyting í tungumálum heimsins en óljóst er hversu gömul hún er í íslensku (sjá einnig undirkafla 2.2.3 og 2.2.5).

Í nísl. eru enn bæði notaðar sterkar og veikar myndir í lh. þt. af þessu so., þ.e. *þeginn*, *þáður*.⁷⁸⁶

Í JStgrÆv beygist lh. þt. af þessari sögn sterkt, *þegið* ‘þeijed’ 205, en þátíðarmyndir eru hins vegar veikar: *Þáðu* ‘þadu’ 15, *þáði* ‘þæde’ 55, *þáði* ‘þæde’ 66, *þáði* ‘þæde’ 93, *þáði* ‘þæde’ 123, *þáði* ‘þæde’ 141, *þáðu* ‘þadu’ 205, *þáði* ‘þæde’ 206, *þáði* ‘þæde’ 318.

⁷⁸⁴ Björn K. Þórólfsson (1925:114) nefnir eftirfarandi dæmi um veika beygingu í Passíusálmum Hallgríms Péturssonar: „*þáði* : gráði Pass. XVI, 1. *þáðu* (3. pers. flt. þát. frmsh.): gáðu : háðu : tjáðu : náðu Hallgr. II, 351.“

⁷⁸⁵ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:122, 134 [§251, nmgr. 8, 280].

⁷⁸⁶ Hjá Valtý Guðmundssyni (1922:122, 134 [§251, 280]) er sýnd tvenns konar beyging þessarar sagnar, þ.e. veik þátíðarmynd (*þáði*) og annaðhvort *þáður* eða *þeginn* í lh. þt.

nh.	þt. et.	þt. ft.	lh. þt.
(meta)	möttust		
sjá	sá	sáum	séð-, sén-
(vega)	vó		
vera	var	voru (vóru)	verið
þiggja	þáði	þáðu	þegið

3.5.2.6 Sjötti flokkur sterkra sagna

Hjá nokkrum sögnum af 6. flokki sterkra sagna, *sverja*, *vaxa* og *þvo* (< *þvá*), féll **w* í stofni brott í frumnorrænu á undan kringdu sérhljóði (físl. *o*, *ó*, *u*, *ú*, *y*, *ý*, *ø* og *ø*).⁷⁸⁷ Hljóðrétt beyging þessara sagna var því eftirfarandi í físl.:

sverja – *sór* – *sórum* – *svarinn*

vaxa – *óx* – *óxum* – *vaxinn*

þvá – *þó* – *þógum* – *þveginn*

Í seinni tíma máli var /v/ stundum tekið upp aftur í þessu brottfallsumhverfi fyrir áhrif útjöfnunar. Þá urðu til myndir eins og *vóx*, *svór* og *þvó* í þátíð ein-tölu. Tvennt hefur líklega haft áhrif á að /v/ var tekið upp aftur í þessu umhverfi hjá þessum sögnum. Í fyrsta lagi hafði breytt eðli /v/ örugglega áhrif. Í físl. var það upphaflega skriðhljóð eða hálfserhljóð (líklega [v]) en breyttist síðar í tannbergsmælt öngljóð, þ.e. [v]. Í öðru lagi breyttist framburður sumra sérhljóðanna. Þannig afkringdist t.d. langa sérhljóðið /ø/ á 14. öld og féll saman við /é/ (æ). Samfallshljóðið tvíhljóðaðist síðan (/æ/ > [ai]). Líklegt er að þessi alhæfing /v/ í beygingarmyndum hafi aldrei orðið mjög útbreidd en nánari grein er gerð fyrir því hér á eftir hvernig hún birtist í ákveðnum sögnum. Í nísl. sjást lítil merki þessarar áhrifsbreytingar.

sverja

Í físl. komu bæði fyrir sterkar myndir af þessari sögn, *sverja* – *sór* – *sórum* – *svarinn*, og veikar, *sverja*, þt. *svarði*.⁷⁸⁸ Þt. et. af so. *sverja* er alltaf með /v/ í NtOG (Jón Helgason 1929a:83), t.d. ‘suor’ Mark. 6²³, og stundum í GBibl (Bandle 1956:404) en þó frekar sjaldan, t.d. ‘eg suor’ Es 54,9. Veikar myndir af sögninni koma hvorki fyrir í NtOG né GBibl. Í RM eru allmörg dæmi um sterku beyginguna frá síðustu öldum bæði með /v/ og ekki: *sór*⁷⁸⁹/*svór*⁷⁹⁰ (þt. frsh.), *sær*⁷⁹¹/*svær*⁷⁹² (þt. vh.) og einnig nokkur um veiku beyginguna.⁷⁹³ Á

⁷⁸⁷ Sjá Noreen 1923:169 [§235, 1, a].

⁷⁸⁸ Sjá Noreen 1923:336 [§500, aths. 1] og Björn K. Þórólfsson 1925:59.

⁷⁸⁹ Þt. /sór-/ (14 dæmi, 1617–19s), t.d. ‘sór’ (3. p. et. þt.) Bisk II, 340 (1617).

⁷⁹⁰ Þt. /svór-/ (4 dæmi, 16m–17f18m), t.d. ‘suor’ (3. p. et. þt.) OGottNýjat Mk 6, 23 (16m).

⁷⁹¹ Vh. þt. /sær-/ (1 dæmi, 19s): ‘særi’ (3. p. et. þt. vh.) Fjallk 1892, 43.

fyrri hluta 20. aldar tíðkaðist bæði sterk og veik beyging sagnarinnar og myndir með /v/ í þátíð sterku beygingarinnar auk /v/-lausra mynda (t.d. *svór/sór*).⁷⁹⁴

Í JStgrÆv eru fjögur dæmi um þátíðarmyndir af þessari sögn. Þau fylgja öll sterkri beygingu og eru öll án /v/: *sóru* ‘soru’ 92, *sór* ‘sor’ 101, *sóru* ‘soru’ 105, *sór* ‘sor’ 144, *s[ó]ru* ‘s[ó]ru’.

vaxa

Fleirtölumyndir þátíðar af sögninni *vaxa* voru bæði *óxu* og *uxu* í físl. og einnig í seinni alda máli.⁷⁹⁵ Þátíðarmyndir af þessari sögn eru bæði með /v/ og án þess í NtOG (Jón Helgason 1929a:83), t.d. ‘vogx’ Mark. 4⁸ en ‘ogx’ Post. 7¹⁷. Í GBibl (Bandle 1956:404) eru mörg dæmi um /v/ í þessari sögn en þau einskorðast að mestu við Nýja testamentið og spámannabækurnar, t.d. ‘vogx’ Ez 17,6. Vh. et. þt. í GBibl (Bandle 1956:404–405) af so. *vaxa* er *yxi*: ‘So það Truen yxe a Jørdu’ Psalt 85,12. Í RM er bæði að finna dæmi með og án /v/, þ.e. *vóx*-⁷⁹⁶ og *óx*-⁷⁹⁷. Samkvæmt Valtý Guðmundssyni (1922:128 [§266]) eru almennar þátíðarmyndir þessarar sagnar *óx* – *uxum* á f.hl. 20. aldar en hann segir að í rituðu máli komi einnig fyrir *vóx* og *óxum*.⁷⁹⁸

Í JStgrÆv er eitt dæmi um þátíðarmynd af þessari sögn og er það án /v/: *óx* ‘ox’ 111. Engin dæmi eru samkvæmt þessu um að /v/ sé alhæft í beygingu sterkra so. af 6. flokki í JStgrÆv. Þetta er ólíkt því sem á við um 3. fl. st. so. en nokkur dæmi eru um slíkar myndir með /v/ af þeim flokki í JStgrÆv þótt miklu fleiri dæmi séu að vísu þar um myndir án þess (sjá undirkafla 3.5.2.3).

Sjötta flokks sterkar sagnir → veikar myndir

Nokkrar upprunalegar 6. fl. sagnir hafa tekið upp veika beygingu á seinni öldum.

⁷⁹² Vh. þt. /svær-/ (7 dæmi, 17–19s2of), t.d. ‘sværi’ (3. p. ft. þt. vh.) Munnm, 105 (17).

⁷⁹³ Tvö dæmi eru um veiku beyginguna í RM, bæði úr Bréfabók Guðbrands Þorlákssonar biskups frá 1630: ‘suordum’ (lh. þt.) BréfabGP, 609 (1613), ‘suórdum’ (lh. þt.) BréfabÞorlSk, 33 (1630).

⁷⁹⁴ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:123, 133 [§§253, 279].

⁷⁹⁵ Sjá Noreen 1923:147, 336 [§170, aths. 2, 500] og Heusler 1932:91 [§311,3]: „Der Plur. Prät. *uxom* „wir wuchsen“ (neben *óxom*) ist Neubildung nach der Proportion: *fló* : *flugom* ~ *óx* : *uxom*.“

⁷⁹⁶ Þt. /vóx/ (2 dæmi, 16s17f–19m): *‘vox’ (3. p. et. þt.) ÓJKvæð, 115r (16s17f), ‘vóx’ (3. p. et. þt.) SkGSKv, 41 (19m).

⁷⁹⁷ Þt. /óx-/ (5 dæmi, 19m–19s2of), t.d. ‘óx’ (3. p. et. þt.) JHall I, 271 (19m).

⁷⁹⁸ Valtýr Guðmundsson 1922:128 [§266, nmgr. 6]: „Af dette Verbum, der tidligere tilhørte 3. Kl., forekommer i Skriftspr. undertiden *vóx* – *óxum* i Præt., men disse Former tilhører dog ikke Nutidssproget.“

ala

Á seinni öldum kom upp veik beyging af st. so. *ala – ól – ólum – alinn*, það er þt. et. *aldi*.⁷⁹⁹ Veika beygingin hefur þó líklega aldrei verið almenn og fá dæmi eru um hana nema í lh. þt. Þessi sögn er aldrei veik í GBibl (Bandle 1956:404–405) fyrir utan blendingsform í lýsingarhætti þátíðar (sjá undirkafla 3.5.3.1), t.d. ‘öldum Kalfe’ Luc 15,27.⁸⁰⁰ Ekki er heldur getið um veika beygingu þessarar sagnar hjá Valtý Guðmundssyni (1922:122 [§266]).

Í JStgrÆv er aðeins að finna sterk form sagnarinnar: *ólst* ‘olst’ 16, *ól* ‘ol’ 106, *ól* ‘ol’ 127.

deyja

So. *deyja* var upphaflega sterk sögn af 6. flokki, *deyja – dó – dóum – dáinn*. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:83) koma bæði fyrir veikar og sterkar myndir af henni, t.d. ‘hann deydi’ Hebr. 11^{21–22}, en hins vegar ‘do’ Lúk. 16²². Í GBibl (Bandle 1956:405) eru einnig dæmi um veikar myndir sagnarinnar, t.d. ‘hann deyde’ V Mos 33,1. Valtýr Guðmundsson (1922:123, 135 [§254, 284]) tiltekur bæði sterka og veika beygingu þessarar sagnar.⁸⁰¹ Á seinni hluta 20. aldar hefur veika beygingin hins vegar líklega alveg verið horfin úr málinu.

Í JStgrÆv eru einnig bæði dæmi um veikar og sterkar myndir af sögninni og eru þær sterku algengari en hinar:

/dó-/: *dó* ‘dö’ 6, *dóu* ‘dou’ 45, *dó* ‘do’ 48, *dó* ‘dö’ 98, *dóu* ‘dou’ 112, *dó* ‘do’ 119, *dó* ‘dö’ 126, *dó* ‘do’ 126, *dó* ‘do’ 126, *Dó* ‘do’ 144, *dó* ‘do’ 152, *dó* ‘do’ 196, *dóu* ‘döu’ 206, *dóu* ‘döu’ 208, *dó* ‘dö’ 258, *dó* ‘do’ 261, *Dóu* ‘döu’ 261, *dó* ‘do’ 280, *dó* ‘dö’ 297, *dó* ‘do’ 334.

/deyð-/: *deyði* ‘deyde’ 25, *deyði* ‘deyde’ 100, *deyði* ‘deijde’ 300, *deyði* ‘deyði’ 344.

Yfirlit yfir beygingu 6. fl. st. so. í JStgrÆv

nh.	þt. et.	þt. ft.	lh. þt.
(sverja)	sór	sóru	-svarin
(vaxa)	óx		-vaxinn
(ala)	ól		
deyja	dó, deyði	dóu	dáinn

⁷⁹⁹ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:114–115.

⁸⁰⁰ Sjá Jón Hilmar Jónsson 1979 og einnig undirkafla 3.5.3.1 í ritgerðinni.

⁸⁰¹ Sjá einnig Bandle 1956:405: „Schwache Formen, die später wieder verschwanden, kommen zwar auch bei andern starken Verben vor, vgl. z. B. *ljósta* (§ 267), *hefja* (unten). Da aber *deyja* ein sehr häufig gebrauchtes Wort ist und da die schw. Formen, begünstigt durch das j-Präs, gegenüber dem isolierten st. Prät grundsätzlich im Vorteil gewesen wären, wären sie wohl im Nisl. durchgedrungen, wenn sie wirklich in der gesprochenen Sprache gelebt hätten.“

3.5.2.7 Sjöundi flokkur sterkra sagna (tvöföldunarsagnir)

Þátíð fleirtölu af *auka*, *ausa*, *hlaupa*

Tvöföldunarsagnirnar *auka*, *ausa* og *hlaupa* höfðu oftast /ó/ í þátíð fleirtölu í físl., t.d. *hljópu* (3. p. ft. þt.), en einnig komu fyrir fleirtölumyndir með /u/ í stofni.⁸⁰² Í GBibl (Bandle 1956:407) er alltaf *-u-* í þátíð fleirtölu af *auka*, *ausa* og *hlaupa*, t.d. ‘juku’ Kom 10,6, ‘jusu’ Jos 7,6, ‘hlupu’ Jos 8,19.

Nokkur dæmi eru um þátíðarmyndir í JStgrÆv af *auka* og *hlaupa* en engin af so. *ausa*. Í þátíð eintölu er alltaf *jók-* af so. *auka* og *juk-* í þt. ft. og alltaf er *hljóp-* í þt. et. af so. *hlaupa* og *hlup-* í þt. ft. Þetta mynstur, *-jó-* í þt. et. en *-(j)u-* í þt. ft. virðist því vera reglulegt í JStgrÆv.

Þt. et. /jók-/: *jókst* ‘jokst’ 81, *Jókst* ‘jokst’ 100, *jók* ‘jok’ 154, *jók* ‘jok’ 174, *jókst* ‘jokst’ 259, *jókst* ‘jokst’ 270, *Jók* ‘jok’ 317.

Þt. ft. /juk-/: *viðjukust* ‘vidjukust’ 272, *jukust* ‘jukust’ 333.

Þt. et. /hljóp-/: *hljóp* ‘hliöp’ 18, *hljóp* ‘hliop’ 67, *hljóp* ‘hliop’ 96, *hljóp* ‘hliop’ 102, *hljóp* ‘hliop’ 102, *hljóp* ‘hliop’ 102, *hljóp* ‘hliop’ 137, *hljóp* ‘hliop’ 140, *hljóp* ‘hliop’ 179, *hljóp* ‘hliop’ 200, *Hljóp* ‘hliop’ 211, *Hljóp* ‘hliop’ 213.

Þt. ft. /hlup-/: *hlupum* ‘hlupum’ 135, *Hlupum* ‘hlupum’ 136, *Hlupum* ‘hlupum’ 136, *hlupu* ‘hlupu’ 13, *hlupu* ‘hlupu’ 59.

Þt. et. af so. *falla*, *fá*

Eintölumyndir tvöföldunarsagnanna *fá* og *falla* voru upphaflega með rótarsérhljóðinu /e/, t.d. *fekk*, *fell*.⁸⁰³ Á 14. öld komu upp þátíðarmyndir af þessum sögnum með /é/ líklega fyrir áhrif frá þátíðarmyndunum *hékk*, *hélt* og *gekk* ([cehk]) (af tvöföldunarsögnunum *halda*, *hanga* og *ganga*) sem eru eldri.⁸⁰⁴ Þátíðarmyndir þessara sagna eru nær alltaf skrifaðar með ‘ie’ í GBibl (Bandle 1956:51), t.d. ‘fiellu’ I Mos 14,4, II Mos 9,10, Dom 6,5 en ‘feckstu’ Matth. 25,20. Í Kvæðabók Gissurar Sveinssonar (Jón Helgason 1960b:38) er hins vegar alltaf skrifað ‘feck’. Í þýðingu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík á Nikulási Klím (Jón Helgason 1948:306) er oft ritað ‘fieck’. Í orðabók Jóns í AM 433 fol. er síðan skrifað ‘feck’ og ‘geck’ en hins vegar ‘fjell’.⁸⁰⁵ Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:37) er þátíð eintölu af *falla* alltaf með ‘ie’. Langt fram eftir öldum voru þessar þátíðarmyndir því oft skrifaðar með ‘e’ í textum. Í nisl. eru þátíðarmyndir þeirra hins vegar alltaf ritaðar með ‘é’ og framburður er almennt á sömu lund.

Í JStgrÆv er rótarsérhljóð þt. et. af so. *falla* og *fá* alltaf ritað með ‘ie’:

⁸⁰² Sjá Noreen 1923:338 [§503] og Jón Þorkelsson 1888–1894:11, 15, 210.

⁸⁰³ Sjá Noreen 1923:339 [§504].

⁸⁰⁴ Sjá Bandle 1956:51.

⁸⁰⁵ 4, 246 (bls. 46): „Eg geng, geck“, 4, 24 (bls. 19): „Eg fell. fjell. at falla“, 4, 50 (bls. 43): „eg fæ, fieck.“

/féll/: féll 'fiell' 26, féll 'fiell' 32, féll 'fiell' 41, tilféll 'til fiell' 42 o.s.frv.
/fékk/: fékk 'fieck' 10, fékk 'fieck' 17, fékk 'fieck' 18, fékk 'fieck' 20 o.s.frv.

Nh., nt. og lh. þt. af so. *höggva*

Lýsingarháttur þátíðar af so. *höggva* í físl. var *höggvinn*. Í síðari tíma máli komu upp tvímyndir, *höggvinn* og *hogginn/högginn*.⁸⁰⁶ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:83) kemur eingöngu fyrir myndin *höggvinn* í lh. þt., t.d. 'hogguinn' Rómv. 11²². Hið sama er að segja um GBibl (Bandle 1956:406) en þar helst /v/ alltaf í nafnhætti, nútíð og lýsingarhætti nútíðar, t.d. 'so þeir höggui' Jos 9,21. Hjá Valtý Guðmundssyni (1922:128 [§266]) er aðalmynd í lh. þt. *höggvinn* en hann getur þess að einnig komi fyrir formið *högginn* án /v/.

Í físl. féll /j/ brott í viðtengingarháttarmyndum af so. *höggva*, t.d. *hyggi*. Í málfræði Jóns Magnússonar (1997:199) frá 18. öld er hins vegar ritað 'j' í viðtengingarhætti þátíðar af þessari sögn: „Þát. et. *hygge, hygger, hygge*; flt. *hyggium, hyggiud, hyggiu* eða *hygge*.“ Myndir með /j/, t.d. *hyggi*, eru einnig gefnar upp sem aðalmyndir hjá Valtý Guðmundssyni (1922:161–162 [§361]). Engin dæmi eru um viðtengingarháttarmyndir í þátíð af so. *höggva* í JStgrÆv.

Í JStgrÆv er tvisvar /v/ í lýsingarhætti þátíðar af þessari sögn en eitt dæmi er um lh. þt. án /v/:

/höggvinn/: *úthöggvið* 'uthoggved' 7, *úthöggvið* 'uthoggved' 7.

/högginn/: *högginn* 'hóggenn' 125.

Önnur dæmi um so. *höggva* í lh. þt. í JStgrÆv eru samdráttarmyndir og sést þá ekki hvort þau eru af *höggvinn* eða af /v/-lausum myndum: *loft-höggnum* 'loffthöggnum' 7, *einhögg* 'Ein hoggt' 136.

(g)núa, gróa, róa, snúa

Hljóðrétt rótarsérhljóð í þátíð eintölu af sögnunum (g)núa, gróa, róa, snúa í físl. var /e/, t.d. *rera* (1. p. et. þt.), en /ø/ í þátíð fleirtölu, t.d. *rørum* (1. p. ft. þt.). Þegar í físl. hafði þessi upprunalega skipting þó að mestu ruglast.⁸⁰⁷ Í GBibl (Bandle 1956:407) er til að mynda alltaf /e/ í þátíðarmyndum fleirtölu, t.d. 'sneru' I Mos 9,23.

Í nísl. hefur rótarsérhljóð þessara sagna yfirleitt breyst í /é/ en /e/ kemur einnig fyrir.⁸⁰⁸ Þátíðarmyndir af þessum sögnum með /é/ koma líklega upp á 18. öld.⁸⁰⁹ Óljóst er hvað olli breytingunni á rótarsérhljóðinu í þátíð þessara

⁸⁰⁶ Sjá Noreen 1923:338 [§503], Björn K. Þórólfsson 1925:60 og Jón Þorkelsson 1888–1894:253.

⁸⁰⁷ Sbr. Noreen 1923:70 [§77, 3], 340 [§506] og Bandle 1956:407.

⁸⁰⁸ Sjá Stefán Einarsson 1945:104.

⁸⁰⁹ Björn K. Þórólfsson 1925:115–116: „Þátíðarmyndir sagnanna, *róa, snúa, núa* hafa nú víðast á landinu *je* í rótinni, *rjeri* osfrv. Þessar myndir eru líklega ekki eldri en frá 18. öld; í byrjun 19. aldar eru þær mjög útbreiddar.“

sagna. Björn M. Ólsen virðist hafa haft sérstakan áhuga á framburði þátíðarmynda þeirra. Hann ferðaðist um landið og skrifaði hjá sér mállýskuorð og athuganir um framburð og beygingu í vasabækur. Í vasabókunum, sem eru frá árunum 1872 til 1892, getur hann um dreifingu þátíðarmynda þessara sagna eftir landsvæðum. Til að mynda kemur þar fram að í Skaftafellssýslum komi fyrir öll þátíðarformin, þ.e. með *-e-*, *-je-* og *-ö-*, en á Austfjörðum eingöngu myndir með *-ö-*. Á Vesturlandi og vestari hluta Suðurlands nefnir hann eingöngu form með *-je-* en á Norðurlandi bæði *-ö-* og *-je-*.⁸¹⁰ Samkvæmt Jóhannesi L.L. Jóhannssyni (1923:213) kom gamli /e/-framburðurinn, t.d. *reri*, enn fyrir í talmáli á f.hl. 20. aldar auk mynda með /ö/, t.d. *röri*.⁸¹¹ Valtýr Guðmundsson (1922:155 [§351, nmgr. 2]) er á annarri skoðun og telur að myndirnar með /e/ séu eingöngu ritmálsmyndir og myndir með /é/, t.d. *réri*, séu hinar almennu talmálsmyndir. Auk þess komi myndir með /ö/, t.d. *röri*, einnig sums staðar fyrir.⁸¹² Sérkennilegt er hversu ólíkar skoðanir Jóhannesar og Valtýs voru á þessu. Líklegt er þó að framburður með [ɛ] í þátíð þessara sagna hafi þekkt á 20. öld við hlið nýja [jɛ]-framburðarins. Björn Guðfinnsson (1964:180) minnst t.a.m. á framburðinn *sneri* (þt. et. af *snúa*), sem hann segir að tíðkist enn á austurhluta landsins, en hins vegar hafi hann aðeins heyrt hann tvisvar í rannsóknarferðum sínum.

Í JStgrÆv koma fyrir dæmi um þátíðarmyndir sagnanna *róa* og *snúa* en ekki af so. *gróa* og *núa*. Algengast er að rótarsérhljóðið sé táknað með 'e' en einnig kemur fyrir 'ie':

Eitt dæmi er um þátíðarmynd af so. *róa* í JStgrÆv og er rótarsérhljóðið þar ritað með tákni fyrir /e/: *reri* 'rere' 128.

Allmörg dæmi eru um þátíðarmyndir sagnarinnar *snúa*. Tólf sinnum er ritað 'e' en tvisvar 'ie':

/e/: *snerist* 'snerest' 13, *sneri* 'snere' 54, *sneri* 'snere' 130, *sneri* 'snere' 160, *snerist* 'snerest' 167, *sneri* 'snere' 198, *sneri* 'snere' 203, *sneri* 'snere' 241, *sneri* 'snere' 243, *sneri* 'snere' 268, *sneri* 'snere' 300, *sneri* 'snere' 321.

/é/: *viðsnérist* 'vid snierest' 310, *umsnérist* 'ummsnierust' 317.

⁸¹⁰ Sjá Guðrúnu Kvaran 2010:336–338.

⁸¹¹ Jóhannes L.L. Jóhannsson 1923:213: „Það er ofmælt, að myndirnar *greri*, *sneri* o. s. frv. séu eintómur tilbúningur bókmálsins, því þær myndir eru enn í dag bráðlifandi á Austurlandi við hliðina á *gröri* og *snöri* (sbr. *snerill*, sem er algengt).“

⁸¹² Valtýr Guðmundsson 1922:155 [§351, nmgr. 2]: „Formerne *greri*, *reri*, *neri* og *sneri* er kun kunstige Skriftsprogsformer, der dog almindelig anvendes, medens de virkelige nyisl. Former er *grjeri*, *rjeri*, *njeri* og *snjeri*, der ogsaa er de alm. Talesprogsformer. Dog findes der enkelte Egne, hvor man ogsaa kan høre *gröri*, *röri*, *nöri* og *snöri* (men aldrig *greri* osv.).“

Þátíð af so. ráða(st)

Af tvöföldunarsögninni *ráða* – *réd* – *rédum* – *ráðinn* kom upp veik þátíðarmynd í eintölu á 17. öld, *rédi*, í stað upprunalegu myndarinnar *réd*.⁸¹³ Á f.hl. 20. aldar var hún orðin algengari en upprunalega eintölubeygingin, skv. Valtý Guðmundssyni (1922:128, 134 [§§264, 281]), og er nú mjög algeng.

Í JStgrÆv eru alltaf ný form í frsh. þt. et.: *rédist* ‘riedest’ 13, *Rédi* ‘riede’ 42, *rédist* ‘riedest’ 100, *rédi* ‘riede’ 157, *rédi* ‘riede’ 199, *rédi* ‘riede’ 202, *rédi* ‘riede’ 247, *rédi* ‘riede’ 278, *rédi* ‘riede’ 295, *rédi* ‘riede’ 295, *afrédi* ‘afriede’ 297, *rédi* ‘rede’ 317, *rédi* ‘riede’ 319, *Rédi* ‘riede’ 321.⁸¹⁴

Yfirlit yfir beygingu 7. fl. st. so. í JStgrÆv

nh.	þt. et.	þt. ft.	lh. þt.
auka(st)	jók(st)	jukust	aukið
hlaupa	hljóp	hlupu	hlaupið
falla	féll	féllu	fallinn
fá	fékk	fengu	fenginn
höggva	hjó		höggvið, högginn, -högg
róa	rerí		
snúa	sneri, snéri(st)	umsnérust	snúið
ráða	rédi(st)		-ráðinn

3.5.3 Veikar sagnir

3.5.3.1 ja-sagnir

Blendingsmyndir í lh. þt.

Lýsingarhættir af *ja*-so. höfðu í elsta máli *ð* í öllum föllum (varð stundum *d* eða *t* við ákveðin skilyrði í samandregnum myndum) og *i* á undan *ð* ef endingin hófst ekki á sérhljóði, t.d. *bariðr* (nf. et. kk. lh. þt. af so. *berja*). Þegar í elsta máli koma þó einnig fyrir dæmi um samandregin form, t.d. *barðr*.⁸¹⁵ Hjá so. af þessum flokki, sem höfðu stofn sem endaði á tannhljóði og nokkrum öðrum, voru allar beygingarmyndir þó þegar samandregnar í elsta máli, t.d.

⁸¹³ Björn K. Þórólfsson 1925:115: „Þátíð *rjedi* osfrv. kemur fyrir á 17. öld og heyrir oft í daglegu máli nú.“

⁸¹⁴ Í JStgrÆv kemur einnig fyrir afbrigðileg þátíðarmynd af þessari sögn sem hugsanlega er ritvilla, þ.e. *réða* ‘rieda’ (3. p. et. þt.) 344.

⁸¹⁵ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:62 og Jón Hilmar Jónsson 1979:37.

lh. þt. *hvattr, kvaddr, spurðr* (af so. *hvetja, kveðja* og *spyrja*). Blöndun sterkra og veikra forma í lýsingarhætti þátíðar af sumum *ja*-sögnum hófst síðan um 1300.⁸¹⁶ Í ósamandregnum formum komu þá upp nýjar endingar að fyrirmynd endinga í lh. þt. hjá sterkum so., t.d. *barinn* (← *bariðr*). Upphafleg veik form héldust hins vegar í samandregnum formum, t.d. *barðir*. Kveikjan að þessu hefur líklega verið sú að nf./þf. et. hk. af *ja*-fl. sögnum voru eins og samsvarandi myndir hjá til að mynda 6. flokks sterkum so. Þetta má tákna með eftirfarandi hlutfallajöfnu: *farit* : *farinn* ; *valit* : X; X = *valinn*.⁸¹⁷ Upphaflega veika forminu *valiðr/valðr* hefur þá verið skipt út fyrir *valinn*. Blendingsform komu hins vegar ekki upp í sögnum þar sem öll form lýsingarháttarins voru þegar samandregin í físl., t.d. *hvattr*.⁸¹⁸ Sagnir af þessum flokki hafa flestar blandaða sterka og veika beygingu í lýsingarhætti þátíðar í nísl.⁸¹⁹

Þessi þróun er sýnd hér á eftir í töflum:

I. Elsta beyging í lh. þt. *ja*-sagna

et.			ft.		
kk.	kvk.	hk.	kk.	kvk.	hk.
bariðr	barið	barit	barðir	barðar	barið
barðan	barða	barit	barða	barðar	barið
bqrðum	bariðri	bqrðu	bqrðum	bqrðum	bqrðum
bariðs	bariðrar	bariðs	bariðra	bariðra	bariðra

II. Samandregnar myndir í lh. þt. *ja*-sagna

barðr	bqrð	vakt
barðan	barða	vakt

III. Ný blendingsbeyging lh. þt. *ja*-sagna

et.			ft.		
kk.	kvk.	hk.	kk.	kvk.	hk.
barinn	barin	barið	barðir	barðar	barin
barinn	barða	barið	barða	barðar	barin
börðum	barinni	börðu	börðum	börðum	börðum
barins	barinnar	barins	barinna	barinna	barinna

⁸¹⁶ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:117 og Jón Hilmar Jónsson 1979.

⁸¹⁷ Sjá Jón Hilmar Jónsson 1979:63.

⁸¹⁸ Sjá Noreen 1923:345 [§514] og Heusler 1977:94 [§319, 2].

⁸¹⁹ Sjá Stefán Einarsson 1945:53, 84 og Valtý Guðmundsson 1922:89–91 [§§191–192].

Í GBibl (Bandle 1956:408–411) eru ýmis dæmi um blandaða beygingu í lh. þt. af *ja*-fl. so., t.d. ‘okualenn’ Syr 28,29. Einnig koma fyrir dæmi um tvímyndir, þ.e. sterk og veik form í sömu föllum, t.d. ‘okualenn’ Syr 28,29 en ‘kualdur’ Opínb 14,10. Lýsingarhættirnir *flúinn* og *lúinn* eru einnig í GBibl (Bandle 1956:410–411) með sterk form, t.d. ‘flwner’ I Chr 11,7.⁸²⁰

Í JStgrÆv koma fyrir nokkur dæmi um lh. þt. af *ja*-fl. so. Hjá so. *berja*, *lemja* og *vekja* er notuð nýja blendingsbeygingin með *-inn* í nf. et. kk. So. *hrekja* hefur hins vegar upprunalega veika mynd í nf. et. kk. Þrjú dæmi eru um aukaföll í lh. þt. af þessum *ja*-so., þ.e. nf. ft. kk. *útvaldir* 129, þf. et. kk. *marðan* 299 og nf. ft. kk. *skildir* 205. Beyging lh. þt. af *ja*-so. er því svipuð í JStgrÆv og búast mætti við á þessum tíma.

/berja/: *barinn* ‘barenn’ 49.

/hrekja/: *hraktur* ‘hraktur’ 48.

/lemja/: *laminn* ‘lamenn’ 12, *laminn* ‘lam|enn’ 49, *laminn* ‘lamenn’ 115.

/merja/: *marðan* ‘mardan’ 299.

/skilja/: *skildir* ‘skillder’ 205.

/vekja/: *vakinn* ‘vaken’ 207, *vakinn* ‘vakenn’ 236.

/velja/: *útvaldir* ‘utvallder’ 129.

Sumar sagnir í físl. höfðu engin stofnbrigði, eins og áður sagði, heldur var stofninn alltaf án /i/, t.d. lh. þt. af so. *gleðja*: *gladdr* (nf. et. kk.), *glødd* (nf. et. kvk.), *glatt* (nf. et. hk.).⁸²¹ Dæmi um slíkt er so. *flytja* í JStgrÆv:

/flytja/: *flutt* ‘flutt’ 12, *fluttir* ‘flütter’ 47, *fluttir* ‘flutter’ 48, *flutt* ‘flutt’ 74, *flutt* ‘flütt’ 206, *flutt* ‘flutt’ 256, *fluttur* ‘fluttur’ 300, *framflutt* ‘framflutt’ 309, *framflutt* ‘framflutt’ 310, *framflutt* ‘frammflutt’ 332.

Blöndun við aðra sagnflokka

flyja

Sögnin *flyja*, sem var sterk í elsta máli (þt. *fló*), tók fljótlega í físl. upp *ja*-stofna beygingu.⁸²² Þátíð eintölu af henni var *flyða* (1. p.) í NtOG (Jón Helgason 1929a:85) og lýsingarháttur þátíðar *flyður* eða *flúinn*. Þátíð eintölu er oft *flyði* í GBibl (Bandle 1956:411), t.d. ‘Eg flyde’ I Mos 16,8, en þátíðarmyndin *flúði* stingur einnig upp kollinum þótt hún sé miklu sjaldgæfari í GBibl en *flyði*. Lýsingarháttur þátíðar í GBibl er nær alltaf *flúinn* eins og í nísl. en einnig koma fyrir dæmi um *flyður*, t.d. ‘vmflyder’ Ebr 12,25.

⁸²⁰ Hjá þessum lh. þt. tíðkast einnig sama beyging í nísl., sjá t.d. Valtý Guðmundsson 1922:95 [§201, b].

⁸²¹ Sjá Jón Hilmar Jónsson 1979:31–33.

⁸²² Sjá Noreen 1923:329 [§488, aths. 2].

Þrenns konar nafnháttarmyndir koma fyrir á seinni öldum af *flýja*, þ.e. *flýja*, *flúa* og *flú*.⁸²³ *Flýja* er hin upprunalega mynd, *flúa* kemur upp á 17. öld og nh. *flú* á 18. öld.

Þátíð eintölu af so. *flýja* kemur þrisvar sinnum fyrir í JStgrÆv og alltaf með /ý/ sem rótarsérhljóð: *flýði* ‘flyde’ 162, *flýði* ‘flyde’ 207, *flýðu* ‘flydu’ 207. Eitt dæmi er um þessa sögn í þt. ft. og er það með /ú/: *flúðu* ‘fludu’ 275. Eitt dæmi er um nh., *flýja*, af þessari sögn í JStgrÆv: *flýja* ‘flija’ 331.

ja-so. → *ō-so.*

þilja

Þessi sögn beygist alltaf í GBibl (Bandle 1956:412) og í nísl. eins og *ō-so.*, t.d. ‘hann þiliade’ III Kg 6,9, en var í físl. *ja-so.*

Í JStgrÆv kemur fyrir eitt dæmi um lýsingarhátt þátíðar af þessari sögn og fylgir hann beygingu *ō-sagna*: *þiljaða* ‘þiliada’ (þf. et. kvk.) 113.

Yfirlit yfir beygingu ja-so. í JStgrÆv

nh.	þt. et.	þt. ft.	lh. þt.
flýja	flýði	flúðu	
(þilja)			þiljaða

3.5.3.2 *ia-sagnir*

kvíða

So. *kvíða* var upprunalega veikur *ia*-stofn í físl., 1. p. et. þt. *kvídda*. Dæmi eru um slíkar myndir í GBibl (Bandle 1956:396), t.d. ‘eg kuijdda’ Job 3,25. Allnokkur dæmi eru einnig um veikur beyginguna í RM frá miðri 16. öld til s.hl. 19. aldar.⁸²⁴ Þar eru einnig nokkur dæmi um lh. þt. *kvítt*.⁸²⁵ Í nísl. beygist þessi sögn hins vegar yfirleitt sterkt (þt. *kveið*). Dæmi eru um sterka beygingu t.a.m. í NtOG (1929a:301): ‘kuidu’ (3. p. ft. þt.) Matt. 6³⁴.

Í JStgrÆv er eitt dæmi um sterku þátíðina: *kveið* ‘kveid’ 47. Í nútíð beygist þessi sögn þar hins vegar veikt: *Kvíðir* ‘kvider’ 138, *kvíði* ‘kvide’ 201.

gera/gjöra

Í físl. var þessi sögn oft með rótarsérhljóðið /ø/, nh. *gør(v)a*, en einnig komu fyrir hliðarmyndir með /e/, þ.e. *ger(v)a*.⁸²⁶ Lýsingarháttur þátíðar af so.

⁸²³ Sjá Bandle 1956:411, Björn K. Þórólfsson 1925:117 og Valtý Guðmundsson (1922:134 [§282]).

⁸²⁴ Þt. /kvídd-/ (8 dæmi, 16m–19ms), t.d. ‘kuidde’ (þt.) HistPin M, IIIr (16m).

⁸²⁵ Lh. þt. /kvítt/ (3 dæmi, 17–17s): *‘kvítt’ BJFlór XV, 77 (17), ‘kuijdt’ Alpb III, 368 (1605) (17f), *‘kvíðt’ Ífk II, 58 (17s).

⁸²⁶ Sjá Noreen 1923:348 [§518, 2].

gera/gøra var *gørr* í físl.⁸²⁷ Síðar kom upp nýr lýsingarháttur þátíðar, *gjörður*. Þessi sögn er nálega alltaf rituð með 'io' í NtOG (Jón Helgason 1929a:85) og stendur sú ritun fyrir framburðinn [jœ]. Lýsingarháttur þátíðar er í NtOG oft *gjörður*, t.d. 'algjorder' Matt. 5⁴⁸, en *gjör(r)* kemur einnig fyrir, t.d. 'hann var heilbrigdr gjör' Post. 4⁹. Í GBibl (Bandle 1956:80) er sögnin alltaf rituð með 'iø', t.d. 'giøra' I Mos 1,26. Í GBibl (Bandle 1956:415) er *gjörður* algengasta form lýsingarháttar þátíðar en *gjör(r)* kemur einnig fyrir, t.d. 'fullgiörður' II Mos 39,22, en 'Til huers er þessi Smyrsla spilling giør?' Marc 14,4.

Í JStgrÆv er /ö/ langalgengast í nútíð og þátíð þessarar sagnar (um 180 dæmi um þátíðarmyndina *gjörð-*), t.d. *gjörði* 'giörde' 36, *gjörir* 'giorer' 72, *gjöra* 'giora' 72, *afgjörð* 'afgiord' 109, *gjörum* 'giorum' 120, *gjörir* 'giorer' 121, *gjörði* 'giörde' 142, *gj[ö]rt* 'gi[ó]rt' 152, *gjöra* 'gióra' 167, *gjört* 'giort' 273, *gjört* 'giórt' 327, *afgjörist* 'afgiorest' 340 o.s.frv.

Í JStgrÆv eru einnig ýmis dæmi um lýsingarhátt þátíðar af sögninni *gjöra* og fylgja þau nýju beygingunni, t.d. *gjörð* 'giórd' 5, *gjörður* 'giórdur' 7, *gjörð* 'giórd' 20 o.s.frv.

Ég hef eingöngu fundið eitt dæmi um stofninn *ger-* af þessari sögn og er það í lýsingarhætti þátíðar: *gagngert* 'gagngiert' 122. Auk þess er eitt dæmi um stofninn *ger-* í nafnorðinu *uppgærðarveikindi* 'uppgierdar veik|ende' 164. Í öðrum dæmum um þennan stofn í nafnorðum eru hins vegar kringdar myndir: *bæna gjörð* 'bæna giórd' 13, *ráðagjörð* 'radagiórd' 193, *viðgjörnings* 'vidgiornings' 232, *viðgjörðir* 'vid giorder' 318.

-gv-, -kv- > -gj-, -kj-

Nokkrar *ia*-fl. sagnir höfðu stofn með hliðarmyndunum *-gv-/ -gj-* eða *-kv-/ -kj-* í físl., t.d. *byggva*, *byggja*. Í síðari tíma máli koma hins vegar nær eingöngu fyrir stofnmyndir með *-gj-* eða *-kj-*.⁸²⁸ Sagnirnar *þreskja*, *kveikja*, *byggja*, *skyggja* og *stygga* hafa eingöngu myndir með /j/ í GBibl, t.d. 'kueikia' I Mos 35,3, og einnig í nísl. Af so. *hryggja* koma enn stundum fyrir myndir með /v/ í GBibl (Bandle 1956:412) og telur Bandle að það sé líklega fyrir áhrif frá lo. *hryggur* en /v/ kemur fyrir í ýmsum myndum þess, t.d. þf. et. kk. *hryggvan*.

Engin dæmi eru um þessar sagnir í JStgrÆv.

Þt. /d, ð/ → /t/

Ýmsar *ia*-fl. sagnir, sem mynduðu þátíð og lýsingarhátt þátíðar hljóðrétt með /d, ð/, hafa tekið upp /t/ í þátíðarmyndum fyrir áhrif frá so. eins og *reisa* (þt.

⁸²⁷ Sjá einnig Noreen 1923:348 [§518, 2], Björn K. Þórólfsson 1925:118 og Konráð Gíslason 1897:183.

⁸²⁸ Sjá Noreen 1923:346–347 [§516, b og 516, aths. 2].

reisti) þar sem /t/ var hljóðrétt í þátíð.⁸²⁹ Ástæðan fyrir þessu er líklega áhrif frá lýsingarhætti þátíðar sem hafði /t/ í öllum þessum sögnum. Þetta er því dæmi um útjöfnun stofns í þátíðarmyndum. Þessarar breytingar verður vart skömmu eftir 1300.⁸³⁰

Þessi áhrifsbreyting (útjöfnun) hefur orðið í so. með stofngerðirnar *rð*, *ld*, *nd* og einnig hjá nokkrum so. sem hafa stofninn *ll*, *nn*, *rr*. Í sumum þeirra varð þessi breyting þegar í físl., t.d. þt. et. *stillti*, *spennti* (nh. *stilla*, *spenna*), en almennt virðist þessi breyting hefjast snemma á 14. öld.⁸³¹ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:86) eru sagnir með *rð* í rótarsamstöfu alltaf með *rt* í þátíð, t.d. ‘girti’ Matt. 21³³, Mark. 12¹, ‘herte’ Jóh. 12⁴⁰, ‘virte’ Hebr. 12². Í GBibl (Bandle 1956:413) er yfirleitt einnig *rt* í slíkum sögnum, t.d. ‘hann [...] umgyrdte hann’ III Mos 8,7, en einnig koma fyrir nokkur dæmi um *rð*, t.d. ‘mikils virdur’ Syr 45,1. Sagnir með *nd* í stofni hafa ýmist *nt* eða *nd* í þátíð í NtOG (Jón Helgason 1929a:86), t.d. ‘bentu’ Lúk. 1⁶², ‘henti’ I Pét. 4¹² en ‘vende’ Post. 14²¹. Í GBibl (Bandle 1956:413–414) er ástandið svipað og í nísl. og þessar sagnir eru nær alltaf með *nt*, t.d. ‘afhendte hann’ I Mos 30,35, nema so. *senda* og *venda* sem hafa *nd* í þátíð, t.d. ‘Hann sende’ I Mos 19,13. Í físl. var so. *girna* með /d/ í þátíð, t.d. *girndi*.⁸³² Í NtOG (Jón Helgason 1929a:87) er *girna* hins vegar með /t/ í þátíðarmyndum, t.d. ‘girntuzt’ I Kor. 10⁶. Í RM eru ýmis dæmi frá síðari öldum bæði um form með /d/ og /t/ af þessum sögnum: *benda* (þt. *bendi*),⁸³³ *kynda* (þt. *kynti*),⁸³⁴ *lenda* (þt. *lent-*),⁸³⁵ *senda* (þt. *send-*, *sent-*),⁸³⁶ *venda* (þt. *vend-*, *vent-*),⁸³⁷ *vorkenna* (þt. *vorkennt-*).⁸³⁸

Í JStgrÆv koma fyrir eftirfarandi þátíðarmyndir af þessum sögnum:

/girna/: *girntist* ‘gyrntest’ 235, *girntist* ‘gyrntest’ 267.

/senda/: *senti* ‘sendte’ 38, *sendi* ‘sendi’ 39,

/vorkenna/: *vorkennti* ‘vorkendte’ 159.

Af so. *girna* og *vorkenna* er því í JStgrÆv þátíð með /t/ í stofni eins og í NtOG en af so. *senda* er bæði /d/ og /t/ í þátíðarmyndum.

⁸²⁹ Sjá Noreen 1923:175–176 [§238, aths. 2], 347 [§517, aths. 2].

⁸³⁰ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:63 og Bandle 1956:413.

⁸³¹ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:63.

⁸³² Sjá Noreen 1923:175 [§238, b].

⁸³³ /benda/ (1 dæmi, 19m): ‘benti’ Alþ 1859, 948.

⁸³⁴ Engin dæmi eru um þt. /kynd-/ í RM heldur aðeins /kynt-/ (4 dæmi, 16s–19m): ‘kyndtu’ GuðbrÞorlBibl Dn 3, 22 (16s), ‘kindti’ MvT III, 38 (19f), *‘kynti’ SBrRs IV, 33 (19fm), ‘kynti’ JÁÞj II, 234 (19m). Dæmi er í RM um lh. þt. *kyndað*: ‘kyndað’ Skirn 1885, 143 (19s).

⁸³⁵ Þátíðarstofninn er alltaf /lent-/ í seinni tíma máli samkvæmt RM.

⁸³⁶ Þt. /sent-/ (12 dæmi, 19m–19s), t.d. *‘senti’ JGottskÚlfg, 27 (19m).

⁸³⁷ Þt. /vend-/ (12 dæmi, 16m–19s), t.d. ‘vendi’ MEHandb B, IIR (16m).

⁸³⁸ Þt. /vorkennt-/ (3 dæmi, 19,–19s), t.d. ‘vorkennti’ Alþ 1853, 381 (19m).

fylla

Í físl. var /d/ í þt. af so. *fylla*, þ.e. *fyllda*.⁸³⁹ Í nísl. er þátíðarendingin hins vegar með /t/, *fyllti*. Þátíðarmyndir af so. *fylla* með /d/ eru nær þrefalt algengari í NtOG (Jón Helgason 1929a:86) en myndir með /t/, t.d. ‘vppfyllði’ Post. 5³ en ‘fyllti’ Mark. 15³⁶. Í GBibl (Bandle 1956:414) eru myndir með /t/ hins vegar orðnar algengari en myndir með /d/, t.d. ‘fyllte’ I Mos 21,19 en ‘fyllde’ Dom 17,5. Í RM eru eingöngu dæmi um þátíðarstofninn *fylld-* frá 16. öld nema í kveðskap, t.d. ‘fyllði’ BóluHj I, 18. Frá síðari öldum eru eingöngu dæmi þar um stofninn *fyllt-* í þátíð, t.d. ‘fylltist’ Ann I, 86 (17m).

Í JStgrÆv koma bæði formin fyrir. Tvö dæmi eru um þátíðarmyndir af þessari sögn og er í báðum tilvikum /t/: *Fylltust* ‘filltust’ 153, *fylltist* ‘filltest’ 161. Lh. þt. er hins vegar með /d/: *uppfylld* ‘uppfíll’ 343.

mæla

So. *mæla* ‘tala’ (frgerm. **māplian*) var hljóðrétt með /t/ í þátíðarmyndum í físl. Sögnin *mæla* ‘vega’ var hins vegar upphaflega með /d/ í þt. en hefur einnig stundum fengið /t/ í þátíð í seinni tíma máli. Í NtOG (Jón Helgason 1929a:87) er hún með /t/, t.d. ‘hann mællte borgina’ Opínb. 21¹⁶. Í GBibl (Bandle 1956:414) er so. *mæla* ‘vega’ alltaf með /t/ í þátíðarmyndum, t.d. ‘Hann [...] mællte Landit’ Hab 4,6.

Í JStgrÆv eru eftirfarandi dæmi um þessar sagnir. Eru þau til vitnis um að aðgreining *ld-* og *lt-*þátíðarmynda af þessum sögnum hefur verið á reiki á 18. öld:

mæla ,tala‘:

1. /mæld-/: *mældum* ‘mælldum’ *við okkur mót* 55, *mótmældi* ‘mötmælde’ 70, *er hann mældi* ‘mælde’ 176.

2. /mælt-/, *mælti* ‘mællte’ 5, *mælti* ‘mællte’ 17, *mælti* ‘mælte’ 17, *mæltur* ‘mæltur’ 17, *meðmæltur* ‘med mæltur’ 81, *mælti* ‘mælte’ 84, ‘mællt’ 245, *mælti* ‘mællte’ 305, *mælti* ‘mælte’ 327, *mælt* ‘mællt’ 330.

mæla ,vega‘:

/mæld-/: *mældist* ‘mælldest’ *kelling til um fiskhöfuð* 263, og *útmælt* ‘utmællt’ *daglega hvað slá skyldu* 99.

sækja, *þykja*

Í físl. var sögnin *sækja* yfirleitt með /tt/ í þátíð (*sótta*) og lh. þt. (*sótr*) en einnig koma fyrir myndir með /kt/.⁸⁴⁰ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:86) er alltaf

⁸³⁹ Sjá t.d. Iversen 1990:97.

⁸⁴⁰ Sjá Noreen 1923:347–348 [§518, 1 og aths. 1].

ritað 'kt' í þátíðarmyndum þessarar sagnar, t.d. 'socktu' Matt. 12⁴⁶, 'ofsokt' Matt. 5¹² og langoftast einnig í GBibl (Bandle 1956:415), t.d. 'heimsoktur' Ez 38,8. Í Kvæðabók Gissurar Sveinssonar (Jón Helgason 1960b:24) frá 17. öld er alltaf ritað 'kt' í myndum viðtengingarháttar þátíðar af *sækja* en 'tt' í vh. þt. af *þykja*. Sömu sögu er að segja í nisl. en þar er stofninn *sækt-* í vh. þt. af so. *sækja* en *þætt-* í vh. þt. af so. *þykja*.⁸⁴¹

Í JStgrÆv er nær alltaf ritað 'kt' í þátíðarmyndum so, *sækja* en eitt dæmi er um 'tt':

'tt': *ofsóttur* 'ofsottur' 227.

'kt': *sókti* 'sokte' 10, *sókti* 'sokte' 14, *sóktur* 'soktur' 27, *eftirsókta* 'efftersokta' 42, *sókt* 'sokt' 57, *sókti* 'sokte' 62, *Sókti* 'Sokte' 81, *besókti* 'besokte' 102, *sókti* 'sokte' 103, *sókti* 'sokte' 105, *sókti* 'sokte' 115, *sóktum* 'soktum' 119, *sóktur* 'soktur' 139, *sókti* 'sokte' 144, *sóktur* 'soktur' 147, *sókti* 'sokte' 149, *sókt* 'sokt' 158, *Ofsókt* 'öfsokt' 186, *sókt* 'sokt' 199, *sókti* 'sokte' 212, *Besókti* 'besokte' 214, *sókti* 'sokte' 215, *sókti* 'sokte' 234, *sókti* 'sokte' 240, *sóktur* 'soktur' 267, *sókti* 'sokte' 268, *sókt[ur]* 'sokt[...]' 268, *sókti* 'sokte' 270, *sókt* 'sokt' 271, *sókti* 'sokte' 278, *sókti* 'sokte' 293, *sókti* 'sokte' 294, *sókt* 'sokt' 296, *sóktur* 'soktur' 299, *sókti* 'sokte' 313.

Þátíðarstofn so. *þykja* var *þótt-* í físl.⁸⁴² Í GBibl (Bandle 1956:415) koma fyrir slík þátíðarform af þessari sögn, t.d. 'Mier þotti' I Mos 37,7. Í orðabók Björns Halldórssonar er lýsingarháttur þátíðar hins vegar bæði *þótt* og *þókt*.⁸⁴³

Í JStgrÆv er þessi sögn bæði rituð með 'tt' og 'kt' í þátíðarmyndum en fyrrnefndu formin eru miklu algengari:

'tt': *þótti* 'þotte' 10, *þótt* 'þott' 12, *þótti* 'þotte' 14, *þótti* 'þotte' 18, *Þótti* 'þotte' 19, *þóttist* 'þottest' 41, *þóttust* 'þottust' 263, *þótti* 'þotte' 271 o.s.frv.

'kt': *þókti* 'þokte' 73, *þókti* 'þokte' 100, *Þóktist* 'þoktest' 182, *þókti* 'þökte' 300, *þókti* 'þökte' 308.

Í JStgrÆv koma bæði fyrir myndir í viðtengingarhætti þátíðar af þessari sögn með 'tt' og 'kt'. Tvö dæmi eru um /þætt-/ , *þætti* 'þætte' 199, *þætti* 'þætte' 212, en eitt um /þækt-/ : *þækta* 'þækte' 307.

Líklegt er að myndir með 'k' af þessum sögnum séu komnar til fyrir áhrif frá öðrum myndum með *k* í stofni, t.d. *sækir*, *sækja* o.s.frv., og framburður hafi alla tíð verið *tt* [ht] en ekki *kt* [xt] þótt ritað sé 'kt'.⁸⁴⁴ Sú kenning er studd af því að oft skiptast á í ritum sama skrifara tilviljunarkennt myndir með 'kt'

⁸⁴¹ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:154 [§347].

⁸⁴² Sjá Noreen 1923:347–348 [§518].

⁸⁴³ Björn Halldórsson 1992:551: „Þyki (þótti, hefi þótt v. þóckt, at þykia) [...]“

⁸⁴⁴ Bandle 1956:415: „Da aisl. und nisl. *sótti*, *sótt(u)r* die gewöhnlichen Formen sind (-*kt*- nur im nisl. KonjPrät), ist die Assoziation mit dem Präs in *sókti*, *sóktur* möglicherweise nur schriftsprachlich und nicht in der Aussprache begründet.“

og 'tt'. Hugsanlegt er þó að munur hafi verið á framburði þessara sagna á seinni öldum og væri þá helst til vitnis um það að stofn vh. þt. af so. *sækja* í nísl. er *sækt-* en *þætt-* af so. *þykja*. Það bendir e.t.v. til þess að þátíðarstofn fyrrnefndu sagnarinnar hafi verið borinn fram [souxt] en hinn [þouht].

Ritháttur þátíðarmynda af þessum sögnum í JStgrÆv styður hugsanlega þessa kenningu. Algengast er þar að þátíðarmyndir af so. *sækja* séu ritaðar með 'kt' en ritháttur með 'tt' er hins vegar miklu algengari af so. *þykja*.

Flutningur yfir í aðra sagnflokka

ia-so. → *ō*-so.

Ýmsar upphaflegar *ia*-sagnir hafa tekið upp aðra beygingu í seinni alda máli. Fjölmörg dæmi eru t.a.m. um slíkt flokkaflakk í NtOG og GBibl en færri dæmi um slíkt í JStgrÆv eins og sjá má á eftirfarandi yfirliti.

embætta

So. *embætta* var upphaflega *ia*-sögn (þt. *embætti*). Í GBibl (Bandle 1956:416) eru hins vegar dæmi um *ō*-beygingu þessarar sagnar, t.d. 'þa hann Embættar' II Mos 28,35. Í nísl. beygist hún bæði eins og *ia*- og *ō*-so.

Í JStgrÆv eru eftirfarandi dæmi um þátíðarmyndir þessarar sagnar og fylgja þau alltaf beygingu *ō*-flokks so.: *embættað* 27, *embættaði* 139, *embættaði* 139, *embættaði* 139, *embættað* 203, *embættaði* 207, *Embættaði* 213, *embættað* 246, *embættaði* 246, *embættað* 256, *embættaði* 257, *embættaði* 266, *embættaði* 273, *embættaði* 273, *embættaði* 279, *embættaði* 279, *embættaði* 291, *embættaði* 291, *embættað* 292, *embættaði* 296, *embættaði* 303, *embættaði* 303, *embættaði* 303, *embættað* 305, *embættaði* 308, *embættaði* 308, *embættaði* 309, *Embættaði* 310, *embættað* 310, *embættaði* 310, *embættaði* 311, *embættað* 311, *embættaði* 311, *embættaði* 313, *embættaði* 328, *embættað* 328.

frelsa

So. *frelsa* var *ia*-sögn í ísl. (þt. *frelsti*). Í GBibl (Bandle 1956:416–417) er hún hins vegar yfirleitt *ō*-so. Þó að dæmi um upprunalegu *ia*-beyginguna komi einnig fyrir, t.d. 'frelsa þu' (bh.) Psalt 25,22, Matth 6,13, en hins vegar einnig 'frels mig' (bh.) Psalt 25,20. Í nísl. er þetta alltaf *ō*-so.

Í JStgrÆv beygist þessi sögn bæði sem *ia*- og *ō*-so. Þrjú dæmi eru um *ia*-beyginguna, *frelsti* 'frelste' 34, *frelsti* 'frelste' 60, *frelsti* 'frelste' 84. Eitt dæmi er hins vegar um þátíð sem fylgir beygingu *ō*-sagna: *frelsaðist* 'frelstarest' 34. Þetta dæmi kemur fyrir á sömu blaðsíðu eiginhandarrits Ævisögunnar og

fyrsta dæmið um *frelsti*.⁸⁴⁵ Sagt er þar frá fornum atburðum og þátíðarmyndin *frelsti* gæti því verið tilraun Jóns til að fyrna textann.

heimta

Þessi sögn beygist ávallt eftir upprunalegri *ia*-fl. beygingu í NtOG (Jón Helgason 1929a:85) og einnig í GBibl (Bandle 1956:418), sbr. þetta dæmi: 'Nu heimtist hans Blod' Mos 42,22. Í nísl. beygist þessi sögn sem *ia*-so. í merkingunni 'láta sækja, ná í, kalla til sín, sækja' en sem *ō*-sögn í merkingunni 'krefjast'.⁸⁴⁶

Í JStgrÆv beygist þessi sögn bæði eftir *ia*- og *ō*-flokki. Sex dæmi eru um þá fyrrnefndu: *heimtu* 'heimtu' 13, *heimti* 'heimte' 147, *heimtu* 'heimtu' 194, *útheimti* 'utheimte' 207, *útheimtist* 'utheimtest' 221, *heimtum* 'heimtumm' 316. Sex dæmi eru hins vegar um *ō*-beygingu sagnarinnar: *heimtaði* 'heimtade' 45, *heimtar* 'heimtar' 69, *heimtar* 'heimtar' 130, *heimtar* 'heimtar' 158, *heimtar* 'heimtar' 158, *heimtaður* 'heimtadur' 191. Alltaf þegar sögnin *heimta* fylgir *ō*-beygingunni þá hefur hún merkinguna 'krefjast'.

meina

Þessi sögn beygist ýmist í NtOG (Jón Helgason 1929a:84) í þátíð sem *ia*-so. (þt. *meinti*) eða *ō*-so. (þt. *meinadi*), t.d. 'meintu þeir' Matt. 20¹⁰ en 'meinudu þeir' Post. 21²⁹. Í GBibl (Bandle 1956:430) kemur hvortveggja beygingin einnig fyrir, t.d. 'meintu þeir' II Kg 5,6 og 'þeir [...] meinudu' Luc 24,37.

Þrjú dæmi eru um þátíð þessarar sagnar í JStgrÆv og fylgja þau öll upprunalegu *ia*-beygingunni: *meintu* 'meintu' 126, *meintu* 'meintu' 199, *meinti* 'meinte' 234.

skíra

Í NtOG (Jón Helgason 1929a:84) er eitt dæmi um sögnina *skíra* og beygist hún þar eins og *ō*-sögn, 'þeir skirudu sig' Mark. 7⁴. Í GBibl (Bandle 1956:417) er einnig notuð *ō*-beyging á þessum stað, 'þeir skirudu sig' Marc 7,4. Annars staðar þar sem sögnin kemur fyrir í þátíð í GBibl fylgir hún hins vegar upprunalegri *ia*-beygingu, t.d. 'at hann skjirdist' Matth 3,13.

Í JStgrÆv fylgir sögnin hins vegar alltaf upprunalegu *ia*-beygingunni: *skírður* 'skjirdur' 4, *skírði* 'skyrde' 257, *skírð* 'skjird' 258, *skírð* 'skjird' 258, *skírð* 'skyrd' 258, *skírð* 'skyrd' 258, *skírð* 'skyrd' 258, *skírð* 'skyrd' 274, *skírði* 'sky|rde' 297.

⁸⁴⁵ JStgrÆv [:34]: „Goðafréttin var aðspurð um ráð og bót hér við er svaraði ef nokkur maður væri svo frígeðjafur að hann fleygði sér í gjána þá **frelsaðist** [auðkenning mín] föðurlandið. Að þessu heyrðu gaf sig einn til, er Curtius hét, sem með stærstu viðhöfn fór á hest og hleypti í gjána, drap sig og **frelsti** [auðkenning mín] föðurlandið.“

⁸⁴⁶ Elsta dæmið um *ō*-beygingu þessarar sagnar í RM er frá 1859 (Fjöln V 1, 118).

staðfesta

Þessi sögn beygðist sem *ō*-sögn (*staðfesta*, þt. *staðfestaði*) í NtOG (Jón Helgason 1929a:84), t.d. lýsingarháttur þátíðar ‘stadfestud’ II Tím. 41⁷. Hún kemur ekki fyrir í GBibl. Í RM eru eingöngu dæmi um að sögnin fylgi *ia*-beygingu í þátíð, t.d. ‘staðfestist’ ÞorkBjSÍ, 12 (19s).

Í JStgrÆv fylgir þessi sögn upphaflegu *ia*-beygingunni eins og í fisl.: *staðfesti* ‘stadfeste’ 291, *staðfestist* ‘stadfestest’ 293.

stífla

Að fornu var þetta *ia*-sögn (þt. *stíflði*) og í NtOG (Jón Helgason 1929a:364) fylgir hún þeirri beygingu, ‘til stífld verda’ II Kor. 11¹⁰, og einnig í GBibl (Bandle 1956:418), ‘stífldur’ Es 59,19, ‘tílstífld’ II Cor 11,12. Í nísl. hefur sögnin hins vegar tekið upp *ō*-fl. beygingu.

Í JStgrÆv koma fyrir tvö dæmi um lýsingarhátt þátíðar af þessari sögn og fylgir hann beygingu *ō*-sagna: *uppstífluð* ‘uppstyflud’ 118, *uppstífluð* ‘uppstíflud’ 139.

venda

Þessi sögn fylgir beygingu *ia*-so. í fisl. og nísl. en beygist stundum í GBibl (Bandle 1956:418) eins og *ō*-fl. so., t.d. ‘vendar sier til Hossa’ Jos 19,29, líklega fyrir áhrif frá beygingu so. eins og *vernda*.

Í JStgrÆv kemur einu sinni fyrir þátíðarmynd af þessari sögn og fylgir hún upprunalegu *ia*-flokks beygingunni: *vendi* ‘vende’ (1. p. et. þt.) 276.

Yfirlit yfir beygingu ia-so. í JStgrÆv

nh.	þt. et.	þt. ft.	lh. þt.
kviða	kviðir	kveið	
gjöra	gjörði	gjörðu	gjörður, gagngert
(girna)	girtist		
senda	senti, sendi		
vorkenna	vorkennti		
(fyllast)	fylltist	fylltust	uppfylld
mæla ,tala‘	mældi, mælti	mældum	meðmæltur
mæla ,vega‘	mældist		útmælt
sækja	sókti	sóktum	sóktur, ofsóttur

þykja	þókti, þótti	þóttust	
embætta	embættaði		embættað
(frelsa)	frelsti, frelsaðist		
heimta	heimti, heimtaði	heimtu	heimtaður
meina	meinti	meintu	
skíra	skírði		skírður
staðfesta	staðfesti		
(stífla)			uppstífluð
venda	vendi		

Sagnir af flokki *ia*-so. halda frekar upprunalegri beygingu sinni í JStgrÆv en í GBibl og NtOG. Dæmi um slíkt eru so. *embætta*, *meina*, *skíra*, *staðfesta* og *venda* þar sem eingöngu eru upprunalegar *ia*-flokks myndir í JStgrÆv en hins vegar *ō*- og *ia*-flokks myndir eða eingöngu *ō*-flokks myndir í GBibl og NtOG. Af sögnunum *heimta* og *stífla*, sem upphaflega voru *ia*-so., koma hins vegar fyrir nýjar *ō*-flokks myndir í JStgÆv en ekki í GBibl og NtOG.

3.5.3.3 *ō*-sagnir

ō-so. → *ē*-so.

Sagnir sem enda á *-á*, t.d. *spá*, sem fylgdu beygingu *ō*-so. í físl., hafa í nísl. tekið upp beygingu *ē*-so. í et. nt. frsh., t.d. *hann spár* → *hann spáir*.⁸⁴⁷ Ástæðan fyrir þessu er að eftir að rótarsérhljóðið /á/ féll saman við stofn- og endingarsérhljóðið /a/ þá var þátíðarbeyging *ō*- og *ē*-flokks so. orðin alveg eins, t.d. *spáði*, *spáð* (*ō*-so.) = *náði*, *náð* (*ē*-so.), og eðlilegt að það hafi haft áhrif á nútíðarbeyginguna.

Í NtOG (Jón Helgason 1929a:84–85) helst enn *ō*-beyging hjá sögnunum *forsmá*, *má*, *sá*, *spá*, *tjá*, *þjá*, t.d. ‘hann forsmar’ Lúk. 10¹⁶. Þó getur nútíðin af so. *sá* bæði verið *sár* og *sáir*. Í GBibl (Bandle 1956:419) er forn beyging slíkra sagna enn nokkuð algeng, t.d. ‘hann forsmar’ Luc 10,16 en ‘hann afmaer’ V Mos 28,48. Svipuð þróun hefur einnig orðið hjá sögnunum *sá* og *tjá* í GBibl (Bandle 1956:419), t.d. ‘tíær þu’ Tob 3,14.

Í JStgrÆv er eitt dæmi um slíka *ō*-stofna sögn og fylgir hún upprunalegri *ō*-flokks beygingu: *hann hváar* ‘hvaar’ *eftir því* 211. Þessi sögn beygist hins vegar samkvæmt Valtý Guðmundssyni (1922:146 [§312, 2]) í nísl. sem *ē*-flokks so. (nt. *hvái*).

⁸⁴⁷ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:147 [§312] og Stefán Einarsson 1945:88.

3.5.3.4 *ē-sagnir*

Litlar breytingar hafa orðið á beygingu *ē*-flokks sagna í seinni tíma máli en nokkrar sagnir af þeim flokki hafa þó tekið upp aðra beygingu.

duga

Í NtOG (Jón Helgason 1929a:87) fylgir þessi sögn upprunalegri *ē*-flokks beygingu, t.d. ‘duger’ Matt. 5¹³. Í GBibl (Bandle 1956:422) koma einnig eingöngu fyrir form sem fylgja *ē*-flokki, t.d. ‘duger’ III Mos 5,25. Í seinni tíma máli kemur hins vegar einnig upp *ō*-flokks beyging af þessari sögn, þ.e. nt. et. *dugar*.

Í JStgrÆv er eitt dæmi um so. *duga* í nt. og þar fylgir hún *ō*-flokks beygingu: *Guð og samviskan dugar* ‘dugar’ þér ekkert 211.

hafa

Í beygingu so. *hafa* hafa lengi tíðkast tvímyndir. Í elstu textum var í 1. p. et. nt. notað formið *hef* en þegar í físl. var *hefi* einnig orðið algengt.⁸⁴⁸ Í 2./3. p. et. nt. í físl. var upprunalegt form *hefr* en fljótlega varð *hefir* einnig algengt.⁸⁴⁹ Í 3. p. et. nt. af þessari sögn í NtOG (Jón Helgason 1929a:87) koma fyrir bæði formin *hef(u)r* og *hefir* þó að síðarnefnda formið sé algengara. Í 1. p. et. nt. er aðeins *hefi*. Í GBibl (Bandle 1956:421) er *hefi* langalgengast í 1. p. et. í nútíð en í 2. og 3. p. er oftast *hefur*. Í nísl. eru formin *hef*, *hefur* algild í et. nt. af þessari sögn þótt sumir noti að vísu jafnvel enn *hefi*, *hefir* í rituðu máli.⁸⁵⁰

Í JStgrÆv eru engin dæmi um *hefir* í 2. eða 3. p. et. heldur er alltaf *hefur*, t.d. *hefur* ‘hefur’ 1, *hefur* ‘hefur’ 1, *hefur* ‘hefur’ 2, *hefur* ‘hefur’ 2, *hefur* ‘hefur’ 2, *hefur* ‘hefur’ 2, *hefur* ‘hefur’ 6 o.s.frv.

Í 1. p. et. þt. er hins vegar nær alltaf *hefi* en ekki *hef*. Hér eru nokkur dæmi um *hefi* í JStgrÆv: *hefi* ‘hefe’ 37, *hefi* ‘hefe’ 124, *hefi* ‘hefe’ 190, *hefi* ‘hefe’ 191, *hefi* ‘hefe’ 193, *hefi* ‘hefe’ 213, *hefi* ‘hefe’ 217, *hefi* ‘hefe’ 248, *hefi* ‘hefe’ 259, *hefi* ‘hefe’ 283, *hefi* ‘hefe’ 343 o.s.frv.

Ég hef eingöngu fundið eitt dæmi um myndina *hef* í 1. p. et.: *hef* ‘hef’ 274.

ske

Þriðja persóna et. nútíðar af sögninni *ske* er ýmist *sker* eða *skeður* í NtOG (Jón Helgason 1929a:87) og nútíð viðtengingarháttar er *skei* eða *ske*, t.d. ‘suo at þar skiee teikn’ Post. 4³⁰. Lýsingarháttur þátíðar í hvorugkyni er *skeð* og einnig koma fyrir beygð form af *skeðinn*, t.d. ‘seigiandi vpp risuna skiedna

⁸⁴⁸ Sjá Noreen 1923:360 [§532,6] og Björn K. Þórolfsson 1925:64.

⁸⁴⁹ Sjá Björn K. Þórolfsson 1925:64.

⁸⁵⁰ Sbr. t.d. Valtý Guðmundsson 1922:133 [§279, nmgr. 1]: „I Skriftspr. ogsaa *hefi*, men denne Form er laant fra Oldspr. og tilhører ikke Nutidssproget.“

vera' II Tím. 2¹⁸. Í GBibl (Bandle 1956:428–429) er eins og í NtOG ýmist *sker* eða *skeður* í nútíðarmyndum, t.d. 'skier' I Mos 9,14, 'skiedur' I Mos 33,13. Lýsingarháttur þátíðar beygist þar ýmist veikt, t.d. 'epter suoddan Hegning skieda' Jerem form 1,13, eða sterkt, t.d. 'at suoddan Suiuirding er skien' V Mos 17,9. Veturliði Óskarsson (1997–1998:194) segir að nútíðarmyndirnar *sker* og *skeður* hafi lifað alllengi í notkun samhliða eða a.m.k. fram á 19. öld. Á 20. öld sé hins vegar myndin *skeður* orðin allsráðandi. Svipað má segja um lýsingarhátt þátíðar. Dæmi um formið *sken(n)* komi fyrir allt fram á 19. öld við hlið mynda með *skeð(ur)*.⁸⁵¹

Ýmis dæmi eru um þessa sögn í JStgrÆv og beygingin þar er eftirfarandi, nh. *ske*, nt. et. *skeður*, þt. et. *skeði*, þt. ft. *skeðu* og lýsingarháttur þátíðar *skeð*:

nh. /ske/: *ske* 'skie' 69, *ske* 'skie' 101, *ske* 'skie' 196, *ske* 'skie' 239, *ske* 'skie' 284.

nt. et. /skeður/: *skeður* 'skiedur' 232.

þt. et. /skeði/: *skeði* 'skiede' 9, *skeði* 'skiede' 19, *skeði* 'skiede' 115, *skeði* 'skiede' 139, *skeði* 'skiede' 141, *skeði* 'skiede' 143, *skeði* 'skiede' 146, *skeði* 'skiede' 205, *skeði* 'skiede' 207, *skeði* 'skiede' 241, *skeði* 'skiede' 242, *skeði* 'skiede' 263, *skeði* 'skiede' 267, *skeði* 'skiede' 297, *skeði* 'skiede' 305, *skeði* 'skiede' 333.

þt. ft. /skeðu/: *skeðu* 'skiedu' 146.

lh. þt. /skeð/: *skeð* 'skied' 24, *skeð* 'skied' 104, *skeð* 'skied' 290, *skeð* 'skied' 310.

Yfirlit yfir beygingu ē-sagna í JStgrÆv

nh.	nt. et.	þt. et.	þt. ft.	lh. þt.
duga	dugar			
hafa	hefi/hef, hefur			
ske	skeður	skeði	skeðu	skeð

3.5.4 Óreglulegar sagnir

3.5.4.1 Núþálegar sagnir

Breytingar á endingum núþálegra sagna

Í 2. og 3. p. ft. nt. hjá öllum núþálegum sögnum, nema *munu* og *skulu*, hafa verið teknar upp nýjar endingar, þ.e. *-ið*, *-a*, í stað upprunalegra endinga, *-uð*, *-u*.⁸⁵² Nýju endingarnar koma stöku sinnum fyrir þegar í físl. og dæmum fjölgar á s.hl. 13. aldar og á 14. öld en þær verða ekki algengari en hinar fyrr en á 15. öld.⁸⁵³ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:87–88) eru bæði dæmi um nýju beyginguna, t.d. 'meigi þier' Matt. 7¹⁶, 7²⁰ o.s.frv., og þá gömlu, t.d. 'þiofar megu epter grafa og stela' Matt. 6¹⁹. Auk þess kemur fyrir eitt dæmi um *-ið* í

⁸⁵¹ Sjá Veturliða Óskarsson 1997–1998:195.

⁸⁵² Um núþálegar sagnir í físl. sjá Jón Þorkelsson 1895.

⁸⁵³ Sjá Noreen 1923:360 [§532.4] og Björn K. Þórólfsson 1925:64 o.áfr.

2. p. ft. nt. af so. *munu*: ‘munit’ II Þess. 3⁴. Í GBibl (Bandle 1956:423) eru nýju formin algild, t.d. ‘Vited þier’ Dom 18,14, ‘þeir eiga’ I Mos 46,32. Bandle (1956:423) segir að í nísl. komi gamla beygingin e.t.v. enn fyrir á Vesturlandi.⁸⁵⁴ Eins og áður sagði hafa gömlu endingarnar almennt haldist í so. *munu* og *skulu* en þó eru einnig dæmi um nýjar endingar í þeim frá síðari öldum.⁸⁵⁵

Eins og við var að búast þá eru nýju endingarnar (-ið, -a) einhafðar í JStgrÆv í öllum núpálegum sögnum nema *munu* og *skulu*:

/eiga/: 3. p. ft.: *eiga* ‘eiga’ 23, *eiga* ‘eiga’ 51, *eiga* ‘eiga’ 127, *eiga* ‘eiga’ 194, *eiga* ‘eiga’ 272, *eiga* ‘eiga’ 298.

/kunna/: 2. p. ft.: *kunnið* ‘kunned’ 168, *kunnið* ‘kunnid’ 183.
3. p. ft.: *kunna* ‘kunna’ 2, *kunna* ‘kunna’ 194, *kunna* ‘kuna’ 294.

/mega/: 3. p. ft.: *mega* ‘meiga’ 20, *mega* ‘meiga’ 111, *mega* ‘meiga’ 145.

/unna/: 2. p. ft.: *unnið* ‘unned’ 221.

/vita/: 2. p. ft.: *vitið* ‘vited’ 168, *vitið* ‘vited’ 218.
3. p. ft. *Vita* ‘vita’ 289.

/þurfa/: 3. p. ft.: *þurfa* ‘þurfa’ 263.

Í so. *munu* og *skulu* er einu sinni ný ending í 3. p. ft. nt., þ.e. *skuli* ‘skule’ 340. Annars eru alltaf notaðar gömlu beygingarendingarnar (-uð, -u) í 2./3. p. ft. nt.:

/munu/: 2. p. ft.: *munuð* ‘munud’ 2, *munuð* ‘munud’ 302.
3. p. ft.: *[mu]nu* ‘[...]nu’ 2, *munu* ‘munu’ 44, *munu* ‘munu’ 123, *munu* ‘munu’ 123, *munu* ‘munu’ 197, *munu* ‘munu’ 213, *munu* ‘munu’ 256, *munu* ‘munu’ 259, *munu* ‘munu’ 276, *munu* ‘munu’ 344, *munu* ‘munu’ 344.

/skulu/: 2. p. ft.: *skuluð* ‘skulud’ 37, *skuluð* ‘skulud’ 138, *skuluð* ‘skulud’ 183, *skuluð* ‘skulud’ 202, *skuluð* ‘skulud’ 324, *skuluð* ‘skulud’ 324.
3. p. ft.: *skulu* ‘skulu’ 242.

⁸⁵⁴ Sjá einnig Björn K. Þórolfsson 1925:65.

⁸⁵⁵ Björn K. Þórolfsson 1925:65: „[...] þó er nú sumstaðar á landinu sagt: *þið skulið*.“

munu

Í nútíð eintölu af sögninni *munu* í físl. komu bæði fyrir stofninn *man-* og stofninn *mun-*.⁸⁵⁶ Í NtOG (Jón Helgason 1929a:88) eru dæmi um bæði formin, t.d. ‘eg man [...] mun eg’ Matt. 21²⁴. Í GBibl (Bandle 1956:424) eru upprunalegu formin (*man*) hins vegar sjaldgæf. Í físl. koma bæði fyrir form með og án hljóðvarps í viðtengingarhætti nútíðar, þ.e. *muni/myni*.⁸⁵⁷ Í GBibl (Bandle 1956:425) er viðtengingarháttur nútíðar af þessari sögn alltaf án hljóðvarps, t.d. ‘ad hann mune’ I Mos 32,9 o.s.frv. Rótarsérhljóð þessarar sagnar var í físl. án hljóðvarps í viðtengingarhætti þátíðar. Hann er ýmist með /y/ eða /u/ í NtOG (Jón Helgason 1929a:88), t.d. ‘munda eg’ II Kor. 10⁸, og ‘at þier myndut’ Jóh. 8²⁴. Í GBibl (Bandle 1956:425) er viðtengingarháttur þátíðar stundum án hljóðvarps og einnig í nísl.⁸⁵⁸

Í JStgrÆv er alltaf nútíðarstofninn *mun-* af þessari sögn eins og við var að búast á þeim tíma, t.d. *mun* ‘mun’ (3. p. et. nt.) 37, *mun* ‘mun’ (3. p. et. nt.) 113.

Þátíðarstofn af so. *munu* í vh. þt. er annaðhvort *mund-* eða *mynd-* í JStgrÆv. Sá fyrrnefndi er algengari:

/mund-/: *mundi* ‘munde’ 8, *mundi* ‘munde’ 12, *mundi* ‘munde’ 17, *mundi* ‘munde’ 21, *mundi* ‘munde’ 26, *mundi* ‘munde’ 30, *mundi* ‘munde’ 37, *mundi* ‘munde’ 38, *mundi* ‘munde’ 39, *mundi* ‘munde’ 42, *mundi* ‘munde’ 42, *mundi* ‘munde’ 57, *mundi* ‘munde’ 58, *mundi* ‘munde’ 69, *mundi* ‘munde’ 69, *mundi* ‘munde’ 71, *mundi* ‘munde’ 75, *mundu* ‘mundu’ 105, *mundu* ‘mundu’ 110 o.s.frv.

/mynd-/: *myndi* ‘mínde’ 30, *myndi* ‘mynde’ 98.

unna

Gamli þátíðarstofninn af so. *unna* var *unn-*, t.d. 3. p. et. þt. *unni*. Í síðari tíma máli hættu menn að skynja viðskeytið í gömlu þátíðarmyndinni sem þátíðarmerki og því var aftur bætt við þátíðarendingu. Þannig varð til þátíðarstofninn *unnt-*, t.d. 3. p. et. þt. *unnti*, sem hliðarmynd þegar í yngri físl.⁸⁵⁹ Þessi nýi þátíðarstofn kemur einnig fyrir í nísl.⁸⁶⁰ Í GBibl (Bandle 1956:424) er eitt dæmi um þátíðarmynd af þessari sögn og er það um gömlu myndina: ‘Rebecca vnne meir Jacob’ I Mos 25,28. Lýsingarháttur þátíðar af þessari sögn var í físl. *unnat/unnt* og er einnig svo í nísl. (*unnað/unnt*).⁸⁶¹ Í GBibl (Bandle 1956:424) kemur einu sinni fyrir formið *unnt*: ‘vnt’ Dan form 7,70.

⁸⁵⁶ Sjá Noreen 1923:351 [§524, 2] og Jón Þorkelsson 1888–1894:38 o.áfr.

⁸⁵⁷ Sjá Noreen 1923:363 [§535, aths. 2] og Jón Þorkelsson 1888–1894:30 o.áfr.

⁸⁵⁸ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:154 [§349].

⁸⁵⁹ Sjá Noreen 1923:351 [§523, aths. 1].

⁸⁶⁰ Sjá Björn K. Þórólfsson (1925:66) og Valtý Guðmundsson (1922:149, 154 [§§325, 349]) sem segir að gamla núþálega beygingin sé samt enn algengari en hin.

⁸⁶¹ Sjá Noreen 1923:351 [§523, 1] og Sigfús Blöndal 1920–1924:888.

Í JStgrÆv kemur einu sinni fyrir unga veika þátíðin af so. *unna*: *Prestar og aðrir unntu* ‘untu’ *mér vel 200*.

3.5.4.2 So. valda

Kennimyndir af so. *valda* voru þessar í físl.: *valda – olla – ollum – valdit*.⁸⁶² Beyging hennar hefur tekið ýmsum breytingum í seinni tíma íslensku og kom m.a. upp ný veik beyging, þt. *ollaði*.⁸⁶³ Í GBibl (Bandle 1956:427) koma eingöngu fyrir upprunaleg form af sögninni, t.d. ‘Þui velldur þijn Jllgirne’ Jerem 2,16. Á f.hl. 20. aldar virðist hafa tíðkast tvenns konar beyging sagnarinnar, upprunaleg: *valda – veld – olli – valdið*, og ný beyging: *olla – olli* (nt.) – *olli* (þt.) – *ollað*.⁸⁶⁴

Í JStgrÆv er eitt dæmi um þessa sögn. Fylgir það nýrri beygingu sagnarinnar með alhæfingu stofnsins *oll-*: *hafi ollað* ‘ollad’ (lh. þt.) *þessari kveikju 143*.

Yfirlit yfir beygingu núþálegra og óreglulegra sagna í JStgrÆv

nh.	nt. et.	nt. ft.	þt. ft.	lh. þt.
eiga	á	eiga	áttu	átt
kunna	kannt (2. p.)	kunna	kunnu	kunnað
mega	má	mega	máttu	mátt
unna			unntu	
vita		vita	vissu	vitað
þurfa		þurfa		
munu	mun	munu	mundu	
skulu	skal	skulu		
(valda)				ollað

⁸⁶² Sjá Noreen 1923:352 [§526].

⁸⁶³ Sjá Björn K. Þórólfsson 1925:120. Hjá Valtý Guðmundssyni (1922:148, 155 [§§318, 352]) er bæði gefin upp forna beygingin (*valda – veld – olli – valdið*) og nýja beygingin (*olla – ollaði – ollað*). Um sögu þessarar sagnar sjá einnig Kjartan G. Ottósson 1987.

⁸⁶⁴ Sjá Valtý Guðmundsson 1922:148, 155 [§§318, 352].

3.6 Atviksorð

Atviksorð eru oft mynduð með viðskeytinu *-ligana* (*-liganna*) í NtOG (Jón Helgason 1929a:95), t.d. ‘heimogliganna’ Post. 16³⁷, ‘riettliganna’ Rómv. form., ‘æfinliganna’ I Pét. 1²³. Þetta atviksorðsviðskeyti er einnig algengt í GBibl (Bandle 1956:432–435), t.d. ‘verduliganna’ Col 1,10. Björn K. Þórólfsson (1925:121) segir að það hafi mikið verið notað á 16. öld og hafi a.m.k. haldist út 17. öld.⁸⁶⁵

Í JStgrÆv eru eingöngu dæmi um upphaflega mynd þessa atviksorðsviðskeytis, þ.e. *-lega*, t.d. *mögulega* ‘mógulega’ 2, *frómlega* ‘fromlega’ 2, *einfaldlega* ‘Einfalldlega’ 2, *ævinlega* ‘æfennlega’ 2, *sérlega* ‘sier|lega’ 3 o.s.frv.

einninn/einnig, hverninn/hvernig, þanninn/þannig

Hliðarmyndirnar *einninn*, *hverninn* og *þanninn* við *einnig*, *hvernig* og *þannig* eru gamlar í málinu og hafa líklega orðið til fyrir áhrif frá *-megin* og *-(v)eginn*.⁸⁶⁶ Í GBibl (Bandle 1956:436–437) eru þessi atviksorð alltaf með *-inn*. Björn Magnússon Ólsen (1882:281) segir að orðin *þannig*, *einnig* og *hvernig* hafi verið borin fram *þanninn*, *einninn* og *hverninn* á s.hl. 19. aldar. Dregið hefur úr notkun formanna með *-inn* á síðustu áratugum, líklega fyrir áhrif frá ritmálinu.⁸⁶⁷

Í JStgrÆv koma eingöngu fyrir *-inn*-myndir af þessum atviksorðum, t.d. *einninn* ‘eirnenn’ 16, *einninn* ‘eirnenn’ 51, ‘Eirninn’ 72 o.s.frv. og *þanninn* ‘þannenn’ 101, *þanninn* ‘þanenn’ 120 o.s.frv.

⁸⁶⁵ Sigurður Jónsson (1976) skrifaði lokaritgerð um atviksorðsviðskeytið *-na*.

⁸⁶⁶ Sjá Bandle 1956:437.

⁸⁶⁷ Bandle (1956:437) segir t.d. þetta árið 1956 um ástandið þá: „Nisl. gehört *-in(n)* der gesprochenen Sprache an, während die geschriebene Sprache an der Endung *-ig* festhält. Von hier aus dringt *-ig* neuerdings in vermehrtem Masse wieder in den mündlichen Gebrauch ein: neben *hvurninn* kommt nicht selten *hvernig* vor, und auch *þannig* wird heute in der gesprochenen Sprache gebraucht. Das Wort *einnig* ist dagegen überhaupt auf die literarische Sprache beschränkt.“

4 Niðurstöður

4.1 Inngangur

Í þessum kafla eru dregnar saman helstu niðurstöður úr mállýsingu JStgrÆv (köflum 2 og 3) hér að framan. Yfirlit er yfir ólíka flokka breytinga og ályktanir dregnar af því um málið og hugsanleg áhrif málhreinsunar á JStgrÆv.

4.2 Hljóðsaga

4.2.1 Sérhljóð

Í sérhljóðakerfi JStgrÆv eru mest áberandi stöðubundnar breytingar frá seinni öldum. Flestar almennar sérhljóðabreytingar höfðu orðið fyrr í sögu málsins og engin örugg merki sjást um hina almennu sérhljóðabreytingu flá-mæli sem varð síðar.

Í umfjöllun hér á eftir er breytingum skipt niður í flokka eftir eðli þeirra.

Tvíhljóðanir

Almenn tvíhljóðun *á, é, ó* og *æ* varð á 14. og 15. öld. Í stafsetningu JStgrÆv eru skýr dæmi um tvíhljóðun /é/, sem er þar yfirleitt táknað 'ie', t.d. *fréttir* 'frietter' 40 (sjá undirkafla 2.1.2). Um tvíhljóðun /á/, /ó/ og /æ/ eru hins vegar eingöngu óbein merki í táknanotkun Ævisögunnar, t.d. *lágu* 'lau' 63, *slógum* 'sloum' 123, *hagi* 'hæge' 47 (sjá undirkafla 2.1.8 og 2.1.9). Það er því greinilegt að þessi upprunalegu löngu sérhljóð eru orðin tvíhljóð í máli Jóns, enda ekki við öðru að búast á þeim tíma. Hliðarmyndir með /æ/ í stað /é/ í orðunum *vér* og *vél* lifðu um langa hríð hlið við hlið í íslensku. Dæmi eru um hliðarmyndir af *vér* í JStgrÆv, t.d. *vér* 'vier' 5 en *vær* 'vær' 98 (sjá undirkafla 2.1.2).

Af stöðubundnum tvíhljóðunum, sem merki eru um í JStgrÆv, má nefna að sérhljóðið /e/ tvíhljóðaðist á undan /gi, gj/ á 14. öld. Síðar varð útjöfnun þannig að tvíhljóðið /ei/ kom einnig upp í ýmsu öðru umhverfi og síðast á undan /gn/ á 18. öld. Í JStgrÆv koma bæði fyrir dæmi um tvíhljóðstáknun upprunalegs /e/ í slíku umhverfi vegna tvíhljóðunar og útjöfnunar, t.d. *þegja* 'þeja' 1, *megi* 'meigie' 20, *mega* 'meiga' 19, *seg* 'seig' 182, *spegla* 'speigla' 82, *dregnir* 'dreigner' 178. Tvíhljóðsframburður hefur því greinilega verið í JStgrÆv alls staðar þar sem tvíhljóð er í slíkum orðmyndum í nútímamáli (sjá undirkafla 2.1.2 og 4.4).

Upprunalegt /eng/ er alltaf táknað í JStgrÆv með 'ei', t.d. *lengi* 'leinge' 14, og /öng/ með 'au', t.d. *afturgöngur* 'afturgangur' 53. Hjá öðrum sérhljóðum sjást hins vegar ekki merki um tvíhljóðun á undan /ng, nk/. Búast hefði mátt við vísbendingum um tvíhljóðsframburð í táknun /ang/ en þar er hins vegar

alltaf ritað 'ang' í JStgrÆv, t.d. þangað 'þangad' 102. Óvíst er hvað skýrir þessa einhljóðstáknun /ang/ (sjá undirkafla 2.1.1., 2.1.2, 2.1.3, 2.1.6 og 2.1.7).

Stutt /e/ tvíhljóðast í framstöðu í nokkrum orðum og verður þetta algeng breyting á 17. öld, t.d. *eg* > *ég*. Í JStgrÆv er þetta persónufornafn oftast ritað 'e' en stundum einnig 'je' (sjá undirkafla 2.1.2 og 3.4.1).

Kringing

Elstu dæmi um stöðubundna kringingu /e/ á eftir /v/ eru frá því um 1400. Skýr merki eru um hana í JStgrÆv, t.d. *hvörninn* 'hvórnenn' 186. Í sumum kringingarorðum, t.d. *hvör*, hafa seinna orðið aðrar frekari breytingar á rótarsérhljóðinu, /vö/ veiklaðist og varð að lokum /vu/, t.d. *hvor*. Ekki eru örugg dæmi í JStgrÆv um slíkar framhaldsbreytingar. Upphafleg form með /ve/ voru aftur tekin upp á 19. öld, t.d. *hver*, og eru einráð í nísl., a.m.k. í ritmáli. Engin merki eru um slík ókringd form í JStgrÆv (sjá undirkafla 2.1.2).

Í hljóðasambandinu /vá/ kringdist annaðhvort sérhljóðið á 14. öld eða það varð breyting á táknanotkun og er slíkt alltaf táknað í JStgrÆv, t.d. *vondi* 'vonde' 8, nema í örfáum sagnmyndum vegna áhrifa frá sérhljóðavíxlum annarra sagna, t.d. *sváfu* 'svafu' 22 (sjá undirkafla 2.1.1).

Afkringing

Afkringing /y, ý, ey/ > /i, í, ei/ hófst á 14. eða 15. öld. Skýrt er af stafsetningu JStgrÆv að afkringingin er þar um garð gengin. Táknun *y, ý, ey* og *i, í, ei* er þar mjög á reiki og allmörg dæmi um öfuga ritun sem sýnir að þessi hljóð eru þar fallin saman, t.d. *lífstjón edur lima-* 'lyfstjon edur lyma' 58, *fylgja* 'filgja' 63 o.s.frv. Leifar upphaflegs kringingarframburðar lifðu hins vegar í nokkrum orðum lengi fram eftir öldum. Örfá dæmi eru um slíkan framburð í JStgrÆv, t.d. *kjur* 'kjur' 113 (sjá undirkafla 2.1.5).

Um eða kringum siðaskipti kom upp stöðubundin afkringingarbreyting þar sem /jö/ varð /je/, t.d. *mjöl* > *mjel*. Hún breiddist allvíða á 17. og 18. öld en hefur í nísl. gengið til baka í flestum orðum. Í JStgrÆv finnast engin örugg dæmi um þessa breytingu (sjá undirkafla 2.1.7 og 4.5).

Einhljóðanir

Algengt er á seinni öldum að /æ/ einhljóðist í [a] í áherslulétu umhverfi, t.d. í ao. *hvenær* > *hvenar/hvunar* og lo. *vesall* > *vesall*, og ef /æ/ var stutt, t.d. í so. *ætla* > *atla*. Engin merki eru hins vegar um slíka einhljóðun í JStgrÆv, t.d. *vesall* 'vesall' 94 (sjá undirkafla 2.1.6).

Flámæli

Engin óyggjandi merki eru um flámæli í JStgrÆv en þó koma fyrir þrjú dæmi sem geta hugsanlega verið til vitnis um það: *p[í]ssaði* ‘p[e]ðade’ 33, *Lundarreykjadal* ‘Laundar Reikiadal’ 244 og *naudstuddum* ‘naudstuddum’ (fyrir *naudstöddum*) 313. Rétt er þó að gera ekki of mikið úr þessum dæmum sbr. umfjöllun í undirkafla 2.1.10.

4.2.2 Samhljóð

Í samhljóðakerfinu eru ýmsar breytingar táknaðar í stafsetningu JStgrÆv sem hafa orðið í sögu íslenskunnar. Dæmi um slíkt er t.a.m. lokhljóðun *fl* (‘trubludu’). Brottfall samhljóðs í samhljóðaklösum er oft sýnt, t.d. ‘dramsamer’ (*drambsamir*). Dæmi eru um innskots-ð í lýsingarorðum eins og *hæstur*, *stærstur* (‘stædstur’, ‘hædstur’), ð í orðinu *þetta* (‘þettad’) og ‘g’ í orðinu *þau* (‘þaug’). Brottfall g á milli sérhljóða er oft táknað, t.d. ‘giæur’ (*gægjur*). Hljóðbreytingin *pn > kn* tengist A-Skaftafellssýslu og suðurhluta Múlasýslna. Í JStgrÆv er þetta hljóðasamband alltaf táknað með ‘kn’ (‘voknafiordur’) sem passar vel við það að Jón Steingrímsson var lengi prestur á kjarnasvæði breytingarinnar.

Gómsamhljóðin /k/ og /g/ höfðu frammgómmost þegar í elsta máli er frammælt sérhljóð fór á eftir. Á síðari öldum er frammgómunin oft auðkennd með ‘i’/‘j’. Í JStgrÆv er frammgómunin mjög oft táknuð, t.d. ‘giæte’ (*gæti*), ‘kiende’ (*kenndi*) (sjá undirkafla 2.2.17).

Í yfirlitinu hér á eftir er samhljóðabreytingum í JStgrÆv skipt í flokka eftir eðli breytingar.

Brottföll

Ýmis dæmi eru um brottföll samhljóðs úr samhljóðaklösum og einnig á seinni öldum. Í stafsetningu JStgrÆv er brottfall samhljóðs úr samhljóðaklösum oft táknað:⁸⁶⁸

/b/	‘dramsamir’ (f. <i>drambsamir</i>)
/d/	‘anspænis’ (f. <i>andspænis</i>)
/ð/	‘ornir’ (f. <i>orðnir</i>)
/f/	‘þurte’ (f. <i>þurfti</i>), ‘vastre’ (f. <i>vafstri</i>)
/r/	‘feskur’ (f. <i>ferskur</i>), ‘keskne’ (f. <i>kerskni</i>), ‘vestu’ (f. <i>verstu</i>)

Hjá samhljóðunum /k/ og /t/ eru hins vegar eingöngu örfá dæmi um að brottfall úr samhljóðaklasa sé sýnt:

⁸⁶⁸ Sjá nánari umfjöllun undir hverjum staf í mállýsingunni, t.d. um brottfall /b/ í undirkafla 2.2.1.

/k/	‘virta vinar’ (f. <i>virktavinar</i>)
/t/	‘syskine’ (f. <i>systkini</i>)

Engin dæmi eru um að brottfall /g/ eða /n/ úr samhljóðaklasa sé táknað:

/g/	‘hardfilgne’ (f. <i>hardfylgni</i>)
/n/	‘vatnsstock’ (f. <i>vatnsstokk</i>)

Eitt dæmi í JStgrÆv gæti hugsanlega bent til þess að framburður [h] hafi verið veikur eða ógreinilegur í seinni lið samsetninga, þ.e. *fjár(h)úsi* ‘fiar(h)use’ 136. Alls staðar annars staðar í slíkum samsetningum er *h*-ið hins vegar táknað í JStgrÆv, t.d. *fjánhús* ‘fiarhus’ 31, *fangelsishús* ‘fangelsishüs’ 36 (sjá undirkafla 2.2.6).

Í framstöðu eru engin dæmi í JStgrÆv um að /g/ haldist í orðum, sem upprunalega byrjuðu á /gn/, heldur er alltaf ritað ‘n’, t.d. *nóg* ‘nóg’ 75 (físl. *gnógr*) (sjá undirkafla 2.2.5).

Önghljóðs-/g/ var í veiklunar- eða brottfallsumhverfi á milli sérhljóða og á milli sérhljóðs og /j/ og sjást merki um brottfall eða veiklun þess í táknanotkun JStgrÆv, t.d. *gægjur* ‘giæur’ 233. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:79) á 18. öld er alltaf ritað ‘g’ í þessu umhverfi, t.d. ‘bægja’ 169, þótt upphaflega öngljóðið sé þá fyrir löngu horfið. Jón Vídalín er því um þetta atriði og ýmis önnur íhaldssamari í stafsetningu en Jón Steingrímsson (sjá undirkafla 2.2.5).

Í áherslulétta atviksorðinu *svo* fellur /v/ alltaf brott í stafsetningu í JStgrÆv, t.d. *svo* ‘so’ 2 (sjá undirkafla 2.2.16).

Lokhljóðanir

Lokhljóðunarbreytingin *lf, rf > lb, rb*, t.d. *kálbur* (f. *kálfur*), kom upp þegar í físl. Heimildir eru um *lb, rb* fyrir *lf, rf* í málinu allt fram á 19. öld þegar lokhljóðunarsamböndin hurfu aftur. Þessi breyting virðist aldrei hafa náð mikilli útbreiðslu í málinu eða dreifst víða. Engin merki eru um hana í JStgrÆv (sjá undirkafla 2.2.4).

Önnur lokhljóðunarbreyting, *fl, fn > bl, bn*, er hins vegar táknuð í JStgrÆv þótt að vísu sé aðeins eitt dæmi þar um þá tákun, þ.e. *trufluðu* ‘trubludu’ 245. Þessi breyting kom upp á 16. öld. Ólíkt lokhljóðunarbreytingunni *lf, rf > lb, rb* virðist hún fljótt hafa náð um allt land og eru þessi hljóðasambönd alltaf borin fram með lokhljóði í nísl. (sjá undirkafla 2.2.4).

Lokhljóðun *hv-* (> *kv-*), sem kom upp á 17. öld, er ein af fáum víðtækum hljóðbreytingum sem hefjast eftir siðaskipti. Engin merki um hana sjást í JStgrÆv. Óljóst er hvort það má rekja til þess að lokhljóðsframburður hafi ekki tíðkast í máli Jóns eða til íhaldssemi í stafsetningu. Seinni skýringin er líklegri því að Jón bjó lengi á kjarnasvæði *hv-*framburðar í nútímaíslensku (sjá undirkafla 2.2.6).

Önglhljóðanir

Önglhljóðun *kn-* (> *hn-*) kom upp í íslensku um 1300 og var orðin nær algild við lok 14. aldar. Á seinni öldum hafa sum orð aftur fengið *kn-* í framstöðu. Í JStgrÆv koma bæði fyrir myndir með upprunalegu *kn-*, t.d. *knúði* ‘knúde’ 43, og myndir með *hn-*, t.d. *hnífinn* ‘hnyfenn’ 202 (sjá undirkafla 2.2.8).

Önglhljóðun /k/ og /t/ í áherslulétu umhverfi varð á 13. öld, t.d. *mig* (físl. *mik*). Forn táknun þessara hljóða lifir þó lengi fram eftir öldum. Í JStgrÆv eru alltaf notuð önglhljóðstákn í slíkum orðum, t.d. *það* ‘það’ 204, nema einu sinni: *það* ‘þat’ 58.

Það nefnist linmæli þegar fráblásin lokhljóð, *k*, *p*, *t* ([k^h, p^h, t^h]), verða ófráblásin á eftir löngu sérhljóði. Elstu öruggu dæmin um það eru frá 19. öld en þessi hljóðbreyting er líklega eldri. Í JStgrÆv eru engin dæmi um linmælisframburð og er alltaf ritað ‘k’, ‘p’ eða ‘t’ í linmælisumhverfi, t.d. *látin* ‘lätenn’ 10, *taka* ‘taka’ 13 (sjá undirkafla 2.2.18).

Samföll, aðlíking og styttingar

Í stafsetningu JStgrÆv sjást merki um ýmsar samfallsbreytingar sem orðið hafa í sögu íslenskunnar.

Elstu dæmi um að aðgreining /n/ og /nn/ í áherslulétu atkvæði sé ekki sýnd í stafsetningu eru frá 14. öld. Slíkt samfall er skýrt táknað í JStgrÆv í bakstöðu, t.d. *gudhræðslan* ‘gudhrædslann’ 6, og líklega einnig inni í orði, sbr. dæmi eins og *mjólkinni* ‘miölkene’ 61 og *hendena* ‘hendenna’ 202 (sjá undirkafla 2.2.11).

Físl. /rr/ styttist um miðja 14. öld í löngum atkvæðum og áhersluléttum endingum, í stuttum áhersluatkvæðum nafnorða á 16. öld en í lýsingarorðunum *þurr* og *kyrr* varla fyrr en á 18. öld. Í JStgrÆv er stytting /rr/ í slíku umhverfi oft táknuð, t.d. *fyr* ‘fir’ 88 (sjá undirkafla 2.2.13).

Elstu dæmi um samfall *rl*, *rn* við *ll*, *nn* eru frá um 1400. Í JStgrÆv sést þessi breyting á öfugum rithætti, t.d. *einn* ‘Eirn’ 8. Engin dæmi eru í Ævi-sögunni um svokallaðan *rđl-*, *rđn-*framburð þessara hljóðasambanda, t.d. *varla* ‘varla’ 82 (sjá undirkafla 2.2.13).

Engin vísbending er um það í JStgrÆv að greint sé á milli upprunalegs /ld/ og /ld/ (< físl. /lð/) í stafsetningu en greint var á milli þessara sambanda í málinu allt fram til um 1700 (sjá undirkafla 2.2.9).

Samlögun *rs* > *ss* í áhersluumhverfi varð þegar í físl. Í JStgrÆv er samfallið þrisvar táknað í handritinu, t.d. 'vefse' 268 (fyrir *versí*), en oftast er upprunalegt hljóðasamband hins vegar táknað með 'rs', t.d. *nýársvers* 'nyarsvers' 100 (sjá undirkafla 2.2.13).

Í JStgrÆv er aðlíking /m/ að myndunarstað eftirfarandi hljóðs nokkrum sinnum táknuð, t.a.m. *Komdu* 'kondu' 124. Algengast er hins vegar að tákna aðlíkinguna ekki, t.d. *góðsemd* 'gödsemd' 246 (sjá undirkafla 2.2.10).

Innskotshljóð

Elstu dæmi um svokallað stoðhljóð, þ.e. innskotssérhljóð á undan *-r* eru frá um 1300, t.d. *maðr* > *maður*. Er þessi breyting líklega gengin um garð um allt land á f.hl. 15. aldar. Í JStgrÆv er stoðhljóðið alltaf táknað, t.d. *nauðugur* 'naudugur' 1 (sjá undirkafla 2.2.13).

Í JStgrÆv er atviksorðið *sjaldan* og skyld orð alltaf með innskots-/k/, t.d. *skjaldan* 'skialldann' 29. Þetta er algeng tákun þessa orðs frá 17. og fram á 19. öld (sjá undirkafla 2.2.8).

Ekki koma fyrir dæmi í JStgrÆv um að innskots-/v/ sé táknað í hljóðasamböndunum *gu*, *ko* eða *ku* en sú breyting kom upp á 16. öld, t.d. *guðs* 'guds' 2 (sjá undirkafla 2.2.16).

Eitt dæmi er í JStgrÆv um að /ð/ sé táknað í fornafnsmyndinni *þetta*, þ.e. *þettað* 'þettad' 185 (sjá undirkafla 2.2.3). Einu sinni er /g/ einnig táknað í fornafnsmyndinni *þau*, þ.e. *þaug* 'þaug' 161. Langalgengast er hins vegar að tákna það ekki í handritinu, t.d. *þau* 'þau' 15 (sjá undirkafla 2.2.5).

4.3 Beygingarfræði

4.3.1 Nafnorð

Nafnorðakerfið í Ævisögu Jóns Steingrímssonar er í megindrátum það sama og í nútímaíslensku. Beyging kk. *ia*-stofna og *r*-stofna (frændsemissorða) er ólíkust upprunalegri beygingu og beygingu nútímamáls. Slíkt passar vel við aðrar heimildir um breytingar á beygingu þessara beygingarflokka á seinni öldum. Í nútímamáli hefur upprunaleg beyging þeirra aftur verið tekin upp fyrir áhrif frá málhreinsun. Engin merki sjást hins vegar um stöðlunaráhrif málhreinsunar á þessa flokka í JStgrÆv (sjá undirkafla 3.1.1.3 og 3.1.2.6).

Yfirleitt eru færri hliðarmyndir nafnorða í JStgrÆv en NtOG og GBibl. Þetta skýrist að einhverju leyti af því að Ævisagan er styttri en þessi rit og því færri dæmi. Einnig er hugsanlegt að á seinni hluta 18. aldar hafi þegar verið

farið að bera meir á stöðlun í beygingu orða en á 16. öld. Á móti því mælir hins vegar að lítil merki eru um stöðlun í beygingu sumra beygingaflokka í JStgrÆv, eins og t.a.m. fyrrnefndra *r*-stofna, og ýmsar hliðarmyndir.

Upprunalegri beygingu rótarnafnorðanna *kýr* og *ær* er fylgt í JStgrÆv að mestu leyti og engin merki um alhæfingu stofnsins sem annars eru dæmi um frá 17. öld (sjá undirkafla 3.1.2.5).

Af hvorugkyns *a*-stofninum *fjár* kom upp ný eignarfallsmynd, *fjár*s, á 16. öld. Í JStgrÆv er eitt dæmi um þessa mynd: *fjár*supphæð ‘fiars upphæð’ 259. Annars er upprunaleg mynd, t.d. *fjár* ‘fiär’ 17 (sjá undirkafla 3.1.1.2).

Kvenkyns *ō*-stofnar sem enda á *-ing*, t.d. *virðing*, voru í físl. endingarlausir í þf. et. en enduðu á *-u* í þgf. et. Á síðari öldum hefur færst í vöxt að *-u* komi einnig fyrir í þf. et. Í JStgrÆv koma bæði fyrir endingarlausar myndir og með *u*-endingu í þf. et., t.d. *kerlingu* ‘kierlingu’ 32 (sjá undirkafla 3.1.1.5).

Nf. et. af *iō*-stofnum var upphaflega með endinguna *-r* í físl., t.d. *veiðr*. Hjá flestum þessara orða hefur upphafleg ending síðar vikið fyrir *-i*. Í JStgrÆv er alltaf *-i* í nf. et. hjá orðum af þessum stofni, t.d. *mýri* ‘myre’ 96, *veiði* ‘veide’ 110 (sjá undirkafla 3.1.1.7).

Upphafleg mynd þgf. et. af *hönd* var *hendi*. Frá síðfísl. þekkist hins vegar einnig formið *hönd* í þgf. et. Tvö dæmi eru í JStgrÆv um að stofninn *hönd* sé notaður í þgf. et. á móti engu dæmi um upphaflega mynd þgf. et. *hendi*, t.d. *móti hönd* ‘hónd’ *sinni* 304. Stofninn *hend-* kemur hins vegar þar tvisvar fyrir í þf. et. þar sem það var ekki upprunalega, t.d. *voru við hendina* ‘hendena’ 57 (sjá undirkafla 3.1.2.5).

Fjölmörg dæmi eru um breytingar á beygingu einstakra orða í sögu íslenskunnar og ýmis dæmi eru í JStgrÆv um að nafnorð beygist þar eftir öðrum flokki en í físl. Til að mynda hafa nokkrir karlkyns *a*-stofnar breyst í hvorugkyns *a*-stofna, t.d. *ekkert gaum* ‘gaum’ 97. Breytt beyging einstakra orða hefur þó ekki haft mikil áhrif á beygingarkerfið. Fáliðaður flokkur kvenkyns *wōn*-stofna virðist þó alveg vera horfinn, sbr. nf. et. *valva* ‘valva’ 178 í staðinn fyrir *völva* (sjá undirkafla 3.1.2.2).

4.3.2 Lýsingarorð

Hjá tvíkvæðum *a*-/*ō*-stofna lýsingarorðum sem enda á *-ll* (t.d. *gamall*) og einkvæðum sem enda á *-nn* (t.d. *breinn*), hefur í seinni tíma íslensku orðið sú áhrifsbreyting (hlutfallabreyting) að *-r*- hefur verið tekið upp í endingu þgf./ef. et. kvk. og ef. ft., t.d. *breinnri*, *breinnrar*, *breinnra*, fyrir áhrif frá öðrum *a*-/*ō*-stofna lýsingarorðum þar sem *-r*- féll aldrei saman við stofninn, t.d. þgf./ef. et. kvk. og ef. ft. *spakri*, *spakrar*, *spakra*. Á 20. öld hefur þessi breyting að mestu gengið til baka og slík lýsingarorð beygjast yfirleitt án *-r*-. Í

JStgrÆv er 'r' yfirleitt táknað í beygingu slíkra lýsingarorða, t.d. *lítillri* 'litillre' 16, og er greinilegt að þannig hefur Jón beygt orðin. Ekki eru því greinanleg áhrif málhreinsunar á þetta atriði hjá Jóni (sjá undirkafla 3.2.1, 4.4 og 4.5).

Hjá *wa-/wō-*stofna lýsingarorðum koma fyrir myndir án /v/ á undan /i/ og /a/ í endingu á 14. og 15. öld og um 1700 er beyging slíkra lýsingarorða orðin að mestu leyti sú sama og í nísl. Í JStgrÆv helst hins vegar /v/ alltaf í beygingu *wa-/wō-*stofna lýsingarorða nema í lo. *kvikur* þar sem /v/ hefur fallið brott, t.d. *dökkvum* 'dockvum' 88, *þykkvir* 'þickver' 54 (sjá undirkafla 3.2.3).

Svavar Sigmundsson (1998) nefnir að eitt af því sem helst einkenni 18. aldar mál sé að farið sé að nota viðskeytið *-ug-* í lýsingarorðum í stað upprunalegs forms þess, þ.e. *-ig-*, og í stað viðskeytisins *-lig-* notað formið *-leg-*. Í JStgrÆv er alltaf *-ug-*, t.d. *naudugur* 'naudugur' 1. Í stað viðskeytisins *-lig-* er í JStgrÆv einnig nær alltaf yngra form þess *-leg-*, t.d. *leyfilegs* 'leifelegs' 1 (sjá undirkafla 3.2.1).

4.3.3 Fornöfn

Í forníslensku voru þrjá tölur í persónufornöfnum og eignarfornöfnum. Í meginráttum hélst þetta þriggja talna kerfi fram á 17. öld en þá hætti tvítalan smátt og smátt að vera til sem sérstök formdeild. Í nútímaíslensku er forn aðgreining tvítölu og fleirtölu alveg horfin og gömlu tvítölufornöfnin orðin fleirtölufornöfn. Í JStgrÆv er forn aðgreining greinilega heldur ekki lengur fyrir hendi í fornafnakerfinu (sjá undirkafla 3.4.1).

Ýmis form og hliðarmyndir koma fyrir af fornafninu *enginn* í JStgrÆv, þ.e. þrenns konar stofnbrigði, *engv-*, *öng-* og *öngv-*, auk stofnsins *eink-* í ef. et. hk., t.d. *engva* 'eingva' (þf. et. kvk.) 227, *öngri* 'aungre' 160 (þgf. et. kvk.), *öngvan* 'aungvann' (þf. et. kk.) 75. Þetta passar ágætlega við síðari alda heimildir um þróun þessa fornafnis (sjá undirkafla 3.4.6).

Ekkert sérhljóðsbrottfall var í beygingu fornafnisins *nokkur* í físl., t.d. þgf. et. kvk. *nokkurri*. Í seinni alda máli komu hins vegar upp brottfallsform á undan endingum sem hefjast á sérhljóði þannig að stofninn varð þar *nokkr-*. Í JStgrÆv eru alltaf brottfallsstofnaþbrigði á undan endingum sem hefjast á sérhljóði en einnig í þgf. et. kvk. og ef. ft. þar sem endingin hefist á /r/, t.d. *nokkri* 'nockre' 46, *nokkra* 'nockra' 64. Þetta er frábrugðið almennri beygingu fornafnisins í nísl. þar sem mynd þgf. et. kvk. af þessu fornafni er *nokkurri*, ef. et. kvk. er *nokkurrar* og ef. ft. er *nokkurra* (sjá undirkafla 3.4.6).

4.3.4 Sagnorð

Ýmsar breytingar hafa orðið á síðari öldum á endingum sagna og beygingu og sjást merki um margar þeirra í JStgrÆv.

Í 2. p. et. af sterkum sögnum, sem enda á *-r*, var *-ð* bætt við endinguna á 18. öld, t.d. *þú fer* > *þú færð*. Engin merki sjást um þessa breytingu í JStgrÆv, t.d. *þú fer* 'fer' 65 (sjá undirkafla 3.5.1.1).

Um 1300 kom upp ný ending í 1. p. et. í þátíð (*-i*) og var hún orðin algengari en sú upprunalega (*-a*) á 15. öld. Í JStgrÆv eru tvö dæmi um upprunalega endingu: *byggða* 'bigda' eg 175, *nefnda* 'nefnda' eg 191. Yfirleitt er samt nýja endingin *-i*, t.d. *byggði* 'bigde' 113 (sjá undirkafla 3.5.1.2).

Ending 2. p. et. í þátíð sterkra sagna var í fornu máli *-t* (t.d. *tókt* af *taka*) eða *-tt* ef sagnstofninn endaði á sérhljóði (t.d. *sátt* af *sjá*). Það var eingöngu ef rótin endaði á /t/ sem endingin var *-st*. Sagnir sem höfðu stofn sem endaði á /s/ enduðu einnig á *-st*, t.d. *kaust* (af so. *kjósa*), en þá var /s/ hluti af stofninum. Á fyrri hluta sextánda aldar varð hins vegar sú breyting á þessu að farið var að nota endinguna *-st* almennt í 2. p. et. þátíðar hjá sterkum sögnum. Í JStgrÆv er alltaf slíkt form endingarinnar, t.d. *fórst* 'forst' 33 (sjá undirkafla 3.5.1.2).

Í viðtengingarhætti hafa endingar breyst allmikið á seinni öldum. Í 1. p. et. viðtengingarháttar kom upp ný ending (*-i*) um 1300. Í JStgrÆv er eitt dæmi um upprunalega endingu 1. p. et. viðtengingarháttar (*-a*), *skylda* eg 77, en annars er nýja endingin, t.d. *skyldi* 3. Einnig eru örfá dæmi um forna endingu í 3. p. ft. viðtengingarháttar, t.d. *gæti* 'giæte' 6, *mundi* 'munde' 283. Annars eru alltaf nýjar endingar í viðtengingarhætti, t.d. *ef þeir hefðu* 'hefdu' *trúna* 145 (sjá undirkafla 3.5.1.3).

Í físl. beygðist lýsingarháttur nútíðar eins og miðstig lýsingarorða. Á seinni öldum varð hann óbeygjanlegur og eru óbeygjanlegar myndir algengar í GB. Aðeins eitt dæmi er í JStgrÆv um beygðan lýsingarhátt nútíðar, *á sínum deyjanda degi* 327, sem er þar annars óbeygður (sjá undirkafla 3.5.1.5).

Það sést á þessum dæmum í JStgrÆv að ýmsar upprunalegar endingar sagna hafa getað lifað lengi samhliða nýjum en þó eru nýjar endingar almennt miklu algengari.

Í seinni tíma máli hafa orðið ýmsar breytingar á miðmynd sagna á endingum, bæði hljóð- og beygingarbreytingar. Í forníslensku var 1. p. ft. í miðmynd með endinguna *-umsk*, t.d. *komumsk* (síðar > *-umst*). Hún breyttist á 15. öld í *-unst* og á 16. öld verður *-ust* einnig algeng ending. Á fyrri hluta 17. aldar kom fram nýtt afbrigði viðskeytisins, *-ustum*, sem fljótlega varð meginafbrigði þess. Upphafleg ending, *-umst*, var síðan endurvakin, líklega af Árna Magnússyni, við byrjun 18. aldar. Í JStgrÆv koma fyrir ýmis þessara forma, algengast er *-unst*, síðan *-ustum*, *-unstum* og *-ust*, t.d. *komunst* 'komunst' 28, *finnustum* 'finustum' 57, *þykjunstum* 'þikiunstumm' 18, *Fundust* 'fundust' 18. Engin dæmi eru hins vegar þar um endurvöktu endinguna *-umst* (sjá undirkafla 3.5.1.6 og 4.5).

Ýmsar sagnir sem upprunalega voru sterkar hafa tekið upp veika beygingu í JStgrÆv eða skipt um sterkan flokk. Dæmi um slíkt er að so. *bjarga* og *hjálpa* af 3. flokki hafa tekið upp veika beygingu (*bjargað*, *hjálpað*) eins og algengt er í nísl. (sjá undirkafla 3.5.2.3). Fjórða flokks so. *nema* beygist á ýmsa vegu í JStgrÆv, þ.e. bæði sterkt, (*for*)*nam*, og veikt á tvo vegu, þ.e. *namdi* og *numdi* (sjá undirkafla 3.5.2.4). Fimmta flokks so. *meta* og *þiggja* beygjast veikt í JStgrÆv, þt. *möttust*, *þáði*. Fimmta flokks so. *vega* beygist í JStgrÆv eins og 6. flokks sterkt so., þt. *vó* (sjá undirkafla 3.5.2.5). Sjötta flokks so. *deyja* beygist bæði sterkt og veikt í JStgrÆv, þt. *dó* en einnig *deyði* (sjá undirkafla 3.5.2.6). Forn beyging tvöföldunarsagna (7. fl. st. so.) helst að mestu í JStgrÆv en þó beygist so. *ráða* í þátíð sem *rédi* í stað *réd*, t.d. *rédi* ‘riede’ 157. So. *snúa* hefur bæði *e* og *é* í þátíðarmyndum, t.d. *snerist* ‘snerest’ 13 en *við-snérist* ‘við snierest’ 310 (sjá undirkafla 3.5.2.7).

Ýmsar veikar sagnir í JStgrÆv hafa einnig tekið upp nýja beygingu. So. *þilja*, sem upphaflega var *ia*-flokks so., er orðin *ō*-flokks sögn. So. *embætta*, *frelsa* og *heimta*, sem upphaflega voru *ja*-flokks so., beygjast í JStgrÆv bæði sem *ia*- og *ō*-flokks so. Sum veik *ia*-flokks sagnorð sem hafa tekið upp nýja beygingu í NtOG eða GBibl, t.d. *meina*, *skíra*, *staðfesta* og *venda*, fylgja hins vegar upprunalegri beygingu í JStgrÆv (sjá undirkafla 3.5.3).

Tvímyndir koma fyrir í þátíðarmyndum nokkurra sagnorða með /ll/ eða /l/ í stofni í JStgrÆv, t.d. *fylltist* (físl. *fyllði(st)*) en *uppfylldur*. Sagnorð sem mynduðu hljóðrétt þátíð og lýsingarhátt þátíðar með /d, ð/ hafa tekið upp /t/ í þátíðarmyndum á seinni öldum fyrir áhrif frá so. eins og *reisa* (þt. *reisti*) þar sem /t/ var hljóðrétt. Dæmi er um slíkt í JStgrÆv, t.d. þt. *sentí* ‘sendte’ 38, *girtist* ‘gyrntest’ 235 (sjá undirkafla 3.5.3.2).

So. *sækja* og *þykja* hafa í JStgrÆv stundum þátíðarmyndir með ‘kt’ í stofni, t.d. *sókti* ‘sokte’ 10, *þókti* ‘þokte’ 73. Ekki er fyllilega ljóst hvort borið var fram /kt/ [xt] í þessum myndum eða hvort þetta er eingöngu stafsetningarvenja (sjá undirkafla 3.5.3.2).

Sögnin *hafa* er í 2./3. p. et. nt. *hefur* í JStgrÆv og nær alltaf *hefi* í 1. p. et. (sjá undirkafla 3.5.3.4).

Núþálega so. *unna* hefur tekið upp veika þátíðarmynd í JStgrÆv, t.d. *unntu* ‘untu’ 200 (sjá undirkafla 3.5.4.1).

Óreglulega so. *valda* er með veika mynd í lýsingarhætti þátíðar í JStgrÆv: *ollað* ‘ollad’ 143. Á síðari öldum var þátíðarstofninn (*oll-*) stundum einnig vegna útjöfnunar notaður í nútíðarmyndum af þessari sögn og er þetta form til vitnis um það (sjá undirkafla 3.5.4.2 og 4.4).

Í lýsingarhætti þátíðar af *ja-so*. eru í JStgrÆv allnokkur dæmi um blandaða beygingu eins og búast mætti við á þeim tíma, t.d. *útvaldir* ‘utvallder’ 129 en *vakinn* ‘vaken’ 207 (sjá undirkafla 3.5.3.1).

Ýmis merki sjást því um nýjungar í beygingu sagnorða frá seinni öldum í JStgrÆv. Engin sjáanleg tilhneiging er þar til að velja frekar upprunalegar en nýjar myndir eins og búast hefði mátt við ef fylgt væri þar málhreinsunar- eða málfyrningarstefnu. Færsla einstakra sagna yfir í nýja sagnflokka hefur verið algeng á síðari öldum og JStgrÆv sker sig ekki frá öðrum heimildum hvað það varðar. Upprunalegt sagnkerfi hefur þó í meginráttum haldist.

4.4 Áhrifsbreytingar

Ekki er sérkafla í ritgerðinni um áhrifsbreytingar heldur fjallað um þær á viðeigandi stöðum í hljóðsögukafla og beygingarfræðikafla. Sama fyrirkomulag er á þessu og hjá Bandle (1956). Umfjöllun um hljóð- og beygingarbreytingar annars vegar og hins vegar áhrifsbreytingar blandast oft saman og erfitt getur verið að skilja þær í sundur. Dæmi um slíkt er þróun /e/ á undan /g/. Fyrst varð sú hljóðbreyting að /e/ tvíhljóðaðist á undan /gi/ og /gj/, t.d. *megi* > *meigi*, en síðar kom upp útjöfnunarbreyting þannig að farið var að bera tvíhljóðið einnig fram í öðru umhverfi, t.d. á undan *gn* (*fegnir* → *feignir*).

Hér á eftir fer samantekt yfir áhrifsbreytingar í JStgrÆv. Meginflokkar þeirra eru almennt taldir vera kerfisbundnar áhrifsbreytingar og ókerfisbundar áhrifsbreytingar. Síðari flokkurinn á við breytingar, t.d. *blöndun* (e. *blending*) eða *endurskilgreiningu* (e. *reanalysis*), sem virka óreglulega á einstök orð, orðarunur eða sambönd orða. Í mállýsingunni er nær eingöngu fjallað um fyrri flokkinn, þ.e. kerfisbundnar áhrifsbreytingar. Helstu undirflokkar þeirra eru *útjöfnun* (e. *levelling*) og *hlutfallabreytingar* (e. *four-part analogy*).

Á undan kringdu sérhljóði féll **w* brott þegar í frumnorrænu, t.d. **wurðu* > *urðu*. Eftir að /v/ önghljóðaðist var það í sumum tilvikum endurvakið á seinni öldum fyrir áhrif frá öðrum myndum í beygingardæminu þar sem /v/ hafði alltaf haldist. Í JStgrÆv eru allmörg dæmi um sagnmyndir þar sem slíkt /v/ hefur verið endurvakið, t.d. *vurðu* ‘vurd’ u’ 129 (3. p. ft. þt. af so. *verða*). Enn þá algengara er hins vegar að slíkt hljóð sé ekki táknað, t.d. *yfirunnið* ‘yfer unned’ 265 (sjá undirkafla 3.5.2.3 og 3.5.2.6).

Á undan /gi/ og /gj/ tvíhljóðast /e/ í hljóðasamböndunum /egi/ og /egj/ hljóðrétt eins og rakið er hér að framan. Við áhrifsbreytingar á síðari öldum hefur orðið útjöfnun og tvíhljóðið færst yfir á myndir þar sem það er ekki hljóðrétt, þ.e. á undan /g/ í bakstöðu, t.d. ‘seig’ 65 fyrir *seg* (bh. af so. *segja*), á milli sérhljóða í so. *mega*, á undan *gl* í samdráttarmyndum, t.d. *spegla* ‘speigla’ 82, og á undan *gn* í samdráttarmyndum, t.d. *fegnari* ‘feignare’ 79. Það að ‘ei’

komi fyrir í öllum þessum myndum í JStgrÆv passar vel við heimildir um útbreiðslu þessara áhrifsmynda á síðari öldum. Yngsta áhrifsbreytingin af þeim, þ.e. *-egn-* → *-eign-*, virðist til að mynda ekki koma upp fyrr en á 18. öld (sjá undirkafla 2.1.2 og 4.2.1).

Á síðari öldum kom /ð/ stundum upp í orðum þar sem það var ekki upphaflega fyrir áhrif frá skyldum orðum. Í JStgrÆv eru nokkur dæmi um slíkt, t.d. *hæðsta* ‘hædsta’ 35 (þ.e. *hæstur*, est. af *hár*) og *Stæðstu* ‘stædstu’ 344 (þ.e. *stærstur*, est. af *stór*). Slík tákun er algeng á síðari öldum (sjá undirkafla 2.2.3).

Eitt dæmi er í JStgrÆv um að orð, sem upphaflega var í hinum litla *wōn*-flokki kvenkynsorða, hafi tekið upp *ōn*-stofna beygingu, þ.e. *valva* ‘valva’ 178 (nísl. *vólva*). Þessi flokkur kvenkynsorða virðist vera alveg horfinn í JStgrÆv (sjá undirkafla 3.1.2.2).

Ýmsar áhrifsbreytingar hafa orðið á beygingu nafnorða í JStgrÆv. Hjá *u*-stofnum hefur upprunaleg ending þf. ft., *-u*, látið undan síga fyrir *i*-stofna endingunni *-i* (+ *i*-hljóðvarp), t.d. *sonu* → *syni*. Í JStgrÆv er eingöngu eitt dæmi um upphaflega endingu í þf. ft., þ.e. *siðu* ‘sydu’ 344. Allmörg dæmi eru hins vegar um nýju endinguna, t.d. *syni* ‘syne’ 328. Í fleirtölumyndum kk. *u*-stofnananna *skotspónn* og *aðdráttur* hefur *æ* verið alhæft, sbr. þágufallsmyndirnar *skotspænum* ‘skotspænumm’ 162, *fiskiáðdrættum* ‘fiske áðdrættum’ 319. Í seinni tíma máli hafa einnig komið upp nýmyndir í þgf. et. af sumum kk. *u*-stofnum. Í JStgrÆv er dæmi um slíkt en þar er nafnið *Hjörtur* í þgf. et. *Hjörti* ‘Hiörte’ 343 í stað *Hirti*. (sjá undirkafla 3.1.1.10).

Hjá kk. *ia*-stofnum hefur ending nf. et. *r* verið alhæfð í allri beygingunni á síðari öldum og orðið hluti af stofni. Elstu dæmi um þessa breytingu eru frá 15. öld. Í JStgrÆv er slík beyging orðin venjuleg beyging þessara orða, t.d. *uppgangseyrir* ‘uppgangs eijrer’ 20 (þgf. et.). Eingöngu eru leifar upprunalegrar beygingar eftir, t.d. *læknismeðala* ‘læknismeðala’ (ef. ft.) 240.

Kvenkynsmyndir komu upp í seinni tíma íslensku af nokkrum karlkyns rótarnafnorðum í nf./þf. ft. fyrir áhrif frá hinu merkingarlega skylda rótarnafnorði *hönd*. Í JStgrÆv eru bæði dæmi um kvenkynsbeygingu karlkynsorðanna *fótur* og *finger* í þf. ft., t.d. *fætturnar* ‘fætturnar’ 22, *fingerurnar* ‘fingerurnar’ 211.

Í *nd*-stofninum *bónði* hefur /æ/ stundum verið alhæft í fleirtölu í seinni tíma máli. Í JStgrÆv koma bæði fyrir eignarfallsform með /ó/ og /æ/ af *bónði*, t.d. *bóndafólk* ‘bondafolk’ 6 en *sóknarbændanna* ‘soknarbændana’ 136.

Nokkrar áhrifsbreytingar sjást í beygingu lýsingarorða í JStgrÆv. Greinilegast er það í undirflokki *a-/ō*-stofna lýsingarorða, þ.e. tvíkvæðra lýsingarorða sem enda á *-ll* og einkvæðra sem enda á *-nn*. Þar varð sú áhrifsbreyting á fyrri hluta 16. aldar að *-r-* kom inn í beyginguna þar sem það var ekki upphaf-

lega, t.d. *hreinnri* (fyrir *hreinni*). Í JStgrÆv eru mörg dæmi um þessa breytingu, t.d. *hreinnri* ‘hreirnre’ 57, *óheillra* ‘oheillra’ 294 (sjá undirkafla 3.2.1 og 4.5).

Í *ja-/jō-*stofna lýsingarorðum þar sem stofn endar á sérhljóði, t.d. *glær*, *slær* og *-sær*, er /r/ stundum alhæft í allri beygingunni á síðari öldum. Í JStgrÆv er eitt dæmi um slíkt: *djúpsærari* ‘diupsærare’ 77 (mst. af lo. *djúpsær*).

Líklegt er að myndin *hönum* fyrir *honum* af persónufornafninu *hann* hafi komið upp vegna áhrifsbreytingar. Hin algengu beygingarvíxl *a/ö* (sbr. *barn/börnum*) hafa þá komið í staðinn fyrir víxlin *a/o*. Allmörg dæmi eru um þetta form í JStgrÆv, t.d. *hönum* ‘hónum’ 9 (sjá undirkafla 3.4.1).

Í mállýsingu JStgrÆv eru rakin fjölmörg dæmi um breytingar á beygingu sagnorða fyrir áhrif frá beygingu annarra flokka. Yfirleitt er annaðhvort um að ræða að sterkt sagnorð hafi tekið upp veika beygingu eða veikt sagnorð skipt um flokk. Þetta er rakið í samantekt um sagnorð hér að framan. Gott dæmi um útjöfnun beygingardæmis í JStgrÆv má finna í beygingu so. *valda*, þt. *olli*, þar sem stofnbrigðið *oll-* var oft á seinni öldum alhæft í allri beygingunni, t.d. nh. *olla*, þt. *olli*. Engin dæmi eru um nafnhátt af sögninni í JStgrÆv en hins vegar kemur fyrir myndin *ollað* ‘ollad’ 143 í lýsingarhætti þátíðar í stað upprunalegs forms, þ.e. *valdið*, sem bendir til þess að slík útjöfnun hafi átt sér stað í JStgrÆv (sjá undirkafla 3.5.4.2 og 4.3.4).

4.5 Áhrif málhreinsunar á JStgrÆv

Í rannsóknarspurningu ritgerðarinnar er leitað svara við því hvort greina megi áhrif frá málhreinsun á framburð eða beygingar í JStgrÆv (sjá undirkafla 1.1.3). Voru þau lítil eða engin, eins og Kjartan G. Ottósson (1986a) taldi, eða mikil? Jón Steingrímsson var uppi á umhleyptingátímum í þessum efnum. Mótunarár hans voru á fyrri hluta 18. aldar, fyrir tíma Lærdómslistafélagsins, en hann kynnist hugsanlega á efri árum málhreinsun og málhreinsunarhugmyndum í gegnum gömlu félagsritin og skrifar jafnvel í þau (sjá undirkafla 1.2.5). Það er einnig líklegt að Jón hafi lesið eða þekkt til *Réttitabókar* Eggerts Ólafssonar frá 1762 sem til er í fjölda handrita (um málhreinsun á 18. öld sjá undirkafla 1.6.3). Á hinn bóginn hefst skipuleg málhreinsun, þar sem mikið var leitað til forn málsins sem fyrirmyndar að nútímaíslensku, í raun varla fyrr en á 19. öld. Útgáfa Rasmusar Kr. Rasks á málfræðibókum yfir íslensku, t.d. Rask (1818), hafði þar mikil áhrif og síðar á 19. öld til að mynda Fjölnismenn og ýmsir aðrir. Það er því ef til vill ósennilegt að áhrif málhreinsunar finnist í riti eins og JStgrÆv sem er frá því seint á 18. öld. Það er þó mikilvægt að fá úr því skorið.

Það torveldar rannsókn á áhrifum málhreinsunar á 18. öld að fáar samtímaheimildir eru um viðhorf málhreinsunarmanna frá þeim tíma. Stundum þarf

Því annaðhvort að styðjast við ummæli 19. aldar málhreinsunarmanna um einstök atriði (sbr. t.d. ummæli Konráðs Gíslasonar um beygingu kk. *ia*-stofna, sjá undirkafla 3.1.1.3) eða draga ályktun út frá stafsetningu, framburði eða beygingu í nútímaíslensku um það gegn hverju málhreinsunarmenn á þeim tíma börðust eða lögðust gegn og getur vitaskuld óvissa falist í slíku mati.

Nefni ég hér á eftir nokkur atriði úr málsögu JStgrÆv sem geta hjálpað til við mat á málhreinsunaráhrifum á Ævisöguna.

Í hljóðsögunni er að finna nokkuð skýrt dæmi um lítil áhrif málhreinsunar á JStgrÆv í tákun hljóðasambandsins /ve/, t.d. *hver*. Kringd form af þessu hljóðasambandi virðast hafa verið orðin algild á 17. öld, t.d. *hvör*, en fyrir áhrif frá ritmáli voru ókringd form, þ.e. /ve/, aftur tekin upp í fornafninu *hver* og skyldum orðum, þ.e. *einhver*, *hvergi*, *hvernig*, *sérhver*, en hins vegar ekki í orðum eins og *kvöld*, *kvörn*. Þetta hefur líklega m.a. gerst fyrir áhrif frá Árna Magnússyni sem lagaði stafsetningu sína að fornum rithætti er á leið og tók t.a.m. að skrifa *hver* fyrir *hvör* og *einn* fyrir *eirn*.⁸⁶⁹ Í þýðingu Jóns Ólafssonar á Nikulási Klím frá 1745 (Jón Helgason 1948:296) er t.a.m. ávallt skrifað *hver*, *hversu* o.s.frv. Hjá Jóni Vídalín (Svavar Sigmundsson 1966:30–31) er einnig nær alltaf ritað ‘e’ í þessu fornafni (einstaka sinnum ‘ø’). Ókringd form eru síðan nær einráð í nísl., a.m.k. í ritmáli. Engin merki eru hins vegar um slík ókringd form í JStgrÆv (sjá undirkafla 2.1.2 og 4.1.2).

Önghljóðun /k/ í hljóðaklasanum *kn-* í framstöðu (> *hn-*) hefst um 1300 og þessi breyting er orðin nær algild við lok 14. aldar. Í seinni tíma máli hefur hún hins vegar gengið til baka í sumum orðum og mælir t.a.m. Eggert Ólafsson með því að ritað sé *kn-* þótt borið sé fram *hn-*. Fá orð í JStgrÆv eru táknuð með ‘kn’ í framstöðu, t.d. *knúði* ‘knude’ 149, heldur er yfirleitt ritað ‘hn’, t.d. *fuglahnappur* ‘fugla hnappur’ 56 (sjá undirkafla 2.2.8 og 4.2.2).

Ef litið er á beygingarkerfi JStgrÆv þá er skýrt dæmi þar í beygingu *r*-stofna um að ekki sé fylgt þeirri beygingu sem tíðkast í físl. og nísl. (sjá undirkafla 3.1.2.6). Beyging slíkra orða er í JStgrÆv mjög á reiki eins og í mörgum seinni alda ritum og engin tilraun gerð þar til að samræma beygingu orða af þessum flokki. Það var þó varla fyrr en á 20. öld sem upphafleg beyging þeirra var skipulega endurvakin.

Kringdar fleirtölumyndir af orðinu *hönd* í nf./þf., þ.e. *höndur*, komu upp á 16. öld. Í málfræði Jóns Magnússonar (1997:54) frá 18. öld er hins vegar sagt að slíkar myndir séu rangar („Hodie quidam dicunt *höndur* pro *hendur*, sed vitiosè.“). Í JStgrÆv er hins vegar alltaf hin nýja mynd, t.d. *höndur* ‘hóndur’ 13.

Fá dæmi eru einnig um það í JStgrÆv að fylgt sé upprunalegri beygingu karlkyns *ia*-stofna. Slíkt þarf þó ekki að vera til vitnis um lítil áhrif mál-

⁸⁶⁹ Sjá Kjartan G. Ottósson 1990:23.

hreinsunar þar því að það virðist ekki vera fyrr en á fyrri hluta 19. aldar að mælt er á prenti aftur með upprunalegu beygingunni (Rask 1818:77, 80) (sjá nánari lýsingu í undirköflum 3.1.1.3 og 4.4).

Annað atriði sem líklega var ekki barist gegn fyrr en á 19. öld er áhrifsmyndir með *-r-* af tvíkvæðum *a-/ō-*stofna lýsingarorðum sem enda á *-ll* (t.d. *gamall*) og einkvæðum sem enda á *-nn* (t.d. *hreinn*), t.d. *hreinnri* (þgf. et. kvk.) í stað *hreinni* af lo. *hreinn*. Í JStgrÆv er nær alltaf *-r-* í slíkum lýsingarorðum og passar það ágætlega við aðrar heimildir frá 18. öld. Í málfræði hins íhalds-sama Jóns Magnússonar er slík beyging til dæmis einhöfð. Við lok 18. aldar koma þó fyrir dæmi um form án *-r-*, t.d. *heilli* í bók Ólafs Stephensens *Stutt undirvísun í reikningslistinni* frá 1785 (sjá undirkafla 3.2.1, 4.3.2 og 4.4).

Ósamandregin form af fornafninu *ýmis*, sem höfðu horfið í ýmsum föllum þess á 16. öld, fóru að birtast aftur við lok 18. aldar, fyrst í gömlu félagsritunum, t.d. þgf. ft. *ýmissum*, ef. ft. *ýmissra* og þgf. et. kvk. *ýmissri*. Hreinn Benediktsson (1987 (10):15) telur ljóst að slík form hafi verið endurvakin vegna áhrifa málhreinsunar. Í JStgrÆv er hins vegar ekkert dæmi um ósamandregið form þessa fornafns, t.d. *ýmsra* ‘jmsra’ 26 (sjá undirkafla 3.4.6).

Lítill áhrif málhreinsunar á beygingu í JStgrÆv sjást þó ef til vill skýrast á endingu 1. p. ft. miðmyndar. Snemma á 18. öld var forn ending (*-umst*) endurvakin en hún hafði horfið úr málinu í byrjun 16. aldar. Notkun hennar virðist þó á 18. öld að mestu hafa einskorðast við þröngan hóp menntamanna. Í JStgrÆv koma fyrir *ýmis* form í 1. p. ft. í miðmynd, t.d. *-ustum* og *-unst*, en aldrei *-umst* þrátt fyrir að traustar heimildir séu um það að lögð hafi verið áhersla á það hjá málfrýningar- og málhreinsunarmönnum á 18. öld á að taka upp endinguna *-umst* aftur (sjá undirkafla 3.5.1.6 og 4.3.4).

Allt ber því að sama brunn: Engin skýr merki eru um það í JStgrÆv að málhreinsunar- eða málfrýningarstefna hafi haft áhrif þar á hljóðsögu né beygingu.

Ýmis dæmi eru þó nefnd í mállýsingu JStgrÆv úr sögu íslenskunnar um hugsanleg áhrif íhaldssamrar stafsetningar og málhreinsunar á mál Ævisögunnar. Sums staðar í JStgrÆv eru áhrif rithefðar sterk og haldið er í hefðbundna ritun sem styðst ekki lengur við framburð (um táknanotkun í JStgrÆv sjá undirkafla 1.4). Eitt dæmi er til að mynda um að lokhljóðun /f/ í klasanum *fl* sé táknuð í stafsetningu, *trufluðu* ‘trubludu’ 245. Langoftast er lokhljóðun /f/ í *fl* eða *fn* hins vegar ekki táknuð, t.d. *djöflana* ‘díóflana’ 12, *nafn* ‘nafn’ 4 o.s.frv. Það sést á þessu stakdæmi að borið hefur verið fram lokhljóð í þessu hljóðasambandi í JStgrÆv. Samlöggunin *rs* > *ss* varð í físl., t.d. *Bersi* > *Bessi*. Í JStgrÆv er samlöggun þessa hljóðasambands þrisvar táknuð í stafsetningu, t.d. *versi* ‘vesse’ 268, en langoftast er hún samt ekki táknuð, t.d. *vers* ‘vers’ 19 (sjá undirkafla 2.2.13). Fleiri dæmi um íhaldssama stafsetningu er

t.d. ritun ‘d’ og ‘g’ og fleiri hljóða í samhljóðaklösum þótt þau hafi nær örugglega verið horfin í framburði, t.d. ‘margt’ 148. Einnig er áherslulétta fram-mæltá sérhljóðið yfirleitt táknað ‘e’ í JStgrÆv, t.d. ‘lited’ 1, sem er frekar fornlegt skriftareinkenni (sjá undirkafla 2.1.3). Engin merki finnast heldur í JStgrÆv um lokhljóðun *hv-* > *kv-* sem kom upp á 17. öld (sjá undirkafla 2.2.6). Í slíkum tilvikum er líklega frekar á ferðinni íhaldssemi í stafsetningu en áhrif málhreinsunar. Óljóst er hins vegar hvort atriði eins og tákun hljóðasambandsins /ang/ með ‘ang’ og ritun sagnarinnar *ætla* með ‘æ’, sem rakin hafa verið hér að framan, séu vísbending um framburð Jóns eða íhaldssemi í stafsetningu.

4.6 Lokaorð

Ævisaga Jóns Steingrímssonar er mikilvæg heimild um málið á síðari hluta 18. aldar. Vantað hefur fleiri lýsingar á máli á seinni aldar ritum og ritgerðin er því mikilvægur tengiliður milli fyrri lýsinga á 16. aldar máli og þess sem vitað er um nútímaíslensku.

Í mállýsingunni er fjallað um hljóð- og beygingarbreytingar sem koma fyrir í JStgrÆv og ýtarlegur samanburður gerður við málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar (Jón Helgason 1929a) og sérstaklega Guðbrandsbiblíu (Bandle 1956) frá 16. öld en einnig fleiri rit og við nútímaíslensku. Í stafsetningu JStgrÆv sjást merki um allmargar hljóðbreytingar frá síðari öldum sem einnig eru heimildir um annars staðar frá eins og nefnt er að framan. Hjá sérhljóðum eru til að mynda áberandi í JStgrÆv kringingarbreytingar og tvíhljóðanir og hjá samhljóðum brottföll, samlaganir og lokhljóðanir. Stundum er þó haldið í upprunalega tákun hljóða og hljóðasambanda vegna ritvenju. Beygingarkerfi físl. helst í megindráttum í JStgrÆv. Allmörg dæmi eru þó um að einstök orð hafi skipt um beygingarflokk eða beyging undirflokka hafi breyst og ný form orðið til. Allmörg dæmi eru einnig um að áhrifsbreytingar frá seinni öldum séu táknaðar í JStgrÆv.

Í rannsóknarspurningu ritgerðarinnar er spurt hvort áhrif málhreinsunar sjáist í JStgrÆv. Svarið við henni er neitandi, a.m.k. hvað varðar Ævisögu Jóns Steingrímssonar en ekki er hægt að fullyrða um slík áhrif á önnur rit Jóns. Engin skýr merki eru um áhrif málhreinsunar á framburð og beygingar í JStgrÆv. Ýmis dæmi um fornlega ritun í JStgrÆv, sem gætu hugsanlega verið merki um málhreinsunaráhrif, má frekar skýra með íhaldssemi í stafsetningu. Hafa verður þó þann fyrirvara við þessar niðurstöður að eingöngu eru í ritgerðinni könnuð áhrif málhreinsunar á hljóð (hljóðbreytingar) og beygingu (beygingarbreytingar) en ekki á orðaforða, setningafræði eða stíl. Ekki eru því teknar með breytingar á orðaforða sem oft tengjast málhreinsun.

Ævisaga Jóns Steingrímssonar er samin á forvitnilegu skeiði þegar málið er í gerjun og nýir vindar farnir að blása. Gagnlegt er að hafa mállýsingu rits eins og JStgrÆv frá upphafi skipulegrar málhreinsunar sem síðar verður hægt að bera saman við önnur rit frá 18. og 19. öld. Von mín er að þessi lýsing málsins á JStgrÆv nýtist við rannsóknir á íslenskri málsögu síðari alda og fylli að hluta upp í þá mynd sem gerð er af síðari alda íslensku.

Heimildir

- Aðalsteinn Eiríksson. 1988. *Jón Steingrímsson og móðuharðindin* (2. útg.). Reykjavík: Námsgagnastofnun, menntamálaráðuneytið.
- Ahlström, Vimar. 1956. *Prosten Jón Steingrímssons sjálvbiografi*. Acta Universitatis Stockholmiensis. Stockholm Studies in Scandinavian Philology 15. Lund [: s.n.].
- Alexander Jóhannesson. 1923–1924. *Íslenzk tunga í fornöld*. Reykjavík: Bókaverzlun Ársæls Árnasonar.
- Ari Páll Kristinsson. 1992. U-innskot í íslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 14:15–33.
- Ari Páll Kristinsson. 2009. Et forsøk på morfologisk normering. Í: Omdal, Helge og Rune Røssstad (ritstj.). *Språknormering – i tide og utide?*, bls. 171–184. Oslo: Novus.
- Árni Björnsson (útg.). 1969. *Laurentius saga biskups*. Rit Handritastofnunar Íslands 3. Reykjavík: [Handritastofnun Íslands].
- Árni Bödvarsson. 1951. Þáttur um málfræðistörf Eggerts Ólafssonar. *Skírnir* 125:156–172.
- Árni Bödvarsson. 1952. Viðauki við Þátt um málfræðistörf Eggert Ólafssonar í CXXV. árgangi *Skírnis*, 1951. *Skírnir* 126:214–215.
- Árni Bödvarsson. 1960. Nokkrar athuganir á rithætti þjóðsagnahandrita í safni Jóns Árnasonar. *Studia Islandica* 18:5–21.
- Árni Magnússon. 1920a. Frásögn Árna Magnússonar 1703 um framburð nokkurn máls í Austfjörðum. Jón Þorkelsson bjó til prentunar. *Blanda* 1:128.
- Árni Magnússon. 1920b. Úr söfnum Árna Magnússonar. Nokkur íslenska málsins orð sem ei eru tíðkuð um alt land. Jón Þorkelsson bjó til prentunar. *Blanda* 1:386–395.
- Árni Magnússon. 1930a. *Voculæ Islandicæ Rariores Nonnullæ*. Í: Finnur Jónsson (ritstj.). *Árni Magnússons Levned og Skrifter*. Andet Bind. Skrifter, bls. 237–254. København: Gyldendal.
- Árni Magnússon. 1930b. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns* 9 (2. útg.). Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1951. [Ritdómur.] Halldór Halldórsson: Íslenzk málfræði handa æðri skólum. Útgefandi Ísafoldarprentsmiðja h.f. Reykjavík 1950. *Skírnir* 125:225–233.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1959. Um framburðinn rd, gd, fd. *Íslenzk tunga – Lingua Islandica* 1:9–25.

- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1981a. Nokkrar minjar um kringdan framburð y, ý og ey í íslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 3:7–24.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1981b. Um sérhljóðabreytingar á undan samhljóðaklösum með l-i. Í: *Afmæliskveðja til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981*, bls. 24–38. Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Ásta Svavarsdóttir. 1981. Lokaskýrsla um Ferðasögu Árna Magnússonar frá Geitastekk 1757–1797. Ópr. námsritg. í eigu Málvísindastofnunar HÍ, Reykjavík.
- Baldur Jónsson. 1976. *Mályrkja Guðmundar Finnbogasonar*. Reykjavík: Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Baldur Jónsson. 1982. Um tvenns konar lt-framburð. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 4:87–115.
- Baldur Jónsson. 1985. Isländska språkets ställning inom 1800-talets förvaltning. *De nordiske skriftspråkernes utvikling på 1800-tallets forvaltning, næringsliv og privatkommunikasjon*. Nordisk språksekretariats rapporter 6, bls. 51–61. Oslo: Nordisk språksekretariat.
- Bandle, Oskar. 1956. *Die Sprache der Guðbrandsbiblía. Orthographie und Laute. Formen*. Bibliotheca Arnarnagæana 17. Hafnia: Ejnar Munksgaard.
- [Benedikt Gröndal.] 1885. *Ritgjörð „Álptnesingsins“*. Nokkrar athugasemdir um Forníslenska málmyndalýsing eptir Dr. Ludv. F.A. Wimmer. Þýtt hefir Valtýr Guðmundsson. Reykjavík, á forlag Kristjáns Ó. Þorgrímssonar. 1885. Í einfeldni uppteiknaðar af Álptnesingi nokkrum frá Eyvindarstöðum. Reykjavík [: s.n.].
- Biblían. Heilög ritning. Gamla testamentið ásamt apókrýfu bókunum. Nýja testamentið*. 2007. Reykjavík: Hið íslenska Biblíufélag / JPV forlag.
- Birna Arnbjörnsdóttir. 1987. Flámæli í vesturíslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 9:23–40.
- Bjarni Þór Bjarnason. 1987. „Eldpresturinn“: líf og störf síra Jóns Steingrímssonar (1728–1791). Námsritgerð í guðfræði við Háskóla Íslands.
- Bjarni Einarsson. 1979. Látalæti. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 1:16–24.
- Bjarni Guðmarsson. 1991. Eldklerkurinn og brúarsmiðirnir. *Leiklistarblaðið* 18 (3):15.
- Bjarni Vilhjálmsson. 1944. Nýyrði í Stjörnufræði Ursins. *Skírnir* 118:99–130.
- Bjorvand, Harald. 1972. Zu den altwestnordischen Pluralendungen -ar, -ir und -rbei femininen Substantiva. *Norsk tidsskrift for sprogvidenskap* 26 (2):195–215.

- Björn Guðfinnsson. 1946a. *Mállýzkur I*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Björn Guðfinnsson. 1946b. *Íslensk málfræði handa skólum og útvarpi* (4. útg.). Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Björn Guðfinnsson. 1947. *Breytingar á framburði og stafsetningu*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Björn Guðfinnsson. 1950. Þáttur úr íslenskum mállýzkurannsóknum: *Hv-framburður – kv-framburður*. *Menntamál* 23:170–180.
- Björn Guðfinnsson. 1964. *Um íslenzkan framburð*. *Mállýzkur II*. Ólafur M. Ólafsson og Óskar Ó. Halldórsson unnu úr gögnum höfundar og bjuggu til prentunar. *Studia Islandica* 23. Reykjavík: Heimspekideild Háskóla Íslands / Menningarsjóður.
- Björn Guðfinnsson. 1981. *Breytingar á framburði og stafsetningu*. Smárit Kennaraháskóla Íslands og Iðunnar 7. Reykjavík: Iðunn.
- Björn Halldórsson. 1992. *Orðabók. Íslensk - latnesk - dönsk*. Eftir handriti í Stofnun Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn. Fyrst gefin út árið 1814 af Rasmusi Kristjáni Rask. Jón Aðalsteinn Jónsson sá um útgáfuna. Orðfræðirit fyrri alda II. [Reykjavík:] Orðabók Háskólans.
- Björn Jónsson. 1959. Nýyrði í náttúrufræði. Ópr. cand. mag.-ritgerð á Lbs.-Hsk.
- Björn Magnússon Ólsen. 1882. Zur neuisländischen Grammatik. *Germania* 27:257–288.
- Björn Magnússon Ólsen. 1886. Om overgangen *é - je* i islandsk. *Arkiv för nordisk filologi* 3:189–192.
- Björn K. Þórólfsson. 1925. *Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr forn málinu*. Með viðauka um nýjungar í orðmyndum á 16. öld og síðar. Reykjavík: Fjelagsprentsmiðjan.
- Björn K. Þórólfsson. 1926. Anmälan: Jóhannes L.L. Jóhannsson. Nokkrar sögulegar athuganir um helztu hljóðbreytingar o.fl. í íslenzku, einkum í miðaldarmálinu (1300–1600). Reykjavík 1924. *Arkiv för nordisk filologi* 42:77–81.
- Björn K. Þórólfsson. 1929. Nokkur orð um hinar íslensku hljóðbreytingar *é > je* og *y, ý, ey > i, í, ei*. *Studier tillägnade Axel Kock*, bls. 232–243. Lund [: s.n.].
- Böðvar Kvaran. 1995. *Auðlegð Íslendinga*. Brot úr sögu íslenzkrar bókaútgáfu og prentunar frá öndverðu fram á þessa öld. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Cederschiöld, Gustav. 1913. *Studier över genusväxlingen i fornvästnordiska och fornsvenska*. Göteborg: W. Zachrisson.

- Celander, Hilding. 1906. *Om övergangen av ð > d i fornisländskan och forn norska*. Lund: Berlingska boktryckeriet.
- Cleasby, Richard, og Gudbrand Vigfusson. 1874. *An Icelandic-English Dictionary*. Oxford: Clarendon Press.
- Diplomatarium Islandicum – Íslenzkt fornbréfasafn* 4. 1895. Jón Þorkelsson (ritstj.). Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.
- Diplomatarium Islandicum – Íslenzkt fornbréfasafn* 6. 1900. Jón Þorkelsson (ritstj.). Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag.
- Diplomatarium Islandicum – Íslenzkt fornbréfasafn* 8. 1906–1913. Jón Þorkelsson (ritstj.). Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag.
- Diplomatarium Islandicum – Íslenzkt fornbréfasafn* 10. 1911–1921. Jón Þorkelsson (ritstj.). Reykjavík: Hið íslenska bókmentafélag.
- Eggert Ólafsson. 1772. *Vice-Lavmand Eggert Olafsens og Land-Physici Biarne Povelsens Reise igiennem Island, foranstaltet af Videnskabernes Selskab i Kiøbenhavn / og beskreven af forbemeldte Eggert Olafsen*. 2 bindi. Sorøe: Jonas Lindgrens Enke.
- Einar Laxness. 1985. Á 200 ára afmæli Skaftárelda. *Dynskógar* 3:95–118.
- Einar Sigurbjörnsson. 2005. Eldklerkurinn síra Jón Steingrímsson. *Ritröð Guðfræðistofnunar. Studia theologica Islandica* 20:26–36.
- Erna G. Árnadóttir. 1971. Idiotismi Vestfiördensium. Athuganir á vestfirsku orðasafni í Lbs. 95, 8vo. Óútg. BA-ritgerð við Háskóla Íslands maí 1971.
- Fell, Michael (útg.). 2002. *A Very Present Help in Trouble. The Autobiography of the Fire-priest*. American University Studies. Theology and Religion, vol. 215. New York: Peter Lang.
- Finnbogi Guðmundsson. 1970. Frá Hallgrími Scheving. *Landsbókasafn Íslands. Árbók 1969*, bls. 156–209. Reykjavík [: Landsbókasafn Íslands].
- Finnur Jónsson. 1893. Anmälan. Adolf Noreen: Altisländische und altnorwegische grammatik unter berücksichtigung des urnordischen. Zweite vollständig umgearbeitete auflage. Halle. Max Niemeyer. 1892. *Arkiv för nordisk filologi* 9:370–378.
- Finnur Jónsson. 1901. *Det norsk-islandske skjaldesprog omtr. 800–1300*. STUAGNL 28. København: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur.
- Finnur Jónsson. 1908. *Málfræði íslenzkrar túngu og helstu atriði sögu hennar í ágrip*. Kaupmannahöfn: Sigurður Kristjánsson.
- Finnur Jónsson (útg.). 1924. *Passíusálmar Hallgríms Pjeturssonar*. Gefnir út eftir eiginhandriti höfundarins, tvö hundruð og fimtíu árum eftir lát hans. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.

- Finnur Jónsson (útg.). 1932. *Morkinskinna*. København: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur.
- Finnur Jónsson. 1933. *Den islandske grammatiks historie til o. 1800*. Det Kgl. Danske Videnskabernes Selskab. Historisk-filologiske Meddelelser 19,4. København: Levin & Munksgaard.
- Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason og Páll Pálsson (útg.). 2000. *Múlasýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1874*. Reykjavík: Sögufélag / Örnefnastofnun Íslands.
- Friðrik Magnússon. 1983. Þágufall eintölu sterkra karlkynsorða í íslensku. Óprentuð lokaritgerð við Háskóla Íslands.
- Friðrik Magnússon. 1992. Athugun á orðaforða orðabókar Björns Halldórssonar. Í: Björn Halldórsson. *Orðabók íslensk - latnesk - dönsk*, bls. xxxi–xl. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Gering, Hugo (útg.). 1882. *Islendzk æventyri*. I. Halle: Verlag der Buchhandlung des Waisenhauses.
- Gottskálf Þ. Jenson. 2003. Puritas nostræ lingvæ. Upphaf íslenskrar málhreinsunar í latneskum húmanisma. *Skírnir* 177 (1):37–63.
- Grímur Helgason og Lárus H. Blöndal. 1965. Skrá um aldur handrita í Landsbókasafni Íslands. [Fjölrit á handritadeild Lbs.-Hsk.]
- Grímur Thomsen (útg.). 1887–1890. *Sálmar og kvæði eftir Hallgrím Pjetursson I–II*. Reykjavík: Sigurður Kristjánsson.
- Guðbrandr Vigfússon. 1864. *Eyrbyggja saga*. Leipzig: Vogel.
- [Guðbrandr Vigfusson og C.R. Unger. (útg.)] 1860. *Flateyjarbok I*. En samling af norske konge-sagaer med inskudte mindre fortællinger om begivenheder i og udenfor Norge samt annaler. Udgiven efter offentlig foranstaltning. Christiania: Malling.
- Guðbrandur Jónsson (útg.). 1945. *Ævisaga síra Jóns Steingrímssonar*. Skaftfellingarit 1. Reykjavík: Skaftfellingafélagið.
- Guðmundur Andrússon. 1999. *Lexicon Islandicum*. Orðabók Guðmundar Andrússonar. Ný útgáfa. Gunnlaugur Ingólfsson og Jakob Benediktsson önnuðust útgáfuna. Orðfræðirit fyrri alda IV. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Guðrún Kvaran. 1988. Séröfn Orðabókar Háskólans. *Orð og tunga* 1:51–64.
- Guðrún Kvaran. 1993. Grammaticæ islandicæ rudimenta. Íslensk málfræðibók frá 17. öld. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 15:123–140.
- Guðrún Kvaran. 1994. Nokkur orð um málið á Steinsbiblíu. *Studia theologica islandica. Ritröð Guðfræðistofnunar* 9:129–153. Reykjavík.
- Guðrún Kvaran. 1996. Úr sögu íslenskrar málfræðiiðkunar. *Beygingarfræði. Íslenskt mál og almenn málfræði* 18:119–163.

- Guðrún Kvaran. 1997. Um kóngulær. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 18:193–209.
- Guðrún Kvaran. 2000a. Det attende århundredes islandske leksikografi. *LexicoNordica* 7:75–90.
- Guðrún Kvaran. 2000b. Nokkrar athuganir á orðum á suðaustanverðu landinu. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 22:205–220.
- Guðrún Kvaran. 2001. Nýjatestamentispýðing Jóns Vídalíns. *Vefrit Hugvísindastofnunar* (www.hugvis.hi.is/hugvis.stml?utgaf).
- Guðrún Kvaran. 2005a. Úr orðabókarhandriti Jóns Ólafssonar úr Grunnavík. *Íslensk mál og almenn málfræði* 27:201–216.
- Guðrún Kvaran. 2005b. Orð. *Handbók um beygingar- og orðmyndunarfræði*. Íslensk tunga II. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Guðrún Kvaran. 2008. Nýrri bibliúpýðingu lokið. Verklag og viðbrögð. *Glíman. Óháð tímarit um guðfræði og samfélag* 5:9–59.
- Guðrún Kvaran. 2010. En äldre ordsamling og sproghistorien. *Bo65. Festskrift till Bo Ralph. Meijerbergs arkiv för svensk ordforskning*. Utgivet av styrelsen för Meijerbergs institut vid Göteborgs universitet genom Lars-Gunnar Andersson. 39:331–342. Göteborg.
- Guðrún Kvaran og Friðrik Magnússon. 1994. Inngangur. Í: Jón Árnason. *Nucleus latinitatis*. Orðfræðirit fyrri alda III, bls. ix–xxix. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Guðrún Kvaran og Þóra Björk Hjartardóttir (útg.). 2007. *Náttúrufræði: fiskafræði, steinafræði*. Reykjavík: Góðvinir Grunnavíkur-Jóns.
- Guðrún Theodórsdóttir. 1996. Hosnasterta. Um *-a* og *-na* endingar eignarfalls fleirtölu veikra kvenkynsorða. Lokaritgerð (meistarapróf) við Háskóla Íslands.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 1997. *Ylgr, heiðr, brúðr*. Saga *r*-endingar nefnifalls eintölu kvenkynsorða. Í: Úlfar Bragason (ritstj.). *Íslensk málsaga og textafræði*, bls. 41–56. Rit Stofnunar Sigurðar Nordals 3. Reykjavík: Stofnun Sigurðar Nordals.
- Guðrún Þórhallsdóttir. 2007. The dative singular of *ō*-stems in Old Norse. Í: Nussbaum, Alan J. (ritstj.). *Verba Docenti*. Studies in Historical and Indo-European Linguistics Presented to Jay H. Jasanoff by Students, Colleagues and Friends. Ann Arbor: Beech Stave Press.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. 1983. Skaftfellskur einhljóðaframburður. Aldur og uppruni. *Mímir* 31:67–70.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. 1987. Íslenskar mállýskurannsóknir. Yfirlit. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 9:163–174.

- Guðvarður Már Gunnlaugsson. 1993. Björn Halldórsson. Orðabók. Íslensk - latnesk - dönsk. Orðabók Háskólans 1992, Reykjavík. [Ritdómur.] *Íslenskt mál og almenn málfræði* 15:241–252.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. 1994. *Um afkringingu á /y, ý, ey/ í íslensku*. Málfræðirannsóknir 8. Reykjavík: Málvísindastofnun Íslands.
- Guðvarður Már Gunnlaugsson. 2007. *Sýnisbók íslenskrar skriftar*. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Gunnar Benediktsson. 1977. *Í flaumi lífsins fljóta. Bernsku- og æskuminningar*. [Reykjavík:] Örn og Örlygur.
- Gunnar Ólafur Hansson. 1997. Aldur og útbreiðsla aðblásturs í tungumálum Norðvestur-Evrópu. MA-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Gunnar Karlsson. 1965. Um aldur og uppruna kv-framburðar. *Lingua Islandica – Íslensk tunga* 6:20–37.
- Gunnar Kristjánsson. 1999. Eldklerkurinn: um séra Jón Steingrímsson. *Dynskógar* 7:176–186.
- Gunnar Sveinsson (útg.). 1967. *Alþingisbækur Íslands* 10. 1711–1720. Reykjavík: Sögufélagið.
- Halldór Halldórsson. 1963. Sitthvað um orðið kvistur. *Lingua Islandica – Íslensk tunga* 4:57–81.
- Halldór Halldórsson. 1971. Nýyrði frá síðari öldum. Í: Baldur Jónsson (ritstj.). *Íslensk málrækt. Erindi og ritgerðir*, bls. 212–244. Reykjavík: Hlaðbúð.
- Halldór Halldórsson. 1979. Icelandic Purism and Its History. *Word* 30:76–86.
- Halldór Halldórsson. 1981. Um málvöndun. Í: Páll Skúlason (ritstj.). *Mál og túlkun*, bls. 201–222. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Halldór Hermannsson. 1919. *Modern Icelandic. An essay*. *Islandica* 12. Ithaca: Cornell University Library.
- Halldór Hermannsson. 1960. *Catalogue of the Icelandic Collection Bequeathed by Willard Fiske*. Ithaca, NY: Cornell University Press.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1980. Endingar viðtengingarháttar og fram-söguháttar í þrem ritum frá 16., 17. og 18. öld. Ópr. BA-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Hammershaimb, V.U. 1891. *Færøsk anthologi* 1–2. Samfund til Udgivelse af gammel nordisk Litteratur 15. København: S.L. Mølleres Bogtrykkeri.
- Haraldur Bernharðsson. 1999. *Málblöndun í sautjándu aldar uppskriftum íslenskra miðaldahandrita*. Málfræðirannsóknir 11. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.

- Haraldur Bernharðsson. 2004. *Þykkja og þykja*. Hljóðbeygingarvixl einfölduð. *Gripla* 15:121–151.
- Haugen, Einar. 1974. *A Bibliography of Scandinavian Languages and Linguistics 1900–1970*. Oslo: Universitetsforlaget.
- Haugen, Einar og Thomas L. Markey. 1972. *The Scandinavian Languages. Fifty Years of Linguistic Research (1918–1968)*. Janua Linguarum, Series Practica 154. The Hague: Mouton.
- Helgi Guðmundsson. 1972. *The Pronominal Dual in Icelandic*. The University of Iceland publications in linguistics 2. Reykjavík: Institute of Nordic Linguistics.
- Hesselman, Bengt. 1948–1953. *Huvudlinjer i nordisk språkhistoria*. Nordisk kultur III–IV. Stockholm/Uppsala: Almqvist & Wiksell.
- Heusler, Andreas. 1932. *Altisländisches Elementarbuch* (3. útg.). Heidelberg: Winter.
- Heusler, Andreas. 1977. *Altisländisches Elementarbuch* (7. útg.). Heidelberg: Winter.
- Hoffory, Julius. 1887. Oldnordiske Consonantstudier. *Arkiv för nordisk filologi* 2:1–96.
- Hovdhaugen, Even, Fred Karlsson, Carol Henriksen, Bengt Sigurd. 2000. *The History of Linguistics in the Nordic Countries*. Helsinki: Societas scientiarum Fennica.
- Hreinn Benediktsson. 1959. Nokkur dæmi um áhrifsbreytingar í íslenzku. *Lingua Islandica – Íslenzk tunga* 1:55–70.
- Hreinn Benediktsson. 1961–1962. Icelandic Dialectology: Methods and Results. *Lingua Islandica – Íslenzk tunga* 3:72–113.
- Hreinn Benediktsson. 1962a. Íslensk språk. *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder* 7:486–493. København: Rosenkilde og Bagger.
- Hreinn Benediktsson. 1962b. The Unstressed and the Non-Syllabic Vowels of Old Icelandic. *Arkiv för nordisk filologi* 77:7–31.
- Hreinn Benediktsson. 1965. *Early Icelandic Script as Illustrated in Vernacular Texts from the Twelfth and Thirteenth Centuries*. Íslenzk handrit. Icelandic Manuscripts. Series in Folio 2. Reykjavík: Manuscript Institute of Iceland.
- Hreinn Benediktsson. 1969. On the Inflection of the Masculine ia-Stems in Icelandic. Í: *Afmælisrit Jóns Helgasonar 30. júní 1969*, bls. 391–402. Reykjavík: Heimskringla.

- Hreinn Benediktsson. 1977. An Extinct Icelandic Dialect Feature: *y* vs *i*. Í: Elert, C.-C. o.fl. (ritstj.). *Dialectology and Sociolinguistics. Essays in Honor of Karl-Hampus Dahlstedt*, 19. April, 1977, bls. 28–46. Acta Universitatis Umensis. Umeå Studies in the Humanities 12. Umeå [: s.n.].
- Hreinn Benediktsson. 1979. Relational Sound Change: ‘*vá*’ > ‘*vo*’ in Icelandic. Í: Rauch, Irmengard og Gerald F. Carr (ritstj.). *Linguistic Method. Essay in Honor of Herbert Penzl*, bls. 307–326. The Hague / Paris / New York: Mouton Publishers.
- Hreinn Benediktsson. 1987. OIcel. *y*miss. *NOWELE* 9:47–88; 10:3–40.
- Hreinn Benediktsson. 2002a. The Old Icelandic Verbs *kjósa* and *frjósa*. Í: Guðrún Þórhallsdóttir o.fl. (ritstj.). *Linguistic Studies, Historical and Comparative*, bls. 413–448. Reykjavík: Institute of Linguistics.
- Hreinn Benediktsson. 2002b. The Modern Icelandic Indefinite Pronouns *nokkur* and *nokkuð*. Í: Guðrún Þórhallsdóttir o.fl. (ritstj.). *Linguistic Studies, Historical and Comparative*, bls. 470–519. Reykjavík: Institute of Linguistics.
- Hugrún Ragnheiður Hólmgeirsdóttir. 1995. En sú unan! Saga viðskeytisins *-un/-an* í íslensku að fornu og nýju. Ópr. BA-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Hægstad, Marius. 1910. Er der bygdemaal paa Island? *Kringsjaa* 35 (1):41–43.
- Hægstad, M. 1942. *Vestnorske maalføre fyre 1350. II. Sudvestlandsk. 2. Indre sudvestlandsk. Færøymaal. Islandsk*. Tridje bolken. Skrifter utgitt av Det Norske Videnskaps-Akademi i Oslo. II. Hist.-Filos. Klasse 1941. No. I. Kristiania: Jacob Dybwad.
- Höskuldur Þráinsson [Þráinsson]. 1996. Linguistics in Iceland in the 20th Century. Í: Henriksen, Carol o.fl. (ritstj.). *Studies in the Development of Linguistics in Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden*, bls. 324–364. Oslo: Novus.
- Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. 1984. Um reykvísku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 6:113–134.
- Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason. 1986. Um skagfirsku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 8:31–62.
- Indriði Gíslason og Höskuldur Þráinsson. 1993. *Handbók um íslenskan framburð*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.
- Iversen, Ragnvald. 1990. *Norrøn grammatikk* (7. útg.). Oslo: Tano.
- Jakob Benediktsson. 1953. Arngrímur lærði og íslenszk málhreinsun. Í: *Afmælikveðja til próf. dr. phil. Alexanders Jóhannessonar háskólarektors 15. júlí 1953 frá samstarfsmönnum og nemendum*, bls. 117–138. Reykjavík: Helgafell.

- Jakob Benediktsson. 1960a. Um tvenns konar framburð á ld í íslenzku. *Lingua Islandica – Íslenzk tunga* 2:32–50.
- Jakob Benediktsson. 1960b. [Ritdómur.] Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar, AM 147, 8vo. A. Ljósprentaður texti. B. Inngangur eftir Jón Helgason. Íslenzk rit síðari alda, 2. flokkur, 2. bindi. Hið íslenska fræðafélag. Kaupmannahöfn 1960. *Lingua Islandica – Íslenzk tunga* 2:159–161.
- Jakob Benediktsson. 1971. Hugleiðingar um íslenska tungu. *Samvinnan* 65 (4):12–16.
- Jakob Benediktsson (útg.). 1985. *Crymogaea sive rerum Islandicarvm libri III. Crymogæa. Þettir úr sögu Íslands. Arngrímur Jónsson*. Reykjavík: Sögufélag.
- Jakob Benediktsson. 1994. Glíman við orðabók Jóns Ólafssonar. *Hræringur úr ritum Grunnavíkur-Jóns*. Erindi flutt á málþingi um Jón Ólafsson úr Grunnavík laugardaginn 16. apríl 1994, bls. 19–22. Reykjavík: Orðmennt og Góðvinir Grunnavíkur-Jóns.
- Jóhannes L.L. Jóhannsson. 1923. Ritfregn um *Islandsk Grammatik*. *Islandsk Nutidssprog* eftir Valtý Guðmundsson. *Skírnir* 97:205–213.
- Jóhannes L.L. Jóhannsson. 1924. *Nokkrar sögulegar athuganir um helztu hljóðbreytingar o.fl. í íslenzku, einkum í miðaldarmálinu (1300–1600)*. Reykjavík: Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar.
- Jóhannes B. Sigtryggsson. 2003. Hrein tunga. *Þjóðerni í þúsund ár?* Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson (ritstj.), bls. 91–103. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Jóhannes B. Sigtryggsson og Haraldur Bernharðsson. 2004. *Samræmingarkver. Mál og stafsetning á heimildaútgáfum*. [Fjölrit.] Reykjavík.
- Jón Árnason. 1994. *Nucleus Latinitatis* [...]. Ný útgáfa. Orðfræðirit fyrri alda III. Guðrún Kvaran og Friðrik Magnússon sáu um útgáfuna. Reykjavík.
- Jón G. Friðjónsson. 2006. *Mergur málsins*. Íslensk orðatiltæki. Uppruni, saga og notkun. 2. útg. Reykjavík: Mál og menning.
- Jón Axel Harðarson. 2004. [Ritdómur.] Andrea de Leeuw van Weenen. A Grammar of Möðruvallabók. Research School CNWS, Universteit Leiden. 2000. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 26:203–207.
- Jón Axel Harðarson. 2007. Forsaga og þróun orðmynda eins og *hagi*, *segja* og *lægja* í íslenzku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 29:67–98.
- Jón Helgason. 1926a. *Jón Ólafsson frá Grunnavík*. Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga 5. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafjelag.
- Jón Helgason. 1926b. Ortografien i AM 350 fol. *Meddelelser fra Norsk forening for sprogvidenskap* 1:45–75.

- Jón Helgason. 1927. Anmälan: Björn K. Þórólfsson: Um íslenskar orðmyndir á 14. og 15. öld og breytingar þeirra úr fornmálinu. Með viðauka um nýjungar í orðmyndum á 16. öld og síðar. Reykjavík 1925. *Arkiv för nordisk filologi* 43:88–95.
- Jón Helgason. 1928. *Hrappseyjarprentsmiðja*. Safn fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga VI. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Jón Helgason. 1929a. *Málið á Nýja testamenti Odds Gottskálkssonar*. Safn Fræðafjelagsins um Ísland og Íslendinga 7. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.
- Jón Helgason. 1929b. Om ordet 'gud' i isländskan. Í: *Studier tillägnade Axel Kock*, bls. 441–451. Lund: Gleerup.
- Jón Helgason. 1931. Från Oddur Gottskálksson till Fjölnir. Tre hundra års isländsk språkutveckling. *Island. Bilder från gammal och ny tid*, bls. 36–50. Skrifter utgivna av Samfundet Sverige-Island 1. Lund [: s.n.].
- Jón Helgason (útg.). 1942. *Úr bréfabókum Brynjólfs biskups Sveinssonar*. Safn Fræðafélagsins um Ísland og Íslendinga 12. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Jón Helgason (útg.). 1948. Ludvig Holberg: *Nikulás Klím*. Íslenzk þýðing eftir Jón Ólafsson úr Grunnavík (1745). Íslenzk rit síðari alda 3. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Jón Helgason. 1955a. *Kvæðabók úr Vigur, AM 148, 8^{vo}. Inngangur*. Íslenzk rit síðari alda. 2. flokkur. 1. B. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Jón Helgason. 1955b. *The Saga Manuscript 2845, 4to in the Old Royal Collection in the Royal Library of Copenhagen*. Manuscripta Islandica 2. Copenhagen: Munksgaard.
- Jón Helgason. 1959. Hrein íslenzka og miður hrein. Í: *Ritgerðarkorn og ræðustúfar*, bls. 216–230. Reykjavík: Félag íslenzkra stúdenta í Kaupmannahöfn.
- Jón Helgason. 1960a. Fem islandske ordsamlinger fra 18. og 19. århundrede. *Opuscula* 1. Bibliotheca Arnamagnæana 20, bls. 271–299. Hafniæ: Munksgaard.
- Jón Helgason. 1960b. *Kvæðabók séra Gissurar Sveinssonar. AM 147, 8vo*. Íslenzk rit síðari alda. 2. flokkur. Ljósprentanir. 2. bindi B. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag.
- Jón Helgason. 1965. *Íslenzk fornkvæði. Islandske Folkeviser* 5. Editiones Arnamagnæanæ B 14. København: Munksgaard.
- Jón Helgason. 1967. Björn Halldórssons supplerende oplysninger til Lexicon Islandico-Latinum. *Opuscula* 3. Bibliotheca Arnamagnæana 29, bls. 101–160. Hafniæ: Munksgaard.

- Jón Helgason. 1985. Bækur og handrit á tveimur húnvetnskum höfuðbólum á 18du öld. *Landsbókasafn Íslands. Árbók 1983*, 9 (nýr flokkur), bls. 5–46. Reykjavík [: s.n.].
- Jón R. Hjálmarsson. 1973. Jón Steingrímsson eldpresturinn. *Brautryðjendur*, bls. 61–64. Skógar: Suðurlandsútgáfan.
- Jón Aðalsteinn Jónsson. 1959. Ágrip af sögu íslenzkrar stafsetningar. *Lingua Islandica – Íslenzk tunga* 1:71–119.
- Jón Aðalsteinn Jónsson og Svavar Sigmundsson (útg.). 1997. *Skaftafellssýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1873*. Reykjavík: Sögufélag.
- Jón Hilmar Jónsson. 1979. *Das Partizip Perfekt der schwachen ja-Verben. Die Flexionsentwicklung in Isländischen*. Monographien zur Sprachwissenschaft 6. Heidelberg: Winter.
- Jón Magnússon. 1997. *Grammatica Islandica. Íslenzk málfræði*. Jón Axel Harðarson gaf út með inngangi, þýðingu og athugasemdum. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands / Háskólaútgáfan.
- Jón Ófeigsson. 1920–1924. Træk af moderne islandsk Lydlære. Í: Sigfús Blöndal (ritstj.). *Íslensk-dönsk orðabók*, bls. xiv–xxvii. Reykjavík.
- Jón Steingrímsson. 1907–1915. Skýrslur um Skaptárgosin. 1. Fullkomið skrif um Síðveld eptir Jón Steingrímsson prófast. 2. Einföld og sönn frásaga um jarðeldshlaupið í Skaptafellsýslu árið 1783 eptir Jón prófast Steingrímsson og Sigurð Ólafsson klaustrhaldara. 3. Póstr úr bréfi prófasts síra Jóns Steingrímssonar. *Safn til sögu Íslands og íslenzkra bókmenta að fornu og nýju* 4, bls. 1–71. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka bókmenntafjelag.
- Jón Steingrímsson. 1949. Suður Kjöl 1755. Í: Pálmi Hannesson og Jón Eyþórsson (ritstj.). *Hrakningar og heiðarvegir* 1, bls. 128–134. [Akureyri:] Norðri.
- Jón Steingrímsson. 1979. Úr ævisögu. Í: Gils Guðmundsson (ritstj.). *Mánasilfur. Safn endurminninga* 1, bls. 162–170. Reykjavík: Iðunn.
- Jón Steingrímsson. 1981. Svona eru Norðlingarnir. Í: Finnbogi Guðmundsson og Jóhannes Halldórsson (ritstj.). *Ferðir um Ísland á fyrri tíð. Nokkrir snjallir íslenskir ferðapættir*, bls. 11–22. Reykjavík: Menningarsjóður.
- Jón Steingrímsson. 1998. *Fires of the Earth: the Laki Eruption 1783–1784 by Jón Steingrímsson*. Reykjavík: Nordic Volcanological Institute, University of Iceland Press.
- Jón Þorkelsson. 1874. *Athugasemdir um íslenzkar málmyndir*. Skýrsla Hins lærða skóla í Reykjavík. Reykjavík [: s.n.].

- Jón Þorkelsson. 1887. *Breytingar á myndum viðtengingarháttar í fornnorsku og forníslensku*. Reykjavík [: s.n.].
- Jón Þorkelsson. 1888–1894. *Beyging sterkra sagnorða í íslensku*. Reykjavík.
- Jón Þorkelsson. 1895. *Íslensk sagnorð með þálegri mynd í nútíð (verba præteritopræséntia)*. Reykjavík [: s.n.].
- Jón Þorkelsson (útg.) (forni). 1885–1886. *Kvæði eptir Stefán Ólafsson*. I–II. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmentafélag.
- Jón Þorkelsson (útg.) (forni). 1897. *Vísnaðver Páls lögmanns Vídalíns (1667–1727)*. Kaupmannahöfn: Sigurður Kristjánsson.
- Jón Þorkelsson (útg.) (forni). 1913–1916. *Æfisaga Jóns prófasts Steingrímssonar*. Sögurit 10. Reykjavík: Sögufélag.
- [Kálund, Kr. (útg.)]. 1920. *Arne Magnussons Private Brevveksling*. 1920. København: Gyldendal.
- Karl Sigurbjörnsson. 2005. Inngangur. *Bibliurit*. Nýja testamentið. Ný þýðing. 10. hefti, bls. 7–9.
- Katrín Axelsdóttir. 2002. Hvarf eignarfornafnanna *okkarr*, *ykkarr* og *yð(v)arr*. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 24:107–156.
- Katrín Axelsdóttir. 2003. Saga ábendingarfornafnsins *sjá*. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 25:41–77.
- Kjartan G. Ottósson. 1983. *Talva, valva* og *wōn*-stofnar. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 5:178–183.
- Kjartan G. Ottósson. 1986a. Jón Steingrímsson prófastur og íslensk málsaga. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 8:175–183.
- Kjartan G. Ottósson. 1986b. Indicier på tonaccentsdistinktion i äldre isländska. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 8:183–190.
- Kjartan G. Ottósson. 1987. An Archaising Aspect of Icelandic Purism: the Revival of Extinct Morphological Patterns. Í: Pirkko Lilius & Mirja Saari (ritstj.). *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 6. Proceedings of the Sixth International Conference of Nordic and General Linguistics in Helsinki, August 18–22, 1986, bls. 311–324. Helsinki: Helsinki University Press.
- Kjartan G. Ottósson. 1988. Den isländska språkhistoriens primärkällor och deras användning. Í: Jan Svensson (ritstj.). *Nordistiken som vetenskap*. Artiklar om ämnets historia, teorier och metoder, bls. 120–155. Lund: Studentlitteratur.
- Kjartan G. Ottósson. 1990. *Íslensk málbreinsun*. Sögulegt yfirlit. Rit Íslenskrar málnefndar 6. Reykjavík: Íslensk málnefnd.

- Kjartan G. Ottósson. 1990–1991. Breytingar á persónubeygingu miðmyndar: Málkerfisbreytingar í félagslegu samhengi. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 12–13:105–125.
- Kjartan G. Ottósson. 1992. *The Icelandic Middle Voice. The Morphological and Phonological Development*. Lund: Lund University, Department of Scandinavian Languages.
- Kjartan G. Ottósson. 1996. The Study of Nordic Language History since 1969. *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 9. Proceedings of the Ninth International Conference of Nordic and General Linguistics, University of Oslo, January 11–12, 1995, bls. 117–134. Oslo: Novus.
- Kjartan G. Ottósson. 2002. Research in Icelandic language history 1850–1950. An overview. Í: Bandle, Oskar (ritstj.). *The Nordic Languages I*, bls. 95–101. Handbücher zur Sprach- und Kommunikationswissenschaft = Handbooks of Linguistics and communication science = Manuels de linguistique et des sciences de communication 22,1. Berlin / New York: W. de Gruyter.
- Kjartan G. Ottósson. 2005. Language cultivation and language planning IV: Iceland. Í: Bandle, Oskar (ritstj.). *The Nordic Languages II*, bls. 1997–2007. Handbücher zur Sprach- und Kommunikationswissenschaft = Handbooks of Linguistics and communication science = Manuels de linguistique et des sciences de communication 22,1. Berlin / New York: W. de Gruyter.
- Klemens Jónsson. 1930. *Fjögur hundruð ára saga prentlistarinnar á Íslandi*. Reykjavík: Félagsprentsmiðjan.
- Kock, Axel. 1895. Studier i fornordisk grammatik. *Arkiv för nordisk filologi* 11:117–153.
- Kolbrún Haraldsdóttir. 2004. *Die Flateyjarbók als Quelle zur Geschichte des Isländischen – annähernd auf halbem Wege zwischen erster Besiedlung und Gegenwart*. Bruno-Kress-Vorlesung 2003. Greifswald: Ernst Moritz Arndt, Universität Greifswald.
- Konráð Gíslason. 1845. Ritdómur um Ágrip af merkis atburðum Mannkyns Sögunnar, í þýðingu Páls Melsteðs. *Fjölur* 8:59–71.
- Konráð Gíslason. 1846. *Um frum-parta íslenzkrar túngu í fornöld*. Kaupmannahöfn: Hið íslenska bókmenntafjelag.
- Konráð Gíslason. 1858. *Oldnordisk Formlære*. Kjöbenhavn: Nordiske Literatur-Samfund.
- Konráð Gíslason. 1866. Strøbemærkninger til oldnordiske digte. Forandringer af „quantitet“ i oldnordisk – islandsk – kuett – grenaz. *Aarbøger for nordisk oldkyndighed og historie* 3:188–197.

- Konráð Gíslason. 1897. *Efterladte skrifter* 2. Udgivet af Kommissionen for det Arnamagnæanske legat. København: Gyldendal.
- Kress, Bruno. 1937. *Die Laute des modernen Isländischen*. Berlin: Universität Berlin.
- Kristinn E. Andrésson. 1968. Hetjusaga frá átjándu öld. *Tímarit Máls og menningar* 29 (3–4):234–253.
- Kristín Bjarnadóttir. 1994. Um orðaforðann í þýðingu Jóns Ólafssonar úr Grunnavík á Nikulási Klím. *Hræringur úr ritum Grunnavíkur-Jóns*, bls. 23–31. Reykjavík: Orðmennt og Góðvinir Grunnavíkur-Jóns.
- Kristín Bjarnadóttir, Aðalsteinn Eyþórsson og Þorsteinn G. Indriðason. 1988–1989. Skrá um íslensk málfræðirit til 1925: Mart finna hundar sjer í holum. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 10–11:177–257.
- Kristín Eik Gústafsdóttir. 2006. *Hálb er öld hvar. Um lokhljóðun [v] á eftir l og r*. BA-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Kristján Albertsson (útg.). 1973. *Jón Steingrímsson. Æfisagan og önnur rit*. Reykjavík: Helgafell.
- Kristján Árnason. 1974. Samtíningur um örlög fornra u-stofna í íslenzku. *Mímir* 21:15–26.
- Kristján Árnason. 1992. Um örlög ø í íslensku. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 14:147–171.
- Kuryłowicz, Jerzy. 1947. La nature des procès dits analogiques. *Acta linguistica* 5:17–34.
- Lane, George S. 1968. The Lexical and Grammatical Materials in the Landsbókasafn. *Scandinavian Studies* 40:111–131.
- Larsson, Ludvig. 1891. *Ordfoerradet i de älsta isländska handskrifterna. Leksikaliskt ock gramatiskt ordnat*. Lund: Lindstedt.
- Leijström, Gunnar. 1934. Delabialisation i isländska. *Arkiv för nordisk filologi* 50:307–334.
- Linda Ösp Heimisdóttir. 2008. *Yfirlit yfir beygingu karlkyns ija-stofna frá níttjándu öld til nútímamáls*. BA-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Lindblad, Gustaf. 1952. *Det isländska accenttecknet. En historisk-ortografisk studie*. Lundastudier i nordisk språkvetenskap 8. Lund: C.W.K. Gleerup.
- Louis-Jensen, Jonna. 1963. *Trójumanna saga*. Editiones Arnamagnæanæ A 8. Copenhagen: Munksgaard.
- Margrét Jónsdóttir. 1996. Linguistics in Iceland before 1800. An Overview. Í: Henriksen, Carol o.fl. (ritstj.). *Studies in the Development of Linguistics in Denmark, Finland, Iceland, Norway and Sweden*. Papers from the Conference on the History of Linguistics in the Nordic Countries, Oslo, November 20–22, 1994, bls. 102–122. Oslo: Novus.

- Margrét Jónsdóttir. 2006. [Ritdómur.] Stafsetningarorðabókin. Ritstjóri Dóra Hafsteinsdóttir. Rit Íslenskrar málnefndar 15. JPV útgáfa. Reykjavík 2006. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 28:185–203.
- Margrét Jónsdóttir. 2009. *Á Borgarfirði eystri – á Borgarfirði eystra*. Hvaða orðflokki tilheyrir *eystra*? *Orð og tunga* 11:143–158.
- Maurer, K. 1888. Vopn und Vokn. *Arkiv för nordisk filologi* 4:284–288.
- Noreen, Adolf. 1923. *Altnordische Grammatik I. Altisländische und altnorwegische Grammatik (Laut- und Flexionslehre) unter Berücksichtigung des Urnordischen*. 4. útg. Halle a.S.: Niemeyer.
- Ordbog over det norrøne prosasprog: Registre*. 1989. Udgivet af Den arnamagnæanske kommission. København: Arnamagnæanske kommission.
- Ordbog over det norrøne prosasprog 2: ban-da*. 2000. Ritstj.: James E. Knirk (aðalritstj.), Helle Degnbol, Bent Chr. Jacobsen, Eva Rode, Christopher Sanders, Þorbjörg Helgadóttir. København: Arnamagnæanske kommission.
- Orešnik, Janez. 1972. On the Epenthesis Rule in Modern Icelandic. *Arkiv för nordisk filologi* 87:1–32.
- Orešnik, Janez. 1980. On the Dental Accretion in Certain 2nd p. sg. Verbal Forms of Icelandic, Faroese, and the Old West Germanic Languages. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 2:195–211.
- Orešnik, Janez. 1982. An Old Icelandic Dialect Feature: *iæ* for *æ*. *Gripla* 5:183–196.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 1968. *Kollsbók*. Codex Guelferbytanus 42. 7. Augusteus quarto. Íslenzk handrit. Series in quarto 5. Icelandic manuscripts. Reykjavík: Handritastofnun Íslands.
- Ólafur Halldórsson (útg.). 2000. *Ólafs saga Tryggvasonar en mesta*. 3. Editiones Arnamagnæanæ A 3. København: Munksgaard.
- Ólöf Margrét Snorradóttir. 1997. Myndun gerand- og verknaðarnafnorða á 18. öld. Ópr. BA-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Páll Eggert Ólason. 1918–1937. *Skrá um handritasöfn Landsbókasafns I–III*. Reykjavík: Landsbókasafn Íslands.
- Páll Eggert Ólason. 1950. *Íslenzkar æviskrár frá landnáms tímum til ársloka 1940*. III. bindi. Reykjavík: Birt á kostnað Hins íslenzka bókmenntafélags.
- Rask, Rasmus Kristian. 1818. *Anvisning till Isländskan eller Nordiska Fornspråket*. Stockholm: Wiborg.
- Runólfur Jónsson. 1651. *Recentissima Antiquissima Linguae SEPTENTRIONALIS Incunabula Id est GRAMMATICÆ ISLANDICÆ RUDIMENTA / Nunc primum adornari cæpta & edita per Runolphum Jonam Islandum*. Hafniæ [: s.n.].

- Sandøy, Helge. 1997–1998. Breyting á hljóðlengd eða hljóðgildi? Tilraun til endurskoðunar á hljóðbreytingum í vesturnorrænni málsögu. *Íslensk mál og almenn málfræði* 19–20:45–83.
- Scott, Forrest S. 2003. A Paper Manuscript of Eyrbyggja saga. ÍB 180 8vo. *Opuscula* 11. Bibliotheca Arnarnagana 42, bls. 161–183. Hafniae: Reitzel.
- Seip, D.A. 1931. *Norsk språkhistorie til omkring 1370*. Oslo: Aschehoug.
- Seip, D.A. 1945. Vokalene i endestavelser i eldste islandsk. *Maal og Minne* (1–2):1–8.
- Seip, D.A. 1954. *Nye studier i norsk språkhistorie*. Oslo: Aschehoug.
- Seip, D.A. 1955. *Norsk språkhistorie til omkring 1370*. 2. útg. Oslo: Aschehoug.
- Seip, D.A. 1956. Om personlige pronomener for 1. og 2. person dualis og pluralis norsk. *Maal og Minne* (1–4):1–44.
- Sigfús Blöndal (ritstj.). 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók. Islandsk-dansk ordbog*. Reykjavík [: s.n.].
- Sigríður Anna Þórðardóttir. 1977. Um mismunandi framburð á fð og gð í íslensku. *Mímir* 16:28–38.
- Sigrún María Ammendrup. 2007. Flámæli á 19. öld. Rannsókn á stafsetningu einkabréfa. BA-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Sigurður Jónsson. 1976. Um hárnana og þarnana í íslensku. Lokaritgerð við Háskóla Íslands.
- Sigurjón Einarsson. 1966. Séra Jón Steingrímsson: 175. ártíð. Ræða flutt í Prestsbakkakirkju 7. ágúst 1966. *Kirkjuritíð* 32 (8):337–343.
- Sigþrúður Gunnarsdóttir. 1995. Í eldhafinu: eldurinn í Ævisögu síra Jóns Steingrímssonar. *Mímir* 34:60–65.
- Skautrup, Peter. 1947. *Det danske sprogs historie*. Andet bind. Fra unionsbrevet til danske lov. København: Gyldendal.
- Smith, Sidney Rufus. 1965. An Edition of Eggert Ólafsson's 'Réttitabók' and an Interpretation of His Orthographical Rules. Ópr. doktorsritgerð við University of North Carolina at Chapel Hill.
- Smith, Sidney Rufus. 1969. Orthographical Criteria in Eggert Ólafsson's 'Réttitabók'. *Scandinavian Studies* 41:231–242.
- Spehr, Harald. 1929. *Der Ursprung der isländischen Schrift und ihre Weiterbildung bis zur Mitte des 13. Jahrhunderts*. Halle a.S.: Niemeyer.
- Stefán Einarsson. 1923. [Ritdómur.] Islandsk grammatik. Islandsk nutidssprog af Valtýr Guðmundsson. København H. Hagerups Forlag 1922. *Arkiv för nordisk filologi* 42:281–283.
- Stefán Einarsson. 1928–1929. On Some Points of Icelandic Dialectal Pronunciation. *Acta philologica Scandinavica* 3:264–279.
- Stefán Einarsson. 1934. Hljóðvillur og kennarar. *Skírnir* 108:150–157.

- Stefán Einarsson. 1945. *Icelandic. Grammar. Texts. Glossary*. Baltimore: Johns Hopkins Press.
- Stefán Karlsson (útg.). 1963. *Íslandske originaldiplomer indtil 1450*. Text. Editiones Arnamagnæanæ A 7. Hafniæ: Munksgaard.
- Stefán Karlsson. 1967. *Sagas of Icelandic Bishops*. Early Icelandic Manuscripts in Facsimile 7. Copenhagen.
- Stefán Karlsson. 1981. Stafsetning séra Odds á Reynivöllum. Í: *Afmæliskveðja til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981*, bls. 248–284. Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.
- Stefán Karlsson (útg.). 1983. *Guðmundar sögur biskups I. Ævi Guðmundar biskups. Guðmundar saga A*. Editiones Arnamagnæanæ B 6. København: C.A. Reitzels Forlag.
- Stefán Karlsson. 1989. Tungan. Í: Frosti F. Jóhannsson (ritstj.). *Íslensk þjóðmenning* 6. Munnenntir og bókmennig, bls. 1–54. Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Svavar Sigmundsson. 1966. Málið á „Stutt og Einföld Undervisun um Christenndomenn“ eftir Jón biskup Vídalín, Kaupmannahöfn 1729, með samanburði við nokkur bréf sama höfundar. Stafsetning. Hljóðfræði. Óútg. cand. mag.-ritgerð. Háskóli Íslands.
- Svavar Sigmundsson (útg.). 1979. *Árnessýsla. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839–1843 og lýsing Ölfushrepps anno 1703 eftir Hálfdan Jónsson*. Reykjavík: Sögufélag.
- Svavar Sigmundsson. 1981. Íslensk málfræðiheiti á 19. öld. Í: *Afmæliskveðja til Halldórs Halldórssonar 13. júlí 1981*, bls. 285–300. Reykjavík: Íslenska málfræðifélagið.
- Svavar Sigmundsson. 1990–1991. Hreinsun íslenskunnar. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 12–13:127–142.
- Svavar Sigmundsson. 1998. Staða rannsókna á máli 18. aldar. *Vefnir*. Tímarit félags um átjándu aldar fræði. (<http://fraedi.is/kvistur/grein.php?id=688>)
- Sveinbjörn Rafnsson. 1989. Jón Eiríksson 1728–1787. *Sagnir* 10:34–37.
- Tómas Guðmundsson. 1966. Guðsmaður í veraldarvolki. Í: *Í veraldarvolki*, bls. 151–263. Reykjavík: Forni.
- Tryggvi Gíslason. 1967. Skrá um málfræðihandrit í Landsbókasafni Íslands. Vélrit í vörslu Landsbókasafns.
- Valtýr Guðmundsson. 1922. *Íslandsk grammatik*. Íslandsk nutidssprog. København: H. Hagerups forlag.
- Veturliði Óskarsson. 1997–1998. Ske. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 19–20:179–207.

- Veturliði Óskarsson. 2001. Íslensk málsaga. Í: Heimir Pálsson og Þórunn Blöndal (ritstj.). *Alfræði íslenskrar tungu*. Reykjavík: Námsgagnastofnun. [Margmiðlunardiskur.]
- Vilhjálmur Þ. Gíslason. 1926. *Eggert Ólafsson*. Íslensk endurreisn 2. Reykjavík: Þorsteinn Gíslason.
- White, Joseph Nelson. 1972. An Edition of Jón Ólafsson's Version of the *Grammatica Islandica* by Jón Magnússon. Ópr. doktorsritgerð við University of North Carolina at Chapel Hill.
- White, Joseph Nelson. 1983. Jón Ólafsson's Version of the *Grammatica Islandica*: Its Place in Eighteenth-century Icelandic Linguistics. *Scandinavian Studies* 55, 3:236–244.
- Wolf, Christian A. 1977. Sveinbjörn Egilsson's Grammatical Writings in Lbs. 456, 4to: An Edition and Commentary, with Special Reference to Rask. Ópr. doktorsritgerð við University of North Carolina at Chapel Hill.
- Yelverton, John R. 1970. The First Grammar of Icelandic in the Native Tongue: An Edition of Lbs. 1238, 8vo, and an Investigation of its Sources. Ópr. doktorsritgerð við University of North Carolina at Chapel Hill.
- Þorbjörg Hróarsdóttir. 1998. *Setningafræðilegar breytingar á 19. öld*. Þróun þriggja málbreytinga. Málfræðirannsóknir 10. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson (ritstj.). 1994. *Íslensk stílfræði*. Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur. Reykjavík: Mál og menning.
- Þorvaldur Þórðarson. 2003. The 1783–1785 A.D. Laki-Grímsvötn Eruptions I: a Critical Look at the Contemporary Chronicles. *Jökull* 53:1–10.
- Þórunn Sigurðardóttir (útg.). 1996. Jón Ólafsson úr Grunnavík. *Hagþenkir*. JS 83 fol. Reykjavík: Góðvinir Grunnavíkur-Jóns og Hagþenkir.

Orðaskrá

- að*, 79
að-/at-, 108
aðdráttur, 138
af, 79
aftann, 117
ala, 231
-andi, 164, 211
andspænis, 78
angur, 118
-asta, -usta, 144
auka, 232
ausa, 232
austari, 179
álfa, 90
áll, 116
bátur, 116
berja, 237
beykir, 121
bjarga, 222
blundur, 116
bónði, 165, 264
breyskur, 177, 178
bréf, 57
bróðir, 155, 156, 157, 159, 160, 161, 162, 163
dauðastund, 131
deyja, 231
djúpsær, 174, 265
djúpur, 179
dómur, 117
dóttir, 155, 157, 159, 160, 161, 163
drambsamur, 77, 300
draumur, 117
drjúkkurútarar, 66
drukkur, 66
-du, 183
duga, 247
dýr, 179
dýrka, 80
dýrkun, 80
dýrmætur, 80
dökkur, 177
-ðsl-, 82
-ðu, 183
eiður, 117
eiga, 249
einhver, 50, 191, 266
einkis, 194
einn, 168, 170
einninn/einnig, 252
ekkert, 194
eldur, 117
embætta, 243
enginn, 192, 193, 194, 195
eta (éta), 56
ég, 56, 182
faðir, 155, 156, 158, 159, 160, 161, 162, 163
fagur, 179
falla, 232
farangur, 116
fá, 232
fár, 63, 171
fela, 223
fellir, 121, 122
fé, 57, 118, 119, 190
fimm, 97
fingur, 147, 148, 264
fjárhús, 90, 256
fleiri, 180
fleirum, 180
fljúga, 219
flokkur, 117
flytja, 237
flýja, 237
flýtir, 121, 122
fótur, 146, 148, 264
fram, 98

framur, 179
frásaga, 144
frelsa, 243
friður, 136
frú, 145
fulltingi, 120
fylla, 241
fýrr, 101
gamall, 168, 170
gaumur, 118
gera/gjöra, 238
girna, 240
-gj-, -kj-, 239
gl-, 86
gn-, 86
góss, 27, 28
grátur, 117
grein, 124
gröftur, 141
gu > gvi, 112
gu-, ko- > gvu-, kvo-, 111
-gv-, -kv-, 239
gæska, 81
hafa, 247
hann, 183
hálf, 90
hár, 79
heimta, 244
heimur, 117
hellir, 122
helmingur, 116
hinn, 190
hjálpa, 222
hjör, 123
Hjörtur, 141
hlaupa, 232
hlið, 125
hreinn, 168, 170
hrekja, 237
hreppur, 90
hrinda, 222
hringur, 116
hrökkva, 202
hvá, 49
hváa, 246
hvenær/hvenar/hvunar, 67
hver, 51
hverfa, 221
hvergi, 50, 266
hvernig, 50, 266
hvernig/hverninn, 51
hverninn/hvernig, 252
hvolfiregn, 52
hvor, 50
hægur, 179
höfðingi, 142
höggva, 233
hönd, 153, 154, 155
hör, 123
-ig-/eg-/ug-, 172
-ing, 125, 259, 295
-inu, 62
jarpur, 83
jörð, 131
kind, 152
kinn, 152
kjósa, 217, 218
kjöt, 71
klútur, 117
klökkur, 177
koma, 223
kunna, 249
kvíða, 238
kvæði, 73
kvöld, 51
kyrr, 101
kýr, 152, 153
kær, 179
Lambhellir, 121
-leg-/lig-, 173
-lega, 252
leggur, 130
leikur, 117
lemja, 237

lestur, 147
-ligana (-liganna), 252
litill, 168, 170, 260, 296, 302
ljúka, 218
læknisdómur, 122
læknismeðal, 122, 264
maður, 148
mann, 148
meðgjöf, 49
mega, 249
meina, 244
merja, 237
meta, 225
mikill, 168, 170
mis, 106
miskunnarlitill, 170
móðir, 155, 156, 158, 159, 160, 162, 164
munkr, 99
munu, 249, 250
Múkaþverá, 99
mýri, 128
mæla, 241
mær, 126
mör, 123
mörk, 152
-nað/-nuð, 139
naudstuddur, 76, 255, 294
nálægt, 67
nema, 224
niska, 82
nokkuð, 198
nokkur, 195, 197
nokkurt, 198
nótt, 150
nögl, 149
ofmikill, 170
opinskár, 171, 172
óheill, 168, 170
óvættur, *óvætti*, 134
pissa, 76, 255, 294
písl, 99
pláss, 28
pn/kn, 99
prestur, 117
ráða(st), 235
reið, 124
Reynir, 121
Reynirshverfi, 121
Reynistaður, 122
réttur, 136, 137
rita, 216
ríða, 211
róa, 234
rómur, 117
sál, 131
sátt, 105
senda, 240
sérhver, 50, 191, 266
siður, 138
sjaldan, 93, 258
sjá, 226
sjálfbærni, 146
sjór, 110, 123
skál, 125
ske, 247
skelmir, 122
skilja, 237
skíra, 244
skjaldan, 94, 258
skotspónn, 138, 264
skulu, 249
smjör, 71
snjór, 123
snúa, 234
sofa, 49
sonur, 135, 138
spégill, 55
spýja, 219
staðfesta, 245
staður, 129
stekkur, 117
stífla, 245
stíga, 216

stór, 80
straumur, 117
strönd, 150
stund, 131
stökkva, 202
sverja, 229
svíkja, 217
svo, 110
systir, 155, 158, 159, 160, 161, 162, 164
sækja, 241
sæng, 150
söfnuður, 137
söngur, 117, 123
tíð, 133
tryggur, 177
-tu, 182
tveir, 181
-umst, 214
-un/-an, 131
unna, 249, 250
-unst, 214, 215
-unstum, 214, 215
-unum, 62
uppgangseyrir, 121, 122, 264
-ust, 214, 215
-ustum, 213, 215, 261, 296
vafstur, 83
vakningur, 117
valda, 251
valva, 145, 259, 264
var, 172
vaxa, 230
vega, 227
veiði, 128
vekja, 237
velja, 237
venda, 245
vera, 227
verða, 78, 221
vers, 105, 267
vesall, 254
vél, 59
vér, 59, 187, 253
við, 186
vika, 144
vinna, 220, 221
vita, 249
Voknafjörður, 100
vopn, 99
Vopnafjörður, 100
vorkenna, 240
vær, 59
yfirhvolfdur, 52
þanninn/þannig, 252
þau, 90
þessi, 189
þetta, 80
þettað, 80, 81
þér, 187
þið, 187
þiggja, 228
þilja, 238
þjóðbraut, 131
þjófur, 117
þjónusta, 144
Þórirsholt, 121
þraut, 131
þrír, 181
þurfa, 83, 249
þurr, 101
þú, 182
þúfa, 144
þykja, 242
þykkja, 203
þykkur, 177
þægur, 179
ær, 152, 153
ætla, 67

Útdráttur

Ritgerðin *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar* felur í sér rannsóknarframlag til þekkingar á síðari alda málsögu og sérstaklega sögu 18. aldar máls. Meginviðfangsefni ritgerðarinnar er ýtarleg lýsing á hljóðum og beygingu í eiginhandarriti Ævisögu Jóns Steingrímssonar, Lbs. 182 4to, sem talið er vera ritað á árunum 1778–1783 og 1791. Grunnur ritgerðarinnar er nákvæm athugun og útgáfa á þessu eiginhandarriti Ævisögunnar. Uppskriftin fylgir sem viðauki aftan við mállýsinguna.

Rannsóknarspurning ritgerðarinnar hljóðar svo: *Sjást merki um áhrif málbreinsunar á framburð og beygingu í Ævisögu Jóns Steingrímssonar?*

Mállýsing mín á Ævisögunni dregur dóm af öðrum hefðbundnum mállýsingum síðari alda rita, t.d. lýsingu Bandles (1956) á málinu á Guðbrandsbiblíu og lýsingu Jóns Helgasonar (1929a) á málinu á Nýjatestamentisþýðingu Odds Gottskáلكssonar, þ.e. á tveimur 16. aldar ritum. Mállýsingin einskorðast við athuganir á hljóðkerfi og beygingarkerfi Ævisögunnar.

Í 1. kafla ritgerðarinnar er fyrst stutt ágríp af efni hennar og umfjöllun um rannsóknarspurninguna. Því næst er stutt lýsing á ævi Jóns Steingrímssonar (1728–1791) og ritstörfum hans. Í undirkafla 1.3 er greinargerð fyrir uppskrift minni á Ævisögunni, samanburður við fyrri útgáfur, fjallað um meðferð dæma í henni og greinargerð fyrir notkun aukatákna í uppskriftinni. Í undirkafla 1.4 er síðan yfirlit yfir táknanotkun í eiginhandarriti Ævisögunnar sem er mikilvægur grunnur fyrir túlkun dæma í mállýsingunni sjálfri. Aftast í 1. kafla er yfirlit yfir rannsóknir og skrif um 18. aldar mál (1.5) og yfirlitskafla um málhreinsun á 18. öld (undirkafla 1.6).

Í 2. og 3. kafla ritgerðarinnar er síðan hin eiginlega mállýsing. Ýtarlegt yfirlit yfir niðurstöður úr þeim köflum er í 4. kafla ritgerðarinnar (4. Niðurstöður) en í yfirliti hér á eftir er stiklað á stóru um efni þessara kafla. Í 2. kaflanum, sem nefnist Hljóðsaga, er farið yfir hljóðbreytingar í Ævisögunni. Fyrst er fjallað um sérhljóðabreytingar og síðan samhljóðabreytingar. Ýmsar hljóðbreytingar, sem urðu í forníslensku, eru skýrt táknaðar í stafsetningu Jóns Steingrímssonar. Almenn tvíhljóðun *á, é, ó* og *æ* varð á 14. og 15. öld og í stafsetningu JStgrÆv eru t.a.m. skýr dæmi um tvíhljóðun /é/ sem er þar yfirleitt táknað 'ie', t.d. *fréttir* 'frietter' 40. Um tvíhljóðun /á/, /ó/ og /æ/ eru hins vegar eingöngu óbein merki í táknanotkun Ævisögunnar, t.d. *lágum* 'lau' 63, *slógum* 'sloum' 123, *hagi* 'hæge' 47. Afkringing /y/, /ý/ og /ey/, sem hófst á 14. og 15. öld, hefur einnig greinilega orðið í Ævisögunni, sbr. *fylgja* 'filgia' 63.

Af stöðubundnum sérhljóðabreytingum í JStgrÆv má nefna sem dæmi (a) að sérhljóðið /e/ tvíhljóðaðist á undan /gi, gj/ á 14. öld (t.d. *megi* 'meigie' 20). Síðar varð útjöfnun þannig að tvíhljóðið /ei/ kom einnig upp í öðru umhverfi

(*speгла* ‘speigla’ 82, *dregnir* ‘dreigner’ 178). Í JStgrÆv eru bæði dæmi um tvíhljóðstáknun upprunalegs /e/ í slíku umhverfi vegna tvíhljóðunar og útjöfnunar. (b) Upprunaleg /eng/ og /enk/ eru alltaf táknuð í JStgrÆv með ‘ei’, t.d. *lengi* ‘leinge’ 14, og /öng/ með ‘au’, t.d. *afturgöngur* ‘afturgangur’ 53. Hjá öðrum sérhljóðum sjást hins vegar ekki merki um tvíhljóðun á undan /ng/, /nk/, t.d. *þangað* ‘þangad’ 102. (c) Í hljóðasambandinu /vá/ kringdist sérhljóðið á 14. öld og er kringing alltaf táknuð í JStgrÆv, t.d. *vondi* ‘vonde’ 8, nema í örfáum sagnmyndum.

Hjá samhljóðum eru mest áberandi í JStgrÆv ýmiss konar brottföll úr samhljóðaklösum og samlaganir auk lokhljóðunarbreytinga. Sem dæmi um breytingar á samhljóðum má nefna að (a) brottfall samhljóðs úr samhljóðaklösum er oft táknað, t.d. ‘dramsamur’ (f. *drambsamur*). (b) Lokhljóðunarbreytingin *fl, fn* > *bl, bn*, sem kom upp á 16. öld, er táknuð í JStgrÆv, þ.e. *trufluðu* ‘trubludu’ 245. (c) Físl. /rr/ styttist um miðja 14. öld í löngum atkvæðum og áhersluléttum endingum, í stuttum áhersluatkvæðum nafnorða á 16. öld en í lýsingarorðunum *þurr* og *kyrr* varla fyrr en á 18. öld. Í JStgrÆv er stytting /rr/ í slíku umhverfi oft táknuð, t.d. *fyr* ‘fir’ 88. (d) Samfall /n/ og /nn/ í áherslulétu atkvæði er táknað, t.d. *gudhræðslan* ‘gudhrædslann’ 6, *mjólkinni* ‘miólkene’ 61. (e) Elstu dæmi um samfall *rl, rn* við *ll, nn* eru frá um 1400. Í JStgrÆv sést þessi breyting á öfugum rithætti, t.d. *einn* ‘Eirn’ 8. Engin dæmi eru í JStgrÆv um svokallaðan *rll-, rdn-*framburð þessara hljóðasambanda, t.d. *varla* ‘varla’ 82.

Engin merki er hins vegar að finna í JStgrÆv um ýmsar hljóðbreytingar sem heimildir eru um frá síðari öldum. Af sérhljóðabreytingum má nefna að (a) um eða kringum síðaskipti kom upp stöðubundin afkringingarbreyting þar sem /jö/ varð /je/, t.d. *mjöl* > *mjel*. Hún breiddist allvíða á 17. og 18. öld en hefur í nísl. gengið til baka í flestum orðum. Í JStgrÆv finnast engin örugg dæmi um þessa breytingu. (b) Tvíhljóðið /æ/ [ai(:)] hefur stundum einhljóðast á síðari öldum í [a] í áherslulétu umhverfi, t.d. í ao. *hvenar, hvenar/hvunar* og og á undan samhljóðaklösum, t.d. í so. *ætla*, þ.e. *atla*. Engin merki eru hins vegar um slíka einhljóðun í JStgrÆv. (c) Engin óyggjandi merki eru heldur um flámæli í JStgrÆv, enda eru engin traust merki um það í heimildum fyrr en um miðja 19. öld. Þó koma fyrir í JStgrÆv þrjú dæmi sem geta hugsanlega verið til vitnis um það: *p[i]ssaði* ‘p[e]lsade’ 33, *Lundareykjadal* ‘Laundar Reikiadal’ 244 og *naudstuddum* ‘naudstuddum’ (fyrir *naudstöddum*) 313. Af samhljóðabreytingum, sem ef til vill hefði mátt búast við að merki sæjust um í JStgrÆv, má nefna (a) lokhljóðunarbreytinguna *lf, rf* > *lb, rb*, t.d. *kálbur* (f. *kálfur*). Hún kemur upp þegar í físl. og heimildir eru um hana í málinu allt fram á 19. öld. Engin merki eru um hana í JStgrÆv. (b)

Lokhljóðun *hv-* (> *kv-*), sem kom upp á 17. öld, er ein af fáum víðtækum hljóðbreytingum sem hefjast eftir siðaskipti. Engin dæmi virðast vera um hana í JStgrÆv, t.d. *hvörninn* ‘hvornenn’ 21, enda var þessi breyting sjaldan táknuð í riti fyrr en á 19. öld. (c) Í Ævisöggunni eru heldur engin dæmi um lín-mælisframburð og er alltaf ritað ‘k’, ‘p’ eða ‘t’ í lín-mælisumhverfi, t.d. *lätinn* ‘lätenn’ 10, *taka* ‘taka’ 13.

Í 3. kafla ritgerðarinnar er fjallað um beygingarkerfi JStgrÆv og ýmsar síðari alda beygingarbreytingar. Nafnorðakerfið í Ævisögu Jóns Steingrímssonar er í meginatriðum það sama og í nútímaíslensku. Þeir beygingarflokkar í JStgrÆv, sem frábrugðnastir eru upprunalegri beygingu og staðalbeygingu nútímamáls, eru kk. *ia*-stofnar og *r*-stofnar (frændsemisorð). Slíkt passar vel við aðrar síðari tíma heimildir sem benda einmitt til þess að ýmsar breytingar hafi orðið á beygingu þessara flokka í seinni alda máli. Almennt má einnig segja að færri hliðarmyndir nafnorða sé að finna í JStgrÆv en í NtOG og GBibl á 16. öld. Þetta skýrist að einhverju leyti af því að JStgrÆv er styttra rit en hin ritin og því færri dæmi í henni en þeim en einnig er hugsanlegt að á seinni hluta 18. aldar sé þegar farið að bera á meiri stöðlun í beygingu orða en á 16. öld. Þá eru lítil merki um stöðlun í beygingu sumra beygingaflokka í JStgrÆv, eins og t.a.m. fyrrnefndra *r*-stofna.

Allmörg dæmi eru í JStgrÆv um að nafnorð beygist eftir öðrum flokki en í físl. Dæmi um slíkt er að nokkrir karlkyns *a*-stofnar hafa breyst í hvorugkyns *a*-stofna, t.d. *ekkert gaum* ‘gaum’ 97, og allmargir kvenkyns *īn*-stofnar í hvorugkyns *ia*-stofna. Breytt beyging einstakra orða hefur þó almennt ekki haft áhrif á beygingarkerfið. Hinn fálíðaði flokkur kvenkyns *wōn*-stofna virðist þó alveg vera horfinn, sbr. *valva*.

Ýmis dæmi eru um beygingarbreytingar frá síðari öldum í JStgrÆv. (a) Til að mynda kom upp í hk. *a*-stofninum *fé* upp ný eignarfallsmynd, *fjár*s, á 16. öld. Í JStgrÆv er eitt dæmi um hana: *fjár*supphæð ‘fiars upphæð’ 259. Annars er þar upprunaleg mynd *fjár* ‘fiär’ 17. (b) Kvenkyns *ō*-stofnar sem enda á *-ing*, t.d. *virðing*, voru í físl. endingarlausir í þf. et. en enduðu á *-u* í þgf. et. Á síðari öldum hefur færst í vöxt að *-u* komi einnig fyrir í þf. et. Í JStgrÆv koma bæði fyrir endingarlausar myndir *u*-ending í þf. et., t.d. *kerlingu* ‘kierlingu’ 32. (c) Nf. et. af *iō*-stofnum var upphaflega með endinguna *-r* í físl., t.d. *veiðr*. Hjá flestum þessara orða hefur upphafleg ending síðar vikið fyrir *-i*. Í JStgrÆv er alltaf *-i* í nf. et. hjá orðum af þessum stofni, t.d. *mýri* ‘myre’ 96, *veiði* ‘veide’ 110. (d) Karlkyns *u*-stofnar höfðu upphaflega endinguna *-u* í þf. ft., t.d. *somu*. Í Ævisöggunni er hins vegar nær alltaf ný ending í þf. ft., *-i*, t.d. *syni* ‘syne’ 328.

Skýr merki um nýjungar sjást á beygingu lýsingarorða í JStgrÆv. Greinilegast er það í undirflokkki *a-/ō-*stofna lýsingarorða, þ.e. tvíkvæðra lýsingarorða sem enda á *-ll* og einkvæðra sem enda á *-nn*. Þar varð sú áhrifsbreyting á f.hl. 16. aldar að *-r-* kom inn í beyginguna þar sem það var ekki upphaflega, t.d. *hreinnri* f. eldra *hreinni*. Ýmis dæmi eru um slík form í JStgrÆv, t.d. *litillri* ‘litillre’ 16. Þetta passar ágætlega við ýmsar aðrar heimildir frá 18. öld.

Í JStgrÆv er forn aðgreining þriggja talna hjá persónufornöfnum ekki lengur fyrir hendi og eingöngu tvær tölur eru lifandi í máli Jóns í fornafnakerfinu eins og í nísl. Af breytingum á einstökum fornöfnum má nefna að ósamandregin form af fornafninu *ýmiss*, sem höfðu horfið í ýmsum föllum þess á 16. öld, t.d. þgf. ft. *ýmissum*, fóru að birtast aftur við enda 18. aldar, líklega fyrir áhrif málhreinsunar. Í JStgrÆv er hins vegar ekkert dæmi um ósamandregið form þessa fornafns.

Ýmsar breytingar hafa orðið á beygingu sagna og á endingum þeirra í JStgrÆv. (a) Nokkur dæmi eru þar um upprunalega endingu í 1. p. et. í þátíð, t.d. *byggða* ‘bigða’ eg 175. Yfirleitt er samt nýja endingin, *-i*, t.d. *byggði* ‘bigde’ 113. (b) Ending 2. p. et. í þátíð sterkra sagna var í fornu máli *-t* (t.d. *tókt* af *taka*) eða *-tt* ef sagnstofninn endaði á sérhljóði (t.d. *sátt* af *sjá*). Það var eingöngu ef rótin endaði á /t/ sem endingin var *-st*. Sagnir sem höfðu stofn sem endaði á /s/ enduðu einnig á *-st*, t.d. *kaust* (af so. *kjósa*), en þá var /s/ hluti af stofninum. Á fyrri hluta sextánda aldar var hins vegar farið að nota endinguna *-st* almennt í 2. p. et. þátíðar hjá sterkum sögnum. Í JStgrÆv er alltaf slíkt form endingarinnar, t.d. *Illu forst* ‘forst’ þú 33. (c) Í viðtengingarhætti hafa endingar breyst allmikið á seinni öldum. Í JStgrÆv er eitt dæmi um gamla endingu 1. p. et. viðtengingarháttar: *skylda* eg 77. Einnig eru örfá dæmi um forna endingu í 3. p. ft. viðtengingarháttar, *-i*, t.d. *gæti* 6. Annars eru alltaf nýjar endingar í viðtengingarhætti. (d) Í físl. beygðist lýsingarháttur nútíðar eins og miðstig lýsingarorða. Á seinni öldum varð hann óbeygjanlegur og t.d. eru óbeygjanlegar myndir algengar í GB. Aðeins eitt dæmi er í JStgrÆv um beygðan lýsingarhátt nútíðar: *á sínum deyjanda degi* 327. (e) Í seinni tíma máli hafa orðið ýmsar breytingar á miðmynd sagna á endingum, bæði hljóð- og beygingarbreytingar. Í forníslensku var 1. p. ft. í miðmynd með endinguna *-umsk*, t.d. *komumsk* (síðar > *-umst*). Hún breyttist á 15. öld í *-unst* og á 16. öld verður *-ust* einnig algeng ending. Á fyrri hluta 17. aldar kom fram nýtt afbrigði viðskeytisins, *-ustum*, sem fljótlega varð meginafbrigði þess. Upphafleg ending, *-umst*, var síðan endurvakin, líklega af Árna Magnússyni, við byrjun 18. aldar. Í JStgrÆv koma fyrir ýmis þessara forma, algengast er *-unst*, síðan *-ustum*, *-unstum* og *-ust*, t.d. *komunst* ‘komunst’ 28, *finnustum* ‘finustum’ 57. Engin dæmi eru hins vegar að finna þar um endur-

vöktu endinguna *-umst*. Þetta er því mikilvæg vísbending um það að málið á JStgrÆv sé ekki undir miklum áhrifum málhreinsunar.

Ýmsar sterkar sagnir hafa tekið upp veika beygingu í JStgrÆv en þó helst í meginatriðum upprunalegt sagnkerfi. Af áhugaverðri beygingu hjá sterkum so. í JStgrÆv má nefna að so. *bjarga* og *hjálpa* af 3. flokki hafa tekið upp veika beygingu (*bjargað*, *hjálpað*) eins og algengt er í nisl. So. *nema* af 4. flokki sterkra so. beygist á ýmsa vegu í JStgrÆv, þ.e. bæði sterkt, (*for*)*nam*, og veikt á tvo vegu, þ.e. *namdi* og *numdi*. So. *meta* og *þiggja*, sem upphaflega voru af 5. flokki sterkra so., beygjast veikt í JStgrÆv, þt. *möttust*, *þáði*. So. *vega*, sem upphaflega var einnig 5. flokks so., beygist eins og 6. flokks so. í JStgrÆv, þt. *vó*. So. *deyja*, sem upprunalega var af 6. flokki, beygist bæði sterkt og veikt í JStgrÆv, þ.e. þt. *dó* en einnig *deyði*. Forn beyging tvöföldunarsagna (7. fl. st. so.) helst að mestu í JStgrÆv en þó er þar til að mynda dæmi um þátíðarmyndina *rédi* (í stað *réd*) af so. *ráða*.

Um beygingu veikra sagna í JStgrÆv er það meðal annars að segja að í lýsingarhætti þátíðar af *ja*-so. eru allnokkur dæmi um blandaða beygingu eins og búast mætti við á þeim tíma, t.d. *útvaldir* 'utvallder' 129. Ýmsar veikar sagnir hafa tekið upp nýja beygingu. So. *embatta*, *frelsa* og *heimta*, sem upphaflega voru *ia*-so., beygjast t.a.m. í JStgrÆv bæði sem *ia*-so. og *ō*-so. Sum önnur veik sagnorð, sem tekið hafa upp nýja beygingu í NtOG eða GBibl, eins og *meina*, *skíra*, *staðfesta* og *venda*, fylgja hins vegar upprunalegri beygingu í JStgrÆv. Gott dæmi um útjöfnun beygingardæmis í sagnkerfi JStgrÆv má finna í beygingu so. *valda*, þt. *olli*, þar sem stofnbrigðið *oll-* var oft alhæft í allri beygingunni á seinni öldum, t.d. nh. *olla*, þt. *olli*. Í JStgrÆv kemur fyrir myndin *ollað* 'ollad' 143 í lýsingarhætti þátíðar í stað upprunalegs forms, þ.e. *valdið*, sem bendir til þess að slík útjöfnun stofnbrigðis hafi átt sér stað í JStgrÆv.

Ýmis dæmi eru nefnd í mállýsingu JStgrÆv úr sögu íslenskunnar um hugsanleg áhrif íhaldssamrar stafsetningar og málhreinsunar á sögu málsins. Niðurstaðan eftir athugun mína á málinu á Ævisögu Jóns Steingrímssonar er hins vegar sú að lítil merki málhreinsunar sjáist í máli hans. Gott dæmi um slíkt er að hljóðasambandið *ve* er alltaf táknað með kringdu sérhljóðatákni í JStgrÆv. Kringing *ve* (> *vö* og afbrigðin *vo*, *vu*) virðist hafa verið orðin algild á 17. og 18. öld en fyrir áhrif frá ritmáli voru ókringdu formin (*ve*) aftur tekin upp síðar, a.m.k. í ritmáli. Eins og kemur fram í hljóðsögukaflanum þá eru engin dæmi um áhrif málhreinsunar á þetta atriði í JStgrÆv heldur er kringing alltaf táknuð. Úr beygingarfræðinni má til að mynda nefna að beyging *r*-stofna, t.d. *faðir*, *móðir*, er í JStgrÆv mjög á reiki eins og í mörgum seinni alda ritum og engin tilraun þar gerð til að samræma beygingu orða af þessum

flokki. Það var varla fyrr en á 20. öld sem upphafleg beyging þeirra var skipulega endurvakin. Lítil áhrif málhreinsunar á beygingu í JStgrÆv sjást þó skýrast á endingu 1. p. ft. miðmyndar sem áður er nefnd. Snemma á 18. öld var forn ending (*-umst*) endurvakin þar í stað endinga sem þá tíðkuðust eins og *-ustum* og *-unst*. Talið er að Árni Magnússon hafi átt mestan þátt í því að gamla endingin, *-umst*, var tekin upp aftur en hún hafði horfið úr málinu í byrjun 16. aldar. Notkun hennar virðist þó á 18. öld að mestu hafa einskorðast við þröngan hóp menntamanna. Í JStgrÆv koma fyrir ýmis form í 1. p. ft. í miðmynd en aldrei málhreinsunarformið *-umst*.

Skipuleg málhreinsun hófst varla á Íslandi fyrr en seint á 18. öld. Helstu niðurstöður ritgerðarinnar eru að engin skýr merki séu um áhrif málhreinsunar á hljóðkerfi né beygingarkerfi Ævisögu Jóns Steingrímssonar og jafnvel þar sem heimildir eru um stöðlun og málhreinsun á 18. öld eins og í endingum miðmyndar sagna eru engin merki um málhreinsunaráhrif í Ævisögunni. Nokkur fornleg einkenni í ritun Ævisögunnar má frekar rekja til íhaldssemi í stafsetningu og rithefðar.

English summary

The thesis *Málið á Ævisögu Jóns Steingrímssonar* (The language of Jón Steingrímsson's Autobiography) contributes to our knowledge of post-medieval Icelandic language history and especially of 18th-century language history. The basis of the language description is a new diplomatic edition of the Autobiography, which was written in the years 1778–1783 and 1791. A transcription of its text, based on the manuscript Lbs. 182 4to, is attached to the thesis (see appendix). There is also a discussion of the influence of puristic ideals on the language of the Autobiography. This description of the language of Jón Steingrímsson's Autobiography is in the same vein as other traditional descriptions, e.g. Bandle's (1956) description of Bishop Guðbrandur Þorláksson's Bible translation of 1584, and Jón Helgason's (1929b) description of Oddur Gottskálksson's New Testament translation of 1540.

The research question tackled in the dissertation is this: *Are there signs of the influence of language purism on the language of the Autobiography of Jón Steingrímsson?* The term *language purism* is used here in a narrow sense, i.e. the present study is restricted to the influence of language purism on the phonology and morphology of the language of the Autobiography but does not discuss its influence on vocabulary, syntax or style.

The introductory chapter of the thesis (chapter 1) describes its contents briefly and formulates the thesis' question. This is followed by a short survey of Jón Steingrímsson's (1728–1791) life and writings. There is also a description of this new edition of the Autobiography, of editorial principles and also a summary of graphemes used in the Autobiography. At the end of the introduction there is a summary of research of 18th-century Icelandic and of the history of language purism, especially in the 18th century.

The main description of the language of the Autobiography constitutes chapters 2 and 3. Chapter 2 contains a detailed survey of sound changes, divided into changes in the vowel system (2.1) and in the consonant system (2.2).

It is shown that numerous vowel changes that took place already in Old Icelandic are clearly visible in the spelling of the Autobiography. For example, the long vowels *á*, *é*, *ó* and *æ* were diphthongised in the 14th and 15th centuries. In the Autobiography there are examples of the diphthongisation of *é*, e.g. *fréttir* 'frietter' 40 (see section 2.1.2). There are, however, only indirect signs of the diphthongisation of *á*, *ó* and *æ*, e.g. *lágu* 'lau' 63, *slógum* 'sloum' 123, *hagi* 'hæge' 47 (see sections 2.1.8 and 2.1.9). The derounding of *y*, *yj*, *ey*, which started in the 14th and 15th centuries, is documented by the spelling of the Autobiography, e.g. *fylgja* 'filgja' 63.

To give a few examples of other findings among the vowel changes, (a) the vowel *e* was diphthongised (> *ei*) before *gi*, *gj* in the 14th century. Later the diphthong was leveled to forms that did not contain *gi* or *gj*. In the Autobiography there are examples of both the sound change (*megi* > ‘meigie’ 20) and the leveling process (*speгла* ‘speigla’ 82, *dregnir* ‘dreigner’ 178) (see section 2.1.2). (b) The diphthongisation of *eng* and *enk* is always expressed with ‘ei’ in the Autobiography, e.g. *lengi* ‘leinge’ 14, and the diphthongisation of *öng* with ‘au’, e.g. *afturgöngur* ‘afturgaungur’ 53. On the other hand, the spelling of the Autobiography does not provide clear evidence of the diphthongisation of other vowels before *ng*, *nk*, cf. *þangað* ‘þangad’ 102. (c) The 14th-century rounding of *á* in the sequence *vá* is consistently spelled out in the Autobiography, e.g. *vondi* ‘vonde’ 8. The original sequence *vá*, restored by analogy, is seen in the Autobiography in certain verb forms, e.g. *sváfu* ‘svafu’ 22. There are also clear signs of the rounding of *e* after *v*, e.g. *hvörninn* ‘hvórnenn’ 186.

The most common types of consonant changes found in the Autobiography are elisions of consonants, assimilations and changes of fricatives to stops. To give a few examples of consonant changes: (a) The loss of consonants in consonant clusters is often expressed in the Autobiography, e.g. *drambsamir* ‘dramsamer’ 344. (b) The fricative *f* [f] became a stop [p] in the consonant clusters *fl*, *fn* (> *bl*, *bn*) already in the 14th century. There is one example of this sound change in the Autobiography, *trufluðu* ‘trubludu’ 245 (see section 2.2.4). (c) The word-initial cluster *gn-* is never spelled out in the Autobiography; such forms always begin in *n-*, cf. *nóg* ‘nóg’ 75 (see section 2.2.5). (d) The loss of fricative *g* between vowels and between a vowel and *j* is sometimes shown, e.g. *gægjur* ‘giæur’ 233 (see section 2.2.5). (e) There are examples of the assimilation of *m* to the following consonant in the Autobiography, e.g. *Komdu* ‘kondu’ 124 (see section 2.2.10). (f) Long and short *n* merged in unaccented position in post-Reformation Icelandic and there are clear signs in the Autobiography of their merger, e.g. *guðhræðslan* ‘gudhrædslann’ 6, *mjólkinni* ‘miólkene’ 61 (see section 2.2.11). (g) Old Icelandic *rr* was shortened in the middle of the 14th century after long vowels and unaccented endings, in the 16th century in short accented syllables but in certain adjectives not until the 18th century (e.g. *kyrr* and *þurr*). In the Autobiography the shortening of *rr* is often shown by the spelling, e.g. *fyr* ‘fir’ 88 (see section 2.2.13). (h) The consonant clusters *rl*, *rn* merged with *ll*, *nn* around 1400. This change is visible in the Autobiography in inverse spellings like *einn* ‘Eirn’ 8. There are no examples of the so-called *rđl-/rdn-*pronunciation of these consonant clusters (see section 2.2.13).

In some cases there are no signs in the Autobiography of sound changes that are known from other sources. To name one, the vowel *ö* in the sequence *jö* was derounded to *je*, e.g. *mjöl* > *mjel*, around the time of the Reformation. This sound change spread to parts of the country in the 17th and 18th centuries, but in Modern Icelandic round forms are more common than forms with *je*. In the Autobiography there are no clear examples of this sound change, which might be due to its being absent from Jón Steingrímsson's language (see section 2.1.7). To give a second example, the diphthong *æ* was sporadically monophthongised in post-Reformation Icelandic before consonant clusters, cf. the verb *ætla* > *atla*. There are no examples of this monophthongisation in the Autobiography (see section 2.1.6). The Autobiography shows no signs of certain consonant changes that are known from other sources. To name one, the sound *f* [f] turned into a stop in the cluster *lf*, *rf* > *lb*, *rb* in some parts of the country in the 16th century. There are no signs of this change in the Autobiography (see section 2.2.4). There is also no evidence of another change of a fricative to a stop, i.e. *hv-* > *kv-*, i.e. *hvörninn* 'hvornenn' 21. The oldest examples of this change are from the 17th century but it was rarely expressed in the spelling until the 19th century (see section 2.2.6).

Chapter 3 of the thesis discusses the morphological system of the Autobiography. The noun system is on the whole similar to the Modern Icelandic system. The noun classes that differ the most from the modern language are the masculine *ia*-stems and *r*-stems. This fits well with other sources. There are usually fewer variant forms of nouns in the Autobiography than in either the New Testament translation of Oddur Gottskálksson (1540) or in Guðbrandur's Bible translation (1584). This can partly be explained by the fact that the Autobiography is shorter than those two works. It is also possible that already in the 18th century language had become more standardised than was the case in the 16th century. What speaks against that is the fact that some morphological classes in the Autobiography show great variation in their declension, e.g. the aforementioned *r*-stems.

There are some examples in the Autobiography of nouns following a different inflectional class than they did in Old Icelandic. For example, some feminine *īn*-stems appear as neuter *ia*-stems and some masculine *a*-stems as neuter *a*-stems, i.e. *ekkert gaum* 'gaum' 97. Changes like these in the declension of a few words do not disrupt the basic noun system. It can, however, be called a change in the system that the small class of feminine *wōn*-stems seems to have merged with the far more numerous *ōn*-stems, i.e. *valva* 'valva' 178 (Old Icelandic *vǫlva*) (see section 3.1.2.2). To give a few examples of changes in the noun inflection, (a) there arose in the 16th century a new geni-

tive form, *fjár*, of the neuter *a*-stem *fé*. An example of this new form is seen in the Autobiography, *fjár**supphæð* ‘fiars upphæð’ 259. Usually, though, the original form is used, e.g. *fjár* ‘fiär’ 17 (see section 3.1.1.2). (b) The inflection of the feminine root noun *hönd* has changed in post-Reformation Icelandic. In the Autobiography there are some instances of the new forms, e.g. the accusative form *hendina* ‘hendina’ 57 (see section 3.1.2.5). (c) The masculine *u*-stems had originally the accusative plural ending *-u*, e.g. *sonu*. Only one example of this ending is attested in the Autobiography, *siðu* ‘sydu’ 344, while the common ending is *-i*, e.g. *syni* ‘syne’ 328. This new ending is adopted from the masculine *i*-stems, e.g. *sonu* → *syni*, and has become prevalent in Modern Icelandic (see section 3.1.1.10).

In disyllabic *a*-/*ō*-stem adjectives that end in *-all* and monosyllabic *a*-/*ō*-stem adjectives in *-nn*, an analogical *-r-* has been adopted from other types of adjectives, e.g. in the dat. sg. fem. *hreinnri* (for *hreinni*). This analogical change is documented in the first half of the 16th century. There are many examples of such analogical forms in the Autobiography, e.g. *litillri* ‘litillre’ 16 (see section 3.2.1).

In Old Icelandic, personal pronouns had three numbers, singular, dual and plural. This system was for the most part kept intact until the 17th century. In the Autobiography there are only two numbers as in Modern Icelandic (see section 3.4.1). Some pronouns have also undergone changes in the morphology. Here are some examples of that from the Autobiography: (a) The pronoun *enginn* has three different allomorphs, *engv-*, *öng-* and *öngv-*, e.g. *engva* ‘eingva’ 227, *öngri* ‘aungre’ 160, *öngvan* ‘aungvann’ 75. This is in harmony with other post-medieval sources (see section 3.4.6). (b) In post-Reformation Icelandic a stem variant *nokkr-* of the pronoun *nokkur* often occurred before endings that began in a vowel. In the Autobiography such forms occasionally also appear before endings that began in *r*, e.g. *nokkri* ‘nockre’ 46, *nokkra* ‘nockra’ 64. This is different from Modern Icelandic where the corresponding forms are *nokkurri*, *nokkurrar* and *nokkurra* (see section 3.4.6).

Various changes are visible in the Autobiography in the conjugation of individual verbs and in verbal endings, chapter 3 discusses, e.g., the following. (a) Usually the new analogical ending *-i* is used in the 1st person singular preterite in the Autobiography, e.g. *byggði* ‘bigde’ 113, but there are also a few examples of the original ending *-a*, e.g. *byggða* ‘bigda’ 175 (see section 3.5.1.2). (b) In the 2nd person singular preterite of strong verbs, the Old Icelandic ending was *-t* (e.g. *tókt* of the verb *taka*) or *-tt* if the root ended in a vowel (e.g. *sátt* of *sjá*); if the root ended in *-t*, the ending was *-st*. In the first half of the 16th century, the variant *-st* started to spread and was generalised

in the 2nd person singular preterite of strong verbs. In the Autobiography the form of the ending is always *-st*, e.g. *fórst* ‘forst’ 33 (see section 3.5.1.2). (c) The subjunctive endings have changed a great deal in the history of Icelandic. In some cases the Autobiography has preserved the original subjunctive endings. There is one example of the original 1st person singular ending *-a*, *skylda eg* ‘skylda eg’ 77. There are also some examples of the original ending of the 3rd person plural subjunctive, i.e. *-i*, e.g. *gæti* ‘giæte’ 6. Apart from that the new ending is always used, e.g. *hefðu* ‘hefdu’ 145 (see section 3.5.1.3). (e) In the 2nd person singular of strong verbs, *-ð* was added to the ending *-r* in the 18th century, e.g. *þú fær* → *þú færð*. There are no examples of this change in the Autobiography, cf. *þú fer* ‘fer’ 65 (see section 3.5.1.1). (e) The middle has undergone both phonological and morphological changes. In Old Icelandic the 1st person plural middle had the ending *-umsk*, e.g. *komumsk* (later > *-umst*). In the 15th century the ending was assimilated to *-unst* and in the 16th century *-ust* also became a common ending. In the first half of the 17th century, a new remade ending *-ustum* appeared, which soon became the most common ending. The older ending *-umst* was resurrected at the beginning of the 18th century, probably through the influence of the manuscript collector Árni Magnússon. Many of these variants appear in the Autobiography; the most common one is *-unst*, then *-ustum*, *-unstum* and *-ust* (see section 3.5.1.6).

Some strong verbs have changed into weak verbs. To give a few examples of this, (a) the Class III verbs *bjarga* and *hjálpa* are weak *ō*-verbs in the Autobiography (cf. pret.ptc. *bjargað*, *hjálpað*), as is the norm in Modern Icelandic (see section 3.5.2.3). (b) The Class IV verb *nema* is conjugated both as a strong verb, cf. 3sg. pret. *fornam*, and a weak verb, cf. 3sg. pret. *namdi* and *numdi* (see section 3.5.2.4). (c) The Class V verbs *meta* and *þiggja* are conjugated as weak verbs in the Autobiography, cf. pret. *möttust*, *þáði*. (d) The verb *vega*, originally a strong verb of Class V, has a Class VI strong preterite in the Autobiography, i.e. *vó* (see section 3.5.2.5). (e) The Class VI verb *deyja* is conjugated both as a strong and weak verb in the Autobiography, i.e. the preterite singular form is both *dó* and *deyði* (see section 3.5.2.6).

In the conjugation of weak verbs, there are examples of a mixed conjugation of strong and weak forms in the past participle of weak *ja*-verbs, as was the norm later, e.g. *útváldir* ‘utvallder’ 129 (see section 3.5.3.1). The Autobiography shows examples of transfers of many weak verbs to a different conjugation. For instance, the verbs *embætta*, *frelsa* and *heimta* (Oícel. *ia*-verbs) are conjugated there both as *ia*-verbs and *ō*-verbs. On the other hand, some other weak verbs, such as *meina*, *skíra*, *staðfesta* and *venda*, that had taken up a new conjugation in either the New testament translation of

Oddur Gottskálksson (1540) or in Guðbrandur's Bible translation (1584), have their original conjugation in the Autobiography (see section 3.5.3). A clear example of the leveling of a paradigm is seen in the conjugation of the verb *valda*, pret. *olli*, pret. ptc. *valdit*. The preterite stem *oll-* has sometimes in post-Reformation Icelandic also been used in the present forms, cf. inf. *olla*. The infinitive form of this verb is not attested in the Autobiography, but there is an example of the preterite participle form *ollað* 'ollad' 143, which indicates that the preterite stem form has spread to other forms and thus ousted the stem form *vald-* (see section 3.5.4.2).

Various examples are discussed in the thesis of the possible influence of puristic norms on the language of the Autobiography. It is concluded that there is little or no evidence of such influence. A good example of this is the fact that the sound sequence *ve* had become rounded (> *vö*) in the 17th and 18th centuries but language purism had the effect that forms with *ve* gained ground again and are the norm in Modern Icelandic. This sound sequence is always written with a round vowel in the Autobiography (see section 2.1.2). To take an example from morphology, there is no evidence of the influence of language purism on the declension of the masculine *ia*-stems (see section 3.1.1.3) nor on the declension of the *r*-stems, e.g. *faðir*, *móðir* (see section 3.1.2.6). There does not seem to have been any attempt at standardising their declension in the Autobiography as was done in Modern Icelandic, at least in the written language. The clearest evidence though, as mentioned earlier, of the negligible influence of language purism on the language of the Autobiography is seen in the middle endings (see section 3.5.1.6). In the 1st person plural of the middle, the most common endings in the 17th and 18th centuries were *-ustum* and *-unst*. The ending *-umst*, however, which had disappeared from the language in the early 16th century, was resurrected in the early 18th century. It seems to have been used in the 18th century mostly by men of learning, but in the 19th century and later it spread and became the standard form of the 1st person plural middle. In the Autobiography there are many different forms of this middle ending, e.g. *komunst* 'komunst' 28, but no examples of the form *-umst*.

Organised language purism in Iceland did not really pick up steam until the late 18th century, but even in those cases where there is evidence of language planning and purism in the 18th century, e.g. in the middle, no examples of this are found in Jón Steingrímsson's Autobiography. There is thus no clear evidence of the influence of language purism on the phonological or morphological system of the Autography. Some archaic features in the spelling of the Autobiography are rather to be explained as the influence of scribal practice.